

ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 2/2020

Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps



22. desember 2020

EFNISYFIRLIT

1	ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	1
2	MÁLSMEDFERÐ	2
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar.....	2
2.2	Barðastrandarsýslur (svæði 10C) teknar til meðferðar	2
2.3	Lýstar kröfur og kynning	3
2.4	Mál nr. 2/2020, Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps.....	4
3	KRÖFUGERÐ.....	8
3.1	Kröfur íslenska ríkisins	8
3.2	Krafa vegna Auðshaugs	8
4	GÖGN OG GAGNAÖFLUN.....	10
4.1	Inngangur	10
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar	10
4.3	Vettvangsferð	11
4.4	Skýrslutökur	12
5	SAGA LANDSVÆÐA.....	13
5.1	Landnám.....	13
5.2	Afréttir og afréttarnot	14
5.3	Almennt um svæðið	15
5.4	Auðshaugur	17
5.5	Friðland í Vatnsfirði.....	24
5.6	Brjánslækur	28
5.6.1	Moshlíð	71
5.6.2	Undirtún	83
5.6.3	Seftjörn.....	83
5.6.4	Þverá	90
5.6.5	Hella.....	96
5.6.6	Uppsalar.....	100
5.7	Nærliggjandi og tengd svæði	105
5.7.1	Kirkjuból á Litlanesi	105
5.7.2	Litlanes / Nes á Litlanesi.....	108
5.7.3	Auðnir/Auðnar	110
5.7.4	Hamar á Hjarðarnesi / Suðurhamar.....	113
5.7.5	Fossá á Hjarðarnesi	115
5.7.6	Arnórsstaðir	119
5.7.7	Neðri-Rauðsdalur	121
5.7.8	Efri-Rauðsdalur.....	124
5.7.9	Hamar á Barðaströnd	126

5.7.10	Vaðall / Efri- og Neðri-Vaðall	128
5.7.11	Trostansfjörður.....	132
5.7.12	Langi-Botn í Geirþjófsfirði	136
5.7.13	Dynjandi við Arnarfjörð	141
5.7.14	Borg í Arnarfirði	143
5.7.15	Rauðsstaðir í Arnarfirði	145
5.7.16	Skálmarnesmúli	147
5.7.17	Eignir og réttindi kirkna.....	148
5.7.17.1	Hagi á Barðaströnd.....	148
5.7.17.2	Flatey á Breiðafirði	156
6	SJÓNARMÍÐ AÐILA.....	164
6.1	Íslenska ríkið	164
6.2	Gagnaðili íslenska ríkisins	168
6.2.1	Auðshaugur.....	168
7	NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	179
7.1	Efnisskipan og sameiginleg atriði	179
7.1.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar	179
7.1.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum	179
7.1.2.1	Stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 1776	181
7.2	Landnám.....	185
7.3	Auðshaugsland í Kjálkafirði	186
7.3.1	Inngangur	186
7.3.2	Niðurstaða	187
7.3.2.1	Afmörkun.....	187
7.3.2.2	Eignarréttarleg staða	189
7.4	Vatnsfjörður	195
7.4.1	Inngangur	195
7.4.2	Niðurstaða	197
7.4.2.1	Afmörkun.....	198
7.4.2.2	Eignarréttarleg staða	213
7.5	Um málskostnað.....	224
8	ÚRSKURÐARORÐ	225
VIÐAUKI: ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR.....		I
FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ.....		LXXXVII
FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ		LXXXVIII
a)	Efnisflokkun skjalaskrá.....	LXXXVIII
b)	Skjalaskrá í númeraröð	CXIX
FYLGISKJAL III: KORT.....		CLIII

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Þriðjudaginn 22. desember 2020 er tekið fyrir mál nr. 2/2020, Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Ása Ólafsdóttir, Allan V. Magnússon og Hulda Árnadóttir.

Aðilar máls eru:¹

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Edda Andradóttir lögmaður.)

Bjarni Svanur Kristjánsson og Valgerður Ingvadóttir vegna Auðshaugs.

(Ólafur Björnsson lögmaður.)

¹ Sjá einnig aðilaskrá (fylgiskjal I).

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk skv. 7. gr:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka laganna og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

2.2 Barðastrandarsýslur (svæði 10C) teknar til meðferðar

Með bréfi dagsettu 12. nóvember 2015 tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðherra að ákveðið hefði verið, vegna knappa fjárheimilda nefndarinnar og að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, að skipta svæði 10 í þrennt, þ.e. svæði 10A, 10B og 10C. Landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, eftir þessa breytingu, er auðkennt sem svæði 10C, þ.e. Barðastrandarsýslur.

Með bréfi dagsettu 9. nóvember 2018 var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar um að taka til umfjöllunar svæði 10C, sbr. 8. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998 og veittur frestur til 15. febrúar 2019 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu, væri um slíkar kröfur að ræða.

Landsvæði þetta, hið fjórtánda í röðinni hjá óbyggðanefnd,² tekur til Reykhólahrepps, Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

Við skiptingu svæðis 10 voru mörk svæða 10B og 10C miðuð við sýslumörk Ísafjarðarsýslna og Barðastrandarsýslna og svæðamörkin teiknuð inn á kort á grundvelli stafrænna gagna frá Landmælingum Íslands um legu sýslumarkanna. Við meðferð máls nr. 3/2020 á svæði 10C aflaði óbyggðanefnd upplýsinga frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskila við sýslumörkin. Af þeim var ljóst að vatnaskilin lágu ýmist aðeins sunnar eða norðar en sýslumörkin, eins og þau höfðu verið dregin upp á grundvelli fyrrgreindra gagna frá Landmælingum Íslands. Þar sem gagnaðilar íslenska ríkisins í máli nr. 3/2020 miðuðu kröfur sínar að norðanverðu við vatnaskil, varð ljóst að kröfurnar náðu á nokkrum stöðum norður fyrir sýslumörk og þar með mörk milli svæða 10C og 10B eins og þau höfðu verið skilgreind. Vegna þessa ákvað óbyggðanefnd á fundi 27. október 2020, að höfðu samráði við lögmenn aðila, að breyta mörkum milli svæða 10C og 10B

² Upphaflega var landinu skipt í ellefu svæði við málsmeðferð nefndarinnar. Svæðum 7, 8 og 9 var öllum skipt í tvennt á síðari stigum, þ.e. svæði 7A, 7B, 8A, 8B, 9A og 9B. Svæði 10 var síðan skipt í þrennt, þ.e. svæði 10A, 10B og 10C. Svæði 10C var tekið fyrir á undan svæði 10B og var hið fjórtánda í röðinni þegar þarna var komið sögu.

til samræmis við legu vatnaskila, að því marki sem kröfur gagnaðila ríkisins í máli nr. 3/2020 á svæði 10C miðuðust við þau. Breytingin tók því einungis til þess hluta svæðamarkanna þar sem kröfur gagnaðila ríkisins í umræddu máli miðuðust við vatnaskil en ekki sýslumörk. Lögmenn voru upplýstir um breytinguna með tölvupósti 30. október 2020 og í kjölfarið aðlagði íslenska ríkið kröfur sínar að breyttum svæðamörkum, bæði á svæði 10C og 10B.³ Breytingin var gerð með það fyrir augum að hægt væri að fjalla í einu máli um kröfur viðkomandi gagnaðila ríkisins, til hagsbóta fyrir þá. Að öðrum kosti þyrftu þeir einnig að gera kröfur til lítilla svæða innan svæðis 10B til þess að halda kröfum sínum til streitu. Auk þess var við ákvarðanatökuna höfð hliðsjón af því að svæðið norðan þess hluta svæðamarkanna sem breytingin tók til var, rétt eins og svæðið sunnan þeirra, undirorpið þjóðlendukröfu að langmestu leyti.

Að teknu tilliti til framangreindra breytinga afmarkast svæði 10C svo við málsmeðferð óbyggðanefndar: Að suðaustanverðu afmarkast svæðið af mörkum Reykhólahrepps og Dalabyggðar, sem jafnframt eru sýslumörk milli Austur-Barðastrandarsýslu og Dalasýslu. Þessum sýslu- og sveitarfélagamörkum er fylgt frá hafi til norðausturs að mörkum Reykhólahrepps og Strandabyggðar, þar sem jafnframt eru sýslumörk milli Austur-Barðastrandarsýslu og Strandasýslu. Þaðan er norðurmörkum Austur-Barðastrandarsýslu, sem jafnframt eru norðurmörk Reykhólahrepps, fylgt til vesturs allt þar til komið er að þeim stað þar sem vatnaskil milli Skálmarfjarðar og Ísafjarðardjúps skera sýslumörkin. Þaðan er vatnaskilum milli Skálmarfjarðar og Ísafjarðardjúps fylgt til vesturs að vatnaskilum milli Vattarfjarðar og Ísafjarðardjúps og þeim svo fylgt til vesturs að þeim stað þar sem þau beygja til suðvesturs frá norðurmörkum Austur-Barðastrandarsýslu, sem jafnframt eru norðurmörk Reykhólahrepps, skammt vestan við punkt í 673 m hæð. Þaðan er sýslumörkunum fylgt til vesturs allt þar til komið er að norðausturmörkum Vestur-Barðastrandarsýslu, sem jafnframt eru norðausturmörk Vesturbyggðar. Þaðan er síðastnefndum sýslu- og sveitarfélagamörkum fylgt til vesturs að hafi. Að öðru leyti, þ.e. að vestan- og sunnanverðu, afmarkast svæðið af hafi.

Að teknu tilliti til framvindu gagnaöflunar og fleiri atriða var frestur fjármála- og efnahagsráðherra til að lýsa kröfum á svæðinu tvívegis framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, síðast til 15. apríl 2019.

Hlutaðeigandi sýslumannsembætti og sveitarfélögum var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar um að taka svæðið til meðferðar og gerð grein fyrir framhaldinu.

2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 10C bárust óbyggðanefnd 15. apríl 2019. Óbyggðanefnd birti

³ Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins á svæði 10B barst óbyggðanefnd 16. september 2020 og þar var gerð krafa um þjóðlendu við svæðamörkin. Það svæði kemur því einnig til meðferðar óbyggðanefndar en frestur gagnaðila íslenska ríkisins til að lýsa kröfum á svæði 10B er til 1. febrúar 2021.

tilkynningu um málsmeðferð á svæðinu og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 30. sama mánaðar, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 16. ágúst 2019. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð kynni að verða þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar var birtur með auglýsingum í dagblöðum, sbr. sama lagaákvæði.

Kynningargögn um kröfu fjármála- og efnahagsráðherra voru gerð aðgengileg almenningi á skrifstofum sveitarfélaganna Vesturbyggðar og Reykhólahrepps,⁴ og á skrifstofum sýslumannsins á Vestfjörðum á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði, auk þess sem þau voru birt á vefsíðu óbyggðanefndar. Tálknafjarðarhreppi var jafnframt tilkynnt um þjóðlendukröfur ríkisins og kröfulýsingarfrest gagnaðila, auk þess sem fréttatilkynning var send út um þjóðlendukröfur ríkisins, kröfulýsingarfrest og hvar kynningargögn væru aðgengileg. Morgunblaðið, héraðsfréttablaðið Vestfirðir og vefurinn Bæjarins besta (bb.is) fjölluðu um þjóðlendukröfurnar 10.–24. maí 2019. Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var síðar framlengdur tvisvar, síðast til 15. nóvember 2019.

Gefið var út yfirlit yfir lýstar kröfur að loknum kröfulýsingarfresti ásamt uppdrætti. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum Vesturbyggðar og Reykhólahrepps, og á skrifstofum sýslumannsins á Vestfjörðum á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði frá 12. desember 2019 til og með 24. janúar 2020, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 31. janúar 2020. Kynningargögnin voru jafnframt aðgengileg á skrifstofu óbyggðanefndar og vefsíðu nefndarinnar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, tók til fjögurra aðgreindra svæða. Á móti bárust átta kröfulýsingar ýmissa aðila sem sumar sköruðust.

2.4 Mál nr. 2/2020, Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps

Vegna heimsfaraldurs Covid-19 og í samræmi við tilmæli íslenskra yfirvalda og almannavarna vegna hans var fyrstu fyrirtöku mála á svæði 10C, sem fyrirhuguð var um miðjan mars 2020, frestað. Þess í stað var lögmonnum og fulltrúum málsaðila á svæði 10C send tilkynning 12. mars 2020 um ýmis atriði sem til stóð að fjalla um við fyrirtökuna. Tilkynnt var um skiptingu svæðisins í fjögur mál, þ.e. mál nr. 1/2020, Bæjarbjarg; mál nr. 2/2020, Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps; mál nr. 3/2020, Skálmardalsheiði;⁵ og mál nr. 4/2020, Hvannahlíð. Gerð var grein fyrir skipan óbyggðanefndar í málunum og að hana skipuðu í máli nr. 2/2020 Ása Ólafsdóttir, Allan

⁴ Ekki voru gerðar kröfur af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra innan marka Tálknafjarðarhrepps.

⁵ Málsheitinu var síðar breytt í Skálmardalsheiði og hluti Þingmannaheiðar, sbr. umfjöllun um fimmtu fyrirtöku hér síðar.

V. Magnússon og Hulda Árnadóttir. Farið var yfir ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar og lögmenn og fulltrúar málsaðila minntir á rafrænt gagnasvæði óbyggðanefndar, sem þeir höfðu áður fengið upplýsingar um, þar sem þeir fengu aðgang að öllum málsskjölum og kröfulínukortum. Upplýst var að gripið hefði verið til ráðstafana svo að gagnaöflun Þjóðskjalasafnsins og önnur rannsókn málanna hjá nefndinni héldu áfram, þrátt fyrir samfélagslegar takmarkanir og aðgerðir vegna heimsfaraldurs Covid-19. Einnig var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendlaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendlaga. Farið var yfir áætlun um framvindu málsmeðferðar á svæðinu sem sett var fram með fyrirvara um framvindu gagnaöflunar og umfang mála þegar henni yrði lokið. Lögmenn og fulltrúar málsaðila voru beðnir að láta vita ef þeir hefðu athugasemdir við framangreint fyrirkomulag og eins við skiptingu svæðisins í mál og skipan nefndarinnar en engar athugasemdir bárust.

Við fyrstu fyrirtöku mála á svæði 10C, sem haldin var sameiginlega vegna allra málanna 9. júní 2020, var farið yfir forsögu meðferðar svæðis 10C og kynningu krafna aðila. Farið var yfir ýmis atriði sem lögmenn höfðu áður verið upplýstir um með framangreindri tilkynningu 12. mars 2020, greint frá stöðu gagnaöflunar og lögð fram skjöl ásamt skjalaskrá. Þeir lögmenn sem ekki höfðu skilað umboði frá umbjóðendum sínum voru beðnir að gera það við fyrsta tækifæri. Því var beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendlaga. Í því sambandi var bent á að aflað hefði verið upplýsinga um vatnaskil frá Veðurstofu Íslands og þeim varpað inn á kröfulínukort málsins. Lögmaður íslenska ríkisins upplýsti að til skoðunar væri hvort unnt væri að sætta málið eða samræma kröfulínur að einhverju leyti. Farið var yfir framhald málsmeðferðar og upplýst að stefnt væri að vettvangsferð síðsumars. Leitað var álits lögmanna á því hvort til greina kæmi að málflutningur og skýrslutökur færu fram samhliða vettvangsferð og greinargerðum yrði þar með skilað fyrir vettvangsferð, með fyrirvara um að áform um lok kerfisbundinnar gagnaöflunar stæðust. Lögmenn lýstu sig samþykka því með þeim fyrirvara. Lögmenn voru beðnir að kanna, í samráði við umbjóðendur sína, hvað þeir teldu helst þurfa að skoða í vettvangsferð og hvernig því yrði best komið við. Loks var athygli lögmanna vakin á því að 13. maí 2020 hefðu tekið gildi lög nr. 34/2020 um breytingu á þjóðlendlögum. Í því sambandi var sérstaklega bent á að í breytingunum fælist m.a. að óbyggðanefnd gæti heimilað íslenska ríkinu að auka við kröfur sínar í máli sem til meðferðar væri hjá nefndinni, væri það ekki metið ríkinu til vanrækslu að hafa ekki gert kröfur sínar í einu lagi í öndverðu og hinar auknu kröfur seinkuðu ekki málsmeðferð um of að mati nefndarinnar skv. 6. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, sbr. b-lið 4. gr. laga nr. 34/2020. Í ljósi skilyrðis um að auknar kröfur seinkuðu ekki málsmeðferð um of en lögboðin kynning þyrfti að fara fram á þeim, líkt og upphaflegum kröfum, var óskað eftir því við lögmann ríkisins að afstaða yrði tekin til þessa svo fljótt sem hægt væri.

Önnur fyrirtaka mála á svæði 10C var haldin sameiginlega vegna allra málanna 17. júlí 2020. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá og upplýst að þar með væri kerfisbundinni gagnaöflun lokið. Lögmenn voru inntir eftir því hvort tekist hefði að setta málið að einhverju eða öllu leyti frá síðustu fyrirtöku. Lögmaður íslenska ríkisins upplýsti að það væri enn til skoðunar og að niðurstaða um mögulegar sættir og samræmingu kröfulína myndi liggja fyrir í síðasta lagi við skil ríkisins á greinargerð. Óskað var eftir afstöðu lögmanns íslenska ríkisins til þess hvort ætlunin væri að óska eftir heimild óbyggðanefndar til að auka við kröfur ríkisins í málum á svæði 10C á grundvelli 6. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sbr. b-lið 4. gr. laga nr. 34/2020. Lögmaðurinn upplýsti að ekki hefði verið tekin endanleg afstaða til þess en að niðurstaða um það myndi einnig liggja fyrir í síðasta lagi við skil ríkisins á greinargerð. Íslenska ríkinu var í kjölfarið veittur frestur til 7. ágúst 2020 og gagnaðila íslenska ríkisins til 17. ágúst 2020 til að skila greinargerð í málinu. Jafnframt voru kynnt drög að dagskrá vettvangsferðar um svæði mála nr. 1–4/2020 og samhliða aðalmeðferð málanna 24.–27. ágúst 2020.

Þriðja fyrirtaka mála á svæði 10C var haldin sameiginlega vegna allra málanna 24. september 2020. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Kynnt var að í greinargerðum íslenska ríkisins í málum nr. 1/2020, 2/2020 og 4/2020 frá 7. ágúst 2020 hefðu verið gerðar smávægilegar breytingar á kröfugerð ríkisins, en óbyggðanefnd hafði vakið athygli gagnaðila íslenska ríkisins á þessu sérstaklega í tölvupósti sama dag og óskað eftir því að athugasemdir kæmu fram í greinargerðum þeirra, hefðu þeir slíkar. Engar athugasemdir komu fram. Formaður lýsti því að nefndin mæti umræddar breytingar á kröfugerð ríkisins svo að í þeim fælist einungis nánari skýring á kröfugerðinni og þær teldust því ekki leiða til þess að aukið væri við kröfur ríkisins í skilningi 6. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020. Formaður tilkynnti að breyting hefði verið gerð á skipan nefndarinnar í tveimur málum. Þorsteinn Magnússon færi út úr málum nr. 1/2020 og 3/2020 og í staðinn kæmi Allan V. Magnússon inn í mál nr. 1/2020 og Hulda Árnadóttir í mál nr. 3/2020. Aðspurðir sögðust lögmenn ekki gera athugasemdir við breytingarnar. Rifjað var upp að fyrirhugaðri vettvangsferð og samhliða aðalmeðferð í málum nr. 1–4/2020 dagana 24.–27. ágúst hefði verið frestað vegna Covid-19 og jafnframt boðað að vettvangsferð án aðalmeðferðar færi fram dagana 29. og 30. september, líkt og áður hafði verið kynnt í tölvupósti til lögmanna. Farið var yfir sóttvarnaaðgerðir sem gripið yrði til og fyrirkomulag vettvangsferðarinnar að öðru leyti kynnt. Aðspurðir gerðu lögmenn ekki athugasemdir við fyrirkomulag vettvangsferðarinnar. Þá var kynnt sú fyrirætlun nefndarinnar að aðalmeðferð í málunum færi fram í lok október, með fyrirvara um stöðu og þróun faraldurs Covid-19. Fyrirhugað væri að hún færi fram í Reykjavík og hugsanlega í fjarfundabúnaði.

Vettvangsferð vegna máls nr. 2/2020 fór fram 29. og 30. september 2020. Fjallað er um hana í kafla 4.3 hér á eftir.

Aðalmeðferð mála á svæði 10C var haldin sameiginlega vegna allra málanna 5. nóvember 2020. Nefndarmenn og starfsmenn óbyggðanefndar voru í húsakynnum

nefndarinnar að Skuggasundi 3 í Reykjavík, en vegna samkomutakmarkana og sóttvarnaráðstafana sátu aðrir fundarmenn fundinn með fjarfundabúnaði auk þess sem fundurinn var opinn öðrum í streymi á vefnum. Við upphaf aðalmeðferðar var gerð grein fyrir lítilsháttar breytingu á mörkum svæða 10C og 10B, sbr. kafla 2.2. Síðan voru mál nr. 1–4/2020 tekin fyrir, hvert fyrir sig. Í máli nr. 2/2020 voru lögð fram skjöl ásamt skjalaskrá. Að því búnu fóru fram skýrslutökur sem gerð er grein fyrir í kafla 4.4. Þá var málið flutt munnlega. Lögmaður íslenska ríkisins tók fram að þrátt fyrir að ekki hefði komið fram gagnkrafa vegna alls svæðisins væri það ósk ríkisins að óbyggðanefnd kannaði samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda. Lögmaður eigenda Auðshaugs gerði grein fyrir því að litið væri svo á að í aðalkröfu vegna jarðarinnar rúmaðist varakrafa um að viðurkenndur yrði fullur afnotaréttur innan hins umdeilda svæðis vegna Auðshaugs, yrði komist að því að þar væri að finna þjóðlendu. Við lok aðalmeðferðar tilkynnti formaður að málið væri tekið til úrskurðar en ef frekari gögn kæmu fram yrði málið þó tekið fyrir aftur af því tilefni.

Fimmta fyrirtaka mála á svæði 10C var haldin sameiginlega vegna allra málanna 21. desember 2020. Kynnt var að heiti máls nr. 3/2020 hefði verið breytt í Skálmardalsheiði og hluti Þingmannaheiðar. Þá var gerð grein fyrir því að borist hefðu kröfulýsingar vegna Kletts og Seljalands í máli nr. 3/2020 og að óbyggðanefnd hefði ákveðið að veita eigendum jarðanna aðild að málinu á grundvelli 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Auk þess voru lögð fram skjöl ásamt skjalaskrá. Að lokum tilkynnti formaður að mál nr. 1–4/2020 væru tekin til úrskurðar og að uppkvaðning úrskurða færi fram 22. desember 2020 kl. 15:00 á fjarfundi sem einnig yrði streymt.

3 KRÖFUGERÐ⁶

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er kröfum í málinu lýst í tveimur hlutum. Þess er krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis:

Annars vegar Auðshaugsland í Kjálkafirði:

Upphafspunktur er í 642 metra hæð norður af Kjálkavatni (1). Þaðan suður eftir vatnaskilum um Kjálkafjarðarvötn yfir í Krókavatn (2). Úr Krókavatni er þverá fylgt til sjávar (3) og þaðan eftir strandlengjunni í Skiptá, þar sem hún rennur í sjó (4). Skiptá er síðan fylgt upp í Skiptárvötn (Djúpavatn á korti) (5). Þaðan er vatnaskilum fylgt í upphafspunkt norður af Kjálkavatni í 642 metra hæð.

Hins vegar Vatnsfjörður:

Upphafspunktur er á hátindi Klakks (1). Eftir það er hreppamörkum fylgt austur til þess staðar þar sem eru hreppamörk Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Reykhólahrepps og Súðavíkurhreppar í 866 m. hæð sunnan við Glámu (2). Þaðan suður eftir hreppamörkum Vesturbyggðar og Reykhólahrepps í punkt í 642 metra hæð norður af Kjálkavatni (3). Frá þeim punkti suður eftir vatnaskilum um Kjálkafjarðarvötn yfir í Krókavatn (4). Þaðan áfram suður eftir hábrún Auðnaaxlar og þaðan til vesturs eftir vatnaskilum yfir grjótholtin Kletthól og lítið leirtjarnardrag í þann krók í árgili Uppsalaár sem beygist þvert til suðurs (5). Þaðan er Uppsalaá fylgt til sjávar (6) og strandlengjunni þaðan fylgt að ósi Eiðisár (7). Eiðisá er fylgt til upptaka (8) og þaðan bein sjónhending í upptök Pennár (9) og henni fylgt til sjávar (10), þaðan sem strandlengjunni er fylgt að ósi Grenjadalsár (11), sem fylgt er að upptökum (12) og þaðan bein sjónhending í upptök Mikladalsár/Þverár (13). Mikladalsá/Þverá er fylgt til sjávar og strandlengjunni í Stekkjarlæk þar sem hann rennur til sjávar (14). Þaðan sjónhending í Hestmúla og Hestmúla fylgt þar sem hann er hæstur að Lækjarskarði (15). Þaðan bein sjónhending yfir í hátind Þverfells (16) og þaðan norður í átt að Lækjarheiði og þaðan stefna í hátind Búrfells (17). Frá hátindi Búrfells er farin bein sjónhending til sýslumarka (18), sem er fylgt í upphafspunkt á hátindi Klakks.

3.2 Krafa vegna Auðshaugs

Af hálfu eigenda Auðshaugs er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, í jörðina Auðshaug verði hafnað, og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja jarðarinnar, sbr. kröfulýsingu ríkisins dags. 15. apríl 2019, enda teljist allt landsvæði innan þinglýstra landamerkja jarðarinnar undirorpið beinum eignarrétti landeigenda.

Þess er aðallega krafist að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar Auðshaugs séu í samræmi við fyrirliggjandi landamerkjabéf fyrir jarðirnar Auðshaug og Auðna frá 10. maí 1889, sbr. kröfulínur á framlögðum uppdrætti af landamerkjum og hornpunktaskrá, sem fylgdu kröfulýsingu landeigenda til óbyggðanefndar, og færðar hafi verið inn á sameiginlegt kröfulínukort.

⁶ Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (aðilaskrá) og III (kort).

Við aðalmeðferð málsins kom fram að litið væri svo á að innan aðalkröfu rúmaðist varakrafa um að viðurkenndur yrði fullur afnotaréttur innan hins umdeilda svæðis vegna Auðshaugs, yrði komist að því að þar væri að finna þjóðlendu.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl í skjalaflokkum nr. 1–10 ásamt undirskjöllum, samtals 597 skjöl, auk 23 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái stöð um einstök álitaefti.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem hér eru til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta var kynnt lögmennum málsaðila og engar athugasemdir komu fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd á sínum tíma ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings, auk Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Lögmennum aðila málsins var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Lögmennum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru gerð lögmennum aðgengileg jafnóðum á rafrænu gagnasvæði og lögð fram við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni, skjals nr. 2, , inngangs að greinargerð safnsins, skjals nr. 5(3), og minnisblaða um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum, sbr. hliðsjónargögn nr. 16–18. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. II, þar sem skjöl Þjóð-

skjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins þriðjudaginn og miðvikudaginn 29. og 30. september 2020 í fylgd með lögmönnum aðila og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt voru með í för fulltrúi frá Þjóðskjalasafni Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Vegna heimsfaraldurs Covid-19 var gætt sérstaklega að sóttvörnum í ferðinni. Fólki var skipt upp í nokkra bíla til að takmarka samgang ótengdra einstaklinga auk þess sem gætt var að fjarlægðarmörkum, handsprittun, notkun andlitsgríma í bílum og sótt-hreinsun sameiginlegra snertiflata.

Þriðjudaginn 29. september hófst vettvangsferð kl. 16:30 við Skiptá í austanverðum Kjálkafirði, á suðausturmörkum þess hluta ágreiningssvæðis málsins sem nefnt er Auðshaugsland. Þar lýstu Bjarni Svanur Kristjánsson og Valgerður Ingvadóttir, eigendur Auðshaugs, ágreiningssvæðinu og merkjum þess. Einnig sást yfir á Þverá, vestan Kjálkafjarðar, á suðvesturmörkum svæðisins. Að því búnu var ekið yfir fjörðinn um Vestfjarðaveg nr. 60 að gamla veginum í vestanverðum firðinum og honum fylgt að stað skammt norðan Þverár þar sem sjá mátti gamalt sel og kvíar. Þaðan var ekið áfram inn í fjarðarbotn. Þaðan sást norður í Kjálkafjarðartungur og út með Kjálkafirðinum sjálfum. Klukkan 17:30 hélt hópurinn, að Bjarna og Valgerði undanskildum, úr Kjálkafirði eftir Vestfjarðavegi nr. 60 vestur í Vatnsfjörð. Numið var staðar við Uppsaladalsá á suðausturmörkum kröfussvæðis ríkisins í Vatnsfirði. Þaðan sást upp með ánni og yfir þann hluta kröfussvæðisins sem er í vesturhluta fjarðarins. Ekið var áfram eftir Vestfjarðavegi að Flókalundi þaðan sem sást upp eftir Smjörðal og hluta Penningsdals. Þar lauk vettvangsferð kl. 18:00.

Miðvikudaginn 30. september kl. 14:15 var vettvangsferð um ágreiningssvæði málsins fram haldið. Hún hófst á Brjánslæk þar sem Jóhann Pétur Ágústsson, ábúandi á Brjánslæk, bauð viðstöddum inn í gamla prestsbústaðinn á Brjánslæk og sagði viðstöddum frá jörðinni. Þaðan var haldið norður eftir Barðastrandarvegi nr. 62 að Vestfjarðavegi nr. 60 og eftir honum vestur, áleiðis í átt að Dynjandisheiði, inn Penningsdal og Þverdal og numið staðar á veginum milli Lónfells eða Lómfells og Ýsufells, skammt norðvestan við Þverdalsvatn. Þaðan var horft yfir hluta af vestanverðu kröfussvæði ríkisins. Að því búnu var ekið aftur til baka sömu leið, niður af heiðinni og inn í botn Vatnsfjarðar. Ekið var áfram eftir slóða inn Vatnsdal vestan Vatnsdalsvatns og numið staðar á móts við Stóragil fyrir innan vatnið. Þaðan var útsýni inn dalsbotninn að Geldneytatungum og inn með Vatnsdalsá og Austurá. Á leið til baka út með vatninu var numið staðar á móts við Lambagil. Þá var ekið að Þingmannadal og stefnan tekin upp á Þingmannaheiði. Á leiðinni upp á heiðina var numið staðar í Smiðjukleifum þaðan sem sást vel út á Vatnsfjörðinn og yfir fjöllin innan kröfussvæðis ríkisins í vestan-

verðum firðinum. Svo var numið staðar við Heimri- og Fremri-Brunadali og loks nálægt vatnaskilum milli Vatnsfjarðar og Kjálkafjarðar á austurmörkum kröfussvæðis ríkisins í Vatnsfirði og vesturmörkum þess hluta ágreiningssvæðisins sem nefnt er Auðshaugsland skammt vestan við Þverdalsvatn. Þar var gengið upp á hól við veginn þaðan sem gott útsýni var út á Kjálkafjörð, vestur eftir Þingmannadal og suður yfir Auðnaöxl. Að því búnu var ekið áfram austur eftir veginum um Þingmannaheiði, yfir í þann hluta ágreiningssvæðisins sem nefnt er Auðshaugsland. Þar var numið staðar skammt norðan Kjálkafjarðartungna þaðan sem vel sást niður á umræddar tungur og sjálfan Kjálkafjörðinn, austur yfir Skiptárvötn á austurmörkum ágreiningssvæðisins, suðvestur yfir Auðnaöxl og aðeins norður yfir ágreiningssvæðið. Þar lauk vettvangsferð kl. 18:00.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtalin skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Bjarni Svanur Kristjánsson og Valgerður Ingvadóttir, eigendur Auðshaugs, og Jóhann Pétur Ágústsson, ábúandi á Brjánslæk. Að einstökum efnisatriðum í skýrslunum er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal hliðsjónargagna málsins.

5 SAGA LANDSVÆÐA

Í þessum kafla verður rakin saga svæðisins sem málið varðar. Í fyrstu er greint frá elstu ritheimildum um landnám þar. Því næst verða raktar heimildir um kröfusvæði málsins og nærliggjandi og tengdar jarðir, einkum afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Umfjöllun um þær jarðir sem liggja að ágreiningssvæðunum takmarkast oftast við heimildir um afmörkun. Að mestu er fylgt tímaröð í hverjum kafla.⁷

5.1 Landnám

Í Hauksbók Landnámu segir eftirfarandi um landnám í Barðastrandarsýslu, austan, sunnan og vestan kröfusvæðisins:

Knjúkr son Þórólfs sparrar er kallaðr Nesja-Knjúkr; hann nam nes öll til Barðastrandar frá Kvígandafirði.

[...]

Geirsteinn kjálki nam Kjálkafjörð ok Hjarðarnes með ráði Knjúks.

[...]

Geirleifr son Eiríks Hognasonar hins hvíta nam Barðaströnd millim Vatsfjarðar ok Berghlíða.⁸

Efnislega er sömu lýsingu að finna í Sturlubók Landnámu. Í Melabók Landnámu segir um landnám á svæðinu:

Nesja-Knjúkr, son Þórólfs sparrar, nam allt á milli Kvígandafjarðar ok Kjálkafjarðar

[...]

Eysteinn eða Geirsteinn kjálki nam Kjálkafjörð ok Hjarðarnes.

[...]

Geirleifr son Eiríks Hognasonar hins hvíta nam Barðaströnd alla á milli Vatsfjarðar ok Berghlíða.⁹

Í Sturlubók Landnámu segir eftirfarandi um landnám vestan og norðan kröfusvæðisins, en efnislega segir það sama í Hauksbók Landnámu:

Örn hét maðr ágætr; hann var frændi Geirmundar heljarskinns; hann fór af Rogalandi fyrir ofríki Haralds konungs. Hann nam land í Arnarfirði svá vítt sem hann vildi.

[...]

⁷ Þessi kafla er að mestu leyti byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, dagsettri 10.12.2020, sem lögð var fram sem skjal nr. 5(3), sbr. einnig eldri gerð hennar, dags. 13.7.2020, sem lögð var fram sem skjal nr. 5(2) og drög, dags. 8.6.2020, sem lögð voru fram fram sem skjal nr. 5(1). Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins, auk þess sem best hefur við umfjöllun um gögn sem aflað var annars staðar en á Þjóðskjalasafninu. Í inngangi að greinargerð Þjóðskjalasafnsins er greint frá gagnaflokkum sem leitað var í og tilhögun gagnaöflunar. Einnig skal nefnt að í heildarskilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands, skjali nr. 2, og minnisblöðum um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum, hliðsjónargögnum nr. 16–18, er gerð grein fyrir fleiri skjölum sem varða jarðir sem fjallað er um hér en ekki þótti tilefni til að leggja fram.

⁸ *Íslensk fornrit* I (1968), bls. 170–172; skjal nr. 4(6).

⁹ *Íslensk fornrit* I (1968), bls. 170–172; skjal nr. 4(6).

Geirþjófr Valþjófsson nam land í Arnarfirði, Forsfjörð, Reykjarfjörð, Trostansfjörð, Geirþjófsfjörð, ok bjó í Geirþjófsfirði.

[...]

Geirr hét maðr ágætr í Sogni; hann var kallaðr Végeirr, því at hann var blótmaðr mikill; hann átti mörg börn. Vébjörn Sygnakappi var elztr sona hans

[...]

Vébjörn nam um várit land millim Skotufjarðar ok Hestfjarðar, svá vítt sem hann gengr um á dag ok því meirr

[...]

Gunnsteinn ok Halldórr hétu synir Gunnbjarnar Úlfssonar kráku, er Gunnbjarnarsker eru við kennd; þeir námu Skotufjörð ok Laugardal ok Ögrvík til Mjóvafjarðar.

[...]

Snæbjörn son Eyvindar austmanns, bróðir Helga magra, nam land millim Mjóvafjarðar ok Langadalsár ok bjó í Vatsfirði.

[...]

Óláfr jafnakollr nam land frá Langadalsá til Sandeyrarár ok bjó í Unaðsdal.¹⁰

5.2 Afréttir og afréttarnot

Hinn 14. janúar 1801 skrifaði Guðmundur Scheving, sýslumaður Barðastrandarsýslu, bréf til Joachims Chr. Vibe, amtmanns í Vesturamti, og sagði frá málefni bænda um búfjárrekstur á fjalllendi milli Barðastrandar annars vegar og Rauðasands-, Patreksfjarðar-, Tálknafjarðar- og Suðurfjarðasveita hins vegar. Bændur á Barðaströnd kvörtuðu yfir búfjárrekstri frá bændum í hinum sveitunum, s.s. að þeir töpuðu gjarnan fé sínu norður yfir í fyrrnefndar sveitir og óskuðu úrlausnar amtmanns til úrbóta. Enn fremur segir í bréfinu að bændur á Barðaströnd reki sauðfé á fjallgarð sem skipti Barðastrandarsýslunni í tvennt, en um fjögurra ára tímabil hafi bændur í öðrum sveitum rekið fé sitt á fjall sem búendur á Barðaströnd hafi til upprekstrar á sumrin. Guðmundur sýslumaður útlistaði tillögur að úrlausn, s.s. að þeir sem hyggðust reka fé á fjall þyrftu að tilkynna um slíkt ella vera sektaðir, að landsleigubálgur skyldi notaður og bændur skyldaðir til gagnaleita ákveðinn dag ár hvert, að bændur sem fyndu annarra manna fé kæmu því áleiðis heim og þá reifaði hann einnig hugmyndir um sektir á hendum þeim sem tækju vísvitandi annarra manna fé.¹¹

Í kaflanum „Frá leitum og réttum í Reykjarfjarðarhreppi“ eftir Pál Pálsson frá 1945 segir eftirfarandi um afréttarmál norðan kröfusvæðisins:

Afréttir Reykjarfjarðarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu liggja fram af tveim syðstu fjörðum Ísafjarðardjúps, Ísafirði og Mjóafirði. Fjallendið fram af þessum fjarðarbotnum eru þau einu afréttarlönd, sem hreppsþúar nota og reka fénað sinn á.

Fram af botni Ísafjarðar liggur alllangt undirlendi, fremur mjótt, með bröttum hlíðum til beggja handa. Suður og suðvestur frá því ganga fjórir dalir inn í fjallgarðinn milli Ísafjarðardjúps og Barðarstrandar, og heita þeir Gervidalur, Torfdalur, Miðdalur og

¹⁰ *Íslensk fornrit* I (1968), bls. 176, 178, 189-191 og 196; skjal nr. 4(6).

¹¹ Skjal nr. 2(228).

Hvanneyrardalur. Eru dalir þessir og múlar þeir, sem milli þeirra liggja, aðalafréttin. Eru þeir allir þröngir með því nær engu undirlendi, en góð beitolönd, vaxnir kjarngóðum beitigrösum. Skógur er þar enginn.

Leitarmenn smala hið umrædda svæði og fara suður á miðjan fjallgarðinn til Barðastrandar.

[...]

Ofan Ísafjarðardali alla renna ár, samnefndar dölum þeim, er þær falla um, en sameinast allar í eina á, þegar niður á undirlendið kemur, og heitir þá áin Ísafjarðará. Er hún allvatnsmikil stundum. Á þessi skilur lönd milli Nauteyrarhrepps og Reykjarfjarðarhrepps. Eru því afréttir þær, sem hér um ræðir, í tveimur hreppum. Afrétt sú, er liggur austan Ísafjarðarár, er í landi eyðijarðar þeirrar, er Kleifarkot heitir. Hefir það verið í eyði nú um rúmlega hálfrar aldar skeið.

Sú leitartilhögun, sem að framan er lýst, hefir haldizt lengi á þessum slóðum, hvort heldur Kleifarkot hefir verið í byggð eða ekki, en sökum þess að það land tilheyrir Nauteyrarhreppi, en fé af því þó rekið til Eyrar eins og fyrr segir, kom eitt sinn til árekstrar milli hreppanna út af þessu.

[...]

Eins og fyrr getur er afrétt fram af botni Mjóafjarðar. Eru það aðallega tveir dalir, Bessadalur og Húsadalur, sem afréttin er í. Fram af Bessadal er Saurdalur, og liggja þessir dalir í sömu stefnu og dalir Ísafjarðarafrétta. Fram af botni Mjófjarðar er fjallgarðurinn milli Djúps og Barðastrandar nokkru breiðari en fram af botni Ísafjarðar. Fara leitarmenn vart suður í miðjan fjallgarðinn þar, enda er háfjallgarðurinn ákvaflega gróðurlítill og ber. Fénaður heldur þar því lítið til, nema meðan hann er að fara suður yfir, sem er algengt. Kemur hann þá til réttar á Barðaströnd og er sóttur þangað.

[...]

Réttarskil og leitir eru hér framur hægar sökum hins tiltölulega litla hálendis, sem hér er í afréttum.¹²

5.3 Almennt um svæðið

Í sóknarlýsingu Brjánslækjar- og Hagasókna, frá 22. ágúst 1840, eftir sr. Hálfðan Einarsson segir m.a.

2. [...] Fjöllin öll eru að ofan klettótt og graslaus, en neðar í hlíðunum víða vaxin smáskógi og fjalldrapa.

[...]

6. [...] Steinkol finnast hér ekki, ei heldur skeljar til fjalls, mér vitanlega, en surtarbrandur finnst hér í Brjánslækjarlandi í svo nefndu Surtarbrandsgili, skammt fyrir ofan Brjánslæk. Eru þar eitt eða tvö lög af honum undir háu bergi, sem grjótt hrynur úr. Þar hefur hann verið sprengdur fram með járnum og stundum sviðinn til kola, og stundum brúkaður ósviðinn.

[...]

13. Smáskógar eru töluverðir í Holts- og Haukabergslandi, í Arnarbýlis-, Móru- og Vatnsdal. En raftskógur er inni í Vatnsdalsbotni og á þeim dal yfir höfuð víða mikill skógur, svo sem í plássi því, er Mörk heitir og liggur undir Hagakirkju. Líka er mikill skógur hinu megin út með Vatnsfirði, þar sem heitir Uppsälaland, og í landi Fossár á

¹² Páll Pálsson, „Frá leitum og réttum í Reykjarfjarðarhreppi“, *Göngur og réttir* III (1985), bls. 99–100; skjal H-22.

Hjarðarnesi. Víðast sýnist skógum þessum heldur hnigna, bæði af meðferð þeirra, sem þá brúka, og afturför landsins. Reyniviðarhrislur má hér og hvar sjá inn á Vatnsdal innanum birkiskóginn, líka víðirtegndir fleiri en eina.

[...]

31. Nú er hér hvergi haft í seli, nema frá Auðshaugi, sem selstöðu á inn í Kjálkafirði. Áður til forna átti Holt selstöðu í Holtsdal, Grænhóll í Arnarbylisdal, Fossá inn með Vatnsfirði.

32. Afréttarlönd eru engin, nema að nafninu Vatnsdalur, sem liggur undir Brjánslæk. Þangað eru einkanlega lömb rekin frá nokkrum bæjum. En vegna illra fjárheimta af dal þessum, vilja margir heldur brúka þann sið, að láta geldfé sitt ganga á fjöllum og heiðum þeim, sem næst liggja bænum, hvar þetta heimtist aftur jafnbetur, þó haustleitir þar sýnist hafa óreglulegan gang.¹³

Í *Barðstrendingabók* frá 1942 segir að til forna hafi þrjú býli verið í Vatnsdal: Vatnsdalsbakkar og Smiðjumýri í dalsmynninu en Helluhvammur frammar í dalnum. Vatnsdalsbakkar hafi enn fremur verið í byggð langt fram á 18. öld.¹⁴ Einnig segir:

Á Hjarðarnesi eru nú aðeins tveir bæir byggðir: Auðshaugur og Fossá.

Auðshaugur er austar, stendur bærinn sunnan til á Hjarðarnesi. Í daglegu tali er bærinn jafnan nefndur Haugur. Í miðju Haugslandi er eyðibýlið Auðnir. Til er sögusögn forn af bræðrum þremur, er áttu Haug og Kjálkafjörð allan. Héldu tveir þeirra saman, en höfðu hinn þriðja útundan og skiptu honum úr landi jarðarinnar. Fór svo, að hann veitti í öllu betur en þeim. Enduðu svo skipti þeirra, að hann feldi bræður sína báða, er þeir ætluðu að veita honum aðför fyrir öfundarsakir, á svonefndum Mannamótavöllum milli bæjanna.

Haugur er flutningsjörð all-mikil, tún all-stórt, en nokkuð langsótt í heyskap. Sumarhagar góðir og útbeit, en útfiri mikið og mjög flæðihætt. Lítilsháttar æðarvarp er það einnig. Landrými mikið. Skóglendi er all-mikið inni í Kjálkafirði.

[...]

Miðja vegu milli Auðna og fjarðarbotnsins gengur dalur ekki all-lítill inn í hlíðina. Nefnist hann Þverdalur. Við ána þar var áður sel frá Haugi.

[...]

Við Uppsalaá tekur við Brjánslækjarland. Nær það kring um allan Vatnsfjörð út fyrir Sauðanes, milli Brjánslækjar og Arnórsstaða. Til fjalla, þangað sem vötnum hallar til austurs, norðurs og vesturs.

[...]

Úr austurbotni fjarðarins gengur grunnur dalur, um 10 km. upp í Þingmannaheiði, með aðlíðandi hlíðum. Um hann fellur Þingmannaá. Að neðanverðu er dalurinn all-grösugur, en hrjóstrugur, er ofar dregur. Þingmannaheiði liggur frá Vattarfjarðarbotni í Múlasveit, bak við Skálmarnes, Kerlingarfjörð, Litlanes, Kjálkafjörð og Hjarðarnes og niður í Vatnsfjörð.

[...]

Norðan megin Þingmannaárósa er mynni Vatnsdals. Gengur lágur múli með smáhnúkum fram á milli dalanna, er nefnast Smiðjuhnúkar. Í mynni dalsins eru kleifar, sem heita Smiðjukleifar. Þar liggur vegur upp á heiðina. Í Þingmannaá heitir og

¹³ Hálfdan Einarsson, „Lýsing yfir Brjánslækjar- og Hagasóknir“, *Sóknalýsingar Vestfjarða* I, bls. 193–196, 199–200; skjal H-4.

¹⁴ Pétur Jónsson, „Barðastrandarhreppur“, *Barðstrendingabók*, bls. 66; skjal H-3.

Smíðjufljót, neðan við kleifarnar. Vestan undir hnúkunum er flatlent skóglendi með mýrasundum. Þar í grennd var hið forna býli Smíðjumýrar.

[...]

Vestan megin Smíðjuhnúka gengur Vatnsdalur til fjalla, um 10 km. langur, aðaldalurinn, og daladrög úr honum til öræfa. Fjöllum eru um 300 m. há, hlíðar brattar, en þó vaxnar gróðri víðast hvar.

Í Vatnsdal er vatn stórt, nær hálfum fjórða km. að lengd, og talið stærsta vatn á Vestfjörðum. Silungsveiði er í því, en notast lítt vegna fjarlægðar frá byggð.

[...]

Um miðja 19. öld bjó að Fossá Eggert Magnússon, búhöldur mikill. Hann hafði Vatnsdal á leigu og lét geyma þar sauðfé haust og vor. Taldi hann sauðland svo gott í Vatnsdal, að það tæki fram hverri eyjabeit, og er henni þó við brugðið.

[...]

Neðan við vatnið er flatlent skóglendi um einn km. vegar til sjávar. Austan árinna nefnist það Mörk, en að vestan Eið. Þar stóð áður býlið Vatnsdalsbakkar. Síðast var búið þar seint á 18. öld.

[...]

Bajarleið frá fjarðarbotninum skerast tveir dalir til fjalla. Er breitt dalsmynni þar sem þeir mætast. Heitir annar Penningsdalur, hinn Smjördalur. Árnar úr dölum þessum falla saman í dalsmynninu og nefnast þá Penna.

[...]

Í dölunum báðum og um allar þessar slóðir er skógur.

[...]

Fjallið milli fjarðarins og Penningsdals heitir Hellufjall. Undir múlanum stendur eyðibýlið Hella. Þar er allstórt tún, engjaslægjur engar nálægt, en útbeit ágæt á vetrum. Gömul munnmæli sögðu, að aldrei yrði haglaust á Eiðshlíð. Sumarhagar eru þar einnig hinir beztu. Í Smjördalstungum átti Hella slægjur og selför.

[...]

Frá Pennu út fyrir Brjánslæk er allbreitt undirlendi skógi vaxið. Grenjadalsá kemur þar úr fjallinum. Milli hennar og Pennu heitir Partur. Flateyjarkirkja átti þar forðum skógarhögg, en Hagakirkja á skógarítök í Mörkinni.

Utar með firðinum skerast inn Þverárdalur. Innan við ána þar er eyðibýlið Þverá.¹⁵

5.4 Auðshaugur

Árið 1576 gerði Eggert Hannesson grein fyrir fasteignum sínum að fráskildum þeim sem þær kirkjur áttu sem hann hafði þá að halda og einnig þeim 70 hundruðum er hann átti fyrir norðan og hafði veðsett Jóni Jónssyni lögmanni. Meðal þessara eigna var jörðin Auðshaugur, 24 hundruð að dýrleika.¹⁶

Hinn 4. desember 1576 gerði Guðmundur Jónsson kunnugt að hann hefði selt Eggert Björnssyni jörðina Melanes, 20 hundruð að dýrleika. Einnig greiddi Guðmundur Eggert

¹⁵ Pétur Jónsson, „Barðastrandarhreppur“, bls. 66–72; skjal H-3.

¹⁶ Jarðabréf frá 16. og 17. öld, bls. 103; skjal H-23.

önnur fjögur hundruð. Hér í mót greiddi Eggert Guðmundi jörðina Auðshaug, 24 hundruð að dýrleika.¹⁷

Hinn 30. júlí 1578 gaf Eggert Hannesson Ragnheiði dóttur sinni og Magnúsi Jónssyni 37 hundruð í jörðum. Fram kemur í bréfinu að hann hafði selt Bjarna Björnsyni Haga en Jóni Björnssyni Haug og Fossá. Einnig endurnýjaði Eggert gjöf sína til Magnúsar dóttursonar síns, þannig að Eggert tók aftur Sæból á Ingjaldssandi en lét Birni í staðinn Bæ á Rauðasandi, sem var jafnmikil að dýrleika.¹⁸

Hinn 24. apríl 1582 seldi Jón Björnsson Magnúsi Jónssyni alla jörðina Auðshaug á Hjarðarnesi. Hér með heimilaði Jón Magnúsi að allt fé sem þar kynni að finnast og eigi fyndist eigandi að yrði eign Magnúsar. Hér í mót gaf Magnús alla jörðina Hlíð í Þorska-firði, jafna að dýrleika.¹⁹ Hinn 14. maí 1582 seldi Magnús síðan Gvendi Jónssyni alla jörðina Auðshaug og heimilaði Gvendi að allt fé sem þar kynni að finnast og eigi fyndist eigandi að yrði eign Gvends. Hér í mót gaf Gvendur Magnúsi 24 hundruð í jörðinni Hænuvík.²⁰

Hinn 4. desember 1586 fóru fram makaskipti þar sem Guðmundur Jónsson seldi Eggert Hannessyni jörðina Melanes á Rauðasandi, 20 hundruð að dýrleika, fyrir jörðina Auðshaug á Hjarðarnesi, 24 hundruð að dýrleika.²¹

Hinn 16. maí 1634 meðkenndi Björn Magnússon að hann hefði gefið bróður sínum, Guðmundi Jónssyni, 20 hundruð í jörðinni Auðshaug í löggjöf sína og fyrir elskusemi og auðmjúka þénustu sem Guðmundur hefði jafnan auðsýnt sér, en með því skilyrði að nefnd 20 hundruð rynnu aftur til Björns auðnaðist Guðmundi ekki að eignast skilgetið barn. Einnig tilskildi Björn að Guðmundur sýndi sér sömu ástsemi, hollustu og aðstoð og hann hefði áður gert. Loks tilskildi Björn að fyrir þau fjögur hundruð sem Auðshaugur væri dýrari en áður var um skrifað, þá fengi Guðmundur honum fimm hundruð í Geitagili í Sauðlauksdals-kirkjusókn.²²

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*²³ yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Auðshaug:

Auðshaugur.

Jarðardýrleiki xxiii hndr.

Jarðareigandi Málfríður Árnadóttir að Hóli í Bildudal.

Ábúandinn Gunnar Jónsson.

[...]

Jörðin á vi hndr. land inn í Kjálkafirði, fyrir framan Auðnir. Er þar skógur, viðsæmandi til raftviðar, góður til kola og eldiviðar. Þar eru og slægjur, en heyslæmar, og nær jörðin illa til þess. Þar hefur áður verið selstaða heimanað, nú aldrei brúkuð, fyrir atorkuleysi.

¹⁷ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 105–106; skjal H-23.

¹⁸ Skjal nr. 2(248).

¹⁹ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 108; skjal H-23.

²⁰ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 108; skjal H-23.

²¹ Skjal nr. 2(249).

²² *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 122; skjal H-23.

²³ Hér eftir verður vísað til hennar sem *Jarðabókar Árna og Páls*.

Þar hefur verið heimræði haust og sumar, nú er það af. Sölvafjara, hrognkelsi, skelfiskur, ekki fyrirhafnarvert.

[...]

Jörðin fordjarfast mjög árlega af skriðum.²⁴

Hinn 22. júlí 1794 fór fram áreiðarþing að Auðshaugi til að skoða skemmdir af völdum skriða og vatnshlaups og meta jörðina. Dæmt var að jörðin skyldi metin 16 hundruð að dýrleika í stað 24 hundruða áður.²⁵

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er getið ýmissa hlunninda Auðshaugs, m.a. selveiði, fiskveiði, fjallagrasa og kolaviðar. Þá segir einnig: „hiemme og Udmark er under kastet Fieldskreed.“ Dýrleiki Auðshaugs er metinn 24 hundruð en eigendur jarðarinnar voru M. Erlendsson hreppstjóri, Guðmundur Jónsson á Hamri og ábúandinn Ólafur Erlendsson.²⁶

Við manntalsþingsrétt að Haga á Barðaströnd 2. júlí 1811 var upplestin lögfesta bræðranna Ólafs og Magnúsar Erlendssona eða eins og fært er inn í dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1804–1815:

Var upplestin Lögfesta Bræðranna Olafs og Magnúsar Erlendssona fyrir Landsplatse í Kiálkafyrde til Haugs.²⁷

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd 24. júní 1812 voru upplestin skjöl, s.s. maka-skiptabréf, dagsett 4. febrúar 1812, á átta hundruðum í Skjaldvararfossi og fjórum hundruðum í Haugi. Einnig voru upplestin mótmæli frá Þorkeli Gunnlaugssyni, eiganda Litlaness, gegn lögfestu bræðranna Ólafs og Magnúsar Erlendssona. Skráning í dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1804–1815 er þannig:

Voru upplestin þesse Skiöl nl. Makaskipta bref af 4 Febr. þ.a. mille bóndans M. Erlendssonar og Sysslumans G. Scheving á 8 hndr. í Skjaldvararfossi og 4 hndr. í Hauge. og Protest móte Logfestu bræðranna M. og O. Erlendss. fyrir þrætuparti í Kiálkafyrði frá hr. Th. Gunnlaugssyne sem Littlunes eiganda.²⁸

Hinn 29. júlí 1823 fóru fram skipti á jörðinni Auðshaugi milli Guðmundar Schevings, eiganda átta hundruða, Margrétar Jónsdóttur, eiganda fjögurra hundruða, og Ólafs Erlendssonar, eiganda að öðrum fjórum hundruðum. Fyrst voru gerð helminga-skipti og túninu deilt í sex hluta. Merkjum þeirra er lýst svo í úttektarbók Barðastrandarsýslu 1818–1848:

hra Scheving fær part utann og nedann til vid Bæinn beint úr Jtra skému Horni til Sióar enn þver merkinn á hónumm liggia beint úr áður nefndu skémmu horni og beint eftir settumm merkiasteinum úti Lækin sem Rennur utan til vid Túned somuleidis fær hann part fyrir ofann Bæinn frá uppad nedre húsonumm eftir settumm Merkiasteinum upp og ofann nefnilega i Sád gards hornid Jtra sem stendur fyrir utann og ofann Bæinn og i Jtra fiárhúsveggenn á Jtra húsinu sem stendur á nedra fiárhúsatúninu og þaðann beint uppi þvermerkinn sem liggia fyrir ofann áður nefnd fiárhús Jnni ána enn ad

²⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 267; skjal H-2.

²⁵ Skjal nr. 2(145).

²⁶ Skjal nr. 2(20).

²⁷ Skjal nr. 2(146).

²⁸ Skjal nr. 2(147).

nedann verdu eru þvermerkinn beint eftir Bæarhladinu i Túngards endann Jnn vid ána hér ad auki fær hann upp á hærra fiarhusatuninu ad utann verdu enn merki á honum liggja upp eftir balanum úr Jtra sáttar horninu á tottinni sem stendur fyrir ofann nedre húsinn í Jtsta hússtóttar vegginn sem stendur á hærra fjarhúsatúninu og þaðann beint i storann stein i Túngardinum fyrir utann og ofann er þvermerki á þessum parti eru ofann til vid nedre húsenn eftir nidursettum audþektum merkiastejnum beint i gamlann túngards enda úta túninu enn nú fær hann halft aukatúnid fyrir Jnnann ána nefnil. hærra part þess enn merki á því eru eftir gómlu gards móti sem liggja annar á áar Backann nilatin enn hinn Jarð fastur

Þá segir eftirfarandi um engjar:

hvað eingar snertir er þeim soleidis vared ad þær eru aungvar saman hangande heldur slægiu blettir hér og hvar sum part fyrir utann túned enn sumpart fyrir innan og nockrir Blettir Jnni Kiálkafyrði hvað alt at orku menn ad sónu gétad sér med mikilli fyrirhofn notad enn þó ærid litid og það med því móti ad ábúande duglega verie hvors vegna vid treistum ock ej til ad gíora Regluleg skipti á þessum vesolu blettum samt virðist mér naudsinlegt í Brád ad hra kaupmadurenn vegna fiarlægðar og annars ásigkomulags nefnilega med skipaferd yrki Jtri Hlidána. – Hvar i moti ad eckiann og Olafur fær ^{innri} Eingiarnar og partinn nidurundann Bænum beint ur skémmu Horni Jtra og ynn eftir hladinu ynni ána og nedri partinn fyrir ynnann ána upp undir ádur umm gétin Schevings part og fyrir ofann bæinn itri partinn upp fyrir lægri Fjár husenn og á hæra Fjarhúsa túninu Jnni partinn²⁹

Hinn 22. september 1834 fór fram úttekt á átta hundruðum í jörðinni Auðshaugi, eign Guðmundar Schevings. Fram kom að skriða hefði fallið yfir hluta túnsins og um tvö hundruð jarðarinnar væru eyðilögð, en með dugnaði landseta væri búið að moka skriðunni burt.³⁰

Hinn 23. ágúst 1843 gaf Halldóra Benediktsdóttir fimm hundruð í jörðinni Haugi til sonar síns, Ólafs Schevings. Í afsals- og veðmálabók Barðastrandarsýslu 1843–1860 er færð inn afskrift af skjalinu, en þar er skráð athugasemd um að nefnd fimm hundruð í jörðinni séu af virðingarmönnum metin á 50 danskar spesíur. Texti bréfsins er svohljóðandi:

Jeg undirskrifud Eckiufrú H.B. sal. Scheving, gjöri hérmed kunnugt: ad eg hefe afhendt og yfterlátid Syni mínum elskulegum Olavi Scheving, mér tilhejrandi 5^{hndr.} (skrifa) fimm hundrud i Jördinni Haugi, liggjande i Briamslækjar Sókn inann Bardarstranda Syslu. til fulkominnar Eignar og Rádstöfunnar, med öllum sömu hundrudum tilheyrande. – alt sem giöf – frá mer, soleides ad ej skuli reiknast honum til skuldar, eða ad ödru leite koma uppi Erfdalöd hanss, seirna meir, svo framarlega sem velnefndur Sonur minn. skjldde sigla á þessu hausti. Þessu til Stadfestu er mitt Nafn og Signet hér undirskrifad og sett, i votta Nærveru, med Råde míns værgs herra Profasts O. Sivertsens, sem eirinig undirskrifar.

Flatey þann 23^{da} August 1843

O. Sivertsen H. Benediktsdóttir. (L.S.)³¹

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Auðshaugur metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon telur

²⁹ Skjal nr. 2(207).

³⁰ Skjal nr. 2(208).

³¹ Skjal nr. 2(92).

að jörðin eigi sex hundraða land fyrir ofan Auðnir og að þar sé skógur. Þá segir að sýslumaður teli jörðina nú aðeins 16 hundruð.³²

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Auðshaugs. Þar segir eftirfarandi:

Auðshaugur. Tún í medallagi að stærð en ógrasgefid, eingjar að vídattu í medallagi en snöggar og á sundrúngi, Landrymi mikid en erfídt, því sumt af því liggur handan fyrir Audnaland, kostagiæði í lakara lagi, Vetrarheit nóg, Tún eingjar og beitarland liggur undir skadræði af arensli, Selveidi teljandi, ædarvarp þar á móti valla; Selstada fylgir Jörðunni sámilega kosta góð en miög óhæg, her er miög flæði hætt. Jörðin er erfídt.³³

Í yfirmatsjarðabók sem fylgir jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 segir að mati á Auðshaug sé breytt úr 200 ríkisbankadölum í 245 ríkisbankadali.³⁴

Hinn 2. júní 1886 seldi Ásmundur Sveinsson á Hallbjarnareyri Jóni Guðmundssyni, kaupmanni í Flatey, 25,1 hundrað í jörðunum Auðshaugi og Auðnum fyrir 2.400 kr. Bréfið var lesið við manntalsþing að Vaðli á Barðaströnd 31. maí 1890.³⁵

Í jarðaskjölum Barðastrandarsýslu er eftirrit af byggingarbréfi frá því í september 1886 þar sem Jón Guðmundsson, kaupmaður í Flatey á Breiðafirði, byggir Jóni Þórðarsyni eignarjarðirnar Auðshaug og Auðna, 25,1 hundrað að dýrleika. Skilmálar bréfsins eru 13 talsins og hljóða svo:

1. J leigu eptir 5½ innstæðukúgildi sem jörðunni fylgir skal hann greiða 11 (ellefu) fjórðunga af hreinu velverkuðu smjöri hvert haust fyrir Mikaelsmessu á heimili mínu
2. J landskuld ~~eptir~~ af jörðunum skal hann gjalda á heimili mínu fyrir 25. sept 60 (sextíu) krónur í peningum eða góðum og gildum íslenskum vörum
3. Hann skal greiða alla þá skatta og skyldur sem á jörðunum hvíla, eptir lögum þeim sem nú gilda eða síðar kunna sett að verða, og halda uppi öllum lögskilum af henni landsdrottne kostnaðarlaust að öllu
4. Hann skal leggja stund á að rækta vel tún jarðanna og vinna upp tún og engjar þeirra ár hvert. Fyrir því ber honum sjerilagi að gæta þess er hjer fer á eptir.
 - a. Allan áburð sem fellur til á jörðunum skal hann flytja hvert ár út á tún og í garða á hentugum tíma, og drygja áburð sem best, með hverju því sem hæfilegt er, svo sem veggjamold mómylsnu moði ösku og sorpi og skal bera það í mykjuhauginn en velja honum haganlegt stæði þar sem lögur ekki getur runnið frá
 - b. Skal hann nota færíkviar um stekktímann og á sumrum og flytja þær um þá reiti á tuninu sem mest þorf er á.
 - c. skal hann nota mótak það, sem er í landi jarðanna með hagsýni, og ganga vel frá mogrofum í hvert skipti sem hann tekur mó upp það og skán má hann alls ekki hafa til eldsneytis nje mykju til klínings.
 - d. hann skal vinna á tunum sínum á vorum með alúð og vandvirkni og verja kostgæfilega tún og engjar fyrir átroðningi af monnum og skepnum og fyrir öllum skaða og skemdum svo sem kostur er á.

³² Skjal nr. 4(1), bls. 179.

³³ Skjal nr. 2(44).

³⁴ Skjal nr. 2(64).

³⁵ Skjal nr. 2(93).

e. hann skal með nákvæmni og alúð hleypa vatni á tún og engjar þar sem þörf er á og landslag leyfir en veita vatni af mýrum með djúpum skurðum og breiðum þar sem því verður viðkomið.

Verði landsdrottinn var við nokkurn brest eða hirðuleysi hjá leiguliða i þessum greinum, er honum heimilt að láta úttektarmenn skoða og meta meðferð landseta á jörðinni, og ef skoðunargjörðin verður á móti honum missir hann ábúðarrjett sinn.

5. Á ári hverju skal hann sljetta 10 □ á túni vel og vandlega og hlaða faðma af stæðilegum túngarði úr grjóti. Vanræki hann eitt ár i senn að vinna jarðabætur þessar skal hann greiða landsdrottni endurgjald fyrir þær eptir mati óvilhallra manna, en vanræki hann það fleiri en eitt ár i senn missir hann þaræofan ábúðarrjett sinn

6. Hann skal sjálfur viðhalda innstæðukúgildum jarðanna og ábyrgjast þau einnig ber honum að halda vel uppi húsum jarðanna og bæta þau að viðum veggjum og hagstæði eptir þörfum svo og viðhalda glöggum landamerkjum, túngarði þeim sem nú er heyllöðum matjurtagörðum fjenaðarrjett stiflugörðum og hverju öðru mannvirkji sem jörðunum fylgir.

7. Þegar leiguliði flytur ^{sig} af jörðunum eða andast skal hann eða bú hans skila jörðunni og öllu því sem henni fylgir, innstæðu, húsum og öllum mannvirkjum i fullgildu standi eða með fullu álagi eptir mati úttektarmanna Eigi hann þa hús á jörðunum eða fyrningar heys eldsneytis eða byggingarefnis sem jörðin hefur gefið af sjer fer um það sem segir i lögum um byggingu ábúð og úttekt jarða 12. janúar 1884. 9. og 10. gr.

8. Hann skal með trúmennsku og kostgæfni halda undir jörðinni því, sem henni fylgja ber með rjettu af engjum beitolandi ítökum og hlunnindum. Reyni einhver til að ásælast jarðirnar eða ganga á rjettindi þeirra í nokkru, skal hann tafarlaust banna slíkan yfiringang og jafnframt gjöra landsdrottni aðvart um hann.

9. Hann skal vandlega hirða um skóg þann sem á jörðunum er, og verja hann kostgæfilega fyrir atroðningi af mönnum og skepnum eigi má hann höggva skóg til eldsneytis og eigi nota hann á annan hátt en Jb. L.l.b. 7. Kap. segir fyrir en þó svo sparlega og haganlega að skógurinn eigi rýrni engum öðrum má hann ljá eða leyfa yrking skógarins. Fjalldrapa eða hris má hann ekki rífa í landi jarðanna hvorki til eldsneytis nje til fódurs fyrir skepnur.

Breiti hann á móti þessu varðar það útbyggingu og málsókn til hegningar og bóta fyrir skogarspell.

10. Hann má ekki byggja öðrum af leigujörð sinni nje taka húsfólk nema landsdrottinn leyfi. Eigi má hann heldur án leyfis landsdrottins ljá öðrum nokkuð af hlunnindum þeim og landsnyttjum sem leigulandi hans fylgja nema það sje i skiptum fyrir önnur hlunnindi og landsnyttjar sem leigujarðir hans þarfnast. Hann má ekki selja eða láta af hendi á annan hátt áburð af jörðunum nje heldur mó eða torf sem aflað er i landi þeirra. Eigi heldur má hann láta í burtu hey sem hann hefur aflað af jörðunum nema því að eins að hann fái jafngildi i heyi eða beit eða hann í harðindum láti hey gegn öðru endurgjaldi eptir áskorun hreppsnefndar. Brjóti leiguliði á móti þessu varðar það útbyggingu og skal hann þar að auki gjalda landsdrottni bætur fyrir skemdir á jörðunum eptir mati úttektarmanna

11. Hann gætir vel (~~og vandlega~~) alls reka og á hann sjálfur allan sem undir er 3 álnum í ómakslaun

12. Með þessum skilmálum er Jóni Þórðarsyni heimil ábúð jarðanna Auðshaugs og Auðna í 10 ár en bregði hann út af þeim í nokkru, hefur hann fyrirgert ábúðarrjetti sínum. Vilji hann fara frá jörðinn aður enn ábúðartíminn er a enda, skal hann segja henni lausri ekki seinna enn viku fyrir vetur á undan þeim färdögum er hann ætlar að flytja burtu

J þeim atriðum sem ekki eru greind hjer að framan, fer um skildur og rjettindi landsdrottins og leiguliða eins og áðurnefnd lög 12. januar 1884 mæla fyrir

13. Af þessu byggingarbrjefi eru gjörð tvö samhljóða frumrit og heldur landsdrottinn öðru en hitt afhendist leiguliða ásamt með kvittunarbók er hann skal hafa meðferðis í hvert skipti sem hann geldur eitthvað eptir jörðina svo í hana verði ritað hvað goldið er. Þegar Jón Þórðarson fer frá jörðunum skal hann skila aptur byggingarbrjefi sínu³⁶

Landamerkjaskrá Auðshaugs og Auðna er dagsett 10. maí 1889, en hún var þinglesin við manntalsþing að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31. maí 1890. Efni hennar er eftirfarandi:

Landamerkjaskrá fyrir jarðirnar Auðshaug og Auðnir.

a, Millí Auðshaugs og Hamars ræður bein lína dregin af sjó gegnum mitt Markhólmasund í svonefndan Markklett, en stendur efst á sjávarbakkanum; þaðan ræður markhryggur þar sem hann er hæðstur upp í svonefnda Markgjá í fjallinu og ræður hún síðan á fjall upp en þar eru merki sem vötnum hallar. b, Millí Auðshaugs og Auðna ræður svonefnd Brúará frá sjó upp í svokallaða Dranga og þaðan beint á fjall upp svo langt sem Vötnum hallar. c, Þá tekur við Auðnaland og nær að Þverá, sem ræður frá sjó upp í svokallað Krókavötn og þaðan fram í fjall eptir sem vötnum hallar. d, Þá tekur aptur við Auðshaugsland frá ofansögðum merkjum og allt að Skiptá; ræður hún frá sjó og allt til fjalls svo langt sem vötnum hallar og skilur Auðshaugsland frá Litlanesi í Múlasveit; heyrir þannig allur Kollafjörður að innanverðu undir Auðshaug eptir fyrsögðu. Engar jarðir eiga í lönd ofanritaðra jarða.

Flatey 10 dag maí mán 1889.

Jófríður Guðmundson (eigandi).

Fyrir jörðina Hamar samþykkir Jóhann Einarsson

Fyrir jörðina Litla Nes samþykkir fyrir Herðisi Benedíktsen Sigurður Jensson.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31 maí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 141 bls 78-79. vottar ALE Fischer sýslumaður

Borgun Þinglestr - kr 75 au bókun – 25 – 1 kr – au ein króna borgað Fischer³⁷

Í jarðaskjölum Barðastrandarsýslu sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni er eftirrit af landamerkjaskrá Auðshaugs og Auðna frá 10. maí 1889. Efni þess er samhljóða þeirri landamerkjaskrá sem að framan greinir.³⁸

Hinn 4. september 1891 veitti Jófríður Guðmundson sr. Þorvaldi Jakobssyni í Haga á Barðaströnd fullt umboð til að innheimta gjöld Hagakirkju og af sínum jarðeignum. Þar á meðal voru jarðirnar Auðshaugur og Auðnar.³⁹ Sama dag skrifaði sr. Þorvaldur yfirlýsingu um að hann hefði tekið að sér að sjá um jarðeignir Jófríðar. Í yfirlýsingunni er skrá yfir jarðirnar, en þar kemur m.a. fram að dýrleiki Auðshaugs sé 16 hundruð að fornu en 12,7 hundruð að nýju og að byggingarbréf sé frá því í september 1886.⁴⁰

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 er jörðin Auðshaugur á Hjarðarnesi metin saman með eyðibýlinu Auðnum á 3.000 kr. Um landamerkjabréf var

³⁶ Skjal nr. 2(102).

³⁷ Skjal nr. 2(3).

³⁸ Skjal nr. 2(103).

³⁹ Skjal nr. 2(104).

⁴⁰ Skjal nr. 2(105).

skráð að það væri ekki fánlegt og svör ófullnægjandi. Þá var skráð svohljóðandi athugasemd:

Aths. Eyðibýlið Auðnar hafa legið undir Auðshaug um nærfelt 40 ár, og sér matsn. sér ekki fært að meta það sér, vegna þess, að tún það er jörð hafði, er fyrir löngu fallið í ör, og hús öll niðurfeld. Þó virðist oss, að einn þriðji af matsverði Auðshaugs mætti teljast til Auðna, vegna slæгна og landnytja, er þeirri jörð fylgja.⁴¹

Við manntalsþing að Haga á Barðaströnd 27. júní 1931 var uppleysið afsal Hjálmars Guðmundssonar, dagsett 5. júní 1930, fyrir Auðshaug og Auðnum til Sigurðar Pálssonar fyrir 4.600 kr.⁴²

Með bréfi dags. 14. maí 2014 gerði Bjarni Kristjánsson, eigandi Auðshaugs og Auðna, athugasemd við kort af friðlandi Vatnsfjarðar á vefsíðu Umhverfisstofnunar sem væri sagt endurskoðað í september 2007.⁴³ Hann sagði kortið ekki í samræmi við auglýsingu um friðland í Vatnsfirði⁴⁴ sem miðaði mörk friðlandsins við landamerki Brjánslækjar heldur sýndi kortið friðlandið „langt austar og suðaustar en land Brjánslækjar nær, og þar með inná land Auðshaugs“, sbr. þinglýsta landamerkjalyýsingu Auðshaugs og Auðna frá 10. maí 1889 um að Auðshaugur eigi land „upp eftir fjöllum eins og vötnum hallar“. Kortið væri ekki rétt að því leyti að Auðshaugur ætti „bæði Kjálkafjarðarvatn og Kjálkavatn og land í umhverfi þeirra eins og vötnum hallar svo og umhverfi beggja Kjálkafjarðaráa eins og vötnum hallar“. Gerð var krafa um að kortið yrði lagfært og teiknað rétt hið fyrsta.⁴⁵

Með auglýsingu nr. 910/2016 um breytingu á auglýsingu nr. 96/1975 var korti af mörkum friðlands í Vatnsfirði breytt þannig að austurmörk þess voru teiknuð öðruvísi en á fyrra korti, sbr. athugasemdir eiganda Auðshaugs frá árinu 2014.⁴⁶

5.5 Friðland í Vatnsfirði

Hinn 26. október 1972 skilaði Björn Bjarnason ráðunautur landbúnaðarráðuneytinu skýrslu um búskaparlegt notagildi Brjánslækjar en ráðuneytið hafði falið Birni skýrslugerðina með bréfi 4. október 1972. Í skýrslunni var gerð tillaga um að til náttúruverndar yrði tekið land sem afmarkaðist svo:⁴⁷

... fyrir innan Vatnsfjörð að Eiðisá að vestan og Þingmannaá að austan inn með Vatnsdalsvatni beggja megin eins og þurfa þykir í samráði við nytjendur Brjánslækjar.⁴⁸

Í bréfi frá framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs til jarðeignadeildar landbúnaðarráðuneytisins, dags. 29. desember 1972, segir að á fundi ráðsins hafi þjóðgarðsstofnun

⁴¹ Skjal nr. 2(68).

⁴² Skjal nr. 2(148).

⁴³ Kortið er í skjali nr. 4(27).

⁴⁴ Sjá skjal nr. 4(16).

⁴⁵ Skjal nr. 4(28).

⁴⁶ Skjal nr. 4(18).

⁴⁷ Nánari upplýsingar um skýrsluna eru í kafla 5.6 um Brjánslæk.

⁴⁸ Skjal nr. 4(19).

í Vatnsfirði komið til umræðu og ráðið samþykkt að óska þess að engin sala eða ráðstöfun á jörðum í Vatnsfirði eða hluta af þeim færi fram án vitundar Náttúruverndarráðs.⁴⁹

Hinn 13. febrúar 1973 ritaði landbúnaðarráðuneytið til Náttúruverndarráðs um jörðina Brjánslæk í framhaldi af tillögum Björns Bjarnasonar ráðunautar frá 26. október 1972 þar sem Björn lagði til að til náttúruverndar yrði tekið landið fyrir innan Vatnsfjörð að Eiðisá að vestan og Þingmannaá að austan inn með Vatnsdalsvatni beggja megin. Í bréfi sínu til Náttúruverndarráðs fór ráðuneytið þess á leit að tillögur yrðu gerðar um hvaða landsvæði skyldi undanskilja og taka frá til náttúruverndar.⁵⁰

Í minnisblaði frá Náttúruverndarráði um Vatnsfjörð, dags. 13. mars 1973, er m.a. fjallað um jarðir í Vatnsfirði, búskap og beit, sem og aðra starfsemi í firðinum. Þar segir einnig að samþykkt náttúruverndarþings sé á þá leið að þjóðgarður verði stofnaður í Vatnsfirði. Skoða verði málið með það markmið í huga þótt fjárhagur leyfi það e.t.v. ekki á næstu árum en koma þyki til greina að stofna friðland í firðinum á meðan.⁵¹

Í öðru minnisblaði frá Náttúruverndarráði, dags. 22. október 1973, er greint frá vettvangsskoðun í Vatnsfirði 9. og 10. september í því skyni að kanna möguleika til friðlýsingar þar í framhaldi af ályktun náttúruverndarþings um vernd fjarðarins. M.a. er sagt frá samtölum við heimamenn, starfsemi í firðinum og samningum sem standi fyrir dyrum milli jarðeignadeildar landbúnaðarráðuneytisins og ýmissa nytjenda landsins. Um landsvæðið sjálft segir eftirfarandi:

Land það, sem hér er um að ræða, og allt er í ríkiseign, er land jarðanna Brjánslækjar I og II og Seftjarnar, sem nýttar nú land það, sem áður hét Moshlíð, en lagðist síðar undir Brjánslæk. Ennfremur eyðibýlin Þverá og Hella vestan fjarðar og Uppsalar að austan.

Gera má greinarmun á þessum svæðum þegar landið er skoðað með friðlýsingu í huga: (1) Vatnsdalur norðan Þingmannaár og Eiðisár. (2) Sama svæði ásamt Uppsala landi fram á Hörgsnes að austan og Hellu- og Þverálandi að Þverá að vestan. (3) Allt þetta land, að viðbættu heimalandi Brjánslækjarhverfisins. Inn í það fellur Surtarbrandsgil, sem friðlýsa þarf sérstaklega, ef möguleikar (1) eða (2) verða valdir. Til álita kemur að stofna þjóðgarð, friðland, eða fólkvang í Vatnsfirði.⁵²

Niðurstaða minnisblaðsins er að með tilliti til þess að um sé að ræða „eitt af höfuðbýlum Vestfjarða, þar sem búið er af fullum krafti og ekki ástæða til að draga úr búskap að neinu ráði að svo komnu máli“ þyki ekki tímabært að stofna þjóðgarð í Vatnsfirði. Fólkvangsformið gæti hugsanlega komið til greina en engin sveitarfélög vestra eða samtök þeirra hafi látið í ljós áhuga á að kosta rekstur fólkvangs. Því þyki rétt að stefna að stofnun friðlands.⁵³

Í bréfi frá Náttúruverndarráði til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 22. október 1973, er gerð grein fyrir skýrslu undirnefndar ráðsins um friðlýsingu í Vatnsfirði og tillögum

⁴⁹ Skjal nr. 4(20).

⁵⁰ Skjal nr. 2(391), sjá einnig skjal nr. 4(20).

⁵¹ Skjal nr. 4(21).

⁵² Skjal nr. 4(22).

⁵³ Skjal nr. 4(22). Samkvæmt minnisblaðinu fylgir tillaga um friðlandið en hún er ekki með því afriti bréfsins sem liggur fyrir í málinu.

hennar um stofnun friðlands. Þar kemur m.a. fram að nefndin telji eðlilegast að stefna að stofnun friðlands „á landi Brjánslækjar öllu innan Þverár að vestan og með landi Uppsala fram á Hörgsnes að austan“. Náttúruverndarráð óski ekki eftir að hafa afskipti af heimalöndum Brjánslækjarbæjanna, þó með þeirri undantekningu að lagt sé til að Surtarbrandsgil verði friðlýst sem náttúruvætti. Gert sé ráð fyrir að í reglugerð friðlandsins verði kveðið á um rekstur hótelsins í Flókalundi, þar á meðal að framkvæmdir á vegum þess verði háðar samþykki Náttúruverndarráðs og sama gildi um hugsanlegt samkomusvæði í Vatnsdal.⁵⁴

Í ódagsettri tillögu Náttúruverndarráðs um friðland í Vatnsfirði er mörkum fyrirhugaðs friðlands lýst svo:

(1) Með Þverá og Mikladalsá frá ósi að upptökum og (2) þaðan beina stefnu í hátind Klakks. (3) Eftir það landamerki Brjánslækjar á vatnaskilum að vestan, norðan og austan, og áfram að landamerkjum Uppsala að austan og allt til sjávar á Hörgsnesi.⁵⁵

Í desember 1974 og janúar 1975 undirrituðu annars vegar ábúendur Brjánslækjar og Seftjarnar og hins vegar eigendur og ábúendur Fossár yfirlýsingar um að þeirra vegna væri heimil friðlýsing tiltekins hluta Vatnsfjarðar með þeim mörkum og reglum sem fram komi í yfirlýsingunni. Yfirlýsingunum var þinglýst 28. febrúar 1975. Mörkum friðlýsta svæðisins er þar lýst svo:

Með Þverá og síðan Mikladalsá frá ósi að upptökum. (2) Þaðan beina stefnu í hátind Klakks. (3) Eftir það landamerki Brjánslækjar á sýslumörkum að vestan og norðan, og til austurs eins langt og lönd Brjánslækjar og Uppsala ná allt til móts við brúnir Fossárfjalls ofan Uppsaladals. (4) Síðan fylgja mörkin fjallsbrún til suðurs. (5) Af fjallsbrún liggja mörkin með klettavegg þeim sem er skammt austan við klettinn Hörg, svo langt sem hann nær og þaðan skemmstu leið til sjávar. Eyjar og hólmar á Vatnsfirði eru háðir ákvæðum friðlýsingarinnar.⁵⁶

Í yfirlýsingu ábúenda Brjánslækjar og Seftjarnar er viðauki þar sem þeir setja skilyrði um að tjaldstæði og umferð fyrir framan Vatnsdalavatn séu háð leyfi ábúenda.⁵⁷

Hinn 5. mars 1975 sendi framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs menntamálaráðuneytinu bréf um að ráðið hefði á fundi 24. janúar 1975 samþykkt fyrir sitt leyti stofnun friðlands í Vatnsfirði ásamt friðlýsingu Surtarbrandsgils sem náttúruvættis. Eigendur og réttthafar til landsins hefðu gefið yfirlýsingu þess efnis að þeir væru samþykkir friðlýsingunni og myndu engar bótakröfur gera vegna hennar en af bréfinu að dæma er þar um að ræða áðurnefndar yfirlýsingar frá ábúendum Brjánslækjar og eigendum og ábúendum Fossár. Þess er farið á leit að ráðuneytið staðfesti friðlýsingarnar og birti í Stjórnartíðindum.⁵⁸

⁵⁴ Skjal nr. 4(20).

⁵⁵ Skjal nr. 4(26).

⁵⁶ Skjal nr. 4(25).

⁵⁷ Skjal nr. 4(25).

⁵⁸ Skjal nr. 4(20). Í bréfinu segir að samþykktir Náttúruverndarráðs ásamt markalýsingum og reglum um svæðin fylgi, sem og uppdrættir á glærum og afrit af yfirlýsingum ábúenda Brjánslækjar og eigenda og ábúenda Fossár.

Árið 1975 var síðan stofnað friðland í Vatnsfirði með auglýsingu nr. 96/1975 þar sem mörkum friðlandsins er lýst með svofelldum hætti:

Með Þverá og síðan Mikladalsá frá ósi að upptökum. (2) Þaðan beina stefnu í hátind Klakks. (3) Eftir það landamerki Brjánslækjar á sýslumörkum að vestan og norðan, og til austurs eins langt og lönd Brjánslækjar og Uppsala ná allt til móts við brúnir Fossárfjalls ofan Uppsaladals. (4) Að fjallsbrún liggja mörkin með klettavegg þeim sem er skammt austan við klettinn Hörg, svo langt sem hann nær, og þaðan skemmstu leið til sjávar. Eyjar og hólmar á Vatnsfirði eru háðir ákvæðum friðlýsingarinnar.⁵⁹

Í nóvember 1986 tók Ingvi Þorsteinsson hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins saman skýrslu um rannsóknir á gróðri í friðlandinu í Vatnsfirði. Kortlagning gróðurs og aðrar gróðurrannsóknir í friðlandinu fóru fram í byrjun september sama ár, en um var að ræða framhald rannsókna sem hófust árið 1984. Með skýrslunni í nóvember 1986 var lokið við að kortleggja allt láglendi friðlandsins upp að mörkum samfellds gróðurs í 200–400 metra hæð. Fram kemur í skýrslunni að hálendið hafi ekki verið kortlagt, en gróður þess verið kannaður. Við flokkun vegna kortlagningar var gróðri á láglendi í Vatnsfirði skipt í 26 gróðurhverfi, en við könnun á gróðurfari og ástandi skóglenda var landinu skipt í sjö mælingasvæði. Í töflum í skýrslunni er annars vegar sýnd víðátta þess lands sem þakið er gróðri, en með mismunandi þéttleika eða þekju og hins vegar víðátta eftir að gróðurþekjan hefur verið umreiknuð í 100%. Þá segir í skýrslunni að friðlandið sé alls um 19.050 hektarar að stærð. Á hálendinu séu um 16.000 hektarar en 3.050 hektarar séu á láglendi. Meðalþekja gróðurs á gróðurþöktu landi á láglendi sé um 75%. Um ¼ hlutar hins samfellda gróðurs séu neðan við 200 metra hæð, en óvída nái hann upp fyrir 400 metra hæð. Í niðurlagsorðum skýrslunnar segir að skóglendi í Vatnsfirði sé viðkvæmt gagnvart beit og friða þurfi það fyrir henni, að minnsta kosti meðan skógurinn sé að endurnýjast og vaxa upp í þá hæð að sumarbeit valdi ekki skaða á trjánum.⁶⁰

Fyrir liggja ýmis skjöl frá árunum 1986–1991 sem varða friðlandið, m.a. hús í Vatnsdal sem hefði verið reist án leyfis árið 1974 og einnig beitarmál og búskaparhætti, þar á meðal ýmis bréfaskipti ábúanda á Brjánslæk, Náttúruverndarráðs og landbúnaðarráðuneytisins. Forsendur gagnanna um afmörkun, eignarhald o.fl. eru þær sömu og í eldri gögnum. Nánari umfjöllun um þau má sjá í kafla 5.6 um Brjánslæk.

Með bréfi dags. 14. maí 2014 gerði Bjarni Kristjánsson, eigandi Auðshaugs og Auðna, athugasemd við kort af friðlandi Vatnsfjarðar á vefsíðu Umhverfisstofnunar sem væri sagt endurskoðað í september 2007.⁶¹ Hann sagði kortið ekki í samræmi við auglýsingu um friðland í Vatnsfirði⁶² sem miðaði mörk friðlandsins við landamerki Brjánslækjar heldur sýndi kortið friðlandið „langt austar og suðaustar en land Brjánslækjar nær, og þar með inná land Auðshaugs“, sbr. þinglýsta landamerkjalyýsingu Auðshaugs og Auðna frá 10. maí 1889 um að Auðshaugur eigi land „upp eftir fjöllum

⁵⁹ Skjal nr. 4(16).

⁶⁰ Skjal nr. 2(412).

⁶¹ Kortið er í skjali nr. 4(27).

⁶² Sjá skjal nr. 4(16).

eins og vötnum hallar“. Kortið væri ekki rétt að því leyti að Auðshaugur ætti „bæði Kjálkafjarðarvatn og Kjálkavatn og land í umhverfi þeirra eins og vötnum hallar svo og umhverfi beggja Kjálkafjarðaráa eins og vötnum hallar“. Gerð var krafa um að kortið yrði lagfært og teiknað rétt hið fyrsta.⁶³

Með auglýsingu nr. 910/2016 um breytingu á auglýsingu nr. 96/1975 var korti af mörkum friðlands í Vatnsfirði breytt þannig að austurmörk þess voru teiknuð öðruvísi en á fyrra korti, sbr. athugasemdir eiganda Auðshaugs frá árinu 2014.⁶⁴

5.6 Brjánslækur⁶⁵

Í máldaga Gregóriuskirkju að Brjánslæk, sem Þórarinn biskup Sigurðarson setti árið 1363 segir að kirkjan eigi heimaland hálf og hálf Engey.⁶⁶ Í máldaga Vilchins fyrir Brjánslækjarkirkju frá um 1397 koma fram sömu upplýsingar.⁶⁷

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að Brjánslækur var þá 60 hundruð að dýrleika. Þá eru talðar upp aðrar 14 jarðir á Barðaströnd sem lágu undir til byggingar. Í sömu skrá segir um Saurbæ á Rauðasandi að hluti búskaparins hafi verið 20 uxor, þriggja vetra og eldri, sem gengið hafi í Vatnsdal inn frá Læk.⁶⁸

Hinn 13. október 1467 vitnuðu Björn Helgason og Jón Jónsson um að Einar Jónsson hefði handfest Ólöfu Loftsdóttur vitnisburð sinn um sölu Sveins Brandssonar á hálfri jörðinni Brjánslæk til Ara Guðmundssonar, eða eins og segir í *Íslenzku fornbréfasafni*:

Suo felldan vitnisburð ber eg einar Jonsson. að eg var j hia. sa eg og heyrda á. á brianslæk á bardaströnd. ord og handaband þessara Manna. ara Gudmundssonar af einne álfu og Sueins brandssonar af annare. að suo firir skilldu. að ádurgreindur Sueinn brandsson selde Ara guðmundssyne jordina hálfu briánslæk er liggur á bardaströnd. og þar með allar hálfar lækiar eignir. er þar til heirdu og þar með selldi hann honum hálfan Vatnsdal til fullrar eignar. og alla firir skrifada peninga adra með öllum þeim gögnum og giædum sem greindum jörðum filger og filgdt hefur að fornu og nyu. og hann varð fremst eigande að. Hier i mote gaf firnefndur Are guðmundsson adur skrifudum Sueinj brandssyne jardernar badar hiardardale i dyrafirde ...⁶⁹

Þá kemur fram í vitnisburði Björns og Jóns að Þorsteinn Halldórsson hafi áður átt Brjánslæk og allar Lækjareignir. Einnig segir í bréfinu:

So og vissa eg ádur nefndur einar Jonsson firir full sanninde. að firrgreindur eiolfur halldorsson selde þratnefndum ara guðmundssyne til fullrar eignar adur nefndan hálfan prianslæk [svo] á bardaströnd með öllum hálfum eignum er þar til heirdu. og þar með allan halfan Vatnsdal. hier j mot gaf ari guðmundsson firrskrifudum eiolfu halldorssyne haukadal i dyrafirde firir sextijer hundrada til fullrar eignar með öllum þeim gögnum og giædum er greindre jördu filger og filgdt hefur að fornu og nyu. Vyssa

⁶³ Skjal nr. 4(28).

⁶⁴ Skjal nr. 4(18).

⁶⁵ Einnig er fjallað um skjöl sem varða sérstaklega Moshlið, Undirtún, Seftjörn, Þverá, Hellu og Uppsali í köflum 5.6.1–5.6.6.

⁶⁶ Skjal nr. 4(52).

⁶⁷ Skjal nr. 4(53).

⁶⁸ Skjal nr. 4(104), bls. 689.

⁶⁹ Skjal nr. 4(75).

eg og þráttnefndur einar Jonsson fyrir full sanninde að ær Guðmundsson hieilt síjna rietta eign allan læk og lækiar eignar og þær með allan uatnsdal. fyrir utan þaug itök sem almenningur veit að ædrir menn áttu. so leinge sem hann lifde. og suo hieilt hanz sonur guðmundur heitinn arason síjna rietta erfð og eign so leinge sem hann lifde. alla firr skrifada peninga. og hier eftir uil eg sueria ef þurfa þikir.⁷⁰

Samkvæmt skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson frá 23. október 1467 eignaðist ekkja hans, Ólöf Loftsdóttir, jörðina Brjánslæk með öðrum jörðum, m.a. Neðri-Rauðsdal, Arnórsstöðum, Hlíð, Þverá, Fossá, Hamar á Hjarðarnesi, hálfa jörðina Auðnir, Vattarnes og Illugastaðir.⁷¹

Í skiptabréfi eftir Ólöfu Loftsdóttur hinn 15. apríl 1480 segir að Þorleifur Björnsson hafi m.a. hlotið Brjánslæk, Rauðsdal, Arnórsstaði, Hlíð, Þverá, Fossá og Vattarnes.⁷²

Í gjafabréfi Jóns dans Björnssonar frá 26. mars 1508 kemur fram að hann gaf Bjarna Andréssyni jörðina Brjánslæk á Barðaströnd og allar þær jarðir sem þær lágu og tilheyrðu honum, þ.e. Fossá, Þverá, Hellu, Hlíð, Arnórsstaði og Rauðsdal.⁷³

Í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar frá 1509 um eignir Bjarna Andréssonar segir að þær á meðal sé Brjánslækur á Barðaströnd með Engey, 60 hundruð að dýrleika, Fossá, 24 hundruð, Hella, sex hundruð, Hlíð, 16 hundruð, Arnórsstaðir, 20 hundruð og Rauðsdalur, 20 hundruð.⁷⁴

Hinn 19. september 1522 lagði Ari Andrésson Brjánslæk og Lækjareignir aftur til Hannesar Eggertssonar hirðstjóra og höfuðsmanns yfir Íslandi.⁷⁵

Samkvæmt skiptabréfi frá 18. júlí 1525 milli Guðrúnar Björnsdóttur og Solveigar Bjarnadóttur, dóttur hennar, á peningum sem fallið höfðu Solveigu til erfða eftir Bjarna Andrésson föður sinn, kom hálfur Brjánslækur, 15 hundruð að dýrleika, til hennar eignar.⁷⁶

Í máldaga Brjánslækjarkirkju frá 1532 segir eftirfarandi um eignir kirkjunnar:

kirkian a heimland halfft og hálfa Eingey. jardernar Hlijd og Þverä. halfan Peningsdal. Uppsale og Vatzdal med skogie og haga nedan frá Eidsä og Þingmannaä ä gell dneitatungur. so langt sem skoge er vaxed. utan skog i ärmötum mille þingmanaär og Lambagilia. er kýrkian i Haga ä.

Kirkian ä selveide alla med aullum fiörugædum ä Eide firer innan Skalmarnes. millum Sandvijkurness og kellingartanga. kirkiuskier tvö.⁷⁷

Árið 1547 féll dómur sex klerka, sem útnefndir voru af Gizuri biskupi Einarssyni, um kirkjueignina hálfan Brjánslæk á Barðaströnd, sem þá var í eyði og engin prestsskylda veittist að greindri kirkju. Dæmt var að Gizur biskup skyldi taka að sér

⁷⁰ Skjal nr. 4(75).

⁷¹ Skjal nr. 4(105), bls. 499–500. Sjá einnig skjal nr. 4(106), bls. 52.

⁷² Skjal nr. 4(108), bls. 256.

⁷³ Skjal nr. 4(76).

⁷⁴ Skjal nr. 4(77).

⁷⁵ Skjal nr. 4(78).

⁷⁶ Skjal nr. 4(79).

⁷⁷ Skjal nr. 2(54).

allan kirkjuhlutann, bæði í föstu og lausu, og fá hann í hendur þess sem hann treysti til forstöðu.⁷⁸

Í vitnisburði Halldórs Sveinssonar um máldaga Flateyjarkirkju á Breiðafirði frá 10. apríl 1548 er m.a. fjallað um ítök Flateyjarkirkju í Vatnsfirði. Vitnisburður Halldórs hljóðar svo:

En þad hefði hann heyrtt lesid at kirkian j flatey. ætti j uaztfirde skogarhaugg j mille reydarlæks og pennu j mille fiallz og fiuru.⁷⁹

Í kaupmálabréfi Eggerts Hannessonar og Sigríðar Þorleifsdóttur frá 27. september 1551 kemur fram að hálf jörðin Brjánslækur, 15 hundruð að dýrleika, skyldi reiknast til Eggerts.⁸⁰

Í vitnisburði Lofts Narfasonar frá 15. febrúar 1553 kemur fram að Guðrún Björnsdóttir hafi fengið Eggert Hannessyni allt tilkall sem hún mætti eiga til Brjánslækjar, til ævinlegrar eignar og frjáls forræðis.⁸¹

Hinn 10. nóvember 1555 seldi Solveig Bjarnadóttir hálfa jörðina Brjánslæk með öllum gögnum og gæðum til Eggerts Hannessonar.⁸²

Gísli Jónsson biskup gerði kunnugt 28. júní 1563 að Eggert Hannesson hefði komið fram með bréf og skilríki sem hann hefði haft upp á garðinn Brjánslæk sem virtust öll myndug og lögleg. Sakir þess að móðir Eggerts, Guðrún Björnsdóttir, og sammæðra systir hans, Solveig Bjarnadóttir, höfðu lagt honum í vald alla eign og tilkall sem þær höfðu átt í Brjánslæk, þá lýsti Gísli því yfir að hann hefði uppborið frá lögmanninum fulla og alla peninga vegna dómkirkjunnar í Skálholti fyrir lausn á hálfum Brjánslæk.⁸³

Hinn 25. nóvember 1569 seldi Eggert Hanneson Torfa Andréssyni Brjánslæk, þ.e. 30 hundruða bóndaeignina í garðinum og einnig jörðina Arnórsstaði, tvö kúgildi fyrir 20 hundruð og jörðina Hamar á Hjarðarnesi. Torfi seldi Eggert á móti, með samþykki móður sinnar, Guðrúnar Björnsdóttur, jörðina Hól og Litlueyri í Bíldudal, 60 hundruð að dýrleika, og Raknadal í Patreksfirði.⁸⁴

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir um Brjánslækjarkirkju:

Kirkian ä Briamslæk ä heimaland hálfft. Eingey.

Jtem jardernar Hlijd og Thuerä. önnur fyrer .x. aura leigd. enn önnur fyrer .iiij. ærgillde. halffann peningsdal. Vppsale og allann Vatzdal med skoge og Haga nedann fra Eidsaä og Thijngniannaä og framm á Gielldneytatungur. so langt sem skoge er vaxid vtann skog i Hnietum i millum Thijngmannaär og Lambagilia er kirkiann i Haga ä.

⁷⁸ Skjal nr. 4(80).

⁷⁹ Skjal nr. 4(58).

⁸⁰ Skjal nr. 4(81).

⁸¹ Skjal nr. 4(82).

⁸² Skjal nr. 4(83).

⁸³ Skjal nr. 4(84). Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 97; skjal H-23.

⁸⁴ Skjal nr. 4(85).

Item ä kirkian selveide alla med öllum fiörugiædum ä Eide fyrer jnnann Skälmanes millum Sandvijkurness og Kiellingartanga.

Item kirkiuskier tuø.⁸⁵

Um Flateyjarkirkju og Vatnsfjörð segir eftirfarandi í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar:

Kirkian i Flatey a [...] skogarpartt i Vatzfirde mille Reijdarlæks og Penna.⁸⁶

Hinn 14. nóvember 1580 seldi Torfi Andrússon allan Brjánslæk til Magnúsar Jónssonar, 30 hundruð að dýrleika, og einnig Arnórsstaði, 18 hundruð að dýrleika. Á móti gaf Magnús jarðirnar Trostansfjörð, 30 hundruð, og Litlu-Eyri, 20 hundruð.⁸⁷

Hinn 18. febrúar 1629 seldi sr. Jón Sigurðsson Þorleifi Magnússyni 13 hundruð í Brjánslæk, en sá hluti yrði eign bróður Þorleifs, Jóns Magnússonar. Á móti seldi Þorleifur alla jörðina Meiribrekku í Dalasýslu.⁸⁸

Hinn 16. september 1629 meðkenndi Magnús Arason að hann fengi Birni Bjarnasyni til eignar jörðina Kamb í Króksfirði, með sinni selstöðu, 30 hundruð að dýrleika. Að auki lofaði hann að svara landskuld af sex hundruð þar til hann hafði tekið við tveimur hlutum í Brjánslæk og Arnórsstöðum.⁸⁹

Í biskupsvísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 5. september 1639 segir eftirfarandi:

hun ä vtan sig hälfitt hejmaland og halffa Ejngey [...] Item a hun jard ernar hlyd og Þuerä. Aunnur lejgd fyrer xv aura enn önnur fyrer iiij ærg. halfann Pennijngsdal. Vpsale og allan vatzdal med skógie og haga nedan frä Ejdsä og Þijngmanna Aa og framm a Gijelldneyta tungur so langt sem skógie er vaxid vtan skög i hnjötum i millum þijngmanna Aar og lambagilia er kirkjann J Haga ä. Item a kirkjann selvejde alla med öllum fiörugiædum a Ejde fyrer Jnnan Skalmanes millum Sandvijkur ness og kiellijngar tänga. Item kirkju skier tuó.⁹⁰

Í jarðaskjölum sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni er afrit af lögfestu Guðmundar Jónssonar frá 1. nóvember 1646 fyrir ⅓ hlut í Brjánslæk með kirkjujörðinni Hlíð. Afritið er dagsett 1. mars 1830 og þinglesið við Landsyferrétt í Reykjavík 7. janúar 1833. Efni þess er svo:

Eg Gudmundur Jonson oska öllum Guds bornum er her i dag eru ^{til} samanskominn Guds ord ad heira heilags anda upplýsingar þau heilsu sömu ord ad rotsetia er ydur og öllum oss kénd hafa verid svo ver mættumm Lífs og Sálarnot þaraf hreppa, þartil hiálpi oss Forþénusta Jesu!

Og eftir því Guds og Laganna Rettur tilvísar og bíður ad Náungans gott ríkti og Sanleikur skuli opinber verda samjafnt ad hvörs manns eign og Ódul skuli med Sanleika og réttvísi Bívarast þá vil eg nú fromum mönnumm auglisa hvad eg mer i þessari Jördu Læk sem er sá þridie partur Bondeignar med Sundurdeildumm eignarskiftumm á Túni og Eingjum og húsumm eftir því sem Bref innsigluð þarumm tilseigia enn i allri annari Útjördu til ristu stúngu Slægna og Beitar lísi eg og tileigna mínumm Parti allann þridjung til réttrar Sundurdeilingar á því er bévísar eignarskiftum

⁸⁵ Skjal nr. 4(55).

⁸⁶ Skjal nr. 4(61).

⁸⁷ Jarðabréf frá 16. og 17. öld, bls. 97; skjal H-23.

⁸⁸ Jarðabréf frá 16. og 17. öld, bls. 121; skjal H-23.

⁸⁹ Jarðabréf frá 16. og 17. öld, bls. 121; skjal H-23.

⁹⁰ Skjal nr. 2(127).

skift hafi verid þarmed eigna og mínumm Parti Kírkju jörd Hlíd með þessum landa merkjum: Hlídarkambi og í Paulströð og alt í Sió og úti Titlingagil jafnframt Skóg ad þrid jungi í öllum kyrkjunnar Skogum til eigna og mínumm parti í Læk enn vyrdist fromum sanssynum Mönnum eg mér meir tileigna enn réttur tilstendur þá bíð eg mig undir Lög og rétt, við hvörn sem vill eða má mér þarum tiltala svo umm mína Lausafiár Tíund sem hvað annað á hvorri eg giöri ei Reikning utann Biskubi sinist annað rétt enn eg hygg; vil eg einum og Serhvörjum sangiarnelegrar Sannsyni unna, undir somu grein umm Skóga skifti ef mönnum lyst edur vyrdist eg fremur leift eða brúkad hafa enn ber, deilist eftir Sansynna manna Tilvísun þá og þegar skift verður Skógi hvar til eg mig og bíð nær og þá Mótzeigundur vília setiandi þeim þessi mín Bod til sanarlegs sam lyndis allra Náunga, og tileigna eg mér meir ecki svo siást meigi mín ágyrnda laus yrking; enn til afturhalds fyrir öllum lígi tungum er Frid og Samþykki Spilla vília setiandi þeim þennann rétta og maklega lígi hnofta sem siálfs sins æru síst akta hvar eg frá sneidi alla góða og fráma Menn

Þar með lög festi eg þennann áður sagðann Part í Læk sem og Hlíd með öllu er áður er tiltekid Tödur, Eingiar, Akra, Skóga, Holt, Haga, og allar Landsnytiar er adurgreindum Parti sem Koti fylgir og fylgt hefur ad fornu sem níu; Fyrir bíð eg einum og serhvörjum sér her í ad Nytkka eða Vinna, utann þeim eg hef leift þó tilsetiandi og svo óskandi ad sambúendur sér út umm til Samlyndis Ein íngar komi, hvörjer helst ad eru edur verda tilstundi Frid og góð Sambíti og hvörjer Sporni við annars Skada; og ad eg þetta svo opinberlega og með góðri Samvitsku giört og Skrifad hafi sem eg vil af mer sem öðrum haldist sem eg á Medgiörd með til Frids og Samþykkis, því óska eg (þeir) er þessa Brefs Ord heirt hafa hér undirskrifti

ad Briámslæk á Bardaströnd Anno 1646 siálfa allra heilagra messu

Loptur Hallson með eginn hendi Gudmundur Jonson E:H: Biarni Grímson með H:D: Jon Haldorson með Ey

Eftir Bón h^{ra} kaupmanns Gudm: Sh[e]vings höfum við undirskrifadir náqvæmlega yfirkodad Frumritid með hiálp af Stækkandi gleri, og samburd þessa eina Stafs við þann annann í Skrifhöndinni, eftir hvörri framan skrifud afskrift er rítuð; eins og helst höldum samhlíða og ordrétt vera muni uppruna Brefinu; hvörs höfundur Gudmundur Jonson líklega er sem Árbækur Espholíns 7^{da} deild Pag 3 umtala sem lögréttumann í Hvami á Bardaströnd.

Þetta Vitnumm við með höndum og Signetum

Flatey 1^{ta} Marti 1830

S Bredfiörd Sivertsen

Frumritid, eptir hvörri framanskrefud Lögfesta er náqvæmlega uppskrifud, Lýsir með sínum gamaldags skrifmáta, stafagiörd og undirskriftum, ad það svarar til þess datum er það með sér ber; eininn er audsiáanlegt af máðu letri og gulum blettum sem á því eru og þar er letrid mest mád, sem þyckust hafa verid brotinn, ad það hefur leingi leigid óáhrært í Bréfasafni. Annars hefur S.T. herra Presturinn S^{ra} Olafur Sigurdarson og beikir Sigurdur Breidfiörd hér ad framann skírlega hér um vottad. Þetta vitnast eptir ósk hlutadeigandi af Fridrik Jónssyni próf. í Bardastr. Sysslu og Prestur til Stadar

Flatey þann 22 April 1830.

Lesid í þeim ko[n]únglega Landsyfírretti ad Reikjavík Manudaginn þann 7^{da} Januarii 1833 og bet^{al}ad með 84. skrifa áttatíu og fíorum Rbss. S. hvarfyrir qvitterast

O.M. Stephensen

Nummererad og Prótcollerað

Test^e B. Stephensen⁹¹

Hinn 25. apríl 1661 seldi Þorleifur Kortsson jarðirnar Stórulaugar og Kálfborgará í Þingeyjarsýslu til Guðbrands Magnússonar móti $\frac{2}{3}$ hlutum í Brjánslæk og jörðunum Fossá og Hamri á Hjarðarnesi.⁹²

Synir Þorleifs Kortssonar lögmanns skiptu með sér arfi 8. október 1698. Í hlut Guðmundar komu tveir partar í Brjánslæk, 20 hundruð að kaupahluta. Kirkjueign fylgdi þar, 20 hundruð. Einnig Arnórsstaðir, 18 hundruð að dýrleika, Fossá á Hjarðarnesi, 24 hundruð að dýrleika, Hamar í sömu sveit, sex hundruð að dýrleika, Trostansfjörður við Arnarfjörð, 30 hundruð að dýrleika og Reykjarfjörður við Arnarfjörð, 30 hundruð. að dýrleika.⁹³

Í biskupsvísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 13. september 1700 kemur hið sama fram um eignir og ítök kirkjunnar og í biskupsvísitasíu frá 5. september 1639.⁹⁴

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Brjánslæk:

Briámslækur.

Þar er kirkja, sem jarðareigandi hefur ráð yfir.

Jarðardýrleiki xxx hndr.

Jarðareigendur: Að xx hndr. Guðmundur Þorleifsson að Geirrauðareyri, að x hndr. Árni Guðmundsson að Hóli í Bildudal.

Ábúendur: Á xx hndr. Sigurður Snorrason, á x hndr. Jón Björnsson.

[...]

Hjáleigur hafa þar verið í landinu: **Grafarkot**, fyrir innan ána. **Lækjarkot** í undirtúninu. Báðar fyrir löngu í eyði. Kunna ei byggjast fyrir utan jarðarinnar skaða, sökum landþrengsla.

[...]

Rífhús er til eldiviðar í heimalandi, en skóg til raftviðar og kolagjörðar brúka ábúendur í skógi í Vatnsdal, kirkjunnar landi. Grasatekja er lítilfjörleg. Þar er fjárbeit í fjörunni á vetur um nokkurn tíma. Ey er þar fyrir landi, heitir Engey. Þar eru í slægjur góðar og beit fyrir lömb framan af vetri. Lundatekja að gagni. Eggver eða dúntekja so nær ekkert.

Sker á kirkjan í sjó, kölluð Lækjarsker. Hefur þar verið stundum uppdráp af selum á vetur, nú um skamt er það ei til gagns.

Áin Lækjará brýtur stundum nokkuð af túninu, og ber sumstaðar uppá sand og grjót.

Skip á Jón Björnsson, sem gengur í Oddbjarnarskeri til fiski fyrir venjulegan toll. Skip annað á Sr. Sigurður, sem og gengur í Oddbjarnarskeri til fiskjar.

Heimræði er þar nú ekkert; tilforna hefur það gott verið, áður fiskur fjarlægðist.⁹⁵

⁹¹ Skjal nr. 2(100).

⁹² *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 97, 238; skjal H-23.

⁹³ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 150; skjal H-23.

⁹⁴ Skjal nr. 2(128).

⁹⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 269–271; skjal H-2.

Hinn 12. júní 1720 gáfu Niels Fuhrmann og Helga Eggertsdóttir yngri, hann sem erfingi Guðmundar sál. Þorleifssonar og hún sem ekkja Guðmundar, bóndaeignina í Brjánslæk ásamt kirkjukotinu, sem ekki er nafngreint, til Brjánslækjarkirkju.⁹⁶

Í biskupsvísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 22. ágúst 1733 segir að kirkjan eigi hálft heimaland, 30 hundruð, og þar að auki 20 hundruð í heimalandi eftir gjöf Nielsar Fuhrmanns og Helgu Eggertsdóttur yngri frá 12. júní 1720. Að öðru leyti haldi kirkjan öllum eignum og ítökum eins og biskupsvísitasía frá 1725 fjalli um.⁹⁷

Í brauðmati fyrir Brjánslækjarkirkju árið 1744 segir að kirkjan eigi hálft heimaland, 30 hundruð að dýrleika, en 10 hundruð í heimalandi séu bóndaeign. Þá segir einnig að kirkjan eigi Þverá, sex hundruð að dýrleika, Hlíð, sex hundruð að dýrleika og kotið Uppsali, sem hafi fyrir mörgum árum verið í eyði.⁹⁸

Í biskupsvísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 16. ágúst 1750 segir að kirkjan eigi 50 hundruð í heimalandi. Að öðru leyti segir vísitasían hið sama og fyrri biskupsvísitasíur geta um, nema að Penningsdalur og Uppsalir séu eyðipláss.⁹⁹

Í vísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 29. júní 1751 segir að kirkjan haldi öllum sínum eignum og ítökum og um ítak kirkjunnar fyrir innan Skálmarnes, milli Sandvíkurness og Kerlingartanga, segir að staðarhaldari sé aðvaraður um að láta það ekki ganga undan kirkjunni fyrir annarra ófrjálsa brúkun og ólöglega hefð.¹⁰⁰

Í útdrætti úr Brjánslækjarkirkjubók kemur fram að prófastsvísitasía fór fram 12. júní 1756. Ekkert kemur þar fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.¹⁰¹

Í biskupsvísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 14. september 1761 segir að kirkjan eigi 50 hundruð í heimalandi en 10 hundruð séu bóndaeign. Að öðru leyti segir vísitasían hið sama og fyrri biskupsvísitasíur.¹⁰²

Í útdrætti úr Brjánslækjarkirkjubók kemur fram að úttekt fór fram á Brjánslæk 2. júlí 1767. Þar segir að presturinn hafi 20 hundruð sér til uppihalds, sem gefin hafi verið af Guðmundi sál. Þorleifssyni í Brokey. Einnig kemur fram að presturinn meðtaki einu kirkjujörðina sem var byggð og tilheyrði nefndum 20 hundruðum, þ.e. Þverá.¹⁰³

Í útdrætti úr Brjánslækjarkirkjubók kemur fram að prófastsvísitasía fór fram 15. október 1770. Þar segir að ítak hennar á Eiði sé nú aftur án lögsóknar aftur undir hana kallað og leigt fyrir 20 álnir á landsvísu.¹⁰⁴

Í biskupsvísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 25. ágúst 1790 segir eftirfarandi:

hun á 50 hndr. i heimalande, enn 10 hndr. hverfa frá sem er bændaeign. hun á eirnenn Eingeið svo og Jardernar Hlyd og Þverá, ½ Penningsdal, og Uppsale (sem eru Eydeplátz) og allann Vatnsdal med Skóge og Haga nedannfrá Eydsá, og Þingmannaá,

⁹⁶ Skjal nr. 2(120).

⁹⁷ Skjal nr. 2(129).

⁹⁸ Skjal nr. 2(260).

⁹⁹ Skjal nr. 2(130).

¹⁰⁰ Skjal nr. 2(279).

¹⁰¹ Skjal nr. 2(121).

¹⁰² Skjal nr. 2(131).

¹⁰³ Skjal nr. 2(121).

¹⁰⁴ Skjöl nr. 2(121) og 2(280).

og framm á Geldneijttatungur, svo langt sem Skóge er vaxid, utann Skóg í Hníótumm mille Þingmanna ár og Lambagilia, er kyrkiann í Haga á. kyrkiann á líka Selveidi alla með öllum Fiörugiædum á Eyde fyrir innann Skálmarnes, millum Sandvíkurness, og Kellingartanga. Eirnis kyrkiu sker tvö. til prestens upphelldis er nu lögd Jörden Krossen 6 hndr. að dírleika, þar til gefenn af Einare Sal. Øgmundsyne, og konu hans Christinu Einarsdóttur.¹⁰⁵

Í prófastsvísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 23. maí 1780 segir að kirkjan eigi skjöl á borð við landamerkjabréf. Innihaldi þess er ekki lýst í vísitasíubókinni.¹⁰⁶

Við manntalsþing 18. apríl 1781 var tekið fyrir mál sr. Eyjólf Sturlusonar gegn Þórði Eiríkssyni á Firði um selabreiður og netalagnamerki í Kerlingarfirði. Vitni voru kölluð til til að gefa skýrslu um merkin og hvar Kerlingartangi væri. Sr. Eyjólfur mætti ekki og m.a. var úrskurðað að hann hefði fallið frá málinu. Loks var dæmt að Kerlingartangi og tvær vörður á tanginum skyldu vera landamerki milli netalagna.¹⁰⁷

Í prófastsvísitasíu um Hagakirkju frá 23. september 1785 segir að kirkjan eigi 80 hundruð í fasteign, vergögn á Nesi og skógarítök í Mórudal og Vatnsdal.¹⁰⁸

Í prófastsvísitasíu um Flateyjarkirkju frá 19. október 1785 segir að kirkjan í Flatey eigi 20 hundruð í Flatey, 20 hundruð í Hergilsey, Sandeyjar, Kirkjuklett, Oddbjarnarsker. Þá segir einnig að hún eigi skógarpart í Vatnsfirði milli Reiðarlæks og Pennuár og annan skógarpart í Kerlingarfirði, milli tveggja gilja sem séu kölluð Svörtugil.¹⁰⁹ Í prófastsvísitasíu um Flateyjarkirkju frá 4. júní 1809 koma sömu upplýsingar fram.¹¹⁰

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Brjánslækjar með hjáleigum metinn 30 hundruð en eigendur jarðarinnar voru Brjánslækjarkirkja að $\frac{2}{3}$ hlutum og G. Scheving sýslumaður að $\frac{1}{3}$. Fram kemur að skógur sé nýttur í eyjunni Engey og þaðan fáið einnig dúnn og fuglafiður.¹¹¹

Við manntalsþing að Haga á Barðaströnd 31. júlí 1813 var upplesin lögfesta um Uppsali og Vatnsdal eða eins og skráð er í dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1804–1815:

upplesinn Lögfesta fyrir Uppsölum og öllum Vatnsdal með Skógie og haga nedann frá Eids- og Þingmanná, og frammá Geldíngatungur, so langt sem Skógie er vaxed utann Skóg í Hníótumm mille Þingmannaár og Lambagilia er kirkjann í Haga á, þesse daterud 30^{da} Júlí 1813 under hende og Signete Bergsveinssonar á Briámslæk og nafne G. Schevings.¹¹²

Hinn 11. ágúst 1814 var kirkjan að Haga á Barðaströnd vísiteruð. Fram kemur að kirkjan átti 20 hundruð í heimalandi og skógarítak í Hnjótum í Vatnsdal. Einnig átti hún skóg í Trostansfirði.¹¹³

¹⁰⁵ Skjal nr. 2(132).

¹⁰⁶ Skjal nr. 2(261).

¹⁰⁷ Skjal nr. 2(407).

¹⁰⁸ Skjal nr. 2(291).

¹⁰⁹ Skjal nr. 2(308).

¹¹⁰ Skjal nr. 2(309).

¹¹¹ Skjal nr. 2(26).

¹¹² Skjal nr. 2(149).

¹¹³ Skjal nr. 2(298).

Í útdrætti úr Brjánslækjarkirkjubók kemur fram að úttekt fór fram á Brjánslæk 22. maí 1816. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.

Hinn 8. ágúst 1819 rituðu Guðbrandur Jónsson sýslumaður og sr. Jón Ormsson til sr. Ásgeirs Jónssonar á Brjánslæk um ályktun sína, í samræmi við reskript frá 18. apríl 1761, að sóknarprestur Brjánslækjar skyldi hafa $\frac{1}{3}$ hluta jarðarinnar Brjánslækjar, þ.e. bóndaeignina, ásamt Engey, sem ábýlisjörð ásamt þeim 20 hundruðum í sömu jörð sem tilheyrðu prestinum.¹¹⁴ Sr. Runólfur Erlendsson sendi skjalið til Geirs Vídalíns biskups 16. september 1823 og sagði frá því um leið að Guðmundur Scheving í Flatey myndi nýta þriðjung eyjarinnar til slægna, sem væri sér til óhagnaðar og бага.¹¹⁵

Í útdrætti úr Brjánslækjarkirkjubók kemur fram að úttekt fór fram á Brjánslæk 8. júní 1822. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.¹¹⁶

Hinn 2. júlí 1828 fór fram sáttafundur hjá sáttanefndinni í Flateyjarsókn um marsvínareka á Hlíðarfjöru hjá Brjánslæk. Guðmundur Scheving kaupmaður hafnaði sáttatilboði sr. Runólfs Erlendssonar á Brjánslæk og málinu var vísað til landslaga og réttar.¹¹⁷

Við manntalsþing að Vattarnesi 26. júní 1829 var upplesið skjal, dagsett 25. júní 1829, hvar sr. Runólfur Erlendsson lýsti friðhelgi yfir öllum fjörugæðum og selveiði tilheyrandi Brjánslækjarkirkju á Eiði fyrir innan Skálmarnes, milli Sandvíkur og Kerlingartanga.¹¹⁸

Hinn 6. október 1829 var extraréttur haldinn að Brjánslæk þar sem tekinn var fyrir ágreiningur milli sr. Runólfs Erlendssonar á Brjánslæk og Guðmundar Schevings, eiganda Moshlíðar, um reka á marsvínnum á svokallaða Lækjarfit árið 1827. Framlögð voru ýmis skjöl um jarðirnar og þá var nokkrum vitnum stefnt til yfirheyrslu. Guðmundur Sigmundsson hreppstjóri vitnaði að innstu landamerki á Hlíð móti Brjánslæk væru í Þrælratröð, Torflág og Ysta-Gili. Spurður um hvort Hlíð ætti land fyrir neðan Votugötu kvaðst Guðmundur ekki vita það, en að sér þætti líklegt að jörðin ætti frá fjalli til fjöru.¹¹⁹

Hinn 7. október 1829 var réttur haldinn að Brjánslæk þar sem framhaldið var máli milli sr. Runólfs Erlendssonar á Brjánslæk og Guðmundar Schevings, eiganda Moshlíðar, um reka á marsvínnum á svokallaða Lækjarfit árið 1827. Tvö vitni voru kölluð fyrir réttinn. Jakob Jónsson var m.a. spurður um landamerki jarðanna og sagði innstu landamerki milli Hlíðar og Brjánslækjar vera Torflág og svo væri niðri á holtum Þrælratröð eða Pálströð. Guðbjörg Jónsdóttir vitnaði um innstu landamerki milli Hlíðar og Brjánslækjar og að þau væru Hlíðará og ekki önnur. Þá var Guðbjörg spurð hvort Hlíð ætti land frá fjalli til fjöru og svaraði hún því játandi. Enn fremur var Guðbjörg

¹¹⁴ Skjal nr. 2(240).

¹¹⁵ Skjal nr. 2(241).

¹¹⁶ Skjal nr. 2(121).

¹¹⁷ Skjal nr. 2(211).

¹¹⁸ Skjal nr. 2(150).

¹¹⁹ Skjal nr. 2(151).

spurð hvort Brjánslækur ætti land á Sauðanesi og fyrir utan það og svaraði hún því sömuleiðis játandi.¹²⁰

Hinn 8. október 1829 var réttur haldinn að Brjánslæk þar sem framhaldið var máli milli sr. Runólfs Erlendssonar á Brjánslæk og Guðmundar Schevings, eiganda Moshlíðar, um reka á marsvínunum á svokallaða Lækjarfit árið 1827. Bjarni Jónsson var m.a. spurður um afnot presta af jörðinni Moshlíð og eignarrétt á henni. Um innstu landamerki milli Hlíðar og Brjánslækjar svaraði Bjarni eftirfarandi:

efter Hlíðar bændum tveimur, sem þar hafa verid nærst, annar fyrir mína Tíd, búid þar, enn annar í minni tíð, enn Eg þó munnlega, vid þann fyrra talade, sem var oddur Jóhnnsson, enn Jóhn Palsson i minni Tíð. nefndu Hlíðar landa merke ad innannverdu, Hlíðará ad nedann verdu, vid Sió ad ségia, Þrælatröd^{en} uppá Holtabreckunum, Torflág, sem er gegnt Grásteini, og Jtsta gil, fremsta örnefne af landamerkiunum í dalnum.¹²¹

Við sama rétt 8. október 1829 var Þorkell Ólafsson spurður um landamerki milli Moshlíðar og Brjánslækjar. Því svaraði hann svo:

Þad er Hlíðará, ad nedann verdu og Bósatröd eda Þrælatröd ad ofann verdu, og þadann í Torflág, og ur Torflág, og i ijtsta Gil.¹²²

Málið um marsvínarekann á Lækjarfit var tekið fyrir við réttarhöld 9. október, 15. október, 19. október, 21. október og 22. október 1829.¹²³

Hinn 13. nóvember 1829 var extraréttur haldinn að Feigsdal þar sem dæmt var í máli milli sr. Runólfs Erlendssonar á Brjánslæk og Guðmundar Schevings, eiganda Moshlíðar, um reka á marsvínunum á svokallaða Lækjarfit árið 1827. Farið var yfir málsatvik, vitnisburði og skjöl sem lögð höfðu verið fyrir réttinn. Meðal annars var deilt um eignarrétt Guðmundar á jörðinni Moshlíð eða hvort hún tilheyrði Brjánslækjarkirkju. Um land Brjánslækjar hefur sýslumaður skráð eftirfarandi:

Land það sem Mál dagar allir eigna Briamslækjar kirkju, liggur sóleides fjrir hófud áttum, Vatnsdalur liggur fyrir Fjardarbotni í Sudur og lítid til landsudurs frá Briámslæk, þá biggist landed med hlíðinne,nockud til austurs alt ad Briámslæk, enn þaðann, og alt útá Saudanes, horfir Fjallshlíðinn, og Fjara, mót vestur, á mille Briámslækjar og Saudaness, sem er landamerke Briámslækjar, á þá Sídu, liggur Jórdinn Hlíd, enn einginn annar Bær, enn hinns vegar Briámslækjar, inn med Fjrdinum, liggia Hella og Þverá, er því óll Briámslækjar Eýgn, sér skilt land frá ódrum Jórdum, hvór einginn nema Briámslækjar kirkia og Proprietarius af 10 hndr. í Briámslækjar hejmalande, og Haga kirkia á Skóg í Hníótum, á minnsta Jtak í. – Epter í Rétt lagdre, og verifceradre Mál daga útskrift, á kirkíann ad Briámslæk hejmaland hálf, Eingey, item Jardirnar Hlíd og Þverá etc. í þessu eru allar Biskupa Visitatiur samhlióda alt þartil Biskup sál. Jóhn Arnason i Visitatiu af 22 Aug. 1733, qvedur só ad orde: kirkia ad Briámslæk, á hálf Heimaland 30 hndr. og þaðad auke 20 hndr. í Heimalandi, sem sá gófuge hófdingsmann Gudmundur sál. Þorleifsson henni gaf, daterad Brokéy 12^{ta} Aug 1720. – Epter þetta geta Visitatiur Biskupanna Síra Ólafs Gislasonar 16 Aug 1750, Dr. Finns Jóhnnssonar dat. 14 September 1761 og Dr. Hannesar Finnssonar d. 25^{ta} August 1790, allar eins um, ad Kirkiann ad Briámslæk á Bardaströnd eige 50 hndr. í hejmalande, enn 10 hndr., hverfe frá, sem er Bónða Eign, hún eigi einnig Engey, svo og Jardirnar Hlíd og Þverá

¹²⁰ Skjal nr. 2(152).

¹²¹ Skjal nr. 2(153).

¹²² Skjal nr. 2(153).

¹²³ Skjöl nr. 2(154)–2(158).

etc. – allir framann ¹²⁴ til greynder Máldagar, taka óll Tvímæli og Efa af, umm ad Jórdinn Hlíd í Bríámslækjar kirkjusókn, hafe gétad til heýrt ódrum, enn Briámslækjar kirkju, i hid minnsta, alt til 25^{la} August 1790, og síðann, alt til þessa Tíma, finnast hvórke Rók, nje Bevísingar fyrir, ad þesse Jórd sie frá Bríámslækjar kirkju alalienerud, hvórke vid gióf, Testamente, Makaskipte, nje hefd, því þótt Testamente Einars sál. Ógmundssonar hefde ordid frammvísad, og það hefde til tekid Jórdina Hlíd í þeim 10 hndr. sem hann átti í Bríámslækjar hejmalande, og sem sagt er, hann hafe testamenterad Sál. Sysslumanni David Scheving, þá gat Einar þó, alldrej géfid það, hann ecke átte, og hinn var og óheimill, ad þiggja það sem hann visse ad Einar átte ecke¹²⁴

Loks er þannig dæmt í rekamáli milli sr. Runólfs Erlendssonar á Brjánslæk og Guðmundar Scheving:

af óllu þessu, sem pro og contra, hingad til er fyrir Réttinum frammfært, verður ecke annad ályktad enn ad Jórdinn Hlíd í Briámslækjar kirkju sókn innann Bardarstrandar Sysslu, frá eldgamallre Tíð verid hafe, og sie ennnú, med óllum herlegheitum til lands og Síóar, sannur og verulegur Ejenndómur og Eign kirkjunnar ad Briámslæk á Bardaströnd, samt ad Proprietarius Gudmundur Scheving i Flatey, eige hvórke meira nje minna, enn 10 hndr. í Bríámslækjar hejma jórdu med þar til heýrande Jnnan og utann-bæar húsum, samt 3^{te} ásaudar kúgildum, og 60 ál. landskuld. hér af flýtur, ad kaupmanni Gudmundi Scheving á Flatey, byriar ad betala Beneficiario til Bríámslækjar Síra Runólvi Erlendssýni allann þann hval eda hanns fulla útsólu andvyrde, sem bevisad er, ad fyrrnefndur kaupmadur G. Scheving, umm haustid 1827, hejmildarlaust upptekid hafe á lækjarfit fyrir Prestinum Síra Runolvi Erlendssýni.¹²⁵

Hinn 5. desember 1829 birtu stefnuvottar Guðmundi Scheving dóm um rekamál milli Brjánslækjar og Moshlíðar. Guðmundur kvaðst myndu áfrýja málinu til Landsfyrirréttar.¹²⁶

Hinn 13. júní 1831 var haldinn extraréttur að Brjánslæk þar sem tekið var fyrir á nýjan leik ágreiningur milli sr. Runólfs Erlendssonar á Brjánslæk og Guðmundar Schevings, vegna Moshlíðar, um marsvínareka á Lækjarfit árið 1827. Úrskurðað hafði verið um málið í Landsfyrirrétti 4. október 1830. Guðmundur Scheving mótmælti að sýslumaður skyldi dæma í málinu, en fram kom að taka þyrfti vitni í eið.¹²⁷

Hinn 18. júní 1832 var haldinn réttur að Brjánslæk þar sem tekinn var fyrir ágreiningur milli sr. Runólfs Erlendssonar á Brjánslæk og Guðmundar Schevings, vegna Moshlíðar, um marsvínareka á Lækjarfit árið 1827. Vitni voru innstefnd til að eiðfesta vitnisburði sína um landamerki milli Brjánslækjar og Moshlíðar. Áður en að því kom lögðu málspartarnir fram skjal um sátt í málinu. Efni hennar er ekki fært inn í dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu.¹²⁸

Í útdrætti úr Brjánslækjarkirkjubók kemur fram að úttekt fór fram á Brjánslæk 27. júní 1835. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.¹²⁹

¹²⁴ Skjal nr. 2(159).

¹²⁵ Skjal nr. 2(159).

¹²⁶ Skjal nr. 2(160).

¹²⁷ Skjal nr. 2(161).

¹²⁸ Skjal nr. 2(162).

¹²⁹ Skjal nr. 2(121).

Við manntalsþing að Haga á Barðaströnd 24. júní 1836 var upplestið skjal Guðmundar Jónssonar um Brjánslæk frá 1646. Færslan er þannig færð inn í dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1835–1866:

Upplesid skjal hvar med Gudmundur Jonsson á Briamslæk á Bardaströnd Anno 1646 sialfa Allraheilagramessu, med undirskrift votta Lopts Hallssonar Biarna Grimssonar og Jóns Haldorssonar lýser því ad hann til eigna hafe þridia part Bondaeignarinnar í Læk, med sundurdeildum eignrskiftum á Túni og Engium og húsum, efter því sem bref insigleid þar umm tilsegi, enn i allri annari útjördu til Reks, Stungu, Slægna og beitar lýser hann og tilheyre sínum Parte allan þridiung, líka sem og þessum Parte eda 1/3 kyrkiujördinn Hlyd med þessum landamerki. Hlýdarkambi og í Paulsströð og alt í sió og úti Titlingagil jafn framt Skog ad þridiungi i öllum kyrkiunnar Skogum med þridia parte i Engey, tilseger hann sínum Parte í Læk.¹³⁰

Við manntalsþing að Haga á Barðaströnd 8. júní 1847 var Jóhannes Guðmundsson í Sauðeyjum spurður um svonefnd Kirkjusker sem tilheyrðu Brjánslækjarkirkju og hvort presturinn hefði beðið sig að hirða um svonefnd Prestssker, eign Brjánslækjarkirkju. Jóhannes játaði því og lýsti hirðingu sinni þar.¹³¹

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Brjánslækur metin 30 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign að 1/3 hluta og beneficium að 2/3 hlutum. Í neðanmálsgrein kemur fram að Engey liggi hér undir og að árið 1805 voru eyðihjáleigurnar Grafarkot og Lækjarkot hafðar til beitar. Þá segir að þar hafi einnig verið sagt frá hjáleigunni Undirtúni, sem hvergi annars staðar sé nefnd. Loks segir að sumir haldi Brjánslæk vera 60 hundruð að dýrleika.¹³²

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er fjallað um átta prestaköll í Barðastrandarsýslu. Eitt þeirra er Brjánslækur á Barðaströnd. Þar segir m.a.:

Jarðarkostir á Brjánslæk eru: sumarþing allgóð fyrir sauðfé, og þarabætur á vetrum, opt töluverð; slægjur góðar á Eingey; kofnatekja nokkur en æðarvarp valla teljandi. Meðal ítaka er talin selveði á Eyði, millum Sandvíkurness og Kerlingartanga, og er ágóðinn þar af 6–9 vorkópar. Á Kirkjuskerjum tveimur á Breiðafirði fást svartsbaksegg og úngar, sem aðeins launa ferðina. Flyðruafli á sumrum er valla tilvinnandi. Silúngsveiði mætti hafa nokkra inná Vatnsdals afrétt. Hrognkelsaveði á vorin er töluverð og hæg, og inná Vatnsfirði fást á vorin 5–10 kópar. Á Vatnsdals afrétt er raptskógur sæmilegur, en beitarþoll, fyrir geldfjárupprekstur þángað, greiða eigi þeir sem reka. Tún jarðarinnar eru snögg mjög og harðlend, og hagar fyrir stórþening og torfrista í lakara lagi. Kirkjujarðirnar eru bygðar þannig: Þverá með 1 vætt og 2 kúg., Hella 1½ kúg. og Kross 2 kúg., 1 á og 1 gemling í lsk., en Moshlíð er talin með bænda hlutanum.¹³³

Hinn 21. ágúst 1848 fór fram úttekt á Brjánslækjarprestakalli. Við úttektina var farið yfir eldri biskupsvísitásiur og skjöl, þar sem segir að kirkjan eigi 50 hundruð í heimalandi. Þá segir enn fremur:

Kirkian á einnig: „Engey svo og jarðirnar Moshlýð og Þverá, hálfan Penningsdal og Uppsali, sem nú eru eyði pláts, og allan Vatnsdal með Skóggi og haga neðan frá Eyðsa og Þingmannaá og fram á Géldneytatúngur, svo langt sem skóggi er vaxið utan skóg í

¹³⁰ Skjal nr. 2(163).

¹³¹ Skjal nr. 2(164).

¹³² Skjal nr. 4(1), bls. 180.

¹³³ Skjal nr. 4(1), bls. 189.

Hniótum /:[sv] Ámótum:/ milli Þíngmannaár og Lambagilia, sem Hagakirkja á Briámslækjarkirkja á Selveiði alla á Eyði fyrir innan Skálmarnes, millum Sandvíkur og Kérlingartanga. Einnig 2 Kirkiuskér“ liggiandi suðvestur frá Saudeyum.¹³⁴

Hinn 2. janúar 1849 skrifaði sr. Benedikt Þórðarson bréf til Helga G. Thordersens biskups um jarðeignir í Vatnsfirði, einkum Brjánslæk. Í bréfi sínu fjallaði sr. Benedikt m.a. um eldri vísitasíur um Brjánslæk, en einkum var rætt um hlut $\frac{1}{3}$ bændaeignar í Brjánslæk. Loks reifaði sr. Benedikt hugmyndir um að prestakallið eignaðist alla jörðina, t.a.m. að konungur myndi makaskipta jörð á móti.¹³⁵

Hinn 9. mars 1849 ritaði Helgi G. Thordersen biskup sr. Benedikt Þórðarsyni á Brjánslæk og taldi ómögulegt að konungur myndi gefa eða makaskipta jörð til að Brjánslækur yrði eign prestakallsins. Loks kvað Helgi óskiljanlegt að $\frac{1}{3}$ hluti Brjánslækjar væri bændaeign, þar sem kirkjan ætti 50 hundruð í heimalandi auk annarra jarða.¹³⁶

Hinn 10. júlí 1849 byggði Brynjólfur Benediktson eign sína, 10 hundruð í bóndaeign í Brjánslæk, með þar tilheyrandi 10 hundruða kirkjueign eða 20 hundruð í allt, sem væri þriðjungur Brjánslækjar, til sr. Benedikts Þórðarsonar. Skilmálar byggingarbréfsins varða hús, reglulega ábúð og landskuld.¹³⁷

Hinn 2. janúar 1850 skrifaði sr. Benedikt Þórðarson um óvissu um jarðamál Brjánslækjar, einkum hvort bændahluti Brjánslækjar væri $\frac{1}{3}$ hluti jarðarinnar. Sr. Benedikt ítrekaði uppástungu sína um að konungur makaskipti jörð fyrir hlutann í Brjánslæk svo Brjánslækur gæti talist að fullu prestssetur.¹³⁸

Í ódagsettri lýsingu, eigna- og ítakaskrá frá miðri nítjándu öld, segir að kirkjan að Brjánslæk sé að $\frac{2}{3}$ hlutum beneficium en að $\frac{1}{3}$ hluta bóndaeign. Þá segir að kirkjan eigi í fasteignum 50 hundruð í heimalandi með Engey og kirkjujarðirnar Moshlíð, Þverá og Hellu, allar sex hundruð að dýrleika. Moshlíð og Hella voru þá í eyði. Um ítök segir að kirkjan eigi alla selveiði með öllum fjörugæðum á Eiði, fyrir innan Skálmarnes, milli Sandvíkurness og Kerlingartanga.¹³⁹

Í ódagsettri lýsingu, eigna- og ítakaskrá frá miðri nítjándu öld, segir að Hagakirkja sé bóndaeign og meðal fasteigna hennar séu 20 hundruð í heimalandi og að auki 60 hundruð í bóndaeign. Um ítök segir að þau séu m.a. skógur í Hnjótum í Vatnsdal.¹⁴⁰

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Brjánslækjar. Þar segir eftirfarandi:

Briámslækur. Tún stórt, og hardbalalegt, og ógrasgefid, samt miög hætt við Jarðkali, einkum á Vorin, eingi mikid en á sundrúngi, Selveidi talsverd, hrognkelsa veidi nockur, skógur nógur, landrými mikid og kostagott, gielfíar afrétti í Vatnsdal, her er vetrarþeiti

¹³⁴ Skjal nr. 2(262).

¹³⁵ Skjal nr. 2(242).

¹³⁶ Skjal nr. 2(243).

¹³⁷ Skjal nr. 2(244).

¹³⁸ Skjal nr. 2(245).

¹³⁹ Skjal nr. 2(263).

¹⁴⁰ Skjal nr. 2(292).

lítill og ristulítið; liggur her undir Eyan Eingey, slægiuland besta, her er kofna tekja að góðum mun. æðarvarp teljandi og haustbeit góð fyrir saudfje; Jörðin er fremur erfid.¹⁴¹

Í yfirmatsjarðabók sem fylgir jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 segir að mati á Brjánslæk sé breytt úr 740 ríkisbankadölum í 840 ríkisbankadali.¹⁴²

Í prófastsvísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 9. ágúst 1851 er skráð að óljóst sé um heiti á skógarítaki Hagakirkju í Vatnsdal og að örnefni Ámót og Mörk séu einnig óljós.¹⁴³ Sr. Benedikt Þórðarson í Brjánslæk skrifaði sömuleiðis bréf sama dag um efnið.¹⁴⁴ Ljóst er að ágreiningur hefur verið um ítakið, staðsetningu þess og heiti eins og birtist í fjölmörgum gögnum, svo sem í skoðun á Brjánslækjarkirkju 29. september 1852, prófastsvísitasíu um Hagakirkju frá 4. október 1857, prófastsvísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 5. október 1857, prófastsvísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 12. júlí 1858, skoðun á Hagakirkju frá 12. júlí 1859, skoðun á því sama frá 22. ágúst 1860, skoðun á Brjánslækjarkirkju frá 23. ágúst 1860, prófastsvísitasíu um Hagakirkju frá 28. ágúst 1861 og skoðun á Brjánslækjarkirkju frá 30. ágúst 1861 en þar kemur m.a. fram að sr. Benedikt Þórðarson og Brynjólfur Benediktson skoðuðu skóglendið, en ákváðu ekkert sín á milli.¹⁴⁵

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd 2. maí 1853 var friðlýst öllum selalögnum tilheyrandi Haga og sömuleiðis öllum selalögnum Brjánslækjar í Vatnsfirði.¹⁴⁶

Hinn 1. júlí 1855 var gert landamerkjabréf kirkju og staðar að Brjánslæk. Það var uppleið við manntalsþing að Haga á Barðaströnd 5. júlí 1855,¹⁴⁷ en texti þess er svohljóðandi:

Landamerkjabréf Kyrkju og Staðar að Brjámslæk.

Land það sem eftir eldri og nýrri skilríkjum er eign Kyrkjunnar og staðarins að Brjánslæk hefur slík ummerki:

„Að vestan svo nefnda Stóruskriðu á Arnórstaðahlíð, hún skilur land millum Arnórstaða og Brjámslækjar og er Skriðuhriggur sá við hvorn Arnórstaða megin hinn forni Arnórstaða stekkur var byggður, upp í skriðunni skamt frá Stekknum er stór steinn og niður undan honum ofarlega í fjörunni tveir stórir steinar annar hærra í flóðkambinum hinn lægra, þessir þrír Steinar hvor nidur undan öðrum, syna merkilinuna fram til sjóarins á fjörunni og upp hlíðina til fjallsbrúnar og skilja þeir löndin. Á hinn veginn eður að austanverðu er hin svonefnda Uppsala á hún er gamalt og glögg mark millum Brjámslækjar lands og Fossár lands og var eftir því marki samið hinn 11 August 1851 landmerkja bréfið millum Fossár á Hjarðarnesi og Uppsala við Vatnsfjörð, og er lysing merkja þeirra þannig: „Verður djúpskér það sem leingst nær í sjó fram beint undan Uppsala á nótlaga og fjöru mark en löndin skilur árgilið til fjalls upp alt í krók þann þar það beigist þvert til suðurs á Fossár land, síðan stefna úr króki þeim í lítið leirtjarnar drag þaðan beint upp eftir lautinni í lítinn kletthól á hvarjum stakur steinn stendur með vörðu broti á, þaðan beint upp á brúnina í vörðu svo yfir melhrigginn í sydri endann á norðustu og stærstu tjörninni, yfir tjörnina og skáhalt upp

¹⁴¹ Skjal nr. 2(50).

¹⁴² Skjal nr. 2(64).

¹⁴³ Skjöl nr. 2(264) og 2(282).

¹⁴⁴ Skjal nr. 2(281).

¹⁴⁵ Skjöl nr. 2(265)–2(269), 2(283)–2(284), 2(293)–2(297) og 2(299)–2(301).

¹⁴⁶ Skjal nr. 2(165).

¹⁴⁷ Skjal nr. 2(166).

í grjótholtin og eptir þeim alla leið norðaustur á við sem Vötnum hallar allt á hábrún sunnanvert við Auðna Öxl.“

Landið millum greindra takmarka frá Stóruskriðu kringum Vatnsfjörð allt að Uppsala á frá sjó og á fjöll upp umhverfis sem vötnum veitir að er eign Brjámslækjar alt með öllum nytjum nema Skógur í Hnjótum sem kyrkjan í Haga á, eru Hnjótar þeir í austanverðum Vatnsdal millum Þingmanna ár og Lamba gilja, fyrir ofan mýri þá sem liggur frá Smiðju með fjallsrótum fram og skilur mörkina frá Hnjótunum heitir mírin Smiðjumýri, Einnig á Flateýar Kyrkja í Brjámslækjarlandi, „Skógarpart millum Pennu ár og Reíðarlæks“, heitir þar Pennunes sem skógurinn er. Brjámslækjar Kyrkja á Eingey alla í Vatnsfyrði og Selveiði og fjöru gæði öll millum Sandvíkur ness og Kérlingar tanga í Kérlingarfirði, hún á líka kyrkjuskér tvö suður af Sauðeýum.“

J Brjámslækjarlandi eru bygd 4 býli:

1. Moshlíð matin 6 hndr. ummerki lands hennar eru Titlíngagil að utan er það mjótt gil af háfjalli ofan, hefur ^{það} stefnu niður nokkru innar en Saudanes er og í Hlíðarskér a fjörunni, að innan Hlíðar kambur og stefna úr honum utanvert við Hjallholtið niður í Pálströð sem líka nefnist þræltröð, úr tröðinni í Kúaklétt og úr klettinum beint til sjóar. – Moshlíð á allann Hlíðardal.
2. Þverá matin 6 hndr. á land millum Þverár og Pennuár fylgja þar með Miklidalur og hálfur Pennudalur.
3. Hella 6 hndr. hún á land frá Pennuá til Eydis ár við utnorður horn Vatnsfjardar hún á Smjörðdal og hálfan ~~Pennu~~ Penningsdal.
4. Uppsalir eiga land millum Þingmanna ár og Uppsala ár því landi fylgir Uppsala dalur og hálfur Þingmanna dalur.

Heimaland Brjámslækjar eru löndin milli Stóru-Skridu og Titlíngagils og milli Hlíðarkambs og Þverár í Þverárdal þar til heyrir allur Lækjardalur. Eýan Eingey fylgir Brjámslækjar heímalandi sömuleidis Vatnsdalur frá Eydis á og Þingmanna á með hálfum Þingmannadal.¹⁴⁸

Á manntalsþingi að Vaðli á Barðaströnd 12. júlí 1859 var lesið bréf sr. Benedikts Þórðarsonar á Brjámslæk um afrettarlandið í Vatnsdal eða eins og skráð er í dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1857–1862:

Því næst var lesið bref prestsins B. Þórðarsonar í Brjámslæk er leyfir afnotkun af afrettarlandinu Vatnsdal til bónda Jakobs Athanasíussonar dagsett 10^{da} ~~júní~~ júní 1859.¹⁴⁹

Í prófastsvísitasíu um Brjámslækjarkirkju frá 11. ágúst 1862 segir að kirkjan haldi eignum og ítökum sínum fyrir utan skógarpart þann sem getið er í fyrri vísitasíum.¹⁵⁰

Hinn 11. september 1872 leigði sr. Þórður Thorgrímsen á Brjámslæk Þorláki Ó. Johnson allan surtarbrand, kol og aðrar steintegundir á jörðinni Brjámslæk.¹⁵¹ Samningurinn er í sjö liðum, en hann var lesinn við manntalsþingsrétt að Efri-Vaðli 31. júlí 1873. Færsla um samninginn er skráð þannig í afsals- og veðmálalabók Barðastrandarsýslu 1868–1872:

Við undirskrifaðir, eg Th. Thorgrímsen prestur að Brjámslæk og eg Þorlákr O. Johnson frá Lundúnum, höfum í dag gjört með okkur svofeldan samning.

¹⁴⁸ Skjal nr. 2(246).

¹⁴⁹ Skjal nr. 2(167).

¹⁵⁰ Skjal nr. 2(270).

¹⁵¹ Skjal nr. 2(94).

1.

Eg Th. Thorgrimsen leigi Þorláki O. Johnson með samþykki prófastsins í prófastsdæminu allan þann surtarbrand, kol eður aðrar steintegundir (Mineraler), er kunna að finnast á jörðunni Brjámslæk á meðan eg Th. Thorgrimsen er prestur á þessu brauði, og skal Þorlákr O. Johnson sjálfur hafa fulla heimild til að láta vinna eða verka allan þann surtarbrand kol eður aðrar steintegundir (Mineraler), er kunna að finnast á þessari jörð; einnig skal hann eða þeir er hann kynni að gefa sömu réttindi hafa fulla heimild til að ~~nema~~ vinna þennan surtarbrand, kol eður steintegundir (Mineraler) á meðan eg Th. Thorgrimsen er prestur á Brjámslæk.

2.

Ennfremur skal Þorlákr O. Johnson hafa fullt leyfi til eptir þessum samningi eins og líka aðrir er hann kynni að gefa sömu réttindi að flytja á burt frá Brjámslæk allan þann surtarbrand, kol eður aðrar steintegundir (Mineraler) er þar kynnu að finnast, hvert heldur með því að flytja á hestum, eður byggja veg eður braut, hvert heldr úr jarni eður tré, til þess að flytja á burt surtarbrandinn, kol eður aðrar steintegundir (Mineraler).

3.

Eptir þessum samningi skal Þorlákr O. Johnson eður aðrir er hann gefr sín réttindi, hafa fulla heimild til að láta byggja hús, hvert heldr íveruhús eður geymsluhús, er nauðsynleg mættu finnast til þess að vinna að surtarbrandinum, kolum eður öðrum steintegundum (Mineraler), er kynnu að finnast í Brjámslækjar landareign; ennfremur byggja ofna og annað þarumlíkt er nauðsynleg mættu finnast til þess að brenna, hreinsa eður á annan hátt verka surtarbrandinn, kol eður aðrar steintegundir (Mineraler) í Brjámslækjar landareign.

4.

Fyrir átroðning þann er kynni að koma af því að vinna surtarbrandinn, kol eður aðrar steintegundir (Mineraler) í Brjámslækjar landareign, skal Th. Thorgrimsen fá sanngjarna borgun árlega, eins og þá verður um samið, einnig skal Þorlákr O. Johnson eða aðrir er hann kynni að yfirláta sín réttindi, skuldbinda sig til ekki uppá nokkurn máta (að) skemma svo jörðina, að brauðið rýrni þarvið, en að öðru leyti skal hann hafa fulla heimild til og réttindi eptir þessum samningi, eður aðrir er hann kynni að yfirláta sín réttindi, bæði að vinna og verka uppá hvern hátt er honum eður þeim sýnist bezt, allan þann surtarbrand, kol eður aðrar steintegundir (Mineraler), er kynnu að finnast í Brjámslækjarlandi og innan þeirra landamerkja, en jörðin hefr.

5.

Ennfremr skal Þorlákr O. Johnson eður aðrir er hann kynni að yfirláta sín réttindi hafa leyfi til að nota hnausa, torf, hrís, skóg eður lyng og mosa, er mætti finnast nauðsynlegt við verkun surtarbrandsins, kola eður annara steintegunda (Mineraler) er kynnu að finnast í Brjámslækjar landareign, þá að svo miklu leyti sem það ei kemr prestinum eður brauðinu til skaða.

6.

Fyrir fyrsta árið frá 1^{sta} apríl 1873 til sama tíma 1874 skal Þorlákr O. Johnson borga í leigu til prestsins séra Th. Thorgrimsen 50 Rd Fimmtíu Ríkisdali – í dönskum peningum fyrir að næga eptir þessum samningi vinna eður vinna láta allan þann surtarbrand, kol eður aðrar steintegundir (Mineraler) er kynnu að finnast í Brjámslækjarlandi, og svo 100 Ríkisdali árlega (Eitt hundrað Ríkisdali) í leigu, er borgist til prestsins séra Th. Thorgrimsen innan útgengu ágústmánaðar ár hvert.

7.

Sökum þess að 1/3 partr af jörðunni Brjámslæk er privateign ómyndugra barna fyr kaupmanns S. Johnsens á Flatey, en þó byggð prestinum séra Th. Thorgrimsen samkvæmt byggingarbréfi daterað 1. apríl 1871, lofar séra Th. Thorgrimsen að borga

eigendunum 1/3 part af leigunni, ef þeir skyldu krefjast þess, eðr eptir því sem þá nánar verður um samið á millum hans og þeirra.

Þessum samningi til staðfestu eru okkar undirskriftuð nöfn og hjá sett signet í nærveru hlutaðeigandi Notarii publici.

Brjámslæk 11. september 1872.

Th. Thorgrimsen (L.S.) Þorlákr O. Johnsen (L.S.)

[...]

Að því leyti sem hinum ómyndugu börnum fyr kaupmanns sál. S. Johnsens á Flatey tilheyrir 1/3 parti af jörðunni Brjámslæk, er ákvörðun sú, sem með tilliti til þessa er gjörð í framanskrituðum samningi 7. grein hérmeð af mér undirskrituðum sem hlutaðeiganda yfirfjárráðanda í Barðastrandarsýslu samþykkt.

p.t. Brjámslæk 11. september 1872.

G.P. Blöndahl cst.¹⁵²

Hinn 29. október 1873 gerðu sr. Þórður Thorgrímsen á Brjámslæk og Þorlákur Ó. Johnson breytingu á fyrrgreindum samningi um surtarbrand, kol og aðrar steintegundir í landi Brjámslækjar. Breytingin laut að 6. lið um árlega leigu.¹⁵³ Hún var þinglesin við manntalsþingsrétt að Efri-Vaðli 10. júlí 1874.¹⁵⁴

Hinn 19. maí 1883 sömdu Kristján Arngrímsson, sem viðtakandi, og sr. Þórður Thorgrímsen, sem fráfaramaði, um hvaða hús skyldu fylgja bændaeigninni, 1/3 Brjámslækjar.¹⁵⁵

Hinn 7. nóvember 1889 tók sr. Þorvaldur Jakobsson saman landamerkjaskrá fyrir prestssetrið Brjámslæk. Skráin var borin undir sameigendur og aðra sem höfðu réttindi í landi Brjámslækjar. Hinn 11. nóvember sama ár kvaðst Björn Sigurðsson, fyrir hönd Jófríðar Guðmundson, ekki getað skrifað undir og samþykkt landamerkjálýsinguna vegna skógarítaks Hagakirkju á Barðaströnd í landi Brjámslækjar. Landamerkjaskrá sr. Þorvaldar er svohljóðandi:

Jörð þessi er að dýrleika 43, 5 hndr. að nýju mati; tveir þriðjungar jarðarinnar eru gefnir af Guðmundi Þorleifssyni í Brokey með erfðaskrárgjöfningi dags. 12. júní 1720 „til að vera ævinlegt beneficium“, en þriðjungur jarðarinnar er bændaeign.

Milli Arnórsstaðalands og Moshlíðar á Brjámslækur hluta af svo kallaðri Arnórsstaðahlíð, og Sauðanes, og eru merkin að utanverðu, móts við Arnórsstaði, í svo nefndri Stóru-skriðu, þannig að tekin er bein sjónhending frá stórum steini með vörðubroti á rjett fyrir ofan götuna, er liggur um neðanverða skriðuna, eptir skriðunni í hvyllt í fjallsbrúninni, þaðan er skriðan er runnin. Lína þessi er bæði lands og fjörumark til móts við Arnórsstaði. – Inn á við nær þessi hluti Brjámslækjarlands að Moshlíðarlandi, og eru þar í milli merki þau, sem nú skal greina: Bein lína úr svo kölluðu Titlingagili dregin innan til við Sauðanes til sjáfar mitt á milli svo nefndra Hlíðarskerja.

¹⁵² Skjal nr. 2(95).

¹⁵³ Skjal nr. 2(96).

¹⁵⁴ Skjal nr. 2(97).

¹⁵⁵ Skjal nr. 2(101).

Merki milli Moshlíðar og Brjánslækjar að innanverðu við Moshlíð eru: Bein stefna úr Hlíðarkambi í tóptarbrot á svo nefndu Hjallholti; þaðan stefna í Pálströð og úr henni í Kúaklett, og þaðan bein sjónhending til sjáfar.

Milli Brjánslækjar og jarðarinnar Þverár við Vatnsfjörð ræður Þverá merkjum frá fjalli til fjöru.

Undir Brjánslæk heyrir Engey, sem liggur á miðjum Vatnsfirði fram undan Brjánslæk, ásamt hólum og skerjum kringum eyna, Sátu að vestanverðu, svo kölluðum Flögum tveim að norðanverðu við eyna, og Vörðuhólma og Svartbakaskeri að austan.

Samkvæmt visitatíu 27. júní 1835 til heyra allar aðrar eignir kirkjunnar á Brjánslæk, er nú eru taldar, og öll ítök „beneficio“ eða prestspartinum. Eignir þær og ítök eru þau, er nú skal greina:

1. Hálfur Penningsdalur. Að utanverðu til móts við jörðina Þverá ræður Grenjadalsá merkjum fyrir þessu landi frá fjalli til fjöru, en að innanverðu greinir Penná það frá Hellulandi frá fjalli til fjöru.
2. Vatnsdalur allur, sem gengur fram af botninum á Vatnsfirði. Að vestanverðu greinir Eiðisá hann frá Hellulandi, en að austanverðu Þingmannaá frá Uppsälalandi. Hjer til heyrir þannig Þingamannadalur að norðaustanverðu við Þingmannaá.
3. Uppsalar. Þingmannaá ræður merkjum fyrir þessu „eyðiplássi“ að innanverðu frá fjalli til fjöru. En merki að utanverðu til móts við Fossá á Hjarðarnesi eru samkvæmt landamerkjabrjefi milli Fossár og Uppsala dags. 11. ágúst 1851: „Djúpsker það, sem lengst nær í sjó fram beint undan Uppsalaá er nótalagna og fjöromark. En löndin skilur ~~árgilið~~ Uppsalaárgilið til fjalls upp allt í Krók þann, þar sem það beygist þvert til suðurs á Fossárland. Síðan stefna úr Króki þeim í lítið leirtjarnardrag, þaðan beint upp eptir lautinni í lítinn kletthól, á hverjum stakur steinn stendur með vörðubroti á. Þaðan beint upp á brúnina í vörðu, svo yfir melhrygginn í syðri endann á norðustu og stærstu tjörninni, yfir tjörnina og skáhallt upp í grjótholtin og eptir þeim alla leið norðaustur á við sem vötnum hallar allt á hábrún sunnanvert við Auðnaöxl.“
4. Kirkjusker tvö, sem liggja í suðvestur frá Sauðeyjum.
5. „Beneficio“ til heyrir og selveiði öll með öllum fjöru gæðum á Eyði fyrir innan Skálmarnes, millum Sandvíkurness og Kerlingartanga. –

Milli Reiðarlækjar og Pennár á Flateyjarkirkja skógarhögg í svo kölluðum Flateyjarparti eða Partinum, sem nær frá sjó upp að Ólafarvörðu á Kýrlágarholti. –

Kirkjan í Haga á skóg í Hnjótum, sem eru milli Þingmannaár og Lambagilja.¹⁵⁶

Hinn 5. desember 1889 skrifaði Sigurður Jensson, fyrir hönd eiganda að ⅓ hluta Brjánslækjar, til sr. Þorvaldar Jakobssonar vegna landamerkjaskrár fyrir prestssetrið Brjánslæk. Sigurður sagði eigendur bænda eignarinnar, eða ⅓ hluta Brjánslækjar með hjáleigunni Moshlíð, ekki geta skrifað undir skrána af eftirfylgjandi ástæðum:

1. Landamerki Moshlíðar eru ekki rjett talin, eptir því sem áreiðanlegir og kunnugir menn hafa skýrt frá. Merkin milli Moshlíðar og Brjánslækjar eru að utanverðu úr Titlingagili beint í Sauðanesskrók, en að innanverðu úr Heimstagili eða Yztagili beint eptir Torlæg (laut, sem lækur rennur eptir) í Bæjartröðina og úr henni í Litlkrók og þaðan beint til sjáfar.
2. Það nær að voru álitni engri átt að telja hálfan Penningsdal og allan Vatnsdal eingöngu eign beneficii, án þess bænda eignin eigi tilkall til þeirra að rjettri tiltölu, og vonum vjer

¹⁵⁶ Skjal nr. 2(313).

að þjer sjálfur játið, að sá maður, sem gaf tvo þriðjunga jarðarinnar til að vera beneficium, hafi aldrei ætlað sjer nje getað gefið frá þeim þriðjungnum af jörðinni, sem undan var skilinn, allt tilkall til Vatnsdals og Penningsdals.¹⁵⁷

Hinn 1. mars 1890 skrifaði sr. Þorvaldur Jakobsson bréf til stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi um gerð landamerkjaskrár fyrir Brjánslæk. Fram kemur í bréfinu að hvorki eigendur bændaeignar Brjánslækjar né Hagakirkju samþykktu lýsinguna. Sr. Þorvaldur skrifaði m.a. um óvissu um staðsetningu skógarítaks Hagakirkju í Vatnsfirði. Þá kvaðst hann hafa tekið saman merkin milli Brjánslækjar og Moshlíðar eftir vitnisburðum ýmissa manna, þeirra á meðal sr. Þórðar heitins Thorgrímsens. Í vottorði sr. Þórðar, dagsettu 4. júní 1887, hafi merkin þar á milli miðast við landamerkjabréf sem fylgt hafi Brjánslækjarkirkju hálfan Penningsdal og allan Vatnsdal samkvæmt vitnisburðum og vísitásiu frá 27. júní 1835, en eigendur bændaeignar Brjánslækjar mótmæltu nú orðum vísitásiunnar.¹⁵⁸

Hinn 9. apríl 1890 skrifaði Sigurður Jensson til stiftsyfirvalda en meðfylgjandi var bréf sr. Þorvaldar Jakobssonar frá 1. mars sama ár og enn fremur tvö fylgiskjöl, þar sem sr. Þorvaldur skýrði frá ágreiningi um landamerki prestssetursins Brjánslækjar.¹⁵⁹

Hinn 4. nóvember 1890 skrifuðu stiftsyfirvöld til prófasts í Barðastrandarprófastsdæmi og staðfestu móttöku á bréfi dagsettu 9. apríl sama ár. Stiftsyfirvöld sáu ekki annan veg færan til að leiða ágreininginn til lykta en að skipa prestinum á Brjánslæk að kalla hlutaðeigendur fyrir sáttanefnd en að öðrum kosti leggja málið undir landamerkjadóm.¹⁶⁰

Hinn 10. júní 1891 fór fram sáttafundur hjá sáttanefnd Flateyjar- og Múlasáttumdamis. Þar var leitað sætta út af ágreiningi um takmörk skógarítaks Hagakirkju í landi Brjánslækjarkirkju. Fram kom að umboðsmaður hinnar kærðu neitaði að skrifa undir landamerkjaskrá Brjánslækjar en sr. Þorvaldur Jakobsson hefði, samkvæmt skipun stiftsyfirvalda, sent kæruskjal til sáttanefndarinnar. Eftir nokkrar umræður var málinu frestað þar til aðilar höfðu skoðað landið.¹⁶¹

Sama dag var leitað sætta milli sr. Þorvaldar Jakobssonar á Brjánslæk og Sigríðar Johnsens, eiganda ½ Brjánslækjar með hjáleigunni Moshlíð. Ágreiningur var um skipti á eigninni og landamerki Moshlíðar. Kærandi taldi að Brjánslækjarkirkju tilheyrði hálfur Penningsdalur og allur Vatnsdalur. Þá væru landamerki Brjánslækjar og Moshlíðar svo:

að utanverðu úr svo kölluðu Titlingagili dregin innan til við Sauðanes til sjáfar mitt á milli svo nefndra Hlíðarskerja og að innanverðu: bein stefna úr Hlíðarkambi í tóptarbrot

¹⁵⁷ Skjal nr. 2(314).

¹⁵⁸ Skjal nr. 2(285).

¹⁵⁹ Skjal nr. 2(315).

¹⁶⁰ Skjal nr. 2(316).

¹⁶¹ Skjal nr. 2(212).

á svo nefndu Hjallholti; þaðan stefna í Pálströð og úr henni í Kúaklett og þaðan bein sjónhending til sjáfar.¹⁶²

Sigurður Jensson, fyrir hönd eigenda bændaeignarinnar í Brjánslæk með hjáleigunni Moshlíð, taldi bændaeignina hins vegar eiga tilkall til hálfes Penningsdals og Vatnsdals auk þess sem merkin milli Moshlíðar og Brjánslækjar væru eftirfarandi:

að utanverðu úr Titlingagili beint í Sauðaneskrók og að innanverðu úr Heimastagili eða Yztagili beint eptir Torlág (laut sem lækur rennur eptir) í Bæjartröðina og úr henni í Litlakrók og þaðan beint til sjáfar.¹⁶³

Loks lagði sr. Þorvaldur Jakobsson fram tilboð á sáttafundinum, annaðhvort að eigandi bændaeignarinnar hefði afnot af $\frac{1}{3}$ allra eigna Brjánslækjarkirkju í jörðum og ítökum en ábyrgðist þá um leið kirkjuna að rétttri tiltölu, eða þá að prestakallið keypti bændahlutann fyrir 2.000 kr. Málinu var frestað.¹⁶⁴

Hinn 3. september 1891 fór fram sáttanefndarfundur hjá sáttanefnd Flateyjar- og Múlasáttaumdæmis. Tilefnið var að útkljá ágreining um takmörk skógarítaks Hagakirkju í landi Brjánslækjarkirkju. Ákveðið var að fresta málinu og gefa aðilum kost á að kynna sér betur gögn sem gætu haft þýðingu í málinu.¹⁶⁵

Hinn 4. júlí 1892 ritaði sr. Þorvaldur Jakobsson til stiftsyfirvalda um ágreining um landamerki Brjánslækjar. Í bréfinu fjallar sr. Þorvaldur um ágreining um skógarítak Hagakirkju í landi Brjánslækjar, ágreining milli sín og eiganda bændaeignarinnar og hvernig bæði málin voru tekin fyrir hjá sáttanefnd en án niðurstöðu.¹⁶⁶ Bréfinu fylgdi ódagsettur uppdráttur af afstöðu örnefna í Vatnsdal.¹⁶⁷

Hinn 25. október 1892 skrifaði Sigurður Jensson til stiftsyfirvalda um ágreining um landamerki Brjánslækjar. Sigurður segir í bréfinu að allar líkur séu á að Hagakirkja eigi skógarítak milli Þingmannaár og Vatnsdalsár. Þá fjallaði Sigurður um ágreining milli sr. Þorvaldar og eiganda bændahlutans í Brjánslæk, en taldi líklegt að prestakallið gæti fengið bændahlutann keyptan.¹⁶⁸

Hinn 13. febrúar 1893 skrifaði Sigurður Jensson sr. Þorvaldi Jakobssyni og sagði frá bréfi stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi frá 20. janúar sama ár. Þar kemur fram það svar stiftsyfirvalda að sönnunarbyrðin vegna skógarítaks í Vatnsdal sé öll á eignum Hagakirkju. Um ágreining um merkin milli bændahlutans og kirkjueignar Brjánslækjar, þá geti ekki verið um eiginlegt landamerkjамál að ræða þar sem um eina jörð sé að ræða. Hvort Moshlíð sé bændaeign eða eign Brjánslækjarkirkju, þurfi frekari skýrslu um, þ.e.a.s. hvort lögmæt landaskipti hafi farið fram á milli kirkjueignarinnar og bændahlutans í Brjánslæk. Sigurður bar þessi atriði undir sr. Þorvald og óskaði svara

¹⁶² Skjal nr. 2(213).

¹⁶³ Skjal nr. 2(213).

¹⁶⁴ Skjal nr. 2(213).

¹⁶⁵ Skjal nr. 2(214).

¹⁶⁶ Skjal nr. 2(317).

¹⁶⁷ Skjal nr. 2(318).

¹⁶⁸ Skjal nr. 2(319).

um hvort hann vissi nokkuð um landamerki Moshlíðar og hvort fram hefðu farið landskipti á landi Brjánslækjar.¹⁶⁹

Hinn 13. júní 1893 fór fram virðing á bændaeign í Brjánslæk eða 10 hundruðum að fornu mati. Virðingin greinir frá upphæð afgjalda af hlutanum sem og Moshlíð, en saman var matið 2.133,25 kr.¹⁷⁰

Hinn 20. júní 1893 ritaði sr. Þorvaldur Jakobsson um álit sitt á matsgjörðinni á bændahlutanum í Brjánslæk ásamt hjáleigunni Moshlíð. Sr. Þorvaldur taldi matsmenn hafa gleymt að lýsa jörðunum en ritaði síðan um ýmis hlunnindi og notkun, s.s. beitiland, þarabeit, æðarvarp, selveiði og síðan ókosti jarðarinnar. Um hlunnindi og nytjar í Penningsdal og Vatnsdal komst sr. Þorvaldur svo að orði:

Jeg hefi undanfellt að telja meðal hlunnindanna skóg í Vatnsdal og í Penningsdal inn með Vatnsfirði, þar eð jeg tel vafasamt hvort bændahlutinn í Brjánslæk hefur nú nokkurt tilkall til skógar eða annara landsnytja annars staðar en í heimalandi Brjánslækjar; byggi jeg þá skoðun mína – eins og jeg hefi tekið fram í brjefi til Stipsyfirvaldanna, 1. marz 1890. – á visitatíu Brjánslækjarkirkju 27. júní 1835 og á vottorðum kunnugra og áreiðanlegra manna um það, að þegar bændahlutinn í Brjánslæk hefur nú á seinni tímum verið byggður öðrum en prestinum, þá hefur ábúandinn á bændahlutanum engin afnot haft af Vatnsdal og Penningsdal.¹⁷¹

Um Moshlíð segir sr. Þorvaldur í bréfinu að hlunnindi fylgi þar engin, en bætir svo við:

Hún hefur, eins og hinar hjáleigurnar frá Brjánslæk – Þverá, Hella og Uppsálir – um mörg ár að undanfögnu haft útskipt land og ákveðin landamerki gagnvart heimajörðinni á Brjánslæk, en hvenær þau landaskipti hafa fram farið og hvort þau eru gjör á lögmætan hátt, er mjer ókunnugt um.¹⁷²

Hinn 21. júní 1893 skrifaði sr. Þorvaldur Jakobsson til prófasts í Barðastrandar-prófastsdæmi um landaskipti bændaeignar og kirkjueignar í Brjánslæk og einnig um landamerki hjáleigunnar Moshlíðar. Í bréfinu telur sr. Þorvaldur upp eignir Brjánslækjar og vísar svo í vottorð sr. Þórðar Thorgrímsens frá 4. júní 1887 um landamerki milli Brjánslækjar og Moshlíðar en þau séu:

Að innanverðu: Hlíðarkambur og stefna úr honum í tóptarbrot á svo nefndu Hjallholti, þaðan stefna í Pálströð og úr henni í Kúaklett og svo beint til sjóar.

Að utanverðu: Titlingagil, og svo eptir túni innan til við Sauðanes í Hlíðarsker (ótiltekið í hvort skerið).¹⁷³

Í framhaldinu telur sr. Þorvaldur upp mörk á öðrum jörðum og ítökum:

3. Þverá. Sú jörð á land inn með Vatnsfirði frá ánni Þverá að Grenjadalsá. Þverá er nú talin með beneficiærhlutanum í Brjánslækjareignum.
4. Hálfur Penningsdalur. Þetta er landskiki inn með Vatnsfirði og nær frá Grenjadalsá inn að Penná; telja máldagar hann fraskilinn heimalandi Brjánslækjar. – Í honum á Flateyjarkirkja skógarítak milli Reiðarlækjar og

¹⁶⁹ Skjal nr. 2(286).

¹⁷⁰ Skjal nr. 2(320).

¹⁷¹ Skjal nr. 2(321).

¹⁷² Skjal nr. 2(321).

¹⁷³ Skjal nr. 2(322).

- Pennár, upp að Ólafarvörðu á Kýrlágarholti. Samkvæmt vottorðum kunnugra manna hefur hálfur Penningsdalur lengi að undanfögnu verið talinn með beneficiaerhlutanum í Brjánslæk, en nú nýlega – (5. desbr. 1889) hafa eigendur bændahlutans í Brjánslæk mótmælt þessu og þykjast eiga tilkall til landshluta þessa að rjettri tiltölu (þriðjungi).
5. Hella. Eyðikot þetta á land inn með Vatnsfirði frá Penná inn að Eyðisá. Þeirri jörð til heyrir Helluhólmi á Vatnsfirði. Hella er nú talin með beneficiaerhlutanum í Brjánslæk.
 6. Vatnsdalur. Hann gengur fram af botninum á Vatnsfirði og greinir Eiðisá hann frá Helluland[i] en Þingmannaá frá Uppsalalandi. Samkvæmt máldögum Brjánslækjarkirkju er Vatnsdalur fraskilinn heimalandi Brjánslækjar. Í Vatnsdal á Hagakirkja skóg „í Hnjótum milli Þingmannaár og Lambagilja.“ Svo lengi sem núlifandi menn vita til, hefur Vatnsdalur verið talinn til heyra að öllu leyti beneficiaerhlutanum í Brjánslæk, og hafi bændahlutinn í Brjánslæk verið leigður öðru[m] en prestinum, hefur ábúandinn á bændaeigninni ekki[rt] tilkall átt eða gjört til landsnytja í Vatnsdal. Nýlega (5. desbr. 1889) hafa eigendur bændaeignarinnar gjört tilkall til þriðjungs í Vatnsdal.
 7. Uppsalir. Eyðikot þetta á land að austanverðu við Vatnsfjörð frá Þingmannaá að Uppsalaá og eptir þinglesnum merkjum móts við Fossá á Hjarðarnesi. Uppsalir hafa verið taldir með beneficiaerhlutanum í Brjánslæk.¹⁷⁴

Hinn 28. júní 1894 skrifaði Sigurður Jensson til stiftsfirvalda um upplýsingar út af ágreiningi um landaskipti kirkjuhlutans og bændahlutans í Brjánslæk. Sigurður lét þar fylgja bréf sr. Þorvaldar Jakobssonar frá 21. júní 1893, en Sigurður kvaðst ósammála sr. Þorvaldi í nokkrum atriðum. Meðal annars nefnir Sigurður í bréfinu að ekki sé hægt að halda því fram að Vatnsdalur tilheyri einungis kirkjuhlutanum en ekki bændahlutanum. Að lokum kvað Sigurður það óljóst hvenær aðilar, þ.e. prestar og eigendur bændahlutans, hafi gert með sér samning um að Moshlíð skyldi tilheyra bændahlutanum.¹⁷⁵

Hinn 10. júlí 1894 lýsti Sigríður Johnsen því yfir sem eigandi bændahlutans í Brjánslæk með hjáleigunni Moshlíð að hún væri viljug að selja eignina fyrir 2.000 kr.¹⁷⁶

Hinn 10. júlí 1894 sendi Sigurður Jensson, prófastur í Barðastrandarprófastsdæmi, bréf til stiftsfirvalda. Þar með fylgdi virðing á bændaeigninni í Brjánslæk, dagsett 13. júní 1893, bréf sr. Þorvaldar Jakobssonar á Brjánslæk frá 20. júní 1893 og yfirlýsing eiganda bændahlutans um verð á eigninni. Sigurður lagði til að eignin yrði keypt handa prestakallinu á 2.000 kr.¹⁷⁷

Í minnisblaði eða uppkasti að bréfi stiftsfirvalda frá 29. ágúst 1894 er fjallað um ágreining varðandi ítak Hagakirkju í Brjánslækjarlandi og ágreining milli prestssetursins og eigenda bændahlutans. Í lok skjalsins er fært inn að rétt sé að leiða ágreininginn til lykta með kaupum á bændahlutanum til handa prestakallinu fyrir 2.000 kr.¹⁷⁸

¹⁷⁴ Skjal nr. 2(322).

¹⁷⁵ Skjal nr. 2(323).

¹⁷⁶ Skjal nr. 2(325).

¹⁷⁷ Skjal nr. 2(324).

¹⁷⁸ Skjal nr. 2(326).

Hinn 10. september 1894 skrifuðu stiftsyfirvöldin yfir Íslandi sr. Þorvaldi Jakobssyni og svöruðu bréfi hans frá 28. júní og 10. júlí sama ár um ágreining milli kirkjueignar og eigenda $\frac{1}{3}$ hluta bændaeygnar í Brjánslæk um Vatnsdal og hálfan Penningsdal, sem og um landamerki Moshlíðar. Í bréfinu kemur fram að stiftsyfirvöldin litu svo á að heppilegast væri að leysa úr ágreiningnum þannig að bændaeygnin í Brjánslæk yrði keypt til handa prestakallinu fyrir 2.000 kr. og að kaupin ættu að fara eftir lögum frá 2. október 1891.¹⁷⁹ Sr. Þorvaldur svaraði bréfinu með bréfi dagsettu 11. október sama ár. Þar álitur hann að þrætuefnið milli eiganda bændaeygnarinnar og kirkjuhlutans í Brjánslæk, þ.e. þriðjungur af Vatnsdal, hálfur Penningsdalur og þrætuskák milli Brjánslækjar og Moshlíðar, sé að minnsta kosti 350 króna virði.¹⁸⁰ Sama dag lýsti sr. Þorvaldur því yfir að hann væri samþykkur því að bændaeygnin í Brjánslæk ásamt hjáleigunni Moshlíð yrði keypt til handa Brjánslækjarprestakalli á 2.000 kr.¹⁸¹ Hið sama gerðu eigendur og umráðamenn bændaeygnarinnar með yfirlýsingu dagsettri 16. október 1894.¹⁸² Málið var aftur reifað í bréfi stiftsyfirvalda til sr. Þorvaldar Jakobssonar í bréfi dagsettu 19. desember 1894.¹⁸³

Hinn 12. maí 1895 fór fram safnaðarfundur Brjánslækjarsóknar þar sem álit fundarins var að æskilegt væri að prestakallið keypti bændahlutann í Brjánslæk og Moshlíð fyrir 2.000 kr.¹⁸⁴

Á héraðsfundi Brjánslækjarprestakalls 19. júní 1895 var bókað að prestakallið keypti bændapartinn í Brjánslæk fyrir 2.000 kr.¹⁸⁵

Hinn 25. ágúst 1897 veitti Bogi Sigurðsson umboð til Geirs T. Zoëga um sölu á $\frac{1}{4}$ hlut í Brjánslæk með hjáleigunni Moshlíð.¹⁸⁶

Hinn 8. október 1897 veittu Ólafur Magnússon og V. Salomonsen umboð fyrir hönd dánarbús Jóns Guðmundssonar og Jófríðar Guðmundson til Geirs Zoëga vegna sölu á $\frac{1}{4}$ hlut í Brjánslæk með hjáleigunni Moshlíð.¹⁸⁷

Hinn 2. maí 1898 veitti Sigurður Jensson umboð til Geirs T. Zoëga um sölu á $\frac{1}{4}$ hlut í Brjánslæk með hjáleigunni Moshlíð.¹⁸⁸

Hinn 2. júní 1898 afsalaði Geir T. Zoëga til stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi, fyrir hönd Landssjóðsins, bændahlutanum í jörðinni Brjánslæk ásamt hjáleigunni Moshlíð, 16 hundruð að fornu mati, fyrir 2.000 kr. Afsalsbréfið var þinglesið við manntalsþing Barðastrandarhrepps 26. maí 1899.¹⁸⁹

¹⁷⁹ Skjal nr. 2(287).

¹⁸⁰ Skjal nr. 2(327).

¹⁸¹ Skjal nr. 2(328).

¹⁸² Skjal nr. 2(329).

¹⁸³ Skjal nr. 2(288).

¹⁸⁴ Skjal nr. 2(330).

¹⁸⁵ Skjal nr. 2(331).

¹⁸⁶ Skjal nr. 2(122).

¹⁸⁷ Skjal nr. 2(123).

¹⁸⁸ Skjal nr. 2(124).

¹⁸⁹ Skjal nr. 2(125).

Í bréfi stiftsfirvaldanna yfir Ísland til sr. Bjarna Símonarsonar á Brjánslæk, dagsettu 6. júlí 1898, kemur fram að gengið hafi verið frá kaupum prestakallsins á bændahlutanum í Brjánslæk ásamt hjáleigunni Moshlíð og að afsalsbréfið verði sent til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu.¹⁹⁰

Í skýrslu um tekjur og útgjöld Brjánslækjarprestakalls eftir fimm ára meðaltali, frá fardögum 1893 til fardaga 1898, segir að dýrleiki prestsetursins Brjánslækjar sé 43,5 hundruð og að $\frac{2}{3}$ hlutar hafi að undanfögnu verið eign prestakallsins. Skýrslan er dagsett 3. febrúar 1899 og segir enn fremur:

Tún eru hér stór og sléttlend, en hörð og snögg. Engey, sem liggur eigi langt undan landi, gefur af sér í meðalári um 6 kýrfóður af heyi. Þar er og lambabeit að haustinu. Aptur eru landslægjur fremur reitingsamar. Með eignum staðarins í Penningsdal og Vatnsdal er landrýmið feykimikið. Sumarhagar fyrir fé eru kjarngóðir, en vetrarríki er aptur mjög mikið. Þó er í sumum vetrum mikill styrkur að þarabeit. Með kostum jarðarinnar má telja mótak sæmilegt, sem nú er skammt frá bænum, en óvíst er, hve víðtækt það er. Kofnatekja er nokkur í Engey og vísir til æðarvarps (um 7 pund af dún alls). Hrognkelsaveiði er hér dálítill. Selveiði inn á Vatnsfirði er varla teljandi. Landið er víða skógi vaxið. Það eru ókostir, auk þess sem þegar hefur verið vikið á, hvað jörðin er mannfrek og torvelt veitir að nota þær lendur hennar, sem fjærst liggja, með gögnum þeirra og gæðum, svo sem silungsveiði í Vatnsdalsvatni, sem búist er við að sé töluverð, en hefur eigi komið að gagni vegna fjarlægðar. Fremst til dalanna er og mýbit, svo að fænaði hættir við þess vegna að leita til jökla og tynist þar stundum með öllu. Flæðihætt er og sumstaðar með Vatnsfirði, Upprekstur er nokkur tekinn að sumrinu í fjalllendi staðarins, en eigi nemur það svo miklu, að talist geti veruleg hlunnindi.¹⁹¹

Í prófastsvísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 27. september 1900 kemur fram að bændahlutinn í Brjánslæk, ásamt hjáleigunni Moshlíð, hafi verið keyptur til prestakallsins frá fardögum 1898.¹⁹²

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 er jörðin Brjánslækur metin með girðingum á 4.700 kr. en skráð er að jörðin sé landssjóðseign. Fram kemur að Flateyjar- og Hagakirkjur eigi skógarhögg í Brjánslækjarlandi, en ítök Brjánslækjar í aðrar jarðir sé ekki teljandi. Þá er skráð að selveiði við Helluhólma sé um þrír til fimm kópar á ári. Í sama mati er eyðikotið Þverá metið á 160 kr. og eyðikotið Hella er sömu-leiðis metið á 160 kr. Skráð er að þau liggi bæði undir Brjánslæk, en bæði kotin hafi lagst í eyði á árunum 1882–1899.¹⁹³

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd 27. júní 1931 var þinglesin friðlýsing, dagsett 25. október 1930, fyrir fornleifum á Brjánslæk, svokölluðum Flókatóftum.¹⁹⁴

Byggingarbréf fyrir prestssetursjörðinni Brjánslæk til Guðmundar J. Einarssonar er dagsett 31. ágúst og 5. september 1942. Í því er fjallað um leigufjárhæð, sem og aðrar skyldur og réttindi leiguliða.¹⁹⁵

¹⁹⁰ Skjal nr. 2(289).

¹⁹¹ Skjal nr. 2(247).

¹⁹² Skjal nr. 2(271).

¹⁹³ Skjal nr. 2(71).

¹⁹⁴ Skjal nr. 2(168).

¹⁹⁵ Skjal nr. 2(333).

Í *Barðstrendingabók* frá 1942 segir að Brjánslækjarkirkja hafi átt kópalagnarítök í Kerlingarfirði en það sé orðið nytjalaust.¹⁹⁶

Hinn 11. september 1944 gerðu annars vegar Guðmundur J. Einarsson, bóndi og umráðamaður Brjánslækjar, og hins vegar Bjarni Gestsson og Karl Andersen, eigendur og ábúendur Arnórsstaða, sætt um landamerki milli nefndra jarða. Færsla er skráð svo í landamerkjabók Barðastrandarsýslu:

Með því að í landamerkjaskrá Barðastrandarsýslu er engin skrá um landamerki milli jarðanna Arnórsstaða og Brjánslækjar í Barðastrandarhreppi, og að undanfögnu hefir af þeim ástæðum ríkt nokkur óvissa um legu þeirra, þá höfum við undirritaðir, ég Guðmundur J. Einarsson, bóndi og umráðamaður Brjánslækjar og við Bjarni Gestsson og Karl Andersen eigendur og ábúendur Arnórsstaða, eftir að hafa kynnt okkur álit gamals fólks og gömul skjöl um þetta efni, gert með okkur sætt um það, að landamerki milli téðra jarða skuli vera: „Um gil það á Arnórsstaðahlið, sem liggur niður með utanverðri svokallaðri Kerlingu, sem er klettadrangur í fjallinu, og neðst úr gílinu til sjávar niður um miðja skriðu þá, er úr gílinu hefir fallið.“

Teljum við, að landamerki þessi komi heim við merki þau milli téðra landa, sem tilgreind eru í afsalsbréfi fyrir Arnórsstöðum gerðu í Saurbæ árið 1547 og prentuð er: Íslensku fornbréfasafni, XI bindi bls. 594, þar sem fram er tekið, að landamerkin séu „Kerlingarskriða“.

Framanskráðu til staðfestu eru eiginhandarnöfn aðila rituð í votta viðurvist.

Gert að Brjánslæk, 11. september 1944.

Guðmundur J. Einarsson Bjarni Gestsson Karl Andersen

Vottar að réttri dagsetningu og undirskriftum:

Gísli A. Magnusson Hákon J. Kristófersson

snú við

Ráðuneytið samþykkir framangreind landamerki

Reykjavík, 13. okt. 1944.

Gústaf A. Jónsson. Dómsmálaráðuneytið.

Móttekið 25/10 '44 kl. 13. Innfært í afsals- og veðmalaregistur Barðastrandarsýslu Litra S. nr. 256 til þinglýsingar á næsta manntalsþingi Barðastrandarhrepps.

Jóhann Skaptason Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu.

Gjöld: Stimpilgj. kr. 1.40 þinglýs.gj. „ 4.20 Samtals kr. 5.60 Fimm krónur 60/100 – Greitt J.S.¹⁹⁷

Hinn 10. ágúst 1949 fóru fram skipti á prestssetrinu á Brjánslæk milli Guðmundar J. Einarssonar og prestssetursins. Hjáleigurnar Moshlið og Hella voru teknar undan aðal-jörðinni og komu eigi til skipta. Skiptin fóru þannig fram samkvæmt landskiptabók Vestur-Barðastrandarsýslu 1941–1962:

Eftir að hafa kynnt sér landgæði og staðhætti, var nefndin ásátt um, að ekki komi til mála að skipta öðru landi en túni og nánasta ræktanlegu landi og (eyjunni) ^{Engey} til slægna.

¹⁹⁶ Pétur Jónsson, „Barðastrandarhreppur“, *Barðstrendingabók*, bls. 73; skjal H-3.

¹⁹⁷ Skjal nr. 2(8).

Land það, sem til skipta kom er innan eftirgreindra merkja: Að innan takmarkast landið af Lækjará frá sjó að gili því, er fellur ovanvert við túnið. Frá mótum gils þessa og Lækjarár takmarkast landið af beinni línu út og upp í stóran stein sem stendur í hallinum upp af innri enda Gormsins. Frá steinni þessum bein lína ca. 296 m löng út og niður í grasi gróna klöpp, sem liggur beint upp af „Brjánslæknum“, en af klöpp þessari ber Helluhólmi beint yfir íbúðarhúsið á Brjánslæk. Þaðan bein lína niður í miðjan „Brjánslækinn“ þar sem hann fellur niður af Reiðholtinu. Þaðan bein lína til sjávar í stefnu um innri enda Engeyjar í stefnu á íbúðarhúsið á Deildará á Múlanesi. Að neðan ræður stórstraums-flóðmál.

Innan þessara takmarka skiptist landið þannig:

Í hlut prestssetursins fellur allt land ofan brekkubrúnar og beinnar línu þaðan í Lækjará, milli hlaðinna varða, en Guðmundur Einarsson hlýtur allt landið neðan þessarar línu, að undanskilinni núverandi hestagirðingu, sem skal vera óskipt.

Engey skal skiptast til slæгна jafnt milli beggja aðila, þann um gömul merki, sem liggja um eiðið norður og suður þarlt [svo] yfir eyna og skulu Urðirnar fylgja vesturpartinum. Samkvæmt hlutkesti, sem fram fór hlaut prestssetrið vesturhlutann.

Flögurnar eru óskiptar.

Allt annað land, sem jörðinni fylgir, en það sem að framan greinir, skal óskipt til jafnra afnota fyrir báða aðila, þar með veiði öll og hlunnindi staðnum tilheyrandi.¹⁹⁸

Hinn 15. janúar 1950 ritaði Sigurður Elíasson, formaður nýbýlanefndar Austur-Barðastrandarsýslu til Guðmundar J. Einarssonar vegna umsagnar um stofnun nýbýlis að Brjánslæk. Þrátt fyrir að Brjánslækur tilheyrði ekki umdæmi nefndarinnar, þá taldi meirihluti hennar að Brjánslækur væri vel til þess fallinn til að skipta í tvö býli. Nefndin mælti því með nýbýlastofnun að Brjánslæk.¹⁹⁹

Hinn 21. febrúar 1950 ritaði Guðmundur J. Einarsson til Pálma Einarssonar landnámsstjóra þar sem hann fór yfir hugmyndir að stofnun nýbýlis á Brjánslæk. Einkum fjallaði Guðmundur um húsbyggingar og fjármögnun til framkvæmda.²⁰⁰

Hinn 12. nóvember 1953 byggði dóms- og kirkjumálaráðuneytið helming jarðarinnar Brjánslækjar til Guðmundar J. Einarssonar til stofnunar nýbýlis með tilgreindum réttindum. Fasteignamat hins leigða lands var 2.950 kr. og fylgifé í landverði 50 kr. eða samtals 3.000 kr. Af landi jarðarinnar var úrskipt land innan merkja sem tilgreind voru í skiptagjörð dagsettri 10. ágúst 1949. Byggingarbréfið var móttekið og innfært í afsals- og veðmálaregistur Barðastrandarsýslu hinn 31. mars 1954 og til þinglýsingar á næsta manntalsþingi þar á eftir. Um nýbýlið segir eftirfarandi í bréfinu:

Nýbýlið skal hafa afnot og umráð 1750 fermetra úr Bjarnarvelli, sem liggur að framangreindu landi. – Engey er skift til slæгна jafnt milli beggja býlanna eftir gömlum merkjum, sem liggja um eiði norður og suður þvert yfir eyna og skulu urðirnar fylgja vestari partinum, en nýbýlið hefur austari partinn. Flögurnar eru óskiptar. – Allt annað land og landsréttindi, er jörðinni fylgir, er sameiginlegt og óskipt, og hefur býlið öll afnot þess að hálfu móti prestsetrinu, þar með talin veiði og öll hlunnindi. Girðingar, eign ríkisins, á hinu skipta landi nýbýlisins fylgja því.

¹⁹⁸ Skjal nr. 2(118).

¹⁹⁹ Skjal nr. 2(334).

²⁰⁰ Skjal nr. 2(335).

Byggingarbrjef þetta tekur ekki til eyðijarðanna við Vatnsfjörð, Hellu, Uppsala og Þverár, og land þeirra telst ekki með Brjánslækjarlandi.²⁰¹

Hinn 13. apríl 1954 ritaði Guðmundur J. Einarsson til Pálma Einarssonar landnámsstjóra um fjármögnun til framkvæmda á Brjánslæk. Í bréfinu segir einnig að byggingarbréf fyrir helmingi jarðarinnar hafi verið innritað í veðmálalækur sýslunnar, en eyðibýli sem fylgt hafi jörðinni frá ómunatíð hafi verið tekin undan henni og það rýri kosti hennar, einkum varðandi silungsveiði og beitoland.²⁰² Hinn 27. apríl sama ár svaraði landnámsstjóri bréfi Guðmundar J. Einarssonar frá 13. apríl um lánsmöguleika til framkvæmda.²⁰³

Hinn 21. september 1954 ritaði Guðmundur J. Einarsson til Pálma Einarssonar landnámsstjóra um lán vegna framkvæmda en einnig um að hann vanti land til viðbótar vegna ræktunar.²⁰⁴ Landnámsstjóri svaraði bréfi Guðmundar hinn 28. september sama ár einkum um ræktunarlán, en einnig þess efnis að landnámsstjóri gæti engin áhrif haft á breytingu á landskiptum eða útvegum viðbótarlands. Í varðveittu afriti bréfsins í skjalasafni Landnáms ríkisins er kritað yfir þann hluta bréfsins.²⁰⁵

Hinn 29. september 1954 óskaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið eftir umsögn landnámsstjóra um bréf Guðmundar J. Einarssonar, dagsett 2. september sama ár, um útmælingu á ræktunarlandi úr óskiptu landi Brjánslækjar.²⁰⁶ Landnámsstjóri svaraði erindinu 1. október þar sem vísað var í skipti á Brjánslæk árið 1949, en þá hafi ekki verið tekið til greina sandlendi sem nú hefði verið tekið til við að rækta. Landnámsstjóri sá því ekkert til fyrirstöðu að skipta landinu en þó yrði þess gætt við skiptin að bæði prestssetrið og nýbýlið fengju jafngilt land. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið féllst á málaleitun Guðmundar í samræmi við tillögur landnámsstjóra.²⁰⁷ Hinn 5. október sama ár samþykkti örnefnanefnd að nýbýlið yrði nefnt Brjánslækur II.²⁰⁸

Hinn 23. október 1954 var mælt viðbótaræktunarland úr óskiptu landi jarðarinnar Brjánslækjar. Eftirfarandi texti um málið birtist í landskiptabók Vestur-Barðastrandarsýslu 1941–1962:

Samhliða landamerkjalinu þeirri er gengur frá „Brjánslæknum“ um innri enda Engeyjar í íbúðarhúsið á Deildará voru mældir út 2.97 ha sandlendi neðan og ofan Þjóðveggarins. Var þá óskipt ofan vegar um 4.6 ha af jafngóðu landi, en neðan vegar erfiðara land.

Ábúandi jarðarinnar vildi ekki sætta sig við úthlutun þessa og lagði þá oddamaður til, að bætt yrði við ábúanda ½ ha ofan vegar af því landi, sem áður getur. Féllust úttektarmenn á þessa málamiðlun, en ábúandi neytaði að taka úthlutun á þessum forsendum og krafðist 4 ha alls. Á þetta gátu úttektarmenn ekki fallist, einkum ekki

²⁰¹ Skjal nr. 2(336).

²⁰² Skjal nr. 2(337).

²⁰³ Skjal nr. 2(338).

²⁰⁴ Skjal nr. 2(339).

²⁰⁵ Skjal nr. 2(340).

²⁰⁶ Skjal nr. 2(341).

²⁰⁷ Skjal nr. 2(342).

²⁰⁸ Skjal nr. 2(343).

þegar tillit er tekið til þess, að ábúanda sköpuðust bætt skilyrði til ræktunar þess lands, sem hann átti fyrir neðan vegar með viðbót þeirri er fyrir getur.

Þar sem sættir náðust ekki í málinu var það látið óafgreitt.²⁰⁹

Í lýsingu Egils Ólafssonar, trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, á óskiptu en ræktanlegu landi heimajarðanna Brjánslækjar I–II, dagsettri 8. desember 1958, er fjallað um skipti á Brjánslæk árið 1949. Í lýsingu Egils er tilgreint hvernig þeim skiptum var háttað og hvaða hluti kom til prestsseturs annars vegar og nýbýlis hins vegar. Samkvæmt henni var hluti prestssetursins 18,5 hektarar að flatarmáli en hluti nýbýlisins Brjánslækjar II 14 hektarar. Í lýsingunni kemur fram að Egill hafi mælt og athugað óskipt land Brjánslækjar en land það liggi utanvert við hið skipta land allt að landamerkjum Moshlíðar.²¹⁰

Í lýsingu Egils á eyðibýlinu Vatnsdalsbökkum, dagsettri sama dag, segir að síðast hafi þar verið búið árið 1789 og árið 1879 hafi jörðin verið lögð undir heimajörðina Brjánslæk, enda hafi hún upphaflega verið frá henni byggð. Um skilyrði til ræktunar segir í lýsingunni að öruggt sé að þar megi rækta samfellda 12 hektara landspildu. Fjárbætt sé ákjósanleg, en kúahagar lélegir og því þyrfti nýbýli á staðnum að fá land annars staðar frá til sumarbeitar fyrir nautgripi.²¹¹

Í bréfi Össurar Guðbjartssonar til landnámsstjóra, dagsettu 5. febrúar 1959, segir að óskað hafi verið eftir umsögn hans um stofnun nýbýlis á Brjánslæk. Össur kvaðst þó ekki geta gefið umsögn án þess að skoða aðstæður.²¹²

Hinn 20. febrúar 1959 ritaði Guðmundur J. Einarsson til landnámsstjóra um stofnun nýbýlis úr landi Brjánslækjar og reifaði þar hugmyndir að því hvernig að henni ætti að standa. Í bréfinu segir að sóknarnefnd Brjánslækjarprestakalls hafi lagt til að nýbýlið fengi land úr eyðikotinu Þverá og Vatnsdalsbökkum. Þá kemur fram í bréfinu að Guðmundur vildi hraða ákvörðun svo hægt væri að hefja undirbúning að framkvæmdum um sumarið.²¹³

Hinn 14. mars 1959 óskaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið eftir umsögn landnámsstjóra vegna beiðni Einars Guðmundssonar um stofnun nýbýlis og erfðafestuábúð á landi eyðijarðarinnar Þverár.²¹⁴ Landnámsstjóri svaraði erindinu 12. maí sama ár og sagði að umsókn Einars hefði verið lögð fyrir nýbýlastjórn sem hafi samþykkt hana með því skilyrði að hann fengi allt að 10 hektara lands frá Brjánslæk II, nýbýli Guðmundar Einarssonar og byggt yrði á því landi sem og viðbótaræktunarlandi á Vatnsdalsbökkum. Landnámsstjóri mælti með að Einari yrðu veitt umbeðin réttindi.²¹⁵

²⁰⁹ Skjal nr. 2(119).

²¹⁰ Skjal nr. 2(344).

²¹¹ Skjal nr. 2(347).

²¹² Skjal nr. 2(348).

²¹³ Skjal nr. 2(349).

²¹⁴ Skjal nr. 2(350).

²¹⁵ Skjöl nr. 2(353) og 2(354).

Skipulagsnefnd prestssetra samþykkti á fundi sínum 12. mars 1959 beiðni Einars um erfðaábúð á Þverá.²¹⁶

Hinn 2. maí 1959 ritaði Guðmundur J. Einarsson til landnámsstjóra um ræktunarsjóðslán og framkvæmdir á nýbýli á Brjánslæk.²¹⁷ Landnámsstjóri svaraði erindinu 8. maí sama ár og sagði ræktunarsjóð algjörlega peningalaus.²¹⁸

Hinn 20. janúar 1960 ritaði Einar Guðmundsson til Pálma Einarssonar landnámsstjóra um landamerki Þverár og stofnun nýbýlis. Af bréfinu virðist sem land Vatnsdalsbakka hafi ekki lengur verið álitid hluti af nýbýlisstofnuninni.²¹⁹ Hinn 26. janúar sama ár ritaði landnámsstjóri til Sveins Víkings um hvaða réttindi skyldu ákveðin fyrir Einar Guðmundsson í byggingarbréfi fyrir eyðijörðinni Þverá. Fram kemur í bréfinu að ekki sé hægt að sjá af heimildum að Vatnsdalsbakkar hafi verið byggðir sem býli eða hjáleiga og þá telji *Jarðabók* Árna Magnússonar Vatnsdal sem afréttarland. Einari hafi enn fremur verið tilkynnt að byggingarbréf yrði aðeins gefið út fyrir Þverá. Loks segir landnámsstjóri að Vatnsdalsbakkar séu í óskiptu beiti- eða afréttarlandi og á því eigi faðir Einars umráð að jöfnu við prestssetrið.²²⁰ Guðmundur J. Einarsson ritaði landnámsstjóra 26. janúar sama ár um að Einari hefði verið synjað um land á Vatnsdalsbökkum til viðbótar við Þverárland. Guðmundur varpaði þá fram þeirri hugmynd að Einar tæki frekar ábúð á Moshlíð.²²¹

Hinn 1. febrúar 1960 ritaði Sveinn Víkingur til landnámsstjóra um samþykki sitt fyrir því að Einar Guðmundsson fengi allt að 10 hektara land til ræktunar við Þverárland. Meðal skilyrða var að landið rýrði sem allra minnst verðgildi og notagildi hins sameiginlega Brjánslækjarlands og að samþykki fengist frá biskup Íslands og öðrum umráðamanni landsins.²²²

Hinn 11. febrúar 1960 ritaði landnámsstjóri til Guðmundar J. Einarssonar um að Einar Guðmundsson sækti um ábúð fyrir Moshlíð. Fram kemur að Einar myndi eflast tryggja framtíð sína betur með því að taka Moshlíð heldur en að ráðast í að byggja upp nýtt býli, sem myndi grundvallast á landi Þverár en þar væru ræktunarskilyrði lakari en í Moshlíð.²²³ Guðmundur svaraði bréfinu 14. sama mánaðar og sagði að Einar myndi sækja um Moshlíð til ábúðar. Í bréfinu ræðir Guðmundur nokkra af skilmálum sínum, s.s. að honum yrði leyft að afsala Einari sínum helmingi Brjánslækjar, $\frac{1}{3}$ í veiðirétti í vatni og ám og að hann afsali Einari $\frac{1}{10}$ hluta af sínum hluta óræktanlegs beitilands til uppbótar á beit í Moshlíð.²²⁴ Landnámsstjóri ritaði jarðeignadeild ríkisins hinn 22. febrúar sama ár og tilkynnti að Einar fengi Moshlíð til ábúðar í stað þess að stofna til

²¹⁶ Skjöl nr. 2(355) og 2(356).

²¹⁷ Skjal nr. 2(351).

²¹⁸ Skjal nr. 2(352).

²¹⁹ Skjal nr. 2(357).

²²⁰ Skjal nr. 2(358).

²²¹ Skjal nr. 2(359).

²²² Skjal nr. 2(360).

²²³ Skjal nr. 2(361).

²²⁴ Skjal nr. 2(362).

nýbýlis á eyðijörðinni Þverá.²²⁵ Hinn 17. mars var sótt um byggingarbréf fyrir Moshlíð.²²⁶

Hinn 4. júlí 1960 ritaði Guðmundur J. Einarsson, ábúandi á Brjánslæk, bréf til jarðeignanefndar ríkisins þar sem hann bað um leyfi til að gera tilraun með laxaklak í Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatni sem tilheyri jörðinni.²²⁷ Guðmundur ítrekaði beiðni sína með bréfi 26. júní 1961 og aftur með bréfi 5. september 1961. Þá sendi Sigurvin Einarsson ráðuneytisstjóra kirkjumálaráðuneytisins bréf, dagsett 21. desember 1961, þar sem hann óskaði eftir að umsókn Guðmundar um laxaupveldi í Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatni yrði svarað.²²⁸ Hinn 2. júní 1962 skrifuðu Baldur Möller og Ragnar Bjarkan hjá dóms- og kirkjumálaráðuneyti undir heimild til Guðmundar Einarssonar á Brjánslæk um að gera tilraunir með laxaklak í Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatni í Brjánslækjarlandi á hans kostnað.²²⁹

Hinn 25. júlí 1960 ritaði landbúnaðarráðuneytið til landnámsstjóra vegna skiptingar á Moshlíð. Í bréfinu segir að jörðin Moshlíð verði leigð Einari Guðmundssyni og Herbert Andersen. Þá segir að Einar muni stofna nýbýli en þar sem hluti hans í Moshlíð sé of lítill verði honum leigð jörðin Þverá.²³⁰ Herbert var sendur leigusamningur fyrir hluta Moshlíðar hinn 4. maí 1961 og síðan annað eintak 30. maí sama ár með staðfestingu ráðuneytisins.²³¹

Hinn 7. mars 1961 heimilaði landbúnaðarráðuneytið makaskipti á einum hektara úr landi Moshlíðar gegn einum hektara úr Brjánslæk II. Leyfið var háð samþykki Guðmundar bónda á Brjánslæk II og landnámsstjóra.²³² Guðmundur J. Einarsson ritaði hinn 1. maí sama ár um skiptin og lýsti því hvernig Einar hefði fengið svonefnt Hrófsnes, sem hefði komið í sínar hendur við skipti Brjánslækjar árið 1949. Á móti hefði Einar fengið einn hektara úr þeim hluta Moshlíðar sem honum tilheyrði samkvæmt byggingarbréfi. Um afmörkun á hluta Einars segir eftirfarandi í bréfinu:

Landið takamarkast [svo] af stórstraums flæðarmáli að innan og lækjará fyrir neðan brú, Að vestan af þjóðveginum frá brú, og c.a. 200 metra úteftir þjóðveginum²³³

Landnámsstjóri samþykkti fyrir sitt leyti makaskiptin með bréfi dagsettu 8. maí 1961.²³⁴

Byggingarbréf var gefið út í landbúnaðarráðuneytinu sama dag og makaskiptin voru heimiluð, 7. mars 1961, en með því var Einari Guðmundssyni byggður hluti úr Moshlíð ásamt ræktunar- og ítölurétti í Þverá. Í byggingarbréfinu er gerð grein fyrir skiptingu á ræktunarlandi Moshlíðar og réttindum Einars í Þverá sem voru beitarréttindi,

²²⁵ Skjal nr. 2(363).

²²⁶ Skjal nr. 2(364).

²²⁷ Skjal nr. 2(272).

²²⁸ Skjöl nr. 2(273)–2(275).

²²⁹ Skjal nr. 2(276).

²³⁰ Skjal nr. 2(365).

²³¹ Skjöl nr. 2(368) og 2(370).

²³² Skjal nr. 2(366).

²³³ Skjal nr. 2(367).

²³⁴ Skjal nr. 2(369).

ræktunarland og veiðiréttur. Ráðuneytið áskildi sér rétt til að taka þann hluta skóglendis þverár sem hæfur væri til skógræktar undan leigunni yrði hafist handa með slíka starfsemi.²³⁵

Hinn 11. september 1963 ritaði Guðmundur J. Einarsson til Pálma Einarssonar landnámsstjóra um lán úr ræktunarsjóði. Í bréfinu kemur m.a. fram að Guðmundur hefði helming Brjánslækjar í erfðafestuábúð samkvæmt byggingarbréfi frá 1954, en legði nú alla áherslu á ræktun nýbýlisins að Brjánslæk. Árið 1960 hefði Ragnar sonur hans tekið við ábúð á nýbýlinu. Guðmundur fjallaði einnig um styrkgreiðslur en sér hefði verið tjáð að þar sem Brjánslækur I teldist í eyði, þótt hann væri nytjaður frá Brjánslæk II, þá fengist þar enginn jarðabótastyrkur.²³⁶ Landnámsstjóri svaraði bréfinu 16. sama mánaðar og upplýsti um fyrirkomulag jarðabótastyrkja.²³⁷

Hinn 23. september 1963 bað Guðmundur J. Einarsson um skriflegt leyfi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til að byggja laxastiga við foss í Vatnsdalsá.²³⁸ Hinn 27. september 1963 veitti ráðuneytið leyfi fyrir laxastiga í fossi í Vatnsdalsá, niður undir sjó, með þeim skilyrðum að allar framkvæmdir væru gerðar í ráði veiðimálastjóra ásamt óbreyttum skilmálum í bréfi ráðuneytisins frá 2. júní 1962.²³⁹

Hinn 8. október 1963 skrifaði sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu bréf til atvinnu- málaráðuneytisins með skrá, dagsettri 30. september 1963, yfir ítök í umdæminu sem „munu hafa fallið úr gildi sbr. lög nr. 113/1952“. Í skránni er meðal annars fjallað um fjörunytjar Brjánslækjarkirkju frá Kerlingartanga að Sandvíkurboða.²⁴⁰

Hinn 15. nóvember 1963 skrifaði Einar Guðmundsson til landnámsstjóra um nýbýlið Seftjörn hjá Brjánslæk. Þar óskaði Einar eftir því að landnámsstjóri mælti með því að býlinu Brjánslæk II yrði heimilt að leggja til Seftjarnar hluta af veiðiréttindum og að býlunum tveimur væri veitt heimild til makaskipta á ræktanlegu landi, en hefðu síðan óskipt og sameiginlegt beutiland.²⁴¹ Landnámsstjóri svaraði erindinu með bréfi dagsettu 27. sama mánaðar og kvaðst ekki geta tekið afstöðu til málsins þar sem Landnámi ríkisins hefði ekki borist staðfest afrit af byggingarbréfum um erfðaábúð Einars. Þá hefði Landnám ríkisins ekki heldur undir höndum þinglesinn erfðaábúðarsamning föður hans, Guðmundar J. Einarssonar, fyrir Brjánslæk II.²⁴²

Hinn 13. desember 1963 ritaði Guðmundur J. Einarsson til landnámsstjóra um búsetu á Brjánslæk, einkum framkvæmdir á prestsseturspartinum en einnig um að laxa- ræktunartilraun sína.²⁴³ Sama dag ritaði Guðmundur annað bréf til landnámsstjóra um tilraunir með laxaklak í Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatni og sagði einnig frá hugmyndum

²³⁵ Skjal nr. 4(127).

²³⁶ Skjal nr. 2(371).

²³⁷ Skjal nr. 2(372).

²³⁸ Skjal nr. 2(277).

²³⁹ Skjal nr. 2(278).

²⁴⁰ Skjal nr. 2(259).

²⁴¹ Skjal nr. 2(373).

²⁴² Skjal nr. 2(374).

²⁴³ Skjal nr. 2(376).

sínum um að Einar sonur sinn fengi $\frac{1}{3}$ hlut í veiðiréttindum Brjánslækjar II. Loks sendi hann með bréfinu eintak af þinglýstu byggingarbréfi.²⁴⁴ Landnámsstjóri svaraði Guðmundi með bréfi dagsettu 19. sama mánaðar og sagði frá samskiptum sínum við landbúnaðarráðuneytið og kirkjumálaráðuneytið varðandi hugmyndirnar.²⁴⁵

Hinn 4. desember 1964 ritaði landnámsstjóri til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um ábúð á Brjánslæk og sagði ekkert athugavert við að samþykkt yrði breyting gagnvart veiðirétti Brjánslækjar II. Í bréfinu er útlistað fyrirkomulag nýbýlanna Brjánslækjar II og Seftjarnar og hvernig hefðu komu til. Jörðin Brjánslækur hefði verið í eyði áður en Guðmundur J. Einarsson kom þangað og hann hefði fengið helming jarðarinnar til stofnunar nýbýlis, Brjánslæk II. Eldri sonur hans hefði síðan fengið ábúð á eyðibýlinu Þverá ásamt ræktunarlandi frá Brjánslæk II og Moshlíð og byggt nýbýlið Seftjörn á því ræktunarlandi. Brjánslækur II hefði svo helming veiðiréttar og hlunninda jarðarinnar að öðru leyti, en Guðmundur færi nú fram á að mega láta $\frac{1}{3}$ hluta síns helmings fylgja býlinu Seftjörn.²⁴⁶

Hinn 5. júní 1966 ritaði Guðmundur J. Einarsson til landnámsstjóra um jarðræktar- og girðingarstyrk til að gera nýbýlið Brjánslæk II að tveimur býlum. Einnig sagði Guðmundur frá því að ekkert svar hefði borist frá ráðuneytinu um það hvort heimilt væri að veita Einari syni sínum $\frac{1}{3}$ hlut í veiðirétti í vatni og á.²⁴⁷ Landnámsstjóri svaraði Guðmundi með bréfi dagsettu 13. sama mánaðar og sagði aðra tvíbýlisaðstöðu ekki mögulega á býli Guðmundar, þar sem með stofnun Seftjarnar væri nú þegar búið að skerða landsréttindi nýbýlis hans. Landnámsstjóri kvaðst ekki hafa heimild til að ákvarða um frekari skipti en þau sem þegar höfðu átt sér stað úr Brjánslækjarlandi, þ.e.a.s. prestssetrinu.²⁴⁸ Málið var áfram rætt í bréfi Guðmundar, dagsettu 23. júní sama ár, þar sem hann kvað Seftjörn ekki vera í nokkru sambandi við Brjánslæk heldur byggða úr Moshlíðarlandi. Guðmundur var ósammála því að nýbýlið Seftjörn skerti landsréttindi sín. Þá sagðist Guðmundur ekki fara fram á neitt hvað land prestssetursins varðaði, heldur aðeins heimild til að rækta stærra tún á sínum hluta jarðarinnar.²⁴⁹ Landnámsstjóri svaraði á ný með bréfi dagsettu 30. júní sama ár þar sem hann staðfesti skilning Guðmundar á stofnun nýbýlisins Seftjarnar, þ.e. „á landi Þverár að því er tekur til beitolands og úr hluta Moshlíðar að því, er tekur til ræktunarhæfs lands með réttindum til beitar að þeim hluta, sem skiptahlutföllin voru ákveðin, þegar Moshlíðin var lögð niður sem sjálfstæð jörð.“ Hann bætti svo við:

En það var ekki þetta, sem ég átti við, þegar ég tók fram, að ekki kæmi til greina að gera þitt býli, Brjánslæk II, að tvíbýlisjörð, heldur hitt, að þótt þú fengir úrskipt að þínum hluta allt það land, er býli þínu ber af ræktunarhæfu landi, myndi það ekki

²⁴⁴ Skjal nr. 2(377).

²⁴⁵ Skjal nr. 2(378).

²⁴⁶ Skjal nr. 2(375).

²⁴⁷ Skjal nr. 2(379).

²⁴⁸ Skjal nr. 2(380).

²⁴⁹ Skjal nr. 2(381).

fullnægja fyrir tvö lögbýli, því hlunnindanna vegna er ekki líklegt að farið yrði að rækta þinn hluta í Engey, nema þá að litlu leyti, þótt hún sé ræktanleg.²⁵⁰

Sömuleiðis segir landnámsstjóri í bréfinu að árið 1954 hafi ráðuneyti heimilað að skipt yrði út fjórum hekturum ræktunarhæfs lands sem sýslumaður hafi síðan látið framkvæmda, en Guðmundur svo hafnað að taka á móti því sem hafi verið 3,47 hektarar að stærð. Landnámsstjóri lagði til að Guðmundur hlitti þeirri skiptagjörð nú, en færi jafnframt fram á að fá til viðbótar úrskipt allt að fimm hekturum úr nothæfu landi.²⁵¹

Hinn 8. júlí 1966 ritaði Guðmundur J. Einarsson til landnámsstjóra og svaraði bréfi frá 30. júní sama ár. Guðmundur kvað það hafa verið ómögulegt fyrir sig að samþykkja skiptin sem áttu að fara fram árið 1954. Þá sagðist hann hafa látið grafa skurð ofan til við svonefndan Gorm sem væri nokkuð af því landi sem úrskipt hefði verið prestssetrinu.²⁵² Þann 29. júlí sama ár ritaði Guðmundur á ný til landnámsstjóra og kvaðst hafa farið fram á 8–10 hektara viðbót af óskiptu landi til túnræktar. Þá hafi hann látið grafa allmikið í óskiptu landi jarðarinnar.²⁵³ Landnámsstjóri svaraði síðarnefnda bréfinu með bréfi dagsettu 9. ágúst sama ár og kvað sýslumann skipa oddamann til skipta, en eðlilegt væri að prestssetrið fengi úrskipt jafngildisland á móti því sem félli Guðmundi í skaut.²⁵⁴ Guðmundur svaraði með bréfi dagsettu 30. sama mánaðar og lýsti því hvernig sér fyndist skiptin ganga seint.²⁵⁵

Hinn 12. mars 1970 rituðu Ragnar og Einar Guðmundssynir til Árna Jónssonar landnámsstjóra og létu fylgja með bréf sitt til Baldurs Möllers ráðuneytisstjóra. Þar óskuðu Ragnar og Einar eftir því að prestssetursjörðin Brjánslækur yrði leigð Ragnari og að eyðibýlin Hella og Uppsalar yrðu leigð með Brjánslæk.²⁵⁶ Landnámsstjóri staðfesti móttöku á bréfinu með bréfi sínu frá 30. apríl sama ár. Þar sagði hann frá þeim ráðagerðum að prestssetrið á Brjánslæk yrði lagt niður og til greina kæmi að selja jörðina. Ragnar og Einar þyrftu því að huga að því hvort þeir myndu vilja kaupa jörðina Brjánslæk.²⁵⁷

Hinn 16. nóvember 1971 svaraði landbúnaðarráðuneytið erindi Alþýðusambands Vestfjarða um orlofsheimili í landi Brjánslækjar á Barðaströnd. Fram kemur í bréfinu að beiðnin verði tekin til athugunar í sambandi við skiptingu á jörðinni Brjánslæk I, sem væntanlega færi fram árið eftir.²⁵⁸

Hinn 7. janúar 1972 staðfesti landbúnaðarráðuneytið móttöku á bréfi Baldurs Guðmundssonar á Brjánslæk, dagsettu 12. desember 1971, um að fá Brjánslæk I byggðan og leigðan til búskapar. Fram kemur að ákvörðun ráðuneytisins verði tekin eftir að álit jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands liggi fyrir.²⁵⁹

²⁵⁰ Skjal nr. 2(382).

²⁵¹ Skjal nr. 2(382).

²⁵² Skjal nr. 2(383).

²⁵³ Skjal nr. 2(384).

²⁵⁴ Skjal nr. 2(385).

²⁵⁵ Skjal nr. 2(386).

²⁵⁶ Skjal nr. 2(387).

²⁵⁷ Skjal nr. 2(388).

²⁵⁸ Skjal nr. 2(389).

²⁵⁹ Skjal nr. 2(390).

Skjal með titlinum „Tillögur til skiptingar og nytja Brjánslækjartorfunnar á Barðaströnd, þ.e. Brjánslækur I og II og eyðijarðirnar Þverá, Hella og Uppsalar“ er dagsett 18. október 1972. Efni þess er svohljóðandi:

Í eftirfarandi, þar sem nafnið Brjánslækur kemur fyrir, er gert ráð fyrir sameiningu Brjánslækjar I og II og að eyðijarðirnar falli þar undir.

1. Vegurinn frá brúnni á Lækjará út fyrir svokallaða Sjávarhóla færast í vesturátt yfir tún Brjánslækjar í samráði við Vegagerð ríkisins, þannig að sjávarmegin vegar fáiast samhangandi spilda, er komi í hlut Seftjarnar.

Ábúandi Seftjarnar skal bæta ábúanda Brjánslækjar þá ræktun, sem tapast við þessa breytingu með því að rækta jafn stórt land í landi Brjánslækjar. Þar til þeirri ræktun er lokið, lætur ábúandi Seftjarnar Brjánslæk til afnota tilsvarendi tún að gæðum.

2. Land sjávarmegin við þjóðveg frá túni við Seftjörn að mörkum Moshlíðar fellur í hluta Seftjarnar, þó þannig að 150 m. breið spilda til sjávar meðfram Moshlíðarmörkum tilheyrir Brjánslæk.
3. Landið milli Hestmúla að norðan, Lækjarbungu að sunnan, Kikafells að vestan og Gormi og Hesthúslæk að austan, nýttist óskert af Brjánslæk.

Svo skal og vera með land það, sem er á milli Moshlíðar og Arnórsstaða.

4. Gróður lausir melar norðan Lækjarár um 20 ha. að stærð telst til ræktunarlands Brjánslækjar. Seftjörn heimildast ræktun hins svokallaða gamla Þverártúns.
5. Kúabeit hafa ábúendur á Brjánslæk og Seftjörn á ræktunarlöndum sínum.
6. Sauðfjárbætt er sameiginleg, utan þeirra landa, sem áður hafa verið sérfrátekin, ú hlutföllunum Brjánslækur 6 á móti 4 Seftjarnar, en $\frac{1}{4}$ hluti beitarréttar telst yfirfært ítak Seftjarnar vegna Moshlíðar.

Með þessu beitarítaki Seftjarnar í Brjánslæk falla niður beitarítök Seftjarnar í Þverárlandi.

7. Hlunnindi í ám og vötnum svo og önnur hlunnindi, að æðarvarpi undanskildu, skiptist í sömu hlutföllum og sauðfjárbætt í hlutföllunum 3 Brjánslækur : 2 Seftjörn.

Hinn sérstaki veiðiréttur Seftjarnar í Þverá fellur niður og nýttar árinna sameinast heildar veiðihlunnindunum.

8. Nýkjendur landsins eru samþykkir eftirfarandi atriðum:
 - a. Að Barðstrendingafélagið í Reykjavík fái aukið landrými vegna Hótel Flókalundar.
 - b. Að Jóhanni Skaftasyni, sýslumanni, verði heimiluð afnot Helluhólma og gamla Hellutúnsins, sem sumarhús hans stendur á, þó einungis meðan hans nýtur við, þareftir sameinist túnið landi Flókalundar.
 - c. Að Alþýðusamband Vestfjarða fái lóðir undir sumarhúsi á einhverjum eftirtalinna staða, þó þannig, að þegar girðingar verða upp settar, hindri þær ekki rennsli fjár úr og í beitarlönd.
 1. Ofan þjóðvegur upp með og vestan Pennu.
 2. Neðst í Kleifum og efst í Mörk.
 3. Uppsalatún og nánasta umhverfi.
 - d. Að til náttúruverndar verði tekið landið frá Eiðisá, kringum Vatnsdalsvatn að Þingmannaá. Verði landið agirt sé það gert í samráði við nýkjendur Brjánslækjar.

Framanskráðum tillögum erum við fullkomlega samþykkir.

Flókalundi, 18. október 1972.

Einar Guðmundsson

Ragnar Guðmundsson²⁶⁰

Hinn 26. október 1972 skilaði Björn Bjarnason ráðunautur landbúnaðarráðuneytinu skýrslu um búskaparlegt notagildi Brjánslækjar en ráðuneytið hafði falið Birni skýrslugerðina með bréfi 4. október 1972. Í bréfi Björns til ráðuneytisins kemur m.a. fram að í ferð hans um svæðið 14.–19. október 1972 hafi hann m.a. rætt við Ragnar Guðmundsson á Brjánslæk og Einar Guðmundsson á Seftjörn og náð samkomulagi við þá um tillögur til skiptingar og nytja á Brjánslækjartorfunni sem eru sagðar fylgja bréfinu.²⁶¹ Í skýrslu Björns segir m.a. um Brjánslæk:

Brjánslækur, prestssetrið á að utan land að Arnórsstöðum frá sjó utan Sauðaness til fjalls og um Lækjarbungu, Kikafell, Þverfell og áfram norður og norðaustur eins og vötnum hallar við Trostansfjörð, Geirþjófsfjörð um Lónfellshnjúka, Botnshnjúk sunnan Stóra-Eyrarvatns áfram norður austur og suður eftir vatnaskilum við Vatnsdalsá og austan Þingmannaár að austurmörkum Uppsala í Vatnsfjörð austanverðan.

Sværði þetta er það víðáttumikið að talið var, að 12 menn þyrfti í göngur á því. Innan áðurnefndra marka að sjó í Vatnsfirði hefur frá upprunalegu landi Brjánslækjar verið úrskipt eftirfarandi:

- Moshlið, sem síðar var skipt í nýbýlið Seftjörn og leiguland til Efri-Arnórsstaða (leigt til 40 ára).
- Brjánslæk II, sem er í byggð.
- Þverá, Hellu og Uppsölum, sem allar eru í eyði.

Ræktunarland Brjánslækjar heima er á milli Brjánslækjar II og Moshliðar en samfelldast er það ofan Gormsins. [...]

Annað land Brjánslækjar: Fjalllendi Brjánslækjar er mjög mismunandi að gæðum, allt frá því að vera með ágætis beitargróður niður í hreina auðn. Vatnsdalssvæðið er bezta og samfelldasta beitarland Brjánslækjar. Vatnsdal kalla ég svæðið, sem liggur inn af botni Vatnsfjarðar. Þetta er ekki fyllilega rétt, því hinn eiginlegi Vatnsdalur liggur upp frá Vatnsdalsvatni innst. Yzta svæðið takmarkast af Þingmannaá, Vatnsfirði, Vatnsdalsá, Vatnsdalsvatni og Kleifum (þar sem gamli vegurinn kemur ofan af Þingmannaheiði), kallast Mörk. Mörkin er kjarri og skógi vaxið flatlendi.

Landið milli Vatnsdalsvatns, Vatnsdalsár og Eiðisár, sem er á mörkum við Hellu, heitir Eiðið. Á Eiðinu má sjá gamlar rústir eftir byggt ból, Vatnsdalsbakka, er síðast var í byggð um 1703. Vatnsdalsvatn er um 3 km að lengd. Það er á stöðum alldjúpt. Mesta dýpi í því hefur mælt 28 m. Landið langt inn með Vatnsdalsvatni er skógi vaxið að mestu upp undir miðjar hliðar. Hinn eiginlegi Vatnsdalur liggur upp frá Vatnsdalsvatni norðanverðu. Þar eru grasivaxnar eyrar en hliðar grónar kjarngóðum gróðri. Upp úr Vatnsdalnum gagna minni dalir og dalverpi, gróin góðum beitargróðri. Þetta eru aðal sauðfjárbaitarlönd Brjánslækjar að sumarlagi og hafa þau ekki orðið fyrir neinum áföllum á undanförunum harðindaárum.

Eyðijarðirnar Þverá, Hella og Uppsalar hafa það sameiginlegt, að þær liggja allar að sjó, Vatnsfirði, en ganga eins og separ inn í land Brjánslækjar. [...]

²⁶⁰ Skjal nr. 4(128), sbr. einnig skjal nr. 4(24).

²⁶¹ Hér virðist um að ræða framangreindar tillögur dags. 18. október 1972, skjal nr. 4(128), sbr. einnig skjal nr. 4(24).

Brjánslækur II á úrskipt land heima á Brjánslæk og er það allt ræktað fyrir ofan þjóðveg, um 9 ha. Auk þessa hefur Brjánslækur II ræktað í óskiptu landi á Sauðanesi um 5,4 ha og á öðrum stöðum um 4 ha. Auk þess grófunnið um 4,4 ha ofan Gorms. Kúabeit er engin í úthaga. Fjörubeit er nokkur í góðu árferði.

Hlunnindi á Brjánslækjartorfunni: Í Þverá er smávegis sjóbirtingsveiði. Áin Þverá er á mörkum Brjánslækjar og eyðibýlisins Þverár. Í Vatnsdalsvatni var nokkur netaveiði, urriði og bleikja. Þingmannaá, Eiðisá, Penna og Lækjará eru dauðar ár hvað veiði viðvíkur. Fyrir nokkrum árum var myndað veiðifélag um Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatn í þeim tilgangi að gera Vatnsdalsá laxgenga og auka veiði í á og vatni.²⁶²

Samantekt Björns um helstu tillögur sínar er síðan svohljóðandi:

1. Að prestssetrið Brjánslækur, Brjánslækur II, Þverá, Hella og e.t.v. Uppsalið verði sameinaðar í eina jörð, Brjánslæk, með því einu skapast sá grundvöllur, sem nauðsynlegur er, til þess að fá hagkvæman búskap á Brjánslæk.
2. Að Seftjörn fái viðbótarland frá Brjánslæk, eins og tilgreint er í viðlögðum tillögum.
3. Að Seftjörn verði veitt ítak fyrir sauðfjárbætur í Brjánslækjarlandi í vissum hlutföllum við Brjánslæk.
4. Að Seftjörn fái hlutdeild í veiðiréttindum Brjánslækjar.²⁶³

Að auki nefnir Björn önnur mál sem taka þurfi til athugunar áður en gengið verði endanlega frá ráðstöfun jarðarinnar, m.a.:

4. Að Alþýðusambandi Vestfjarða verði heimilað að velja úr einhvern eftirtalinna staða undir orlofsheimili:
 - a) Land ofan þjóðvegs upp með Pennu, þó þannig, að ótrufluð umferð sé fyrir sauðfé meðfram ánni.
 - b) Efst í Mörkinni og neðarlega í kleifunum sunnan og austan Vatnsdalsvatns.
 - c) Túnið á Uppsölum.
5. Að til náttúruverndar verði tekið landið fyrir innan Vatnsfjörð að Eiðisá að vestan og Þingmannaá að austan inn með Vatnsdalsvatni beggja megin eins og þurfa þykir í samráði við nytjendur Brjánslækjar.²⁶⁴

Í bréfi frá framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs til jarðeignadeildar landbúnaðar-ráðuneytisins, dags. 29. desember 1972, segir að á fundi ráðsins hafi þjóðgarðsstofnun í Vatnsfirði komið til umræðu og ráðið samþykkt að óska þess að engin sala eða ráðstöfun á jörðum í Vatnsfirði eða hluta af þeim færi fram án vitundar Náttúruverndarráðs.²⁶⁵

Hinn 13. febrúar 1973 ritaði landbúnaðarráðuneytið bréf til Náttúruverndarráðs um jörðina Brjánslæk í framhaldi af tillögum Björns Bjarnasonar ráðunautar frá 26. október 1972 þar sem Björn lagði til að til náttúruverndar yrði tekið landið fyrir innan Vatnsfjörð að Eiðisá að vestan og Þingmannaá að austan inn með Vatnsdalsvatni beggja megin. Í bréfi sínu til Náttúruverndarráðs fór ráðuneytið þess á leit að tillögur yrðu gerðar um hvaða landsvæði skyldi undanskilja og taka frá til náttúruverndar.²⁶⁶

²⁶² Skjal nr. 4(19). Sérstaka umfjöllun skýrslunnar um Seftjörn, Þverá, Hellu og Uppsali er að finna í köflum um þær jarðir.

²⁶³ Skjal nr. 4(19).

²⁶⁴ Skjal nr. 4(19).

²⁶⁵ Skjal nr. 4(20).

²⁶⁶ Skjal nr. 2(391), sjá einnig skjal nr. 4(20).

Hinn 4. maí 1973 sendi landbúnaðarráðuneytið Ragnari Guðmundssyni uppkast að byggingarbréfi hans fyrir jörðinni Brjánslæk. Fram kemur að ekki verði hægt að gefa byggingarbréfið út nema fyrir liggi uppsögn föður Ragnars á Brjánslæk III frá næstkomandi fardögum.²⁶⁷ Sama dag sendi ráðuneytið til Einars Guðmundssonar uppkast að byggingarbréfi fyrir Seftjörn með landaukum og ítökum, sem jörðin fengi úr Brjánslækjartorfunni eftir tillögum Björns Bjarnasonar frá haustinu áður.²⁶⁸

Hinn 30. maí 1973 ritaði landbúnaðarráðuneytið til Guðmundar Einarssonar á Brjánslæk II og staðfesti móttöku á bréfi hans dagsettu 18. maí sama ár, þar sem hann ræddi um ráðstöfun á eignum sínum á nýbýlinu Brjánslæk II og ef til þess kæmi að Ragnar sonur sinn tæki við nýbýlinu um leið og það yrði sameinað Brjánslæk I. Fram kemur í bréfinu að ef til þessara ábúendaskipta kæmi væri sjálfsagt að láta fara fram úttekt og meta allar eignir Guðmundar. Síðan yrði það samkomulagsatriði milli ráðuneytisins og Ragnars hvað hann gæti keypt af þeim eignum.²⁶⁹

Í minnisblaði frá Náttúruverndarráði um Vatnsfjörð, dags. 13. mars 1973, er m.a. fjallað um jarðir í Vatnsfirði, búskap og beit, sem og aðra starfsemi í firðinum. Þar segir einnig að samþykkt náttúruverndarþings sé á þá leið að þjóðgarður verði stofnaður í Vatnsfirði. Skoða verði málið með það markmið í huga þótt fjárhagur leyfi það e.t.v. ekki á næstu árum en koma þyki til greina að stofna friðland í firðinum á meðan.²⁷⁰

Í öðru minnisblaði frá Náttúruverndarráði, dags. 22. október 1973 er greint frá vettvangsskoðun í Vatnsfirði 9. og 10. september í því skyni að kanna möguleika til friðlýsingar þar í framhaldi af ályktun náttúruverndarþings um vernd fjarðarins. M.a. er sagt frá samtölum við heimamenn, starfsemi í firðinum og samningum sem standi fyrir dyrum milli jarðeignadeildar landbúnaðarráðuneytisins og ýmissa nytjenda landsins. Um landsvæðið sjálft segir eftirfarandi:

Land það, sem hér er um að ræða, og allt er í ríkiseign, er land jarðanna Brjánslækjar I og II og Seftjarnar, sem nýttar nú land það, sem áður hét Moshlíð, en lagðist síðar undir Brjánslæk. Ennfremur eyðibýlin Þverá og Hella vestan fjarðar og Uppsalar að austan.

Gera má greinarmun á þessum svæðum þegar landið er skoðað með friðlýsingu í huga: (1) Vatnsdalur norðan Þingmannaár og Eiðisár. (2) Sama svæði ásamt Uppsala landi fram á Hörgsnes að austan og Hellu- og Þverárlandi að Þverá að vestan. (3) Allt þetta land, að viðbættu heimalandi Brjánslækjarhverfisins. Inn í það fellur Surtarbrandsgil, sem friðlýsa þarf sérstaklega, ef möguleikar (1) eða (2) verða valdir. Til álita kemur að stofna þjóðgarð, friðland, eða fólkvang í Vatnsfirði.²⁷¹

Niðurstaða minnisblaðsins er að með tilliti til þess að um sé að ræða „eitt af höfuðbýlum Vestfjarða, þar sem búið er af fullum krafti og ekki ástæða til að draga úr búskap að neinu ráði að svo komnu máli“ þyki ekki tímabært að stofna þjóðgarð í Vatnsfirði. Fólkvangsformið gæti hugsanlega komið til greina en engin sveitarfélög vestra eða

²⁶⁷ Skjal nr. 2(393).

²⁶⁸ Skjal nr. 2(394).

²⁶⁹ Skjal nr. 2(395).

²⁷⁰ Skjal nr. 4(21).

²⁷¹ Skjal nr. 4(22).

samtök þeirra hafi látið í ljós áhuga á að kosta rekstur fólkvangs. Því þyki rétt að stefna að stofnun friðlands.²⁷²

Í bréfi frá Náttúruverndarráði til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 22. október 1973, er gerð grein fyrir skýrslu undirnefndar ráðsins um friðlýsingu í Vatnsfirði og tillögum hennar um stofnun friðlands. Þar kemur m.a. fram að nefndin telji eðlilegast að stefna að stofnun friðlands „á landi Brjánslækjar öllu innan Þverár að vestan og með landi Uppsala fram á Hörgsnes að austan“. Náttúruverndarráð óski ekki eftir að hafa afskipti af heimalöndum Brjánslækjarbæjanna, þó með þeirri undantekningu að lagt sé til að Surtarbrandsgil verði friðlýst sem náttúruvætti. Gert sé ráð fyrir að í reglugerð friðlandsins verði kveðið á um rekstur hótelsins í Flókalundi, þar á meðal að framkvæmdir á vegum þess verði háðar samþykki Náttúruverndarráðs og sama gildi um hugsanlegt samkomusvæði í Vatnsdal.²⁷³

Með byggingarbréfi dags. 10. október 1974 byggði landbúnaðarráðherra Ragnari Guðmundssyni Brjánslæk. Þar segir að landamerki hinnar leigðu jarðar séu landamerki Brjánslækjar II eins og þau séu tilgreind í byggingarbréfi dags. 7. mars 1961 með breytingum og viðaukum sem um geti í viðfestum tillögum um skiptingu Brjánslækjartorfunnar. Í bréfinu segir einnig:

Með undirskrift þessa byggingarbréfs skuldbindur ábúandi sig til að hlíta þeirri skiptingu á Brjánslækjartorfunni og nyrjum hennar, sem hann undirritaði í Flókalundi 18. október 1972. Úr torfunni er tekin eyðijörðin Uppsalir og leigð öðrum.

Ábúandi samþykkir tillögur Náttúruverndarráðs um friðland í Vatnsfirði og náttúruvætti í Surtarbrandsgili.

Jörð sú – Brjánslækur – sem ábúanda er leigð með byggingarbréfi þessu er jörðin Brjánslækur II að viðbættu því úr Brjánslæk I (prestssetrinu), sem undir Brjánslæk II er lagt í tillögum Bj.Bj. og ábúandi undirritaði í Flókalundi 18. október 1972.²⁷⁴

Í ódagsettri tillögu Náttúruverndarráðs um friðland í Vatnsfirði er mörkum fyrirhugaðs friðlands lýst svo:

(1) Með Þverá og Mikladalsá frá ósi að upptökum og (2) þaðan beina stefnu í hátind Klakks. (3) Eftir það landamerki Brjánslækjar á vatnaskilum að vestan, norðan og austan, og áfram að landamerkjum Uppsala að austan og allt til sjávar á Hörgsnesi.²⁷⁵

Í desember 1974 og janúar 1975 undirrituðu annars vegar ábúendur Brjánslækjar og Seftjarnar og hins vegar eigendur og ábúendur Fossár yfirlýsingar um að þeirra vegna væri heimil friðlýsing tiltekins hluta Vatnsfjarðar með þeim mörkum og reglum sem fram komi í yfirlýsingunni. Yfirlýsingunum var þinglýst 28. febrúar 1975. Mörkum friðlýsta svæðisins er þar lýst svo:

Með Þverá og síðan Mikladalsá frá ósi að upptökum. (2) Þaðan beina stefnu í hátind Klakks. (3) Eftir það landamerki Brjánslækjar á sýslumörkum að vestan og norðan, og til austurs eins langt og lönd Brjánslækjar og Uppsala ná allt til móts við brúnir

²⁷² Skjal nr. 4(22). Samkvæmt minnisblaðinu fylgir tillaga um friðlandið en hún er ekki með því afriti bréfsins sem liggur fyrir í málinu.

²⁷³ Skjal nr. 4(20).

²⁷⁴ Skjal nr. 4(129).

²⁷⁵ Skjal nr. 4(26).

Fossárfjalls ofan Uppsaladals. (4) Síðan fylgja mörkin fjallsbrún til suðurs. (5) Af fjallsbrún liggja mörkin með klettavegg þeim sem er skammt austan við klettinn Hörg, svo langt sem hann nær og þaðan skemmstu leið til sjávar. Eyjar og hólmar á Vatnsfirði eru háðir ákvæðum friðlýsingarinnar.²⁷⁶

Í yfirlýsingu ábúenda Brjánslækjar og Seftjarnar er viðauki þar sem þeir setja skilyrði um að tjaldstæði og umferð fyrir framan Vatnsdalsvatn séu háð leyfi ábúenda.²⁷⁷

Hinn 5. mars 1975 sendi framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs menntamálaráðuneytinu bréf um að ráðið hefði á fundi 24. janúar 1975 samþykkt fyrir sitt leyti stofnun friðlands í Vatnsfirði ásamt friðlýsingu Surtarbrandsgils sem náttúruvættis. Eigendur og rétthafar til landsins hefðu gefið yfirlýsingu þess efnis að þeir væru samþykkir friðlýsingunni og myndu engar bótakröfur gera vegna hennar en samkvæmt bréfinu er þar um að ræða yfirlýsingar frá ábúendum Brjánslækjar og eigendum og ábúendum Fossár. Þess er farið á leit að ráðuneytið staðfesti friðlýsingarnar og birti í Stjórnartíðindum.²⁷⁸

Árið 1975 var síðan stofnað friðland í Vatnsfirði með auglýsingu nr. 96/1975 þar sem mörkum friðlandsins er lýst með svofelldum hætti:

Með þverá og síðan Mikladalsá frá ósi að upptökum. (2) Þaðan beina stefnu í hátind Klakks. (3) Eftir það landamerki Brjánslækjar á sýslumörkum að vestan og norðan, og til austurs eins langt og lönd Brjánslækjar og Uppsala ná allt til mótis við brúnir Fossárfjalls ofan Uppsaladals. (4) Að fjallsbrún liggja mörkin með klettavegg þeim sem er skammt austan við klettinn Hörg, svo langt sem hann nær, og þaðan skemmstu leið til sjávar. Eyjar og hólmar á Vatnsfirði eru háðir ákvæðum friðlýsingarinnar.²⁷⁹

Með samningi dags. 12. nóvember 1976, leigði landbúnaðarráðherra Alþýðusambandi Vestfjarða „land úr ríkisjörðinni Brjánslæk“, ofan þjóðveggar 100 m vestan við ána Pennu, til byggingar og reksturs orlofsheimila.²⁸⁰

Hinn 31. október 1978 var á fundi jarðanefndar Vestur-Barðastrandarsýslu lögð fram umsókn um meðmæli með stofnun félagsbús á jörðinni Brjánslæk. Nefndin var meðmælt breytingum á búskaparháttum umsækjenda, Ragnars Guðmundssonar og Ívars Ragnarssonar.²⁸¹

Hinn 7. október 1983 samþykkti landbúnaðarráðherra svohljóðandi ósk ábúenda á Brjánslæk og Seftjörn, dags. 21. ágúst 1983, um afnotaskipti Brjánslækjartorfunnar en tekið var fram að samkomulagið breytti að öðru leyti hvorki tillögum um skipti á Brjánslækjartorfunni sem ábúendurnir undirrituðu 18. október 1972 né reglum um friðland í Vatnsfirði:

²⁷⁶ Skjal nr. 4(25).

²⁷⁷ Skjal nr. 4(25).

²⁷⁸ Skjal nr. 4(20). Í bréfinu segir að samþykktir Náttúruverndarráðs ásamt markalýsingum og reglum um svæðin fylgi, sem og uppdrættir á glærum og afrit af yfirlýsingum ábúenda Brjánslækjar og eigenda og ábúenda Fossár. Þau gögn fylgja ekki því afriti bréfsins sem liggur fyrir í málinu.

²⁷⁹ Skjal nr. 4(16).

²⁸⁰ Skjal nr. 4(111).

²⁸¹ Skjal nr. 2(409).

Landið frá Þverá að Eyðisá skiptist þannig:

Seftjörn: Þverárland, milli Þverár og Grenjadalsár, Mávavötn og landið umhverfis þau fylgja.

Brjánslækur: Landið frá Grenjadalsá að Eyðisá, Helluvatn og landið umhverfis það fylgja.

Verði borað eftir heitu vatni á umræddu landi, skulu báðar jarðirnar njóta réttar til þess eins og á óskiptu landi jarðanna, þ.e. í hlutföllum Brjánslækur 3 hl., Seftjörn 2 hl.²⁸²

Í samningi ábúenda á Seftjörn og Brjánslæks, dagsettum 17. júlí 1986, er fjallað um tilkall til vatns. Þar segir eftirfarandi:

Við, ábúendur á Brjánslæk, gerum ekki tilkall til vatns, sem upp kann að koma við fyrirhugaða borun á Þverá, þannig að Seftjörn nýtur þess óskipt.

Á sama hátt gerum við ábúendur á Seftjörn, ekki tilkall til vatns, ef af borun verður af hendi ábúenda Brjánslækjar, í úrskiptu landi þeirra. Verði ekki talin líkindi til árangurs á því landi, samþykkið við, að þeir (áb. Brjánslækjar) fái, án ítaks frá Seftjörn að bora í svo nefndum Smiðjukleifum, sem er óskipt land Brjánslækjar og Seftjarnar.²⁸³

Dagana 26.–27. september 1986 voru rannsakaðar jarðfræðilegar aðstæður í Smiðjukleifum með tilliti til borunar eftir heitu vatni. Fram kemur í greinargerð Kristjáns Sæmundssonar að borstaðurinn í Vatnsfirði hafi verið í um 150 metra fjarlægð frá veginum upp á Þingmannaheiði.²⁸⁴

Í nóvember 1986 tók Ingvi Þorsteinsson hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins saman skýrslu um rannsóknir á gróðri í friðlandinu í Vatnsfirði. Kortlagning gróðurs og aðrar gróðurrannsóknir í friðlandinu fóru fram í byrjun september sama ár, en um var að ræða framhald rannsókna sem hófust árið 1984. Með skýrslunni í nóvember 1986 var lokið við að kortleggja allt láglendi friðlandsins upp að mörkum samfellds gróðurs í 200–400 metra hæð. Fram kemur í skýrslunni að hálendið hafi ekki verið kortlagt, en gróður þess verið kannaður. Við flokkun vegna kortlagningar var gróðri á láglendi í Vatnsfirði skipt í 26 gróðurhverfi, en við könnun á gróðurfari og ástandi skóglenda var landinu skipt í sjö mælingasvæði. Í töflum í skýrslunni er annars vegar sýnd víðátta þess lands sem þakið er gróðri, en með mismunandi þéttleika eða þekju og hins vegar víðátta eftir að gróðurþekjan hefur verið umreiknuð í 100%. Þá segir í skýrslunni að friðlandið sé alls um 19.050 hektarar að stærð. Á hálendinu séu um 16.000 hektarar en 3.050 hektarar séu á láglendi. Meðalþekja gróðurs á gróðurþöktu landi á láglendi sé um 75%. Um 4/5 hlutar hins samfellda gróðurs séu neðan við 200 metra hæð, en óvída ná hann upp fyrir 400 metra hæð. Í niðurlagsorðum skýrslunnar segir að skóglendi í Vatnsfirði sé viðkvæmt gagnvart beit og friða þurfi það fyrir henni, að minnsta kosti meðan skógurinn sé að endurnýjast og vaxa upp í þá hæð að sumarbeit valdi ekki skaða á trjánnum.²⁸⁵

²⁸² Skjal nr. 4(113).

²⁸³ Skjal nr. 2(410).

²⁸⁴ Skjal nr. 2(411).

²⁸⁵ Skjal nr. 2(412).

Í minnisblaði um málefni friðlandsins í Vatnsfirði, dagsettu 8. janúar 1987 og varðveittu meðal vinnugagna starfsfólks landbúnaðarráðuneytisins, er fjallað um hugsanlega beit í friðlandinu og útlistaðir nokkrir möguleikar um fyrirkomulag búfjárbeitar. Þá segir að hrossabeit verði útilokuð, en kanna ætti möguleika á því að ábúendum verði útveguð beitarafnot fyrir sauðfé utan friðlandsins, s.s. í Múlahreppi. Þá segir að girða verði austurmörk friðlandsins þannig að nánast öll beit frá Fossá verði útilokuð, en ábúanda á Fossá verði sagt upp afnotum af Uppsálalandi. Þá sé gert ráð fyrir að heimaland Brjánslækjar verði girt af á kostnað ábúenda eða annarra sem hann fái til þess. Minnisblaðinu fylgir kort af Vatnsfirði með skýringum, en þar er búið að teikna inn (með númerum og litamerkingum) eftirfarandi atriði: 1. Heimaland Brjánslækjar, óháð Seftjörn. 2. Úrskipt til Seftjarnar samkvæmt tillögum áður samþykktum. 3. Lóðir orlofshúsa Alþýðusambands Vestfjarða. 4. Lóð Hótels Flókalundar. 5. Úrskipt til Brjánslækjar samkvæmt tillögum áður samþykktum. 6. Viðbót til Brjánslækjar vegna samnings um búháttabreytingu (Smiðjukleifar). 7. Sameiginlegt heimaland Brjánslækjar og Seftjarnar, áður ákveðið og alltaf utan friðlýsingar (líkt og númer 1 og 8). 8. Heimaland Seftjarnar (Moshlíð). 9. Friðland. 10. Girðingar, til friðunar Vatnsdals.²⁸⁶

Hinn 19. maí 1987 var gerður leigusamningur um 1,4 hektara lóð úr landi ríkisjarðarinnar Brjánslækjar II. Ragnar Guðmundsson var leigutaki en leigusali var landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins. Lóðin lá austast í svokölluðu Flókatúni. Nánari lega, takmörk og stærð var sýnd á uppdrætti sem fylgdi samningnum. Lóðin var leigð til 50 ára frá útgáfudegi hans.²⁸⁷ Hinn 27. júlí sama ár var gerður leigusamningur um 28,8 hektara lóð úr landi Brjánslækjartorfu, landi Seftjarnar samkvæmt afnotaskiptum frá 7. október 1983. Leigutaki var Klak og eldisstöðin s/f en leigusali var landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins. Lóðin var sömuleiðis leigð til 50 ára frá útgáfudegi samningsins, en lega hennar var afmörkuð með uppdrætti sem fylgdi samningnum. Á honum markast lóðin m.a. við Þverá og beina línu nokkuð sunnan Gíslalækjar.²⁸⁸ Samningarnir voru, ásamt tveimur samningum um 2.000 m² lóðir úr landi Seftjarnar, teknir fyrir á fundi jarðanefndar Vestur-Barðastrandarsýslu 3. desember 1987. Um samninginn vegna 28,8 hektara lóðarinnar bókaði nefndin að umrætt land væri á friðlýstu svæði og fylgja yrði yfirlýsing frá Náttúruverndarráði svo að framkvæmdir á landinu væru leyfilegar. Þá bókaði nefndin að lóðirnar tvær sem voru 2.000 m² að stærð væru úr landi Brjánslækjar og Seftjarnar, þar sem landi jarðanna hafi aldrei verið formlega skipt. Loks um samninginn varðandi 1,4 hektara lóðina gerði nefndin engar athugasemdir.²⁸⁹

Í júlí 1987 var Ragnar Guðmundssyni á Brjánslæk veitt stöðuleyfi til að koma fyrir um 15 m² veiðihúsi á landi ríkisins í Vatnsfirði. Leyfið heimilaði að veiðihúsið stæði

²⁸⁶ Skjal nr. 2(413).

²⁸⁷ Skjal nr. 2(414).

²⁸⁸ Skjal nr. 2(415).

²⁸⁹ Skjal nr. 2(418).

við Vatnsdalsá og neðan Þjóðvegur í Vatnsfirði, en gildistími þess var til 1. september 1987.²⁹⁰

Hinn 17. september 1987 skrifaði Gísli Gíslason, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs til Einars Guðmundssonar og Bríetar Böðvarsdóttur á Seftjörn um breytingu á mörkum friðlandsins í Vatnsfirði. Vísað var til erindis þeirra um byggingu íbúðarhúss í landi Þverár í Vatnsfirði. Náttúruverndarráð féllst á þau áform, m.a. að uppfylltu því skilyrði að engin búfjárbætur yrði í friðlandinu frá Seftjörn og Þverá. Þá kemur fram í bréfinu að Náttúruverndarráð myndi breyta mörkum friðlandsins þannig að umrædd lóð yrði utan þess, þó ekki hafi verið ákveðið endanlega hvar ný friðlandsmörk yrðu.²⁹¹

Hinn 21. desember 1987 var gerður leigusamningur um tvær lóðir, samtals 6.288 m² úr óskiptu landi Brjánslækjar. Leigutaki var Flóki h.f. en leigusali var landbúnaðarráðherra f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins. Leigutími var 25 ár frá útgáfu samningsins, en lega lóðanna var færð inn á uppdrátt sem fylgdi samningnum. Með samningnum féll úr gildi lóðarleigusamningur Flóka h.f. frá 18. desember 1979 um 2.805 m² lóð úr landi Brjánslækjar.²⁹²

Hinn 17. mars og 7. apríl 1988 voru gerðir tveir leigusamningar um 2.000 m² lóðir úr landi Brjánslækjartorfu, landi Seftjarnar skv. afnotaskiptum frá 7. október 1983. Leigutakar voru annars vegar Arndís Harpa Einarsdóttir og Einar Pálsson og hins vegar Stefanía Stefánsdóttir og Guðmundur Einarsson. Leigusali var landbúnaðarráðherra f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins. Lóðirnar voru báðar innan marka leigulands Klaks- og eldisstöðvarinnar s/f, sbr. lóðarleigusamning um 28,8 hektara lóð sem útgefinn var 27. júlí 1987.²⁹³

Hinn 6. ágúst 1991 sendi landbúnaðarráðuneytið Náttúruverndarráði leigusamning við Ragnar Guðmundsson, ábúanda á Brjánslæk, um spildu milli Vatnsdalsár og Þingmannaár með ósk um áritun ráðsins. Tekið var fram að samningurinn yrði að hljóta sérstakt samþykki hreppsnefndar og jarðanefndar, svo og Einars Guðmundssonar, ábúanda á Seftjörn, þar sem landið væri óskipt milli Seftjarnar og Brjánslækjar.²⁹⁴

Fyrir liggja fleiri skjöl frá árunum 1986–1991 en hér hefur verið gerð grein fyrir, m.a. ýmis bréfaskipti ábúanda á Brjánslæk, Náttúruverndarráðs og landbúnaðarráðuneytisins, þar sem fjallað er um beitarmál og búskaparhætti á Brjánslæk og Seftjörn í tengslum við friðland í Vatnsfirði.²⁹⁵

Hinn 6. ágúst 1993 gaf landbúnaðarráðherra út byggingarbréf fyrir Brjánslæk til Halldóru Ingibjargar Ragnarsdóttur. Þar er vísað til tillagna um skiptingu Brjánslækja-

²⁹⁰ Skjal nr. 2(416).

²⁹¹ Skjal nr. 2(417). Sjá einnig skjöl nr. 4(115) og 4(116).

²⁹² Skjal nr. 2(419).

²⁹³ Skjal nr. 2(420).

²⁹⁴ Skjal nr. 4(120); sjá einnig skjal nr. 4(125).

²⁹⁵ Sjá m.a. skjöl nr. 4(110) og 4(114)–4(126).

rtorfunnar frá 18. október 1972 sem fylgja bréfinu²⁹⁶ og einnig tekið fram að eyðijörðin Uppsáir fylgi ekki leigunni.²⁹⁷

Í gögnum jarðanefndar Vestur-Barðastrandarsýslu, sem varðveitt eru í skjalasafni landbúnaðarráðuneytisins, er ódagsett kort, líklega frá apríl 2000, þar sem litað hefur verið inn afmörkun Brjánslækjar, Moshlíðar og Seftjarnar. Ofan við litaða hluta Brjánslækjar, Moshlíðar og Seftjarnar, vinstra megin á kortinu, hefur verið skráð „Brjánsl. brött og gróðurlaus hlíð“^{ad} mestu“ í tilviki Brjánslækjar, en við litaða hluta Moshlíðar og Seftjarnar er skráð „ógróin brött hlíð, óskipt land Moshlíðar og Seftjarnar“. Hægra megin á kortinu er annars vegar skráð á hluta Brjánslækjar „Brjánslækjarland ræktað og óræktað ónákvæmt riss“ og hins vegar „Brjánsl. tún í órækt u.þ.b. 20 ha“. Við seinni textann eru örvar sem vísa til vesturs og norðurs miðað við legu kortsins. Sjór er merktur á kortið en eina örnefnið sem merkt er inn er „Lækjará“, ofarlega til hægri. Um kortið segir að það sé unnið af Kortagerðinni Hvanneyri (RHJ) í samvinnu við Búnaðarsamband Vestfjarða. Þar er fært inn að stærð túna Seftjarnar sé alls 30,82 hektarar en stærð óræktar alls sé 33,44 hektarar.²⁹⁸

Hinn 28. ágúst 2001 sendi landbúnaðarráðuneytið sveitarfélaginu Vesturbyggð til umsagnar uppdrátt að lóð undir sumarbústað við Stekkjarlæk í landi Brjánslækjar.²⁹⁹

Hinn 15. maí og 24. maí 2003 sendi landbúnaðarráðuneytið bréf til jarðanefndar Vestur-Barðastrandarsýslu vegna byggingarbréfs um lóð úr landi Brjánslækjar. Leigutaki var Vegagerðin en leigusali var landbúnaðarráðherra f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins. Stærð lóðarinnar var 1,4 hektarar og lóðin var leigð til 25 ára. Erindi ráðuneytisins var að óska eftir umsögn og samþykki jarðanefndar. Með samningnum skyldi renna úr gildi samningur sem gerður var við Baldur h.f. hinn 19. maí 1987.³⁰⁰

Með bréfi dags. 14. maí 2014 gerði Bjarni Kristjánsson, eigandi Auðshaugs og Auðna, athugasemd við kort af friðlandi Vatnsfjarðar á vefsíðu Umhverfisstofnunar sem væri sagt endurskoðað í september 2007.³⁰¹ Hann sagði kortið ekki í samræmi við auglýsingu um friðland í Vatnsfirði³⁰² sem miðaði mörk friðlandsins við landamerki Brjánslækjar heldur sýndi kortið friðlandið „langt austar og suðaustar en land Brjánslækjar nær, og þar með inná land Auðshaugs“, sbr. þinglýsta landamerkjalyýsingu Auðshaugs og Auðna frá 10. maí 1889 um að Auðshaugur eigi land „upp eftir fjöllum eins og vötnum hallar“. Kortið væri ekki rétt að því leyti að Auðshaugur ætti „bæði Kjálkafjarðarvatn og Kjálkavatn og land í umhverfi þeirra eins og vötnum hallar svo og umhverfi beggja Kjálkafjarðaráa eins og vötnum hallar“. Gerð var krafa um að kortið yrði lagfært og teiknað rétt hið fyrsta.³⁰³

²⁹⁶ Sjá umfjöllun um tillögurnar framar, sbr. skjöl nr. 4(128) og 4(24).

²⁹⁷ Skjal nr. 4(131).

²⁹⁸ Skjal nr. 2(421).

²⁹⁹ Skjal nr. 2(422).

³⁰⁰ Skjöl nr. 2(423) og 2(424).

³⁰¹ Kortið er í skjali nr. 4(27).

³⁰² Sjá skjal nr. 4(16).

³⁰³ Skjal nr. 4(28).

Með auglýsingu nr. 910/2016 um breytingu á auglýsingu nr. 96/1975 var korti af mörkum friðlands í Vatnsfirði breytt þannig að austurmörk þess voru teiknuð öðruvísi en á fyrra korti, sbr. athugasemdir eiganda Auðshaugs frá árinu 2014.³⁰⁴

5.6.1 *Moshlíð*

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að Hlíð var 12 hundruð að dýrleika.³⁰⁵

Samkvæmt skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson frá 23. október 1467 eignaðist ekkja hans, Ólöf Loftsdóttir, jörðina Brjánslæk með öðrum jörðum, m.a. Neðri-Rauðsdal, Arnórsstöðum, Hlíð, Þverá, Fossá, Hamar á Hjarðarnesi, hálfa jörðina Auðnir, Vattarnes og Illugastaðir.³⁰⁶

Í skiptabréfi eftir Ólöfu Loftsdóttur hinn 15. apríl 1480 segir að Þorleifur Björnsson hafi m.a. hlotið Brjánslæk, Rauðsdal, Arnórsstaði, Hlíð, Þverá, Fossá og Vattarnes.³⁰⁷

Í gjafabréfi Jóns dans Björnssonar frá 26. mars 1508 kemur fram að hann gaf Bjarna Andréssyni jörðina Brjánslæk á Barðaströnd og allar þær jarðir sem þar lágu og tilheyrðu honum, þ.e. Fossá, Þverá, Hellu, Hlíð, Arnórsstaði og Rauðsdal.³⁰⁸

Í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar frá 1509 um eignir Bjarna Andréssonar segir að þar á meðal sé Brjánslækur á Barðaströnd með Engey, 60 hundruð að dýrleika, Fossá, 24 hundruð, Hella, sex hundruð, Hlíð, 16 hundruð, Arnórsstaðir, 20 hundruð og Rauðsdalur, 20 hundruð.³⁰⁹

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir um Brjánslækjarkirkju:

Kirkian ä Briamslæk ä heimaland hálft. Eingey.

Item jardernar Hlijd og Thuerä. önnur fyrer .x. aura leigd. enn önnur fyrer .iiij. ærgillde. halffann peningsdal. Vppsale og allann Vatzdal med skoge og Haga nedann fra Eidsaä og Thijngniannaä og framm á Gielldneytatungur. so langt sem skoge er vaxid vtann skog i Hnietum i millum Thijngmannaär og Lambagilia er kirkiann i Haga ä.

Item ä kirkian selveide alla med øllum fiørugædum ä Eide fyrer jnnann Skälmanes millum Sandvijkurness og Kiellingartanga.

Item kirkiuskier tuø.³¹⁰

Hinn 29. apríl 1617 sömdu sr. Teitur Halldórsson og Bjarni Björnsson um að sr. Teitur hefði sinn part af kirkjujörðinni Hlíð en Uppsalaland skyldi leggjast til jarðanna Þverár og Hellu, „en beri þau höpp upp á Uppsalareka, sem landsdrottinn með lögum tilheyra, skiptist meðal allra partanna að réttum þriðjunga skiptum“. Einnig skiptu þeir með sér kirkjubyggingu og öðrum fasteignum í Hlíð, eins og lýst er í bréfinu.³¹¹

³⁰⁴ Skjal nr. 4(18).

³⁰⁵ Skjal nr. 4(104), bls. 689.

³⁰⁶ Skjal nr. 4(105), bls. 499–500. Sjá einnig skjal nr. 4(106), bls. 47.

³⁰⁷ Skjal nr. 4(108), bls. 256.

³⁰⁸ Skjal nr. 4(76).

³⁰⁹ Skjal nr. 4(77), bls. 266–269.

³¹⁰ Skjal nr. 4(55).

³¹¹ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 112; skjal H-23.

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Moshlíð:

Hlid.

Kirkjuförð frá Brjámslæk. Heyrir til Árna Guðmundssyni.

Jarðardýrleiki vi.

Ábúandinn Þorkell Jónsson.

[...]

Skóg og rifhrís er brúkað so sem heima á Brjámslæk.

Sumir þykjast heyrt hafa að jörðin Hlíð eigi part í Engey. Nú yfir xx ár hefur sá partur ei frá Hlíð brúkaður verið.

Hlíðará spillir jörðunni á túninu, brýtur af, og ber uppá sand og grjót.³¹²

Í brauðmati fyrir Brjámslækjarkirkju árið 1744 segir að kirkjan eigi hálft heimaland, 30 hundruð að dýrleika, en 10 hundruð í heimalandi séu bóndaeign. Þá segir einnig að kirkjan eigi Þverá, sex hundruð að dýrleika, Hlíð, sex hundruð að dýrleika og kotið Uppsali, sem hafi fyrir mörgum árum verið í eyði.³¹³

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Moshlíðar metinn sex hundruð en jörðin er skráð sem kirkjuförð Brjámslækjar.³¹⁴

Hinn 2. júlí 1828 fór fram sáttafundur hjá sáttanefndinni í Flateyjarsókn um marsvínareka á Hlíðarfjöru hjá Brjámslæk. Guðmundur Scheving kaupmaður hafnaði sáttatilboði sr. Runólfs Erlendssonar á Brjámslæk og málinu var vísað til landslaga og réttar.³¹⁵

Hinn 6. október 1829 var extraréttur haldinn að Brjámslæk þar sem tekinn var fyrir ágreiningur milli sr. Runólfs Erlendssonar á Brjámslæk og Guðmundar Schevings, eiganda Moshlíðar, um reka á marsvínnum á svokallaða Lækjarfit árið 1827. Framlögð voru ýmis skjöl um jarðirnar og þá var nokkrum vitnum stefnt til yfirheyrslu. Guðmundur Sigmundsson hreppstjóri vitnaði að innstu landamerki á Hlíð móti Brjámslæk væru í Þræltröð, Torflág og Ysta-Gili. Spurður um hvort Hlíð ætti land fyrir neðan Votugötu kvaðst Guðmundur ekki vita það, en að sér þætti líklegt að jörðin ætti frá fjalli til fjöru.³¹⁶

Hinn 7. október 1829 var réttur haldinn að Brjámslæk þar sem framhaldið var máli milli sr. Runólfs Erlendssonar á Brjámslæk og Guðmundar Schevings, eiganda Moshlíðar, um reka á marsvínnum á svokallaða Lækjarfit árið 1827. Tvö vitni voru kölluð fyrir réttinn. Jakob Jónsson var m.a. spurður um landamerki jarðanna og sagði innstu landamerki milli Hlíðar og Brjámslækjar vera Torflág og svo væri niðri á holtum Þræltröð eða Pálströð. Guðbjörg Jónsdóttir vitnaði um innstu landamerki milli Hlíðar og Brjámslækjar og að þau væru Hlíðará og ekki önnur. Þá var Guðbjörg spurð hvort

³¹² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 271; skjal H-2.

³¹³ Skjal nr. 2(260).

³¹⁴ Skjal nr. 2(28).

³¹⁵ Skjal nr. 2(211).

³¹⁶ Skjal nr. 2(151).

Hlíð ætti land frá fjalli til fjöru og svaraði hún því játandi. Enn fremur var Guðbjörg spurð hvort Brjánslækur ætti land á Sauðanesi og fyrir utan það og svaraði hún því sömuleiðis játandi.³¹⁷

Hinn 8. október 1829 var réttur haldinn að Brjánslæk þar sem framhaldið var máli milli sr. Runólfs Erlendssonar á Brjánslæk og Guðmundar Schevings, eiganda Moshlíðar, um reka á marsvínunum á svokallaða Lækjarfit árið 1827. Bjarni Jónsson var m.a. spurður um afnot presta af jörðinni Moshlíð og eignarrétt á henni. Um innstu landamerki milli Hlíðar og Brjánslækjar svaraði Bjarni eftirfarandi:

efter Hlíðar bændum tveimur, sem þar hafa verid nærst, annar fyrir mína Tíd, búid þar, enn annar í minni tíð, enn Eg þó munnlega, vid þann fyrra talade, sem var oddur Jóhnnsson, enn Jóhnn Pálsson i minni Tíð. nefndu Hlíðar landa merke ad innannverdu, Hlíðará ad nedann verdu, vid Sió ad ségia, Þrælatröd^{en} uppá Holtabreckunum, Torflág, sem er gégnst Grásteini, og Jtsta gil, fremsta örnefne af landamerkiunum í dalnum.³¹⁸

Við sama rétt 8. október 1829 var Þorkell Ólafsson spurður um landamerki milli Moshlíðar og Brjánslækjar. Því svaraði hann svo:

Þad er Hlíðará, ad nedann verdu og Bósatröd eða Þrælatröd ad ofann verdu, og þaðann í Torflág, og ur Torflág, og i ijtsta Gil.³¹⁹

Málið um marsvínarekann á Lækjarfit var tekið fyrir við réttarhöld 9. október, 15. október, 19. október, 21. október og 22. október 1829.³²⁰

Hinn 13. nóvember 1829 var extraréttur haldinn að Feigsdal þar sem dæmt var í máli milli sr. Runólfs Erlendssonar á Brjánslæk og Guðmundar Schevings, eiganda Moshlíðar, um reka á marsvínunum á svokallaða Lækjarfit árið 1827. Farið var yfir málsatvik, vitnisburði og skjöl sem lögð höfðu verið fyrir réttinn. Meðal annars var deilt um eignarrétt Guðmundar á jörðinni Moshlíð eða hvort hún tilheyrði Brjánslækjarkirkju. Um land Brjánslækjar hefur sýslumaður skráð eftirfarandi:

Land það sem Máldagar allir eigna Briamslækjar kirkju, liggur sóleides fjfir hófud áttum, Vatnsdalur liggur fyrir Fjardarbotni i Sudur og lítid til landsudurs frá Briámslæk, þá biggist landed med hlíðinne, nockud til austurs alt ad Briámslæk, enn þaðann, og alt útá Saudanes, horfir Fjallshlíðinn, og Fjara, mót vestur, á mille Briámslækjar og Saudaness, sem er landamerke Briámslækjar, á þá Síðu, liggur Jórdinn Hlíd, enn einginn annar Bær, enn hinns vegar Briámslækjar, inn med Fjrdinum, liggia Hella og Þverá, er því öll Briámslækjar Eýgn, sér skilt land frá óðrum Jórdum, hvór einginn nema Briámslækjar kirkia og Proprietarius af 10 hndr. í Briámslækjar hejmalande, og Haga kirkia á Skóg í Hníótum, á minnsta Jtak í. – Epter í Rétt lagdre, og verificerade Máldaga útskrift, á kirkíann ad Briámslæk hejmaland hálf, Eingey, item Jardiarnar Hlíd og Þverá etc. í þessu eru allar Biskupa Visitatiur samhlióða alt þartil Biskup sál. Jóhnn Arnason i Visitatiu af 22 Aug. 1733, qvedur só ad orde: kirkia ad Briámslæk, á hálf Heimaland 30 hndr. og þaðad auke 20 hndr. í Heimalandi, sem sá gófuge hófdingsmann Gudmundur sál. Þorleifsson henni gaf, daterad Brokey 12^{ta} Aug 1720. – Epter þetta geta Visitatiur Biskupanna Síra Ólafs Gislasonar 16 Aug 1750, Dr. Finns Jóhnnssonar dat. 14 September 1761 og Dr. Hannesar Finnssonar d. 25^{ta} August 1790, allar eins um,

³¹⁷ Skjal nr. 2(152).

³¹⁸ Skjal nr. 2(153).

³¹⁹ Skjal nr. 2(153).

³²⁰ Skjöl nr. 2(154)–2(158).

ad Kirkiann ad Briámslæk á Bardaströnd eige 50 hndr. í hejmalande, enn 10 hndr., hverfe frá, sem er Bónða Eign, hún eigi einnig Engeý, svo og Jardið Hlíd og Þverá etc. – allir framann ³²¹ til greynder Máldagar, taka óll Tvímæli og Efa af, umm ad Jórdinn Hlíd í Briámslækjar kirkjusókn, hafe gétad til heýrt ódrum, enn Briámslækjar kirkju, i hid minnsta, alt til 25^{ta} August 1790, og síðann, alt til þessa Tíma, finnast hvórke Rók, nje Bevísingar fyrir, ad þesse Jórd sie frá Briámslækjar kirkju alalienerud, hvórke vid gióf, Testamente, Makaskipte, nje hefd, því þótt Testamente Einars sál. Ógmundssonar hefde ordid frammvísad, og það hefde til tekid Jórdina Hlíd í þeim 10 hndr. sem hann átti í Briámslækjar hejmalande, og sem sagt er, hann hafe testamenterad Sál. Sýsslumanni David Scheving, þá gat Einar þó, alldrej géfid það, hann ecke átte, og hinn var og óheimill, ad þiggja það sem hann visse ad Einar átte ecke³²¹

Loks er þannig dæmt í rekamáli milli sr. Runólfs Erlendssonar á Brjánslæk og Guðmundar Scheving:

af óllu þessu, sem pro og contra, hingad til er fyrir Réttinum frammfært, verður ecke annad álýktad enn ad Jórdinn Hlíd í Briámslækjar kirkju sókn innann Bardarstrandar Sysslu, frá eldgamallre Tíð verid hafe, og sie ennnú, med óllum herlegheitum til lands og Sióar, sannur og verulegur Ejenndómur og Eign kirkjunnar ad Briámslæk á Bardaströnd, samt ad Proprietarius Gudmundur Scheving i Flateý, eige hvórke meira nje minna, enn 10 hndr. í Briámslækjar hejma jórdu med þar til heýrande Jnnan og utann-bæar húsum, samt 3^e ásaudar kúgildum, og 60 ál. landskuld. hér af flýtur, ad kaupmanni Gudmundi Scheving á Flatey, byriar ad betala Beneficiario til Briámslækjar Síra Runólvi Erlendssýni allann þann hval eda hanns fulla útsólu andvyrde, sem bevisad er, ad fyrrnefndur kaupmaður G. Scheving, umm haustid 1827, hejmildarlaust upptekid hafe á lækjarfit fyrir Prestinum Síra Runólvi Erlendssýni.³²²

Hinn 5. desember 1829 birtu stefnuvottar Guðmundi Scheving dóm um rekamál milli Brjánslækjar og Moshlíðar. Guðmundur kvaðst myndu áfrýja málinu til Landsyfírréttar.³²³

Hinn 13. júní 1831 var haldinn extraréttur að Brjánslæk þar sem tekið var fyrir á nýjan leik ágreiningur milli sr. Runólfs Erlendssonar á Brjánslæk og Guðmundar Schevings, vegna Moshlíðar, um marsvínareka á Lækjarfit árið 1827. Úrskurðað hafði verið um málið í Landsyfírrétti 4. október 1830. Guðmundur Scheving mótmælti að sýslumaður skyldi dæma í málinu, en fram kom að taka þyrfti vitni í eið.³²⁴

Hinn 18. júní 1832 var haldinn réttur að Brjánslæk þar sem tekinn var fyrir ágreiningur milli sr. Runólfs Erlendssonar á Brjánslæk og Guðmundar Schevings, vegna Moshlíðar, um marsvínareka á Lækjarfit árið 1827. Vitni voru innstefnd til að eiðfesta vitnisburði sína um landamerki milli Brjánslækjar og Moshlíðar. Áður en að því kom lögðu málspartarnir fram skjal um sátt í málinu. Efni hennar er ekki fært inn í dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu.³²⁵

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Moshlíð metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem Brjánslækjarkirkjueign.³²⁶

³²¹ Skjal nr. 2(159).

³²² Skjal nr. 2(159).

³²³ Skjal nr. 2(160).

³²⁴ Skjal nr. 2(161).

³²⁵ Skjal nr. 2(162).

³²⁶ Skjal nr. 4(1), bls. 180.

Í ódagsettri lýsingu, eigna- og ítakaskrá frá miðri nítjándu öld, segir að kirkjan að Brjánslæk sé að $\frac{2}{3}$ hlutum beneficium en að $\frac{1}{3}$ hluta bóndaeign. Þá segir að kirkjan eigi í fasteignum 50 hundruð í heimalandi með Engey og kirkjujarðirnar Moshlíð, Þverá og Hellu, allar sex hundruð að dýrleika. Moshlíð og Hella voru þá í eyði. Um ítök segir að kirkjan eigi alla selveiði með öllum fjörugæðum á Eiði, fyrir innan Skálmarnes, milli Sandvíkurness og Kerlingartanga.³²⁷

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Moshlíðar.³²⁸ Í jarðamatsbók yfir verðlag vegna jarðamatsins er jörðin Moshlíð metin á 150 ríkisbankadali.³²⁹

Hinn 14. október 1881 byggði Sigríður Johnsen í Flatey jörðina Moshlíð til Kristjáns Eiríkssonar, sem hafði búið á jörðinni frá vorinu 1878. Efni byggingarbréfsins er eftirfarandi:

Eg Sigríður Johnsen í Flatey byggi hérmeð jörðina Moshlíð í Brjánslækjarsókn innan Barðastrandarsýslu bóndanum Kristjáni Eiríkssyni, sem búið hefur á nefndri jörð síðan vorið 1878, með eftirfylgjandi skilmálum:

1^o Hann hirði jörðina eptir kröptum og samkvæmt lagafyrirmælum og vanræki ekkert, sem henni þjéna kynni til viðrhalts og bóta.

2^o Ekkert húsfólk má hann taka án húsbónda leyfis, ekkert af jörðunni ljá eða láta undan henni ganga, eptir þeim landamerkjum, sem henni fylgt hafa að undanfögnu.

3^o Húsum ábýlisins haldi hann við á eigin kostnað í sömu stærð og hann hefur móti tekið samkvæmt úttektarsamningi frá 8. júní 1878, og fylgja á, samt svari þeim í leigu færu standi, þá ábúð hans hættir.

4^o Landskuld sem vera eiga 2 gildar vættir svari hann að haustinu með tveimur ám með lömbum, eptir 2 ásauðarkúgildi, sem hann hefir móttekið svari hann í leigur 40 pund af velverkuðu smjöri um Mikaelsmessu ár hvert, samt ábyrgist þau án uppbótar frá landsdrottini, en svari þeim í leigufæru standi, þá burtu flytur.

5. Auk landsskuldar svari hann af ábýli sínu öllum lögboðnum sköttum, og hlýðnist öllum núgildandi og hjer eftirfylgjandi lögum, er til hans taka.

6^o Þá hann vill frá jörðinni flytja segi hann henni lausri fyrir veturnætur haustið áður.

Meðan velnefndur Kristján Eiríksson heldur hér að framanskriafaða skilmála er honum jörðin Moshlíð heimil til allrar löglegrar leiguliðabrukunar, en brot gegn þeim varðar útbyggingu.

Flatey 14. Okt. 1881.

S. Jóhnsen.

Sigurður Jensson.

O Guðmundsson

Samþykkir

Kristjan Eyriksson handsalað³³⁰

³²⁷ Skjal nr. 2(263).

³²⁸ Skjal nr. 2(51).

³²⁹ Skjal nr. 2(89).

³³⁰ Skjal nr. 2(116).

Hinn 7. nóvember 1889 tók sr. Þorvaldur Jakobsson saman landamerkjaskrá fyrir prestssetrið Brjánslæk. Skráin var borin undir sameigendur og aðra sem höfðu réttindi í landi Brjánslækjar. Hinn 11. nóvember sama ár kvaðst Björn Sigurðsson, fyrir hönd Jófríðar Guðmundson, ekki getað skrifað undir og samþykkt landamerkjálýsinguna vegna skógarítaks Hagakirkju á Barðaströnd í landi Brjánslækjar. Landamerkjaskrá sr. Þorvaldar er svohljóðandi:

Jörð þessi er að dýrleika 43, 5 hndr. að nýju mati; tveir þriðjungar jarðarinnar eru gefnir af Guðmundi Þorleifssyni í Brokey með erfðaskrárgjöfningi dags. 12. júní 1720 „til að vera ævinlegt beneficium“, en þriðjungur jarðarinnar er bændaeign.

Milli Arnórstaðalands og Moshlíðar á Brjánslækur hluta af svo kallaðri Arnórstaðahlíð, og Sauðanes, og eru merkin að utanverðu, móts við Arnórstaði, í svo nefndri Stóru-skriðu, þannig að tekin er bein sjónhending frá stórum steini með vörðubroti á rjett fyrir ofan götuna, er liggur um neðanverða skriðuna, eptir skriðunni í hvyllt í fjallsbrúninni, þaðan er skriðan er runnin. Lína þessi er bæði lands og fjörumark til móts við Arnórstaði. – Inn á við nær þessi hluti Brjánslækjarlands að Moshlíðarlandi, og eru þar í milli merki þau, sem nú skal greina: Bein lína úr svo kölluðu Titlingagili dregin innan til við Sauðanes til sjáfar mitt á milli svo nefndra Hlíðarskerja.

Merki milli Moshlíðar og Brjánslækjar að innanverðu við Moshlíð eru: Bein stefna úr Hlíðarkambi í tóptarbrot á svo nefndu Hjallholti; þaðan stefna í Pálströð og úr henni í Kúaklett, og þaðan bein sjónhending til sjáfar.

Milli Brjánslækjar og jarðarinnar Þverár við Vatnsfjörð ræður Þverá merkjum frá fjalli til fjöru.

Undir Brjánslæk heyrir Engey, sem liggur á miðjum Vatnsfirði fram undan Brjánslæk, ásamt hólum og skerjum kringum eyna, Sátu að vestanverðu, svo kölluðum Flögum tveim að norðanverðu við eyna, og Vörðuhólma og Svartbakaskeri að austan.

Samkvæmt visitatíu 27. júní 1835 til heyra allar aðrar eignir kirkjunnar á Brjánslæk, er nú eru taldar, og öll ítök „beneficio“ eða prestspartinum. Eignir þær og ítök eru þau, er nú skal greina:

1. Hálfur Penningsdalur. Að utanverðu til móts við jörðina Þverá ræður Grenjadalsá merkjum fyrir þessu landi frá fjalli til fjöru, en að innanverðu greinir Penná það frá Hellulandi frá fjalli til fjöru.
2. Vatnsdalur allur, sem gengur fram af botninum á Vatnsfirði. Að vestanverðu greinir Eiðisá hann frá Hellulandi, en að austanverðu Þingmannaá frá Uppsalandi. Hjer til heyrir þannig Þingamannadalur að norðaustanverðu við Þingmannaá.
3. Uppsalar. Þingmannaá ræður merkjum fyrir þessu „eyðiplássi“ að innanverðu frá fjalli til fjöru. En merki að utanverðu til móts við Fossá á Hjarðarnesi eru samkvæmt landamerkjabréfi milli Fossár og Uppsala dags. 11. ágúst 1851: „Djúpsker það, sem lengst nær í sjó fram beint undan Uppsalaá er nótalagna og fjörumark. En löndin skilur ~~argilið~~ Uppsalaárgilið til fjalls upp allt í Króki þann, þar sem það beygist þvert til suðurs á Fossárland. Síðan stefna úr Króki þeim í lítið leirtjarnardrag, þaðan beint upp eptir lautinni í lítinn kletthól, á hverjum stakur steinn stendur með vörðubroti á. Þaðan beint upp á brúnina í vörðu, svo yfir melhrygginn í syðri endann á norðustu og stærstu tjörninni, yfir tjörnina og skáhallt upp í grjótholtin og eptir þeim alla leið norðaustur á við sem vötnum hallar allt á hábrún sunnanvert við Auðnaöxl.“
4. Kirkjuskur tvö, sem liggja í suðvestur frá Sauðeyjum.

5. „Beneficio“ til heyrir og selveiði öll með öllum fjöru gæðum á Eyði fyrir innan Skálmarnes, millum Sandvíkurness og Kerlingartanga. –

Milli Reiðarlækjar og Pennár á Flateyjarkirkja skógarhögg í svo kölluðum Flateyjarparti eða Partinum, sem nær frá sjó upp að Ólafarvörðu á Kýrlágarholti. –

Kirkjan í Haga á skóg í Hnjótum, sem eru milli Þingmannaár og Lambagilja.³³¹

Hinn 5. desember 1889 skrifaði Sigurður Jensson, fyrir hönd eiganda að $\frac{1}{3}$ hluta Brjánslækjar, til sr. Þorvaldar Jakobssonar vegna landamerkjaskrár fyrir prestssetrið Brjánslæk. Sigurður sagði eigendur bændaeygnarinnar, eða $\frac{1}{3}$ hluta Brjánslækjar með hjáleigunni Moshlíð, ekki geta skrifað undir skrána af eftirfylgjandi ástæðum:

1. Landamerki Moshlíðar eru ekki rjett talin, eptir því sem áreiðanlegir og kunnugir menn hafa skýrt frá. Merkin milli Moshlíðar og Brjánslækjar eru að utanverðu úr Titlingagili beint í Sauðanesskrók, en að innanverðu úr Heimstagili eða Yztagili beint eptir Torlæg (laut, sem lækur rennur eptir) í Bæjartröðina og úr henni í Litlaskrók og þaðan beint til sjáfar.

2. Það nær að voru áltí engri átt að telja hálfan Penningsdal og allan Vatnsdal eingöngu eign beneficii, án þess bændaeygnin eigi tilkall til þeirra að rjettri tiltölu, og vonum vjer að þjer sjálfur játið, að sá maður, sem gaf tvo þriðjunga jarðarinnar til að vera beneficium, hafi aldrei ætlað sjer nje getað gefið frá þeim þriðjungnum af jörðinni, sem undan var skilinn, allt tilkall til Vatnsdals og Penningsdals.³³²

Hinn 1. mars 1890 skrifaði sr. Þorvaldur Jakobsson bréf til stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi um gerð landamerkjaskrár fyrir Brjánslæk. Fram kemur í bréfinu að hvorki eigendur bændaeygnar Brjánslækjar né Hagakirkju samþykktu lýsinguna. Sr. Þorvaldur skrifaði m.a. um óvissu um staðsetningu skógarítaks Hagakirkju í Vatnsfirði. Þá kvaðst hann hafa tekið saman merkin milli Brjánslækjar og Moshlíðar eftir vitnisburðum ýmissa manna, þeirra á meðal sr. Þórðar heitins Thorgrímsens. Í vottorði sr. Þórðar, dagsettu 4. júní 1887, hafi merkin þar á milli miðast við landamerkjabréf sem fylgt hafi Brjánslækjarprestakalli, en sr. Þorvaldur sagði það ekki hafa fylgt skjölum prestakallsins þegar hann tók við þeim sumarið 1884. Loks sagðist sr. Þorvaldur eigna Brjánslækjarkirkju hálfan Penningsdal og allan Vatnsdal samkvæmt vitnisburðum og vísitásiu frá 27. júní 1835, en eigendur bændaeygnar Brjánslækjar mótmæltu nú orðum vísitásiunnar.³³³

Hinn 10. júní 1891 fór fram sáttafundur hjá sáttanefnd Flateyjar- og Múlasáttumdamis. Þar var leitað sætta milli sr. Þorvaldar Jakobssonar á Brjánslæk og Sigríðar Johnsens, eiganda $\frac{1}{3}$ Brjánslækjar með hjáleigunni Moshlíð. Ágreiningur var um skipti á eigninni og landamerki Moshlíðar. Kærandi taldi að Brjánslækjarkirkju tilheyrði hálfur Penningsdalur og allur Vatnsdalur. Þá væru landamerki Brjánslækjar og Moshlíðar svo:

að utanverðu úr svo kölluðu Titlingagili dregin innan til við Sauðanes til sjáfar mitt á milli svo nefndra Hlíðarskerja og að innanverðu: bein stefna úr Hlíðarkambi í tóptarbot

³³¹ Skjal nr. 2(313).

³³² Skjal nr. 2(314).

³³³ Skjal nr. 2(285).

á svo nefndu Hjallholti; þaðan stefna í Pálströð og úr henni í Kúaklett og þaðan bein sjónhending til sjáfar.³³⁴

Sigurður Jensson, fyrir hönd eigenda bændaeignarinnar í Brjánslæk með hjáleigunni Moshlíð, taldi bændaeignina hins vegar eiga tilkall til háls Penningsdals og Vatnsdals auk þess sem merkin milli Moshlíðar og Brjánslækjar væru eftirfarandi:

að utanverðu úr Titlingagili beint í Sauðaneskrók og að innanverðu úr Heimastagili eða Yztagili beint eptir Torlág (laut sem lækur rennur eptir) í Bæjartröðina og úr henni í Litlakrók og þaðan beint til sjáfar.³³⁵

Loks lagði sr. Þorvaldur Jakobsson fram tilboð á sáttafundinum, annaðhvort að eigandi bændaeignarinnar hefði afnot af $\frac{1}{3}$ allra eigna Brjánslækjarkirkju í jörðum og ítökum en ábyrgðist þá um leið kirkjuna að rétttri tiltölu, eða þá að prestakallið keypti bændahlutann fyrir 2.000 kr. Málinu var frestað.³³⁶

Hinn 13. febrúar 1893 skrifaði Sigurður Jensson sr. Þorvaldi Jakobssyni og sagði frá bréfi stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi frá 20. janúar sama ár. Þar kemur fram það svar stiftsyfirvalda að sönnunarbyrðin vegna skógarítaks í Vatnsdal sé öll á eigendum Hagakirkju. Um ágreining um merkin milli bændahlutans og kirkjueignar Brjánslækjar, þá geti ekki verið um eiginlegt landamerksamál að ræða þar sem um eina jörð sé að ræða. Hvort Moshlíð sé bændaeign eða eign Brjánslækjarkirkju, þurfi frekari skýrslu um, þ.e.a.s. hvort lögmæt landaskipti hafi farið fram á milli kirkjueignarinnar og bændahlutans í Brjánslæk. Sigurður bar þessi atriði undir sr. Þorvald og óskaði svara um hvort hann vissi nokkuð um landamerki Moshlíðar og hvort fram hefðu farið landskipti á landi Brjánslækjar.³³⁷

Hinn 13. júní 1893 fór fram virðing á bændaeign í Brjánslæk eða 10 hundruðum að fornu mati. Virðingin greinir frá upphæð afgangda af hlutanum sem og Moshlíð, en saman var matið 2.133,25 kr.³³⁸

Hinn 20. júní 1893 ritaði sr. Þorvaldur Jakobsson um álit sitt á matsgjörðinni á bændahlutanum í Brjánslæk ásamt hjáleigunni Moshlíð. Sr. Þorvaldur taldi matsmenn hafa gleymt að lýsa jörðunum en ritaði síðan um ýmis hlunnindi og notkun, s.s. beiti-land, þarabeit, æðarvarp, selveiði og síðan ókosti jarðarinnar. Um hlunnindi og nytjar í Penningsdal og Vatnsdal komst sr. Þorvaldur svo að orði:

Jeg hefí undanfellt að telja meðal hlunnindanna skóg í Vatnsdal og í Penningsdal inn með Vatnsfirði, þar eð jeg tel vafasamt hvort bændahlutinn í Brjánslæk hefur nú nokkurt tilkall til skógar eða annara landsnytja annars staðar en í heimalandi Brjánslækjar; byggi jeg þá skoðun mína – eins og jeg hefí tekið fram í brjefi til Stipsyfirvaldanna, 1. marz 1890. – á visitatíu Brjánslækjarkirkju 27. júní 1835 og á vottorðum kunnugra og áreiðanlegra manna um það, að þegar bændahlutinn í

³³⁴ Skjal nr. 2(213).

³³⁵ Skjal nr. 2(213).

³³⁶ Skjal nr. 2(213).

³³⁷ Skjal nr. 2(286).

³³⁸ Skjal nr. 2(320).

Brjánslæk hefur nú á seinni tímum verið byggður öðrum en prestinum, þá hefur ábúandinn á bændahlutanum engin afnot haft af Vatnsdal og Penningsdal.³³⁹

Um Moshlíð segir sr. Þorvaldur í bréfinu að hlunnindi fylgi þar engin, en bætir svo við:

Hún hefur, eins og hinar hjáleigurnar frá Brjánslæk – Þverá, Hella og Uppsálir – um mörg ár að undanfögnu haft útskipt land og ákveðin landamerki gagnvart heimajörðinni á Brjánslæk, en hvenær þau landaskipti hafa fram farið og hvort þau eru gjör á lögmætan hátt, er mjer ókunnugt um.³⁴⁰

Hinn 21. júní 1893 skrifaði sr. Þorvaldur Jakobsson til prófests í Barðastrandar-prófastsdæmi um landaskipti bænda eignar og kirkjueignar í Brjánslæk og einnig um landamerki hjáleigunnar Moshlíðar. Í bréfinu telur sr. Þorvaldur upp eignir Brjáns-lækjar og vísar svo í vottorð sr. Þórðar Thorgrímsens frá 4. júní 1887 um landamerki milli Brjánslækjar og Moshlíðar en þau séu:

Að innanverðu: Hlíðarkambur og stefna úr honum í tóptarbrot á svo nefndu Hjallholti, þaðan stefna í Pálströð og úr henni í Kúaklett og svo beint til sjóar.

Að utanverðu: Titlingagil, og svo eptir túni innan til við Sauðanes í Hlíðarsker (ótiltekið í hvort skerið).³⁴¹

Í framhaldinu telur sr. Þorvaldur upp mörk á öðrum jörðum og ítökum:

3. Þverá. Sú jörð á land inn með Vatnsfirði frá ánni Þverá að Grenjadalsá. Þverá er nú talin með beneficiærhlutanum í Brjánslækjareignum.
4. Hálfur Penningsdalur. Þetta er landskiki inn með Vatnsfirði og nær frá Grenjadalsá inn að Penná; telja máldagar hann fraskilinn heimalandi Brjánslækjar. – Í honum á Flateyjarkirkja skógarítak milli Reiðarlækjar og Pennár, upp að Ólafarvörðu á Kýrlágarholti. Samkvæmt vottorðum kunnugra manna hefur hálfur Penningsdalur lengi að undanfögnu verið talinn með beneficiærhlutanum í Brjánslæk, en nú nýlega – (5. desbr. 1889) hafa eigendur bændahlutans í Brjánslæk mótmælt þessu og þykjast eiga tilkall til landshluta þessa að rjettri tiltölu (þriðjungi).
5. Hella. Eyðikot þetta á land inn með Vatnsfirði frá Penná inn að Eyðisá. Þeirri jörð til heyrir Helluhólmi á Vatnsfirði. Hella er nú talin með beneficiærhlutanum í Brjánslæk.
6. Vatnsdalur. Hann gengur fram af botninum á Vatnsfirði og greinir Eiðisá hann frá Helluland[i] en Þingmannaá frá Uppsalalandi. Samkvæmt máldögum Brjánslækjarkirkju er Vatnsdalur fraskilinn heimalandi Brjánslækjar. Í Vatnsdal á Hagakirkja skóg „í Hnjótum milli Þingmannaár og Lambagilja.“ Svo lengi sem núlifandi menn vita til, hefur Vatnsdalur verið talinn til heyra að öllu leyti beneficiærhlutanum í Brjánslæk, og hafi bændahlutinn í Brjánslæk verið leigður öðru[m] en prestinum, hefur ábúandinn á bænda eigninni ekki[rt] tilkall átt eða gjört til landsnytja í Vatnsdal. Nýlega (5. desbr. 1889) hafa eigendur bænda eignarinnar gjört tilkall til þriðjungs í Vatnsdal.

³³⁹ Skjal nr. 2(321).

³⁴⁰ Skjal nr. 2(321).

³⁴¹ Skjal nr. 2(322).

7. Uppsálir. Eyðikot þetta á land að austanverðu við Vatnsfjörð frá Þingmannaá að Uppsalaá og eptir þinglesnum merkjum móts við Fossá á Hjarðarnesi. Uppsálir hafa verið taldir með beneficiærhlutanum í Brjánslæk.³⁴²

Hinn 28. júní 1894 skrifaði Sigurður Jensson til stiftsyfirvalda um upplýsingar út af ágreiningi um landaskipti kirkjuhlutans og bændahlutans í Brjánslæk. Sigurður lét þar fylgja bréf sr. Þorvaldar Jakobssonar frá 21. júní 1893, en Sigurður kvaðst ósammála sr. Þorvaldi í nokkrum atriðum. Meðal annars nefnir Sigurður í bréfinu að ekki sé hægt að halda því fram að Vatnsdalur tilheyri einungis kirkjuhlutanum en ekki bændahlutanum. Að lokum kvað Sigurður það óljóst hvenær aðilar, þ.e. prestar og eigendur bændahlutans, hafi gert með sér samning um að Moshlíð skyldi tilheyra bændahlutanum.³⁴³

Hinn 10. júlí 1894 lýsti Sigríður Johnsen því yfir sem eigandi bændahlutans í Brjánslæk með hjáleigunni Moshlíð að hún væri viljug að selja eignina fyrir 2.000 kr.³⁴⁴

Hinn 10. júlí 1894 sendi Sigurður Jensson, prófastur í Barðastrandarprófastsdæmi, bréf til stiftsyfirvalda. Þar með fylgdi virðing á bændaeigninni í Brjánslæk, dagsett 13. júní 1893, bréf sr. Þorvaldar Jakobssonar á Brjánslæk frá 20. júní 1893 og yfirlýsing eiganda bændahlutans um verð á eigninni. Sigurður lagði til að eignin yrði keypt handa prestakallinu á 2.000 kr.³⁴⁵

Hinn 10. september 1894 skrifuðu stiftsyfirvöldin yfir Íslandi sr. Þorvaldi Jakobssyni og svaraði bréfi hans frá 28. júní og 10. júlí sama ár um ágreining milli kirkjueignar og eigenda $\frac{1}{3}$ hluta bændaeignar í Brjánslæk um Vatnsdal og hálfan Penningsdal, sem og um landamerki Moshlíðar. Í bréfinu kemur fram að stiftsyfirvöldin litu svo á að heppilegast væri að leysa úr ágreiningnum þannig að bændaeignin í Brjánslæk yrði keypt til handa prestakallinu fyrir 2.000 kr. og að kaupin ættu að fara eftir lögum frá 2. október 1891.³⁴⁶ Sr. Þorvaldur svaraði bréfinu með bréfi dagsettu 11. október sama ár, „Þar álitur hann að þrætuefnið milli eiganda bændaeignarinnar og kirkjuhlutans í Brjánslæk, þ.e. þriðjungur af Vatnsdal, hálfur Penningsdalur og þrætuskák milli Brjánslækjar og Moshlíðar, sé að minnsta kosti 350 króna virði.“³⁴⁷ Sama dag lýsti sr. Þorvaldur því yfir að hann væri samþykkur því að bændaeignin í Brjánslæk ásamt hjáleigunni Moshlíð yrði keypt til handa Brjánslækjarprestakalli á 2.000 kr.³⁴⁸ Hið sama gerðu eigendur og umráðamenn bændaeignarinnar með yfirlýsingu dagsettri 16. október 1894.³⁴⁹ Málið var aftur reifað í bréfi stiftsyfirvalda til sr. Þorvaldar Jakobssonar í bréfi dagsettu 19. desember 1894.³⁵⁰

³⁴² Skjal nr. 2(322).

³⁴³ Skjal nr. 2(323).

³⁴⁴ Skjal nr. 2(325).

³⁴⁵ Skjal nr. 2(324).

³⁴⁶ Skjal nr. 2(287).

³⁴⁷ Skjal nr. 2(327).

³⁴⁸ Skjal nr. 2(328).

³⁴⁹ Skjal nr. 2(329).

³⁵⁰ Skjal nr. 2(288).

Hinn 12. maí 1895 fór fram safnaðarfundur Brjánslækjarsóknar þar sem álit fundarins var að æskilegt væri að prestakallið keypti bændahlutann í Brjánslæk og Moshlíð fyrir 2.000 kr.³⁵¹

Hinn 25. ágúst 1897 veitti Bogi Sigurðsson umboð til Geirs T. Zoëga um sölu á ¼ hlut í Brjánslæk með hjáleigunni Moshlíð.³⁵²

Hinn 8. október 1897 veittu Ólafur Magnússon og V. Salomonsen umboð fyrir hönd dánarbús Jóns Guðmundssonar og Jófríðar Guðmundson til Geirs Zoëga vegna sölu á ¼ hlut í Brjánslæk með hjáleigunni Moshlíð.³⁵³

Hinn 2. maí 1898 veitti Sigurður Jensson umboð til Geirs T. Zoëga um sölu á ¼ hlut í Brjánslæk með hjáleigunni Moshlíð.³⁵⁴

Hinn 2. júní 1898 afsalaði Geir T. Zoëga til stiftsfirvaldanna yfir Íslandi, fyrir hönd Landssjóðsins, bændahlutanum í jörðinni Brjánslæk ásamt hjáleigunni Moshlíð, 16 hundruð að fornu mati, fyrir 2.000 kr. Afsalsbréfið var þinglesið við manntalsþing Barðastrandarhrepps 26. maí 1899.³⁵⁵

Í bréfi stiftsfirvaldanna yfir Ísland til sr. Bjarna Símonarsonar á Brjánslæk, dagsettu 6. júlí 1898, kemur fram að gengið hafi verið frá kaupum prestakallsins á bændahlutanum í Brjánslæk ásamt hjáleigunni Moshlíð og að afsalsbréfið verði sent til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu.³⁵⁶

Í prófastsvísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 27. september 1900 kemur fram að bændahlutinn í Brjánslæk, ásamt hjáleigunni Moshlíð, hafi verið keyptur til prestakallsins frá fardögum 1898.³⁵⁷

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 er jörðin Moshlíð metin á 1.200 kr. en eigandi hennar var Landssjóður. Skráð er í matið með spurningarmerki hvort Moshlíð tilheyri Brjánslækjarprestakalli. Loks segir að landamerkjabréf sé ekki til.³⁵⁸

Hinn 20. janúar 1960 ritaði Einar Guðmundsson til Pálma Einarssonar landnámsstjóra um landamerki Þverár og stofnun nýbýlis. Af bréfinu virðist sem land Vatnsdalsbakka hafi ekki lengur verið álitíð hluti af nýbýlisstofnuninni.³⁵⁹ Hinn 26. janúar sama ár ritaði landnámsstjóri til Sveins Víkings um hvaða réttindi skyldu ákveðin fyrir Einar Guðmundsson í byggingarbréfi fyrir eyðijörðinni Þverá. Fram kemur í bréfinu að ekki sé hægt að sjá af heimildum að Vatnsdalsbakkar hafi verið byggðir sem býli eða hjáleiga og þá telji *Jarðabók* Árna Magnússonar Vatnsdal sem afréttarland. Einari hafi enn fremur verið tilkynnt að byggingarbréf yrði aðeins gefið út fyrir Þverá.

³⁵¹ Skjal nr. 2(330).

³⁵² Skjal nr. 2(122).

³⁵³ Skjal nr. 2(123).

³⁵⁴ Skjal nr. 2(124).

³⁵⁵ Skjal nr. 2(124).

³⁵⁶ Skjal nr. 2(289).

³⁵⁷ Skjal nr. 2(271).

³⁵⁸ Skjal nr. 2(72).

³⁵⁹ Skjal nr. 2(357).

Loks segir landnámsstjóri að Vatnsdalsbakkar séu í óskiptu beiti- eða afréttarlandi og á því eigi faðir Einars umráð að jöfnu við prestssetrið.³⁶⁰ Guðmundur J. Einarsson ritaði landnámsstjóra 26. janúar sama ár um að Einari hefði verið synjað um land á Vatnsdalsbökkum til viðbótar við Þverárland. Guðmundur varpaði þá fram þeirri hugmynd að Einar tæki frekar ábúð á Moshlíð.³⁶¹

Hinn 11. febrúar 1960 ritaði landnámsstjóri til Guðmundar J. Einarssonar um að Einar Guðmundsson sækti um ábúð fyrir Moshlíð. Fram kemur að Einar myndi eflast tryggja framtíð sína betur með því að taka Moshlíð heldur en að ráðast í að byggja upp nýtt býli, sem myndi grundvallast á landi Þverár en þar væru ræktunarskilyrði lakari en í Moshlíð.³⁶² Guðmundur svaraði bréfinu 14. sama mánaðar og sagði að Einar myndi sækja um Moshlíð til ábúðar. Í bréfinu ræðir Guðmundur nokkra af skilmálum sínum, s.s. að honum yrði leyft að afsala Einari sínum helmingi Brjánslækjar, $\frac{1}{3}$ í veiðirétti í vatni og ám og að hann afsali Einari $\frac{1}{10}$ hluta af sínum hluta óræktanlegs beitilands til uppbotar á beit í Moshlíð.³⁶³ Landnámsstjóri ritaði jarðeignadeild ríkisins hinn 22. febrúar sama ár og tilkynnti að Einar fengi Moshlíð til ábúðar í stað þess að stofna til nýbýlis á eyðijörðinni Þverá.³⁶⁴ Hinn 17. mars var sótt um byggingarbréf fyrir Moshlíð.³⁶⁵

Hinn 25. júlí 1960 ritaði landbúnaðarráðuneytið til landnámsstjóra vegna skiptingar á Moshlíð. Í bréfinu segir að jörðin Moshlíð verði leigð Einari Guðmundssyni og Herbert Andersen. Þá segir að Einar muni stofna nýbýli en þar sem hluti hans í Moshlíð sé of lítill verði honum leigð jörðin Þverá.³⁶⁶ Herbert var sendur leigusamningur fyrir hluta Moshlíðar hinn 4. maí 1961 og síðan annað eintak 30. maí sama ár með staðfestingu ráðuneytisins.³⁶⁷

Hinn 7. mars 1961 heimilaði landbúnaðarráðuneytið makaskipti á einum hektara úr landi Moshlíðar gegn einum hektara úr Brjánslæk II. Leyfið var háð samþykki Guðmundar bónda á Brjánslæk II og landnámsstjóra.³⁶⁸ Guðmundur J. Einarsson ritaði hinn 1. maí sama ár um skiptin og lýsti því hvernig Einar hefði fengið svonefnt Hrófsnes, sem hefði komið í sínar hendur við skipti Brjánslækjar árið 1949. Á móti hefði Einar fengið einn hektara úr þeim hluta Moshlíðar sem honum tilheyrði samkvæmt byggingarbréfi. Um afmörkun á hluta Einars segir eftirfarandi í bréfinu:

Landið takamarkast [svo] af stórstraums flæðarmáli að innan og lækjará fyrir neðan brú, Að vestan af þjóðveginum frá brú, og c.a. 200 metra úteftir þjóðveginum³⁶⁹

³⁶⁰ Skjal nr. 2(358).

³⁶¹ Skjal nr. 2(359).

³⁶² Skjal nr. 2(361).

³⁶³ Skjal nr. 2(362).

³⁶⁴ Skjal nr. 2(363).

³⁶⁵ Skjal nr. 2(364).

³⁶⁶ Skjal nr. 2(365).

³⁶⁷ Skjöl nr. 2(368) og 2(370).

³⁶⁸ Skjal nr. 2(366).

³⁶⁹ Skjal nr. 2(367).

Landnámsstjóri samþykkti fyrir sitt leyti makaskiptin með bréfi dagsettu 8. maí 1961.³⁷⁰

Hinn 26. október 1972 skilaði Björn Bjarnason ráðunautur landbúnaðarráðuneytinu skýrslu um búskaparlegt notagildi Brjánslækjar en ráðuneytið hafði falið Birni skýrslugerðina með bréfi 4. október 1972. Í skýrslu Björns segir um Moshlíð:³⁷¹

Innan áðurnefndra marka að sjó í Vatnsfirði hefur frá upprunalegu landi Brjánslækjar verið úrskipt eftirfarandi:

- a. Moshlíð, sem síðar var skipt í nýbýlið Seftjörn og leiguland til Efri-Arnórsstaða (leigt til 40 ára).
- b. Brjánslæk II, sem er í byggð.
- c. Þverá, Hellu og Uppsölum, sem allar eru í eyði.

[...]

Seftjörn, nýbýli byggt úr landi Moshlíðar. Byggingar Seftjarnar eru mjög illa staðsettar á landi, sem fengið er úr Brjánslæk neðan þjóðveggar við Lækjará. Nauðsynlegt er að auka landrými Seftjarnar bæði vegna of lítils ræktunarlands svo og til að ná hagkvæmari aðstöðu til búrekstrar. með því að láta Seftjörn fá land frá Brjánslæk neðan þjóðveggar, getur Seftjörn ræktað tún út frá lóð þeirri, sem byggingarnar standa nú á. Þannig fást betri tengsl við hið eiginlega ræktunarland í Moshlíð.³⁷²

5.6.2 Undirtún

Engar upplýsingar koma fram í *Jarðabók* Árna og Páls um Undirtún.

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 eru engar upplýsingar skráðar um dýrleika Undirtúns en hins vegar er skráð að það sé hjáleiga frá Brjánslæk. Þá kemur fram að eyðihjáleigurnar Grafarkot og Lækjarkot nýtist sem beitiland.³⁷³

Ekki er að finna mat fyrir Undirtún í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847. Í neðanmálsgrein fyrir jörðina Brjánslæk kemur fram að Engey liggi þar undir og að árið 1805 hafi eyðihjáleigurnar Grafarkot og Lækjarkot verið hafðar til beitar. Þá segir að þar hafi einnig verið sagt frá hjáleigunni Undirtúni, sem hvergi annars staðar sé nefnd.³⁷⁴

Undirtún er ekki tekið fyrir í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850.

Í *Barðstrendingabók* frá 1942 virðist sem hjáleigan hafi hvorttveggja verið kölluð Undirtún og Undirhús.³⁷⁵

5.6.3 Seftjörn

Nýbýlið Seftjörn var stofnað árið 1961 eftir að landbúnaðarráðuneytið heimilaði 7. mars 1961 makaskipti á einum hektara úr landi Moshlíðar gegn einum hektara úr Brjánslæk II og gaf sama dag út byggingarbréf til Einars Guðmundssonar þar sem

³⁷⁰ Skjal nr. 2(369).

³⁷¹ Nánari upplýsingar um skýrsluna eru í kafla 5.6 um Brjánslæk.

³⁷² Skjal nr. 4(19).

³⁷³ Skjal nr. 2(27).

³⁷⁴ Skjal nr. 4(1), bls. 180.

³⁷⁵ Pétur Jónsson, „Barðastrandarhreppur“, *Barðstrendingabók*, bls. 72–73; skjal H-3.

honum var byggður hluti úr Moshlíð ásamt ræktunar- og ítölurétti í Þverá.³⁷⁶ Um aðdragandann er m.a. fjallað í kafla 5.6 um Brjánslæk.

Hinn 15. nóvember 1963 skrifaði Einar Guðmundsson til landnámsstjóra um nýbýlið Seftjörn hjá Brjánslæk. Þar óskaði Einar eftir því að landnámsstjóri mælti með því að býlinu Brjánslæk II yrði heimilt að leggja til Seftjarnar hluta af veiðiréttindum og að býlunum tveimur væri veitt heimild til makaskipta á ræktanlegu landi, en hefðu síðan óskipt og sameiginlegt beitoland.³⁷⁷ Landnámsstjóri svaraði erindinu með bréfi dagsettu 27. sama mánaðar og kvaðst ekki geta tekið afstöðu til málsins þar sem Landnámi ríkisins hefði ekki borist staðfest afrit af byggingarbréfum um erfðaábúð Einars. Þá hefði Landnám ríkisins ekki heldur undir höndum þinglesinn erfðaábúðarsamning föður hans, Guðmundar J. Einarssonar, fyrir Brjánslæk II.³⁷⁸

Hinn 13. desember 1963 ritaði Guðmundur J. Einarsson til landnámsstjóra um búsetu á Brjánslæk, einkum framkvæmdir á prestsseturspartinum en einnig um laxaræktunartilraun sína.³⁷⁹ Sama dag ritaði Guðmundur annað bréf til landnámsstjóra um tilraunir með laxaklak í Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatni og sagði einnig frá hugmyndum sínum um að Einar sonur sinn, ábúandi á Seftjörn, fengi $\frac{1}{3}$ hlut í veiðiréttindum Brjánslækjar II. Loks sendi hann með bréfinu eintak af þinglýstu byggingarbréfi.³⁸⁰ Landnámsstjóri svaraði Guðmundi með bréfi dagsettu 19. sama mánaðar og sagði frá samskiptum sínum við landbúnaðarráðuneytið og kirkjumálaráðuneytið varðandi hugmyndirnar.³⁸¹

Hinn 4. desember 1964 ritaði landnámsstjóri til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um ábúð á Brjánslæk og sagði ekkert athugavert við að samþykkt yrði breyting gagnvart veiðirétti Brjánslækjar II. Í bréfinu er útlistað fyrirkomulag nýbýlanna Brjánslækjar II og Seftjarnar og hvernig hefðu komu til. Jörðin Brjánslækur hefði verið í eyði áður en Guðmundur J. Einarsson kom þangað og hann hefði fengið helming jarðarinnar til stofnunar nýbýlis, Brjánslæk II. Eldri sonur hans hefði síðan fengið ábúð á eyðibýlinu Þverá ásamt ræktunarlandi frá Brjánslæk II og Moshlíð og byggt nýbýlið Seftjörn á því ræktunarlandi. Brjánslækur II hefði svo helming veiðiréttar og hlunninda jarðarinnar að öðru leyti, en Guðmundur færi nú fram á að mega láta $\frac{1}{3}$ hluta síns helmings fylgja býlinu Seftjörn.³⁸²

Hinn 5. júní 1966 ritaði Guðmundur J. Einarsson til landnámsstjóra um jarðræktar- og girðingarstyrk til að gera nýbýlið Brjánslæk II að tveimur býlum. Einnig sagði Guðmundur frá því að ekkert svar hefði borist frá ráðuneytinu um það hvort heimilt væri að veita Einari syni sínum $\frac{1}{3}$ hlut í veiðirétti í vatni og á.³⁸³ Landnámsstjóri svaraði Guðmundi með bréfi dagsettu 13. sama mánaðar og sagði aðra tvíbýlisaðstöðu ekki mögu-

³⁷⁶ Skjöl nr. 2(366) og 4(127). Nánari upplýsingar um efni skjalanna eru í kafla 5.6 Brjánslækur.

³⁷⁷ Skjal nr. 2(373).

³⁷⁸ Skjal nr. 2(374).

³⁷⁹ Skjal nr. 2(376).

³⁸⁰ Skjal nr. 2(377).

³⁸¹ Skjal nr. 2(378).

³⁸² Skjal nr. 2(375).

³⁸³ Skjal nr. 2(379).

lega á býli Guðmundar, þar sem með stofnun Seftjarnar væri nú þegar búið að skerða landsréttindi nýbýlis hans. Landnámsstjóri kvaðst ekki hafa heimild til að ákvarða um frekari skipti en þau sem þegar höfðu átt sér stað úr Brjánslækjarlandi, þ.e.a.s. prestssetrinu.³⁸⁴ Málið var áfram rætt í bréfi Guðmundar, dagsettu 23. júní sama ár, þar sem hann kvað Seftjörn ekki vera í nokkru sambandi við Brjánslæk heldur byggða úr Moshlíðarlandi. Guðmundur var ósammála því að nýbýlið Seftjörn skerti landsréttindi sín. Þá sagðist Guðmundur ekki fara fram á neitt hvað land prestssetursins varðaði, heldur aðeins heimild til að rækta stærra tún á sínum hluta jarðarinnar.³⁸⁵ Landnámsstjóri svaraði á ný með bréfi dagsettu 30. júní sama ár þar sem hann staðfesti skilning Guðmundar á stofnun nýbýlisins Seftjarnar, þ.e. „á landi Þverár að því er tekur til beitolands og úr hluta Moshlíðar að því, er tekur til ræktunarhæfs lands með réttindum til beitar að þeim hluta, sem skiptahlutföllin voru ákveðin, þegar Moshlíðin var lögð niður sem sjálfstæð jörð.“³⁸⁶

Skjal með titlinum „Tillögur til skiptingar og nytja Brjánslækjartorfunnar á Barðaströnd, þ.e. Brjánslækur I og II og eyðijarðirnar Þverá, Hella og Uppsáir“ er dagsett 18. október 1972 og varðar einnig Seftjörn. Efni þess er svohljóðandi:

Í eftirfarandi, þar sem nafnið Brjánslækur kemur fyrir, er gert ráð fyrir sameiningu Brjánslækjar I og II og að eyðijarðirnar falli þar undir.

1. Vegurinn frá brúnni á Lækjará út fyrir svokallaða Sjávarhóla færir í vesturátt yfir tún Brjánslækjar í samráði við Vegagerð ríkisins, þannig að sjávarmegin vegar fáið samhangandi spilda, er komi í hlut Seftjarnar.

Ábúandi Seftjarnar skal bæta ábúanda Brjánslækjar þá ræktun, sem tapast við þessa breytingu með því að rækta jafn stórt land í landi Brjánslækjar. Þar til þeirri ræktun er lokið, lætur ábúandi Seftjarnar Brjánslæk til afnota tilsvarendi tún að gæðum.

2. Land sjávarmegin við Þjóðveg frá túni við Seftjörn að mörkum Moshlíðar fellur í hluta Seftjarnar, þó þannig að 150 m. breið spilda til sjávar meðfram Moshlíðarmörkum tilheyrir Brjánslæk.
3. Landið milli Hestmúla að norðan, Lækjarbungu að sunnan, Kikafells að vestan og Gormi og Hesthúslæk að austan, nýttist óskert af Brjánslæk.

Svo skal og vera með land það, sem er á milli Moshlíðar og Arnórsstaða.

4. Gróður lausir melar norðan Lækjarár um 20 ha. að stærð telst til ræktunarlands Brjánslækjar. Seftjörn heimildast ræktun hins svokallaða gamla Þverártúns.
5. Kúabeit hafa ábúendur á Brjánslæk og Seftjörn á ræktunarlöndum sínum.
6. Sauðfjárbætur er sameiginleg, utan þeirra landa, sem áður hafa verið sérfrátekin, í hlutföllunum Brjánslækur 6 á móti 4 Seftjarnar, en ¼ hluti beitarréttar telst yfirfært ítak Seftjarnar vegna Moshlíðar.

Með þessu beitarítaki Seftjarnar í Brjánslæk falla niður beitarítök Seftjarnar í Þverárlandi.

7. Hlunnindi í ám og vötnum svo og önnur hlunnindi, að æðarvarpi undanskildu, skiptist í sömu hlutföllum og sauðfjárbætur í hlutföllunum 3 Brjánslækur : 2 Seftjörn.

³⁸⁴ Skjal nr. 2(380).

³⁸⁵ Skjal nr. 2(381).

³⁸⁶ Skjal nr. 2(382).

Hinn sérstaki veiðiréttur Seftjarnar í Þverá fellur niður og nýttar árinna sameinast heildar veiðihlunnindunum.

8. Nýttjendur landsins eru samþykktir eftirfarandi atriðum:
 - a. Að Barðstrendingafélagið í Reykjavík fái aukið landrými vegna Hótel Flókalundar.
 - b. Að Jóhanni Skaftasyni, sýslumanni, verði heimiluð afnot Helluhólma og gamla Hellutúnsins, sem sumarhús hans stendur á, þó einungis meðan hans nýtur við, þareftir sameinist túnið landi Flókalundar.
 - c. Að Alþýðusamband Vestfjarða fái lóðir undir sumarbúðir á einhverjum eftirtalinna staða, þó þannig, að þegar girðingar verða upp settar, hindri þær ekki rennsli fjár úr og í beitarlönd.
 1. Ofan þjóðveggar upp með og vestan Pennu.
 2. Neðst í Kleifum og efst í Mörk.
 3. Uppsalatún og nánasta umhverfi.
 - d. Að til náttúruverndar verði tekið landið frá Eiðisá, kringum Vatnsdalsvatn að Þingmannaá. Verði landið agirt sé það gert í samráði við nýttjendur Brjánslækjar.

Framanskráðum tillögum erum við fullkomlega samþykktir.

Flókalundi, 18. október 1972.

Einar Guðmundsson

Ragnar Guðmundsson³⁸⁷

Hinn 26. október 1972 skilaði Björn Bjarnason ráðunautur landbúnaðarráðuneytinu skýrslu um búskaparlegt notagildi Brjánslækjar en ráðuneytið hafði falið Birni skýrslu-gerðina með bréfi 4. október 1972. Í bréfi Björns til ráðuneytisins kemur m.a. fram að í ferð hans um svæðið 14.–19. október 1972 hafi hann m.a. rætt við Ragnar Guðmundsson á Brjánslæk og Einar Guðmundsson á Seftjörn og náð samkomulagi við þá um tillögur til skiptingar og nýttja á Brjánslækjartorfunni sem eru sagðar fylgja bréfinu.³⁸⁸ Í skýrslu Björns segir m.a. um Seftjörn:³⁸⁹

Innan áðurnefndra marka að sjó í Vatnsfirði hefur frá upprunalegu landi Brjánslækjar verið úrskipt eftirfarandi:

- a. Moshlið, sem síðar var skipt í nýbýlið Seftjörn og leiguland til Efri-Arnórsstaða (leigt til 40 ára).
- b. Brjánslæk II, sem er í byggð.
- c. Þverá, Hellu og Uppsölum, sem allar eru í eyði.

[...]

Eyðijarðirnar Þverá, Hella og Uppsálir hafa það sameiginlegt, að þær liggja allar að sjó, Vatnsfirði, en ganga eins og separ inn í land Brjánslækjar. Þverá er mestmegnis holt og melar með nokkru fjalllendi. Kjarlendi er nokkuð inn með Þverá. Beitolandið er tiltölulega einhæft, bezt er beit vor og haust, en sumarbeit léleg. Hlunnindi eru af fjörubeit, sem nýtist með annari beit vor og haust. Flæðihætta er nokkur, en hefur verið minnkuð með því að ýta upp gröndum út í skerin. Ræktunarland lítið sem ekkert. Útilokað er að stunda sjálfstæðan búrekstur á jörðinni. Ofurlítill sjóbirtingsveiði er í Þverá. Einar Guðmundsson, Seftjörn hefur beitarréttindi fyrir 250 fjár á Þverá. Þá fjártölu þolir jörðin ekki. Veiðirétt hefur Einar í Þverá með samningum, sem renna út árið 1975.

³⁸⁷ Skjal nr. 4(128), sbr. einnig skjal nr. 4(24).

³⁸⁸ Hér virðist um að ræða framangreindar tillögur dags. 18. október 1972, skjal nr. 4(128).

³⁸⁹ Nánari upplýsingar um skýrsluna eru í kafla 5.6 um Brjánslæk.

[...]

Seftjörn, nýbýli byggt úr landi Moshlíðar. Byggingar Seftjarnar eru mjög illa staðsettar á landi, sem fengið er úr Brjánslæk neðan þjóðveggar við Lækjará. Nauðsynlegt er að auka landrými Seftjarnar bæði vegna of lítils ræktunarlands svo og til að ná hagkvæmari aðstöðu til búrekstrar. með því að láta Seftjörn fá land frá Brjánslæk neðan þjóðveggar, getur Seftjörn ræktað tún út frá lóð þeirri, sem byggingarnar standa nú á. Þannig fást betri tengsl við hið eiginlega ræktunarland í Moshlíð.³⁹⁰

Samantekt Björns um helstu tillögur sínar er síðan svohljóðandi:

1. Að prestssetrið Brjánslækur, Brjánslækur II, Þverá, Hella og e.t.v. Uppsalar verði sameinaðar í eina jörð, Brjánslæk, með því einu skapast sá grundvöllur, sem nauðsynlegur er, til þess að fá hagkvæman búskap á Brjánslæk.
2. Að Seftjörn fái viðbótarland frá Brjánslæk, eins og tilgreint er í viðlögðum tillögum.
3. Að Seftjörn verði veitt ítak fyrir sauðfjárbætur í Brjánslækjarlandi í vissum hlutföllum við Brjánslæk.
4. Að Seftjörn fái hlutdeild í veiðiréttindum Brjánslækjar.³⁹¹

Hinn 4. maí 1973 sendi landbúnaðarráðuneytið Einari Guðmundssyni uppkast að byggingarbréfi fyrir Seftjörn með landaukum og ítökum, sem jörðin fengi úr Brjánslækjartorfunni eftir tillögum Björns Bjarnasonar frá haustinu áður.³⁹²

Byggingarbréf landbúnaðarráðherra til Einars Guðmundssonar fyrir Seftjörn var gefið út 10. október 1974 og felldi úr gildi eldra byggingarbréf frá 7. mars 1961. Þar segir að landamerki hinnar leigðu jarðar séu landamerki Seftjarnar eins og þau séu tilgreind í byggingarbréfi dags. 7. mars 1961 með breytingum og viðaukum sem um geti í viðfestum tillögum um skiptingu Brjánslækjartorfunnar. Í bréfinu segir einnig:

Með undirskrift þessa byggingabréfs skuldbindur ábúandi sig til að hlíta þeirri skiptingu Brjánslækjartorfunnar og nytja hennar, sem hann undirritaði í Flókalundi 18. október 1972.

Úr torfunni er eyðijörðin Uppsalar leigð öðrum.³⁹³

Bréfinu fylgir skjalið sem vísað er til um skiptingu Brjánslækjartorfunnar³⁹⁴ og tillaga um friðland í Vatnsfirði.³⁹⁵

Í desember 1974 og janúar 1975 undirrituðu annars vegar ábúendur Brjánslækjar og Seftjarnar og hins vegar eigendur og ábúendur Fossár yfirlýsingar um að þeirra vegna væri heimil friðlýsing tiltekins hluta Vatnsfjarðar með þeim mörkum og reglum sem fram komi í yfirlýsingunni. Yfirlýsingunum var þinglýst 28. febrúar 1975. Mörkum friðlýsta svæðisins er þar lýst svo:

Með Þverá og síðan Mikladalsá frá ósi að upptökum. (2) Þaðan beina stefnu í hátind Klakks. (3) Eftir það landamerki Brjánslækjar á sýslumörkum að vestan og norðan, og til austurs eins langt og lönd Brjánslækjar og Uppsala ná allt til móts við brúnir

³⁹⁰ Skjal nr. 4(19).

³⁹¹ Skjal nr. 4(19).

³⁹² Skjal nr. 2(394).

³⁹³ Skjal nr. 4(130).

³⁹⁴ Um er að ræða tillögur dags. 18. október 1972, sem raktar eru frammar, sbr. skjal nr. 4(128), sbr. einnig skjal nr. 4(24).

³⁹⁵ Sjá einnig skjal nr. 4(26).

Fossárfjalls ofan Uppsaladals. (4) Síðan fylgja mörkin fjallsbrún til suðurs. (5) Af fjallsbrún liggja mörkin með klettavegg þeim sem er skammt austan við klettinn Hörg, svo langt sem hann nær og þaðan skemmstu leið til sjávar. Eyjar og hólmar á Vatnsfirði eru háðir ákvæðum friðlýsingarinnar.³⁹⁶

Í yfirlýsingu ábúenda Brjánslækjar og Seftjarnar er viðauki þar sem þeir setja skilyrði um að tjaldstæði og umferð fyrir framan Vatnsdalsvatn séu háð leyfi ábúenda.³⁹⁷

Hinn 5. mars 1975 sendi framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs menntamálaráðuneytinu bréf um að ráðið hefði á fundi 24. janúar 1975 samþykkt fyrir sitt leyti stofnun friðlands í Vatnsfirði ásamt friðlýsingu Surtarbrandsgils sem náttúruvættis. Eigendur og réttthafar til landsins hefðu gefið yfirlýsingu þess efnis að þeir væru samþykkir friðlýsingunni og myndu engar bótakröfur gera vegna hennar en af bréfinu að dæma er þar um að ræða áður nefndar yfirlýsingar frá ábúendum Brjánslækjar og eigendum og ábúendum Fossár. Þess er farið á leit að ráðuneytið staðfesti friðlýsingarnar og birti í Stjórnartíðindum.³⁹⁸

Í minnisblaði frá Náttúruverndarráði, dags. 22. október 1973 er greint frá vettvangsskoðun í Vatnsfirði 9. og 10. september í því skyni að kanna möguleika til friðlýsingar þar í framhaldi af ályktun náttúruverndarþings um vernd fjarðarins. M.a. er sagt frá samtölum við heimamenn, starfsemi í firðinum og samningum sem standi fyrir dyrum milli jarðeignadeildar landbúnaðarráðuneytisins og ýmissa nytjenda landsins. Í umfjöllun um landsvæðið sjálft segir eftirfarandi um Seftjörn:

Land það, sem hér er um að ræða, og allt er í ríkiseign, er land jarðanna Brjánslækjar I og II og Seftjarnar, sem nýttar nú land það, sem áður hét Moshlíð, en lagðist síðar undir Brjánslæk. Ennfremur eyðibýlin Þverá og Hella vestan fjarðar og Uppsalar að austan.³⁹⁹

Hinn 7. október 1983 samþykkti landbúnaðarráðherra svohljóðandi ósk ábúenda á Brjánslæk og Seftjörn, dags. 21. ágúst 1983, um afnotaskipti Brjánslækjartorfunnar en tekið var fram að samkomulagið breytti að öðru leyti hvorki tillögum um skipti á Brjánslækjartorfunni sem ábúendurnir undirrituðu 18. október 1972 né reglum um friðland í Vatnsfirði:

Landið frá Þverá að Eyðisá skiptist þannig:

Seftjörn: Þverárland, milli Þverár og Grenjadalsár, Mávavötn og landið umhverfis þau fylgja.

Brjánslækur: Landið frá Grenjadalsá að Eyðisá, Helluvatn og landið umhverfis það fylgja.

Verði borað eftir heitu vatni á umræddu landi, skulu báðar jarðirnar njóta réttar til þess eins og á óskiptu landi jarðanna, þ.e. í hlutföllum Brjánslækur 3 hl., Seftjörn 2 hl.⁴⁰⁰

³⁹⁶ Skjal nr. 4(25).

³⁹⁷ Skjal nr. 4(25).

³⁹⁸ Skjal nr. 4(20). Í bréfinu segir að samþykktir Náttúruverndarráðs ásamt markalýsingum og reglum um svæðin fylgi, sem og uppdrættir á glærum og afrit af yfirlýsingum ábúenda Brjánslækjar og eigenda og ábúenda Fossár. Þau gögn fylgja ekki því afriti bréfsins sem liggur fyrir í málinu.

³⁹⁹ Skjal nr. 4(22).

⁴⁰⁰ Skjal nr. 4(113).

Í samningi ábúenda á Seftjörn og Brjánslæks, dagsettum 17. júlí 1986, er fjallað um tilkall til vatns. Þar segir eftirfarandi:

Við, ábúendur á Brjánslæk, gerum ekki tilkall til vatns, sem upp kann að koma við fyrirhugaða borun á Þverá, þannig að Seftjörn nýtur þess óskipt.

Á sama hátt gerum við ábúendur á Seftjörn, ekki tilkall til vatns, ef af borun verður af hendi ábúenda Brjánslækjar, í úrskiptu landi þeirra. Verði ekki talin líkindi til árangurs á því landi, samþykkjum við, að þeir (áb. Brjánslækjar) fái, án ítaks frá Seftjörn að bora í svo nefndum Smiðjukleifum, sem er óskipt land Brjánslækjar og Seftjarnar.⁴⁰¹

Í minnisblaði um málefni friðlandsins í Vatnsfirði, dagsettu 8. janúar 1987 og varðveittu meðal vinnugagna starfsfólks landbúnaðarráðuneytisins, er fjallað um hugsanlega beit í friðlandinu og útlistaðir nokkrir möguleikar um fyrirkomulag búfjárbæitar. Minnisblaðinu fylgir kort af Vatnsfirði með skýringum, en þar er búið að teikna inn (með númerum og litamerkingum) eftirfarandi atriði: 1. Heimaland Brjánslækjar, óháð Seftjörn. 2. Úrskipt til Seftjarnar samkvæmt tillögum áður samþykktum. 3. Lóðir orlofs-húsa Alpýðusambands Vestfjarða. 4. Lóð Hótel Flókalundar. 5. Úrskipt til Brjánslækjar samkvæmt tillögum áður samþykktum. 6. Viðbót til Brjánslækjar vegna samnings um búháttabreytingu (Smiðjukleifar). 7. Sameiginlegt heimaland Brjánslækjar og Seftjarnar, áður ákveðið og alltaf utan friðlýsingar (líkt og númer 1 og 8). 8. Heimaland Seftjarnar (Moshlíð). 9. Friðland. 10. Girðingar, til friðunar Vatnsdals.⁴⁰²

Hinn 27. júlí 1987 var gerður leigusamningur um 28,8 hektara lóð úr landi Brjánslækjartorfu, landi Seftjarnar samkvæmt afnotaskiptum frá 7. október 1983. Leigutaki var Klak og eldisstöðin s/f en leigusali var landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins. Lóðin var sömuleiðis leigð til 50 ára frá útgáfudegi samningsins, en lega hennar var afmörkuð með uppdrætti sem fylgdi samningnum. Á honum markast lóðin m.a. við Þverá og beina línu nokkuð sunnan Gíslalækjar.⁴⁰³ Samningurinn var, ásamt tveimur samningum um 2.000 m² lóðir úr landi Seftjarnar, teknir fyrir á fundi jarðanefndar Vestur-Barðastrandarsýslu 3. desember 1987. Um samninginn vegna 28,8 hektara lóðarinnar bókaði nefndin að umrætt land væri á friðlýstu svæði og fylgja yrði yfirlýsing frá Náttúruverndarráði svo að framkvæmdir á landinu væru leyfilegar. Þá bókaði nefndin að lóðirnar tvær sem voru 2.000 m² að stærð væru úr landi Brjánslækjar og Seftjarnar, þar sem landi jarðanna hafi aldrei verið formlega skipt.⁴⁰⁴

Hinn 17. mars og 7. apríl 1988 voru gerðir tveir leigusamningar um 2.000 m² lóðir úr landi Brjánslækjartorfu, landi Seftjarnar skv. afnotaskiptum frá 7. október 1983. Leigutakar voru annars vegar Arndís Harpa Einarsdóttir og Einar Pálsson og hins vegar Stefanía Stefánsdóttir og Guðmundur Einarsson. Leigusali var landbúnaðarráðherra f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins. Lóðirnar voru báðar innan marka leigulands

⁴⁰¹ Skjal nr. 2(410).

⁴⁰² Skjal nr. 2(413).

⁴⁰³ Skjal nr. 2(415).

⁴⁰⁴ Skjal nr. 2(418).

Klaks- og eldisstöðvarinnar s/f, sbr. lóðarleigusamning um 28,8 hektara lóð sem útgefinn var 27. júlí 1987.⁴⁰⁵

Hinn 17. september 1987 skrifaði Gísli Gíslason, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs til Einars Guðmundssonar og Bríetar Böðvarsdóttur á Seftjörn um breytingu á mörkum friðlandsins í Vatnsfirði. Vísað var til erindis þeirra um byggingu íbúðarhúss í landi Þverár í Vatnsfirði. Náttúruverndarráð féllst á þau áform, m.a. að uppfylltu því skilyrði að engin búfjárbætur yrði í friðlandinu frá Seftjörn og Þverá. Þá kemur fram í bréfinu að Náttúruverndarráð myndi breyta mörkum friðlandsins þannig að umrædd lóð yrði utan þess, þó ekki hafi verið ákveðið endanlega hvar ný friðlandsmörk yrðu.⁴⁰⁶

Fyrir liggja fleiri skjöl frá árunum 1986–1991 en hér hefur verið gerð grein fyrir, m.a. ýmis bréfaskipti ábúanda á Brjánslæk, Náttúruverndarráðs og landbúnaðarráðuneytisins, þar sem fjallað er um beitarmál og búskaparhætti á Brjánslæk og Seftjörn í tengslum við friðland í Vatnsfirði. Nánari umfjöllun um þau má sjá í kafla 5.6 um Brjánslæk.

Hinn 6. ágúst 1991 sendi landbúnaðarráðuneytið Náttúruverndarráði leigusamning við Ragnar Guðmundsson, ábúanda á Brjánslæk, um spildu milli Vatnsdalsár og Þingmannaár með ósk um áritun ráðsins. Tekið var fram að samningurinn yrði að hljóta sérstakt samþykki hreppsnefndar og jarðanefndar, svo og Einars Guðmundssonar, ábúanda á Seftjörn, þar sem landið væri óskipt milli Seftjarnar og Brjánslækjar.⁴⁰⁷

Í gögnum jarðanefndar Vestur-Barðastrandarsýslu, sem varðveitt eru í skjalasafni landbúnaðarráðuneytisins, er ódagsett kort, líklega frá apríl 2000, þar sem litið hefur verið inn afmörkun Brjánslækjar, Moshlíðar og Seftjarnar. Ofan við litaða hluta Brjánslækjar, Moshlíðar og Seftjarnar, vinstra megin á kortinu, hefur verið skráð „Brjánsl. brött og gróðurlaus hlíð“^{að mestu} í tilviki Brjánslækjar, en við litaða hluta Moshlíðar og Seftjarnar er skráð „ógróin brött hlíð, óskipt land Moshlíðar og Seftjarnar“. Hægra megin á kortinu er annars vegar skráð á hluta Brjánslækjar „Brjánslækjarland ræktað og óræktað ónákvæmt riss“ og hins vegar „Brjánsl. tún í órækt u.þ.b. 20 ha“. Við seinni textann eru örvar sem vísa til vesturs og norðurs miðað við legu kortsins. Sjór er merktur á kortið en eina örnefnið sem merkt er inn er „Lækjará“, ofarlega til hægri. Um kortið segir að það sé unnið af Kortagerðinni Hvanneyri (RHJ) í samvinnu við Búnaðarsamband Vestfjarða. Þar er fært inn að stærð túna Seftjarnar sé alls 30,82 hektarar en stærð óræktar alls sé 33,44 hektarar.⁴⁰⁸

5.6.4 Þverá

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að Þverá var 12 hundruð að dýrleika.⁴⁰⁹

⁴⁰⁵ Skjal nr. 2(420).

⁴⁰⁶ Skjal nr. 2(417).

⁴⁰⁷ Skjal nr. 4(120).

⁴⁰⁸ Skjal nr. 2(421).

⁴⁰⁹ Skjal nr. 4(104), bls. 689.

Samkvæmt skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson frá 23. október 1467 eignaðist ekkja hans, Ólöf Loftsdóttir, jörðina Brjánslæk með öðrum jörðum, m.a. Neðri-Rauðsdal, Arnórsstöðum, Hlíð, Þverá, Fossá, Hamar á Hjarðarnesi, hálfa jörðina Auðnir, Vattarnes og Illugastaðir.⁴¹⁰

Í skiptabréfi eftir Ólöfu Loftsdóttur hinn 15. apríl 1480 segir að Þorleifur Björnsson hafi m.a. hlotið Brjánslæk, Rauðsdal, Arnórsstaði, Hlíð, Þverá, Fossá og Vattarnes.⁴¹¹

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir um Brjánslækjarkirkju:

Kirkian ä Briamslæk ä heimaland hálft. Eingey.

Item jardernar Hlijd og Thuerä. önnur fyrer .x. aura leigd. enn önnur fyrer .iiij. ærgillde. halffann peningsdal. Vppsale og allann Vatzdal med skoge og Haga nedann fra Eidsäa og Thijngniannaä og framm á Gielldneytatungur. so langt sem skoge er vaxid vtann skog i Hnietum i millum Thijngmannaär og Lambagilia er kirkiann i Haga ä.

Item ä kirkian selveide alla med øllum fiørugjædum ä Eide fyrer jnnann Skälmanes millum Sandvijkurness og Kiellingartanga.

Item kirkiuskier tuø.⁴¹²

Hinn 29. apríl 1617 sömdu sr. Teitur Halldórsson og Bjarni Björnsson um að sr. Teitur hefði sinn part af kirkjujörðinni Hlíð en Uppsalaland skyldi leggjast til jarðanna Þverár og Hellu, „en beri þau höpp upp á Uppsalareka, sem landsdrottinn með lögum tilheyra, skiptist meðal allra partanna að réttum þriðjunga skiptum“. Einnig skiptu þeir með sér kirkjubyggingu og öðrum fasteignum í Hlíð, eins og lýst er í bréfinu.⁴¹³

Í *Jarðabók Árna* og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Þverá:

Þverá.

Kirkjujörð frá Brjámslæk. Heyrir til Guðmundi Þorleifssyni.

Jarðardýrleiki vi hndr.

Ábúandinn Einar Guðmundsson.

Landskuld hefur áður verið x aurar. Nú á hún þetta ár að falla niður fyrir umhirðingu á jörðunni, sem hingað til hefur nítt verið, og sumpart í eyði legið.

[...]

Skógur er þar ánægjanlegur til kola og eldiviðar. Grasatekja lítilsháttar. Silúngur gengur nokkur í ána sem heitir Penna, en kann ekki vel að veiðast fyrir gljúfrum. Túnið og þar um kring spillist af skriðum oftlega.⁴¹⁴

Í brauðmati fyrir Brjánslækjarkirkju árið 1744 segir að kirkjan eigi hálft heimaland, 30 hundruð að dýrleika, en 10 hundruð í heimalandi séu bóndaeign. Þá segir einnig að kirkjan eigi Þverá, sex hundruð að dýrleika, Hlíð, sex hundruð að dýrleika og kotið Uppsali, sem hafi fyrir mörgum árum verið í eyði.⁴¹⁵

⁴¹⁰ Skjal nr. 4(105), bls. 499–500. Sjá einnig skjal nr. 4(106), bls. 47.

⁴¹¹ Skjal nr. 4(108), bls. 256.

⁴¹² Skjal nr. 4(55).

⁴¹³ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 112; skjal H-23.

⁴¹⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 269; skjal H-2.

⁴¹⁵ Skjal nr. 2(260).

Í útdrætti úr Brjánslækjarkirkjubók kemur fram að úttekt fór fram á Brjánslæk 2. júlí 1767. Þar segir að presturinn hafi 20 hundruð sér til upphalds, sem gefin voru af Guðmundi sál. Þorleifssyni í Brokey. Einnig kemur fram að presturinn meðtaki einu kirkjujörðina sem var byggð og tilheyrði nefndum 20 hundruðum, þ.e. Þverá.⁴¹⁶

Við manntalsþing að Haga á Barðaströnd 27. mars 1795 var upplestið skjal sr. Jóhanns Bergsveinssonar á Brjánslæk hvar hann lögbýður jörðina Þverá við Vatnsfjörð með þargreindum skilmálum eftir næstu fardaga.⁴¹⁷

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Þverár metinn sex hundruð og þá er jörðin skráð kirkjujörð Brjánslækjar. Þá segir að árið 1805 verði jörðin óbyggð en nýtt af kirkjustaðnum.⁴¹⁸

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Þverá metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem Brjánslækjarkirkjueign.⁴¹⁹

Í ódagsettri lýsingu, eigna- og ítakaskrá frá miðri nítjándu öld, segir að kirkjan að Brjánslæk sé að $\frac{2}{3}$ hlutum beneficium en að $\frac{1}{3}$ hluta bóndaeign. Þá segir að kirkjan eigi í fasteignum 50 hundruð í heimalandi með Engey og kirkjujarðirnar Moshlíð, Þverá og Hella, allar sex hundruð að dýrleika. Moshlíð og Hella voru þá í eyði. Um ítök segir að kirkjan eigi alla selveiði með öllum fjörugæðum á Eiði, fyrir innan Skálmarnes, milli Sandvíkurness og Kerlingartanga.⁴²⁰

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Þverár.⁴²¹ Í yfirmatsjarðabók sem fylgir jarðamatinu segir að Þverá sé hjáleiga Brjánslækjar. Þar er mati Þverár breytt úr 98 ríkisbankadölum í 110 ríkisbankadali.⁴²²

Landamerkjaskrá Þverár er dagsett 1. mars 1890, en hún var þinglesin við manntalsþing að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31. maí 1890. Efni hennar hljóðar svo:

Landamerkiaskrá fyrir jörðina Þverá í Barðastrandarhreppi í Barðastrandarsýslu. Jörð þessi er að dýrleika 5,7 hundruð að nyju mati og er eign kirkjunnar að Brjánslæk. Jörð þessi greinist frá Brjánslækjarlandi með eptirfylgjandi landamerkjum: Þverá deilir löndin fjalls og fjöru á milli allt uppi Þverárdalsbotn þá breytir áin nafni og heitir eptir það Mikladalsá og ræður hún merkjum svo langt sem hún nær. Þá eru merkin bein lína frá upptökum Mikladalsár í vestasta kikann hjá Máfavötnum; þaðan eptir hæðinni fyrir ofan vötnin og sjónhendíng í Grenjadalsbotn og eptir Grenjadalsá til sjáfar. Engin ítök eða hlunníndi á jörð þessi í landi annara jarða nje þær í hennar landi.

Brjánslæk 1 marz 1890

Þorvaldur Jakobsson prestur að Brjánslæk.

Samþykkir: eigandi $\frac{1}{3}$ Brjánslækjar Sigíður Johnsen.

⁴¹⁶ Skjal nr. 2(121).

⁴¹⁷ Skjal nr. 2(173).

⁴¹⁸ Skjal nr. 2(25).

⁴¹⁹ Skjal nr. 4(1), bls. 180.

⁴²⁰ Skjal nr. 2(263).

⁴²¹ Skjal nr. 2(49).

⁴²² Skjal nr. 2(64).

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðarstrandarhreppi 31 maí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 139 bls 77-78 vottar ALE Fischer sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au bókun – 25 – 1 kr 0 au ein króna borgað Fischer⁴²³

Í fasteignamatí Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 fyrir jörðina Brjánslæk er eyðikotið Þverá metið á 160 kr. og eyðikotið Hella er sömuleiðis metið á 160 kr. Skráð er að þau liggi bæði undir Brjánslæk, en bæði kotin hafi lagst í eyði á árunum 1882–1899.⁴²⁴

Með bréfum dagsettum 20. maí 1942 og 26. febrúar 1943 óskaði Jóhann Skaptason eftir því við dóms- og kirkjumálaráðuneytið að fá leigt eyðibýlið Þverá. Í öðru bréfinu er fjallað um landamerki jarðarinnar með vísun í landamerkjabók.⁴²⁵

Í lýsingu Egils Ólafssonar, trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, á eyðibýlinu Þverá við Vatnsfjörð, dagsettri 8. desember 1958, segir að jörðin hafi verið lögð undir Brjánslæk um aldamótin 1900. Þar sé graslendi nokkuð og samfelld um það bil sjö hektarar. Þá sé skóglendi mikið, fjárbeit ákjósanleg, fjörubeit ágæt og einnig sé silungsveiði í Þverá. Loks sé volg laug við túnjaðarinn.⁴²⁶

Hinn 14. mars 1959 óskaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið eftir umsögn landnámsstjóra vegna beiðni Einars Guðmundssonar um stofnun nýbýlis og erfðafestuábúð á landi eyðijarðarinnar Þverár.⁴²⁷ Landnámsstjóri svaraði erindinu 12. maí sama ár og sagði að umsókn Einars hafi verið lögð fyrir nýbýlastjórn sem hafi samþykkt hana með því skilyrði að hann fengi allt að 10 hektara lands frá Brjánslæk II, nýbýli Guðmundar Einarssonar og byggt yrði á því landi sem og viðbótarræktunarlandi á Vatnsdalsbökkum. Landnámsstjóri mælti með að Einari yrðu veitt umbeðin réttindi.⁴²⁸ Skipulagsnefnd prestssetra samþykkti á fundi sínum 12. mars 1959 beiðni Einars um erfðaábúð á Þverá.⁴²⁹

Hinn 20. janúar 1960 ritaði Einar Guðmundsson til Pálma Einarssonar landnámsstjóra um landamerki Þverár og stofnun nýbýlis. Af bréfinu virðist sem land Vatnsdalsbakka hafi ekki lengur verið álitid hluti af nýbýlisstofnuninni.⁴³⁰

Hinn 26. janúar sama ár ritaði landnámsstjóri til Sveins Víkings um hvaða réttindi skyldu ákveðin fyrir Einar Guðmundsson í byggingarbréfi fyrir eyðijörðinni Þverá. Fram kemur í bréfinu að ekki sé hægt að sjá af heimildum að Vatnsdalsbakkar hafi verið byggðir sem býli eða hjáleiga og þá telji *Jarðabók* Árna Magnússonar Vatnsdal sem afréttarland. Einari hafi enn fremur verið tilkynnt að byggingarbréf yrði aðeins gefið út fyrir Þverá. Loks segir landnámsstjóri að Vatnsdalsbakkar séu í óskiptu beiti- eða

⁴²³ Skjal nr. 2(7).

⁴²⁴ Skjal nr. 2(71).

⁴²⁵ Skjal nr. 2(332).

⁴²⁶ Skjal nr. 2(345).

⁴²⁷ Skjal nr. 2(350).

⁴²⁸ Skjöl nr. 2(353) og 2(354).

⁴²⁹ Skjöl nr. 2(355) og 2(356).

⁴³⁰ Skjal nr. 2(357).

afréttarlandi og á því eigi faðir Einars umráð að jöfnu við prestssetrið.⁴³¹ Guðmundur J. Einarsson ritaði landnámsstjóra 26. janúar sama ár um að Einari hefði verið synjað um land á Vatnsdalsbökkum til viðbótar við Þverárland. Guðmundur varpaði þá fram þeirri hugmynd að Einar tæki frekar ábúð á Moshlíð.⁴³²

Hinn 1. febrúar 1960 ritaði Sveinn Víkingur til landnámsstjóra um samþykki sitt fyrir því að Einar Guðmundsson fengi allt að 10 hektara land til ræktunar við Þverárland. Meðal skilyrða var að landið rýrði sem allra minnst verðgildi og notagildi hins sameiginlega Brjánslækjarlands, að samþykki fengist frá biskupi Íslands sem og öðrum umráðamanni landsins.⁴³³

Hinn 11. febrúar 1960 ritaði landnámsstjóri til Guðmundar J. Einarssonar um að Einar Guðmundsson sækti um ábúð fyrir Moshlíð. Fram kemur að Einar myndi eflast tryggja framtíð sína betur með því að taka Moshlíð heldur en að ráðast í að byggja upp nýtt býli, sem myndi grundvallast á landi Þverár en þar væru ræktunarskilyrði lakari en í Moshlíð.⁴³⁴ Guðmundur svaraði bréfinu 14. sama mánaðar og sagði að Einar myndi sækja um Moshlíð til ábúðar. Í bréfinu ræðir Guðmundur nokkra af skilmálum sínum, s.s. að honum yrði leyft að afsala Einari sínum helmingi Brjánslækjar, $\frac{1}{3}$ í veiðirétti í vatni og ám og að hann afsali Einari $\frac{1}{10}$ hluta af sínum hluta óræktanlegs beitilands til uppþótar á beit í Moshlíð.⁴³⁵ Landnámsstjóri ritaði jarðeignadeild ríkisins hinn 22. febrúar sama ár og tilkynnti að Einar fengi Moshlíð til ábúðar í stað þess að stofna til nýbýlis á eyðijörðinni Þverá.⁴³⁶ Hinn 17. mars var sótt um byggingarbréf fyrir Moshlíð.⁴³⁷

Hinn 25. júlí 1960 ritaði landbúnaðarráðuneytið til landnámsstjóra vegna skiptingar á Moshlíð. Í bréfinu segir að jörðin Moshlíð verði leigð Einari Guðmundssyni og Herbert Andersen. Þá segir að Einar muni stofna nýbýli en þar sem hluti hans í Moshlíð sé of lítill verði honum leigð jörðin Þverá.⁴³⁸

Byggingarbréf var gefið út í landbúnaðarráðuneytinu 7. mars 1961 þar sem Einari Guðmundssyni var byggður hluti úr Moshlíð ásamt ræktunar- og ítölurétti í Þverá. Í byggingarbréfinu er gerð grein fyrir skiptingu á ræktunarlandi Moshlíðar og réttindum Einars í Þverá sem voru beitarréttindi, ræktunarland og veiðiréttur. Ráðuneytið áskildi sér rétt til að taka þann hluta skóglendis Þverár sem hæfur væri til skógræktar undan leigunni yrði hafist handa með slíka starfsemi.⁴³⁹

Skjal með titlinum „Tillögur til skiptingar og nytja Brjánslækjartorfunnar á Barðaströnd, þ.e. Brjánslækur I og II og eyðijarðirnar Þverá, Hella og Uppsalar“ er dagsett

⁴³¹ Skjal nr. 2(358).

⁴³² Skjal nr. 2(359).

⁴³³ Skjal nr. 2(360).

⁴³⁴ Skjal nr. 2(361).

⁴³⁵ Skjal nr. 2(362).

⁴³⁶ Skjal nr. 2(363).

⁴³⁷ Skjal nr. 2(364).

⁴³⁸ Skjal nr. 2(365).

⁴³⁹ Skjal nr. 4(127).

18. október 1972. Með undirritun lýstu ábúendur Brjánslækjar og Seftjarnar sig samþykka tillögunum. Sá hluti skjalsins sem varðar Þverá er svohljóðandi:

Í eftirfarandi, þar sem nafnið Brjánslækur kemur fyrir, er gert ráð fyrir sameiningu Brjánslækjar I og II og að eyðijarðirnar falli þar undir.

[...]

4. Gróður lausir melar norðan Lækjarár um 20 ha. að stærð telst til ræktunarlands Brjánslækjar. Seftjörn heimildast ræktun hins svokallaða gamla Þverártúns.

[...]

6. Sauðfjárbætt er sameiginleg, utan þeirra landa, sem áður hafa verið sérfrátekin, ú hlutföllunum Brjánslækur 6 á móti 4 Seftjarnar, en ¼ hluti beitarréttar telst yfirfært ítak Seftjarnar vegna Moshlíðar.

Með þessu beitarítaki Seftjarnar í Brjánslæk falla niður beitarítök Seftjarnar í Þverárlandi.

7. Hlunnindi í ám og vötnum svo og önnur hlunnindi, að æðarvarpi undanskildu, skiptist í sömu hlutföllum og sauðfjárbætt í hlutföllunum 3 Brjánslækur : 2 Seftjörn.

Hinn sérstaki veiðiréttur Seftjarnar í Þverá fellur niður og nýttar árinna sameinast heildar veiðihlunnindunum.⁴⁴⁰

Hinn 26. október 1972 skilaði Björn Bjarnason ráðunautur landbúnaðarráðuneytinu skýrslu um búskaparlegt notagildi Brjánslækjar en ráðuneytið hafði falið Birni skýrslugerðina með bréfi 4. október 1972. Í skýrslu Björns segir um Þverá:⁴⁴¹

Innan áðurnefndra marka að sjó í Vatnsfirði hefur frá upprunalegu landi Brjánslækjar verið úrskipt eftirfarandi:

- a. Moshlíð, sem síðar var skipt í nýbýlið Seftjörn og leiguland til Efri-Arnórsstaða (leigt til 40 ára).
- b. Brjánslæk II, sem er í byggð.
- c. Þverá, Hellu og Uppsölum, sem allar eru í eyði.

[...]

Eyðijarðirnar Þverá, Hella og Uppsálir hafa það sameiginlegt, að þær liggja allar að sjó, Vatnsfirði, en ganga eins og separ inn í land Brjánslækjar. Þverá er mestmegnis holt og melar með nokkru fjalllendi. Kjarlendi er nokkuð inn með Þverá. Beitolandið er tiltölulega einhæft, bezt er beit vor og haust, en sumarbeit léleg. Hlunnindi eru af fjörubeit, sem nýtist með annari beit vor og haust. Flæðihætta er nokkur, en hefur verið minnkuð með því að ýta upp gröndum út í skerin. Ræktunarland lítið sem ekkert. Útilokað er að stunda sjálfstæðan búrekstur á jörðinni. Ofurlítill sjóbirtingsveiði er í Þverá. Einar Guðmundsson, Seftjörn hefur beitarréttindi fyrir 250 fjár á Þverá. Þá fjártölu þolir jörðin ekki. Veiðirétt hefur Einar í Þverá með samningum, sem renna út árið 1975.⁴⁴²

Í minnisblaði frá Náttúruverndarráði, dags. 22. október 1973 er greint frá vettvangsskoðun í Vatnsfirði 9. og 10. september í því skyni að kanna möguleika til friðlýsingar þar í framhaldi af ályktun náttúruverndarþings um vernd fjarðarins. M.a. er sagt frá samtölum við heimamenn, starfsemi í firðinum og samningum sem standi fyrir dyrum

⁴⁴⁰ Skjal nr. 4(128), sbr. einnig skjal nr. 4(24).

⁴⁴¹ Nánari upplýsingar um skýrsluna eru í kafla 5.6 um Brjánslæk.

⁴⁴² Skjal nr. 4(19).

milli jarðeignadeildar landbúnaðarráðuneytisins og ýmissa nytjenda landsins. Í umfjöllun um landsvæðið sjálf segir eftirfarandi um Þverá:

Land það, sem hér er um að ræða, og allt er í ríkiseign, er land jarðanna Brjánslækjar I og II og Seftjarnar, sem nýttar nú land það, sem áður hét Moshlíð, en lagðist síðar undir Brjánslæk. Ennfremur eyðibýlin Þverá og Hella vestan fjarðar og Uppsalar að austan.⁴⁴³

Í bréfi frá Náttúruverndarráði til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 22. október 1973, er gerð grein fyrir skýrslu undirnefndar ráðsins um friðlýsingu í Vatnsfirði og tillögum hennar um stofnun friðlands. Þar kemur m.a. fram að nefndin telji eðlilegast að stefna að stofnun friðlands „á landi Brjánslækjar öllu innan Þverár að vestan og með landi Uppsala fram á Hörgsnes að austan“.⁴⁴⁴

5.6.5 Hella

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að Hella var 12 hundruð að dýrleika.⁴⁴⁵

Í skrá frá 3. júlí 1478, um dýrleika á þeim jörðum Guðmundar Arasonar ríka á Reykhólum, sem voru ranglega haldnar og leggja skyldi aftur, segir að Hella sé átta hundruð að dýrleika.⁴⁴⁶

Í gjafabréfi Jóns dans Björnssonar frá 26. mars 1508 kemur fram að hann gaf Bjarna Andréssyni jörðina Brjánslæk á Barðaströnd og allar þær jarðir sem þar lágu og tilheyrðu honum, þ.e. Fossá, Þverá, Hellu, Hlíð, Arnórsstaði og Rauðsdal.⁴⁴⁷

Í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar frá 1509 um eignir Bjarna Andréssonar segir að þar á meðal sé Brjánslækur á Barðaströnd með Engey, 60 hundruð að dýrleika, Fossá, 24 hundruð, Hella, sex hundruð, Hlíð, 16 hundruð, Arnórsstaðir, 20 hundruð og Rauðsdalur, 20 hundruð.⁴⁴⁸

Hinn 29. apríl 1617 sömdu sr. Teitur Halldórsson og Bjarni Björnsson um að sr. Teitur hefði sinn part af kirkjujörðinni Hlíð en Uppsalaland skyldi leggjast til jarðanna Þverár og Hellu, „en beri þau höpp upp á Uppsalareka, sem landsdrottinn með lögum tilheyra, skiptist meðal allra partanna að réttum þriðjunga skiptum“. Einnig skiptu þeir með sér kirkjubyggingu og öðrum fasteignum í Hlíð, eins og lýst er í bréfinu.⁴⁴⁹

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 er fjallað um Hellu sem kot í eyði milli Fossár og Brjánslækjar. Þar segir eftirfarandi:

Fossá.

Jarðardýrleiki xxiiii hndr.

Jarðareigandi Guðmundur Þorleifsson á Geirrauðareyri.

⁴⁴³ Skjal nr. 4(22).

⁴⁴⁴ Skjal nr. 4(20).

⁴⁴⁵ Skjal nr. 4(104), bls. 689.

⁴⁴⁶ Skjal nr. 4(107).

⁴⁴⁷ Skjal nr. 4(76).

⁴⁴⁸ Skjal nr. 4(77).

⁴⁴⁹ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 112; skjal H-23.

Ábúandinn Sveinn Jónsson.

[...]

Skógur er þar ánægjanlegur til raftviðar, kola og eldiviðar. Brúka hann Hamarsmenn fyrir sig móti torfristu, sem Fossármenn hafa í Hamarslandi. Grasatekja lítilfjörleg. Skelfiskstekja að nokkru gagni. Heimræði hefur áður verið, vor og sumar, nú ekkert. Áin þar hjá, Fossá, spillir oft túninu á vetrardag með grjóti og sandi, sem hún ber á. Þar er mjög flæðihætt.

[...]

Á millum Fossár og Brjámslækjar hefur verið kot, kallað **Vppsaler**. Jarðardýrleiki meinast hafa verið v hndr. Er kirkjueign frá Brjámslæk. Heyrir til Guðmundi Þorleifssyni. Er í eyði, og hefur ei byggt um lx ár. Meinast kynni að byggjast.

Þar er annað kot, kallað **Hella**. Sumir hafa heyrt hún skuli hafa verið vi hndr. Kirkjueign frá Brjámslæk. Heyrir til Guðmundi Þorleifssyni. Liggur í eyði, og hefur lengi legið. Meinast illa kunna að byggjast vegna átroðnings.⁴⁵⁰

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Hellu metinn sex hundruð en jörðin er skráð kirkjujörð Brjámslækjar. Fram kemur að eyðijarðirnar Uppsafir, Smiðjumýrar, Vatnsdalsbakkar og Helluhvammur, sem tilheyri kirkjunni, sé sameinaðar og séu teknar með í matið.⁴⁵¹

Hinn 20. júní 1836 var Jóni Jónssyni byggð jörðin Hella. Efni byggingarbréfsins er eftirfarandi:

Byggingarbréf

Med hverju Jörðin Hella í Brjámslækjar^{Kirkju} Sókn 6 hndr. að dýrleika, sem fyrirfarandi tíma hefir leingi í eidi legid, af undirskrifudum byggist með því landi sem henni að fornu tilheirt hefir, Bóndanum Mons^e Jóni Jónssyni til allra löglegra leigulida nota yfirstandandi Fardaga ár, og frammvegis eftir góðu samkomulagi, með eftirfylgjandi Skilmálum:

- 1, Hann gjaldi í Landskuld árlega 30 Fiska í góðum Landaurum, þeim, er ockur umsemur.
- 2, Hann ábyrgist að öllu þær og Leiguær, sem hann með Jördinni hefir móttöku veitt og gjaldi eftir þær 3 Fjórdunga af vel verkudu smjöri árlega.
- 3, Húsum þeim, sem hann vidtekur, skili hann, vid hans ábúdar endir hér, í líku ásigkomulagi, og þau fyrir finnast á nærstkomanda hausti.
- 4, Hann þrifi þetta ábyli vel, og sérdeilislega rækti túnið, eftir mögulegleikum, so hann hafi bædi sóma og gagn af, fari þrifalega med Jardarinnar skóg, og gjaldi af henni lögbodnar Tíundir.
- 5, Selaneta lagnir vid Hellu hólmann leifast honum ecki, so sem það ecki verdur sannad, mér vitanlega, að þær hafi nockurntíma Jördinni fylgt, eftir það hún byggdist med 1^{rar} Vættar Landskuld, en annad gagn hólman er honum heimilt að nota hér.
- 6, Hann seigi Jördinni lausri fyrir veturnætur, vilji hann að því ári lidnu burt af henni flitja.

Brjámslæk þ. 20s^{ta} Junius 1836.

Hálfván Einarsson

⁴⁵⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, bls. 268–269; skjal H-2.

⁴⁵¹ Skjal nr. 2(23).

Ofanskrifada skilmála undirgeingst eg - -

Sem Vottar⁴⁵²

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hella metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem Brjánslækjarkirkjueign. Í neðanmálsgrein segir að árið 1805 hafi eyðijarðirnar Uppsali, Smiðjumýrar, Vatnsdalsbakkar og Helluhvammar verið taldar með, en Árni Magnússon telji eyðihjáleiguna Uppsali fimm hundruð að dýrleika og eyðibólið Hellu sex hundruð að dýrleika. Þá segir að Árni telji Uppsali og Hellu eignir Brjánslækjarkirkju, með Fossá.⁴⁵³

Í ódagsettri lýsingu, eigna- og ítakaskrá frá miðri nítjándu öld, segir að kirkjan að Brjánslæk sé að $\frac{2}{3}$ hlutum beneficium en að $\frac{1}{3}$ hluta bóndaeign. Þá segir að kirkjan eigi í fasteignum 50 hundruð í heimalandi með Engey og kirkjujarðirnar Moshlíð, Þverá og Hellu, allar sex hundruð að dýrleika. Moshlíð og Hella voru þá í eyði. Um ítök segir að kirkjan eigi alla selveiði með öllum fjörugæðum á Eiði, fyrir innan Skálmarnes, milli Sandvíkurness og Kerlingartanga.⁴⁵⁴

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Hellu.⁴⁵⁵ Í yfirmatsjarðabók sem fylgir jarðamatinu segir að Hella sé hjáleiga Brjánslækjar. Þar er mati á Hellu breytt úr 98 ríkisbankadölum í 110 ríkisbankadali.⁴⁵⁶

Landamerkjaskrá Hellu er dagsett 1. mars 1890, en hún var þinglesin við manntalsþing að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31. maí 1890. Efni hennar er eftirfarandi:

Landamerkjaskrá fyrir Hellu í Barðastrandarhreppi í Barðastrandarsýslu. Jörð þessi er að dýrleika 5,7 hundruð að nýju mati og er eign Brjánslækjarkirkju. Að utanverðu ræður Penná merkjum fyrir jörð þessari allt frá fjalli til fjöru, en að innanverðu ræður Eíðísá fjalli og fjöru á milli. Undir jörð þessi heyrir hólmi einn lítill, sem kallaður er „Helluhólmi“ og liggur á Vatnsfirði örska[m]mt fram undan Hellulandi. Ekki á jörð þessi nein ítök eða hlunnindi í landi annara jarða nje aðrar jarðir í hennar landi.

Brjánslæk 1 marz 1890.

Þorvaldur Jakobsson prestur að Brjánslæk.

Samþykkir: eigandi $\frac{1}{3}$ Brjámslækjar. Sigríður Johnsen.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31 maí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 140 bls 78 vottar ALE Fischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au bókun – 25 – 1 kr – au ein króna borgað Fischer⁴⁵⁷

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 fyrir jörðina Brjánslæk er eyðikotið Þverá metið á 160 kr. og eyðikotið Hella er sömuleiðis metið á 160 kr. Skráð er að þau liggi bæði undir Brjánslæk, en bæði kotin hafi lagst í eyði á árunum 1882–1899.⁴⁵⁸

⁴⁵² Skjal nr. 2(115).

⁴⁵³ Skjal nr. 4(1) bls. 180.

⁴⁵⁴ Skjal nr. 2(263).

⁴⁵⁵ Skjal nr. 2(47).

⁴⁵⁶ Skjal nr. 2(64).

⁴⁵⁷ Skjal nr. 2(6).

⁴⁵⁸ Skjal nr. 2(71).

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd 27. júní 1931 var þinglesin friðlýsing, dagsett 25. október 1930, á fornleifum á Hellu, þ.e. smiðju Gests Oddssonar.⁴⁵⁹

Í *Barðstrendingabók* frá 1942 segir að Hella hafi átt slægjur og selför í Smjördalstungum. Þá segir einnig að síðast hafi verið búið á Hellu um 1880.⁴⁶⁰

Í lýsingu Egils Ólafssonar, trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, á eyðibýlinu Hellu við Vatnsfjörð, dagsettri 8. desember 1958, segir að Hella hafi frá ómunatið fylgt Brjánslæk þegar jörðin hafi ekki verið í ábúð. Síðast hafi verið búið þar árið 1882. Um staðhætti og nýtingu jarðarinnar segir í lýsingunni að túnstæðið sé mjög lítið og ræktunarskilyrði séu engin. Fjárbæit sé góð og volg laug sé innanvert við túnið.⁴⁶¹

Hinn 26. október 1972 skilaði Björn Bjarnason ráðunautur landbúnaðarráðuneytinu skýrslu um búskaparlegt notagildi Brjánslækjar en ráðuneytið hafði falið Birni skýrslugerðina með bréfi 4. október 1972. Í skýrslu Björns segir m.a. um Hellu.⁴⁶²

Innan áðurnefndra marka að sjó í Vatnsfirði hefur frá upprunalegu landi Brjánslækjar verið úrskipt eftirfarandi:

- a. Moshlíð, sem síðar var skipt í nýbýlið Seftjörn og leiguland til Efri-Arnórsstaða (leigt til 40 ára).
- b. Brjánslæk II, sem er í byggð.
- c. Þverá, Hellu og Uppsölum, sem allar eru í eyði.

[...]

Eyðijarðirnar Þverá, Hella og Uppsalar hafa það sameiginlegt, að þær liggja allar að sjó, Vatnsfirði, en ganga eins og separ inn í land Brjánslækjar. [...]

Hella, landlítill jörð, sem takmarkast af Vatnsfirði, Pennu, Helluvatni og Eiðisá. Landið mjög einhæft til beitar, kjarrlendi í hlíðum og harðvellisjurtir innan um. Fjörubeit lítill sem engin. veiði engin í Pennu eða Eiðisá. Helluhólmi, sem er smáhólmi í Vatnsfirði er í eigu Hellu. Engar nytjar eru af honum. Ræktanlegt land er ekkert á Hellu. Í landi Hellu er Hótel Flókalundur staðsett í mikilli landþröng.⁴⁶³

Auk beinna tillagna sem Björn gerir nefnir hann önnur mál sem taka þurfi til athugunar áður en gengið verði endanlega frá ráðstöfun Brjánslækjar, þar á meðal þessi atriði sem varða Hellu:

3. Að Barðstrendingafélagið (Gestur h/f) fái til afnota úr Hellulandi land, sem takmarkast af þjóðvegi að utan, vestur að fyrstu sprungustefnu, sem liggur samsíða strandlínu, norður og upp fjallið, beygir í norðaustur eftir þversprungum, sem liggur norðan kollsins fremst á Hellufjalli, þaðan eftir sprungu, sem gengur í suður ofan í gil og það í vík við vatnsfjörð, eins og sýnt er á viðlagðri loftljósmynd.
4. Innan áðurnefndra marka eru blettir þeir, sem Jóhann Skaftason hefur nýtt undir sumarbústað og skógrækt. Lagt er til, að Jóhanni verði leigt áfram gamla Hellutúnið, sem hús hans stendur á svo og Helluhólmi, ennfremur að Barðstrendingafélagið sé skyldað til að endurbæta og viðhalda girðingum umhverfis skógarreit Jóhanns.⁴⁶⁴

⁴⁵⁹ Skjal nr. 2(172).

⁴⁶⁰ Pétur Jónsson, „Barðastrandarhreppur“, *Barðstrendingabók*, bls. 72; skjal H-3.

⁴⁶¹ Skjal nr. 2(346).

⁴⁶² Nánari upplýsingar um skýrsluna eru í kafla 5.6 um Brjánslæk.

⁴⁶³ Skjal nr. 4(19).

⁴⁶⁴ Skjal nr. 4(19).

Enn fremur segir í skýrslu Björns:

Ágætt berjaland er innan þess svæðis, sem Flókalundi er ætlað, nægilega stórt fyrir gesti hótelsins. Aukning verður á tjaldstæðum, en til þess að fullkomin lausn fengist, þyrfti hótelið að fá svokallað Hellutún eða blett þann, er Jóhanni er ætlaður fyrir hús sitt. með því að láta Flókalund hafa land norður fyrir hnjúkinn, getur hótelið boðið gestum sínum land til fjallgöngu, þar sem útsýni er fagurt.⁴⁶⁵

Í minnisblaði frá Náttúruverndarráði, dags. 22. október 1973 er greint frá vettvangs-skoðun í Vatnsfirði 9. og 10. september í því skyni að kanna möguleika til friðlýsingar þar í framhaldi af ályktun náttúruverndarþings um vernd fjarðarins. M.a. er sagt frá samtölum við heimamenn, starfsemi í firðinum og samningum sem standi fyrir dyrum milli jarðeignadeildar landbúnaðarráðuneytisins og ýmissa nytjenda landsins. Í um-fjöllun um landsvæðið sjálft segir eftirfarandi um Hellu:

Land það, sem hér er um að ræða, og allt er í ríkiseign, er land jarðanna Brjánslækjar I og II og Seftjarnar, sem nýttar nú land það, sem áður hét Moshlíð, en lagðist síðar undir Brjánslæk. Ennfremur eyðibýlin Þverá og Hella vestan fjarðar og Uppsalar að austan.⁴⁶⁶

Í bréfi frá Náttúruverndarráði til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 22. október 1973, er gerð grein fyrir skýrslu undirnefndar ráðsins um friðlýsingu í Vatnsfirði og tillögum hennar um stofnun friðlands. Þar kemur m.a. fram að nefndin telji eðlilegast að stefna að stofnun friðlands „á landi Brjánslækjar öllu innan Þverár að vestan og með landi Uppsala fram á Hörgsnes að austan“.⁴⁶⁷

Hinn 27. apríl 1973 sendi landbúnaðarráðuneytið til Jóhanns Skaptasonar sýslu-manns fjögur eintök af leigusamningi hans um sumarbústaðarland á Hellu á Barðaströnd.⁴⁶⁸

Með samningi dags. 1. apríl 1976, leigði landbúnaðarráðherra hlutafélaginu Gesti, Patreksfirði, „land úr ríkisjörðinni Hellu“, til byggingar og reksturs gistihúss og líkrar starfsemi. Landið „liggur að sjó austan við ána Pennu og takmarkast af henni að vestan, úr henni austur beina línu í punkt norðan við svonefndan Koll á Hellu, þaðan [...] í suður ofan í gil og þaðan eftir gilinu til sjávar.“ Undanskilin leigunni er lóð umhverfis sumarhús Jóhanns Skaftasonar sýslumanns og skógræktargirðing Skógræktarfélags Vestur-Barðastrandarsýslu.⁴⁶⁹

5.6.6 Uppsalar

Í máldaga Brjánslækjarkirkju frá 1532 segir eftirfarandi um eignir kirkjunnar:

kirkian a heimland halfft og halfa Eingey. jardernar Hlijd og Þverä. halfan Peningsdal. Uppsale og Vatzdal med skogie og haga nedan frá Eidsä og Þingmannaä ä gellidneitatungur. so langt sem skoge er vaxed. utan skog i ärmötum mille þingmanaär og Lambagilia. er kirkian i Haga ä.

⁴⁶⁵ Skjal nr. 4(19).

⁴⁶⁶ Skjal nr. 4(22).

⁴⁶⁷ Skjal nr. 4(20).

⁴⁶⁸ Skjal nr. 2(392).

⁴⁶⁹ Skjal nr. 4(112).

Kirkian ä selveide alla med aullum fiörugiædum ä Eide firer innan Skalmarnes. millum Sandvijkurness og kellingartanga. kirkiuskier tvö.⁴⁷⁰

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir um Brjánslækjarkirkju:

Kirkian ä Briamslæk ä heimaland hálft. Eingey.

Item jardernar Hlijd og Thuerä. önnur fyrer .x. aura leigd. enn önnur fyrer .iiij. ærgillde. halffann peningsdal. Vppsale og allann Vatzdal med skoge og Haga nedann fra Eidsaä og Thijngniannaä og framm á Gielldneytatungur. so langt sem skoge er vaxid vtann skog i Hnietum i millum Thijngmannaär og Lambagilia er kirkiann i Haga ä.

Item ä kirkian selveide alla med øllum fiörugiædum ä Eide fyrer jnnann Skälmanes millum Sandvijkurness og Kiellingartanga.

Item kirkiuskier tuö.⁴⁷¹

Hinn 29. apríl 1617 sömdu sr. Teitur Halldórsson og Bjarni Björnsson um að sr. Teitur hefði sinn part af kirkjujörðinni Hlíð en Uppsälaland skyldi leggjast til jarðanna Þverár og Hellu, „en beri þau höpp upp á Uppsälareka, sem landsdrottinn með lögum tilheyra, skiptist meðal allra partanna að réttum þriðjunga skiptum“. Einnig skiptu þeir með sér kirkjubyggingu og öðrum fasteignum í Hlíð, eins og lýst er í bréfinu.⁴⁷²

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 er fjallað um Uppsali sem kot í eyði milli Fossár og Brjánslækjar. Þar segir eftirfarandi:

Fossá.

Jarðardýrleiki xxiiii hndr.

Jarðareigandi Guðmundur Þorleifsson á Geirrauðareyri.

Ábúandinn Sveinn Jónsson.

[...]

Skógur er þar ánægjanlegur til raftviðar, kola og eldiviðar. Brúka hann Hamarsmenn fyrir sig móti torfristu, sem Fossármenn hafa í Hamarslandi. Grasatekja lítillfjörleg. Skelfiskstekja að nokkru gagni. Heimræði hefur áður verið, vor og sumar, nú ekkert. Áin þar hjá, Fossá, spillir oft túninu á vetrardag með grjóti og sandi, sem hún ber á. Þar er mjög flæðihætt.

[...]

Á millum Fossár og Brjámslækjar hefur verið kot, kallað Vppsaler. Jarðardýrleiki meinast hafa verið v hndr. Er kirkjueign frá Brjámslæk. Heyrir til Guðmundi Þorleifssyni. Er í eyði, og hefur ei bygst um lx ár. Meinast kynni að byggjast.

Þar er annað kot, kallað Hella. Sumir hafa heyrt hún skuli hafa verið vi hndr. Kirkjueign frá Brjámslæk. Heyrir til Guðmundi Þorleifssyni. Liggur í eyði, og hefur lengi legið. Meinast illa kunna að byggjast vegna átroðnings.⁴⁷³

Í brauðmati fyrir Brjánslækjarkirkju árið 1744 segir að kirkjan eigi hálft heimaland, 30 hundruð að dýrleika, en 10 hundruð í heimalandi séu bóndaeign. Þá segir einnig að

⁴⁷⁰ Skjal nr. 2(54).

⁴⁷¹ Skjal nr. 4(55).

⁴⁷² *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 112; skjal H-23.

⁴⁷³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 268–269; skjal H-2.

kirkjan eigi Þverá, sex hundruð að dýrleika, Hlíð, sex hundruð að dýrleika og kotið Uppsali, sem hafi fyrir mörgum árum verið í eyði.⁴⁷⁴

Við manntalsþing að Haga á Barðaströnd 31. júlí 1813 var upplesin lögfesta um Uppsali og Vatnsdal eða eins og skráð er í dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1804–1815:

upplesinn Lögfesta fyrir Uppsölum og öllum Vatnsdal með Skógie og haga nedann frá Eids- og Þingmanná, og frammá Geldíngatungur, so langt sem Skógie er vaxed utann Skóg í Hníótum mille Þingmannaár og Lambagilia er kirkíann í Haga á, þesse daterud 30^{da} Júlíi 1813 under hende og Signete Bergsveinssonar á Briámslæk og nafne G. Schevíngs.⁴⁷⁵

Ekki er að finna mat fyrir Uppsali í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847. Í neðanmálsgrein fyrir jörðina Hellu segir að árið 1805 hafi eyðijarðirnar Uppsali, Smiðjumýrar, Vatnsdalsbakkar og Helluhvamar verið þar taldar með, en Árni Magnússon telji eyðihjáleiguna Uppsali fimm hundruð að dýrleika og eyðibólið Hellu sex hundruð að dýrleika. Þá segir að Árni telji Uppsali og Hellu eignir Brjámslækjarkirkju, með Fossá.⁴⁷⁶

Uppsali eru ekki teknir fyrir í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850.

Hinn 11. ágúst 1851 var ritað landamerkjabréf milli jarðanna Fossár og Uppsala. Texti þess er svohljóðandi:

Árið 1851. dag 11^{da} august höfum vér sem ritum hér undir nöfn vor aðgjætt landamerki milli jarðanna Fossár á Hjarðarnesi, sem er bændaeygn og Uppsala við Vatnsfjörð sem er eign Brjámslækjar kyrkju; millum téðra jarða við sjó hefur frá alda öðli Uppsala á landi skipt og viljum vér það haldist, og fylgjum því, að svomiklu leíti, við verður komið, stefnu árinna, í merkja lýsingunni, verður þá djúp skér það sem leingst nær í sjó fram beint undan Uppsala á nótlaga og fjöru mark, en löndin skilur árgilið til fjalls upp alt í krók þann þar það beigist þvert til suðurs á Fossár land, síðan stefna úr króki þeim í lítið leirtjarnar drag, þaðan beint upp eptir lautinni í lítin kletthól á hverjum stakur steinn stendur með vörðu broti á, þaðan beint upp á brúnina í vörðu svo yfir melhrigginn í syðri endan á nordustu og stærstu tjórnninni yfir tjórnnina og skáhalt upp í grjótholtinn og eptir þeim alla leid norðaustur á við sem vótum hallar alt á há brún sunnan verdt við Auðna óxl.

Samkvæmt merkjum þessum heyrir Fossá á Fjalli uppi land það alt sem vótum veitir til suðurs en Uppsólum og Þingmannadal hitt sem í nordur og útnorður hallar, einungis er tjórnnin að frárennsli til Uppsala meigin en með því að bæði er hún glögggt merki og gjörir lítin krok á merkin inn á Fossár land, þá hófum vér lagt merkin yfir hana.

Eins og vér við nákvæma skoðun landsins með hliðsjón af reglum þeim sem landamerki almennt hafa, ekki getum betur séð en hér greind merki millum jarðanna Fossár og Uppsala ein hljóti rétt að metast, og þannig framveigis haldast, svo ritum vér öllu þessu til staðfestu og sónnunar nófn vor undir með hjá settum signetum vorum, og væntum að fjærverandi eigendur Fossár jarðar fúslega samþykki gjórnníng vorn og riti ásamt oss nófn sin undir landamerkjabréf þetta, og það því heldur sem þá hlýtur gjórsamlega að skorta jafn vönduð skilríki fyrir landeign sinni móts við kyrkjulandið.

Staddir að Uppsólum sama dag og ofan greinir

⁴⁷⁴ Skjal nr. 2(260).

⁴⁷⁵ Skjal nr. 2(149).

⁴⁷⁶ Skjal nr. 4(1), bls. 180.

Benedikt Þórðarson Prestur á Brjánslæk.

H. Bjarnason hreppstjóri á Barðaströnd

löggráðamaður Eckiu Þorunnar Teitsdóttir eiganda að 6 hndr. í Fos[sá]

vidstaddir –

Jón Teitsson bonde á Fossá

Bjarni Sigmundsson bóndi á Uppsölum⁴⁷⁷

Með bréfi til Benedikts Þórðarsonar, dagsettu 28. janúar 1853, lýsti Jón Bjarnason í Flatey, eigandi hálftrar jarðarinnar Fossár, sig samþykkan framangreindum landamerkjum Fossár og Uppsala.⁴⁷⁸

Enga landamerkjaskrá er að finna fyrir Uppsali í landamerkjabók Barðastrandarsýslu. Hins vegar er fjallað um landamerki Uppsala gagnvart Fossá í landamerkjaskrá þeirrar jarðar, dagsettri 21. maí 1889 en hún var þinglesin sama dag við manntalsþing að Vaðli í Barðastrandahreppi. Efni hennar er eftirfarandi:

Landamerkiaskrá jarðarinnar Fossár á Hjarðarnesi.

1. Að vestann verðu á mylli Uppsala og Fossár skilur samkvæmt brjefi dagsettu 11 ágúst 1851 Uppsala á við sjó og í djúp sker undann henni sem fjörumarki en löndinn skilur árgílið til fjalls alt upp í krók þann þar það beigist þvert til suðurs á Fossárland. Síðann stefna úr þeim króki í lítið leirtjarnardrag, þaðann eptir lautinni í lítinn kletthól, á hverjum stakur steinn stendur með vörðubroti á; þaðann beint upp á brúnina í vörðu, yfir melhrygginn í síðri endann á norðustu og stærstu tjörninni skáholt upp í grjótholtin og eftir þeim alla leið norðaustur á við sem vötnum hallar til suðurs alt á hábrún sunnanvert við auðna öxl.

2. að sunn verðu skylur á milli Fossár og Hamars úr miðju nóneyjar sundi í svonefndann stóra markklett, þaðan í kellingar, þaðan sjónhendíng að auðna öxl vestanverðir. Jörðinn á eíngínn ítök í öðrum jörðum, nje aðrar jarðir i henni.

Fossá 21 maí 1889.

Fyrir Uppsalir og Brjánslæk samþykkir Þorvaldur Jakobsson prestur.

Samþykkir fyrir Suður Hamar Jóhann Einarsson.

Sigríður Johnsen Jofríður Guðmundsson eigendur Fossár að 20 hundruðum

Fyrir Guðm. Jónsson á Hamri eiganda að 14 hundruðum í Fossá Jóhann Einarsson.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandahreppi 21 maí 1889 og innfært í landamerkiabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 116 bls 62-63 vottar ALE Fischer sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au bókun – 25 – 1 kr 0 au ein króna borgað Fischer⁴⁷⁹

Hinn 26. október 1972 skilaði Björn Bjarnason ráðunautur landbúnaðarráðuneytinu skýrslu um búskaparlegt notagildi Brjánslækjar en ráðuneytið hafði falið Birni skýrslugerðina með bréfi 4. október 1972. Í skýrslu Björns segir um Uppsali.⁴⁸⁰

Innan áðurnefndra marka að sjó í Vatnsfirði hefur frá upprunalegu landi Brjánslækjar verið úrskipt eftirfarandi:

⁴⁷⁷ Skjal nr. 2(126).

⁴⁷⁸ Skjal nr. 2(126).

⁴⁷⁹ Skjal nr. 2(5).

⁴⁸⁰ Nánari upplýsingar um skýrsluna eru í kafla 5.6 um Brjánslæk.

- a. Moshlíð, sem síðar var skipt í nýbýlið Seftjörn og leiguland til Efri-Arnórsstaða (leigt til 40 ára).
- b. Brjánslæk II, sem er í byggð.
- c. Þverá, Hellu og Uppsölum, sem allar eru í eyði.

[...]

Eyðijarðirnar Þverá, Hella og Uppsali hafa það sameiginlegt, að þær liggja allar að sjó, Vatnsfirði, en ganga eins og separ inn í land Brjánslækjar.

[...]

Uppsali eru austan Þingmannaár. Land þar er fjölbreyttara en á Hellu. Uppsali eru landlitir og ræktunarland er ekkert. Vegna legu sinnar nýtist land Uppsala ekki frá Brjánslæk, en hefur um áratugi verið notað af Fossárbændum og er þeim ómissandi.⁴⁸¹

Í minnisblaði frá Náttúruverndarráði, dags. 22. október 1973 er greint frá vettvangs-skoðun í Vatnsfirði 9. og 10. september í því skyni að kanna möguleika til friðlýsingar þar í framhaldi af ályktun náttúruverndarþings um vernd fjarðarins. M.a. er sagt frá samtölum við heimamenn, starfsemi í firðinum og samningum sem standi fyrir dyrum milli jarðeignadeildar landbúnaðarráðuneytisins og ýmissa nytjenda landsins. Í umfjöllun um landsvæðið sjálft segir eftirfarandi um Uppsali:

Land það, sem hér er um að ræða, og allt er í ríkiseign, er land jarðanna Brjánslækjar I og II og Seftjarnar, sem nýttar nú land það, sem áður hét Moshlíð, en lagðist síðar undir Brjánslæk. Ennfremur eyðibýlin Þverá og Hella vestan fjarðar og Uppsali að austan.⁴⁸²

Í bréfi frá Náttúruverndarráði til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 22. október 1973, er gerð grein fyrir skýrslu undirnefndar ráðsins um friðlýsingu í Vatnsfirði og tillögum hennar um stofnun friðlands. Þar kemur m.a. fram að nefndin telji eðlilegast að stefna að stofnun friðlands „á landi Brjánslækjar öllu innan Þverár að vestan og með landi Uppsala fram á Hörgsnes að austan“.⁴⁸³

Í ódagsettri tillögu Náttúruverndarráðs um friðland í Vatnsfirði er mörkum fyrir-hugaðs friðlands lýst svo:

(1) Með Þverá og Mikladalsá frá ósi að upptökum og (2) þaðan beina stefnu í hátind Klakks. (3) Eftir það landamerki Brjánslækjar á vatnaskilum að vestan, norðan og austan, og áfram að landamerkjum Uppsala að austan og allt til sjávar á Hörgsnesi.⁴⁸⁴

Í byggingarbréfum fyrir Brjánslæk og Seftjörn, dags. 10. október 1974, er vísað til samþykktra tillagna frá árinu 1972 um skiptingu Brjánslækjartorfunnar sem tengjast skýrslu Björns en tekið fram að úr torfunni sé eyðijörðin Uppsali leigð öðrum.⁴⁸⁵ Uppsali eru einnig undanskildir leigu á Brjánslæk samkvæmt byggingarbréfi frá 6. ágúst 1993.⁴⁸⁶

Í desember 1974 og janúar 1975 undirrituðu annars vegar ábúendur Brjánslækjar og Seftjarnar og hins vegar eigendur og ábúendur Fossár yfirlýsingar um að þeirra vegna

⁴⁸¹ Skjal nr. 4(19).

⁴⁸² Skjal nr. 4(22).

⁴⁸³ Skjal nr. 4(20).

⁴⁸⁴ Skjal nr. 4(26).

⁴⁸⁵ Skjöl nr. 4(128)–4(130).

⁴⁸⁶ Skjal nr. 4(131).

væri heimil friðlýsing tiltekins hluta Vatnsfjarðar með þeim mörkum og reglum sem fram komi í yfirlýsingunni. Yfirlýsingunum var þinglýst 28. febrúar 1975. Mörkum friðlýsta svæðisins er þar lýst svo:

Með Þverá og síðan Mikladalsá frá ósi að upptökum. (2) Þaðan beina stefnu í hátind Klakks. (3) Eftir það landamerki Brjánslækjar á sýslumörkum að vestan og norðan, og til austurs eins langt og lönd Brjánslækjar og Uppsala ná allt til móts við brúnir Fossárfjalls ofan Uppsaladals. (4) Síðan fylgja mörkin fjallsbrún til suðurs. (5) Af fjallsbrún liggja mörkin með klettavegg þeim sem er skammt austan við klettinn Hörg, svo langt sem hann nær og þaðan skemmstu leið til sjávar. Eyjar og hólmar á Vatnsfirði eru háðir ákvæðum friðlýsingarinnar.⁴⁸⁷

5.7 Nærleggjandi og tengd svæði

5.7.1 *Kirkjuból á Litlanesi*

Í máldaga Laurentíuskirkju undir Múla á Skálmarnesi, sem Þórarinn Sigurðarson biskup setti árið 1363 segir að tíundir frá Kirkjubóli skyldi leggja til kirkjunnar.⁴⁸⁸ Sama efni er endurtekið í máldaga Vilchins frá 1397⁴⁸⁹ og í máldaga Laurentíuskirkju undir Múla á Skálmarnesi, sem Sveinn Pétursson biskup setti um 1470.⁴⁹⁰

Með gjafabréfi frá 20. apríl 1430 gaf Loftur Guttormsson syni sínum Skúla jörðina Kirkjuból á Litlanesi ásamt fleiri jarðeignum.⁴⁹¹

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að meðal eigna hans var jörðin Kirkjuból í Múlakirkjusókn, þ.e. Kirkjuból á Litlanesi, 12 hundruð að dýrleika.⁴⁹²

Hinn 5. september 1460 vitnuðu sr. Helgi Þorkelsson og Erlingur Þórðarson um jarðir sem Björn Þorleifsson hefði aftur lagt af eignum Guðmundar Arasonar. Þeirra á meðan var jörðin Kirkjuból á Litlanesi.⁴⁹³

Hinn 7. september 1606 seldi sr. Guðmundur Jónsson Ara Magnússyni jörðina Hyrningsstaði í Reykhólasveit, 12 hundruð að dýrleika, og Efri-Brunná í Dalasýslu, átta hundruð að dýrleika, en á móti seldi Ari sr. Guðmundi jörðina Kirkjuból, 12 hundruð að dýrleika, og Nes, átta hundruð að dýrleika, báðar í Múlakirkjusókn.⁴⁹⁴

Hinn 22. júní 1621 vottaði Finnur Jónsson að hann hefði gefið syni sínum, Jóni Finnssyni, 40 hundruð í fasteign til rétttra erfðaskipta á móts við systkini hans. Þetta voru 20 hundruð í Flatey á Breiðafirði og þau 20 hundruð í jörðum, sem Finnur hafði áður keypt að syni sínum, sr. Torfa, fyrir 20 hundruð í áðurgreindri jörð, Flatey. Í bréfinu segir enn fremur: „En með því mér þykja þau 20 hndr. í Flatey ábatameiri vera heldur en *Nes* og *Kirkjuból*, sem ég við tók, þá skil ég það til við minn áðurgreindan

⁴⁸⁷ Skjal nr. 4(25).

⁴⁸⁸ Skjal nr. 4(62).

⁴⁸⁹ Skjal nr. 4(63).

⁴⁹⁰ Skjal nr. 4(64).

⁴⁹¹ Skjal nr. 4(93).

⁴⁹² Skjal nr. 4(104), bls. 691.

⁴⁹³ Skjal nr. 4(94).

⁴⁹⁴ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 111; skjal H-23.

son, Torfa, að hann skuli láta sér það lynda og líka í árlega inntekt af fyrrgreindum 20 hndr. í Flatey, sem Jón Finnsson vill eftir sinni sjálfssannsýni honum gjalda, ef honum auðnast þennan part að brúka.⁴⁹⁵

Hinn 25. apríl 1688 fór fram gjörningur milli bræðranna Tómasar, Finns og Lofta Jónssona um arf eftir föður þeirra, Jón Finnsson. Samkvæmt honum eignaðist Finnur jörðina Kirkjuból og hálfa jörðina Munaðstungu í Reykhólakirkjusókn.⁴⁹⁶

Hinn 17. maí 1689 fóru fram arfaskipti milli systkinanna Tumasar, Finns, Lofta, Þuríðar og Ragnhildar Jónsbarna eftir föður þeirra, Jón Finnsson. Með þeim skyldi Tumas eignast fimm hundruð í Klukkufelli, Finnur skyldi eignast fjögur hundruð í Munaðstungu og þar með 15 aura í málnty og sjö kúgildi í Kirkjubóli á Litlanesi. Þuríður fékk hálft Nes í Skálmarnesmúlasókn, fjögur hundruð að dýrleika, en einnig eignaðist hún sex hundruð í Kollabúðum. Ragnhildur hlaut hálfa fyrrskrifaða jörð Nes, fjögur hundruð að dýrleika og þrjú og hálft kúgildi í Kollabúðum. Einnig hlaut Tumas þrjú málnytukúgildi og fimm aura í Kollabúðum. Loks fékk Finnur einn og hálfan aur í Klukkufelli, en Ragnhildur og Þuríður fimm aura hvor í sömu jörð.⁴⁹⁷

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Múlahrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Kirkjuból á Litlanesi:

Kirkiuból (á Litlanesi).

Jarðardýrleiki xii hndr., og so tíundast 4 tíundum.

Eigandinn barn Helgu Árnadóttir að Flatey.

Ábúandinn Ketill Guðbrandsson.

[...]

Útigangur í skárra lagi. Skógur til raftviðar, kolgjörðar og eldiviðar nægur, og brúkast af ábúanda til búsnauðsynja. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Skelfisksfjara nokkuð lítil. Engjarnar spillast stórlega af skriðum úr fjallinu, og eru mestan part fyrir því eyðilagðar. Úthagar eru nægir. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum. Kirkjuvegur er meir en hálft þíngmannaleið, og þar með víða seinfær. Hreppamannaflutningur að Firði lágur, og þarf að sæta sjáfarföllum í kringum Kellingarfjörð.⁴⁹⁸

Í prófastsvísitasíu um Flateyjarkirkju frá 19. október 1785 segir að kirkjan í Flatey eigi 20 hundruð í Flatey, 20 hundruð í Hergilsey, Sandeyjar, Kirkjuklett, Oddbjarnarsker. Þá segir einnig að hún eigi skógarpart í Vatnsfirði milli Reiðarlæks og Pennuár og annan skógarpart í Kerlingarfirði, milli tveggja gilja sem séu kölluð Svörtugil.⁴⁹⁹ Í prófastsvísitasíu um Flateyjarkirkju frá 4. júní 1809 koma sömu upplýsingar fram.⁵⁰⁰

⁴⁹⁵ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 112–113; skjal H-23.

⁴⁹⁶ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 139–140; skjal H-23.

⁴⁹⁷ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 140–141; skjal H-23.

⁴⁹⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 264; skjal H-2.

⁴⁹⁹ Skjal nr. 2(308).

⁵⁰⁰ Skjal nr. 2(309).

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Kirkjubóls á Litlanesi metinn 12 hundruð en eigendur jarðarinnar voru fjórar systur á mismunandi stöðum í sýslunni. Þær eru ekki nafngreindar í jarðamatinu.⁵⁰¹

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kirkjuból á Litlanesi metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeygn.⁵⁰²

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Kirkjubóls á Litlanesi.⁵⁰³ Í jarðamatsbók yfir verðlag vegna jarðamatsins er jörðin Kirkjuból á Litlanesi metin á 264 ríkisbankadali.⁵⁰⁴

Hinn 24. apríl 1851 gaf Ragnhildur Jónsdóttir og afsalaði til hálf systkina sinna, Eiríks og Kristbjargar Jónsbarna, þrjú hundruð í jörðinni Kirkjubóli á Litlanesi gegn umönnun. Gjafabréfið var lesið við manntalsþing að Vattarnesi 14. maí 1851.⁵⁰⁵

Hinn 24. janúar 1879 makaskiptu Guðbrandur Sæmundsson og Eiríkur Jónsson þremur hundruðum í jörðinni Kirkjubóli á Litlanesi, sem féllu í skaut Eiríks, og fjórum hundruðum í jörðinni Firði á Skálmarnesi, sem Guðbrandur fékk. Makaskiptabréfið var lesið við manntalsþing að Vattarnesi 27. júní 1882.⁵⁰⁶

Landamerkjaskrá Kirkjubóls á Litlanesi er dagsett 14. febrúar 1885, en hún var þinglesin við manntalsþing að Vattarnesi í Múlahreppi 23. maí sama ár. Efni hennar er eftirfarandi:

Landamerkjaskrá Kirkjuból á Litlanesi að vestannverðu landamerki marksgyl og eftir læknum ynnann til við marks kletta beint frá fjalli til fjöru að sunnann verðu í syðra svartagil beint frá fjalli til fjöru geta skal þess að Flateyarkirka á Skóarhögg milli svörtu gíla.

Kirkjubóli 14 Febrúar 1885.

eigandi Samuel Jonsson og Eiríkur Jónson.

firir hönd eígana ábuandi Gestur Jonson samþikkur

fyrir Litlanes: –

fyrir Firði: Guðrun Jónsdóttir samþikkur.

Lesið á manntalsþingi að Vattarnesi 23 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 66 bls 37 vottar ALE Fischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 au bókun 25 – 1 kr er ein króna borgað Fischer⁵⁰⁷

Hinn 18. mars 1892 afsalaði Eiríkur Jónsson til Einars Ásgeirssonar á Deildará sex hundruðum að fornu mati í jörðinni Kirkjubóli á Litlanesi fyrir 600 krónur. Afsalsbréfið var lesið við manntalsþing að Vattarnesi 23. maí 1892.⁵⁰⁸

⁵⁰¹ Skjal nr. 2(18).

⁵⁰² Skjal nr. 4(1), bls. 178.

⁵⁰³ Skjal nr. 2(42).

⁵⁰⁴ Skjal nr. 2(87).

⁵⁰⁵ Skjal nr. 2(398).

⁵⁰⁶ Skjal nr. 2(399).

⁵⁰⁷ Skjal nr. 2(1).

⁵⁰⁸ Skjal nr. 2(400).

Hinn 6. apríl 1892 afsalaði Björg Jónsdóttir Einari Ásgeirssyni á Deildará tveimur hundruðum að fornu mati í jörðinni Kirkjubóli á Litlanesi fyrir 130 króna ávísun til verslunar Jóns Guðmundssonar í Flatey. Afsalsbréfið var lesið við manntalsþing að Vattarnesi 23. maí 1892.⁵⁰⁹

Hinn 14. júní 1892 afsalaði Kristín Jónsdóttir Einari Ásgeirssyni á Deildará einu hundraði að fornu mati í jörðinni Kirkjubóli á Litlanesi fyrir 60 krónur. Afsalsbréfið var lesið við manntalsþing að Vattarnesi 24. maí 1893.⁵¹⁰

Í fasteignamati Austur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 er dýrleiki Kirkjubóls á Litlanesi metinn 13,6 hundruð en eigendur jarðarinnar voru Sigurður Jónsson að 5/12 hlutum, Pétur Jónsson að 3/12 hlutum og Einar Einarsson og Jóhann Sigurðsson, eigendur að 2/12 hlutum hvor. Um landamerki segir að þau séu óátalin og vísað er til landamerkjabóka. Loks er jörðin metin á 2.000 kr.⁵¹¹

5.7.2 Litlanes / Nes á Litlanesi

Í máldaga Laurentíuskirkju undir Múla á Skálmarnesi, sem Þórarinn Sigurðarson biskup setti árið 1363 segir að tíundir frá Nesi skyldi leggja til kirkjunnar.⁵¹² Sama efni er endurtekið í máldaga Vilchins frá 1397⁵¹³ og í máldaga Laurentíuskirkju undir Múla á Skálmarnesi, sem Sveinn Pétursson biskup setti um 1470.⁵¹⁴

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að meðal eigna hans var jörðin Músanes, þ.e. Litlanes, átta hundruð að dýrleika.⁵¹⁵

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Múlahrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Nes á Litlanesi:

Nes (á Litlanesi) eður Músarnesi.

Jarðardýrleiki viii hndr., og so tíundast 4 tíundum.

Eigandi að hálfri jörðunni Þorgrímur Árnason að Bildudal. Eigandi að hinum helmíngnum áðurnefnt barn Helgu Árnadóttir að Flatey.

Ábúandinn Jón Einarsson.

[...]

Útigángur í meðallagi. Skógur til raftviðar, kolgjörðar og eldiviðar nægur, og brúkast til búsnauðsynja ut supra. Torfrista og stúnga lök. Hvannatekja lítil. Selveiði lítil. Sölvafjara lítil, brúkast ei. Skelfisksfjara lítil, brúkast. Engjarnar eru eyðilagðar af skriðum úr fjallinu. Úthagar nægir. Hætt er kvikfje mjög so fyrir sjáfarflæðum, sem oft verður mein að, sje ei með góðri gætni við varðað. Kirkjuvegur lángr, sem áður segir um Kirkjuból.⁵¹⁶

⁵⁰⁹ Skjal nr. 2(401).

⁵¹⁰ Skjal nr. 2(402).

⁵¹¹ Skjal nr. 2(66).

⁵¹² Skjal nr. 4(62).

⁵¹³ Skjal nr. 4(63).

⁵¹⁴ Skjal nr. 4(64).

⁵¹⁵ Skjal nr. 4(104), bls. 691.

⁵¹⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 264–265; skjal H-2.

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Litlaness metinn átta hundruð en eigandi jarðarinnar var Axel Þórólfsson.⁵¹⁷

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd 24. júní 1812 voru upplestin skjöl, s.s. maka-skiptabréf, dagsett 4. febrúar 1812, á átta hundruðum í Skjaldvararfossi og fjórum hundruðum í Haugi. Einnig voru upplestin mótmæli frá Þorkeli Gunnlaugssyni, eiganda Litlaness, gegn lögfestu bræðranna Ólafs og Magnúsar Erlendssona. Færslurnar eru þannig færðar inn í dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1804–1815:

Voru upplesen þesse Skiöl nl. Makaskipta bref af 4 Febr. þ.a. mille bóndans M. Erlendssonar og Sysslumans G. Scheving á 8 hndr. í Skjaldvararfossi og 4 hndr. í Hauge. og Protest móte Lögfestu bræðranna M. og O. Erlendss. fyrir þrætuparti í Kiálkafyrði frá hr. Th. Gunnlaugssyne sem Littlunes eiganda.⁵¹⁸

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Litlanes metin átta hundruð að dýrleika og skráð sem bændaæign.⁵¹⁹

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Litlaness.⁵²⁰ Í jarðamatsbók yfir verðlag vegna jarðamatsins er jörðin Litlanes metin á 186 ríkisbankadali.⁵²¹

Landamerkjaskrá Litlaness er ódagsett en hún var þinglesin við manntalsþing að Vattarnesi í Múlahreppi 23. maí 1885. Efni hennar hljóðar svo:

Landamerkjaskrá fyrir Litlanes í Múlahrepp eru að vestanverðu í svonefnda Skiptaá, hún rennur úr Skiptárvötnum og beint til sjávar; að sunnanverðu í Marksgil, og svo sjónhendingu eftir litlum læk til sjáfar, sem rennur innantil við marksklettana.

Samþykkur umboðsmaður jarðeigenda O. Guðmundsson.

Fyrir hönd eigendanna að Kirkjubóli G. Sæmundsson.

Lesið á manntalsþingi að Vattarnesi 23 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A Sub Nr 67 bls 37 Vottar ALE Fischer.

Borgun: Þinglestr 75 au bókun 25 au 1 kr er ein króna borgað Fischer.⁵²²

Í fasteignamati Austur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 er dýrleiki Litlaness metinn 9,6 hundruð en eigandi jarðarinnar var Magnús Jóhannsson í Svefney. Um landamerki segir að þau séu ágreiningslaus og vísað er til landamerkjabókar. Loks er jörðin metin á 800 kr., þ.e. grasnytjar og hlunnindi.⁵²³

⁵¹⁷ Skjal nr. 2(19).

⁵¹⁸ Skjal nr. 2(147).

⁵¹⁹ Skjal nr. 4(1), bls. 178.

⁵²⁰ Skjal nr. 2(43).

⁵²¹ Skjal nr. 2(88).

⁵²² Skjal nr. 2(2).

⁵²³ Skjal nr. 2(67).

5.7.3 *Auðnir/Auðnar*

Í máldaga Laurentíuskirkju á Holti í Önundarfirði frá því um 1377 segir að eyristollur af hverjum skattmanni milli Auðna í Kjálkafirði og Kleifa í Seyðisfirði skyldi leggjast til kirkjunnar.⁵²⁴

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að ein af eignum hans var jörðin Auðnir, þrjú hundruð að dýrleika með eitt kúgildi.⁵²⁵

Samkvæmt skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson frá 23. október 1467 eignaðist ekkja hans, Ólöf Loftsdóttir, hálfa jörðina Auðnir.⁵²⁶

Samkvæmt skiptabréfi eftir Ólöfu Loftsdóttur hinn 15. apríl 1480 eignaðist sonur hennar, Einar Björnsson, þrjú hundruð í jörðinni Auðnum.⁵²⁷

Samkvæmt skiptabréfi milli Guðrúnar Björnsdóttur og Solveigar Bjarnadóttur, dóttur hennar, frá 18. júlí 1525, reiknaðist eitt hundruð í Auðnum sem fallið til Solveigar eftir Bjarna Andrésson föður hennar.⁵²⁸

Hinn 13. júní 1630 seldi Jón elsti Ívarsson Jóni eldra Magnússyni sjö og hálft hundruð í Reykjarfirði. Hér í mót greiddi Jón Magnússon jörðina Auðnir á Hjarðarnesi, sex hundruð að dýrleika. Yngsti Jón lagði bróður sínum, elsta Jóni, sinn part úr túni fyrir hans fremsta part, er Jón Magnússon aftur eignaðist „svo að hans [Jóns Magnússonar] partar lægi saman, en þeirra partar saman bræðra, miðlungs Jóns og yngsta Jóns“.⁵²⁹

Hinn 5. janúar 1684 fór fram gjörningur milli Einars Jónssonar og Þórðar Jónssonar þannig að Einar seldi dóttur sinni, Guðnýju Einarsdóttur, konu Þórðar, hálft annað hundruð í jörðinni Auðnum, þó með því fororði að Þórður eignaðist það hálfa annað hundruð í sömu jörðu, sem þá var eign arfa sæla Eggerts Björnssonar.⁵³⁰

Hinn 17. ágúst 1684 seldi systurnar Guðrún og Helga eldri Eggertsdætur, með samþykki systra sinna og samarfa, Þórði Jónssyni hálft annað hundruð í Auðnum á Hjarðarnesi fyrir 27 slétta dali.⁵³¹

Hinn 3. nóvember 1689 sagði póstur úr kaupmálabréfi Bjarna Jónssonar og Sigríðar Einarsdóttur eftirfarandi: Í fráveru Sveins Einarssonar framsögðu hjónin Þórður Jónsson og Guðný Einarsdóttir, sem gengu Sigríði í foreldra stað, 17 hundruð í gagnlegum peningum er kæmu í garð Bjarna Jónssonar. Af þeim væru þrjú hundruð í Auðnum í Brjánslækjarkirkjusókn, sem reiknaðist til arfskipta níu hundruða í lausafé.⁵³²

⁵²⁴ Skjal nr. 4(68).

⁵²⁵ Skjal nr. 4(104), bls. 689 og 692.

⁵²⁶ Skjal nr. 4(106), bls. 52.

⁵²⁷ Skjal nr. 4(108), bls. 255.

⁵²⁸ Skjal nr. 4(79).

⁵²⁹ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 119; skjal H-23.

⁵³⁰ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 135; skjal H-23.

⁵³¹ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 135; skjal H-23.

⁵³² *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 141; skjal H-23.

Hinn 26. júní 1703 lýsti Jón Jónsson að hann hefði erfð eftir móður sína nokkrar eignir. Vænist hann að sín sáluga móðir í jarðaskiptum hefði fengið af sáluga Eggert Björnssyni fyrir níu hundruð og fimm aura í Hamri í Þverárhlið í Mýrarsýslu og þar til eitt og hálft hundrað í Auðnum á Barðaströnd.⁵³³

Árið 1703 vitnaði Bjarni Jónsson:

að 3 hndr. í jörðunni Auðnum ... sé minnar ektakvinnu, Sigríðar Einarsdóttur, eiginleg eign, hvör jarðarhundruð henni til erfða féllu eftir hennar sáluga föður, Einar Jónsson, og síðan til heimanmundar reiknuð á giftingardegi sem ofanskrifaður kaupmálabréfsins póstur útvísar, hvör áður nefndur þriggja hundraða jarðarpartur byggður er með hálfu þriðja kúgildi og 30 álna landskuld í óágreindum aurum.⁵³⁴

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Auðnir:

Audner.

Jarðardýrleiki vi.

Jarðareigendur: Að hálfri Þórður Jónsson í Laugardal, að hálfri Bjarni Jónsson í Kollsvík.

Ábúandinn Bjarni Ólafsson

[...]

Skógur er þar góður til kola og eldiviðar, en varla til raftviðar. Öngvum útifrá ljeður. Grasatekja lítil. Heimræði hefur verið til forna haust og vor, nú er það aldrei um nokkur ár. Jörðin er í hættu, og skemmist stundum á túninu af skriðum úr á einnri og læk þar hjá.⁵³⁵

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Auðna metinn sex hundruð en eigandi jarðarinnar var Steinunn Þorlákssdóttir á Firði á Skálmarnesi.⁵³⁶

Hinn 22. september 1834 fór fram úttekt á sex hundruðum í jörðinni Auðnum, eign Árna Pálssonar á Firði. Fjallað er um húsakost, en ekki um afmörkun eða nyt jarðarinnar.⁵³⁷

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Auðnir metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein er fjallað um kúgildi jarðarinnar.⁵³⁸

Við manntalsþing að Haga á Barðaströnd 26. júní 1848 var upplesið forboð um sölu og nýtingu á skógi á landi Auðna:

Tómthúsmadur í Flatey Proprietair Arni Pálsson fyrirbyður Zacharias Þorlakssyni á Audnum alla sölu til fremmede af Skoginum sem tilheyrir jörðunni hvört sem heldur er til Rapta eða kolagerdar samt skemming skogarins og einasta leifir honum Skogin til eigen kolgerdar og Raptbrúkunar, þar ed önnur brukun strídi móti hans byggíngarbefi, og megi hann við sig [greina um þyki spottan] opin berrar ákæru.⁵³⁹

⁵³³ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 86; skjal H-23.

⁵³⁴ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 142; skjal H-23.

⁵³⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 266–267; skjal H-2.

⁵³⁶ Skjal nr. 2(21).

⁵³⁷ Skjal nr. 2(209).

⁵³⁸ Skjal nr. 4(1), bls. 179.

⁵³⁹ Skjal nr. 2(169).

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Auðna.⁵⁴⁰ Í yfirmatsjarðabók sem fylgir jarðmatinu segir að mati á Auðnum sé breytt úr 190 ríkisbankadölum í 240 ríkisbankadali.⁵⁴¹

Hinn 2. júní 1886 seldi Ásmundur Sveinsson á Hallbjarnareyri Jóni Guðmundssyni, kaupmanni í Flatey, 25,1 hundrað í jörðunum Auðshaugi og Auðnum fyrir 2.400 kr. Bréfið var lesið við manntalsþing að Vaðli á Barðaströnd 31. maí 1890.⁵⁴²

Landamerkjaskrá Auðshaus og Auðna er dagsett 10. maí 1889, en hún var þinglesin við manntalsþing að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31. maí 1890. Efni hennar er eftirfarandi:

Landamerkjaskrá fyrir jarðirnar Auðshaug og Auðnir.

a, Milli Auðshaus og Hamars ræður bein lína dregin af sjó gegnum mitt Markhólmasund í svonefndan Markklett, en stendur efst á sjávarbakknum; þaðan ræður markhryggur þar sem hann er hæðstur upp í svonefnda Markgjá í fjallinu og ræður hún síðan á fjall upp en þar eru merki sem vötnum hallar. b, Milli Auðshaus og Auðna ræður svonefnd Brúará frá sjó upp í svokallaða Dranga og þaðan beint á fjall upp svo langt sem Vötnum hallar. c, Þá tekur við Auðnaland og nær að Þverá, sem ræður frá sjó upp í svokallað Krókavötn og þaðan fram í fjall eptir sem vötnum hallar. d, Þá tekur aptur við Auðshausland frá ofansögðum merkjum og allt að Skiptá; ræður hún frá sjó og allt til fjalls svo langt sem vötnum hallar og skilur Auðshausland frá Litlanesi í Múlasveit; heyrir þannig allur Kollafjörður að innanverðu undir Auðshaug eptir firsögðu. Engar jarðir eiga í lönd ofanritaðra jarða.

Flatey 10 dag maí mán 1889.

Jófríður Guðmundson (eigandi).

Fyrir jörðina Hamar samþykkir Jóhann Einarsson

Fyrir jörðina Litla Nes samþykkir fyrir Herdís Benedíktson Sigurður Jensson.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31 maí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 141 bls 78-79. vottar ALE Fischer sýslumaður

Borgun Þinglestr – kr 75 au bókun – 25 – 1 kr – au ein króna borgað Fischer⁵⁴³

Hinn 4. september 1891 veitti Jófríður Guðmundson sr. Þorvaldi Jakobssyni í Haga fullt umboð til að innheimta gjöld Hagakirkju og af sínum jarðeignum. Þar á meðal voru jarðirnar Auðshaugur og Auðnar.⁵⁴⁴ Sama dag skrifaði sr. Þorvaldur yfirlýsingu um að hann hefði tekið að sér að sjá um jarðeignir Jófríðar. Í yfirlýsingunni er skrá yfir jarðirnar, en þar kemur m.a. fram að dýrleiki Auðna sé sex hundruð að fornu en 12,4 hundruð að nýju og að byggingarbréf sé frá því í september 1886.⁵⁴⁵

⁵⁴⁰ Skjal nr. 2(45).

⁵⁴¹ Skjal nr. 2(64).

⁵⁴² Skjal nr. 2(93).

⁵⁴³ Skjal nr. 2(3).

⁵⁴⁴ Skjal nr. 2(104).

⁵⁴⁵ Skjal nr. 2(105).

Við manntalsþing að Haga á Barðaströnd 27. júní 1931 var uppleið afsal Hjálmars Guðmundssonar, dagsett 5. júní 1930, fyrir Auðshaug og Auðnum til Sigurðar Pálssonar fyrir 4.600 kr.⁵⁴⁶

5.7.4 *Hamar á Hjarðarnesi / Suðurhamar*

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að Hamar á Hjarðarnesi var 12 hundruð að dýrleika.⁵⁴⁷

Samkvæmt skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson frá 23. október 1467 eignaðist ekkja hans, Ólöf Loftsdóttir, jörðina Brjánslæk með öðrum jörðum, m.a. Neðri-Rauðsdal, Arnórsstöðum, Hlíð, Þverá, Fossá, Hamar á Hjarðarnesi, hálfa jörðina Auðnir, Vattarnes og Illugastaðir.⁵⁴⁸

Samkvæmt skiptabréfi eftir Ólöfu Loftsdóttur hinn 15. apríl 1480 eignaðist sonur hennar, Einar Björnsson, jörðina Hamar á Hjarðarnesi.⁵⁴⁹

Hinn 25. apríl 1661 seldi Þorleifur Kortsson jarðirnar Stórulaugar og Kálfborgará í Þingeyjarsýslu til Guðbrands Magnússonar móti $\frac{2}{3}$ hlutum í Brjánslæk og jörðunum Fossá og Hamri á Hjarðarnesi.⁵⁵⁰

Synir Þorleifs Kortssonar lögmanns skiptu með sér arfi 8. október 1698. Í hlut Guðmundar komu tveir partar í Brjánslæk, 20 hundruð að kaupahluta. Kirkjueign fylgdi þar, 20 hundruð. Einnig Arnórsstaðir, 18 hundruð að dýrleika, Fossá á Hjarðarnesi, 24 hundruð að dýrleika, Hamar í sömu sveit, sex hundruð að dýrleika, Trostansfjörður við Arnarfjörð, 30 hundruð að dýrleika og Reykjarfjörður við Arnarfjörð, 30 hundruð að dýrleika.⁵⁵¹

Í *Jarðabók Árna og Páls* yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Hamar á Hjarðarnesi:

Hamar (á Haugsnesi).

Jarðardýrleiki vi hndr.

Jarðareigandi Guðmundur Þorleifsson á Geirrauðareyri.

Ábúandinn Jón Símonsson.

[...]

Skóg hefur landsdrottinn tillagt í Fossárlandi, til raftviðar, kola og eldiviðar, á móti torfristu, sem Fossá hefur þar.

Heimræði hefur þar verið til forna, vor og sumar, nú ekkert um nokkur ár. Skelfiskstekja ekki fyrirhafnarverð. Tún, engjar og úthagi fordjarfast árlega af skriðum úr fjallinu. Stórviðrasamt mjög, hætt fyrir hús og hey.⁵⁵²

⁵⁴⁶ Skjal nr. 2(148).

⁵⁴⁷ Skjal nr. 4(104), bls. 689.

⁵⁴⁸ Skjal nr. 4(105), bls. 499–500. Sjá einnig skjal nr. 4(106), bls. 47.

⁵⁴⁹ Skjal nr. 4(108), bls. 255.

⁵⁵⁰ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 97, 238; skjal H-23.

⁵⁵¹ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 150; skjal H-23.

⁵⁵² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 267–268; skjal H-2.

Við manntalsþing að Vaðli á Barðaströnd 25. júní 1722 var tekin fyrir rannsókn á meðhöndlun hvals sem rak á fjöru Hamarslands á Hjarðarnesi. Framlögð voru nokkur skjöl, sem skrifuð eru upp í þingbókina, en ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.⁵⁵³

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Hamars á Hjarðarnesi metinn sex hundruð en eigandi jarðarinnar var dánarbú Sigurðar Gíslasonar á Þóreyjarnúpi í Húnavatnssýslu.⁵⁵⁴

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hamar á Hjarðarnesi metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.⁵⁵⁵

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Hamars á Hjarðarnesi.⁵⁵⁶ Í yfirmatsjarðabók sem fylgir jarðamatinu segir að mati á Hamri á Hjarðarnesi sé breytt úr 194 ríkisbankadölum í 240 ríkisbankadali.⁵⁵⁷

Landamerkjaskrá Hamars á Hjarðarnesi er dagsett 30. maí 1887 en hún var þinglesin við manntalsþing að Vaðli í Barðastrandarhreppi 28. maí 1888. Efni hennar hljóðar svo:

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hamars á Hjarðarnesi.

1. Að innanverðu milli Auðshaugs og Hamars úr miðju Markhólmasundi í svonefndan Markklett er stendur efst á sjáfarbakkanum þaðan ræður Markhriggur sem hann er hæðstur í svonefnda Markgjá í fjallinu og ræður hún á fjall upp en þar eru merki sem vötnum hallar.

2, að utanverðu úr miðju Nóneyjarsundi í svonefndan Stóra Markklett þaðan bein sjónhending í svonefnda [R]eslíngar í sunnanverðum Húsadal og eptir sömu stefnu á fjöll fram þar til skjer í sundur línun.

Jörðin á engin ítök í öðrum jörðum nje aðrar jarðir í henni.

Suður Hamri þ. 30 maí 1887.

Eígandi teðrar jarðar er Jóhann Einarsson

Sem umboðsmaður Eygandanna að jörðinni Fossá og Auðhaug samþykkir Guðm. Jónsson, Hamri.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 28 maí 1888 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 109 bls 59-60

Vottar ALE Fischer sýslumaður.

Borgun: Þinglestr. – kr. 75 au

bókun - - 25 –

1 kr. – au

ein króna borgað Fischer.⁵⁵⁸

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 er jörðin Hamar á Hjarðarnesi metin á 1.800 kr. Eigandi hennar var Sigurmundur Guðmundsson. Skráð er um

⁵⁵³ Skjal nr. 2(170).

⁵⁵⁴ Skjal nr. 2(22).

⁵⁵⁵ Skjal nr. 4(1), bls. 179.

⁵⁵⁶ Skjal nr. 2(46).

⁵⁵⁷ Skjal nr. 2(64).

⁵⁵⁸ Skjal nr. 2(4).

ókosti að æðarvarp geti ekki þrífist í Hamarseyjum vegna tófu, því þar fjari allt þurrt. Um landamerkjabréf er skráð að það hafi verið þinglesið að Efra-Vaðli 28. maí 1888. Loks er skráð athugasemd um að jörðin hafi verið höfð með til ábúðar af Fossárbónda um 6–7 ára tíma.⁵⁵⁹

5.7.5 Fossá á Hjarðarnesi

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að Fossá á Hjarðarnesi var 24 hundruð að dýrleika.⁵⁶⁰

Hinn 5. september 1460 vitnuðu sr. Helgi Þorkelsson og Erlingur Þórðarson um jarðir sem Björn Þorleifsson hefði aftur lagt af eignum Guðmundar Arasonar. Þeirra á meðan var jörðin Fossá.⁵⁶¹

Samkvæmt skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson frá 23. október 1467 eignaðist ekkja hans, Ólöf Loftsdóttir, jörðina Brjánslæk með öðrum jörðum, m.a. Neðri-Rauðsdal, Arnórsstöðum, Hlíð, Þverá, Fossá, Hamar á Hjarðarnesi, hálfa jörðina Auðnir, Vattarnes og Illugastaðir.⁵⁶²

Í skiptabréfi eftir Ólöfu Loftsdóttur hinn 15. apríl 1480 segir að Þorleifur Björnsson hafi m.a. hlotið Brjánslæk, Rauðsdal, Arnórsstaði, Hlíð, Þverá, Fossá og Vattarnes.⁵⁶³

Í gjafabréfi Jóns dans Björnssonar frá 26. mars 1508 kemur fram að hann gaf Bjarna Andréssyni jörðina Brjánslæk á Barðaströnd og allar þær jarðir sem þar lágu og tilheyrðu honum, þ.e. Fossá, Þverá, Hellu, Hlíð, Arnórsstaði og Rauðsdal.⁵⁶⁴

Í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar frá 1509 um eignir Bjarna Andréssonar segir að þar á meðal sé Brjánslækur á Barðaströnd með Engey, 60 hundruð að dýrleika, Fossá, 24 hundruð, Hella, sex hundruð, Hlíð, 16 hundruð, Arnórsstaðir, 20 hundruð og Rauðsdalur, 20 hundruð.⁵⁶⁵

Í jarðaskiptabréfi frá 22. febrúar 1569 kemur fram að hálf jörðin Fossá á Hjarðarnesi hafði fallið til sr. Jóns Þorleifssonar með lögmannsúrskurði, en nú afhenti hann Eggert Hannessyni nefnda eign sem og hálfa jörðina Stakka á Rauðasandi. Á móti fékk sr. Jón jörðina Svínanes í Múlakirkjusókn. Enn fremur seldi sr. Jón Eggert hálfa jörðina Skálavík í Mjóafirði fyrir jörðina Gróunes í Gufudalskirkjusókn.⁵⁶⁶

Árið 1576 gerði Eggert Hannesson grein fyrir fasteignum sínum að fráskildum þeim sem þær kirkjur áttu sem hann hafði þá að halda og einnig þeim 70 hundruðum er hann

⁵⁵⁹ Skjal nr. 2(69).

⁵⁶⁰ Skjal nr. 4(104), bls. 689.

⁵⁶¹ Skjal nr. 4(94).

⁵⁶² Skjal nr. 4(105), bls. 499–500. Sjá einnig skjal nr. 4(106), bls. 47.

⁵⁶³ Skjal nr. 4(108), bls. 256.

⁵⁶⁴ Skjal nr. 4(76).

⁵⁶⁵ Skjal nr. 4(77).

⁵⁶⁶ Skjal nr. 4(95).

átti fyrir norðan og hafði veðsett Jóni Jónssyni lögmanni. Meðal þessara eigna var hálf jörðin Fossá, 12 hundruð að dýrleika.⁵⁶⁷

Hinn 30. júlí 1578 gaf Eggert Hannesson Ragnheiði dóttur sinni og Magnúsi Jónssyni 37 hundruð í jörðum. Fram kemur í bréfinu að hann hafði selt Bjarna Björnssyni Haga en Jóni Björnssyni Haug og Fossá. Einnig endurnýjaði Eggert gjöf sína til Magnúsar dóttursonar síns, þannig að Eggert tók aftur Sæból á Ingjaldssandi en lét Birni í staðinn Bæ á Rauðasandi, sem var jafnmikil að dýrleika.⁵⁶⁸

Hinn 25. apríl 1661 seldi Þorleifur Kortsson jarðirnar Stórulaugar og Kálfborgará í Þingeyjarsýslu til Guðbrands Magnússonar móti $\frac{2}{3}$ hlutum í Brjámslæk og jörðunum Fossá og Hamri á Hjarðarnesi.⁵⁶⁹

Synir Þorleifs Kortssonar lögmanns skiptu með sér arfi 8. október 1698. Í hlut Guðmundar komu tveir partar í Brjámslæk, 20 hundruð að kaupahluta. Kirkjueign fylgdi þar, 20 hundruð. Einnig Arnórsstaðir, 18 hundruð að dýrleika, Fossá á Hjarðarnesi, 24 hundruð að dýrleika, Hamar í sömu sveit, sex hundruð að dýrleika, Trostansfjörður við Arnarfjörð, 30 hundruð að dýrleika og Reykjarfjörður við Arnarfjörð, 30 hundruð að dýrleika.⁵⁷⁰

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Fossá:

Fossá.

Jarðardýrleiki xxiiii hndr.

Jarðareigandi Guðmundur Þorleifsson á Geirrauðareyri.

Ábúandinn Sveinn Jónsson.

[...]

Skógur er þar ánægjanlegur til raftviðar, kola og eldiviðar. Brúka hann Hamarsmenn fyrir sig móti torfristu, sem Fossármenn hafa í Hamarslandi. Grasatekja lítillfjörleg. Skelfiskstekja að nokkru gagni. Heimræði hefur áður verið, vor og sumar, nú ekkert. Áin þar hjá, Fossá, spillir oft túninu á vetrardag með grjóti og sandi, sem hún ber á. Þar er mjög flæðihætt.

[...]

Á millum Fossár og Brjámslækjar hefur verið kot, kallað **Vppsaler**. Jarðardýrleiki meinast hafa verið v hndr. Er kirkjueign frá Brjámslæk. Heyrir til Guðmundi Þorleifssyni. Er í eyði, og hefur ei byggt um lx ár. Meinast kynni að byggjast.

Þar er annað kot, kallað **Hella**. Sumir hafa heyrt hún skuli hafa verið vi hndr. Kirkjueign frá Brjámslæk. Heyrir til Guðmundi Þorleifssyni. Liggur í eyði, og hefur lengi legið. Meinast illa kunna að byggjast vegna átroðnings.⁵⁷¹

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd 18. mars 1796 var upplesin jarðarforbetrun Jóns Teitssonar á Fossá.⁵⁷²

⁵⁶⁷ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 103; skjal H-23.

⁵⁶⁸ Skjal nr. 2(248).

⁵⁶⁹ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 97, 238; skjal H-23.

⁵⁷⁰ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 150; skjal H-23.

⁵⁷¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 268–269; skjal H-2.

⁵⁷² Skjal nr. 2(171).

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Fossár metinn 24 hundruð en eigendur jarðarinnar voru Teitur Jónsson hreppstjóri og Guðmundur Jónsson. Fram kemur að engin eyðihjáleiga sé til þar.⁵⁷³

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Fossá á Hjarðarnesi metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaegn. Í neðanmálgrein er fjallað um hlunnindi árið 1805, þ.e. æðardún og fiður.⁵⁷⁴

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Fossár á Hjarðarnesi.⁵⁷⁵ Í yfirmatsjarðabók sem fylgir jarðamatinu segir að mati á Fossá sé breytt úr 300 ríkisbankadölum í 330 ríkisbankadali.⁵⁷⁶

Hinn 11. ágúst 1851 var ritað landamerkjabréf milli jarðanna Fossár og Uppsala. Texti þess er svohljóðandi:

Árið 1851. dag 11^{ta} august höfum vér sem ritum hér undir nöfn vor aðgjætt landamerki milli jarðanna Fossár á Hjarðarnesi, sem er bændaegn og Uppsala við Vatnsfjörð sem er eign Brjámslækjar kyrkju; millum téðra jarða við sjó hefur frá alda öðli Uppsala á landi skipt og viljum vér það haldist, og fylgjum því, að svomiklu léiti, við verður komið, stefnu árinna, í merkja lýsingunni, verður þá djúp skér það sem leingst nær í sjó fram beint undan Uppsala á nótlaga og fjöru mark, en löndin skilur árgilið til fjalls upp alt í krók þann þar það beigist þvert til suðurs á Fossár land, síðan stefna úr króki þeim í lítið leirtjarnar drag, þaðan beint upp eptir lautinni í lítin kletthól á hverjum stakur steinn stendur með vörðu broti á, þaðan beint upp á brúnina í vörðu svo yfir melhrigginn í syðri endan á nordustu og stærstu tjörninni yfir tjörnina og skáhalt upp í grjótholtinn og eptir þeim alla leid norðaustur á við sem vótum hallar alt á há brún sunnan verdt við Auðna óxl.

Samkvæmt merkjum þessum heyrir Fossá á Fjalli uppi land það alt sem vótum veitir til suðurs en Uppsólum og Þingmannadal hitt sem í nordur og útnorður hallar, einúngis er tjörnin að frárennsli til Uppsala meigin en með því að bæði er hún glögg merki og gjörir lítin krok á merkin inn á Fossár land, þá hófum vér lagt merkin yfir hana.

Eins og vér við nákvæma skoðun landsins með hliðsjón af reglum þeim sem landamerki almennt hafa, ekki gétum betur séð en hér greind merki millum jarðanna Fossár og Uppsala ein hljóti rétt að metast, og þannig framvegis haldast, svo ritum vér öllu þessu til staðfestu og sónnunar nöfn vor undir með hjá settum signetum vorum, og væntum að fjærverandi eigendur Fossár jarðar fúslega samþykki gjörning vorn og riti ásamt oss nöfn sin undir landamerkjabréf þetta, og það því heldur sem þá hlýtur gjórsamlega að skorta jafn vónuð skilríki fyrir landeign sinni móts við kyrkjulandið.⁵⁷⁷

Landamerkjaskrá Fossár á Hjarðarnesi er dagsett 21. maí 1889, en hún var þinglesin sama dag við manntalsþing að Vaðli í Barðastrandarhreppi. Efni hennar er eftirfarandi:

Landamerkiaskrá jarðarinnar Fossár á Hjarðarnesi.

1. Að vestann verðu á mylli Uppsala og Fossár skilur samkvæmt brjefi dagsettu 11 ágúst 1851 Uppsala á við sjó og í djúp sker undan henni sem fjörumarki en löndinn skilur árgilið til fjalls alt upp í krók þann þar það beigist þvert til suðurs á Fossárland. Síðann stefna úr þeim króki í lítið leirtjarnardrag, þaðan eptir lautinni í lítin kletthól, á hverjum stakur steinn stendur með vörðubroti á; þaðan beint upp á brúnina í vörðu,

⁵⁷³ Skjal nr. 2(24).

⁵⁷⁴ Skjal nr. 4(1), bls. 179.

⁵⁷⁵ Skjal nr. 2(48).

⁵⁷⁶ Skjal nr. 2(64).

⁵⁷⁷ Skjal nr. 2(126).

yfir melhrygginn í siðri endann á norðustu og stærstu tjörninni skáholt upp í grjótholtin og eftir þeim alla leið norðaustur á við sem vötnum hallar til suðurs alt á hábrún sunnanvert við auðna öxl.

2. að sunn verðu skylur á milli Fossár og Hamars úr miðju nóneyjar sundi í svonefndann stóra markklett, þaðan í kellingar, þaðan sjónhendíng að auðna öxl vestanverðir. Jörðinn á eíngínn ítök í öðrum jörðum, nje aðrar jarðir í henni.

Fossá 21 maí 1889.

Fyrir Uppsalar og Briánslæk samþykkir Þorvaldur Jakobsson prestur.

Samþykkir fyrir Suður Hamar Jóhann Einarsson.

Sigríður Johnsen Jófríður Guðmundsson eigendur Fossár að 20 hundruðum

Fyrir Guðm. Jónsson á Hamri eiganda að 14 hundruðum í Fossá Jóhann Einarsson.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 21 maí 1889 og innfært í landamerkiabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 116 bls 62-63 vottar ALE Fischer sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au bókun – 25 – 1 kr 0 au ein króna borgað Fischer⁵⁷⁸

Í jarðaskjölum Barðastrandarsýslu er varðveitt afrit af landamerkjaskrá jarðarinnar Fossár frá 21. maí 1889. Efni þess er samhljóða þeirri sem ofan er getið.⁵⁷⁹

Hinn 4. september 1891 veitti Jófríður Guðmundson sr. Þorvaldi Jakobssyni í Haga fullt umboð til að innheimta gjöld Hagakirkju og af sínum jarðeignum. Þar á meðal var jörðin Fossá.⁵⁸⁰ Sama dag skrifaði sr. Þorvaldur yfirlýsingu um að hann hefði tekið að sér að sjá um jarðeignir Jófríðar. Í yfirlýsingunni er skrá yfir jarðirnar, en þar eru tvær færslur skráðar fyrir jörðina Fossá. Önnur segir jörðina, eða þann hluta hennar, vera 10 hundruð að fornu. Hin færslan segir að jörðin, eða sá hluti hennar, sé fjögur hundruð að fornu. Engar upplýsingar koma fram um dýrleika að nýju eða byggingarbréf.⁵⁸¹

Í jarðaskjölum Barðastrandarsýslu er varðveitt eftirrit af byggingarbréfi sr. Þorvaldar Jakobssonar, í umboði Jófríðar Guðmundson, til Péturs Jónssonar. Bréfið er dagsett 11. janúar 1894 og er um jörðina Fossá, 14 hundruð að fornu mati. Skilmálar bréfsins eru í 12 liðum, en ekkert er fjallað um landamerki eða ítök annað en að Pétur hafi fengið afrit af landamerkjaskrá jarðarinnar.⁵⁸²

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 er jörðin Fossá á Hjarðarnesi metin á 1.300 kr. Eigendur hennar voru Sigurmundur Guðmundsson að 5/6 hlutum og Hákon J. Kristófersson að 1/6 hluta. Þá er skráð að landamerkjabréf sé ekki til.⁵⁸³

⁵⁷⁸ Skjal nr. 2(5).

⁵⁷⁹ Skjal nr. 2(113).

⁵⁸⁰ Skjal nr. 2(104).

⁵⁸¹ Skjal nr. 2(105).

⁵⁸² Skjal nr. 2(114).

⁵⁸³ Skjal nr. 2(70).

5.7.6 *Arnórsstaðir*

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að Arnórsstaðir voru 18 hundruð að dýrleika.⁵⁸⁴

Samkvæmt skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson frá 23. október 1467 eignaðist ekkja hans, Ólöf Loftsdóttir, jörðina Brjánslæk með öðrum jörðum, m.a. Neðri-Rauðsdal, Arnórsstöðum, Hlíð, Þverá, Fossá, Hamar á Hjarðarnesi, hálfa jörðina Auðnir, Vattarnes og Illugastaðir.⁵⁸⁵

Í skiptabréfi eftir Ólöfu Loftsdóttur hinn 15. apríl 1480 segir að Þorleifur Björnsson hafi m.a. hlotið Brjánslæk, Rauðsdal, Arnórsstaði, Hlíð, Þverá, Fossá og Vattarnes.⁵⁸⁶

Í gjafabréfi Jóns dans Björnssonar frá 26. mars 1508 kemur fram að hann gaf Bjarna Andréssyni jörðina Brjánslæk á Barðaströnd og allar þær jarðir sem þar lágu og tilheyrðu honum, þ.e. Fossá, Þverá, Hellu, Hlíð, Arnórsstaði og Rauðsdal.⁵⁸⁷

Í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar frá 1509 um eignir Bjarna Andréssonar segir að þar á meðal sé Brjánslækur á Barðaströnd með Engey, 60 hundruð að dýrleika, Fossá, 24 hundruð, Hella, sex hundruð, Hlíð, 16 hundruð, Arnórsstaðir, 20 hundruð og Rauðsdalur, 20 hundruð.⁵⁸⁸

Árið 1547 gaf Kristín Ormsdóttir Sólmundi Erlingssyni 10 hundruð í jörðinni Arnórsstöðum á Barðaströnd. Með bréfinu fylgja svohljóðandi landamerki um jörðina:

enn landamerke þessarar jardar er jnn i Kierlijngarskridu og utj hauga.⁵⁸⁹

Hinn 25. nóvember 1569 seldi Eggert Hanneson Torfa Andréssyni Brjánslæk, þ.e. 30 hundruð bóndaeignina í garðinum og einnig jörðina Arnórsstaði, tvö kúgildi fyrir 20 hundruð og jörðina Hamar á Hjarðarnesi. Torfi seldi Eggert á móti, með samþykki móður sinnar, Guðrúnar Björnsdóttur, jörðina Hól og Litlueyri í Bíldudal, 60 hundruð að dýrleika, og Raknadal í Patreksfirði.⁵⁹⁰

Hinn 14. nóvember 1580 seldi Torfi Andrésson allan Brjánslæk til Magnúsar Jónssonar, 30 hundruð að dýrleika, og einnig Arnórsstaði, 18 hundruð að dýrleika. Á móti gaf Magnús jarðirnar Trostansfjörð, 30 hundruð, og Litlu-Eyri, 20 hundruð.⁵⁹¹

Hinn 16. september 1629 meðkenndi Magnús Arason að hann fengi Birni Bjarnasyni til eignar jörðina Kamb í Króksfirði, með sinni selstöðu, 30 hundruð að dýrleika. Að auki lofaði hann að svara landskuld af sex hundruð þar til hann hafði tekið við tveimur hlutum í Brjánslæk og Arnórsstöðum.⁵⁹²

Synir Þorleifs Kortssonar lögmanns skiptu með sér arfi 8. október 1698. Í hlut Guðmundar komu tveir partar í Brjánslæk, 20 hundruð að kaupahluta. Kirkjueign fylgdi

⁵⁸⁴ Skjal nr. 4(104), bls. 689.

⁵⁸⁵ Skjal nr. 4(105), bls. 499–500. Sjá einnig skjal nr. 4(106), bls. 47.

⁵⁸⁶ Skjal nr. 4(108), bls. 256.

⁵⁸⁷ Skjal nr. 4(76).

⁵⁸⁸ Skjal nr. 4(77).

⁵⁸⁹ Skjal nr. 4(100).

⁵⁹⁰ Skjal nr. 4(85).

⁵⁹¹ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 97; skjal H-23.

⁵⁹² *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 121; skjal H-23.

þar, 20 hundruð. Einnig Arnórsstaðir, 18 hundruð að dýrleika, Fossá á Hjarðarnesi, 24 hundruð að dýrleika, Hamar í sömu sveit, sex hundruð að dýrleika, Trostansfjörður við Arnarfjörð, 30 hundruð að dýrleika og Reykjarfjörður við Arnarfjörð, 30 hundruð að dýrleika.⁵⁹³

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Arnórsstaði:

Arnþórstader.

Jarðardýrleiki xviii hndr.

Jarðareigandi Guðmundur Þorleifsson á Geirrauðareyri.

Ábúandinn Sveinn Símonsson.

[...]

Heimræði hefur þar verið, nú er það ekkert.

Engjar og hagar spillast af skriðum.

Jörðin tíundast fjórum tíundum.⁵⁹⁴

Hinn 30. september 1793 fór fram extráþing á Arnórsstöðum þar sem jörðin var skoðuð og metinn var skaði sem hlaust af völdum skriða og hlaupa. Riðið og gengið var um jörðina og loks úrskurðað að dýrleiki hennar yrði færður úr 18 hundruðum í 10 hundruð.⁵⁹⁵

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Arnórsstaða metinn 18 hundruð en eigandi jarðarinnar var G. Scheving sýslumaður.⁵⁹⁶

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Arnórsstaðir metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður telji jörðina vera 10 hundruð að dýrleika, en hún hafi áður verið 16 hundruð að dýrleika.⁵⁹⁷

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Arnórsstaða.⁵⁹⁸ Í jarðamatsbók yfir verðlag vegna jarðamatsins er jörðin Arnórsstaðir metin á 120 ríkisbankadali.⁵⁹⁹

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 er jörðin Arnórsstaðir metin á 1.200 kr. en eigandi hennar var dánarbú Eyjólfssonar.⁶⁰⁰

Hinn 11. september 1944 gerðu annars vegar Guðmundur J. Einarsson, bóndi og umráðamaður Brjánslækjar, og hins vegar Bjarni Gestsson og Karl Andersen, eigendur og ábúendur Arnórsstaða, sætt um landamerki milli nefndra jarða. Færsla í landamerkjabók Barðastrandarsýslu er svohljóðandi:

Með því að i landamerkjaskrá Barðastrandarsýslu er engin skrá um landamerki milli jarðanna Arnórsstaða og Brjánslækjar i Barðastrandarhreppi, og að undanfögnu hefir af

⁵⁹³ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 150; skjal H-23.

⁵⁹⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 273; skjal H-2.

⁵⁹⁵ Skjal nr. 2(174).

⁵⁹⁶ Skjal nr. 2(29).

⁵⁹⁷ Skjal nr. 4(1), bls. 180.

⁵⁹⁸ Skjal nr. 2(52).

⁵⁹⁹ Skjal nr. 2(89).

⁶⁰⁰ Skjal nr. 2(73).

þeim ástæðum ríkt nokkur óvissa um legu þeirra, þá höfum við undirritaðir, ég Guðmundur J. Einarsson, bóndi og umráðamaður Brjánslækjar og við Bjarni Gestsson og Karl Andersen eigendur og ábúendur Arnórsstaða, eftir að hafa kynnt okkur álit gamals fólks og gömul skjöl um þetta efni, gert með okkur sætt um það, að landamerki milli téðra jarða skuli vera: „Um gil það á Arnórsstaðahlið, sem liggur niður með utanverðri svokallaðri Kerlingu, sem er klettadrangur í fjallinu, og neðst úr gílinu til sjávar niður um miðja skriðu þá, er úr gílinu hefir fallið.“

Teljum við, að landamerki þessi komi heim við merki þau milli téðra landa, sem tilgreind eru í afsalsbréfi fyrir Arnórsstöðum gerðu í Saurbæ árið 1547 og prentuð er: Íslensku fornbréfasafni, XI bindi bls. 594, þar sem fram er tekið, að landamerkin séu „Kerlingarskriða“.

Framanskraðu til staðfestu eru eiginhandarnöfn aðila rituð í votta viðurvist.

Gert að Brjánslæk, 11. september 1944.

Guðmundur J. Einarsson Bjarni Gestsson Karl Andersen

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskriftum:

Gísli A. Magnusson Hákon J. Kristófersson

snú við

Ráðuneytið samþykkir framangreind landamerki

Reykjavík, 13. okt. 1944.

Gústaf A. Jónsson. Dómsmálaráðuneytið.

Mótttekið 25/10 '44 kl. 13. Innfært í afsals- og veðmalaregistur Barðastrandarsýslu Litra S. nr. 256 til þinglýsingar á næsta manntalsþingi Barðastrandarhrepps.

Jóhann Skaptason Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu.

Gjöld: Stimpilgj. kr. 1.40 þinglýs.gj. , 4.20 Samtals kr. 5.60 Fimm krónur 60/100 – Greitt J.S.⁶⁰¹

5.7.7 Neðri-Rauðsdalur

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að Rauðsdalur var 20 hundruð að dýrleika.⁶⁰²

Í skrá frá 3. júlí 1478, um dýrleika á þeim jörðum Guðmundar Arasonar ríka á Reykhólum, sem voru ranglega haldnar og leggja skyldi aftur, segir að Neðri-Rauðsdalur sé 20 hundruð að dýrleika.⁶⁰³

Samkvæmt skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson frá 23. október 1467 eignaðist ekkja hans, Ólöf Loftsdóttir, jörðina Brjánslæk með öðrum jörðum, m.a. Neðri-Rauðsdal, Arnórsstöðum, Hlíð, Þverá, Fossá, Hamar á Hjarðarnesi, hálfa jörðina Auðnir, Vattarnes og Illugastaðir.⁶⁰⁴

Í skiptabréfi eftir Ólöfu Loftsdóttur hinn 15. apríl 1480 segir að Þorleifur Björnsson hafi m.a. hlotið Brjánslæk, Rauðsdal, Arnórsstaði, Hlíð, Þverá, Fossá og Vattarnes.⁶⁰⁵

⁶⁰¹ Skjal nr. 2(8).

⁶⁰² Skjal nr. 4(104), bls. 689.

⁶⁰³ Skjal nr. 4(107).

⁶⁰⁴ Skjal nr. 4(105), bls. 499–500. Sjá einnig skjal nr. 4(106), bls. 47.

⁶⁰⁵ Skjal nr. 4(108), bls. 256.

Í gjafabréfi Jóns dans Björnssonar frá 26. mars 1508 kemur fram að hann gaf Bjarna Andræssyni jörðina Brjánslæk á Barðaströnd og allar þær jarðir sem þar lágu og tilheyrðu honum, þ.e. Fossá, Þverá, Hellu, Hlíð, Arnórsstaði og Rauðsdal.⁶⁰⁶

Í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar frá 1509 um eignir Bjarna Andræssonar segir að þar á meðal sé Brjánslækur á Barðaströnd með Engey, 60 hundruð að dýrleika, Fossá, 24 hundruð, Hella, sex hundruð, Hlíð, 16 hundruð, Arnórsstaðir, 20 hundruð og Rauðsdalur, 20 hundruð.⁶⁰⁷

Hinn 20. mars 1543 vottuðu Oddur og Fúsi Helgasynir að þeir hefðu gert kaupskap við Sigurð Oddsson þannig að þeir seldu Daða Guðmundssyni jarðirnar Brekkur í Saurbæ í Hvolssókn. Ef áðurnefndar jarðir skyldu ganga af Daða að lögum, þá mætti hann frjáltslega aftur ganga að sínum jörðum án dóms, Neðri-Rauðsdal og 10 hundruðum í Vaðli.⁶⁰⁸

Hinn 21. febrúar 1554 seldi Jón Erlingsson með samþykki móður sinnar, Kristínar Ormsdóttur, jörðina Rauðsdal á Barðaströnd, 24 hundruð að dýrleika, til Helgu Jónsdóttur.⁶⁰⁹

Árið 1576 gerði Eggert Hannesson grein fyrir fasteignum sínum að fráskildum þeim sem þær kirkjur áttu sem hann hafði þá að halda og einnig þeim 70 hundruðum er hann átti fyrir norðan og hafði veðsett Jóni Jónssyni lögmanni. Meðal þessara eigna var jörðin Neðri-Rauðsdalur, 20 hundruð að dýrleika.⁶¹⁰

Hinn 2. janúar 1577 seldi Þormóður Magnússon Eggert Hannessyni jörðina Neðri-Rauðsdal á Barðaströnd, 20 hundruð að dýrleika, en á móti greiddi Eggert 10 hundruð í Vaðli á Barðaströnd. Þá lofaði Eggert að greiða sjö málnytukúgildi og fjögur hundruð í góðum og gengilegum peningum. Eggert tilskildi að kona Þormóðs, Katrín Sturladóttir, eignaðist þessi 10 hundruð í Vaðli fyrir þau 10 hundruð sem hún átti í Rauðsdal, en Þormóður myndi eignast lausaféð fyrir sín 10 hundruð.⁶¹¹ Daginn eftir, eða 3. janúar, vitnuðu nafngreindir menn um að Katrín hefði samþykkt að Þormóður myndi selja Eggert þau 10 hundruð sem hún átti í Neðri-Rauðsdal. Þá staðfesti Þormóður að Katrín ætti 10 hundruð í Vaðli fyrir þau 10 hundruð sem hún hafði átt í Neðri-Rauðsdal.⁶¹² Þormóður kvittaði fyrir kaupunum með bréfi dagsettu 4. janúar sama ár.⁶¹³

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Neðri-Rauðsdal:

⁶⁰⁶ Skjal nr. 4(76).

⁶⁰⁷ Skjal nr. 4(77).

⁶⁰⁸ Skjal nr. 4(96).

⁶⁰⁹ Skjal nr. 4(97). Í bókinni *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 100, segir að þetta bréf sé dagsett 9. janúar 1554; skjal H-23.

⁶¹⁰ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 103; skjal H-23.

⁶¹¹ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 106; skjal H-23.

⁶¹² *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 106; skjal H-23.

⁶¹³ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 106; skjal H-23.

Rauðsdalur nedre.

Jarðardýrleiki xviii hndr.

Jarðareigendur: Að hálfri Ástríður Sigurðardóttir í Efra Rauðsdal. Að hálfri Setselja Sigurðardóttir að Hamri á Selströnd.

Ábúendur: Á ix hndr. Sveinn Björnsson. A ix hndr. Guðmundur Einarsson.

[...]

Á jörðunni hefur verið heimræði, nú er það af vegna fiskleysis. Jörðin spillist á túni og engjum af Rauðsdalsá og skriðum úr fjallinu.

Þegar forðum þar var heimræði, hefur Efri Rauðsdalur og Arnórstaðir haft þar búðir og skipsuppsátur, og goldinn x fiska tollur af hverjum manni á skipunum, til jarðareigenda, en af skipinu ekkert. Nú er þetta af, síðan fiskirí brást.⁶¹⁴

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Neðri-Rauðsdals metinn 18 hundruð en eigandi jarðarinnar var Eggert Ólafsson í Hergilsey.⁶¹⁵

Hinn 19. júlí 1823 fóru fram skipti á húsum og jörðinni Neðri-Rauðsdal. Öllum jarðarhúsum var skipt til helminga milli Gísla Þóroddssonar, fyrir hönd ekkjunnar Guðrúnar Jónsdóttur, og Jóns Jónssonar, nema Jón hélt ytri hluta baðstofunnar. Þá voru gerð helmingaskipti á jörðinni. Skipting á blettunum er þannig skráð í úttektarbók Barðastrandarhrepps 1818–1848:

fær adurnefndur Mr Jón Ytri Jordina og af hinni til við bótár 6 og ½ fadm af hinni Jordinni á breidd nefnil frá bænum og ofann ur enn landamerki eru á því i midiar húsdjrnar á Húsinu sem stendur fyrir utann Fjósed og beint ofann á breckuna hvar þríár þúfur standa i ród enn á hærra Tuninu á hann beint úr Ynnri gards endanum sem liggur beint Ynn eftir Hólavellinum og i aud þekta stóra græna þúfu sem er godann kipp fyrir utann bóled af eingumm fær Hann Jtsta partenn undir Brekkonum og þar med fylgandi átta fadma af nærsta partinum, og partinn nærst þeim Ynsta og honum filgandi 4ir og hálfur fadmur af Yrsta partinum þettad á ad skiliast undir Brekkonum mælt upp og ofann auk þessa fær hann uppi á Brekkunni Yrsta parti nefnilega frá Buddusteini og úti græna died og þar med filgandi af nærsta parti 3 og hálfann fadm auk þessa fær hann sokallada Hnausa fyrir ofann túned af þessu er nú aud séd ad hra Gisli fær med sinni Jörd alt ynnra Túned fyrir utann það ofannskrifada sem frá henni er geingid enn af eingumm fær hann Ynsta partinn undir Brekkonum og partin nærst itsta partinum, enn uppá Brekkunni fær hann part áfastann við túned og Ynn undir Jóns partinn enn á móti Hnausa partinum fær hann so kallada Trodninga fyrir Ynnann tuned⁶¹⁶

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Neðri-Rauðsdalur metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.⁶¹⁷

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Neðri-Rauðsdals.⁶¹⁸ Í jarðamatsbók yfir verðlag vegna jarðamatsins er jörðin Neðri-Rauðsdalur metin á 120 ríkisbankadali.⁶¹⁹

⁶¹⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 273–274; skjal H-2.

⁶¹⁵ Skjal nr. 2(30).

⁶¹⁶ Skjal nr. 2(210).

⁶¹⁷ Skjal nr. 4(1), bls. 180.

⁶¹⁸ Skjal nr. 2(53).

⁶¹⁹ Skjal nr. 2(89).

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 er jörðin Neðri-Rauðsdalur metin á 1.500 kr. Fram kemur að landamerkjabréf sé ekki til eða ekki fáanlegt, en lítilsháttar ágreiningur sé um landamerki milli Arnórsstaða og Neðri-Rauðsdals.⁶²⁰

5.7.8 Efri-Rauðsdalur

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að Rauðsdalur var 20 hundruð að dýrleika.⁶²¹

Í skiptabréfi eftir Ólöfu Loftsdóttur hinn 15. apríl 1480 segir að Þorleifur Björnsson hafi m.a. hlotið Brjánslæk, Rauðsdal, Arnórsstaði, Hlíð, Þverá, Fossá og Vattarnes.⁶²²

Í gjafabréfi Jóns dans Björnssonar frá 26. mars 1508 kemur fram að hann gaf Bjarna Andréssyni jörðina Brjánslæk á Barðaströnd og allar þær jarðir sem þar lágu og tilheyrðu honum, þ.e. Fossá, Þverá, Hellu, Hlíð, Arnórsstaði og Rauðsdal.⁶²³

Í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar frá 1509 um eignir Bjarna Andréssonar segir að þar á meðal sé Brjánslækur á Barðaströnd með Engey, 60 hundruð að dýrleika, Fossá, 24 hundruð, Hella, sex hundruð, Hlíð, 16 hundruð, Arnórsstaðir, 20 hundruð og Rauðsdalur, 20 hundruð.⁶²⁴

Hinn 21. febrúar 1554 seldi Jón Erlingsson með samþykki móður sinnar, Kristínar Ormsdóttur, jörðina Rauðsdal á Barðaströnd, 24 hundruð að dýrleika, til Helgu Jónsdóttur.⁶²⁵

Hinn 26. september 1554 fengu Jón Nikulásson og Helga Jónsdóttir Eggert Hannessyni til fullrar eignar og frjáls forræðis jörðina Efri-Rauðsdal.⁶²⁶

Árið 1576 gerði Eggert Hannesson grein fyrir fasteignum sínum að fráskildum þeim sem þær kirkjur áttu sem hann hafði þá að halda og einnig þeim 70 hundruðum er hann átti fyrir norðan og hafði veðsett Jóni Jónssyni lögmanni. Meðal þessara eigna var jörðin Efri-Rauðsdalur, 24 hundruð að dýrleika.⁶²⁷

Hinn 22. júlí 1677 skipti Herdís Ásgeirsdóttir milli barna sinna arfi föður þeirra, Sigurðar Jónssonar. Systurnar Ástríður, Þorbjörg og Sesselja fengu m.a. Efri-Rauðsdal, 24 hundruð að dýrleika.⁶²⁸

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Barðastrandarrhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Efri-Rauðsdal:

⁶²⁰ Skjal nr. 2(74).

⁶²¹ Skjal nr. 4(104), bls. 689.

⁶²² Skjal nr. 4(108), bls. 256.

⁶²³ Skjal nr. 4(76).

⁶²⁴ Skjal nr. 4(77).

⁶²⁵ Skjal nr. 4(97). Í bókinni *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 100, segir að þetta bréf sé dagsett 9. janúar 1554; skjal H-23.

⁶²⁶ Skjal nr. 4(98).

⁶²⁷ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 103; skjal H-23.

⁶²⁸ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 170; skjal H-23.

Raudsdalur Efre.

xxiii hndr.

Hálfa þessa jörð á Ástríður Sigurðardóttir, hálfa Setselja Sigurðardóttir, kvinna Snjólfss Magnússonar á Gautshamri á Selströnd við Steingrímsfjörð.

Á allri jörðunni býr Ástríður Sigurðardóttir fyrrnefnd.

[...]

Skógur jarðarinnar er nú eyddur. Hefur nú til forna nokkur verið. Rekavon er þar mjög lítil. Hefur þó stundum staur fest. Engjar á jörðin so nær engar. Flæðihætt mjög. Árhlaup bera skriður á landið, einkum er ein stór ákomin í vetur, sem mikinn skaða gjörði túninu og engjaslitrum. Eldiviður kaupist, og er langt að sækja.

Skip á ábúanda, gamalt, hefur til forna gengið til fiskjar undir Krossanesi (þ.e. lendingunni fyrir Neðra Rauðsdal, hvar heimræði var) en hefur í vetur uppi staðið. Undir þessu Krossanesi hefur til forna (áður fiskiríet sló feil) verið verstaða fyrir 2, 3, a 4 skip á vor, og var þar af hverjum manni (eigi skip) 2 fjórðunga tollur.⁶²⁹

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Efri-Rauðsdals metinn 24 hundruð en eigandi jarðarinnar var G. Scheving sýslumaður.⁶³⁰

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Efri-Rauðsdalur metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeygn.⁶³¹

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Efri-Rauðsdals.⁶³² Í yfirmatsjarðabók sem fylgir jarðamatinu segir að mati á Efri-Rauðsdal sé breytt úr 300 ríkisbankadölum í 330 ríkisbankadali.⁶³³

Landamerkjaskrá Efri-Rauðsdals er ódagsett árið 1890, en hún var þinglesin við manntalsþing að Vaðli í Barðastrandarhreppi 30. maí 1891. Efni hennar hljóðar svo:

Landamerkjaskrá fyrir efri Rauðsdal á Barðaströnd í Barðastrandarsýslu.

Að innanverðu milli efri Rauðsdals að utan og neðri Rauðsdals að innan skilur Rauðsdalsá til fjalls og fjöru. Að utanverðu milli Rauðsdals og Hvamms eru merki úr svokölluðu Langanefi uppi í fjallinu beina sjónhendíng úr því eptir garðmóti því sem gjörla sjest fyrir ofan eptir Rauðkollshrygg í uppsett merki nl 3 hlaðna (smáa) vörður á bökkunum. Úr fyrrnefndu Langanefi eptir sömu stefnu og fyrr til fjallsbrúnar og á fjalli uppi eptir sem vatni hallar að Rauðsdalslandi. Sömuleiðis úr fyrrnefndu merkí á bökkunum beint til sjóar. J jörðinni eiga engir ítök eins og líka Rauðsdalur á eingín ítök í annara löndum.

Framanrituð landamerki samþykkja undirritaðir staddir að Hvammi – 1890. þ.þ. G.J. Thoroddsen eigandi efri Rauðsdals Eiríkur Eiríksson. Fyrir hönd eiganda Hvamms í (eptir) umboði þeirra Factors Björns Sigurðssonar á Flatey og fr. Guðrunar Jónsdóttur á Látrum Guðm. Jónsson.

Valgerður Þorleifsdóttir eigandi að 10 hdr í neðri Rauðsdal. Fyrir hönd barna Stefáns sál Benediktssonar sem eiga 8 hdr í neðri Rauðsdal L. Benediktsson

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 30 maí 1891 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýlu Ltr A sub Nr 160 bls 89 vottar ALE Fischer Sýslumaður.

⁶²⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 274–275; skjal H-2.

⁶³⁰ Skjal nr. 2(31).

⁶³¹ Skjal nr. 4(1), bls. 180.

⁶³² Skjal nr. 2(54).

⁶³³ Skjal nr. 2(64).

Borgun: Þinglestr – kr 75 au bókun – 25 – 1 kr., au ein króna borgað Fischer.⁶³⁴

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918 er jörðin Efri-Rauðsdalur metin á 2.500 kr. en eigandi hennar og umbráðamaður var H.J. Kr. Skráð er athugasemd við matið sem segir að svör og landamerkjabréf séu ekki fáanleg.⁶³⁵

5.7.9 Hamar á Barðaströnd

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að Hamar á Barðaströnd var 16 hundruð að dýrleika.⁶³⁶

Árið 1576 gerði Eggert Hannesson grein fyrir fasteignum sínum að fráskildum þeim sem þær kirkjur áttu sem hann hafði þá að halda og einnig þeim 70 hundruðum er hann átti fyrir norðan og hafði veðsett Jóni Jónssyni lögmanni. Meðal þessara eigna var jörðin Hamar á Barðaströnd, 20 hundruð að dýrleika.⁶³⁷

Í *Jarðabók Árna* og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Hamar á Barðaströnd:

Hamar.

Jarðardýrleiki xx hndr.

Jarðareigandi Árni Guðmundsson á Hóli í Bildudal.

Ábúendur: Á x hndr. Bjarni Bjarnason, á x hndr. Jón Bjarnason.⁶³⁸

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Hamars á Barðaströnd metinn 20 hundruð en eigandi jarðarinnar var D. Scheving sýslumaður.⁶³⁹

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd 24. júní 1837 var uppleið landamerkjaskjal jarðarinnar Hamars þar sem fjallað er um merki gagnvart jörðinni Vaðli. Landamerkjum er lýst í dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1835–1866:

1^o að utannverdu á hún úr Skilavog midium í Skirkollakletta þaðann eftir Bergiabrúnninni fjrir utann Hamars Tún, þaðan bejnt í Þórdarkinnarhögg, af Þórdarkinnerhöggi framm eftir dalnum, eftir so kölludum Hniótum, nedann til við heyveg, og Peníngsgötuslóða frá Hamri, framm í dalinn, þaðann í Vídirhvamm framann til, þaðann eftir Hagabrún framm í Lækiarskard, og hagana alla frá Fjallbrún. 2. að nedann og innanverdu, Brandshólma úr Krókunum, eftir Bugabrecku, í Grundarhóla, úr Endanum á þeim, bejnt til Sióar, og innad Hvalkrók, sem er innre krókurinn úr Sandinum uppí Backana, þaðann þvert í Lágina, sem er i midt Brunnaleiti og Hlýdina alla þaðann út eftir Fremst í Skógarbrecku framm við Katla Gil, heim í nærsta Lækiar Svad, efst í Brecku Brúninni, hvadann Lækiarsitra rennur, ofanní ána, hafde Th. Gunnlögsen hrís Rif, þegar hann var á Hamri; Framann nefnd Landamerke er grundud á eldstu kunnegra og grejndra manna vitnisburdum, um Landamerke mille Hamars^{og} Vadals, þegar Gunnlögsen á Hamri var, og Gudmundur heitinn Sigmundsson bió á Nedra Vadli; Enn umm Peníngs Samgaungu mille Hamars og Vadla kom aldrej

⁶³⁴ Skjal nr. 2(9).

⁶³⁵ Skjal nr. 2(75).

⁶³⁶ Skjal nr. 4(104), bls. 689.

⁶³⁷ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 103; skjal H-23.

⁶³⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 276; skjal H-2.

⁶³⁹ Skjal nr. 2(32).

til afskifta mille nábylismanna, Ei heldur um Torfristu, hvört heldur hún var brúkuð utarlega, eða innarlega í Seítinni.⁶⁴⁰

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hamar á Barðaströnd metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.⁶⁴¹

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Hamars á Barðaströnd.⁶⁴² Í yfirmatsjarðabók sem fylgir jarðamatinu segir að mati á Hamri á Barðaströnd sé breytt úr 320 ríkisbankadölum í 330 ríkisbankadali.⁶⁴³

Hinn 31. mars 1856 tók sáttanefnd Barðastrandar fyrir klögun Sigurðar Sigurðssonar á Vaðli gegn Erlendi Runólfssyni á Hamri vegna sáttarrofs með beit í landi Vaðals og selveiði í Selapolli án leyfis. Fjallað var um landamerkjabréf Vaðals frá 1810, þinglesið árið 1855. Fjallað var um hvernig huga skyldi að veiðinni í Selapolli, en engin ákvörðun var tekin um merkin milli jarðanna.⁶⁴⁴

Landamerkjabréf Hamars á Barðaströnd er dagsett 21. september 1889, en það var þinglesið við manntalsþing að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31. maí 1890. Efni þess hljóðar svo:

Landamerkjabréf að jörðinni Hamri á Barðaströnd millum hennar og Vaðalsjarða. Þar ágreiningur hefur verið talsverður milli tjeðra jarða og merkjaskjöl ekki alveg samhljóða þá hafa allir viðkomendur orðið ásáttir um neðanrituð landamerki eptir leiðbeining ábúendanna. 1. Lina dregin úr neðri Nóngrund í Skyrkollaklett, þaðan beina sjónhending í Jsfróingavörðu á Þórðarkinnarhöggi, þaðan í sömu línu í stein á hæzta Viðirhvammshöggi og þaðan beina línu í klettinn í jaðrinum á Kikafellinu. Allt miðað frá sömu vörðu. 2. Úr Reiðkrók eða öðru nafni Fúlakrók eptir honum, sem hann ræður. Þaðan sem hann endar í beina sjónhending í Grundarhóla sem myndir beina línu í Gvendarbrunn og þaðan beina línu í Hvalkrók til sjáfar. 3. Milli Hamars og Hvamms. Frá Gvendarbrunni á fjall upp. Jök eru aðeins hálf selveiði í Selapelli [Selapolli] í Hagavaðli.

Staddir að Hamri á Barðaströnd 21 sept 1889.

Fyrir hönd sveitarsíóðins í Barðastrandarhreppi Jakob Aþanasíusson oddviti

Og fullmektugur Árna Bjarnasonar á Kvígyndisfelli. – sami – [þ.e. Jakob Aþanasíusson]

E. Hálfdánarson. Jón Einarsson. Baldvin Jónsson. Runólfur Jónsson

Guðmundur Jónsson Hvammi.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31 maí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 143 bls 79-80 vottar ALE Fischer sýslumaður.

Borgun Þinglestr -kr 75 au bókun – 25 – 1 kr – au ein króna borgað Fischer⁶⁴⁵

⁶⁴⁰ Skjal nr. 2(175).

⁶⁴¹ Skjal nr. 4(1), bls. 180.

⁶⁴² Skjal nr. 2(55).

⁶⁴³ Skjal nr. 2(64).

⁶⁴⁴ Skjal nr. 2(216).

⁶⁴⁵ Skjal nr. 2(10).

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 er jörðin Hamar á Barðaströnd metin á 2.200 kr. en eigandi hennar var Barðastrandarhreppur. Um landamerkjabréf segir að það sé ekki fáanlegt.⁶⁴⁶

Hinn 8. október 1963 skrifaði sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu bréf til atvinnu-málaráðuneytisins með skrá, dagsettri 30. september 1963, yfir ítök í umdæminu sem „munu hafa fallið úr gildi sbr. lög nr. 113/1952“. Í skránni er meðal annars nefnd hálf selveiði í Selapolti í Hagavaðli.⁶⁴⁷

Hinn 29. apríl 1981 fór fram landamerkjadómur vegna ágreinings um landamerki milli jarðanna Vaðals og Hamars.⁶⁴⁸ Málinu var framhaldið við landamerkjadóm dagana 7. september, 15. október, 30. október 1981, 22. júlí, 23. júlí og 11. ágúst 1982.⁶⁴⁹ Hinn 23. ágúst sama ár var málinu vísað frá dómi.⁶⁵⁰ Það var svo tekið fyrir að nýju hinn 24. nóvember 1982 eftir dóm Hæstaréttar frá 27. október sama ár um að málinu skyldi vísað í hérað til dómsálagningar.⁶⁵¹ Munnlegur málflutningur fór fram 24. nóvember.⁶⁵² Loks var eftirfarandi dómur kveðinn upp hinn 25. nóvember 1982:

Umdeild mörk jarðanna Vaðals og Hamars í Barðastrandarhreppi ákveðast úr Reiðkrók eftir skurði, sem þaðan hefur verið grafinn, í Gvendarhóla, úr enda hans í enda skurðar, sem grafinn hefur verið frá Gvendarhólum í stefnu á Gvendarbrunn, ~~úr enda þess~~ síðan eftir þeim skurði og úr enda hans beina línu í Gvendarbrunn fyrir endanum á núverandi landamerkjagirðingu við Hvamm. Sú girðing er í beina stefnu af landamerkjaskurði við Hvamm. Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu⁶⁵³

5.7.10 Vaðall / Efri- og Neðri-Vaðall

Hinn 20. mars 1543 vottuðu Oddur og Fúsi Helgasynir að þeir hefðu gert kaupskap við Sigurð Oddsson þannig að þeir seldu Daða Guðmundssyni jarðirnar Brekkur í Saurbæ í Hvolssókn. Ef áður nefndar jarðir skyldu ganga af Daða að lögum, þá mætti hann frjálsslega aftur ganga að sínum jörðum án dóms, Neðri-Rauðsdal og 10 hundruðum í Vaðli.⁶⁵⁴

Hinn 1. september 1558 fóru fram jarðaskipti þannig að Eggert Hannesson seldi Jóni Ólafssyni jörðina Hlíð í Álftafirði, 18 hundruð að dýrleika, og jörðina Dranga í Dýrafirði, 12 hundruð að dýrleika, auk þess sem hann lét fjögur hundruð í góðum peningum fyrir jörðina Eysteinseyri í Tálknafirði, 18 hundruð að dýrleika, fimm hundruð í jörðinni Vaðli á Barðaströnd og sex hundruð í Meiri-Hattardal í Álftafirði.⁶⁵⁵

⁶⁴⁶ Skjal nr. 2(76).

⁶⁴⁷ Skjal nr. 2(259).

⁶⁴⁸ Skjal nr. 2(217).

⁶⁴⁹ Skjöl nr. 2(217)–2(223).

⁶⁵⁰ Skjal nr. 2(224).

⁶⁵¹ Skjal nr. 2(225).

⁶⁵² Skjal nr. 2(226).

⁶⁵³ Skjal nr. 2(227).

⁶⁵⁴ Skjal nr. 4(96).

⁶⁵⁵ Skjal nr. 4(99). Í bókinni *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 156–157, segir að þetta bréf sé frá 30. ágúst; skjal H-23.

Hinn 2. janúar 1577 seldi Þormóður Magnússon Eggert Hannessyni jörðina Neðri-Rauðsdal á Barðaströnd, 20 hundruð að dýrleika, en á móti greiddi Eggert 10 hundruð í Vaðli á Barðaströnd. Þá lofaði Eggert að greiða sjö málnytukúgildi og fjögur hundruð í góðum og gengilegum peningum. Eggert tilskildi að kona Þormóðs, Katrín Sturladóttir, eignaðist þessi 10 hundruð í Vaðli fyrir þau 10 hundruð sem hún átti í Rauðsdal, en Þormóður myndi eignast lausaféð fyrir sín 10 hundruð.⁶⁵⁶ Daginn eftir, eða 3. janúar, vitnuðu nafngreindir menn um að Katrín hefði samþykkt að Þormóður myndi selja Eggert þau 10 hundruð sem hún átti í Neðri-Rauðsdal. Þá staðfesti Þormóður að Katrín ætti 10 hundruð í Vaðli fyrir þau 10 hundruð sem hún hafði átt í Neðri-Rauðsdal.⁶⁵⁷ Þormóður kvittaði fyrir kaupunum með bréfi dagsettu 4. janúar sama ár.⁶⁵⁸

Hinn 28. desember 1580 seldi Eyjólfur Magnússon Magnúsi Jónsson 16 hundruð í Kollsvík, en þar á móti gaf Magnús 10 hundruð í jörðinni Vaðli á Barðaströnd og þar til sex hundruð í peningum til Eyjólfss.⁶⁵⁹

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Vaðal:

Vaðall.

Jarðardýrleiki xxx hndr.

Jarðareigendur: Að xx hndr. Guðrún Eggertsdóttir að Bæ. x hndr. er eign fátækra.

Ábúendur: Á parti Guðrúnar Magnús Jónsson á x hndr., x hndr. eru ennú óbygð. Á fátækra parti Bjarni Árnason.

[...]

Í kvaðarnafni er skipsáróður.

[...]

Rífhús er þar til eldiviðar lítið, en skóg brúkar ábúandi með leyfi í Vatnsdal. Selveiði má vera lítil, ef til vill, í Vaðlinum. Þar er mjög hrakningsshætt fyrir fje, af veðrum, so að skaða verður.⁶⁶⁰

Hinn 21. júní 1742 seldi Ormur Daðason, sýslumaður Dalasýslu, Ólafi Árnasyni, sýslumanni Barðastrandarsýslu, 20 hundruð í jörðinni Vaðli á Barðaströnd. Á móti seldi Ólafur Ormi jörðina Neðri-Brunná í Saurbæjarsveit í Dalasýslu, 20 hundruð að dýrleika.⁶⁶¹

Við manntalsþing að Haga á Barðaströnd 26. apríl 1777 lét Einar Ögmundsson lesa upp skriflegan vitnisburð tveggja manna um landamerki Vaðals og lögfesti hann svo jörðina. Ekki koma fram frekari upplýsingar um vitnisburðina, s.s. innihald þeirra eða dagsetningu, aðrar en að skjalið var merkt Litra A.⁶⁶²

⁶⁵⁶ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 106; skjal H-23.

⁶⁵⁷ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 106; skjal H-23.

⁶⁵⁸ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 106; skjal H-23.

⁶⁵⁹ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 113; skjal H-23.

⁶⁶⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 276–277; skjal H-2.

⁶⁶¹ Skjal nr. 2(117).

⁶⁶² Skjal nr. 2(176).

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Vaðals á Barðaströnd metinn 30 hundruð og þá er skráð að jörðin hafi verið fátækraejörð.⁶⁶³

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd 24. júní 1837 var uppleið landamerkjaskjal jarðarinnar Hamars þar sem fjallað er um merki gagnvart jörðinni Vaðli. Landamerkjum er lýst í dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1835–1866:

1^o ad utannverdu á hún úr Skilavog midium í Skirkollakletta þadann eftir Bergiabrúninni fjrir utann Hamars Tún, þadan bejnt í Þórdarkinnarhögg, af Þórdarkinnerhöggi framm eftir dalnum, eftir so kölludum Hníótum, nedann til við heyveg, og Peníngsgötuslóða frá Hamri, framm í dalinn, þadann í Vídirhvamm framann til, þadann eftir Hagabrún framm í Lækjarskard, og hagana alla frá Fjallbrún. 2. ad nedann og innanverdu, Brandshólma úr Krókunum, eftir Bugabrecku, í Grundarhóla, úr Endanum á þeim, bejnt til Sióar, og innad Hvalkrók, sem er innre krókurinn úr Sandinum uppí Backana, þadann þvert í Lágina, sem er í midt Brunnaleiti og Hlýdina alla þadann út eftir Fremst í Skógarbrecku framm við Katla Gil, heím í nærsta Lækjar Svad, efst í Brecku Brúninni, hvadann Lækjarsitra rennur, ofanní ána, hafde Th. Gunnlögsen hrís Rif, þegar hann var á Hamri; Framann nefnd Landamerke er grundud á eldstu kunnegra og grejndra manna vitnisburdum, um Landamerke mille Hamars^{og} Vadals, þegar Gunnlögsen á Hamri var, og Gudmundur heitinn Sigmundsson bió á Nedra Vadli; Enn umm Peníngs Samgaungu mille Hamars og Vadla kom aldrei til afskifta mille nábýlismanna, Ei heldur um Torfristu, hvört heldur hún var brúkuð utarlega, eda innarlega í Seítinni.⁶⁶⁴

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Neðri-Vaðall metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeygn. Þá er jörðin Efri-Vaðall metin 10 hundruð að dýrleika og skráð sem fátækraeygn. Í neðanmálgrein kemur fram að jarðabækurnar telji Vaðal sem eina jörð á 30 hundruð að dýrleika. Þriðjungur hafi verið bændaeygn árið 1760 en árið 1805 hafi öll jörðin verið talin sem fátækraeygn. Þá er vísað til gjafabréfs Davíðs Schevings sýslumanns frá 15. febrúar 1792 fyrir Lægri-Vaðli, þ.e. Neðri-Vaðli, 20 hundruð að dýrleika, til fátækra þurfamanna á Barðaströnd. Nú telji sýslumaður hins vegar Neðri-Vaðal tveggja bænda eygn sem hafi áður verið fátækraeygn.⁶⁶⁵

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Efri-Vaðals og Neðri-Vaðals.⁶⁶⁶ Í jarðamatsbók yfir verðlag vegna jarðamatsins er jörðin Efri-Vaðall metin á 151 ríkisbankadal en jörðin Neðri-Vaðall er metin á 231 ríkisbankadal.⁶⁶⁷

Við manntalsþing að Haga á Barðaströnd 5. júlí 1855 var lesinn vitnisburður um landamerki jarðanna Hærri- og Neðri-Vaðals. Ekki eru skráðar frekari upplýsingar um vitnisburðinn.⁶⁶⁸

Hinn 31. mars 1856 tók sáttanefnd Barðastrandar fyrir klögun Sigurðar Sigurðssonar á Vaðli gegn Erlendi Runólfssyni á Hamri vegna sáttarrofs með beit í landi Vaðals og selveiði í Selapolli án leyfis. Fjallað var um landamerkjabréf Vaðals frá 1810, þingleið

⁶⁶³ Skjal nr. 2(33).

⁶⁶⁴ Skjal nr. 2(175).

⁶⁶⁵ Skjal nr. 4(1), bls. 180.

⁶⁶⁶ Skjal nr. 2(56).

⁶⁶⁷ Skjal nr. 2(90).

⁶⁶⁸ Skjal nr. 2(177).

árið 1855. Fjallað var um hvernig huga skyldi að veiðinni í Selapolli, en engin ákvörðun var tekin um merkin milli jarðanna.⁶⁶⁹

Hinn 22. ágúst 1888 gáfu hjónin Árni Bjarnason og Guðrún Þorsteinsdóttir á Kvígindisfelli einkasyni sínum Þorsteini 10 hundruð í jörðinni Vaðli. Gjafabréfið var lesið við manntalsþing að Vaðli 21. maí 1889.⁶⁷⁰

Landamerkjabréf Efri- og Neðri-Vaðals á Barðaströnd er dagsett 19. október 1889, en það var þinglesið við manntalsþing að Vaðli 31. maí 1890. Efni þess er eftirfarandi:

Landamerkjabréf að jörðunum Efri og Neðri Vaðli á Barðaströnd (jarðir þessar eiga saman óskipt land). Landamerki gagnvart Hamri:

1^o Lína dregin úr Neðri-Nóngrund í Skyrkolluklett þaðan beina sjónhending í Jsfríðingavörðu á Þórðarkinnarhöggi og þaðan beina línu í klettinn í jaðrinum á Kikafellinu. Allt miðað frá sömu vörðu. 2^o Ur Reiðkrók eða öðru nafni Fúlakrók eptir honum sem hann ræður. Þaðan sem hann endar í beina sjónhending í Grundarhóla, sem myndar beina línu í Gvendarbrún og þaðan beina línu í Hvalkrók til sjáfar.

Landamerki gagnvart Krossi samkvæm lögfestu fyrir Vaðli frá 7 sept 1810: Eptir landamerkjunum að neðanverðu rennur lækur um svo kallaðar Krossurðir og í gegnum Ormínn; þaðan eptir holtunum ofan eptir Landamerkjálág ofan til sjáfar í Vaðalinn skammt fyrir utan Rjettarnes. Að ofan eru landamerkin þar sem Urðarlækur hefur upptök sín, þaðan þvert út á fjall í Gírðisbrekku og beint þaðan í Þverárkika; úr þeim kika í Hösuhlíðarvatn þaðan norður á fjallsbrún. Itak er aðeins hálf selveiði í Selapelli [Selapolli] í Hagavaðli.

Staddur að Hamri 19 október 1889. í umboði hreppsins og Árna Bjarnasonar á Felli í Tálknafyrði Jakob Aðanasíusson oddvítí

Guðm. Jonsson vegna Hamars

Guðm. Jónsson vegna Hvamms. Að því er jörðina Kross snertir, samþykki ég undirskrifaður landamerkiabréf þetta.

Brjánslæg 10 apríl 1890.

Þorvaldur Jakobsson.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31 maí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 137 bls 76-77 vottar ALE Fischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au bókun – 25 – 1 kr – au ein króna borgað Fischer⁶⁷¹

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 varð jörðin Vaðall metin í tvennu lagi, annars vegar sem Neðri-Vaðall og hins vegar sem Efri-Vaðall. Jörðin Neðri-Vaðall var metin á 1.800 kr. en jörðin Efri-Vaðall var metin á 900 kr. Eigandi að þeim báðum var Barðastrandarhreppur. Um Neðri-Vaðal er skráð að Hamars- og Krossbændur noti helming jarðarinnar og á þeim hluta séu tún í mjög lélegri rækt. Um landamerkjabréf segir að það sé ekki til fyrir Efri-Vaðal, en um Neðri-Vaðal eru engar upplýsingar skráðar.⁶⁷²

⁶⁶⁹ Skjal nr. 2(216).

⁶⁷⁰ Skjal nr. 2(98).

⁶⁷¹ Skjal nr. 2(11).

⁶⁷² Skjal nr. 2(77).

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd 27. júní 1931 var þinglesin friðlýsing, dagsett 25. október 1930, á fornleifum á Vaðli, þ.e. fornu garðlagi sem liggur þráðbeint frá bænum út eftir vellinum að hól er heitir Þinghóll.⁶⁷³

Hinn 8. október 1963 skrifaði sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu bréf til atvinnu-málaráðuneytisins með skrá, dagsettri 30. september 1963, yfir ítök í umdæminu sem „munu hafa fallið úr gildi sbr. lög nr. 113/1952“. Í skránni er meðal annars nefnd hálf selveiði í Selapolli í Hagavaðli.⁶⁷⁴

Hinn 29. apríl 1981 fór fram landamerkjadómur vegna ágreinings um landamerki milli jarðanna Vaðals og Hamars.⁶⁷⁵ Málinu var framhaldið við landamerkjadóm dagana 7. september, 15. október, 30. október 1981, 22. júlí, 23. júlí og 11. ágúst 1982.⁶⁷⁶ Hinn 23. ágúst sama ár var málinu vísað frá dómi.⁶⁷⁷ Það var svo tekið fyrir að nýju hinn 24. nóvember 1982 eftir dóm Hæstaréttar frá 27. október sama ár um að málinu skyldi vísað í hérað til dómsálagningar.⁶⁷⁸ Munnlegur málflutningur fór fram 24. nóvember.⁶⁷⁹ Loks var eftirfarandi dómur kveðinn upp hinn 25. nóvember 1982:

Umdeild mörk jarðanna Vaðals og Hamars í Barðastrandarhreppi ákveðast úr Reiðkrók eftir skurði, sem þaðan hefur verið grafinn, í Gvendarhóla, úr enda hans í enda skurðar, sem grafinn hefur verið frá Gvendarhólum í stefnu á Gvendarbrunn, ~~úr enda þess~~ síðan eftir þeim skurði og úr enda hans beina línu í Gvendarbrunn fyrir endanum á núverandi landamerkjagirðingu við Hvamm. Sú girðing er í beina stefnu af landamerkjaskurði við Hvamm. Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu⁶⁸⁰

5.7.11 Trostansfjörður

Hinn 5. júlí 1554 keypti Eggert Hannesson lögmaður Saurbæ og hálfa jörðina Melanes af Jóni Erlingssyni, sem galt á móti Dufansdal og 12 hundruð í Trostansfirði. Þá tók Eggert einnig við skuld Jóns við Saurbæjarkirkju.⁶⁸¹

Hinn 14. október 1555 fóru fram jarðaskipti þannig að Eggert Hannesson seldi Ormi Erlingssyni 13 hundruð í jörðinni Trostansfirði, en Ormur gaf Eggert 13 hundruð í jörðinni Hvammi á Barðaströnd.⁶⁸²

Hinn 3. desember 1576 gerði Þorlákur Einarsson kunnugt að hann hefði selt Eggert Hannessyni fimm hundruð í jörðinni Trostansfirði og þar til 15 aura í Tungu í Valþjófsdal. Þar á móti greiddi Eggert hálft sjötta hundruð og 12 álnir í Neðri-Breiðadal og þar til 20 álnir, þær sem Þorláki líkaði vel að taka.⁶⁸³

⁶⁷³ Skjal nr. 2(178).

⁶⁷⁴ Skjal nr. 2(259).

⁶⁷⁵ Skjal nr. 2(217).

⁶⁷⁶ Skjöl nr. 2(217)–2(223).

⁶⁷⁷ Skjal nr. 2(224).

⁶⁷⁸ Skjal nr. 2(225).

⁶⁷⁹ Skjal nr. 2(226).

⁶⁸⁰ Skjal nr. 2(227).

⁶⁸¹ Skjal nr. 4(101).

⁶⁸² Skjal nr. 4(102).

⁶⁸³ Jarðabréf frá 16. og 17. öld, bls. 104–105; skjal H-23.

Árið 1576 gerði Eggert Hannesson grein fyrir fasteignum sínum að fráskildum þeim sem þær kirkjur áttu sem hann hafði þá að halda og einnig þeim 70 hundruðum er hann átti fyrir norðan og hafði veðsett Jóni Jónssyni lögmanni. Meðal þessara eigna var jörðin Trostansfjörður, 30 hundruð að dýrleika.⁶⁸⁴

Hinn 14. nóvember 1580 seldi Torfi Andrússon allan Brjánslæk til Magnúsar Jónssonar, 30 hundruð að dýrleika, og einnig Arnórsstaði, 18 hundruð að dýrleika. Á móti gaf Magnús jarðirnar Trostansfjörð, 30 hundruð, og Litlu-Eyri, 20 hundruð.⁶⁸⁵

Hinn 3. mars 1601 seldi Bjarni Björnsson frænda sínum, Ara Magnússyni, jörðina Skerðingsstaði, 30 hundruð að dýrleika, en þar á móti tilskildi Bjarni að Ari seldi honum Trostansfjörð, 30 hundruð að dýrleika.⁶⁸⁶ Ari Magnússon gerði sömuleiðis kunnugt með bréfi að hann myndi selja, með samþykki Kristínar Guðbrandsdóttur, konu sinnar, Bjarna jörðina Trostansfjörð, 30 hundruð að dýrleika, fyrir jörðina Skerðingsstaði, 30 hundruð að dýrleika. Það bréf er ódagsett í *Jarðabréfum frá 16. og 17. öld*.⁶⁸⁷

Í útdrætti úr arfaskiptabréfi eftir Jón Magnússon og Ástríði Gísladóttur frá 9. apríl 1642 segir að Gísli Jónsson skyldi m.a. eignast 20 hundruð í Trostansfirði og þar til skiptust honum 10 hundruð í sömu jörð.⁶⁸⁸

Í útdrætti úr skiptabréfi eftir Gísla Jónsson, gert í Reykjarfirði árið 1680, var Trostansfjörður, 30 hundruð að dýrleika, meðal þeirra eigna sem átti að skipta. Einnig var Fjörður í Múlakirkjusókn, 12 hundruð að dýrleika, þeirra á meðal. Jörðin Fjörður var lögð í erfðahlutdeild Halldóru Jónsdóttur, en jörðin Trostansfjörður var lögð í hlutdeild Ingibjargar Jónsdóttur.⁶⁸⁹

Synir Þorleifs Kortssonar lögmanns skiptu með sér arfi 8. október 1698. Í hlut Guðmundar komu tveir partar í Brjánslæk, 20 hundruð að kaupahluta. Kirkjueign fylgdi þar, 20 hundruð. Einnig Arnórsstaðir, 18 hundruð að dýrleika, Fossá á Hjarðarnesi, 24 hundruð að dýrleika, Hamar í sömu sveit, sex hundruð að dýrleika, Trostansfjörður við Arnarfjörð, 30 hundruð að dýrleika og Reykjarfjörður við Arnarfjörð, 30 hundruð að dýrleika.⁶⁹⁰

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Arnarfjarðardali frá 1710 segir eftirfarandi um Trostansfjörð:

Trostransfiordur.

Hjer eru tveir bæir, skamt eitt á milli þeirra, og er minni bærinn talinn þriðjúngur allrar jarðarinnar, en báðir hafa þeir sama nafn.

Jarðardýrleiki xxx hndr., og so tíundast 4 tíundum.

Eigandinn Guðmundur Þorleifsson.

⁶⁸⁴ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 103–104; skjal H-23.

⁶⁸⁵ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 97; skjal H-23.

⁶⁸⁶ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 110; skjal H-23.

⁶⁸⁷ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 105; skjal H-23.

⁶⁸⁸ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 119–120; skjal H-23.

⁶⁸⁹ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 120; skjal H-23.

⁶⁹⁰ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 150; skjal H-23.

Ábúendur Guðmundur Einarsson á x hndr., Þórður Bjarnason á x hndr., Jón Einarsson á x hndr.

[...]

Útigangur í betra lagi. Skógur til raftviðar enn þá bjarglegur, en til kolgjörðar og eldiviðar nægur, og mega ábúendur brúka skóginn so sem þeir fá viðkomið, og selja kol sjer til gagnsmuna en ekki raftvið, og ekki ljá skóginn öðrum til brúkunar, en þar á mót er á þá skilið, að þeir skilji við leigufær hús á jörðunni og svari út leigufærum kúgildum, þegar að þeir flytja sig í burtu. Torfrista og stúnga engin nýtileg, en brúkast þó, því ekki er betra aðkosti. Silúngsveiði hefur áður verið 'goð í Kvígeldislæk. Hún er nú engin, því lækurinn er í jörð hlaupinn og að þurr, og öldungis í þerrum. Grasatekja lítil. Selveiði hefur áður gagnvæn verið, en nú í margt ár mjög lítil, þó tilreynt sje. Reki hepnast ei, þó landið liggi til sjófar. Engjarnar eru af skriðum spiltar, og af grjóts áburði og landbroti af Trostrandsdalsá. Úthagarnir eru bjarglegir, þó þeir spillist af skriðum. Hætt er kvikfje fyrir sjófarflæðum undir mósköflum. Kirkjuvegurinn er vika sjáfar til Otradals, en óbærilega langt á landi. Hreppamannaflutningur á báðar hendur erfiður, og oftast ófær nema á skipi. Heimræði hefur hjer áður brúkast á sumur og haust, meðan fiskur gekk inn á Arnarfjörð, en sá afli hefur nú brugðist í 15 eður 16 ár.⁶⁹¹

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Trostansfjarðar metinn 30 hundruð en eigandi jarðarinnar var G. Scheving sýslumaður.⁶⁹²

Hinn 11. ágúst 1814 var kirkjan að Haga á Barðaströnd vísiteruð. Fram kemur að kirkjan átti 20 hundruð í heimalandi og skógarítak í Hnjótum í Vatnsdal. Einnig átti hún skóg í Trostansfirði.⁶⁹³

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Trostansfjörður metin 30 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.⁶⁹⁴

Á manntalsþingi að Otradal í Suðurfjörðum 15. maí 1848 klagði Th. Johnsen, kaupmaður á Bíldudal, yfir ótilhlýðilegri brúkun á skóginum í Trostansfirði. Snæbjörn Pálsson í Dufansdal bar fyrir sig bréf sr. Gísla Ólafssonar í Sauðlauksdal. Johnsen kaupmaður kvað leyfið ekki eiga við þar sem skógarítak Sauðlauksdals væri fyrir ábúendur í Sauðlauksdal en ekki til annarra til leigu.⁶⁹⁵

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Trostansfjarðar.⁶⁹⁶ Í yfirmatsjarðabók sem fylgir jarðamatinu segir að mati á Trostansfirði sé breytt úr 374 ríkisbankadölum í 400 ríkisbankadali.⁶⁹⁷

Landamerkjaskrá Trostansfjarðar er dagsett 5. maí 1891, en hún var þinglesin við manntalsþing að Otradal 16. júní sama ár. Efni hennar er svo:

Landamerkjaskrá Jarðarinnar Trostansfjarðar liggandi í Suðurfjarðarhreppi í Barðastrandarsýslu sem er eign undirskrifaðra J Th Johnsen bónda á Suðureyri og Guðmundar Jónssonar bónda á Haukabergi. Jörðin er öll 30 hundruð að fm og lysum við undirskrifaðir eigendur landamerkjum sem fylgir: 1, að utanverðu milli Trostansfjarðar og Reykjarfjarðar á Trostansfjörður land til fjalls og fjöru í

⁶⁹¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 384–385; skjal H-2.

⁶⁹² Skjal nr. 2(34).

⁶⁹³ Skjal nr. 2(298).

⁶⁹⁴ Skjal nr. 4(1), bls. 187.

⁶⁹⁵ Skjal nr. 2(179).

⁶⁹⁶ Skjal nr. 2(57).

⁶⁹⁷ Skjal nr. 2(64).

svonefndann brunnahrygg á Sunnhlíð og í gjötu þar upp af í fjallinu á brún. 2, Að innanverðu milli Trostansfjarðar og Sperðlahlíðar á Trostansfjörður land í svokallað Kýrgíl í ófærunesi alla leið á brún og allt sem vötnum hallar að Trostansfyrði. Jörðin á eingín itök í öðrum jörðum en Otradalskirkjá á skógarhögg í henni (samkv. kyrkjumáld.)

Haukabergi 5 maí 1891.

J Th Johnsen (eigandi) Guðm. Jónsson (eigandi),

Sem umboðsmaður á hálfum Reykjarfyrði er samþykkur ofanritaðri landamerkjalyking. Hlaðseyri 11 maí 1891 B Pétursson.

Fyrir hönd Kr. Oddsonar eiganda að hálfum Reykjarfyrði samþykkir Jón Jsleifsson (ábúandi) Fyrir hönd prestsínns að Rafnseyri samþykkir Þórður Þorsteinsson (ábúandi á Sperðlahlíð).

Lesið á manntalsþingi að Otrardal í Suðurfjarðahrepp 16 júní 1891 innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A Sub Nr 165 bls 91-92 vottar ALE Fischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr – kr 75 au bókun – 25 – 1kr – au ein króna borgað Fischer⁶⁹⁸

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 er jörðin Trostansfjörður metin í tvennu lagi, þar sem Bjarni Arngrímsson var eigandi að öðrum helmingi en J.Th. Johnsen á Suðureyri og fleiri ónafngreindir einstaklingar voru eigendur að hinum helmingnum. Sama lýsing er notuð fyrir báða hlutana en þar segir m.a. að Otradalskirkja eigi skógarhögg í landi jarðarinnar. Loks er jarðeign Bjarna metin á 1.900 kr. en jarðeign Johnsens er metin á 1.700 kr.⁶⁹⁹

Hinn 20. ágúst 1930 var haldinn landamerkjaréttur á Bíldudal þar sem tekið var fyrir mál um landamerki milli Trostansfjarðar og Reykjarfjarðar. Deilt var um landamerki í Sunnhlíð, þ.e. svokallaðan Brunnahrygg. Sýslumaður leitaði sátta milli málsaðila, sem reyndist árangurslaust og í framhaldinu var skipaður landamerkjadómur.⁷⁰⁰

Hinn 21. ágúst 1930 var haldinn landamerkjadómur í Trostansfyrði þar sem framhaldið var landamerkjamáli um merkin milli Trostansfjarðar og Reykjarfjarðar. Vitni voru yfirheyrd, einkum um Brunnahrygg í Sunnhlíð.⁷⁰¹

Hinn 25. júní 1931 var haldinn landamerkjaréttur á Bíldudal þar sem framhaldið var landamerkjamáli um merkin milli Trostansfjarðar og Reykjarfjarðar. Vitni var yfirheyrt, einkum um Brunnahrygg í Sunnhlíð.⁷⁰²

Hinn 26. júní 1931 var haldinn landamerkjadómur á Bíldudal þar sem dæmt var í landamerkjamáli um merkin milli Trostansfjarðar og Reykjarfjarðar. Farið var yfir málsatvik, kröfur aðila og loks dæmt:

⁶⁹⁸ Skjal nr. 2(12).

⁶⁹⁹ Skjal nr. 2(78).

⁷⁰⁰ Skjal nr. 2(180).

⁷⁰¹ Skjal nr. 2(181).

⁷⁰² Skjal nr. 2(182).

Landamerki milli jarðanna Trostansfjarðar og Reykjarfjarðar í Suðurfjarðahreppi skulu vera sem hjer segir: A Í ytri grasigróinn hrygg innanvert á miðri Sunnhlíð, og upp eftir hryggnum í gjótu í fjallinu þar uppaf, og eftir henni á brún fjalsins.

Aðilum er skylt að setja glögg merki á landamerkjum og kosta það hvor að hálfu.⁷⁰³

5.7.12 Langi-Botn í Geirþjófsfirði

Í máldaga Selárdalskirkju í Arnarfirði, sem Gyrðir Ívarsson biskup setti árið 1354, segir að kirkjan hafi skógarítak í Geirþjófsfirði:

Selardalur.

Anno domini Millesimo. ccc^o. quinquagesimo quarto Reiknadist svo fallinn maldagi kirkiunnar j selardal. sem hier fylgir so sem herra gýrdur biskup visiterade vestfiordu.

jn primis. a hun lond oll milli lijkastapa oc hafragilz hincz nord[a]ra med ollum reka vestann til nesskeria skoga. j geitþiofsfirdi ad helmijnngi þa sem legid hafa. thil sperdlalijdar ad fornno kollagautuar oc seliadalzar. tyunnda lut j hualreka ä kirkiuboli j kolmuladal. huernn veg sem a lannd ber. utan smahueli.⁷⁰⁴

Í máldaga Maríukirkju á Eyri (þ.e. Hrafnseyri) í Arnarfirði, sem Þórarinn Sigurðarson biskup setti um 1363, segir að kirkjan eigi land í Geirþjófsfirði:

Mariu kirkia a eýri j arnnarfirdi a kallstadi og hornnstronnd med ollum giædum. toll j [wrdum tuennum). latravijk. geirþiofsfiord milli kolagotu oc stappagilz. vtan jtok j skoga skog. suidninngsdal fyrir austann á nedstu kleif oc kalfuarekstur oc suijna oc hallda vpp haga. skogarhogg j huamms skog sem vill. skogarhogg j kirkiubolzland. a sextijgi hesta. huertt haust. skogarhogg i þuerardal. torfskurd j breidamyri sem vill.⁷⁰⁵

Í máldaga Vilchins fyrir Hrafnseyrarkirkju frá um 1397 segir m.a. að kirkjan eigi Geirþjófsfjörð milli Kollagötu og Stapagils, utan ítaka í Skógaskógi í Sviðningsdal.⁷⁰⁶

Hinn 4. júní 1565 afhenti Þorlákur Einarsson bróður sínum, Halldóri Einarssyni, eignir og peninga þar sem m.a. var fjallað um kúgildi frá Sperðlahlíð og Botni.⁷⁰⁷

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir að kirkjan að Álftamýri í Arnarfirði eigi skógarítak í Geirþjófsfirði, þ.e. milli Smiðjugils og Kollagötuár.⁷⁰⁸

Í biskupsvísitasíu um Hrafnseyrarkirkju frá 26. ágúst 1639 segir að kirkjan eigi Geirþjófsfjörð allan milli Kollagötu og Stapagils. Þá segir að landamerki staðarins séu Hrafnseyrará að utan og inn í Þorbjarnardalsá.⁷⁰⁹

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Arnarfjarðardali frá 1710 segir eftirfarandi um Langa-Botn í Geirþjófsfirði:

Botn.

Í eyði síðan bóluna.

Jarðardýrleiki vi hndr., og so tíundast 4 tíundum meðan bygt var.

⁷⁰³ Skjal nr. 2(183).

⁷⁰⁴ Skjal nr. 4(46).

⁷⁰⁵ Skjal nr. 4(65).

⁷⁰⁶ Skjal nr. 4(66).

⁷⁰⁷ Skjal nr. 4(103).

⁷⁰⁸ Skjal nr. 4(69).

⁷⁰⁹ Skjal nr. 2(135).

Eigandinn Hrafnseyrarkirkja ut supra.

[...]

Útigangur í meðallagi. Skógur til raftviðar eyðist mjög, en til kolgjörðar og eldiviðar nægur og brúkast til búsnauðsynja. Torfrista og stúnga lök og lýtt nýtandi, sem áður segir um Sperðlahlíð. Silúngsveiði í Botnsá lítil, áður sögð betri. Selveiði að nokkru gagni þá vel var að sókt. Reki hefur aldrei hepnast so menn viti, nema tvær andarnefjur, sem hjer hlupu lifandi á land. Túninu spillir öðruhverju Botnsá með jakaförum, sem að spillir rótinni og ber sand á völinn. Engjar eru þær einar, sem hent er innan um skógarrunna, sitt ár í hverjum stað. Úthagarnir eru nægir. Kirkjuvegur iij vika sjáfar yfir Arnarfjörð ut supra. Hreppamannaflutningur til Eyrar. Var slæmur á landi og stundum ófær, en rúm hálf vika sjófar ef á skipi var flutt. Ekki er bænum öldungis óhætt í frostveðrum fyrir ágangi Botnsár, sem bólmar upp alt í kríng um bæinn. Þó hefur það ekki að stóru meini orðið til þessa. Heimræði var hjer með sama móti og áður segir um Sperðlahlíð, nema lánggræðið var hjer nokkru meira, og þótti því miður til komið.⁷¹⁰

Í umfjöllun um Arnarfjarðardali í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1710 er fjallað um að kirkjan í Selárdal eigi skógarítak í Geirþjófsfirði:

Reka á kirkjan, eftir máldaganum, á Nesskerjum; það veit nú enginn á þessum dögum hvar þau eru. [...] Skógarítak á staðurinn í Geirþjófsfirði, til helmínga á milli Kollagötuár og Seljadalsár. Þángað eru 4 vikur sjáfar, en miklu lengra á landi, og brúkast því lítt.⁷¹¹

Í sömu umfjöllun getur þess að jörðin Feigsdalur eigi skógarítak í Botnslandi í Geirþjófsfirði:

Skógarítak á jörðin til kolgjörða í Botnslandi í Geirþjófsfirði, út frá Sniðhamarsenda ytri. Sá skógur hefur brúkast átölulaust til kolgjörðar, en er nú mjög eyddur og brúkast því lítt í nokkur ár.⁷¹²

Í prófastsvísitasíu um Hrafnseyrarkirkju frá 26. apríl 1786 segir m.a. að kirkjan eigi heimaland allt, jörðina Botn í Geirþjófsfirði og Geirþjófsfjörð milli Kollagötu og Stapagils.⁷¹³

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Langa-Botns í Geirþjófsfirði metinn sex hundruð og þá er skráð að jörðin hafi verið kirkjujörð Hrafnseyrar við Arnarfjörð.⁷¹⁴

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Botn í Geirþjófsfirði metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem Hrafnseyrarkirkjueign.⁷¹⁵

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Langa-Botns í Geirþjófsfirði.⁷¹⁶ Í jarðamatsbók yfir verðlag vegna jarðamatsins er jörðin Langi-Botn metin á 280 ríkisbankadali.⁷¹⁷

⁷¹⁰ *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, bls.386–387; skjal H-2

⁷¹¹ *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, bls. 359; skjal H-2.

⁷¹² *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, bls. 371; skjal H-2.

⁷¹³ Skjal nr. 2(304).

⁷¹⁴ Skjal nr. 2(35).

⁷¹⁵ Skjal nr. 4(1), bls. 187.

⁷¹⁶ Skjal nr. 2(58).

⁷¹⁷ Skjal nr. 2(91).

Í lýsingu sr. Þórðar Þorgrímssonar á Otradalssókn frá 30. júlí 1851 segir eftirfarandi um Geirþjófsfjörð:

... beygist fjallshlíðin til landnorðurs inn með Geirþjófsfirði, sem gengur þar inn til landnorðurs. Inn með hlíðinni er bær sá, er geitir Sperlahlíð. [...] Grasbeit góð, en skógarlaust. Fyrir botni á Geirþjófsfirði er bær sá, er nefndur er Botn (Langibotn). Á rennur eftir dalnum, Botnsá, og fellur í Geirþjófsfjörð. Í Botni er skógur mikill, beit góð, en slægjur að mestu leyti til fjalls, og því örðugt þeim að ná. Botn á land á miðja hlíðina austan fram við Geirþjófsfjörð, að Kýrhvammi. Þar byrjast Krosseyrarland. [...] Þá liggur hlíðin beint til útnorðurs út með firðinum (Arnarfirði). Á henni miðri, við Deildargil, eru landamerki Krosseyrar og Steinaness, sem er yzti bær í Otradalssókn og sýsluendi þar.⁷¹⁸

Við manntalsþing að Otradal 2. júní 1855 var friðlýst landi Reykjarfjarðar og Foss fyrir öllum skotum og sömuleiðis landinu í Langa-Botni.⁷¹⁹

Við manntalsþing að Otradal 8. september 1868 var friðlýst ítaki Margrétar Sigurðsdóttur á Steinanesi í svonefndum Kóngsskógi í Geirþjófsfirði eins og fært er inn í dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1862–1869:

ad því búnu var eptir ósk mad^{me} Margrétar á Steinanesi fridlýst sem fullri og löglegr eign hennar ítaki tilheyrandi eignar og ábyljörð hennar Steinanesi svonefndum Kóngsskógi er liggur í landi jardarinnar Botns í Geirþjófsfirði, og fridlýsir hún nefndu[m] Kóngsskógi frá svokölluðu Kvíagili til Steinagils til fullra afnota sem verid hefir en öðrum fyrirbódid skógarítak þetta ad nota án þess hennar lof eda leyfi sé til.⁷²⁰

Í úttekt á jörðinni Langa-Botni í Geirþjófsfirði, dagsettri 26. maí 1883, segir að landamerki séu Stapavík í Kollagötu.⁷²¹

Í prófastsvísitasíu um Hrafnseyrarkirkju frá 20. júní 1892 segir m.a. að kúgildi af kirkjujörðinni Botni í Geirþjófsfirði séu tvö.⁷²²

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 er jörðin Langi-Botn metin á 1.000 kr. en eigandi hennar var Hrafnseyrarkirkja. Skráð er að gömul skógarítök í Langa-Botni séu frá Álftamýri og Steinanesi, en þau sé að mestu hætt að nota.⁷²³

Hinn 31. mars 1919 ritaði Páll Þorsteinsson, ábúandi á Botni í Geirþjófsfirði, til Stjórnarráðs Íslands um að fá að kaupa jörðina.⁷²⁴

Við aukarétt Barðastrandarsýslu 21. júní 1919 voru Bjarni Loftsson, kaupmaður á Bíldudal, og Þórður Ó. Thorlacius á Hóli útnefndir til að gera lýsingu á kirkjujörðinni Botni í Suðurfjarðahreppi.⁷²⁵

Hinn 12. júlí 1919 framkvæmdu Bjarni Loftsson og Þórður Ó. Thorlacius lýsingu á jörðinni Botni í Suðurfjarðahreppi. Jörðina mátu þeir á 2.400 krónur. Ekkert kemur fram um landamerki hennar, en lýsingin er eftirfarandi:

⁷¹⁸ *Sóknarlýsingar Vestfjarða I: Barðastrandarsýsla*, Reykjavík: Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, bls. 256.

⁷¹⁹ Skjal nr. 2(184).

⁷²⁰ Skjal nr. 2(185).

⁷²¹ Skjal nr. 2(229).

⁷²² Skjal nr. 2(305).

⁷²³ Skjal nr. 2(79).

⁷²⁴ Skjal nr. 2(230).

⁷²⁵ Skjal nr. 2(231).

Túnið er fremur lítið, en í allgóðri rækt, raklent með köflum, og fremur ósljett. Gefur af sjer í meðalári um 80 hestburði. Matjurtagarðar gefa af sjer um 3 tunnur.

Engjar liggja að mestu til fjalls gefa af sjer í meðalári um 150 hestburði af hálf þurru heyi.

Beitilandið er víðlent og kjarngott, en mikinn hluta þess leggur opt undir snjó á vetrum. Fjárbeit á svo nefndri Stapahlíð hefur á síðustu árum eyðilagst af skriðum og aurrennsli, einnig er þar hætt við snjóflóðum.

Skóglendi hefur jörðin allmikið skamt frá bæ, notað til eldsneytis og beitar.

Torfrista er ljeleg, en byggingarefni, mól og sandur nóg, og nærtækt, smiðjumór einnig.

Hrognkelsaveiði allgóð fyrir landi jarðarinnar, í flestum árum. Skógarítak á jörðin Steinanes í Botnslandi.

Helstu ókostir:

Hætt við árensli á túnið af á, og læk, er renna sitt hvorumegin þess, – örðugur engjavegur – og vetraríki einkum í norðan átt.⁷²⁶

Hinn 11. október 1920 samþykkti dóms- og kirkjumáladeild Stjórnarráðsins sölu á jörðinni Langa-Botni fyrir 3.000 kr.⁷²⁷

Hinn 27. maí 1926 framkvæmdu Eiríkur Kristjánsson og Jón S. Bjarnason lýsingu á jörðinni Langa-Botni í Suðurfjarðahreppi. Jörðina mátu þeir á 5.000 krónur. Ekkert kemur fram um landamerki hennar, en lýsingin er eftirfarandi:

Botnsland hefir verið mjög skógi vaxið til forna, en nú er skógur horfinn alveg að heita má úr hliðunum beggja megin fjarðarins, aðeins eftir í dalverpi sem liggur fram af botni fjarðarins, þar er enn talsverður skógur.

Tún jarðarinnar er talið gefa af sér 100 hesta í meðalári (af töðu) en talið er af kunnugum mönnum að á sú er rennur ofan með túninu geri skaða á því árlega, bæði með því að bera aur á það í vatnavöxtum, og smá brjóta af því.

Útheyslæur taldar lélegar, 50–60 hestar í meðalári og langt og erfitt að ná þeim, Smáblettir, hér og þar upp í daladrögum þar fram af.

Beitiland er talið ágætt sérstaklega fyrir sauðfénað.

Mótak hefir verið dálítið, en er nú þrotið.

Hvað aðdætti snertir er jörðin mjög erfið, þar sem hún liggur marga kílómetra frá alfaravegi. Og aðdrætti er ekki um að tala nema sjóleiðis.⁷²⁸

Á manntalsþingi á Bíldudal 24. júní 1931 var þinglýst fornleifum í landi Botns í Geirþjófsfirði, þ.e. Auðarbæ eða Gíslabæ og fylgnum Gísla Súrssonar. Friðlýsingin var dagsett 25. október 1930.⁷²⁹

Hinn 29. júní 1931 skrifaði Eiríkur Kristjánsson, hreppstjóri í Suðurfjarðahreppi dóms- og kirkjumálaráðuneyti þar sem hann lýsti aðdraganda þess að Magnús Kristjánsson, ábúandi Langa-Botns, óskaði þess að fá að kaupa jörðina. Eiríkur sagði frá mati sem framkvæmt var árið 1926, en síðan hafi málið legið í þagnargildi og nú

⁷²⁶ Skjal nr. 2(232).

⁷²⁷ Skjal nr. 2(233).

⁷²⁸ Skjal nr. 2(234).

⁷²⁹ Skjal nr. 2(186).

fyndust engin skjöl um kaupin eða matið. Enn fremur kvað Eiríkur virði jarðarinnar hafa fallið frá árinu 1926.⁷³⁰

Hinn 3. júlí 1931 vottaði Ólafur Þórarinnsson, f.h. undirfasteignamatsnefndar í Vestur-Barðastrandarsýslu, að fasteignamat á jörðinni Langa-Botni væri samanlagt 4.000 kr., þar af 2.000 kr. landverð.⁷³¹

Hinn 30. september 1931 var haldinn aukaréttur á skrifstofu Barðastrandarsýslu á Patreksfirði. Þar voru dómkvaddir Eiríkur Kristjánsson, hreppstjóri í Dufansdal, og Magnús Jónsson, járnsmiður á Bíldudal, til að gera lýsingu á jörðinni Langa-Botni í Geirþjófsfirði og meta hana til peningaverðs skv. 7. gr. laga um sölu kirkjujarða frá 16. nóvember 1907.⁷³²

Hinn 3. október 1931 fór fram mat á jörðinni Langa-Botni í Geirþjófsfirði. Jörðin var metin af þeim Eiríki Kristjánssyni og Magnúsi Jónssyni á 4.000 kr., en skýrsla þeirra um jörðina er svohljóðandi:

Við höfum farið á staðinn, og athugað hús, og tún og legu jarðarinnar. Botn í Geirþjófsfirði liggur eins og nafnið bendir til, fyrir botni Geirþjófsfjarðar, og sá fjörður er nyrstur af 4 fjörðum er skerast inn úr vestara hluta Arnarfjarðar. Botnsland hefir verið mjög skógi vaxið til forna, en nú er skógur horfinn alveg að heita má úr hliðum beggja megin fjarðarins, aðeins eftir í dalverpi er liggur fram af botni fjarðarins, þar er ennþá talsverður skógur. Tún jarðarinnar mun í meðalári gefa af sér rúm 2 kýrfóður. En mun oft verða fyrir kala (frekar en aðrar jarðir) af norðan-vornæðingum sem þarna eru tíðir svona nálægt jöklinum (Glámu). En aðal ókost jarðarinnar álitum við vera á þá er rennur ofan með túninu og brýtur af því árlega; Sömmuleiðis hefir lækur sá er rennur austanvert í túninu gjört talsverðan skaða með aurrensli á túnið, en sem frekar mætti fyrirbyggja en ána. Útheysslæur eru nokkrar, en reitingslegar fram á fjalli, og langsótt í þær. Jörðin liggur langt frá alfaraleið, og um ferðalög og aðdrætti er varla að ræða nema sjóleiðina og er vegalengd til kaupþúns Bíldudals c 20 km. sjóleiðina, um landveg er ekki að ræða því vegir eru engir.

Aðalkostur, eða eini kostur jarðarinnar er beitolandið, það er ágætt, og skepnur verða þar öllu betri til frálags en á öðrum jörðum í Suðurfjörðum. En af því að slæjur eru litlar, og fyrirkemur að norðan stórbilur getur staðir [svo] þar í marga daga samfleitt, og gjarnan tekið fyrir alla fjárbeit í svip, er fjenaðareign þar, talsvert annmörkum bundin nema að „setja á guð og gaddinn“ en sem betur fer, ekki þekkist hér um slóðir nú orðið.

Íbúðarhúsið er mjög gallað, fúíð orðið af leka á þaki (en ábúandi hefir nú látið járnþak á það). Klæðningur utanum húsið er mjög lélegur, og hefir verið frá upphafi, var úr gömlu húsi.

Mótak hefir verið á jörðunni en er nú þrotið.⁷³³

Hinn 8. október 1931 staðfestu Eiríkur Kristjánsson og Magnús Jónsson lýsingu sína á jörðinni Langa-Botni í Geirþjófsfirði.⁷³⁴

⁷³⁰ Skjal nr. 2(235).

⁷³¹ Skjal nr. 2(236).

⁷³² Skjal nr. 2(187).

⁷³³ Skjal nr. 2(237).

⁷³⁴ Skjal nr. 2(188).

Hinn 1. nóvember 1931 skrifaði Bergur Jónsson sýslumaður bréf til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um að sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hafi á fundi árið 1926 samþykkt að selja Magnúsi Kristjánssyni jörðina.⁷³⁵

Hinn 26. apríl 1934 afsalaði Ráðherra Íslands kirkjuförðinni Langa-Botni í Geirþjófsfirði til Magnúsar Kristjánssonar fyrir 3.800 kr.⁷³⁶

5.7.13 *Dynjandi við Arnarfjörð*

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að meðal eigna hans var jörðin Dynjandi, 18 hundruð að dýrleika.⁷³⁷

Árið 1576 gerði Eggert Hannesson grein fyrir fasteignum sínum að fráskildum þeim sem þær kirkjur áttu sem hann hafði þá að halda og einnig þeim 70 hundruðum er hann átti fyrir norðan og hafði veðsett Jóni Jónssyni lögmanni. Meðal þessara eigna var jörðin Dynjandi, 18 hundruð að dýrleika.⁷³⁸

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Arnarfjarðarströnd frá 1710 segir eftirfarandi um Dynjanda í Arnarfirði:

Dyniande.

Jarðardýrleiki xviii hndr., og so tíundast 4 tíundum.

Eigandinn barn Björns Jónssonar að Hörgslandi austur.

Ábúandinn Magnús Guðmundsson.

[...]

Útigangur í betra lagi. Skógur til raftviðar ennþá hjarglegur, en eyðist þó, en til kolgjörðar og eldiviðar nægur, og brúkar ábúandi átölulaust til búsnauðsynja sinna. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Móskurður til eldiviðar nægur, brúkast ei. Selveiði lítil og valla með hlunnindum teljandi. Reki hefur ei heppnast í manna minni, nema einn hvalur.

Túnið hefur grandað Dynjandisá með grjóts áburði, en ekki nú nýlega. Engjunum spilla snjóflóð og skriður til stórskaða. Kirkjuvegur lángr og torsóktur til Hrafnseyrar. Hreppamannaflutningur langur og torsóktur á báðar hendur. Heimræði hefur hjer áður brúkast á sumur og haust, meðan fiskur gekk inn á Arnarfjörð. Sá afli hefur nú brugðist undir 20 ár, því fiskurinn hefur ei gengið so langt inn á fjörðinn.

Budarvíjk, forn eyðihjáleiga, hefur ei bygd verið í næstu 60 ár eða lengur. Þessi hjáleiga stóð í úthögum, þar sem nú eru fjárhúsin, og er sagt, að hún hafi verið talin þriðjungur allrar jarðarinnar, meðan bygt var. Ekki vita nálægir, hverjir byggingarkostir voru, en meina, að þeir hafi verið eftir proportion við heimajörðina.

Ekki má hjer aftur byggja, fyrir því að heimajörðin má ei landsins án vera.

Miolkárkot, fornt eyðiból í Borgarlandi, þar hefur ekki bygt verið frá gamallri tíð, en þó sjást hjer ljós byggingamerki og tóftarústir, einninn túngarðsleifar. Ekki má hjer aftur

⁷³⁵ Skjal nr. 2(238).

⁷³⁶ Skjal nr. 2(239).

⁷³⁷ Skjal nr. 4(104), bls. 691.

⁷³⁸ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 103; skjal H-23.

byggja, því túnstæðið er uppblásið í lýng og mosa og heyskapur enginn, sem jörðin má án vera.

Hófsárkot (Eyjarkot hefur það og kallað verið) heitir og annað örnefni í Borgarlandi. Þar segjast menn ætla að bygð hafi og verið í fyrndinni, þó þess sjáist nú lítil merki, því þetta landpláts er að mestu af brotið og eyðilagt af Hófsá og má því ekki byggjast aftur.⁷³⁹

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Dynjanda í Arnarfirði metinn 18 hundruð en eigandi jarðarinnar var Páll Jónsson hreppstjóri. Þá kemur fram að eyðihjáleigan Búðarvík sé tekin með í matið.⁷⁴⁰

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Dynjandi í Arnarfirði metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1805 hafi eyðihjáleigan Búðarvík verið talin með.⁷⁴¹

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Dynjanda í Arnarfirði.⁷⁴² Í verðlagsbók við jarðamatið kemur fram að forn dýrleiki Dynjanda er 18 hundruð en jörðin er svo metin á 450 ríkisbankadali.⁷⁴³

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu frá 1916–1918 segir eftirfarandi um jörðina Dynjanda í Arnarfirði:

Jörðin Dynjandi, liggur í Dynjandavogi vestantil og er næsta jörð við Borg vestan Borgarfjarðar. Jörðin er mjög góð beitarjörð. Mótekja enginn. Hris er á jörðinni.

Landamerki jarðarinnar eru, milli Borgar og Dynjanda. Stórhryggur, en milli Dynjandi og Öss í Mosdal er Hlaðnes Eigandi jarðarinnar er Db. Skúla Thoroddsen Reykjavík⁷⁴⁴

Í undirmati II að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu frá 1916–1918 segir um landamerki jarðarinnar að þau séu að innan við Stórahrygg en að utan er vísað í jörð nr. 7 í fasteignamatinu. Eigandi jarðarinnar var dánarbú Skúla Thoroddsen í Reykjavík. Loks er jörðin metin á 2.010 kr.⁷⁴⁵

Landamerkjaskrá Dynjanda í Arnarfirði er dagsett 21. maí 1922. Efni hennar er eftirfarandi:

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Dynjandi í Auðkuluhreppi í V-Js.

Landamerki jarðarinnar eru þessi:

Að norðanverðu: Ur Meðalnestá og austur í Glamufjallgarð austur eftir Meðalnesfjalli, eftir því, sem votnum hallar að Dynjandavog.

Að sunnanverðu: Þverbein sjónhending á fjall upp ur svo nefndri Deild á Urðarhlíð því næst austureftir fjallinu austur á Glámufjallgarð, eftir því sem vötnum hallar að Dynjandi vog.

Reykjavík 21/5 1922

Theodora Thoroddsen

⁷³⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 9–11; skjal H-21.

⁷⁴⁰ Skjal nr. 2(36).

⁷⁴¹ Skjal nr. 4(1), bls. 191.

⁷⁴² Skjal nr. 2(59).

⁷⁴³ Skjal nr. 2(65).

⁷⁴⁴ Skjal nr. 2(80).

⁷⁴⁵ Skjal nr. 2(80).

Samþykktur

Hrafnseyri 25. maí 1922

Böðvar Bjarnason umboðsmaður Guðriðar Þórðardóttur eiganda Borgar

F/h Þorarins Guðmundssonar eiganda Óss samkvæmt umboði Böðvar Bjarnason.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Auðkúlu 11. júlí 1922 Gjald 4 – fjórar-krónur –⁷⁴⁶

Við manntalsþing að Auðkúlu 11. júlí 1922 var þinglýst landamerkjaskrá jarðarinnar Dynjanda.⁷⁴⁷

5.7.14 Borg í Arnarfirði

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að meðal eigna hans var jörðin Borg í Arnarfirði, 12 hundruð að dýrleika.⁷⁴⁸

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Arnarfjarðarströnd frá 1710 segir eftirfarandi um Borg í Arnarfirði:

Borg.

Jarðardýrleiki xii hndr., og so tíundast 4 tíundum.

Eigandinn kóngleg Majestat, og hefur Ari Þorkelsson þessa jörð í forlening, vide supra Laugaból.

Ábúandinn Þórður Þorkelsson.

[...]

Útigangur í betra lagi. Skógur til kolgjörðar og eldiviðar nægur og brúkast til búsnauðsynja. Torfrista og stúnga bjargleg. Silúngsveði hefur verið nokkur í Hófsá og Mjólkurá, sem brugðist hefur í margt ár. Selveiði lítil, sem áður segir um Dynjanda. Reki hefur og ei heppnast þó landið liggja til sjófar.

Túnið blæs af stórveðrum sumstaðar. Engjarnar spillast af vatni, sem jetur úr rótina. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum, og hefur oft að því mein orðið. Vatnsból bregðast bæði vetur og sumar, og er þá stórlega erfiður vatnsvegur í úthaga. Kirkjuvegur undir hálfa þingmannaleið. Hreppamannaflutningur til Dynjandis lángur og torsóktur, einkanlega á vetur. Heimræði hefur hjer áður verið, sem áður segir um Dynjandan.

Skjalldfannarkot kallast nú almennilega fornt eyðiból í Rauðstaða landi, sem ekki hefur bygt verið í gamalli tíð, en sjást so ljós byggíngamerki bæði af tófta og túngarða leifum. Ekki má hjer aftur byggja, því skriða er fallin yfir allt þetta pláts.⁷⁴⁹

Þá er í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Arnarfjarðarströnd frá 1710 eftirfarandi texti um Borgarland í færslu um jörðina Dynjanda:

Miolkárkot, fornt eyðiból í Borgarlandi, þar hefur ekki bygt verið frá gamalli tíð, en þó sjást hjer ljós byggíngamerki og tóftarústir, einninn túngarðsleifar. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæðið er uppblásið í lýng og mosa og heyskapur enginn, sem jörðin má án vera.

⁷⁴⁶ Skjal nr. 2(14).

⁷⁴⁷ Skjal nr. 2(189).

⁷⁴⁸ Skjal nr. 4(104), bls. 691.

⁷⁴⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 11; skjal H-21.

Hófsárkot (Eyjarkot hefur það og kallað verið) heitir og annað örnefni í Borgarlandi. Þar segjast menn ætla að bygð hafi og verið í fyrndinni, þó þess sjáist nú lítil merki, því þetta landpláts er að mestu af brotið og eyðilaggt af Hófsá og má því ekki byggjast aftur.⁷⁵⁰

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Borgar í Arnarfirði metinn 12 hundruð en jörðin er skráð sem konungsjörð. Þá kemur fram að eyðihjáleigurnar Mjólkárkot og Hófsárkot nýttist sem beutiland.⁷⁵¹

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Borg í Arnarfirði metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 hafi eyðihjáleigurnar Mjólkárkot og Hófsárkot aðeins verið til beitar.⁷⁵²

Engin umfjöllun er um Borg í Arnarfirði í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850. Í verðlagsbók við jarðamatið kemur fram að forn dýrleiki Borgar í Arnarfirði er 12 hundruð en jörðin er svo metin á 288 ríkisbankadali.⁷⁵³

Í fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu frá 1916–1918 er í undirmati I sagt eftirfarandi um Borg í Arnarfirði:

Jörðin Borg næsta jörð við Rauðstaði liggur milli Hópsá og Mjólká fyrir botni Borgarfjarðar. Eigandi Guðríður Þórðardóttir ekkja í Tungu í Audkúlulandi sjá hjer að framan. Landamerki milli Borgar og Rauðstada er Hópsá, að vestan eða utan milli Borgar og Dynjandi Stóri hryggur beint til fjalls. Jörðin er góð beitarjörð.⁷⁵⁴

Í undirmati II að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu frá 1916–1918 er skráð um landamerki Borgar að austan séu þau „Hópsá“ en að utan er vísað í jörð nr. 8 í fasteignamatinu. Eigandi jarðarinnar var Guðríður Þórðardóttir á Auðkúlu. Loks er jörðin metin á 700 kr.⁷⁵⁵

Landamerkjaskrá Borgar í Arnarfirði er dagsett 10. janúar 1922. Efni hennar er eftirfarandi:

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Borg í Arnarfirði Vestur-Ísafj.sýslu

Landamerki fyrir jörðina Borg í Arnarfirði eru þessi:

Að norðanverðu ræður Hófsá landamerkjum frá upptökum til óss. Að sunnanverðu eru landamerkin bein sjónhending úr Meðalnestá á fjall upp, þaðan eftir meðalnesfjalli og austur í Glámufjallgarð að upptökum Hófsár alt eftir þar, sem vötnum hallar til Borgarlands

Hrafnseyri 10. januar 1922

Samkvæmt umboði Guðríðar Þórðardóttur eiganda Borgar

Böðvar Bjarnason.

Samþykkt:

Reykjavík 24/2 1922

Theodora Thoroddsen

⁷⁵⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* VII, bls. 10–11; skjal H-21.

⁷⁵¹ Skjal nr. 2(37).

⁷⁵² Skjal nr. 4(1), bls. 191.

⁷⁵³ Skjal nr. 2(65).

⁷⁵⁴ Skjal nr. 2(81).

⁷⁵⁵ Skjal nr. 2(81).

Eigandi jarðarinnar Dynjandi í Arnafirði.

p.t. Hrafnseyri 30. apríl 1922

Samþykktur:

Þórarinn Ólafsson eigandi jarðarinnar Rauðsstaða.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Auðkúlu 11. júlí 1922 Gjald 4 – fjórar krónur –⁷⁵⁶

Við manntalsþing að Auðkúlu 11. júlí 1922 var þinglýst landamerkjaskrá fyrir jörðinni Borg í Arnafirði.⁷⁵⁷

5.7.15 Rauðsstaðir í Arnafirði

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að meðal eigna hans var jörðin Rauðsstaðir í Arnafirði, 12 hundruð að dýrleika.⁷⁵⁸

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Arnarfjarðarströnd frá 1710 segir eftirfarandi um Rauðsstaði í Arnafirði:

Raudstader.

Jarðardýrleiki xii hndr., og so tíundast 4 tíundum.

Eigandinn kóngleg Majestat. Ari Þorkelsson hefur þessa jörð í forleningu sem áður segir.

Ábúandinn ekkjan Eyrný Bjarnadóttir.

[...]

Útigangur er lakur. Skógur til kolgjörðar og eldiviðar nægur og brúkast til búsnauðsynja. Torfrista og stunga næg. Reiðingsrista lítil. Silúngsveiði í Hófsá hefur verið gagnvæn, en nú mjög lítil. Selveiði lítil ut supra. Rekavon engin teljandi, þó landið liggi til sjáfar.

Túninu hafa skriður spilt stórlega, og er því enn nú mjög hætt. Engjarnar spillast og nokkuð sumstaðar af skriðum. Kirkjuvegur langur ut supra. Hætt sýnist bænum fyrir skriðum, sem á túnið hefur gengið, þó hefur það hingað til ekki stórum að meini orðið. Heimræði á haust og sumur hefur hjer áður verið ut supra.⁷⁵⁹

Þá er í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Arnarfjarðarströnd frá 1710 fjallað um eyðibólið Skjaldfannarkot. Sú umfjöllun birtist í texta um Borg í Arnafirði en eyðibólið er sagt í landi Rauðsstaða. Þar segir eftirfarandi:

Skjaldfannarkot kallast nú almennilega fornt eyðiból í Rauðstaða landi, sem ekki hefur bygt verið í gamalli tíð, en sjást so ljós byggíngamerki bæði af tófta og túngarða leifum. Ekki má hjer aftur byggja, því skriða er fallin yfir allt þetta pláts.⁷⁶⁰

⁷⁵⁶ Skjal nr. 2(15).

⁷⁵⁷ Skjal nr. 2(190).

⁷⁵⁸ Skjal nr. 4(104), bls. 691.

⁷⁵⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 11–12; skjal H-21.

⁷⁶⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 11; skjal H-21.

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Rauðsstaða metinn fjögur hundruð en jörðin er skráð sem konungsjörð. Þá kemur fram að eyðihjáleigan Skjaldfannarkot sé tekin með í matið og að hún nýtist sem beitiland.⁷⁶¹

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Rauðsstaðir í Arnarfirði metin fjögur hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeygn. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1760 hafi jörðin verið talin 12 hundruð að dýrleika og að árið 1805 hafi eyðihjáleigan Skjaldfannarkot höfð til beitar.⁷⁶²

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir að dýrleiki Rauðsstaða í Arnarfirði sé fjögur hundruð en að forngildu 12 hundruð.⁷⁶³ Í verðlagsbók við jarðamatið kemur fram að forn dýrleiki er fjögur hundruð en jörðin er svo metin á 160 ríkisbankadali.⁷⁶⁴

Landamerkjaskrá Rauðsstaða er dagsett 29. maí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Auðkúlu í Auðkúluhreppi 1. júní 1885. Efni hennar hljóðar svo:

Landamerkjaskrá jarðarinnar Rauðsstaða í Auðkúluhreppi í Ísafjarðarsýslu.

Sturla Ólafsson, bóndi á Krossadal í Tálknafjarðarhreppi, eigandi ofannefndrar jarðar að helmingi, Kristján Jónsson, óðalsbóndi á Sellátrum að 1/4 og Magnús Kristjánsson vinnumaður s.st. að 1/4

Gjöra kunnugt: að landamerki milli Rauðsstaða og hjálleggjandi jarða, sem er Hjallkárseyri að utanverðu og Borg að innanverðu, eru þessi:

a, Að utanverðu er svonefnd Grjoteyri, eins og hún vísar til frá sjó, í uppeptir svo nefndu Grjótreyrargili á fjall upp milli Rauðsstaða og Hjallkárseyrar, og

b, Að innanverðu er svo nefnd Hófa eða Hófsá í Rauðstaðafirði eptir miðju vatni hennar, eins og hún liggur frá sjó á fjall upp milli Rauðsstaða og Borgar.

Að því okkur er kunnugt, eiga engar jarðir neitt ítak í Rauðstaðalandi og Rauðstaðir ekki í neinni annari jörð.

Ofannefndum landamerkjum lýsum við, eptir því sem kunnugast er, eignarskjöllum fyrir jörðunni sem erfð okkar eptir föður og tengdaföður okkar, og hann eptir föður sinn samkvæmt kaupmálabréfi &c., sem hann hafði fyrir umræddri jörð, staðfestu með konungsurskurði, dags. 27. Septbr. 1839.

Krossadal og Sellátrum, 29. dag Maím. 1884.

St. Ólafsson. (handsalað) Kr. Oddsson (handsalað) M. Kristjánsson (handsalað) eigendur jarðarinnar Rauðsstaða.

Hinsvegar skrifuðum landamerkjum erum við samþykkir.

Jón Gíslason (eigandi Borgar)

Kristján Guðmundsson (eigandi 1/2 Borgar).

Þorsteinn Benediktsson (umboðsmaður Hjallkárseyrar).

[Á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Auðkúlu 1/6 1885 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

⁷⁶¹ Skjal nr. 2(38).

⁷⁶² Skjal nr. 4(1), bls. 191.

⁷⁶³ Skjal nr. 2(60).

⁷⁶⁴ Skjal nr. 2(65).

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna – Borgað Sk.Th.⁷⁶⁵

Í fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu frá 1916–1918 er í undirmati I sagt eftirfarandi um Rauðsstaði í Arnarfirði:

Jörðin Rauðstaðir næsta jörð fyrir innan Hjalldálsfjarðar. Eigandi Þórarinn Ólafsson í Reykjavík. sem keypti jörðina í síðustu fardögum fyrir Kr. 1270.00 með húsum þeim sem á henni standa og vjer höfum virt á Kr. 405,00. Jörðin hefur verið notuð til slæгна þetta ár. Landamerki jarðarinnar eru að utan sjá Hjalldálsfjarðar, að innan Hópsá. Jörðin er eftir stærð mikil slægnajörð, tún lítið og liggur undir skemmdum af skriðuhlaupum. Mótekja engin en hrís notað til eldiviðar.⁷⁶⁶

Í undirmati II að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu frá 1916–1918 er skráð um landamerki Rauðsstaða að þau séu að utan við Grjóteyri en að sunnan er vísað í jörð nr. 9 í fasteignamatinu. Eigandi jarðarinnar var Þórarinn Ólafsson í Reykjavík. Fram kemur að jörðin var leigð út til slæгна. Loks er jörðin metin á 1.295 kr.⁷⁶⁷

5.7.16 Skálmarnesmúli

Landamerkjaskrá Skálmarnesmúla er dagsett 28. maí 1887, en hún var þinglesin sama dag við manntalsþing að Vattarnesi í Múlahreppi. Efni hennar er svo:

Landamerkjaskrá fyrir Skálmarnes Múla (eign Múlakirkju).

1. Að utanverðu í gil sem rennur að austanverðu í fjarðarhorni Vattarfjarðar.
2. að vestanverðu Vattardals eptir brún dalsins sem vötnum hallar í úti svonefnda ögsl og þaðan á brún og svo sem votnum hallar til Urðarhliðar út eptir fjallinu.
- 3 [og] svo að vestanverðu við Múlaland í svonefndan landamerkjálæk frá fjalla bilfjöru þaðan í merkjaskjer, sem næstlíggjandi jörð að vestanverðu á lögnin við, enn Múli að austan.

Múla þ. 28 maí 1887.

Samþikkur fyrir eigandi,

J. Þórðarson, umboðsmaður

Samþikkur fyrir Vattarnes J. Guðmundsson.

– " – fyrir Fjörð Guðrún Jónsdóttir

– " – fyrir Jngunnarstaði Þórdís Ólafsdóttir.

Lesið á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi 28 maí 1887 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 99 bls 55-56 vottar ALE Fischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au bókun – 25 – 1kr 0 au 1 króna borgað Fischer.⁷⁶⁸

⁷⁶⁵ Skjal nr. 2(16).

⁷⁶⁶ Skjal nr. 2(82).

⁷⁶⁷ Skjal nr. 2(82).

⁷⁶⁸ Skjal nr. 2(408). Nánari umfjöllun um Skálmarnesmúla er í kafla 5.7 í úrskurði í máli nr. 3/2020.

5.7.17 Eignir og réttindi kirkna

5.7.17.1 Hagi á Barðaströnd

Í máldaga Nikuláskirkju í Haga á Barðaströnd, sem Þórarinn biskup setti árið 1363, segir að kirkjan eigi Haga hinn minni.⁷⁶⁹

Í máldaga Hagakirkju á Barðaströnd, er Oddgeir biskup Þorsteinsson setti 1. ágúst 1375 segir:

Jn primis hun æ haga hinn minna. mula land alltt. halft holltt. og slikt j rekum oc skogum sem hun hefr at fornu haftt. skog j vatzdal j amotum.

[...]

Kirkian j haga æ bardastrond æ saudeyiar allar med holmum oc vtskerium sem til hafa leigid at fornu og nýiu og suo heita. heimeý. haeý. rif. skarf edr þoriseý. kidholmar ij. flata skier er liggur j drapskerium sudur oc vt fra kidholmum. dura tindur. raudzdzal holmar tueir. þridiung ædar sker[s]. Jtem eigur kirkian j haga æ bardastrond allann skog j laugarhuamme. j morudal skog fra oлдugile oc framm at haga garde vpp æ fiall oc ofan at æ. skog j arnarbýlis dal tungumula meigin frá aligili og framm j geitar mula sem skogur vegs vpp æ fiall oc ofan at æ. skogar partt j trostans firde j otradals kirkiu sockn j sunndal.⁷⁷⁰

Í lagfæringum og viðauka í III. bindi *Íslenzks fornbréfasafns* segir um þennan máldaga að kirkjan í Haga eigi: „Mula land halfft (so helldur su gamla Hijtardalsbok).“⁷⁷¹

Í máldaga Vilchins fyrir Hagakirkju frá um 1397 segir m.a.:

Þessi er maldagi kirkiunnar j Haga a Bardaströnd. ad hun a Haga hinn minna. Mvla land allt.

slijkt i Rekumm oc skogumm sem hun hefur att ad fornu.

Skogur j Vattsdal j amotum.⁷⁷²

Hinn 16. júní 1405 vottuðu Sörli Vilhjálmsson og Einar Þorsteinsson að sr. Jón Steinólfsson hefði lýst fyrir þeim að hann hefði orðið vitni að því er Þórður Filippusson lagði Þórði Gíslasyni hálfan Haga á Barðaströnd.⁷⁷³

Hinn 30. júní 1407 lýsti Hallur Kálfsson því að hann hefði verið vitni að því er Filippus Gíslason lýsti því að hann hefði enga peninga lukt Þórði Gíslasyni fyrir hálfan Haga.⁷⁷⁴

Hinn 31. desember 1410 vottaði Bjarni Ljótsson að hann hefði verið hjá þegar Filippus Gíslason gerði testamenti sitt, heill að vitsmunum, og lýst því að Þórður Gíslason skyldi ganga að hálfum Haga á Barðaströnd.⁷⁷⁵

⁷⁶⁹ Skjal nr. 4(47).

⁷⁷⁰ Skjal nr. 4(48), bls. 301.

⁷⁷¹ Skjal nr. 4(48), bls. 775.

⁷⁷² Skjal nr. 4(49).

⁷⁷³ Skjal nr. 4(86).

⁷⁷⁴ Skjal nr. 4(87).

⁷⁷⁵ Skjal nr. 4(88).

Hinn 10. nóvember 1411 vottuðu Þrúður Árnadóttir og Guðrún Þórðardóttir að Þórður Filippusson hefði lagt Þórði Gíslasyni hálfan Haga, sem hann hafði fengið föður hans til kvenmundar en hálfan lét hann fyrir peningamissi.⁷⁷⁶

Á Öxarárþingi hinn 2. júlí 1412 var alþingisdómur staðfestur þar sem jörðinni Haga var tildæmd eign Sigurðar Þórðarsonar.⁷⁷⁷

Fjallað er um hálfu jörðina Haga á Barðaströnd í kaupmálabréfi Þórðar Sigurðssonar og Ingibjargar Halldórsdóttir frá 27. nóvember 1439.⁷⁷⁸

Hinn 2. júlí 1540 seldi Oddur Eyjólfsson bróður sínum, sr. Magnúsi Eyjólfssyni, 40 hundruð í Haga á Barðaströnd.⁷⁷⁹

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir um Hagakirkju:

Kirkia í Haga á Bardastrød. Hun ä Haga hinn minna. Mulaland alltt. Slikt i rekum og skogum sem hun heffur ätt ad fornu. Skog i Vatzdal i Amotum.⁷⁸⁰

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir um Brjánslækjarkirkju:

Kirkian ä Briamslæk ä heimaland hälftt. Eingey.

Item jardernar Hlijd og Thuerä. önnur fyrer .x. aura leigd. enn önnur fyrer .iiij. ærgillde. halffann peningsdal. Vppsale og allann Vatzdal med skoge og Haga nedann fra Eidsaä og Thijngniannaä og framm á Gielldneytatungur. so langt sem skoge er vaxid vtann skog i Hniotum i millum Thijngmannaär og Lambagilia er kirkiann i Haga ä.

Item ä kirkian selveide alla med öllum fiörugiedum ä Eide fyrer jnnann Skälmanes millum Sandvijkurness og Kiellingartanga.

Item kirkiuskier tuø.⁷⁸¹

Árið 1576 gerði Eggert Hannesson grein fyrir fasteignum sínum að fráskildum þeim sem þær kirkjur áttu sem hann hafði þá að halda og einnig þeim 70 hundruðum er hann átti fyrir norðan og hafði veðsett Jóni Jónssyni lögmanni. Meðal þessara eigna var jörðin Hagi á Barðaströnd, 80 hundruð að dýrleika.⁷⁸²

Hinn 30. júlí 1578 gaf Eggert Hannesson Ragnheiði dóttur sinni og Magnúsi Jónssyni 37 hundruð í jörðum. Fram kemur í bréfinu að hann hafði selt Bjarna Björnssyni Haga en Jóni Björnssyni Haug og Fossá. Einnig endurnýjaði Eggert gjöf sína til Magnúsar dóttursonar síns, þannig að Eggert tók aftur Sæból á Ingjaldssandi en lét Birni í staðinn Bæ á Rauðasandi, sem var jafnmikil að dýrleika.⁷⁸³

Hinn 31. júlí 1579 voru nafngreindir menn vitni að því að Eggert Hannesson gerði að engu kaupskap sem hann hafði árið áður gert við Bjarna Björnsson um jörðina Haga á Barðaströnd. Eggert fékk dótturmanni sínum, Magnúsi Jónssyni, til eignar allan garðinn Haga, en með þeim skilyrðum að Magnús greiddi Bjarna Björnssyni fulla

⁷⁷⁶ Skjal nr. 4(89).

⁷⁷⁷ Skjal nr. 4(90).

⁷⁷⁸ Skjal nr. 4(91).

⁷⁷⁹ Skjal nr. 4(92).

⁷⁸⁰ Skjal nr. 4(51).

⁷⁸¹ Skjal nr. 4(55).

⁷⁸² *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 103; skjal H-23.

⁷⁸³ Skjal nr. 2(248).

verðaura eða gerði við hann aðra forlíkun. Einnig gerði Eggert kröfu um að leitað yrði samþykkis síns um að einhver af sonum Magnúsar og Ragnheiðar Eggertsdóttur skyldi erfa Haga og þá skyldi jörðin ekki gefin, sökum seld eða pantsett, heldur haldast í ætt hans um aldur og ævi.⁷⁸⁴

Í biskupsvísitasíu um Hagakirkju á Barðaströnd frá 3. september 1639 segir að kirkjan eigi m.a. skógarítak í Vatnsdal í Ármótum.⁷⁸⁵

Í biskupsvísitasíu um Hagakirkju á Barðaströnd frá 10. september 1700 kemur hið sama fram um eignir og ítök og í biskupsvísitasíu frá 3. september 1639.⁷⁸⁶

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Haga á Barðaströnd:

Hage á Barðaströnd.

Þar er kirkja, til hvernar sækja Barðstrendingar fyrir utan Vaðal, inclusive.

Jarðardýrleiki með hjáleigum ll hndr. Þar af er bóndahluti lxxx hndr. (kirkjueign xx hndr.).

Eignarmaður er sýslumaðurinn Ari Thorkelsson, vegna kvinnu sinnar, Ástríðar Thorleifsdóttur.

Ábúandinn sami.

[...]

Skógur er þar nægilegur til eldíngrar, en ei til kolgjörðar eður raftviðar. Annars á kirkjan kolviðarskóg í Mórudal, en raftviðarskóg í Vatsdal og í Trostansfirði. Þessa skóga brúkar kirkjunnar patronus til sinnar þurftar, og kirkjujarðanna uppbyggingar, en ei lána burt fyrir tolla. Eggver hefur þar nokkuð verið af svartbak, nú að mestu frá. Selveiði hefur þar verið um vetur, þ.e. uppdráp í Drápskerjum, og vor, en mínkar nú mjög, og er so gott sem burtu. Reki hefur þar gagnlegur verið, en er nú burtu þar, eins og víðar. Sölvatekja er þar lítilfjörleg. Útsker nokkur fylgja jörðunni, en þau eru kirkjueign, og hefur þar í selveiði verið ut supra. Fuglveiði af skarfsúngum var tilforna góð, í Drápskerjum, nú öldungis burtu.

Hjáleigur fylgja jörðunni:

Krókur, hefur lengi staðið.

Á að vera ix hndr. úr heimajarðarinnar dýrleika.

Ábúandi þar Gísli Jónsson.

[...]

Engar frá Haga hefur sjórinn stórlega af brotið, og vindur og stórflæðar sand upp á borið, so $\frac{3}{4}$ af þeirra eftirtekju burtu eru. Af túninu hefur áin og brotið, og engjunum mjög so spilt.

Fyrir utan Krók hafa þar verið hjáleigur:

Efri gata var x hndr. úr heimajörðunni.

Neðri gata önnur x hndr. úr heimajörðunni.

Efri Krókur ix hndr. úr heimajörðunni.

⁷⁸⁴ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 106–107; skjal H-23.

⁷⁸⁵ Skjal nr. 2(133).

⁷⁸⁶ Skjal nr. 2(134).

Þessar 3 hjáleigur eru nú í eyði, og hafa verið um nokkur umliðin ár, síðan harðindin tiltóku. Kynni ei að byggjast heimabóndanum að skaðlausu, nema ef væri öruggu ómagafáu fólki, so framt sem fiskiriet aftur til gengi.

Efri Hage hefur verið fyrir löngu bygður og löngu eyðilagður, skal hafa verið hálfur kirkjuhlutinn í heimalandi. Öðru nafni var þessi hjáleiga kölluð Lambhús.⁷⁸⁷

Í brauðmati fyrir Brjánslækjarkirkju árið 1744 segir að kirkjan eigi 20 hundruð í heimalandi og jarðirnar Múla, Grænhól, Tungumúla og Sauðeyjar, allar 20 hundruð að dýrleika.⁷⁸⁸

Í prófastsvísitasíu um Hagakirkju frá 23. september 1785 segir að kirkjan eigi 80 hundruð í fasteign, vergögn á Nesi og skógarítök í Mórudal og Vatnsdal.⁷⁸⁹

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Haga á Barðaströnd metinn 60 hundruð en eigendur jarðarinnar voru D. Scheving sýslumaður og Þórunn Ólafsdóttir á Grund í Skagafjarðarsýslu og þá tilheyrði $\frac{1}{3}$ hluti jarðarinnar Hagakirkju á sama stað. Fram kemur að hjáleigur og eyðihjáleigur sem taldar eru upp í hinni gömlu jarðabók, þ.e. *Jarðabók* Árna og Páls, séu teknar með í matið.⁷⁹⁰

Hinn 11. ágúst 1814 var kirkjan að Haga á Barðaströnd vísiteruð. Fram kemur að kirkjan átti 20 hundruð í heimalandi og skógarítak í Hnjótum í Vatnsdal. Einnig átti hún skóg í Trostansfirði.⁷⁹¹

Við manntalsþing að Vaðli á Barðaströnd 23. júní 1832 var upplesið afrit af fjárskilamálabréfi, dagsettu 18. október 1830, hvar Guðmundur Scheving kaupmaður og Halldóra Benediktsdóttir gefa dóttur sinni Þóru helming í höfuðbólínu Haga á Barðaströnd, helming í Múla, Grænhól og Tungumúla með kirkjuítökum og tilkalli til eftirgjalds Sauðeyja.⁷⁹²

Við manntalsþing í Svefneyjum 23. júní 1846 var upplesið skjal, dagsett 6. apríl 1846, hvar sr. Benedikt Scheving gefur sýslumanninum Árna Thorsteinsen umboð til umráða og sölu á 34 hundruðum í eign hans í jörðinni Haga.⁷⁹³

Í jarðaskjölum Barðastrandarsýslu er varðveitt afrit, dagsett 10. nóvember 1846, af Vilchins-máldaga 1397, máldaga Gísla Jónssonar frá um 1575 og biskupsvísitasíu frá 1790.⁷⁹⁴

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hagi á Barðaströnd metin 60 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1805 hafi eyðihjáleigurnar Efri-Gata, Neðri-Gata, Krókur og Efri-Hagi allar verið taldar með heimajörðinni en Árni Magnússon hafi talið alla torfuna 100 hundruð að dýrleika eða 80 hundruð bændaeign og 20 hundruð eign kirkjunnar. Þá segi Árni Magnússon að

⁷⁸⁷ *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, bls. 278–279; skjal H-2.

⁷⁸⁸ Skjal nr. 2(290).

⁷⁸⁹ Skjal nr. 2(291).

⁷⁹⁰ Skjal nr. 2(40).

⁷⁹¹ Skjal nr. 2(298).

⁷⁹² Skjal nr. 2(194).

⁷⁹³ Skjal nr. 2(195).

⁷⁹⁴ Skjal nr. 2(107).

Drápsker tilheyri Haga. Loks segir að nú sé jörðin talin aðeins 60 hundruð að dýrleika, þar af 20 hundruð sem eign kirkjunnar.⁷⁹⁵

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd 26. júní 1848 þinglýsti Bjarni Pétursson, ábúandi á Haga, brögðum á þeim 34 hundruðum sem Árni Thorsteinsson sýslumaður hafði selt, í umboði fyrir sr. Benedikt Scheving, kammerráði C. Magnússyni, en þeim kaupum hafi þó ekki verið þinglýst.⁷⁹⁶

Í ódagsettri lýsingu, eigna- og ítakaskrá frá miðri nítjándu öld, segir að Hagakirkja sé bóndaeign og meðal fasteigna hennar séu 20 hundruð í heimalandi og að auki 60 hundruð í bóndaeign. Um ítök segir að þau séu m.a. skógur í Hnjótum í Vatnsdal.⁷⁹⁷

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Haga á Barðaströnd.⁷⁹⁸ Í jarðamatsbók yfir verðlag vegna jarðamatsins er jörðin Hagi metin á 800 ríkisbankadali.⁷⁹⁹

Í jarðaskjölum Barðastrandarsýslu, sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni, er ódagsett bréf, líklega frá miðri nítjándu öld, til prófastsins í Barðastrandarsýslu þar sem spurt er hvort nokkuð af eignum Hagakirkju sé gengið undan henni.⁸⁰⁰

Í prófastsvísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 9. ágúst 1851 er skráð að óljóst sé um heiti á skógarítaki Hagakirkju í Vatnsdal og að örnefnin Ámót og Mörk séu einnig óljós.⁸⁰¹ Sr. Benedikt Þórðarson í Brjánslæk skrifaði sömuleiðis bréf sama dag um efnið.⁸⁰² Ljóst er að ágreiningur hefur verið um ítakið, staðsetningu þess og heiti eins og birtist í fjölmörgum gögnum, s.s. í skoðun á Brjánslækjarkirkju 29. september 1852, prófastsvísitasíu um Hagakirkju frá 4. október 1857, prófastsvísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 5. október 1857, prófastsvísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 12. júlí 1858, prófastsvísitasíu um Hagakirkju frá 20. júlí 1858, skoðun á Hagakirkju frá 12. júlí 1859, skoðun á því sama frá 22. ágúst 1860, skoðun á Brjánslækjarkirkju frá 23. ágúst 1860, prófastsvísitasíu um Hagakirkju frá 28. ágúst 1861 og skoðun á Brjánslækjarkirkju frá 30. ágúst 1861 en þar kemur m.a. fram að sr. Benedikt Þórðarson og Brynjólfur Benediktson skoðuðu skóglendið, en ákváðu ekkert sín á milli.⁸⁰³

Í prófastsvísitasíu um Brjánslækjarkirkju frá 11. ágúst 1862 segir að kirkjan haldi eignum og ítökum sínum fyrir utan skógarpart þann sem getið er í fyrri vísitasíum.⁸⁰⁴

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd 2. maí 1853 var friðlýst öllum selalögnum tilheyrandi Haga og sömuleiðis öllum selalögnum Brjánslækjar í Vatnsfirði.⁸⁰⁵

⁷⁹⁵ Skjal nr. 4(1), bls. 180–181.

⁷⁹⁶ Skjal nr. 2(196).

⁷⁹⁷ Skjal nr. 2(292).

⁷⁹⁸ Skjal nr. 2(62).

⁷⁹⁹ Skjal nr. 2(90).

⁸⁰⁰ Skjal nr. 2(106).

⁸⁰¹ Skjöl nr. 2(264) og 2(282).

⁸⁰² Skjal nr. 2(281).

⁸⁰³ Skjöl nr. 2(265)–2(269), 2(283)–2(284) og 2(293)–2(297).

⁸⁰⁴ Skjal nr. 2(270).

⁸⁰⁵ Skjal nr. 2(165).

Hinn 9. apríl 1874 vitnaði Jón Guðmundsson á Múla um landamerki milli Haga og Tungumúla. Vitnisburðurinn var þinglesinn 10. júlí 1874 og er eftirfarandi:

Eg undirskrifaður vitna hér með, að þegar eg kom að Tungumúla vorið 1851, voru mér sögð svoléiðis landamerki milli Haga og Tungumúla, að Arnarbælisdalsá ræður frá sjónum fram fyrir Berghilsholt, þar í lækjarsitru, og þaðan beint upp í móstulá, þaðan eptir leikvallarveginum norður að vegamótum. Önnur landamerki veit eg ekki milli þeirra bæja

Staddur í Haga 9. apríl 1874.

Jón Guðmundsson á Múla.⁸⁰⁶

Hinn 13. apríl 1874 vitnaði Rósa Ketilsdóttir á Skjaldvararfossi um landamerki milli Haga og Tungumúla. Vitnisburðurinn var þinglesinn 10. júlí 1874 og er eftirfarandi:

Eg undirskrifuð vitna hér með um landamerki milli Tungumúla og Haga það er eg hefi heyrt og vitað frá því er eg fyrst man til, þá ræður Arnarbælisá frá sjó upp að lambhaga, svo seilín fyrir ofan lambhaga að fálkaholti, (og) þá með fálkaholti, þá eptir ánni fram fyrir Berghil í lækjarsitru, er þar rennur, og þaðan upp móstulág að heiðarvegi, og sem heiðarvegur ræður að vegamótum. Þessum landamerkjum til sönnunar man eg að Benjamín, sem var bóndi í Tungumúla bað um leyfi Hagabændur að slá Geitamúla mýrar.

Þetta vitnar og framber Skjaldvararfossi 13. apríl 1874⁸⁰⁷

Hinn 22. apríl 1874 vitnuðu Gísli Þorgeirsson og Ebeneser Þórðarson um eign Haga í Arnarbælisdal og landamerki jarðarinnar þar. Vitnisburðurinn var þinglesinn 10. júlí 1874 og er eftirfarandi:

Eptir ósk bóndans herra Jóns Guðmundssonar á Haga vottum við undirskrifaðir hér með: Að bæði, eptir sem við jafnan höfum heyrt, og sjálfir vitað til, sem fyrrum ábúendur Hagaeignar, var Arnarbælisdalur notaður og talinn sem eign Haga; og var notkun þessi, það við frekast til vitum jafnan óátalin. Hvað aðliggjandi landamerki áhrærir, getum við jafnframt vottað: að við jafnan höfum heyrt það, talað, að Hagi ætti Arnarbælisdal eptir sem svo nefnd mostulág og leikvallarvegur ræður, að vegamótum á Fossheiði.

Rauðsdal þann 22. apríl 1874.

Gísli Þorgeirsson. Ebbenezer Þórðarson.⁸⁰⁸

Við þinglestur 10. júlí 1874 á þremur vottorðum um landamerki Haga og Tungumúla, dagsettum 9. apríl, 13. apríl og 22. apríl 1874, mótmælti Jakob Athanasíusson þeim merkjum, eins og fært er inn í afsals- og veðmálabók Barðastrandarsýslu 1874–1880:

Athgr. Við hin framanskriðuðu 3 vottorð fyrir landamerkjum milli jarðanna Haga og Tungumúla á Barðaströnd athugast, að við þinglestur þeirra eru fyrir manntalsþingsrétti Barðastrandarsýslu að Efra-Vaðli hinn 10. júlí 1874 framkomin eptirfylgjandi mótmæli og tilsvör, tilfærð þingbókinni sem fylgir: „Að gefnu tilefni lýsir hlutaðeigandi ábúandi á Tungumúla, Jakob bóndi Athanasíusarson því yfir í réttinum, að hann mótmæli vottorðum þessum og þeim þar greindu landamerkjum, og skýrskotar í því efni til byggingarbréfs síns fyrir Tungumúla, sem hann lýsir yfir, að hann haldi sér til, og

⁸⁰⁶ Skjal nr. 2(99).

⁸⁰⁷ Skjal nr. 2(99).

⁸⁰⁸ Skjal nr. 2(99).

hlutaðeiganda umboðsmanns yfir Hagaeigninni, Ólafs hreppstjóra Thorlaciusar í Dufansdal svo sem landsdrottins síns. Jón bóndi Guðmundsson í Haga lýsir því hér á móti að sínu leyti yfir, að hann haldi sér til fyrgreindra ^{vottorða} með tilliti til landamerkja milli fyrgreindra jarða, og bætir því við, að þau í nefndum vottorðum tilgreindu landamerki séu hin sömu sem Jakob bóndi Athanasiusarson hafi sagt sér að væri milli Haga og Tungumúla, þá er hann (þ.e. Jón Guðmundsson) færði sig að Haga.“

G.P. Blöndahl cst. (L.S.)⁸⁰⁹

Í jarðaskjölum Barðastrandarsýslu er varðveitt eftirrit af byggingarbréfi Jófríðar Guðmundson, dagsettu 9. nóvember 1889, til Jósíasar Fr. Bjarnasonar fyrir háflendu Haga á Barðaströnd, 20,7 hundruð að dýrleika að nýju mati. Skilmálar bréfsins eru í 14 liðum. Um landamerki og ítök segir eftirfarandi:

Hvað landamerki snertir, svo og ítök skal farið eptir landamerkja skrá þeirri er gerð verður að laga fyrirmælum og af hverri leiguliði fái eptirrit í höndur að því er snertir sjálfa heimajörðina⁸¹⁰

Hinn 1. mars 1890 skrifaði sr. Þorvaldur Jakobsson bréf til stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi um gerð landamerkjaskrár fyrir Brjánslæk. Fram kemur í bréfinu að hvorki eigendur bænda eignar Brjánslækjar né Hagakirkju samþykktu lýsinguna. Sr. Þorvaldur skrifaði m.a. um óvissu um staðsetningu skógarítaks Hagakirkju í Vatnsfirði. Þá kvaðst hann hafa tekið saman merkin milli Brjánslækjar og Moshlíðar eftir vitnisburðum ýmissa manna, þeirra á meðal sr. Þórðar heitins Thorgrímsens. Í vottorði sr. Þórðar, dagsettu 4. júní 1887, hafi merkin þar á milli miðast við landamerkjabréf sem fylgt hafi Brjánslækjarprestakalli, en sr. Þorvaldur sagði það ekki hafa fylgt skjölum prestakallsins þegar hann tók við þeim sumarið 1884. Loks sagðist sr. Þorvaldur eigna Brjánslækjarkirkju hálfan Penningsdal og allan Vatnsdal samkvæmt vitnisburðum og vísitási frá 27. júní 1835, en eigendur bænda eignar Brjánslækjar mótmæltu nú orðum vísitásunnar.⁸¹¹

Hinn 10. júní 1890 byggði Jófríður Guðmundson sr. Þorvaldi Jakobssyni í Haga á Barðaströnd háflendu nefndrar jarðar, 20,7 hundruð að dýrleika að nýju mati. Skilmálar byggingarbréfsins eru í 14 liðum. Um landamerki og ítök segir eftirfarandi:

Hvað landamerki snertir svo og ítök skal farið eptir landamerkjaskrá þeirri er gerð verður að lagafyrirmælum, og af hverri leiguliði fái eptirrit í höndur að því er snertir sjálfa heima jörðina.⁸¹²

Hinn 10. júní 1891 fór fram sáttafundur hjá sáttanefnd Flateyjar- og Múlasátta-umdæmis. Þar var leitað sætta út af ágreiningi um takmörk skógarítaks Hagakirkju í landi Brjánslækjarkirkju. Fram kom að umboðsmaður hinnar kærðu neitaði að skrifa undir landamerkjaskrá Brjánslækjar en sr. Þorvaldur Jakobsson hefði, samkvæmt skipun stiftsyfirvalda, sent kæruskjal til sáttanefndarinnar. Eftir nokkrar umræður var málinu frestað þar til aðilar höfðu skoðað landið.⁸¹³

⁸⁰⁹ Skjal nr. 2(99).

⁸¹⁰ Skjal nr. 2(108).

⁸¹¹ Skjal nr. 2(285).

⁸¹² Skjal nr. 2(109).

⁸¹³ Skjal nr. 2(212).

Hinn 3. september 1891 fór fram sáttanefndarfundur hjá sáttanefnd Flateyjar- og Múlasáttaumdæmis. Tilefnið var að útkljá ágreining um takmörk skógarítaks Hagakirkju í landi Brjánslækjarkirkju. Ákveðið var að fresta málinu og gefa aðilum kost á að kynna sér betur gögn sem gætu haft þýðingu í málinu.⁸¹⁴

Hinn 4. september 1891 veitti Jófríður Guðmundson sr. Þorvaldi Jakobssyni í Haga fullt umboð til að innheimta gjöld Hagakirkju og af sínum jarðeignum. Þar á meðal var jörðin Hagi á Barðaströnd.⁸¹⁵ Sama dag skrifaði sr. Þorvaldur yfirlýsingu um að hann hefði tekið að sér að sjá um jarðeignir Jófríðar. Í yfirlýsingunni er skrá yfir jarðirnar, en þar kemur m.a. fram að dýrleiki Haga sé 40 hundruð að fornu en 41,4 hundruð að nýju og að byggingarbréf séu frá 9. nóvember 1889 og 10. júní 1890. Þá eru talin upp eftirfarandi ítök: hvalreki í Skjallandafossi, tollver og verstaða á Siglunesi, skógur í Vatnsdal, skógur í Trostansfirði og fleiri ítök og hús á Fossá.⁸¹⁶

Hinn 4. júlí 1892 ritaði sr. Þorvaldur Jakobsson til stiftsyfirvalda um ágreining um landamerki Brjánslækjar. Í bréfinu fjallar sr. Þorvaldur um ágreining um skógarítak Hagakirkju í landi Brjánslækjar, ágreining milli sín og eiganda bændaeignarinnar og hvernig bæði málin voru tekin fyrir hjá sáttanefnd en án niðurstöðu.⁸¹⁷ Bréfinu fylgdi ódagsettur uppdráttur af afstöðu örnefna í Vatnsdal.⁸¹⁸

Hinn 25. október 1892 skrifaði Sigurður Jensson til stiftsyfirvalda um ágreining um landamerki Brjánslækjar. Sigurður segir í bréfinu að allar líkur séu á að Hagakirkja eigi skógarítak milli Þingmannaár og Vatnsdalsár. Þá fjallaði Sigurður um ágreining milli sr. Þorvaldar og eiganda bændahlutans í Brjánslæk, en taldi líklegt að prestakallið gæti fengið bændahlutann keyptan.⁸¹⁹

Hinn 13. febrúar 1893 skrifaði Sigurður Jensson sr. Þorvaldi Jakobssyni og sagði frá bréfi stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi frá 20. janúar sama ár. Þar kemur fram það svar stiftsyfirvalda að sönnunarbyrðin vegna skógarítaks í Vatnsdal sé öll á eigendum Hagakirkju. Um ágreining um merkin milli bændahlutans og kirkjueignar Brjánslækjar, þá geti ekki verið um eiginlegt landamerkjамál að ræða þar sem um eina jörð sé að ræða. Hvort Moshlíð sé bændaeign eða eign Brjánslækjarkirkju, þurfi frekari skýrslu um, þ.e.a.s. hvort lögmæt landaskipti hafi farið fram á milli kirkjueignarinnar og bændahlutans í Brjánslæk. Sigurður bar þessi atriði undir sr. Þorvald og óskaði svara um hvort hann vissi nokkuð um landamerki Moshlíðar og hvort fram hefðu farið landskipti á landi Brjánslækjar.⁸²⁰

⁸¹⁴ Skjal nr. 2(214).

⁸¹⁵ Skjal nr. 2(104).

⁸¹⁶ Skjal nr. 2(105).

⁸¹⁷ Skjal nr. 2(317).

⁸¹⁸ Skjal nr. 2(318).

⁸¹⁹ Skjal nr. 2(319).

⁸²⁰ Skjal nr. 2(286).

Hinn 11. júlí 1894 afsalaði sr. Þorvaldur Jakobsson umboði sínu frá Jófríði Guðmundson frá 4. september 1891, um að hann tæki við gjöldum af eignum hennar og hefði eftirlit með þeim.⁸²¹

Hinn 6. nóvember 1894 sagði sr. Þorvaldur Jakobsson sig lausan frá ábyli sínu, 20,7 hundruðum að nýju mati í jörðinni Haga á Barðaströnd.⁸²²

Í minnisblaði eða uppkasti að bréfi stiftsyfirvalda frá 29. ágúst 1894 er fjallað um ágreining varðandi ítak Hagakirkju í Brjánslækjarlandi og ágreining milli prestssetursins og eigenda bændahlutans. Í lok skjalsins er fært inn að rétt sé að leiða ágreininginn til lykta með kaupum á bændahlutanum til handa prestakallinu fyrir 2.000 kr.⁸²³

Hinn 2. október 1906 sagði Jón Ólafsson sig lausan frá ábúð og afnotum hálftrar jarðarinnar Haga á Barðaströnd.⁸²⁴

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 er jörðin Hagi á Barðaströnd metin á 4.500 kr. en eigandi hennar og þeirra jarða sem taldar voru Hagakirkjueign var Hjálmar J. Guðmundsson.⁸²⁵

Í *Barðstrendingabók* frá 1942 segir að landareign Haga nái um hálfan Arnarbýlisdal og Hagadal. Fram úr honum gangi Vatnadalir.⁸²⁶ Þá segir einnig að jörðin Grænhóll, lítil en notagóð, sé stuttan spöl neðan við Haga og að beutiland hennar sé sameiginlegt með Haga.⁸²⁷

Hinn 3. júlí 1953 skrifaði Hákon Bjarnason skógræktarstjóri bréf til atvinnumálaráðuneytisins þar sem óskað var eftir því að ítökum yrði aflýst með vísun í V. kafla laga nr. 100 frá 14. maí 1940. Alls fylgdu 45 fylgiskjöl bréfinu. Í einu þeirra er fjallað um ítak Hagakirkju í landi Brjánslækjar og Trostansfjarðar.⁸²⁸

5.7.17.2 Flatey á Breiðafirði

Í máldaga Jónskirkju í Flatey, sem Þórarinn biskup Sigurðarson setti árið 1363, segir að kirkjan eigi 20 hundruð í heimalandi og Sandeyjar.⁸²⁹ Í máldaga Vilchins fyrir Flateyjarkirkju frá um 1397 koma fram sömu upplýsingar.⁸³⁰

Samkvæmt skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson frá 23. október 1467 eignaðist ekkja hans, Ólöf Loftsdóttir, jörðina Flatey á Breiðafirði með öllum þeim eyjum sem þar fylgdu.⁸³¹

⁸²¹ Skjal nr. 2(110).

⁸²² Skjal nr. 2(111).

⁸²³ Skjal nr. 2(236).

⁸²⁴ Skjal nr. 2(112).

⁸²⁵ Skjal nr. 2(84).

⁸²⁶ Pétur Jónsson, „Barðastrandarhreppur“, *Barðstrendingabók*, bls. 78; skjal H-3.

⁸²⁷ Pétur Jónsson, „Barðastrandarhreppur“, bls. 79–80; skjal H-3.

⁸²⁸ Skjal nr. 2(258).

⁸²⁹ Skjal nr. 4(56).

⁸³⁰ Skjal nr. 4(57).

⁸³¹ Skjal nr. 4(105), bls. 500. Sjá einnig skjal nr. 4(106), bls. 47.

Samkvæmt skiptabréfi eftir Ólöfu Loftsdóttur hinn 15. apríl 1480 eignaðist sonur hennar, Þorleifur Björnsson, jörðina Flatey á Breiðafirði með Stykkis- og Sandeyjum, Reykeyjum, Hrauneyjum og Hergilsey og öllum Flateyjarlöndum.⁸³²

Hinn 1. september 1536 lagði Ögmundur Pálsson biskup tolllaust skip í Oddbjarnarskeri til kirkjunnar undir Múla á Skálmarnesi.⁸³³

Hinn 6. september 1536 gaf Erlingur Gíslason vitnisburð um orð og samtal Ögmundar Pálssonar biskups og Teits Þorleifssonar um skipti milli Múlakirkju á Skálmarnesi og Flateyarkirkju þannig að kirkjan undir Múla skyldi hafa tolllaust skip í Oddbjarnarskeri, búðarstöðu, ver, garða og áttæring, en Flateyarkirkja hefði á móti skógarhögg í Múlakirkjuskógi, áttæring og eldivið.⁸³⁴

Hinn 18. júlí 1537 lagði Ögmundur Pálsson biskup í Skálholti kirkjunni undir Múla á Skálmarnesi tollfrí skip í Oddbjarnarskeri gegn því að Flateyarkirkja ætti áttæringar eða teinæringar farm árlega í skógi Teits bónda, sem lá nærri Flateyarkirkjuskógi.⁸³⁵

Í vitnisburði Halldórs Sveinssonar um máldaga Flateyarkirkju á Breiðafirði frá 10. apríl 1548 er m.a. fjallað um ítök Flateyarkirkju í Vatnsfirði á Barðaströnd. Vitnisburður Halldórs hljóðar svo:

So felldan vittnisburd ber ec Halldor Sueinsson at ec heyrde jon heitinn þorarinsson sem leinge var radzmadur j flatey þui opttlega lysa fyrir mier og maurgum audrum monnum at hann hefde optt og iduglega heyrtt lesin maldaga flateyarkirkju og so lika vel annara godra manna tal ath kirkian þar ætte vestare sandey og kirkiuklett en alldrei hafi hann það heyrtt ne uitad at henne hafi uerit oddbiarnarsker eignad ne so adrir holmar eda klackar. og ecki þar um bref giord edur maldaga lesin til gialldz edur gíafar, og sagdizt hann j flatey hafa verit vpp fæddur og þar radzmadur verit olafar lopttDottur. þorleifs biornssonar. einars brodur hans eptir hann. og nu med sidzta biarnar þorleifssonar. En það hefði hann heyrtt lesid at kirkian j flatey. ætti j uaztfirde skogarhaugg j mille reydarlæks og pennu j mille fiallz og fiuru. Somuleidiz heyrdæ ec hann og þui lysa ath fyrrgreind kirkia ætte og skogar haug j kellingarfiord j mille tueggia gilia sem kollud er(o) svartta gil og hann sagdizt opttlega hafa farit þangat sialfur j þenna skog og einginn viliad meina ne so j mote tala þo at hann uære hogguin kirkiunnar vegna. Hier eptir vil ec sueria ef þurfa þickir. Og til sanninda hier um setta ec mitt jncigle fyrir þetta uitnisburdarbref huert at skrifat uar æ reykiaholum a reykianese vm uorit þridiudagin eptir paskauiku arum eptir gudz burd M.º D.º xl.º og viij.⁸³⁶

Hinn 14. apríl 1548 vitnaði Oddur Skeggjason um eignir og ítök Flateyarkirkju á Breiðafirði. Í vitnisburðinu segir að kirkjan eigi Sandey vestari, Kirkjuklett, skógarhögg í Vatnsfirði milli Reiðarlæks og Pennu, milli fjalls og fjöru. Einnig segir að kirkjan eigi skógarhögg í Kerlingarfirði milli tveggja gilja sem kölluð eru Svörtugil.⁸³⁷

⁸³² Skjal nr. 4(108), bls. 256.

⁸³³ Skjal nr. 4(70).

⁸³⁴ Skjal nr. 4(71).

⁸³⁵ Skjal nr. 4(72).

⁸³⁶ Skjal nr. 4(58).

⁸³⁷ Skjal nr. 4(59).

Hinn 19. september 1558 staðfesti sjöttardómur, sem kvaddur hafði verið af sr. Jóni Þorleifssyni, prófasti í Barðastrandarsýslu, skipan Ögmundar Pálssonar biskups frá 1. september 1536 um skipti milli Múlakirkju á Skálmarnesi og Flateyjarkirkju.⁸³⁸

Árið 1558 andmælti Jón Björnsson, bóndi í Flatey, skipan Ögmundar Pálssonar biskups um tolllaust uppsátur Múlakirkju í Oddbjarnarskeri.⁸³⁹

Hinn 28. júlí 1565 kvittaði Gísli biskup Jónsson Jón Björnsson bónda um reiknings-skap Flateyjarkirkju.⁸⁴⁰

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir um Flateyjarkirkju:

Kirkian í Flatey a .xL°. í heimalande.

Item skogarpartt í Vatzfirde mille Reijdarlæks og Penna.

Item annann skogarpartt í Kiellingarfirde. mille tueggia gilia. sem kollud eru Suartagil.

Item Oddbiarnarskier.

Item Sandeyiar og Kirkiuklett.⁸⁴¹

Hinn 1. september 1590 vottaði Oddur Einarsson, superintendens Skálholtsstiftis, að hann hafi séð og yfirlesið bréf Ögmundar biskups Pálssonar um Múlakirkju á Skálmarnesi, þ.e. að Flateyjarkirkja ætti skógarhögg í Múlakirkjuskógi fyrir búðarstöðu í Oddbjarnarskeri.⁸⁴²

Hinn 19. júlí 1600 afhenti Jón Björnsson Finni syni sínum jörðina Flatey. Jón vildi einnig að skorið yrði úr um hvort forfeður hans hefðu gefið samþykki fyrir tolllaust skip Múlakirkju í Oddbjarnarskeri og annars staðar í Flateyjarkirkjulöndum.⁸⁴³

Hinn 22. júní 1621 vottaði Finnur Jónsson að hann hefði gefið syni sínum, Jóni Finnssyni, 40 hundruð í fasteign til réttra erfðaskipta á móts við systkini hans. Þetta voru 20 hundruð í Flatey á Breiðafirði og þau 20 hundruð í jörðum, sem Finnur hafði áður keypt að syni sínum, sr. Torfa, fyrir 20 hundruð í áðurgreindri jörð, Flatey. Í bréfinu segir enn fremur: „En með því mér þykja þau 20 hndr. í Flatey ábatameiri vera heldur en *Nes* og *Kirkjuból*, sem ég við tók, þá skil ég það til við minn áðurgreindan son, Torfa, að hann skuli láta sér það lynda og líka í árlega inntekt af fyrrgreindum 20 hndr. í Flatey, sem Jón Finnsson vill eftir sinni sjálfssannsýni honum gjalda, ef honum auðnast þennan part að brúka.“⁸⁴⁴

Hinn 20. apríl 1643 fór fram gjörningur milli Jóns Finnssonar og Jóns Torfasonar um 20 hundruð í jörðinni Flatey á Breiðafirði. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.⁸⁴⁵

Í biskupsvísitasíu um Flateyjarkirkju frá 5. september 1647 segir m.a. eftirfarandi:

⁸³⁸ Skjal nr. 4(73).

⁸³⁹ Skjal nr. 4(74).

⁸⁴⁰ Skjal nr. 4(60).

⁸⁴¹ Skjal nr. 4(61).

⁸⁴² *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 108; skjal H-23.

⁸⁴³ Skjal nr. 2(250).

⁸⁴⁴ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 112–113; skjal H-23.

⁸⁴⁵ Skjal nr. 2(396).

Item a kirkjann Skogar Partt i Vatzfjörde millum Rejdarlækz og Pennu annann Skogarpartt i kerlingarfjörde milum gilia tueggia er kollud eru suerttugil⁸⁴⁶

Hinn 25. apríl 1688 fór fram gjörningur milli bræðranna Tómasar, Finns og Loftssóna um 20 hundruð sem þeim voru fallin til erfða eftir föður þeirra, Jón Finnsson. Í fyrstu skyldi Tómas fá 10 hundruð í Flatey og lofaði hann að taka þau fyrir 15 hundruð í öðrum landjörðum, sem faðir þeirra hafði látið eftir sig. Í annan máta var fyrirskilið og játað af þeim bræðrum, að Loftur haldi öðrum 10 hundruðum í Flatey með sama skilmála og Tómas. En Finnur eignaðist 12 hundruð, þ.e. Kirkjuból í Skálmarnesmúla-kirkjusókn, og hálfa jörðina Munaðstungu í Reykhólakirkjusókn, fjögur hundruð að dýrleika. Bræðurnir Tómas og Loftur lofuðu að vera í öllu forsvari, að Finnur myndi halda þessum 16 hundruðum átölulaust fyrir systur sínum og forsvarsmönnum þeirra. Einnig fyrirskildi Finnur, að hann mætti brúka tollver í Flatey frír og án alls eftirgjalds fyrir sjálfan sig, skip sitt og vinnuhjú alla lífdaga sína.⁸⁴⁷

Samkvæmt kaupmálabréfi sr. Halldórs Torfasonar og Þuríðar Sæmundsdóttur frá 1. október 1695, tilsagði Eggert Sæmundsson vegna Þuríðar systur sínar fjölmargar fasteignir, þeirra á meðal 30 hundruð í Flatey á Breiðafirði.⁸⁴⁸

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Eyjahrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Flatey á Breiðafirði:

Flatey lxxx hndr. Bóndaeignin.

Þar er alkirkja, hvar að embættast á eftir máldögum (segja eignarmenn) tvo parta móts við Múla á Skálmarnesi, en nú er þar sjaldnar embættað, sökum torfelds vegar, helst á vetur. Kirkjan segist að eiga í heimalandi xl hndr., sem eru fyrir utan hin lxxx hndr. Þar fyrir utan Sandeyjar og Kirkjuklettur.

Bóndahlutans eignarmenn eru: Guðríður Torfadóttir, kvinna Sr. Gunnars Pálssonar í Stafholti, að xxx hndr. Þuríður Sæmundsdóttir, kvinna Sr. Halldórs Torfasonar í Bæ, að xxx hndr. Loftur Jónsson að x hndr. Björn Tumasar Jónssonar að x hndr.

I heimabænum á eyjunni búa: Torfi Jónsson á xvij hndr. af parti Guðríðar Torfadóttur. Guðríður Magnúsdóttir á v hndr., Ögmundur Bjarnason á v hndr. af sínum parti. Guðrún Ögmundardóttir á x hndr., sem er hennar barna partur.

[...]

Fyrir utan heimabæinn eru á eyjunni býli. Þar búa, á þeim partinum, er Guðríður Torfadóttir á: Þorleifur Þórðarson á iij hndr., Einar Jónsson á iij hndr., Einar Snæbjörnsson á iij hndr., Guðrún Árnadóttir á v hndr.

[...]

Á parti Þuríðar Sæmundardóttur búa Þorleikur Ólafsson á v hndr., Þorleifur Guðmundsson á iij hndr., Bárður Bjarnason á iij hndr., Ólafur Jónsson á iij hndr., Einar Jónsson á iij hndr.

[...]

Á parti Loftssónar Þorvarður Einarsson á iij hndr., Páll Einarsson á iij hndr.

[...]

⁸⁴⁶ Skjal nr. 2(141).

⁸⁴⁷ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 139–140; skjal H-23.

⁸⁴⁸ *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 145; skjal H-23.

Flatey hefur yfir máta stórt tún. Eggver er þar rjett gott, en hefur þó verið betra. Selveiði vor og vetur mikil, ef aðdugað væri. Reki (viðar og hvala) gagnlegur, þá til vill. Sölvafjara gagnleg bæði fyrir menn og kvikfjænað. Hrognkelsaveiði hefur verið, legst mjög frá. Skelfiskatekja nokkurs verð ef brúkuð væri. Fjörugrös so mikil að nýtast kunna. Hvannir hafa þar miklar verið, nú litlar. Hlunninda þessara njóta heima- og smábændur, eftir því sem hver einn sig þar eftir hefur, fráteknum eggveri og selveiði. Það skiftist að jafnaði hvertveggja milli allra heima- og smábúendanna, eftir jarðarmagni. Nætur til selveiði tilleggja landsdrottinn og umboðsmaður Sr. Halldórs. Ítem skip til selaveiða og eggjaleita, og þetta betalingslaust af leiguliðum. Dún allur skiftist að jafnaði milli landsdrottinna, og kemur ei til leiguliða. Hjer á mót fellur niður hjá leiguliðum kirkjutíund og ljóstollur fyrir dúninn.

A meðal Flateyjar landa er Hergilsey, sem bygð hefur verið til forna, en nú selstaða úr Flatey. Kann ei missast frá Flatey, selstöðunnar vegna.

Af bráðasótt deyr fje jafnlega í nokkrum af Flateyjar löndum.

Hreppamannaflutningur mjög óhægur, og á vetrum oft ótækur, í Bjarneyjar, 2 vikur sjóar.

Kúataði og þangi er brent í Flatey. Móskurður er þar enginn.

Þurar búðir hafa heima í Flatey nokkrar verið, og þar í ársvistar menn. Þær eru nú (síðan fiskiríð brást) eyðilagðar.

Verstaða hefur verið í Flatey, meðan fiskaðist. Nú legst fiskur þar frá til djúpa. Þá var þar ½ vættar tollur.

[...]

Í Flatey partur.

Jarðardýrleiki iij hndr.

Jarðareigandinn Torfi Jónsson.

Ábúandinn Þorleifur Þórðarson.

[...]

Egg og selveiði hefur ábúandi til jafnaðar eftir proportion (dún hefur hann öngvan), en landsdrottinn leggur til skip og nætur til eggjaleita og selveiði, betalingslaust, nema kirkjutíund og ljóstollur fellur niður.

Eina ey hafa landsdrottinnar, fyrir utan skifti, til slægna, en um egg og dún ut supra.⁸⁴⁹

Í biskupsvísitasíu um Flateyjarkirkju frá 1. september 1710 segir hið sama um eignir og ítök kirkjunnar og í biskupsvísitasíu frá 5. september 1647.⁸⁵⁰

Í portionsreikningi um Flateyjarkirkju frá 26. apríl 1728 segir hið sama og í biskupsvísitasíum sem fyrr er getið, þ.e. að kirkja eigi skógarpart í Vatnsfirði milli Rauðalæks og Pennuár og annan skógarpart í Kerlingarfirði, milli tveggja gilja sem kölluð eru Svörtugil.⁸⁵¹

Í brauðmati fyrir Flateyjarkirkju árið 1744 segir að kirkjan eigi svo mikið í heimalandi sem sé bóndaeign, eða 40 hundruð. Fram kemur að biskupsvísitasíur telji sumar það vera 20 hundruð að dýrleika.⁸⁵²

⁸⁴⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 237–242; skjal H-2.

⁸⁵⁰ Skjal nr. 2(142).

⁸⁵¹ Skjal nr. 2(143).

⁸⁵² Skjal nr. 2(307).

Hinn 17. ágúst 1760 seldi sr. Eggert Ormsson Boga Benediktssyni 10 hundruð í höfuðbólínu Flatey á Breiðafirði. Kaupbréfið var upplestið við lögbingsrétt að Öxará 17. júlí 1773.⁸⁵³

Í biskupsvísitasíu um Flateyjarkirkju frá 29. október 1761 segir hið sama og í fyrri biskupsvísitasíum um eignir og ítök.⁸⁵⁴

Við manntalsþing í Svefneyjum 29. maí 1778 var tekið fyrir beitarmál í Langeyjum þar sem fé hafði skemmt hey frá sr. Markúsi Snæbjörnssyni. Leiguliðar töldu sig hafa rétt til beitarrinnar en buðust til að borga skaðann.⁸⁵⁵ Dæmt var í málinu 27. júní 1778, en Pétur Eyjólfsson, Bjarni Stefánsson, Þorsteinn Einarsson og Jón Einarsson voru dæmdir til að greiða sr. Markúsi Snæbjörnssyni bætur vegna beitar án hans leyfis.⁸⁵⁶

Í prófastsvísitasíu um Flateyjarkirkju frá 19. október 1785 segir að kirkjan í Flatey eigi 20 hundruð í Flatey, 20 hundruð í Hergilsey, Sandeyjar, Kirkjuklett, Oddbjarnarsker. Þá segir einnig að hún eigi skógarpart í Vatnsfirði milli Reiðarlæks og Pennuár og annan skógarpart í Kerlingarfirði, milli tveggja gilja sem séu kölluð Svörtugil.⁸⁵⁷ Í prófastsvísitasíu um Flateyjarkirkju frá 4. júní 1809 koma sömu upplýsingar fram.⁸⁵⁸

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Flateyjar á Breiðafirði metinn 40 hundruð en eigendur jarðarinnar voru Flateyjarkirkja að hálfu en hinn helmingurinn tilheyrði Kristínu Markúsdóttur á Vatnsfirði, sr. Eggert Guðmundssyni á Gilsbakka, Eggert Ólafssyni, Jóni Eggertssyni á Hergilsey og ábúandanum Eiríki Kúld faktor. Fram kemur að skarfakál nýtist í Hvallátrum á Breiðafirði.⁸⁵⁹

Hinn 30. júlí 1809 ályktuðu Þorkell Gunnlaugsson, í umboði Guðmundar Schevings sýslumanns, sr. Jón Ormsson prófastur, Þorlákur Grímsson hreppstjóri og Eyjólfur Einarsson, í samræmi við reskript frá 18. apríl 1761, að sóknarprestur Flateyjar- og Múlasafnaða skyldi hafa 10 hundruð í jörðinni Flatey, þ.e. eign sr. Eggerts Guðmundssonar, sem varanlega bújörð.⁸⁶⁰

Hinn 31. ágúst 1819 fór fram sáttafundur hjá sáttanefnd Eyjahrepps um eignarrétt á 10 hundruðum í Flatey. Guðmundur Scheving kaupmaður, fyrir hönd konu sinnar Halldóru Benediksdóttur, lýsti brigðum á 10 hundruðum Eiríks P. Kúld í jörðinni Flatey. Málið endaði með sátt þannig að Eiríkur lofaði m.a. að byggja þeim hjónum nefnd 10 hundruð, þ.e. Garða og Fjósakot.⁸⁶¹

Við manntalsþing í Svefneyjum 23. júní 1846 var upplestið byggingarbréf, dagsett 9. nóvember 1839, hvar Halldóra Benediktsen byggði Brynjólfi Benediktsen kaupmanni 10 hundruð í bóndaeign Flateyjar ásamt tilheyrandi kirkjueign, svokölluð Innsta-

⁸⁵³ Skjal nr. 2(397).

⁸⁵⁴ Skjal nr. 2(144).

⁸⁵⁵ Skjal nr. 2(202).

⁸⁵⁶ Skjal nr. 2(203).

⁸⁵⁷ Skjal nr. 2(308).

⁸⁵⁸ Skjal nr. 2(309).

⁸⁵⁹ Skjal nr. 2(403).

⁸⁶⁰ Skjal nr. 2(310).

⁸⁶¹ Skjal nr. 2(215).

Bæjarhundruð.⁸⁶² Við sama manntalsþing var friðlýstur allur Eyjahreppur til ystu takmarka og bönnuð öll selaskot í og við varpeyjar.⁸⁶³

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Flatey metin 80 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálgrein kemur fram að Árni Magnússon telur að kirkjan eigi 40 hundruð af heimajörðinni, auk þeirra hér töldu 80 hundruða og enn fremur Sandey og Kirkjuklett. Nú sé eyjan öll 40 hundruð að dýrleika og þar af helmingur eign kirkjunnar.⁸⁶⁴

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er fjallað um átta prestaköll í Barðastrandarsýslu. Eitt þeirra er Flatey á Breiðafirði. Þar kemur ekkert fram um afmörkun eða ítök.⁸⁶⁵

Í ódagsettri lýsingu, eigna- og ítakaskrá frá miðri nítjándu öld, segir m.a. að meðal fasteigna Flateyjarkirkju séu 40 hundruð í heimalandi og meðal ítaka séu annars vegar skógarpartur í Vatnsfirði, inn frá Þverá milli Reiðarlæks og Pennár, hins vegar annars skógarpartur í Kerlingarfirði milli tveggja gilja sem kallist Svörtugil.⁸⁶⁶

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 er ekki fjallað um dýrleika Flateyjar á Breiðafirði.⁸⁶⁷ Í jarðamatsbók yfir verðlag vegna jarðamatsins er jörðin Flatey metin á 2.050 ríkisbankadali.⁸⁶⁸

Við manntalsþing í Svefneyjum 21. júní 1850 friðlýsti sr. Eiríkur Kúld eignum sínum í Eyjahreppi, þar á meðal í Flatey og eignum prófastsins Ólafs Sívertsens.⁸⁶⁹

Hinn 7. september 1860 fór fram afhending á Flateyjarkirkju frá erfingjum sr. Ólafs Sívertsens til sr. Guðjóns Hálfðanarsonar. Þau 10 hundruð í Flatey, sem Flateyjarprestur skyldi hafa til ábýlis samkvæmt ályktun frá 3. júlí 1809, voru ekki afhent.⁸⁷⁰

Í fasteignamati Austur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 er dýrleiki Flateyjar á Breiðafirði metinn 119,6 hundruð að nýju mati. Eigendur jarðarinnar voru sr. Sigurður Jensson og Magnús Sæbjörnsson læknir að 1/4 hluta hvor, Jónína Eyjólfsdóttir, Jón Sigurðsson í Flatey og P.J. Thorsteinsson í Reykjavík að 1/8 hluta hvert og Guðmundur Bergsteinsson kaupmaður og G.S. Thorsteinsson í Kaupmannahöfn að 1/16 hluta hvor. Fram kemur að landamerki séu hrein nema á eina hlið milli Flateyjar og Hergilseyjar hafi þau ekki verið samþykkt eða þinglesin. Um ítök segir m.a. að hálf írekstrar selveiði sé í Oddbjarnarskeri og hálfur hvalreki í Hergilsey. Þá eigi Hergilsey rétt til hálfs hvalreka í Flatey. Loks er jörðin metin á 6.400 kr., þ.e. grasnytjar, garðrækt, hlunnindi, umbætur og sérstök hlunnindi.⁸⁷¹

⁸⁶² Skjal nr. 2(204).

⁸⁶³ Skjal nr. 2(205).

⁸⁶⁴ Skjal nr. 4(1), bls. 179.

⁸⁶⁵ Skjal nr. 4(1), bls. 189.

⁸⁶⁶ Skjal nr. 2(311).

⁸⁶⁷ Skjal nr. 2(404).

⁸⁶⁸ Skjal nr. 2(405).

⁸⁶⁹ Skjal nr. 2(206).

⁸⁷⁰ Skjal nr. 2(312).

⁸⁷¹ Skjal nr. 2(406).

Hinn 3. júlí 1953 skrifaði Hákon Bjarnason skógræktarstjóri bréf til atvinnumálaráðuneytisins þar sem óskað var eftir því að ítökum yrði aflýst með vísun í V. kafla laga nr. 100 frá 14. maí 1940. Alls fylgdu 45 fylgiskjöl bréfinu. Í einu þeirra er fjallað um ítak Flateyjarkirkju í landi Brjánslækjar.⁸⁷²

⁸⁷² Skjal nr. 2(258).

6 SJÓNARMÍÐ AÐILA

6.1 Íslenska ríkið

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því, hvað varðar þjóðlendukröfur í Barðastrandarsýslum, að þau svæði sem eru innan þjóðlendukröfulína teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við afmörkun þjóðlendukrafnanna séu heimildir um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, og önnur atriði sem nánar verður greint frá hér á eftir. Að öðru leyti er af hálfu íslenska ríkisins vísað til almennra sjónarmiða sem gildi í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til *Almennra niðurstaða óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar eru á vefsíðu nefndarinnar.

Hvað varðar sérstaklega kröfusvæðið Auðshaugsland er af hálfu íslenska ríkisins á því byggt að það sé landsvæði sem hafi ekki verið og sé ekki undirorpið beinum eignarrétti. Af fyrirbyggjandi heimildum verði ekki annað ráðið en Auðshaugsland hafi einungis verið nýtt með takmörkuðum hætti, sem afréttarland jarðarinnar Auðshaugs. Í *Jarðabók* Árna og Páls segi m.a. um Auðshaug að jörðinni eigi „vi hndr. land í Kjálkafirði, fyrir framan Auðnir“ og svo sé þar lýst skógi, slægjum og selstöðu. Í jarðamati 1849–1850 sé einnig vísað til þess að Auðshaugur eigi landrými en „sumt af því liggur handan fyrir Auðnaland“. Í sóknarlýsingu Brjánslækjar- og Hagasókna frá 22. ágúst 1840 komi fram að Auðshaugur eigi „selstöðu inn í Kjálkafirði“.

Þá bendi fyrirbyggjandi heimildir til þess að réttur Auðshaugs til nýtingar svæðisins hafi ekki verið óumdeildur en um það er af hálfu ríkisins vísað til þess að lögfestu Ólafs og Magnúsar Erlendssona, sem upplestin var á manntalsþingi þann 2. júlí 1811, fyrir landssvæði í Kjálkafirði sem tilheyra ætti Auðshaugi, hafi verið mótmælt af Þorkeli Gunnlaugssyni, eiganda Litlaness hvað varðaði „þrætupart“ í Kjálkafirði. Telur íslenska ríkið að ágreiningur hafi verið uppi um heimildir til nýtingar landsvæðis og eignarhald í Kjálkafirði.

Af hálfu íslenska ríkisins er bent á að Auðshaugsland sé aðskilið frá landi jarðarinnar Auðshaugs, sem kalli til réttinda þar, en jörðin Auðnar liggi þar á milli. Sameiginlegt landamerkjabréf hafi verið gert fyrir jarðirnar Auðshaug og Auðna, dags. 10. maí 1889. Í því sambandi er af hálfu ríkisins bent á að jarðirnar Auðshaugur og Auðnar (fyrst getið í mál daga 1377) séu tvær sjálfstæðar jarðir en hafi hins vegar verið í eigu sama aðila, Jóns Guðmundssonar í Flatey, sem hafi byggt jarðirnar Jóni Þórðarsyni með byggingarbréfi í september 1886. Í landamerkjabréfinu sé landamerkjum beggja jarða lýst, og svo segi eftir lýsingu merkja jarðarinnar Auðna „[þ]á tekur aptur við Auðshaugsland frá ofansögðum merkjum og allt að Skiptá; ræður hún frá sjó og allt til fjalls svo langt sem vötnum hallar og skilur Auðshaugsland frá Litlanesi í Múlasveit; heyrir þannig allur Kollafjörður að innanverðu undir Auðshaug eptir fyrsögðu“.

Að mati íslenska ríkisins bendi fyrirbyggjandi heimildir ekki til þess að hið svokallaða Auðshaugsland hafi verið eða sé undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert bendi til þess að landsvæðið hafi upphaflega verið hluti jarðarinnar Auðshaugs, þó eigendur Auðshaugs

kunni að hafa átt einhver frekari réttindi en aðrir á landsvæðinu. Jörðin Auðnar skilji landsvæðið frá heimajörðinni Auðshaugi. Þá bendi fyrirbyggjandi heimildir ekki til annars en að landsvæðið hafi aðeins verið nýtt með takmörkuðum hætti, svo sem til selstöðu en þess sé fyrst getið í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 að jörðin Auðshaugur teldi til réttinda á svæðinu. Í sameiginlegu landamerkjabréfi Auðshaus og Auðna frá 10. maí 1889 sé Auðshauslandi jafnframt lýst sérstaklega en ekki sem hluta jarðarinnar.

Við afmörkun kröfulínu ríkisins á svonefndu Auðshauslandi hafi fyrst og fremst verið stuðst við lýsingu á Auðshauslandi í sameiginlegu landamerkjabréfi jarðanna Auðshaus og Auðna frá 10. maí 1889. Jafnframt landamerkjabréf fyrir jarðirnar Litlanes í Kjálkafirði, sem sé aðliggjandi til suðurs, og Fjörð og Kirkjuból í Kerlingarfirði, sem séu þó ekki aðliggjandi. Enn fremur hafi verið horft til afmörkunar á kröfusvæðinu sem nefnt er Vatnsfjörður í máli þessu og kröfusvæðinu sem nefnt er Skálmardalsheiði í máli nr. 3/2020, sem séu aðliggjandi til vesturs og austurs.

Hvað varðar sérstaklega kröfusvæðið Vatnsfjörð, eins og það er nefnt og afmarkað í kröfugerð ríkisins, tekur íslenska ríkið fram að Ríkiseignir og ábúendur jarðarinnar Brjánslækjar geri athugasemdir við umfang kröfu íslenska ríkisins, sem m.a. nái inn á landsvæði sem nefnt hafi verið „Brjánslækjartorfa“. Í athugasemdunum komi fram að þar sé að finna fjórar sumarhúsaloðir, sem stofnaðar hafi verið „úr landi Brjánslækjar“. Þá nái krafan einnig til lands Brjánslækjar sem nefnt sé Hjallar, milli jarðanna Þverár og Hellu, þar sem einnig hafi verið stofnuð stór lóð undir orlofshúsabyggð.

Af hálfu íslenska ríkisins er þess getið að við gerð kröfulýsingar hafi takmarkaðra heimilda notið við um kröfusvæðið og af heimildum um landnám hafi ekki verið talið ljóst að svæðið hefði verið numið til fullrar eignar. Þó hafi verið talið ljóst, með hliðsjón af heimildum sem lágu fyrir, að landsvæðin Brjánslækjartorfa, Uppsafir, Vatnsdalsbakkar og Vatnsfjörður féllu innan kröfusvæðis ríkisins. Engar heimildir hafi legið fyrir um afmörkun á jörðinni Brjánslæk og aðrar heimildir hafi ekki gefið til kynna afmörkun jarðarinnar. Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins hafi verið sett fram með fyrirbyggjandi hætti í ljósi þessa.

Við afmörkun kröfulínu íslenska ríkisins hafi fyrst og fremst verið miðað við afmörkun á friðlandi í Vatnsfirði í auglýsingu nr. 96/1975 um friðlandið, sem samþykkt var í menntamálaráðuneytinu 25. mars 1975. Innan kröfulínu sé síðan jafnframt svæði sem nefnt sé Brjánslækjartorfa og liggi vestan við friðlandið samkvæmt framangreindri auglýsingu. Við afmörkun þess svæðis hafi verið horft til landamerkjabréfa fyrir jörðina Vaðal (Efri- og Neðri-Vaðal) sem sé aðliggjandi til vesturs. Að öðru leyti styðjist afmörkun þess svæðis sem nefnt sé Brjánslækjartorfa við þær takmörkuðu lýsingar sem fundist hafi á landamerkjum jarða í eigu Brjánslækjarkirkju í suðvestanverðum Vatnsfirði. Við afmörkun kröfulínunnar hafi verið tekið tillit til þess að innan afmörkunar friðlandsins falli jarðirnar Þverá og Hella í Vatnsfirði, eins og þeim sé lýst í landamerkjabréfum jarðanna. Kröfulínunni sé því lýst þannig að Þverá og Hella falli

þar utan, með því að svæði milli Eiðisár og Pennu annars vegar og á milli Grenjadalsár og Þverár hins vegar (frá ósum að upptökum) falli utan kröfulýsingar. Innan kröfulínu falli svæðið Uppsalið, sem hafi verið jörð sem lagðist í eyði en afmörkun hennar sé óþekkt. Ekki hafi fundist landamerkjabréf eða aðrar ritaðar heimildir um landamerki Uppsala. Eins hafi við gerð kröfulýsingar ekki fundist landamerkjabréf eða aðrar ritaðar heimildir um Brjánslæk, sem gæfu til kynna að svæði innan kröfulínu teldist til eignarlands. Þrátt fyrir að í auglýsingu nr. 96/1975 um friðland í Vatnsfirði sé vísað til landamerkja Brjánslækjar og landa Brjánslækjar og Uppsala sé því litið svo á að svæðið, eins og það sé afmarkað af kröfulínu ríkisins, sé ekki innan eignarlanda. Við afmörkun kröfulínunnar hafi enn fremur verið horft til afmörkunar á kröfulínu vegna Auðshaugslands í máli þessu og vegna kröfusvæðisins Skálmardalsheiðar í máli nr. 3/2020, sem séu aðliggjandi til austurs. Þá hafi verið horft til landamerkjabréfa fyrir jarðirnar Auðna, Auðshaug og Fossá á Hjarðarnesi í Kjálkafirði og Vatnsfirði. Um austur- og suðurmörk á Hjarðarnesi er því vísað til umfjöllunar um kröfusvæðið Auðshaugsland að framan.

Til þess er vísað af hálfu íslenska ríkisins að í skrá yfir eignir Guðmundar Arasonar á Reykhólum frá 1446 séu nefndar jörðin Brjánslækur og m.a. Fossá, Hella, Hlíð og Þverá sem „lágu undir til byggingar“. Í vitnisburði manna 1467 sé vísað til Brjánslækjar og „lækjareigna“ og þar með „allan Vatnsdal“ fyrir utan ítök þau sem almenningur vissi að aðrir ættu. Í fyrirliggjandi máldögum Brjánslækjarkirkju, þeim elsta frá 1532, segi m.a. um eignir kirkjunnar: „kirkjan á heimaland halfft og halfa Eingey. jarðernar Hlijd og Þverä. halfan Peningsdal. Uppsale og Vatzdal með skogie og haga nedan frä Eidsä og Þingmannaä ä gellidneitatungur. so langt sem skoge er vaxed. utan skog i ärmötum mille Þingmanaär og Lambagilia. er kyrkian i Haga ä.“ Að mati íslenska ríkisins verður ráðið af upptalningu þessari að kirkjan hafi átt bæði bein og óbein eignarréttindi. Kirkjan hafi þannig átt beinan eignarrétt að hálfu heimalandi og Engey, auk þess sem kirkjan hafi átt jarðirnar Hlíð og Þverá. Önnur réttindi sem talin séu upp, þ.e. hálfur Peningsdalur, Uppsalið og Vatnsdalur með skógi og haga, hafi hins vegar verið takmörkuð, þ.e. kirkjan hafi þar einungis átt óbein eignarréttindi. Landsvæðin Peningsdalur, Uppsalið og Vatnsdalur séu í botni Vatnsfjarðar, aðskilin jörðinni Brjánslæk, m.a. af jörðinni Þverá, sem þó hafi verið í eigu Brjánslækjarkirkju. Þá bendi heimildir, að mati íslenska ríkisins, ekki til þess að svæði þessi hafi verið sjálfstæðar jarðir eða hluti jarða og undirorpin beinum eignarrétti.

Með samningi árið 1617 hafi „Uppsalaland“ verið lagt til jarðanna Þverár og Hellu, sem „beri þau höpp upp á Uppsalareka, sem landsdrottni með lögum tilheyrá“. Í *Jarðabók* Árna og Páls segi um jörðina Fossá að á milli hennar og Brjánslækjar hafi verið kot sem kallað hafi verið Uppsalið en það sé í eyði og hafi verið í 1x ár. Kotið sé kirkjueign frá Brjánslæk. Hvað varðar afmörkun landsvæðisins Uppsalalands liggi einungis fyrir hver landamerki Uppsala og Fossár séu, en landamerkjabréf hafi verið gert milli þeirra jarða 11. ágúst 1851. Þar komi fram lýsing frá skeri í sjó upp að brún sunnanvert við

Auðnaöxl, Fossá á fjalli skilji þær þannig að, og Fossá tilheyri land það allt sem vötnum veiti til suðurs en Uppsölum og Þingmannadal hitt sem í norður og útnorður halli. Ekkert landamerkjabréf á grundvelli laga nr. 5/1882 sé að finna fyrir Uppsali en í landamerkjabréfi Fossár dags. 21. maí 1889 sé vísað til fyrrgreindrar lýsingar á milli jarðanna í landamerkjabréfinu frá 1851. Landamerkjabréfið hafi undirritað Þorvaldur Jakobsson fyrir Uppsali og Brjánslæk.

Að mati íslenska ríkisins liggur þannig ekki fyrir að landsvæðið Uppsali hafi verið undirorpið beinum eignarrétti, heldur hafi einungis verið um að ræða landsvæði í eigu Brjánslækjarkirkju, aðskilið heimajörð og almennt nýtt með takmörkuðum hætti. Á það er einnig bent, þessu til stuðnings, að einungis liggi fyrir heimildir um skammvinna búsetu á Uppsölum á árabílinu 1855–1880 (samkvæmt manntalsvef ÞÍ, 1855, 1860, 187 og 1880) án þess þó að fyrir liggi hvort um samfellda búsetu hafi verið að ræða, en ekki séu sömu aðilar skráðir í hverju manntali.

Þá telur íslenska ríkið að fyrirliggjandi heimildir bendi ekki til þess að jarðirnar, sem upp voru taldar meðal eigna Guðmundar Arasonar 1446, og liggja að kröfufvæðinu, sem og Uppsali og Vatnsdalur, hafi verið hluti jarðarinnar Brjánslækur í öndverðu. Þvert á móti bendi heimildir til þess að jarðirnar hafi verið sjálfstæðar en í eigu Guðmundar Arasonar og/eða Brjánslækjar. Landsvæðið innan kröfufvæðis íslenska ríkisins, m.a. Uppsali og Vatnsdalur, hafi hins vegar verið svæði sem ekki hafi verið undirorpin beinum eignarrétti heldur hafi verið til takmarkaðra nota Brjánslækjarkirkju, sem og annarra, þó kirkjan kunni að hafa átt þar meiri réttindi en aðrir. Kirkjan í Haga á Barðaströnd virðist þó einnig hafa átt þar meiri réttindi en aðrir, til raftviðarskógar. Þá hafi kirkjan í Flatey einnig átt réttindi á svæðinu.

Í þessu sambandi er af hálfu íslenska ríkisins vísað til umfjöllunar í *Jarðabók Árna* og Páls um nýtingu skógar í Vatnsdal, „kirkjunnar landi“, sem og til umfjöllunar í sóknalýsingu 1840 þar sem fjallað sé um skógana, sem og afrétt í Vatnsdal sem heyri undir Brjánslæk. Þá er einnig vísað til skráningar sýslumanns í Feigsdal hinn 13. nóvember 1829 vegna ágreinings milli eigenda Brjánslækjar og Moshlíðar um marsvínareka. Í skráningunni sé landamerkjum Brjánslækjar og Moshlíðar lýst, en auk þess komi fram að jarðirnar Hella og Þverá liggi „hinum megin við Brjánslæk“. Að mati íslenska ríkisins bendir þetta orðalag skráningarinnar til þess að land Brjánslækjar hafi ekki náð lengra norður en í nyrsta lagi til Þverár.

Af hálfu íslenska ríkisins er þess getið að við meðferð málsins hafi komið í leitirnar landamerkjabréf milli kirkju og staðar á Brjánslæk, dagsett 1. júlí 1855. Að mati íslenska ríkisins verði við mat á gildi bréfsins að líta til þess að fyrirliggjandi heimildir bendi til þess að mikil óvissa virðist hafa verið uppi um jarðamál Brjánslækjar en hún hafi einkum lotið að því hvort uppfyllt væru skilyrði til að Brjánslækur gæti talist að fullu prestssetur. Landamerkjabréfið hafi verið gert á milli kirkju og staðar, undirritað af Benedikt Þórðarsyni einum og ekki samþykkt af neinum utanaðkomandi. Í því er að mati íslenska ríkisins lýst heimalandi Brjánslækjar, jörðum í Brjánslækjarlandi, sem og

svæðum þar sem Brjánslækur átti óbein eignarréttindi. Síðar, eða um 1890, hafi þó komið í ljós að enn væri ágreiningur um eignarhald og réttindi annars vegar kirkju og hins vegar bændaeignar. Íslenska ríkið telji þannig ljóst að landamerki eignarlands Brjánslækjar séu með öllu óljós.

Með vísan til framangreinds telji íslenska ríkið því ekki forsendur til að breyta kröfugerð sinni á svæðinu, þar sem enn sé með öllu óljóst hver afmörkun eignarlands Brjánslækjar sé, og þannig mörk eignarlands og þjóðlendu. Einhliða gert landamerkjabréf eins og það sé sett fram, geti ekki talist fullnægjandi sönnun fyrir afmörkun landamerkja jarðarinnar Brjánslækjar.

Um lagarök er af hálfu íslenska ríkisins fyrst og fremst vísað til þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Þá er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og meginreglum um eignarráð fasteignareigenda, almennum reglum samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga, nr. 46/1905. Þá er vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

6.2 Gagnaðili íslenska ríkisins

6.2.1 Auðshaugur

Af hálfu eigenda jarðarinnar Auðshaugs er byggt á því að með kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 62/1994 (MSE). Í ljósi kröfugerðar ríkisins telji þeir að óbyggðanefnd verði að taka skýra afstöðu til lagaheimilda við mat á því hvort sönnur hafi tekist fyrir löglegu eignarhaldi.

Hafa beri í huga að hugtakið *eign* í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE hafi af Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) verið túlkað á þá leið að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að mat á því hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis sem í hlut eigi. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um mat á því hvort um eign sé að ræða í skilningi ákvæðisins. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi þess þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

Hér sé það mat MDE með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig sem ráði för. MDE hafi ítrekað áréttað að við matið beri að líta til allra atvika máls í heild. Þannig hafi dómstóllinn bæði litið til staðreynda og lagalegra atriða. Við það mat hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum hvernig farið hafi verið með umrædda eign í framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn hafi borið til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hafi verið fram við einstaklinga eða lögaðila sem réttmæta eigendur ákveð-

inna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar hjá þeim um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti eða afskiptaleysi ríkisvaldsins skipti máli við þetta sönnunarmat. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 24. júní 1993 (Papamichalopoulos o.fl. gegn Grikklandi), dóms yfirdeildar MDE frá 23. nóvember 2000 (fyrrum Grikklandskonungur o.fl. gegn Grikklandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 5. janúar 2000 (Beyeler gegn Ítalíu).

Þá byggja gagnaðilar íslenska ríkisins einnig á þeim sjónarmiðum sem MDE hafi lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE, séu þær byggðar á sanngjörnu og réttlætianlegu trausti á réttargerningi sem sé tengdur við eignarréttindi og hafi áreiðanlegan lagagrundvöll. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 29. nóvember 1991 (Pine Valley Developments Ltd. o.fl. gegn Írlandi), dóms MDE frá 24. júní 2003 (Stretch gegn Bretlandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 28. september 2004 (Kopecký gegn Slóvakíu).

Við setningu landamerkjálaga nr. 5/1882 og síðan nr. 41/1919 hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdarvaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau yrðu skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku hafi valdsmönnum, hverjum í sínu umdæmi, borið að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst.

Landamerkjälögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum, enda hafi ekkert verið um það deilt þar sem sú skoðun hafi virst óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst að allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi landeigandi átt beit og annan gróður á jörð sinni. Hann hafi sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hafi að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki hverrar jarðar skyldu ráða veiði á landi. Hér megi að auki nefna þá meginreglu vatnalaga nr. 15/1923 að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr. laganna. Regla þessi eigi rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.

Á því er byggt af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins að landsvæðið sem hér er deilt um eignarrétt á sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið og frekar einsleitt og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Af hálfu eigenda Auðshaugs er vísað til heimildaskjala, fornra og nýrra, er styðji við beinan eignarrétt landeigenda í gegnum tíðina. Þar á meðal er landamerkjabréf fyrir jarðirnar Auðshaug og Auðna, frá 10. maí 1889, þar sem segi um landamerki jarðanna:

a: Milli Auðshaugs og Hamars ræður bein lína dregin af sjó gegnum mitt Markhólmasund í svonefndan Markklett, er stendur efst á sjávarbakkanum, þaðan

ræður Markhryggur þar sem hann er hæstur upp í svonefnda Markgjá í fjallinu og ræður hún síðan á fjall upp en þar eru merki sem vötnum hallar

b: Milli Auðshaugs og Auðna ræður svonefnd Brúará frá sjó upp í svokallaða Dranga og þaðan beint á fjall upp svo langt sem vötnum hallar.

c: Þá tekur við Auðnaland og nær að Þverá sem ræður frá sjó upp í svokallað Krókavötn og þaðan fram í fjall eftir sem vötnum hallar.

d: Þá tekur aftur við Auðshaugsland frá ofangsöðgum merkjum allt að Skiptá, ræður hún frá sjó og allt til fjalls svo langt sem vötnum hallar og skilur Auðshaugsland frá Litlani í Múlasveit, heyrir þannig allur Kollafjöður að innanverðu undir Auðshaug eftir fýrsögðu. Engar jarðir eiga lönd ofanritaðra jarða.

Landamerkjabréfið hafi verið áritað um samþykki eigenda aðliggjandi jarða og bréfið þinglesið. Þá liggi fyrir ýmis eldri gögn til stuðnings lýsingum í landamerkjaskrá Auðshaugs og Auðna, og þar með beinum eignarrétti að landsvæðinu.

Eigendur Auðshaugs byggja á að samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað sé til í málinu sé ljóst að allt sameiginlegt og óskipt land jarðarinnar Auðshaugs, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsing landeigenda hljóðar á um, sé háð beinum eignarrétti og tilheyri allt land innan þeirra merkja jörðinni.

Af hálfu eigenda Auðshaugs er vísað til ýmissa fornra jarðaskjala og eignarheimilda um landsvæðið er styðji við beinan eignarrétt að ofangreindum landsvæðum frá öndverðu. Landamerki Auðshaugs séu mjög gömul og jarðarinnar sé getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum, sbr. m.a. *Sóknalýsingar Vestfjarða* þar sem segi um Brjánslækjar- og Hagasóknir að afréttarlönd séu engin, nema að nafninu Vatnsdalur, sem liggi undir Brjánslæk.

Byggt er á því að ekkert bendi til þess að ágreiningssvæðið hafi verið undanskilið námi lands til eignar. Land Auðshaugs sé greinilega allt innan landnáms og byggt hafi verið á því alla tíð eins og sjá megir á vísun til þess í gögnum málsins að umrætt svæði sé eign Auðshaugs og innan landamerkja þeirrar jarðar á sama máta og annað landsvæði hennar.

Jarðabók Árna og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segi að jörðin eigi land inn í Kjálkafirði, fyrir framan Auðna, þar sem sé skógur, viðsæmandi til raftviðar, góður til kola og eldiviðar, þar séu slægjur og áður hafi þar verið selstaða. Jafnramt segi í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 að Árni Magnússon telji að jörðin eigi sex hundraða land fyrir ofan Auðna. Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 komi einnig fram að Auðshaugi tilheyri landrými sem liggi handan fyrir Auðnaland. Af hálfu eigenda Auðshaugs er í þessu tilliti bent á að Auðshaugsjörðin hefði ekki verið metin svo hátt í jarðamati sem raun ber vitni ef henni hefði ekki tilheyrt land í Kjálkafirði, þar sem hún hefði þá verið landlítil og án nokkurs skógar.

Á því er byggt að hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti séu úr lausu lofti gripnar og stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði. Samkvæmt þessum skjölum sé ljóst að allt land í Barðastrandarsýslum hafi verið háð beinum

eignarrétti. Þá sé ekkert fram komið sem bendi til þess að svæðin hafi verið undirorpin annars konar eignarrétti. Það eitt að landsvæðið sé í dag ekki staðsett í beinu framhaldi af öðru landsvæði jarðarinnar geti ekki eitt og sér leitt til þess að ekki sé fyrir að fara beinum eignarrétti.

Á því er byggt í málinu að um sé að ræða land jarðar frá öndverðu og að fornar merkjalýsingar styðji við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðjist við eldri heimildir, sé eignarland. Sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Megi í þessu sambandi vísa til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð), frá 7. október 2010 í máli nr. 722/2009 (Hvammur/Hvammshéiði í Þistilfirði) og frá sama degi í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi á Álandstungu), sem og úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt (Hólaafrétt).

Landamerkjálýsingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfar gildistöku landamerkjaglaganna 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum, svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna, sem landeigendur telji að leiði til þess að þarna hafi orðið til fullkomnar heimildir um landamerkin og þar með eignarrétt þinglýstra eigenda. Þessi landamerki og þetta fyrirkomulag beri að virða að mati landeigenda. Þess sé krafist að land sem í tugir ára hafi verið talið innan þinglýstra landamerkja jarða teljist eignarland.

Á þessi sjónarmið hafi óbyggðanefnd fallist í *Almennum niðurstöðum* sínum og sú niðurstaða hafi verið staðfest í meginatriðum af Hæstarétti, sbr. áður nefndan dóm réttarins frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð og efstu lönd í Biskupstungum), þó þannig að rétturinn telji að meta verði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig. Þegar landamerkjabréf þeirra landsvæða sem nú sé fjallað um séu skoðuð með hliðsjón af eldri heimildum um jarðirnar, sem og í ljósi landfræðilegrar staðsetningar hins umþrætta lands, hljóti niðurstaðan að vera sú að ekki sé um þjóðlendu að ræða á þessu svæði. Merkjalýsingar nái hér víða upp á háfjöll og vatnaskil. Engar heimildir séu um afréttaralmenning heldur beri heimildir með sér að allt land á þrætusvæðinu heyri vissum jörðum til.

Með vísan til Landnámu sé ljóst að hin umþrætta lönd hafi verið í óslitinni einkaeign frá landnámi, en ekki almenningar eða afréttir. Landeigendur telji því að fyrir liggi að allt land í Barðastrandarsýslum hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum. Landeigendur telja því að fyrir liggi að allt land í Barðastrandarsýslu hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum, sbr. m.a. *Sóknalýsingar Vestfjarða* þar sem segi um Brjánslækjar- og Hagasóknir að afréttarlönd séu engin, nema að nafninu Vatnsdalur, sem liggi undir Brjánslæk.

Auðshaugur sé jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem ekki fari í bága við eldri heimildir. Þess vegna hafi ríkið sönnunarbyrðina fyrir því að innan merkja jarðarinnar sé þjóðlendu að finna. Hér sé því um eignarland að ræða og því beri að hafna þjóðlendukröfu til þess.

Þótt heimalönd sumra stórjarða séu geysivíðfeðm hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd. Í því sambandi er m.a. vísað til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlið), frá 7. október 2010 í máli nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði), frá 7. október 2010 í máli nr. 722/2009 (Hvammur/Hvammsheiði) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls). Byggt er á því að beinast liggi við að telja að það að þessu svæði hafi verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar sé vegna þess að það sé landfræðilega aðskilið heimalandi fyrir tilstilli Auðnlands, en ekki vegna þess að það landsvæði hafi verið undirorpið annars konar eignarrétti, enda ekkert fram komið sem bendi til þess. Það eitt að landsvæðið sé í dag staðsett í einhverri fjarlægð frá hinum hluta jarðarinnar Auðshaugs geti ekki eitt og sér leitt til þess að ekki sé fyrir að fara beinum eignarrétti.

Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landi styðji þá niðurstöðu að svæðið verði talið undirorpið beinum eignarrétti og þar með að þjóðlendukröfu verði hafnað. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og vel gróið, að stórum hluta. Þar að auki sé svæðið umlukið öðrum jörðum sem taldar hafi verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu.

Notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hafi hvorki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almenningsafrétta, né heldur hafi það staðið almenningi frítt til afnota. Landsvæðið falli ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afrétti: „það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman“. Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að það hafi verið numið til eignar.

Engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti, eða eignarréttur á því týnst. Engar fornar heimildir finnist um slíkt. Þau fáu skrif, sem til séu um svæðið benda einmitt til hins gagnstæða en samkvæmt elstu heimildum um Auðshaug sé jörðin talin í einkaeign, sbr. t.d. jarðabréf frá 1576 þar sem Eggert Hannesson gerði grein fyrir fasteignum sínum. Meðal þessara eigna var jörðin Auðshaugur, 24 hndr. að dýrleika. Þá segi um Auðshaug í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 að eigandi hennar sé Málfríður Árnadóttir að Hóli í Bíldudal, en ábúandinn Gunnar Jónsson. Einnig komi fram að jörðin eigi land inni í Kjálkafirði.

Ítreka beri hve geysiverðmæt fjallbeitin hafi verið. Á þjóðveldisöld hafi vaðmál verið helsta útflutningsvara og gjaldmiðill Íslendinga. Allir viti hvernig skógarbeit fari

með ullina. Hún hangi eftir í kjarrinu. Megi hvað þetta varðar benda á grein Hákonar Bjarnasonar, skógræktarstjóra, í ársriti Skógræktarfélags Íslands árið 1974. Þar bendi hann réttilega á hve verðmæt beitolönd ofan skógarmarka hafi verið meðan birki og víðikjarr hafi verið ráðandi gróður „milli fjalls og fjöru“. Því sé ljóst að eigendur þeirra jarða sem hafi átt slíka fjallbeit hafi reynt að halda í hana eftir mátti.

Í ljósi framangreinds sé því haldið fram að land innan þinglýstra landamerkja Auðshaugs sé allt eignarland. Styðjist það við framangreindar eignarheimildir en einnig við fullnaða hefð. Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Hefð megi rekja allt til Rómarréttar og hún sé skyld námi, þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga nr. 46/1905, um hefð. Fyrstu grein þeirra sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands, sem sé í opinberri eigu, þá hljóti þeim mun fremur að vera unnt að hefða land sem sé ekki eignarrétti háð. Í dómi Hæstaréttar í dómasafni 1955, bls. 108 (Landmannaafreittur I), sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé í afréttareign. Hið sama megi lesa út úr lokamálgrein 3. gr. Þjóðlendlaga nr. 58/1998.

Fræðimenn hafi talið að eignarhefð verði unnin á landi, hvort sem það sé afréttur eða almenningur, sé skilyrðum hefðar á annað borð fullnægt, en gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að ræða. Því sé þó alls ekki haldið fram að umþrætt landsvæði hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum heldur bendi allt til þess að landið hafi verið numið, meðal annars gróðurfar og heimildir um búsetu. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu, þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt þessara aðila.

Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Smölun sauðfjár hafi ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hafi getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Þá hafi þeir borgað af jörðum sínum lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Í dómi Hæstaréttar í dómasafni 1997, bls. 2792 (Laugavellir), hafi eignarhefð verið viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt hafi stutt rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í dómi Hæstaréttar í dómasafni 1939, bls. 28 (Einarsnes), hafi eignarhefð einnig talist fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Í ljósi framangreindra heimilda telji eigendur Auðshaugs að þeir, með hliðsjón af framangreindum gögnum og fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti, gróðurfar og

nýtingu, hafi réttmæta ástæðu til að ætla að þau svæði sem lýst sé í landamerkjabréfinu sé fullkomin eign þeirra. Þessar væntingar njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Líkt og að framan greini hafi Mannréttindadómstóll Evrópu túlkað 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmálann, þannig að hann veiti eignarréttinum jafnvel enn ríkari vernd en 72. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessu ljósi verði lög nr. 58/1998 ekki skýrð á þá leið að gagnaðilarnir þurfi að sýna frekar fram á en þegar hafi verið gert að umrætt landsvæði, eins og þau séu afmörkuð í landamerkjabréfum, séu utan þjóðlendu.

Kröfugerð eigenda Auðshaugs sé meðal annars byggð á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum. Landamerkjabréf jarðanna séu löglega frágengin og þau fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og að jarðirnar hafi verið skráðar í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Þjóðskjalasafnið hafi lagt fram greinargerð um sögu svæðanna og sé sérstaklega vísað til hennar af hálfu gagnaðilanna. Um landsvæðin vísist einnig til umfjöllunar lögmanns ríkisins í kröfugerð og greinargerð um þær heimildir sem hafi fylgt kröfulýsingum gagnaðila. Ekki verði af heimildum þessum ráðið annað en að allt land á svæðinu hafi verið numið í öndverðu, allt á vatnaskil.

Eigendur Auðshaugs leggi áherslu á þau tengsl sem séu milli þeirra eignarheimilda sem þeir færi fram til sönnunar á eignartilkalli sínu. Sú víðtekna meginregla gildi í eignarrétti að ein eignarheimild geti stutt aðra. Hefð, venjuréttur og réttmætar væntingar styrki enn frekar þann rétt sem tiltekinn sé í þinglýstum eignarheimildum.

Í dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002 hafi dómurinn farið þá leið að túlka framlagðar eignarheimildir með þeim hætti að hver gæti stutt aðra. Þar hafi verið tekin afstaða til sjónarmiða landeigenda um réttmætar væntingar eins og þær hafi komið fram í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu. Sú umfjöllun standi óröskuð af Hæstarétti, sbr. dóm réttarins frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum).

Vísað sé til þess að um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd gildi ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sem byggist á almennum óskráðum meginreglum stjórnsýsluréttar. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, sem lögfest hafi verið með 12. gr. stjórnsýslulaga, beri ríkisvaldinu ætíð að hafa meðalhóf að leiðarljósi í samskiptum sínum við borgarana, sér í lagi að því er varðar íþyngjandi ákvarðanir. Landeigendur verði á þeim grundvelli hvorki sviptir eignarréttindum sínum bótalaust, né á þá lögð óhófleg sönnunarbyrði.

Við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd sé óhjákvæmilegt að líta til reglna um sönnun og mat sönnunargagna sem gildi fyrir dómi við meðferð einkamála, sbr. ákvæði VI.–XII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignar-

rétt sinn. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvaramandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Í því sambandi er vísað til dóms Hæstaréttar í dómasafni 1961, bls. 629. Landeigendur telji sig hafa sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa. Eldri heimildir mæli þeim almennt ekki í mót heldur þvert á móti staðfesti þær. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land landeigenda sé ekki fullkomin eign þeirra.

Vísist einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum hafi verið sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland og sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt hafi það verið niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil, ef athugasemdalaugar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fara ekki í bága við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar.

Að sömu niðurstöðu hafi Héraðsdómur Suðurlands einnig komist í dómi sínum frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002, sem hafi staðið óbreyttur í Hæstarétti, sbr. dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafreittur og efstu jarðir í Biskups-tungum), þótt rétturinn teldi að meta yrði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig.

Eigendur Vattarness vísa sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnisýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál skuli hljóta sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

Einnig hafi verið litið til þess af Mannréttindadómstól Evrópu að skoða verði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu með hliðsjón af jafnræðisreglu sáttmálans sem orðuð sé í 14. gr. hans. Það ákvæði mæli fyrir um að gæta verði jafnræðis milli þeirra sem njóti þeirra réttinda sem sáttmálanum sé ætlað að vernda. Þannig hafi oft í dómum mannréttindadómstólsins verið litið svo á að þótt ákveðin háttsemi hafi ekki talist brjóta gegn reglunni um friðhelgi eignarréttar hafi háttsemin talist brot á þeirri reglu með hliðsjón af jafnræðisreglunni. Landeigendur hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin væri í heild háð beinum eignarrétti. Önnur og þyngri sönnunarbyrði verði því ekki lögð á þá en aðra landeigendur á Íslandi.

Af hálfu eigenda Auðshaugs er kröfugerð ríkisins um þjóðlendur inn á landsvæði þar sem þeir kalla til réttinda mótmælt. Af hálfu þeirra er því haldið fram að svo virðist sem einkum sé byggt á því af hálfu ríkisins að land það sem um ræðir hafi ekki verið numið í öndverðu og að það hafi einkum verið nýtt sem afréttur. Þetta leiði til þess að landið sé þjóðlenda. Þessum sjónarmiðum sé mótmælt af hálfu landeigenda. Með kröfum ríkisins um framangreint landsvæði sé farið inn á land Auðshaugs.

Af lýsingum Landnámu megi ráða að allt land á þessu svæði hafi verið numið, og landnám hafi verið samfelld. Í dómaframkvæmd hafi Landnáma einnig verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti. Sem dæmi þar um megi nefna dóm Hæstaréttar í dómasafni 1960, bls. 786 (Skeljabrekka), og dóm réttarins í dómasafni 1994, bls. 2227 (Geit-

land). Landeigendur telji að taka verði Landnámu með fyrirvara sem réttarheimild. Hins vegar verði að telja þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til þessa landsvæðis örökstudda, enda sé hún ekki reist á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Þvert á móti bendi allt til þess að svæðið hafi verið numið og nýtt allar götur síðan. Landsvæðið hafi þannig allt frá landnámi verið eigendum þess nauðsynlegt til þess að lifa af á hinu harðbýla Íslandi.

Ósannaðar séu röksemdir fjármálaráðherra þess efnis að svæðin hafi ekki verið numin til beinnar eignar, heldur aðeins til afnota. Svæðin hafi verið numin og nýtt með öllum mögulegum hætti, eftir fremsta megni hverju sinni. Nytjar eigenda Auðshaugsbænda í Kjálkafirði hafi í gegnum tíðina verið sauðfjárbreit, fjörubreit, engjasláttur, fjallagrös, silungsveiði, berjatínsla, sölvatekja og í seinni tíð þangskurður o.fl.

Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta. Smölun sauðfjár hafi ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hafi getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Þetta sé skýlaus sönnun þess að land þetta sé háð beinum eignarrétti.

Það sé einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, til dæmis frá 7. október 2010 í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi), og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls), að landnám hafi almennt verið samfellt á Íslandi. Ríkið viðurkenni að land aðliggjandi jörðinni sé eignarland og því hljóti að gilda það sama um önnur aðliggjandi lönd.

Af hálfu eigenda Auðshaugs er þess getið að íslenska ríkið byggi þjóðlendukröfulinu sína fyrst og fremst á því að í landamerkjabréfi jarðanna Auðshaugs og Auðna á Hjarðarnesi í Barðastrandarhreppi frá 10. maí 1889, sé svonefndu Auðhaugslandi lýst aðskildu frá landi jarðanna Auðshaugs og Auðna. Þessu er mótmælt sérstaklega af hálfu landeigenda

Eigendur Auðshaugs benda á að ítrekað komi fram í landamerkjabréfinu að jörðin eigi land á fjall upp þar sem vötnum hallar, eða alls fjórum sinnum. Einkum er bent á þetta orðalag í lýsingunni á milli Auðhaugs og Hamars og á milli Auðhaugs og Auðna, en þar segi fyrst um merki milli Auðhaugs og Hamars að þar ráði „bein lína dregin af sjó gegnum mitt Markhólmasund í svonefndan Markklett, er stendur efst á sjávarbakkanum, þaðan ræður Markhryggur þar sem hann er hæstur upp í svonefnda Markgjá í fjallinu og ræður hún síðan á fjall upp en þar eru merki sem vötnum hallar“. Því næst segi um merki milli Auðhaugs og Auðna að svonefnd Brúará ráði merkjum „frá sjó upp í svokallaða Dranga og þaðan beint á fjall upp svo langt sem vötnum hallar“. Jafnframt sé því lýst, eftir lýsingar á landi Auðna í landamerkjabréfinu, að Auðshaugsland „tekur aftur við“. Telji landeigendur ljóst af þessu orðalagi

landamerkjabréfsins að Auðshaugi tilheyri allt land í Kjálkafirði að Skiptá, að undanskildu landi Auðna, þ.e. á milli Brúarár og Þverár, og ráði vatnaskil þar um.

Ekki er af hálfu eigenda Auðshaugs fallist á að í landamerkjabréfinu sé átt við að umrætt landsvæði sé fráskilið Auðshaug, heldur að það tilheyri þeirri jörð líkt og annað landsvæði hennar, sbr. orðalag lokasetningar landamerkjabréfsins: „allur [Kjálka]fjörður að innanverðu [heyri] undir Auðshaug eftir fýrsögðu.“ Eins megi benda á að í landamerkjabréfinu sé einnig talað um „Auðnaland“ sem ekki verði skilið öðruvísi en sem hluti af landsvæði Auðna, líkt og eigi við um „Auðshaugsland“. Jafnframt sé því lýst í bréfinu að þarna „tekur aftur við Auðshaugsland“, og sé svæðinu þannig lýst sem beinu framhaldi jarðarinnar þar sem landsvæði Auðna lýkur. Það sé í samræmi við að landsvæðið sem heyri undir Auðshaug og Auðna, m.a. það svæði sem ríkið gerir hér kröfu til sem þjóðlendu, hafi upprunalega verið ein jörð, þ.e. jörðin Haugur. Jörðin Auðnar hafi líklega verið stofnuð úr landi Haugs og klofið landsvæði Auðhaugs í sundur, sbr. það sem segi í örnefnaskrá Auðshaugs og Auðna sem gerð hafi verið í júní 1935 í Selárdal og Helgi Guðmundsson tók saman eftir tilsögn Péturs Jónssonar frá Stökkum. Hér sé því þvert á móti ekki um aðskilið landsvæði að ræða, heldur átt við áframhaldandi landsvæði Auðshaugs.

Af framangreindum heimildum megi sjá að landamerki Auðshaugs nái upp í hæstu fjallseggjar. Landeigendur telja rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt sé á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað er við hvert regndropi fellur, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár). Landeigendur áréttu að almennt sé miðað við vatnaskil og fjallseggjar um efri merki jarða á svæðinu og hafi almennt ekki þótt rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau voru rituð. Á það er bent að lög um landamerki hafi verið til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til væru eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Landeigendur telja í ljósi framangreinds að miða beri við um merki jarðarinnar að ofanverðu að farið sé eftir fjallseggjum og vatnaskilum.

Í tilefni af því að íslenska ríkið byggi á að réttur Auðshaugs til nýtingar svæðisins hafi ekki verið óumdeildar, með vísan til þess að lögfestu Ólafs og Magnúsar Erlendssona frá 1811 hafi verið mótmælt af Þorkeli Gunnlaugssyni hvað varðaði „þrætupart“ í Kjálkafirði, benda eigendur Auðshaugs á nokkur atriði. Ekkert komi fram í fyrirliggjandi gögnum um það hvert efni lögfestunnar eða mótmæla við henni hafi verið. Íslenska ríkið dragi aðeins þá ályktun út frá þessu að ágreiningur hafi verið um heimildir til nýtingar landsvæðis og eignarhalds í Kjálkafirði. Líklega sé hið rétta að þræta þessi milli Auðshaugs og Litlaness hafi varðað sýslumörk (sveitarfélagamörk) við Skiptá, en þau séu ekki þau sömu og landamerki við Skiptárvötn (Djúpavatn), eins og komi glögglega fram á korti, þar sem sýslumörk fylgi ekki Skiptá og komi inn í land Litlanes. Vestan við Skiptá sé grasflöt sem heiti Skiptárengi. Fyrrum eigandi Auðhaugs,

Sigurður Pálsson sem bjó á Auðshaugi frá 1902, virðist hafa lánað eða leigt bændum á Litlanesi slægjur af Skiptárengi.

Við aðalmeðferð málsins kom fram að litið væri svo á að í aðalkröfu vegna svæðisins rúmaðist varakrafa um að viðurkenndur yrði fullur afnotaréttur innan hins umdeilda svæðis vegna Auðshaugs, yrði komist að því að þar væri að finna þjóðlendu.

Um lagarök er af hálfu eigenda Auðshaugs vísað til meginreglna eignarréttar og stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. hennar. Einnig er vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá er vísað til landamerkjálaga nr. 41/1919, laga nr. 46/1905 um hefð og laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Enn fremur er vísað til venjuréttar og til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Jafnframt er vísað til almennra meginreglna stjórnsýsluréttar sem ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 séu byggð á. Sérstaklega er vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhöfsreglu stjórnsýsluréttar. Vísað er til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr., og laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Jafnframt er vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (þjóðlendulaga), einkum 1. gr., 5. gr., 15. gr., 17. gr., 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. Varðandi kröfu um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

7 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

7.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vikið að fyrirbyggjandi dómafordæmum í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

7.1.1 *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítils háttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinna staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Þær útgáfur *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar* sem fylgdu úrskurðum á svæðum 7B, 8A og 8B höfðu með sama hætti verið uppfærðar með umfjöllun um almenn atriði úr úrskurðum á næsta svæði á undan. Í úrskurðum á svæði 9A og 9B þótti ekki þörf á að uppfæra þær að nýju með efni úr úrskurðum á svæðunum á undan en í úrskurði á svæði 10A voru þær uppfærðar með efni af svæði 9B. Ekki þykir ástæða til að uppfæra þær nú með efni úr úrskurði á svæði 10A. Sú útgáfa *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar* sem hér fylgir í viðauka er því óbreytt frá þeirri sem birtist með úrskurði á svæði 10A.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, sbr. kafla 7.3 og 7.4 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og þar er vísað til þeirra eftir því sem við á.

7.1.2 *Dómafordæmi í þjóðlendumálum*

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan. Úrskurður á svæði 10A, þ.e. Strandasýslu ásamt fyrrum Bæjarhreppi, var kveðinn upp 21. febrúar 2020. Hæstiréttur hefur ekki kveðið upp neina dóma í þjóðlendumálum síðan þá. Því liggja sem fyrr fyrir samtals 68 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998.

Með lögum nr. 50/2016, um dómstóla, sem tóku gildi 1. janúar 2018, var Landsrétti komið á fót og verður dómum héraðsdómstóla á sviði þjóðlendumála nú áfrýjað þangað

í stað Hæstaréttar áður. Frá uppkvaðningu úrskurðar á svæði 10A, 21. febrúar 2020, hefur Landsréttur kveðið upp fjóra dóma í þjóðlendumálum, sem jafnframt eru þeir fyrstu á því sviði sem kveðnir eru upp þar. Um er að ræða dóma réttarins frá 2. október 2020 í málum nr. 63/2019 (Fannlaugarstaðir), nr. 184/2019 (Auðkúluheiði) og nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar), og frá 16. október 2020 í máli nr. 322/2019 (Þóreyjartungur). Í tveimur fyrstnefndu dómunum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að þau svæði sem deilt var um væru þjóðlendur. Í þeim þriðja var komist að niðurstöðu um að hluti svæðisins sem þar var til umfjöllunar væri eignarland en niðurstaða óbyggðanefndar, sem hafði úrskurðað allt svæðið þjóðlendu, var staðfest að öðru leyti. Í síðastnefnda dómnum var niðurstaða Landsréttar aftur á móti sú að svæðið sem þar var til umfjöllunar væri eignarland, en óbyggðanefnd hafði úrskurðað að það væri þjóðlenda. Tveir dómarmar stóðu að þeirri niðurstöðu en einn skilaði sératkvæði um staðfestingu á niðurstöðu óbyggðanefndar. Áfrýjunarleyfis var óskað vegna þriggja af framangreindum dómum Landsréttar, allra nema dóms réttarins frá 2. október 2020 í máli nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar).

Hæstiréttur hefur ekki tekið afstöðu til beiðni um áfrýjunarleyfi vegna dóms Landsréttar frá 16. október 2020 í máli nr. 322/2019 (Þóreyjartungur). Það er því ekki ljóst hvort málið fái efnislega meðferð fyrir Hæstarétti og því verður ekki fjallað um það nánar hér að sinni en eins og áður segir komst meirihluti Landsréttar að þeirri niðurstöðu að svæðið sem um var deilt væri eignarland, ólíkt óbyggðanefnd sem hafði úrskurðað það þjóðlendu, en minnihluti Landsréttar vildi staðfesta niðurstöðu óbyggðanefndar. Niðurstaða meirihlutans byggðist fyrst og fremst á ólíkri túlkun og mati á vægi einstakra skjala sem vörðuðu ágreiningssvæði málsins.

Með ákvörðun Hæstaréttar frá 25. nóvember 2020 nr. 2020-248 var beiðni um áfrýjunarleyfi vegna dóms Landsréttar frá 2. október 2020 í máli nr. 184/2019 (Auðkúluheiði) hafnað á þeim grundvelli að hvorki væri unnt að líta svo á að úrslit þess hefðu verulegt almennt gildi umfram dómsúrlausnir sem þegar hefðu gengið né að það varðaði mikilvæga hagsmuni leyfisbeiðanda í skilningi 1. mgr. 176. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Þá var ekki heldur talið að dómur Landsréttar væri bersýnilega rangur að efni til. Í dómnum reyndi einkum á álitaefni í tengslum við réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausnar með sama hætti og í dómi Hæstaréttar frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði). Um þann dóm er fjallað ítarlega í kafla 11.4 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og vísast til umfjöllunar þar.

Með ákvörðun Hæstaréttar frá 15. desember 2020 nr. 2020-250 var beiðni um áfrýjunarleyfi vegna dóms Landsréttar frá 2. október 2020 í máli nr. 63/2019 (Fannlaugarstaðir) hafnað á þeim grundvelli að hvorki væri unnt að líta svo á að úrslit þess hefðu verulegt almennt gildi umfram dómsúrlausnir sem þegar hefðu gengið né að það varðaði mikilvæga hagsmuni leyfisbeiðanda í skilningi 1. mgr. 176. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

7.1.2.1 Stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 1776

Í tveimur af framangreindum dómum Landsréttar reyndi á álitaefni í tengslum við stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776.⁸⁷³ Verður nú vikið nánar að þeim. Í dómi Landsréttar frá 2. október 2020 í máli nr. 63/2019 (Fannlaugarstaðir) var m.a. fjallað um þá málsástæðu gagnaðila íslenska ríkisins að áreið og útmæling vegna stofnunar nýbýlis á Fannlaugarstöðum hefði farið fram á grundvelli 3. gr. nýbýlatilskipunarinnar, sem fjallar um stofnun nýbýlis í eignarlandi, og þar með væri ljóst að um eignarland hefði verið að ræða. Landsréttur hafnaði því að sýnt hefði verið fram á það í málinu með svofelldum rökstuðningi:

Áreið og útmæling Fannlaugarstaða 10. júlí 1823 fór fram á vegum sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu í samræmi við ákvæði nýbýlatilskipunar 15. apríl 1776. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var hvort heldur unnt að stofna til nýbýlis á landi sem enginn kallaði til eignarréttar yfir, sbr. 4. og 5. gr. hennar, eða í eignarlandi annarra, sbr. 3. gr. Fyrir liggur að fullgild stofnun nýbýlis á grundvelli tilskipunarinnar hafði í för með sér stofnun beins eignarréttar yfir landi óháð því hvort 3., 4. eða 5. gr. ætti við, að fullnægðum skilyrðum tilskipunarinnar. Stefndi byggir á því að jafnvel þótt talið yrði að hann hafi ekki fært fram fullnægjandi sönnunargögn um beinan eignarrétt sinn að landinu fyrir árið 1823 sé ótvírætt að slík gögn hafi legið fyrir við áreið og útmælingu landsins 10. júlí það ár. Af hans hálfu er á því byggt að áreiðin og útmælingin hafi farið fram á grundvelli 3. gr. tilskipunarinnar sem fjallar um þær aðstæður þegar einhver „kemur fram með óefanlegan eignarrétt til landsins“. Um nánari rökstuðning fyrir þessu vísar hann einkum til þess að í fyrrgreindri útskrift úr dómsmálabókinni komi fram að Bjarni Þorleifsson sem eigandi Víkur í Sæmundarhlíð, hafi í aðdraganda áreiðarinnar og útmælingu landsins framvísað skjölum sem hafi borið þetta með sér. Í útskriftinni segir nánar tiltekið orðrétt um þetta: „Mr Bjarni Þorleifsson á Reinistað hefir þar skjöl, sem eigna það útptryckilega Vík og fleiri lönd þar nærverandi, enn enginn hefir getað þar á móti haft.“

Fyrir liggur að þau skjöl sem vísað er til í útskriftinni hafa ekki fundist þrátt fyrir leit. Samkvæmt því liggur ekkert fyrir um hvert efni þeirra og innihald var. Er því ekki unnt að staðreyna hvers eðlis sá ætlaði eignarréttur var sem skjölin hafi fengið eiganda Víkur í Sæmundarhlíð yfir landinu. Í ljósi þess sem fyrr hefur verið rakið um efni þeirra skjala sem hafa fundist um landið Fannlaugarstaði og gefa eindregið til kynna að enginn hafi kallað til beins eignarréttar yfir landinu verður í ljósi þessa óskýrleika ekki fallist á að unnt sé að leggja til grundvallar að til hafi staðið að stofna til nýbýlis á grundvelli 3. gr. tilskipunarinnar. Verður því ekki fallist á að fyrrgreind tilvísun í útskrift Dómsmálabókar Skagafjarðarsýslu 1820–1823, til ótilgreindra skjala sem ekki hafa fundist, geti ein og sér dugað sem fullgild sönnun fyrir því að Bjarni Þorleifsson, sem eigandi Víkur í Sæmundarhlíð, hafi árið 1823 farið með beinan eignarrétt að landi Fannlaugarstaða.

Þrátt fyrir það sem fram kemur í tilvitnuðum texta er ljóst af orðalagi 3. og 10. gr. nýbýlatilskipunarinnar að ef stofnað var til nýbýlis á grundvelli 3. gr., á landsvæði sem var háð beinum eignarrétti fyrir, var ekki gert ráð fyrir yfirfærslu þess eignarréttar til nýbýlings nema um það semdist við landeigandann, heldur var þá hugmyndin að nýbýlingurinn fengi ótímabundna ábúð á leigulandi. Jafnframt er ljóst að undir þessum kringumstæðum getur skipt verulegu máli hvort sá sem hefur uppi kröfu um beinan

⁸⁷³ „Tilskipun um friðheit fyrir þá, sem vilja upp taka eyði-jarðir eða óbygð pláz á Íslandi.“

eignarrétt leiðir rétt sinn frá nýbýlingnum eða þeim aðila sem talinn var eiga landið. Um bæði þessi atriði vísast til dóms Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Í úrskurði óbyggðanefndar frá 19. desember 2014 í máli nr. 1/2013 var komist að sömu niðurstöðu um þetta atriði en í dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra frá 31. desember 2018 í máli nr. E-23/2015 var aftur á móti komist að þeirri niðurstöðu að umrætt svæði væri eignarland, m.a. á þeim grundvelli að í dómsmálabók Skagafjarðarsýslu kæmi fram að Bjarni Þorleifsson hefði haft skjöl sem vafalaust sýndu að hann hefði verið eigandi landsins þegar áreið og útmæling Fannlaugarstaða fór fram. Gagnaðila íslenska ríkisins yrði ekki kennt um að þau skjöl sem vísað var til í dómsmálabókinni um þetta hefðu ekki fundist.

Að fenginni niðurstöðu um þetta atriði tók Landsréttur til skoðunar hvort til beins eignarréttar hefði stofnast að landi Fannlaugarstaða með stofnun nýbýlis á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar. Um það segir í dómi Landsréttar:

Upplýst er að byggingarbréf fyrir stofnun nýbýlis að Fannlaugarstöðum hafi ekki fundist þrátt fyrir leit og heimildir sem liggja fyrir í málinu gefa heldur ekki til kynna að slíkt bréf hafi verið gefið út eða að eftir því hafi verið gengið af hálfu fyrrgreinds Bjarna Þorleifssonar, eiganda Víkur í Sæmundarhlíð, eða Sigurðar Gíslasonar, ábúanda landsins. Af þeim sökum er óhjákvæmilegt að leggja til grundvallar að byggingarbréf hafi ekki verið gefið út en engar upplýsingar liggja fyrir um hugsanlegar ástæður þess. Engin gögn liggja heldur fyrir um að áreið og útmælingu Fannlaugarstaða 10. júlí 1823 hafi verið lýst á þingi í samræmi við fyrrgreindan áskilnað 6. gr. tilskipunarinnar.

Gera verður þá kröfu svo að beinn eignarréttur verði viðurkenndur á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar að fyrir liggja að farið hafi verið eftir ákvæðum hennar um stofnun nýbýlis. Leggja verður til grundvallar að útgáfa byggingarbréfs af hálfu amtmanns á grundvelli fyrrgreindrar 6. gr. tilskipunarinnar hafi falið í sér staðfestingu á rétti nýbýlings til stofnunar nýbýlis og sé þar með forsenda þess að hægt sé að viðurkenna stofnun beins eignarréttar að landi á grundvelli hennar. Sem fyrr greinir liggur fyrir að ekki var gætt að ákvæði 6. gr. tilskipunarinnar um útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til þess sem átti að verða nýbýlingur í landinu. Um orsakir þess er sem fyrr greinir óupplýst en eins og aðstæður máls þessa eru verður ekki fallist á að unnt sé að láta áfrýjanda bera hallann af því með þeim afleiðingum að beinn eignarréttur yfir landi teljist hafa stofnast á grundvelli tilskipunarinnar. Af fyrrgreindu leiðir að ekki er unnt að fallast á að lögformlegt nýbýli hafi stofnast að Fannlaugarstöðum á grundvelli tilskipunarinnar við fyrrgreinda áreið og útmælingu 10. júlí 1823. Verður því ekki fallist á að stofnast hafi beinn eignarréttur að landinu á grundvelli hennar sem stefndi geti byggt rétt á.

Hér virðist ráða úrslitum að ekki hafi legið fyrir byggingarbréf og engar heimildir gefi til kynna að slíkt bréf hafi verið gefið út eða að eftir því hafi verið gengið af hálfu þeirra sem stóðu að nýbýlisstofnuninni. Á þeim grundvelli taldi Landsréttur að ekki hefði verið gætt að ákvæði 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar og þannig hefði ekki stofnast beinn eignarréttur að landinu á grundvelli hennar.

Í dómi Landsréttar frá 2. október 2020 í máli nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar) reyndi einnig á það hvort skilyrðum 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar hefði verið fullnægt í tengslum við nýbýlisstofnun á hluta ágreiningssvæðis málsins. Talið var sannað að

byggingarbréf hefði verið gefið út vegna stofnunar nýbýlis að Réttarhóli. Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu í úrskurði 19. desember 2014 í máli nr. 2/2013 að nýbýli hefði ekki stofnast þar sem byggingarbréfinu hefði ekki verið þinglýst, svo sem nefndin taldi að skylt hefði verið samkvæmt 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar, og fyrirbyggjandi gögn bentu ekki til þess að mistökum eða vanrækslu embættismanna væri um að kenna. Um þetta atriði er nokkuð ítarlega fjallað í dómi Landsréttar:

Fyrir liggur að sýslumaður sendi amtmanni endurrit af áreiðargjörðinni og að amtmaður sendi sýslumanni 17. október 1889 byggingarbréf sem hann óskaði eftir að yrði afhent Birni Eysteinsyni. Þá kemur fram í gögnum málsins að sýslumaður hafi með bréfi 29. sama mánaðar sent byggingarbréfið áfram til Björns samkvæmt áðurgreindum fyrirætlum amtmanns. Frumrit byggingarbréfsins liggur ekki fyrir í málinu en leggja verður til grundvallar að byggingarbréfið sem gefið var út til Björns hafi að efni til verið í samræmi við endurrit sem er að finna í skjalasafni amtmanns og áður er getið.

Í málinu er ekki að finna nein gögn um að „foréttíngunni“ hafi verið lýst á þingi svo sem mælt var fyrir um í 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar. Í greininni er þess ekki getið hver eigi að annast lýsingu á „foréttíngunni“ á þingi og ekki er sérstaklega kveðið á um að byggingarbréfinu skuli þinglýst. Ljóst er af ákvæði 6. gr. að gerður var greinarmunur á útgáfu byggingarbréfsins og „foréttíngunni“ sjálfri. Þá liggur fyrir að áreiðin var á höndum sýslumannsins og þeirra matsmanna sem hann kvaddi til og að sýslumaður hafði umsjón með manntalsþingi þar sem „foréttíngunni“ skyldi lýst.

Á þeim tíma sem áreiðargerðin fór fram og byggingarbréfið var gefið út var í gildi tilskipun um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi frá 24. apríl 1833. Í 2. og 3. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að ef skjal hljóðar upp á afhendingu fasteignar eigi ætíð að lesa það á þingi „til hvers eigindómurinn heyrir“ sem utan Reykjavíkur skuli vera hið árlega manntalsþing. Í 4. gr. tilskipunarinnar kemur fram að réttarverkun þinglýsingar gagnvart þriðja manni reiknist almennt frá þinglýsingardegi. Af ákvæðinu má ráða að þinglýsingu skjals um afhendingu eignar hafi fyrst og fremst verið ætlað að verja rétt eiganda gagnvart þriðja manni.

Í úrskurði óbyggðanefndar og hinum áfrýjaða dómi er á því byggt að Birni hafi verið skylt að láta þinglýsa byggingarbréfinu samkvæmt báðum tilskipunum. Svo sem rakið er að framan var ekki mælt fyrir um það í nýbýlistilskipuninni að nýbýlingi hefði borið skylda til þess að þinglýsa byggingarbréfi til þess að fullkomna stofnun nýbýlis heldur er einungis mælt fyrir um að „foréttíngunni“ skuli lýsa á þingi. Það liggur á hinn bóginn fyrir að ef nýbýlingur hefði viljað tryggja eignarrétt sinn á nýbýlinu gagnvart þriðja manni hefði hann getað óskað eftir því að byggingarbréfinu yrði lýst á þingi eins og öðrum skjölum um afhendingu eignar. Fyrir liggur að áreiðargerðin og þar með „foréttíngin“ var á höndum sýslumannsins auk þess sem sýslumaður og amtmaður höfðu báðir haft undir höndum byggingarbréfið sem gefið var út til Björns. Embættismönnum var því fullkunnugt um gilda stofnun nýbýlisins að Réttarhóli. Ekki verður úr því skorið hvers vegna „foréttíngunni“ var ekki lýst á þingi enda liggja engar upplýsingar fyrir um það í málinu. Þegar framangreint er haft í huga og það markmið þinglýsingar að tryggja eignarrétt gagnvart þriðja manni verður því hafnað að vanhöld á þinglýsingu hafi leitt til þess að ekki hafi stofnast til einkaeignarréttar Björns á umræddu landi samkvæmt nýbýlatilskipuninni. Gagnvart aðaláfrýjanda verður því að miða við að nýbýli hafi stofnast og Björn þannig eignast einkaeignarrétt að því svæði sem önnur varakrafa gagnáfrýjenda í héraði tekur til, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Í dómnum er byggt á því að 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar hafi einungis kveðið á um skyldu til að láta þinglýsa „foréttíngunni“ eða áreiðargerðinni en ekki byggingarbréfinu. Þrátt fyrir það var því hafnað að vanhöld á þinglýsingu „foréttíngarinnar“ hafi

leitt til þess að ekki hafi stofnast til einkaeignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar, m.a. með hliðsjón af því að óljóst hafi verið hvers vegna „forréttíngunni“ hafi ekki verið þinglýst og því markmiði þinglýsingar að tryggja eignarrétt gagnvart þriðja manni. Ályktun um markmið þinglýsingar var dregin af túlkun á 4. gr. þágildandi tilskipunar um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi frá 24. apríl 1833.

Af framangreindum dómum Landsréttar má ráða þá afstöðu réttarins að þrátt fyrir að 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar hafi kveðið á um skyldu til útgáfu byggingarbréfs og þinglýsingar „forréttíngarinnar“ ráði útgáfa byggingarbréfs í raun úrslitum um það hvort stofnast hafi til eignarréttar á grundvelli tilskipunarinnar. Þinglýsingu „forréttíngarinnar“ hafi fyrst og fremst verið ætlað að tryggja eignarrétt gagnvart þriðja manni og hún hafi því ekki verið fortakslaust skilyrði fyrir stofnun eignarréttar á grundvelli tilskipunarinnar.

Í dómi Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli) var m.a. fjallað um skilyrði 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar í tengslum við stofnun eignarréttar á grundvelli hennar í Heiðarmúla í Svalbarðshreppi. Í málinu lá fyrir að áreiðar- og skoðunargerð fór fram í samræmi við reglur tilskipunarinnar. Ekki lá hins vegar fyrir hvað gert hefði verið í framhaldinu og um það segir í dómi Hæstaréttar:

... til að ljúka meðferð málsins stóð eftir að sýslumaður lét af hendi til amtmanns útskrift af áreiðar- og skoðunargerðinni, amtmadur gæfi [nýbýlingi] út byggingarbréf og gerðinni yrði lýst á þingi, svo sem mælt var fyrir um í 6. gr. tilskipunarinnar.

[...]

Í málinu hefur ekkert komið fram um að byggingarbréf fyrir Heiðarmúla hafi verið þinglesið eða gerð sýslumanns lýst á manntalsþingi. Að þessu öllu virtu er ekki unnt að leggja annað til grundvallar en að látið hafi verið hjá liða að ljúka stofnun nýbýlisins með áðurnefndum aðgerðum, sem kveðið var á um í 6. gr. tilskipunarinnar frá 15. apríl 1776. Til þess verður á hinn bóginn að líta að um þessi atriði, sem málsmeðferðinni var áfátt, varð [nýbýlingi] ekki kennt, heldur er óhjákvæmilegt að rekja þau til mistaka eða vanrækslu embættismanna.

Sú niðurstaða málsins að um þjóðlendu væri að ræða réðst síðan af öðrum atriðum.

Sú afstaða Landsréttar sem að framan var lýst, þess efnis að útgáfa byggingarbréfs ráði í raun úrslitum um hvort stofnað hafi verið til beins eignarréttar á landi á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar, er í meginatriðum í samræmi við þá afstöðu sem óbyggðanefnd hefur haft til þessa atriðis, þó að niðurstaða nefndarinnar varðandi nýbýlisstofnun að Réttarhóli hafi verið önnur en Landsréttar. Má í því sambandi benda á umfjöllun nefndarinnar um heiðarbýli á Norðausturlandi í kafla 7.1.2 í *Almennum niðurstöðum* nefndarinnar sem birtar eru sem viðauki með úrskurði þessum. Umræddur kafli snýr einkum að stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar, en þar segir m.a. um það atriði: „Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum.“ Þrátt fyrir þetta komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu í máli nr. 2/2013, m.a. með hliðsjón af framangreindum dómi Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli), að þar sem engar heimildir væru um að byggingarbréfi

Réttarhóls hefði verið þinglýst og fyrirbyggjandi gögn bentu ekki til þess að þar væri mistökum eða vanrækslu embættismanna um að kenna stæðu ekki rök til að viðurkenna að til fullnaðrar nýbýlisstofnunar hefði komið á Réttarhóli í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

Eins og áður segir var ekki óskað áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar vegna dóms Landsréttar frá 2. október 2020 í máli nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar) og beiðni um áfrýjunarleyfi vegna dóms réttarins frá sama degi í máli nr. 63/2019 (Fannlaugarstaðir) var hafnað af Hæstarétti. Dómarnir eru því endanlegur í málunum og hafa það forðæmisgildi sem af því leiðir. Samanburður þeirra þriggja dóma sem hér um ræðir, þ.e. dóma Landsréttar í málum nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar) og 63/2019 (Fannlaugarstaðir) og dóms Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli), leiðir til ályktunar um að eftir sem áður ráði útgáfa amtmanns á byggingarbréfi til nýbýlings á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 mestu um hvort stofnast hafi til beins eignarréttar á áður eigendalausum landi. Ekki ræður endilega úrslitum um þetta þótt látið hafi verið hjá líða að þinglýsa áreiðargerð („forréttingu“) sýslumanns vegna stofnunar nýbýlisins eða eftir atvikum byggingarbréfinu, heldur þarf að meta hvert tilvik sérstaklega. Þá leiða vanhöld á útgáfu byggingarbréfs ekki endilega sjálfkrafa til niðurstöðu um að eignarréttur hafi ekki stofnast á þessum grundvelli, ef þau vanhöld verða rakin til mistaka eða vanrækslu embættismanna, sbr. margnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Þau sjónarmið sem koma fram af hálfu Landsréttar í umræddum tveimur dómum eru meðal þess sem hlýtur að koma til skoðunar við mat á því hvort eignarréttur hafi stofnast á þessum grundvelli, í tilvikum sem talist geta sambærileg.

7.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.⁸⁷⁴ Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur í Nesjum).

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir frásögnum Landnámu sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Í Hauksbók og Sturlubók Landnámu er Nesja-Knjúkur, sonur Þórólfs sparar, sagður hafa numið nes öll frá Kvígindisfirði til Barðastrandar. Þar segir einnig að Geirsteinn kjálki hafi numið Kjálkafjörð og Hjarðarnes með ráði Knjúks. Í Melabók Landnámu segir hins vegar að Nesja-Knjúkur hafi numið allt milli Kvígindisfjarðar og Kjálkafjarðar og Geirsteinn kjálki Kjálkafjörð og Hjarðarnes. Hauksbók, Sturlubók og Melabók Landnámu ber öllum saman um að Geir-

⁸⁷⁴ Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

leifur, sonur Eiríks Högnasonar hins hvíta, hafi numið Barðastönd milli Vatnsfjarðar og Berghlíða. Þar segir einnig að Örn hafi numið Arnarfjörð svo vítt sem hann vildi og að Geirþjófur Valþjófsson hafi numið Fossfjörð, Reykjarfjörð, Trostansfjörð og Geirþjófsfjörð. Jafnframt segir þar að á eftir Erni hafi komið Ánn rauðfeldur sem Örn hafi selt öll lönd milli Langaness og Stapa. Í Hauksbók og Sturlubók Landnámu segir að Vébjörn Sygnakappi hafi numið land milli Skötufjarðar og Hestfjarðar, Gunnsteinn og Halldór Gunnbjarnarsynir milli Skötufjarðar og Mjóafjarðar og Snæbjörn Eyvindarson austmanns milli Mjóafjarðar og Langadalsár.

Af framangreindum frásögnum og með hliðsjón af staðháttum verður að telja líklegt að ágreiningssvæði málsins hafi verið numin, að minnsta kosti að talsverðu leyti, enda liggja þau að sjó og láglendasti hluti þeirra er vel gróinn. Gera verður þann fyrirvara að ekki kemur fram hversu hátt til fjalla landnám á svæðinu hafi náð og því ekki hægt að fullyrða með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Óvissa um þetta atriði er meiri eftir því sem ofar dregur á svæðunum.

7.3 Auðshaugsland í Kjálkafirði

7.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt Auðshaugsland. Eigendur Auðshaugs byggja á því að umrætt svæði sé innan merkja jarðarinnar og það sé eignarland þeirra á þeim grundvelli.

Að vestanverðu afmarkast ágreiningssvæðið af þjóðlendukröfusvæði ríkisins í Vatnsfirði, sem fjallað er um í kafla 7.4. Að sunnanverðu, vestan Kjálkafjarðar, liggur að ágreiningssvæðinu óumdeilt eignarland Auðna og austan Kjálkafjarðar óumdeilt eignarland Litlanness. Að austanverðu liggur að ágreiningssvæðinu óumdeilt eignarland Kirkjubóls og Skálmarnesmúla og að norðan afmarkast það af þjóðlendukröfusvæði ríkisins í máli nr. 3/2020.

Ágreiningssvæðið liggur fyrir botni Kjálkafjarðar. Svæðið er láglent syðst og liggur þar að sjó en hækkar nokkuð skarpt upp úr firðinum til austurs og vesturs og einnig til norðurs upp af svonefndum Kjálkafjarðartungum. Þær liggja milli Austurár og Kjálkafjarðarár í botni fjarðarins. Hæst rís svæðið á nyrsta hluta þess í um 640 m hæð. Austurá á upptök á austurhluta svæðisins en Kjálkafjarðará rennur í tveimur meginkvíslum, eystri og vestari, á hálendari hluta svæðisins. Eystri Kjálkafjarðaráin kemur úr Kjálkavatni, norðarlega á svæðinu, sem er stærst vatna á ágreiningssvæðinu. Sú vestari á upptök á vesturhluta svæðisins, í Kjálkafjarðarvötnum og ýmsum öðrum smærri vötnum. Syðst renna á mörkum svæðisins Þverá að vestanverðu, sem á upptök í Þverdalsvatni, og Skiptá að austanverðu, sem á upptök í Skiptárvötnum. Ágreiningssvæðið tekur til hluta svonefndrar Þingmannaheiðar en um hana liggur vegslóði sem var þjóðvegur svæðisins áður en láglendisvegur var lagður meðfram sjó. Sá vegur lá upphaflega inn í botn Kjálkafjarðar, um ágreiningssvæðið, en síðar var fjörðurinn þveraður og

Þjóðvegurinn færður utar. Syðsti hluti ágreiningssvæðisins er vel gróinn en eftir því sem norðar dregur á heiðina verður svæðið góðursnauðara, klettóttara og grýttara.⁸⁷⁵

Frá bæjarstæði Auðshaugs við suðvestanverðan Kjálkafjörð eru, í beinni loftlínu, um 6 km að suðurvestumörkum ágreiningssvæðisins við Þverá, um 7,5 km að suðausturmörkum þess við Skiptá, um 8,5 km að botni fjarðarins og um 18,5 km að norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Frá suðvesturmörkum hins óumdeilda eignarlands Auðshaugs að norðausturmörkum þess eru um 3 km í beinni loftlínu og þaðan eru um 4 km að suðurmörkum ágreiningssvæðisins.

7.3.2 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar ágreiningssvæðisins er rakin í 5. kafla hér að framan.

Kemur hér fyrst til skoðunar hvernig merkjum á svæðinu er lýst í heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar aðila á því, en kröfum aðila er lýst í 3. kafla. Við þessa athugun verða kannaðar heimildir um merki ágreiningssvæðisins og einnig heimildir um merki aðliggjandi landsvæða. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

7.3.2.1 Afmörkun

Af hálfu íslenska ríkisins er kröfusvæðið afmarkað svo:

Upphafspunktur er í 642 metra hæð norður af Kjálkavatni (1). Þaðan suður eftir vatnaskilum um Kjálkafjarðarvötn yfir í Krókavatn (2). Úr Krókavatni er Þverá fylgt til sjávar (3) og þaðan eftir strandlengjunni í Skiptá, þar sem hún rennur í sjó (4). Skiptá er síðan fylgt upp í Skiptárvötn (Djúpavatn á korti) (5). Þaðan er vatnaskilum fylgt í upphafspunkt norður af Kjálkavatni í 642 metra hæð.

Af málatalibúnaði aðila og afmörkun krafna þeirra á meðfylgjandi úrskurðarkorti er ljóst að ekki er ágreiningur milli þeirra um afmörkun ágreiningssvæðisins, að því frátöldu að nyrst á svæðinu er kröfulína vegna Auðshaugs dregin eftir vatnaskilum en ekki kröfulína íslenska ríkisins. Báðir byggja þeir á afmörkun svæðisins í landamerkjabréfi Auðshaugs og Auðna frá 10. maí 1889, sem var þinglýst 31. maí 1890. Í landamerkjabréfinu er bæði lýst merkjum Auðshaugs og Auðna og þar er ágreiningssvæðinu lýst svo:

Þá tekur við Auðnaland og nær að Þverá, sem ræður frá sjó upp í svokallað Krókavötn og þaðan fram í fjall eptir sem vötnum hallar. d, Þá tekur aptur við Auðshaugsland frá ofansögðum merkjum og allt að Skiptá; ræður hún frá sjó og allt til fjalls svo langt sem vötnum hallar og skilur Auðshaugsland frá Litlanesi í Múlasveit; heyrir þannig allur Kollafjörður að innanverðu undir Auðshaug eptir fýrsögðu.

⁸⁷⁵ Umfjöllun um staðhætti á svæðinu er byggð á ýmsum útgefnum kortum, kortasjá og landupplýsingagátt Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrár frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem árbók Ferðafélags Íslands.

Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Hamars og Litlaness.

Að suðvestan- og vestanverðu er merkjum svæðisins lýst um Þverá upp í Krókavötn og „fram í fjall eptir sem vötnum hallar“. Með orðalaginu „fram í fjall“ verður að ætla að átt sé við norður í fjall, enda virðist það vera málvenja á svæðinu að fram merki inn í land eða norður. Kröfulínur aðila eru enda dregnar um vatnaskil norður frá Krókavötnum, þaðan sem vötnum hallar annars vegar að Kjálkafirði og hins vegar Vatnsfirði.

Að suðaustan- og austanverðu er merkjum svæðisins lýst um Skiptá frá sjó og til fjalls „svo langt sem vötnum hallar“. Málsaðilar draga kröfulínur sínar frá Skiptá upp að vatnaskilum milli Kjálkafjarðar og Kerlingarfjarðar og norður eftir þeim. Ekki verður annað séð en að það eigi sér stoð í framangreindri lýsingu í landamerkjabréfinu á þessum hluta merkja svæðisins.

Í landamerkjabréfinu segir svo: „heyrir þannig allur Kollafjörður að innanverðu undir Auðshaug eptir fyrirsögðu“. Hér verður að ætla að um misritun sé að ræða, enda er svæðið sem lýst hefur verið í Kjálkafirði en Kollafjörður liggur mun austar. Sé gengið út frá því að þarna sé átt við Kjálkafjörð styðja ummælin í landamerkjabréfinu jafnframt við afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu, enda tekur það til innsta hluta Kjálkafjarðar, norðan Þverár og Skiptár, og um vatnaskil allt umhverfis fjörðinn þaðan.

Öðrum heimildum um heildarmerki svæðisins er ekki fyrir að fara. Örnefnaskrá Auðshaugs og Auðna er ódagsett en skráð af Helga Guðmundssyni kennara og þjóðsagnaritara sem mun hafa skráð nokkrun fjölda slíkra skráa fyrir jarðir í Vestur-Barðastrandarsýslu. Þar segir að skammt frá botni Kjálkafjarðar að austanverðu falli Skiptá til sjávar og skipti löndum milli Litlaness í Múlahreppi og Auðshaugs í Barðastrandarhreppi. Þar segir einnig að Þverá skipti löndum milli Haugs, eða Auðshaugs, og Auðna.

Aðliggjandi ágreiningssvæðinu að suðaustanverðu er jörðin Litlanes. Í landamerkjabréfi Litlaness, sem er ódagsett en var þinglýst 23. maí 1885, er merkjum gagnvart svæðinu lýst svo: „að vestanverðu í svonefnda Skiptáa, hún rennur úr Skiptárvötnum og beint til sjávar“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Kirkjubóls sem liggur austan Litlaness. Landamerkjabréf Kirkjubóls frá 14. febrúar 1885, sem var þinglýst 23. maí sama ár, ber með sér að þar sé heildarmerkjum jarðarinnar ekki lýst heldur einungis þeim hluta sem er við Kerlingarfjörð. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Fjarðar og ber þess merki að gert hafi verið ráð fyrir að það yrði einnig áritað vegna Litlaness en ekki verður séð að það hafi verið gert. Merkjum til fjalla er þar ekki lýst.

Austan Kirkjubóls er jörðin Skálmarnesmúli sem á land í Vattarfirði. Merkjum þeirrar jarðar er nánar lýst í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2020, sem kveðinn er upp samhliða þessum, en þar er gerð krafa vegna jarðarinnar. Á fyrirliggjandi kröfulínukortum í málunum, sbr. nú einnig meðfylgjandi úrskurðarkort, sést að krafa vegna Skálmarnesmúla í máli nr. 3/2020 liggur að kröfum aðila í þessu máli að norðaustanverðu. Í landamerkjabréfi Skálmarnesmúla frá 28. maí 1887, sem var þing-

lýst sama dag, er merkjum til vesturs lýst svo: „að vestanverðu Vattardals eptir brún dalsins sem vötnum hallar í úti svonefnda ögsl“. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Vattarness, Fjarðar og Ingunnarstaða. Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2020, sem kveðinn er upp samhliða þessum, er komist að þeirri niðurstöðu að túlka beri lýsingu í landamerkjabréfi Skálmarnesmúla á umræddum hluta merkja jarðarinnar svo að þau fylgi vatnaskilum.

Að vestanverðu liggur að ágreiningssvæðinu sá hluti kröfussvæðis íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefndur Vatnsfjörður og fjallað verður um í kafla 7.4. Eins og nánar verður fjallað um þar benda heimildir um umrætt svæði ekki til þess að það nái inn á ágreiningssvæðið í máli þessu.

Skoðun á heimildum um merki aðliggjandi jarða og landsvæða leiðir því til þeirrar niðurstöðu að þær mæli afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu ekki í mót.

Við meðferð málsins aflaði óbyggðanefnd upplýsinga um legu vatnaskila á svæðinu sem færð voru inn á kröfulínukort málsins, sbr. meðfylgjandi úrskurðarkort. Af þeim er ljóst að nyrsti hluti vatnasviðs áa sem renna í Kjálkafjörð nær skammt norður fyrir mörk milli kröfussvæða íslenska ríkisins í málum nr. 2/2020 og 3/2020 hjá óbyggðanefnd. Krafa eigenda Auðshaugs, sem fylgir vatnaskilum, nær þannig einnig inn á umrætt svæði. Þrátt fyrir að byggja afmörkun ágreiningssvæðisins á vatnaskilum hefur íslenska ríkið ekki lagað mörk milli kröfussvæða í málum nr. 2/2020 og 3/2020 að legu vatnaskila að því marki sem vatnasvið áa sem renna í Kjálkafjörð ná norður fyrir umrædd mörk, norðaustan við punkt nr. 1 á kröfulínu íslenska ríkisins í máli þessu. Af því leiðir að leysa verður úr eignarréttarlegri stöðu þess hluta vatnasviðsins sem liggur innan kröfussvæðis ríkisins í máli nr. 3/2020 í því máli. Hins vegar er ljóst að sömu röksemdir eiga við um það svæði og ágreiningssvæði þessa máls að öðru leyti, enda er það allt samkvæmt framansögðu innan merkja svonefnds Auðshaugslands eins og því er lýst í landamerkjabréfi Auðshaugs og Auðna frá 10. maí 1889.

Að teknu tilliti til þess er það niðurstaða óbyggðanefndar samkvæmt öllu því sem hér hefur verið rakið að afmörkun ágreiningssvæðisins af hálfu aðila sé í samræmi við landamerkjabréf Auðshaugs og Auðna frá 10. maí 1889, að því frátöldu að kröfulína íslenska ríkisins í málinu er ekki dregin um vatnaskil á norðurmörkum svæðisins.

7.3.2.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða svæðisins. Eins og áður segir er í Hauksbók og Sturlubók Landnámu greint frá landnámi Nesja-Knjúks, sonar Þórólfs sparar, á öllum nesjum frá Kvígindisfirði til Barðastrandar. Þar segir einnig að Geirsteinn kjálki hafi numið Kjálkafjörð og Hjarðarnes með ráði Knjúks. Í Melabók Landnámu segir hins vegar að Nesja-Knjúkur hafi numið allt milli Kvígindisfjarðar og Kjálkafjarðar og Geirsteinn kjálki Kjálkafjörð og Hjarðarnes.

Af framangreindum frásögnum og með hliðsjón af staðháttum verður að telja líklegt að ágreiningssvæði málsins hafi verið numið, að minnsta kosti að talsverðu leyti, enda

liggur það að sjó og láglendasti hluti þess er vel gróinn. Gera verður þann fyrirvara að ekki kemur fram hversu hátt til fjalla landnám á svæðinu hafi náð og því ekki hægt að fullyrða með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Óvissa um þetta atriði er meiri eftir því sem ofar dregur á svæðunum.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvernjar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afréttiutan. Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tiltekna undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Við úrlausn þessa máls reynir því einkum á hvort ágreiningssvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan marka jarða og einungis háð óbeinum eignarréttindum. Að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að ágreiningssvæðið sé allt innan merkja svonefnds Auðshaugslands í landamerkjabréfi Auðshaug og Auðna frá 10. maí 1889. Eins og áður greinir byggist þjóðlendukrafa ríkisins til svæðisins á því að það hafi ekki verið hluti af jörðinni Auðshaugi heldur hafi

Það einungis verið nýtt með takmörkuðum hætti sem afréttarland jarðarinnar. Þá skilji jörðin Auðnar ágreiningssvæðið frá heimalandi Auðshaugs. Íslenska ríkið byggir þannig á því að í fyrrgreindu landamerkjabréfi Auðshaugs og Auðna sé Auðshaugslandi lýst sem sérstöku afréttarlandi en ekki hluta jarðarinnar Auðshaugs. Eigendur Auðshaugs byggja kröfu sína hins vegar á því að umrætt svæði sé, og hafi ávallt verið, hluti jarðarinnar. Hér skiptir því mestu að kanna hvort ágreiningssvæðið sé, og hafi verið, hluti jarðarinnar Auðshaugs eða eftir atvikum land utan eignarlanda, undirorpið óbeinum eignarréttindum eigenda Auðshaugs en ekki er um það deilt að Auðshaugur sé jörð.

Elsta fyrirliggjandi heimild um Auðshaug er skrá Eggerts Hannessonar yfir fasteignir sínar frá 1576, en meðal eigna hans var jörðin Auðshaugur, 24 hundruð að dýrleika.

Fyrir liggja ýmis jarðabréf og önnur skjöl sem varða framsal á Auðshaugi, ýmist við sölu eða með gjafagerningum, frá árunum 1576, 1578, 1582, 1586, 1634, 1843, 1886 og 1931. Ekki er í þeim fjallað sérstaklega um ágreiningssvæðið.

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir eftirfarandi í umfjöllun um Auðshaug:

Jörðin á vi hndr. land inn í Kjálkafirði, fyrir framan Auðnir. Er þar skógur, viðsæmandi til raftviðar, góður til kola og eldiviðar. Þar eru og slægjur, en heyslæmar, og nær jörðin illa til þess. Þar hefur áður verið selstaða heimanað, nú aldrei brúkuð, fyrir atorkuleysi. Þar hefur verið heimræði haust og sumar, nú er það af. Sölvafjara, hrognkelsi, skelfiskur, ekki fyrirhafnarvert.

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er getið ýmissa hlunninda Auðshaugs, m.a. selveiði, fiskveiði, fjallagrasa og kolaviðar. Þá segir einnig: „hiemme og Udmark er under kastet Fieldskreed.“ Af því má draga þá ályktun að jörðinni hafi tilheyrt úthagar, sbr. orðið „Udmark“.

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd 2. júlí 1811 var upplesin lögfesta bræðranna Ólafs og Magnúsar Erlendssona „fyrir Landsplatse i Kiálkafyrde til Haugs“. Á manntalsþingi ári síðar, 24. júní 1812, voru upplesin mótmæli frá Þorkeli Gunnlaugssyni, eiganda Litlaness, gegn lögfestu Ólafs og Magnúsar Erlendssona „fyrir þrætuparti i Kiálkafyrði“.

Skipti á jörðinni Auðshaugi fóru fram 29. júlí 1823 milli þriggja eigenda hennar. Skiptunum er lýst í úttektarbók Barðastrandarhrepps 1818–1848 og þar segir m.a. um engjar jarðarinnar:

hvað eingar snertir er þeim soleidis vared að þær eru aungvar saman hangande heldur slægiu blettir hér og hvar sum part fyrir utann túned enn sumpart fyrir innan og nockrir Blettir Jnni Kiálkafyrði hvað alt at orku menn að sónu gétad sér med mikilli fyrirhofn notad enn þó ærid litid og það med því móti að ábúande duglega verie hvors vegna vid treistumm ock ej til að gíóra Regluleg skipti á þessum vesolu blettumm samt virdist mér naudsinlegt í Brád að hra kaupmadurenn vegna fiarlægðar og annars ásigkomulags nefnilega med skipaferd yrki Jtri Hlidána. – Hvar i moti að eckiann og Olafur fær innri Eingiarnar og partinn nidurundann Bænumm beint ur skémmu Horni Jtra og ynn eftir hladinu ynni ána og nedri partinn fyrir ynnann ána upp undir ádur umm gétin Schevings

part og fyrir ofann bæinn itri partinn upp fyrir lægri Fjár husenn og á hæra Fjarhúsa túninu Jnri partinn

Þar er því lýst að jörðin eigi nokkra slægjubletti inni í Kjálkafirði, sem hægt sé að nýta með mikilli fyrirhöfn.

Í sóknarlýsingu Brjánslækjar- og Hagasókna frá 22. ágúst 1840 eftir sr. Hálfván Einarsson segir m.a. um Auðshaug að jörðin eigi selstöðu „inn í Kjálkafirði“.

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um Auðshaug:

Auðshaugur. Tún í medallagi ad stærð en ógrasgefid, eingjar ad víðáttu í medallagi en snöggar og á sundrúngi, Landrymi mikið en erfíðt, því sumt af því liggur handan fyrir Audnaland, kostagiædi í lakara lagi, Vetrarbeit nóg, Tún eingjar og beitarland liggur undir skadræði af arensli, Selveidi teljandi, æðarvarp þará móti valla; Selstada fylgir Jörðunni sæmilega kosta góð en miög óhæg, her er miög flæði hætt. Jörðin er erfíð.

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 er Auðshaugur metinn sameiginlega með eyðibýlinu Auðnum. Þar var skráð eftirfarandi athugasemd:

Aths. Eyðibýlið Auðnar hafa legið undir Auðshaug um nærfelt 40 ár, og sér matsn. sér ekki fært að meta það sér, vegna þess, að tún það er jörð hafði, er fyrir löngu fallið í ör, og hús öll niðurfeld. Þó virðist oss, að einn þriðji af matsverði Auðshaugs mætti teljast til Auðna, vegna slæгна og landnytja, er þeirri jörð fylgja.

Í *Barðstrendingabók* frá 1942 segir m.a. um Auðshaug og byggð á Hjarðarnesi:

Á Hjarðarnesi eru nú aðeins tveir bæir byggðir: Auðshaugur og Fossá.

Auðshaugur er austar, stendur bærinn sunnan til á Hjarðarnesi. Í daglegu tali er bærinn jafnan nefndur Haugur. Í miðju Haugslandi er eyðibýlið Auðnir. Til er sögusögn forn af bræðrum þremur, er áttu Haug og Kjálkafjörð allan. Héldu tveir þeirra saman, en höfðu hinn þriðja útundan og skiptu honum úr landi jarðarinnar. Fór svo, að hann veitti í öllu betur en þeim. Enduðu svo skipti þeirra, að hann feldi bræður sína báða, er þeir ætluðu að veita honum aðför fyrir öfundarsakir, á svonefndum Mannamótavöllum milli bæjanna.

Haugur er flutningsjörð all-mikil, tún all-stórt, en nokkuð langsótt í heyskap. Sumarhagar góðir og útbeit, en útfiri mikið og mjög flæðihætt. Lítilsháttar æðarvarp er það einnig. Landrymi mikið. Skóglendi er all-mikið inni í Kjálkafirði.

[...]

Miðja vegu milli Auðna og fjarðarbotnsins gengur dalur ekki all-lítill inn í hlíðina. Nefnist hann Þverdalur. Við ána þar var áður sel frá Haugi.

Fyrir liggur örnefnaskrá fyrir Auðshaug og Auðna sem er ódagsett en merkt áður-nefndum Helga Guðmundssyni. Þar segir m.a.:

Hjarðarnes er austasti hluti Barðastrandarhrepps. Voru áður oft fjórar sérskildar jarðir á því, Auðnar, Auðshaugur, Suðurhamar og Fossá. Þykir sennilegt, að Auðnar hafi verið byggðir úr Haugslandi, því að Haugur á land í Kjálkafjarðarbotni fyrir innan Auðna.

[...]

En inn og upp af Hlaðhól er stór slétt flöt inn að Lómatjörn. Flötin heitir Mannamótsvellir (156). Það er gömul sögn, að Auðshaugur og Auðnar hafi í fyrndinni verið ein jörð og eitt býli, og hafi þá eitt sinn búið þar þrír bræður. Fór vel á með tveimur þeirra, en misklið var á milli hins þriðja og hinna tveggja. Var þá horfið að því ráði að skipta jörðinni. Sá bróðirinn, sem var ósamþykkur hinum tveimur reisti bú á Auðnum, en hinir tveir héldu við búinu á Haugi. Auðnabóndanum búnaðist bezt og græddi of

fjár. Samkomulagið batnaði ekki heldur við skilnaðinn, heldur magnaðist óvináttan svo, að þeir Haugsbændur ráða af að veita bróður sínum atförl og hann þeim. Ekki er getið um mannsöfnuð, en sagt er, að þeir hafi hitzt á Mannamótsvöllum og barizt þar. Lauk bardaganum svo, að Auðnabóndinn felldi báða bræður sína, og er sagt, að Mannamótsvellir beri nafn af fundi þessum. En Mannamótsvellir eru því nær mitt á milli bæjanna Haugs og Auðna. Engar menjar fundar þessa sjást nú á þessum slóðum.

Eins og að framan er getið skiptir mestu máli við úrlausn málsins að taka afstöðu til þess hvort hið svonefnda Auðshaugsland hafi verið hluti jarðarinnar Auðshaugs eða afréttur jarðarinnar sem lotið hafi sérstakri afmörkun og eigendur Auðshaugs notið þar óbeinna eignarréttinda. Í framangreindum heimildum sem liggja fyrir um Auðshaug er hvergi rætt um ágreiningssvæðið sem afrétt. Eins og fram hefur komið skilur land Auðna ágreiningssvæðið frá óumdeildu eignarlandi Auðshaugs, sbr. sameiginlegt landamerkjabréf jarðanna frá 10. maí 1889. Að mati íslenska ríkisins bendir það til þess að ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en hið óumdeilda eignarland Auðshaugs en því er mótmælt af hálfu eigenda Auðshaugs sem byggja á því að Auðshaugur og Auðnar hafi í öndverðu verið ein jörð sem skipt hafi verið upp síðar.

Landamerkjabréf jarðanna hefst á lýsingu á merkjum milli Auðshaugs og Hamars, sem er aðliggjandi Auðshaugi að vestanverðu á Hjarðarnesi. Því næst lýsir það merkjum óumdeilds eignarlands Auðshaugs gagnvart Auðnum. Svo segir:

c, Þá tekur við Auðnaland og nær að Þverá, sem ræður frá sjó uppí svokallað Krókavötn og þaðan fram í fjall eptir sem vötnum hallar. d, Þá tekur aptur við Auðshaugsland frá ofansögðum merkjum og allt að Skiptá [...] heyrir þannig allur Kollafjörður að innanverðu undir Auðshaug eptir fyrirsögðu.

Í bréfinu er orðið „Auðnaland“ notað um óumdeilt eignarland Auðna og að handan þess taki aftur við „Auðshaugsland“. Með skoðun á innra samræmi landamerkjabréfsins er því ekki hægt að draga þá ályktun að með orðinu „Auðshaugsland“ sé átt við að ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland Auðshaugs. Í því sambandi er þess sérstaklega að gæta að samkvæmt bréfinu tekur „aptur við Auðshaugsland“ handan Auðna og bendir það einmitt til þess að litið hafi verið svo á að ágreiningssvæðið hafi haft sömu eignarréttarlega stöðu og annað land Auðshaugs.

Í dómum Hæstaréttar hefur nokkrum sinnum verið fjallað um svæði sem eru landfræðilega aðskilin heimalandi jarðar og hefur sú aðstaða alloft leitt til niðurstöðu um þjóðlendu. Meðal þeirra atriða sem horft hefur verið til í því sambandi er hvort og þá hvernig svæði er lýst í landamerkjabréfi, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur) og frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur) þar sem Hæstiréttur taldi að landamerkjabréf jarðanna Hoffells annars vegar og Þorbrandsstaða hins vegar bæru með sér að ágreiningssvæði málsins hefðu ekki verið hlutar jarðanna. Einnig hefur verið horft til fjarlægðar svæðis frá heimalandi jarðar og þess hvort margar jarðir liggi þar á milli, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 13. október 2016 í máli nr. 20/2016 (Arnarstaðatungur) þar sem þess var getið í dómnum að milli jarðarinnar Arnarstaða og ágreiningssvæðis málsins væru meira en 13 km í beinni loftlínu og að sjö jarðir lægju þar á milli. Það var

talið mæla gegn beinum eignarrétti að ágreiningssvæði málsins. Þá hefur einnig verið horft til staðhátta, sbr. áðurnefndan dóm Hæstaréttar frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur) þar sem þess var getið að ágreiningssvæðið væri gilskorið, erfitt yfirferðar og nánast allt yfir 400 m hæð, en hæsti tindur í 1.240 m hæð.

Í dómi Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) var niðurstaða um eignarland hins vegar m.a. byggð á því að þótt Péturseyjarjarðir ættu ekki land að Stórhöfða, sem um var deilt í málinu, mælti það ekki gegn eignarhaldi þeirra, enda hefðu landkostir verið þröngir og ábúendum borið nauðsyn til að tryggja fé sínu nægt beitarland.

Eins og áður segir er það mat óbyggðanefndar að landamerkjabréf Auðshaugs og Auðna frá 1889 bendi til þess að ágreiningssvæðið hafi verið talið hluti jarðarinnar Auðshaugs. Suðurmörk ágreiningssvæðisins eru einungis um 4 km frá norðurmörkum óumdeilds eignarlands Auðshaugs og á milli liggur einungis jörðin Auðnar. Af hálfu eigenda Auðshaugs er á því byggt að upphaflega hafi Auðshaugur og Auðnar verið ein jörð sem svo hafi verið skipt upp. Ekki liggja fyrir beinar sögulegar heimildir um það, aðrar en sögusagnir um deilur þriggja bræðra á Auðshaugi eins og sagt er frá í *Barðstrendingabók* og örnefnaskrá Auðshaugs og Auðna. Elsta fyrirliggjandi heimild sem getur um Auðna er máldagi frá 1377. Af frásögnum í *Landnámu* að dæma virðist sem landnám Geirsteins kjálka í Kjálkafirði hafi tekið til alls fjarðarins og því hugsanlegt að Auðshaugur og Auðnar hafi í öndverðu verið ein jörð sem skipt hafi verið upp fyrir 1377, en ekki verður fullyrt um það út frá fyrirliggjandi gögnum. Svo virðist sem jarðirnar hafi í gegnum tíðina verið í eigu mismunandi einstaklinga en samkvæmt gögnum málsins hafa þær a.m.k. verið á sömu hendi frá síðari hluta 19. aldar, sbr. kaupbréf frá 2. júní 1886 vegna kaupa Jóns Guðmundssonar í Flatey á 25,1 hundraði í Auðshaugi og Auðnum af Ásmundi Sveinssyni á Hallbjarnareyri og fasteignamat Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 þar sem skráð er athugasemd um að „Auðnar hafi legið undir Auðshaug í nærfelt 40 ár“. Svo virðist sem jarðirnar hafi verið á sömu hendi síðan. Þá er þess að gæta að sá hluti Auðshaugs sem er óumdeilt eignarland jarðarinnar, sunnan Auðna, er tiltölulega landlítill og af skýrslugjöf eigenda Auðshaugs við aðalmeðferð málsins að dæma virðist ágreiningssvæðið hafa verið mikilvægt fyrir jörðina þegar þar var rekið fjárbú.

Að teknu tilliti til framangreinds og þess að svæðið er mjög aðgengilegt frá óumdeildu eignarlandi Auðshaugs og liggur að sjó verður að mati óbyggðanefndar ekki talið að landfræðilegur aðskilnaður ágreiningssvæðisins frá öðru landi jarðarinnar mæli gegn beinum eignarrétti, sbr. einkum áðurnefndan dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði).

Ummæli í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 um að Auðshaugur eigi land inni í Kjálkafirði, framan við Auðna, þykja einnig heldur benda til eignarlands. Þá liggur fyrir lögfesta frá 1811 fyrir „Landsplatse“ í Kjálkafirði en einnig mun eigandi Litlanness hafa mótmælt lögfestunni ári síðar vegna þrætuparts í Kjálkafirði. Efni lögfestunnar frá 1811

liggur ekki fyrir í málinu og ekki er því ljóst að hvaða leyti merkjum svæðisins kann að hafa verið lýst þar. Þá er óljóst hvort mótmælin ári síðar hafa tekið til alls svæðisins en orðalagið „þrætupartur“ þykir heldur benda til þess að ágreiningur hafi verið um tiltekinn afmarkaðan hluta svæðisins. Við skipti jarðarinnar Auðshaugs árið 1823 milli þriggja eigenda hennar er þess getið í umfjöllun um engjar að jörðin eigi nokkra bletti inni í Kjálkafirði, sem hægt sé að nota með nokkurri fyrirhöfn. Þá segir í jarðamati Barðastrandarsýslu 1849–1850 að landrymi Auðshaugs sé mikið en erfitt því sumt af því liggi handan Auðnaland og í *Barðstrendingabók* frá 1942 segir að Auðnar séu í miðju Haugslandi. Að mati óbyggðanefndar benda framangreindar heimildir einnig til þess að ágreiningssvæðið hafi verið hluti jarðarinnar Auðshaugs.

Þessu til viðbótar var gerður samningur og afsal milli Vegagerðarinnar og eigenda Auðshaugs „vegna endurbóta á Vestfjarðavegi í landi Auðshaugs og Auðna“, eins og segir í samningnum, frá 15. desember 2011, og afsal gefið út af því tilefni. Samningurinn er undirritaður af eigendum Auðshaugs og af hálfu Vegagerðarinnar. Tilefni samningsins var þverun Kjálkafjarðar og lagning nýs vegar yfir fjörðinn, en eldri vegur lá um botn fjarðarins. Samkvæmt 5. gr. samningsins skuldbatt Vegagerðin sig til að skila 5,51 ha lands sem var eldra vegstæði og þar segir einnig: „og teljast þá landeigendur löglegir eigendur þess lands og þess vegar sem er á því landi frá þeim degi sem umferð er hleypt á nýjan veg.“ Ljóst er að umrætt land er að stærstum hluta innan ágreiningssvæðisins og að við samningsgerðina hafi Vegagerðin gengið út frá því að eigendur Auðshaugs væru eigendur þess lands sem eldri vegurinn lá um.

Af öllu framantöldu er það niðurstaða óbyggðanefndar að ágreiningssvæðið hafi frá öndverðu verið hluti jarðarinnar Auðshaugs, eins og því er lýst í landamerkjabréfi Auðshaugs og Auðna frá 10. maí 1889, en ekki land utan eignarlanda, undirorpið óbeinum eignarréttindum. Af hálfu íslenska ríkisins hefur því ekki verið sýnt fram á að land innan marka kröfusvæðis þess, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

7.4 Vatnsfjörður

7.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt Vatnsfjörður. Engar gagnkröfur bárust og ekki er því uppi formlegur ágreiningur um afmörkun eða eignarréttarlega stöðu þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins í málinu. Rétt er þó að geta þess að athugasemdir við kröfugerð ríkisins bárust frá ábúendum á jörðinni Brjánslæk og Ríkiseignum en Brjánslækur er í eigu íslenska ríkisins.

Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Í ljósi þess að íslenska ríkið gerir eitt kröfu í málinu er eignarréttarleg staða svæðisins því einungis til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins við aðalmeðferð málsins, þess efnis að þrátt fyrir kröfu um viðurkenningu þess að svæðið væri þjóðlenda væri óskað eftir því að óbyggðanefnd gerði sjálfstæða rannsókn á því hvort svæðið væri eignarland eða þjóðlenda.

Svæðið sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins lýtur að nær yfir stóran hluta Vatnsfjarðar og Vatnsdals og fjallendisins þar upp af. Að suðaustanverðu liggur að kröfusvæðinu óumdeilt eignarland jarðarinnar Fossár og að suðvestanverðu óumdeilt eignarland Brjánslækjar. Að vestanverðu liggja að kröfusvæðinu jarðirnar Vaðall á Barðaströnd, Trostansfjörður í samnefndum firði og Langibotn í Geirþjófsfirði. Að norðvestanverðu liggur kröfusvæðið að sýslumörkum Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu sem jafnframt eru svæðamörk milli svæða 10C og 10B. Að norðaustanverðu liggur að svæðinu kröfusvæði ríkisins í máli nr. 3/2020, Þingmannaheiði og Skálmardalsheiði. Sunnan við það, austan svæðisins, liggur að því sá hluti kröfusvæðis íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt Auðshaugsland og þar sunnan við tekur við óumdeilt eignarland jarðarinnar Auðna. Við vestanverðan Vatnsfjörð umlykur kröfusvæðið síðan óumdeilt eignarland jarðanna Þverár og Hellu. Kröfulína ríkisins miðast einkum við afmörkun friðlands í Vatnsfirði og tekur til þess að langmestu leyti.

Svæðið rís hæst í 866 m hæð yfir sjávarmáli á nyrsta punkti þess á Glámuhálendinu. Að vestanverðu liggur kröfulína ríkisins um ýmsa fjallstinda á vatnaskilum, svo sem Botnshnúk í 745 m hæð, Lónfell eða Lómfell í 752 m hæð og svonefndar Hornatær sem samanstanda af fjórum tindum: Ýsufelli í 703 m hæð, Breiðafelli í 744 m hæð, Klakk í 699 m hæð og Ármannsfelli í 706 m hæð. Á suðausturmörkum svæðisins liggur Uppsaladalur austur frá austanverðum Vatnsfirði og um hann rennur Uppsaladalsá. Skammt norðar í firðinum gengur Þingmannadalur norðaustur úr fjarðarbotninum að austurmörkum kröfusvæðis ríkisins. Um hann rennur Þingmannaá. Norður úr Þingmannadalnum austanverðum liggja Heimri- og Fremri-Brunadalir. Í fjarðarbotninum rennur Vatnsdalsá úr Vatnsdalsvatni í fjörðinn. Vatnið liggur um 1 km frá sjó og er um 4 km langt og 1,5 km á breidd þar sem það er breiðast. Talsverður skógur er í hliðunum umhverfis vatnið. Norðan við vatnið, í Vatnsdal, eru grösugar eyrar og rennur Vatnsdalsá ofan af hálendari hluta svæðisins norðan dalsins og um Vatnsdalsvatn. Ýmis vötn eru á fjöllum umhverfis Vatnsdal, svo sem Hólmavatn, Öskjuvatn, Krossvatn o.fl. Úr vötnunum renna svo ýmsar ár niður í dalinn, t.d. áðurnefnd Vatnsdalsá í dalsbotninum, vestan hennar Útnorðursár og Austurá austan hennar. Á milli Útnorðursáa

og Vatnsdalsár liggja svonefndar Geldneytatungur. Norðvestan fjarðarbotnsins, vestan Vatnsdalsvatns, stendur Hellufjall en á því er Helluvatn og úr því fellur Eiðisá í fjarðarbotninn. Undir suðurhlíðum Hellufjalls, í óumdeildu eignarlandi Hellu, stendur Hótel Flókalundur og vestan við fjallið liggur Penningsdalur. Um hann rennur áin Penna⁸⁷⁶ og vestur úr Penningsdal ganga Smjördalur og Þverdalur en um þá renna Smjördalsá og Þverdalsá sem sameinast Pennu í Penningsdal. Sunnan Pennu stendur orlofshúsabyggð. Skammt sunnan hennar rennur Grenjadalsá um Grenjadal í vestanverðan Vatnsfjörð. Á hálendinu vestan við dalinn eru Mávavötn en vatn úr þeim rennur til Smjördals. Sunnan við þau er Miklidalur sem liggur suður í Þverárdal en um þá rennur Þverá til sjávar. Vestan og suðvestan Þverár rís svæðið hæst á suðvesturmörkum þess þar sem Búrfell og Þverfell eru. Sunnan við suðurmörk svæðisins, sem dregin eru um línu úr Þverfelli í Hestmúla og þaðan til sjávar, er óumdeilt eignarland Brjánslækjar.⁸⁷⁷

Frá bæjarstæði Brjánslækjar eru einungis um 800 m að suðurmörkum kröfussvæðis ríkisins í beinni loftlínu. Um 7,5 km eru þaðan að botni Vatnsfjarðar og tæpir 15 km að botni Vatnsdals í beinni loftlínu. Frá bæjarstæðinu að nyrsta hluta kröfussvæðis ríkisins eru um 29 km í beinni loftlínu.

7.4.2 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar kröfussvæðisins er rakin í kafla 5 hér að framan. Eins og áður segir gerir enginn kröfu til eignarréttar á svæðinu sem hér er til umfjöllunar að frátöldum fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins og ekki er því uppi formlegur ágreiningur í málinu um afmörkun eða eignarréttarlega stöðu svæðisins. Óbyggðanefnd bærust hins vegar athugasemdir frá ábúendum á jörðinni Brjánslæk og Ríkiseignum, en Brjánslækur er ríkisjörð. Í þeim er kröfugerð íslenska ríkisins mótmælt á þeim grundvelli að kröfussvæðið sé allt innan merkja Brjánslækjar og því í eigu ríkisins.

Þar sem fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, gerir einn kröfu til þess svæðis sem hér er til skoðunar er eignarréttarleg staða þess einungis til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli þess fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins við aðalmeðferð málsins, þess efnis að þrátt fyrir kröfu um viðurkenningu þess að svæðið væri þjóðlenda væri óskað eftir því að óbyggðanefnd gerði sjálfstæða rannsókn á því hvort svæðið væri eignarland eða þjóðlenda.

Kemur hér fyrst til skoðunar hvernig merkjum á svæðinu er lýst í heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki kröfussvæðisins, þar á meðal hvort

⁸⁷⁶ Einnig stundum nefnd Peningsdalur og Peningsdalsá eða Penná. Hér verður notast við heitin Penningsdalur og Penna.

⁸⁷⁷ Umfjöllun um staðhætti á svæðinu er byggð á ýmsum útgefnum kortum, kortasjá og landupplýsingagátt Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem árbók Ferðafélags Íslands.

samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar íslenska ríkisins á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar, en þjóðlendukröfulinunni er lýst í kafla 3.1. Við þessa athugun verða kannaðar heimildir um merki kröfusvæðisins og einnig heimildir um merki aðliggjandi landsvæða. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

7.4.2.1 Afmörkun

Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu byggist m.a. á því að afmörkun jarðarinnar Brjánslækjar sé óljós en óumdeilt er að Brjánslækur sé jörð. Hún byggist einnig á því að sum þeirra svæða í Vatnsfirði sem nefnd eru eignir Brjánslækjar eða „lækjareignir“ hafi einungis verið undirorpin óbeinum eignarréttindum Brjánslækjar. Afmörkun kröfulinunnar byggist fyrst og fremst á afmörkun friðlands í Vatnsfirði samkvæmt auglýsingu nr. 96/1975 um friðland í Vatnsfirði, sbr. auglýsingu nr. 910/2016 um breytingu á henni. Þar er mörkum friðlandsins lýst með svofelldum hætti:

Með Þverá og síðan Mikladalsá frá ósi að upptökum. (2) Þaðan beina stefnu í hátind Klakks. (3) Eftir það landamerki Brjánslækjar á sýslumörkum að vestan og norðan, og til austurs eins langt og lönd Brjánslækjar og Uppsala ná allt til móts við brúnir Fossárfjalls ofan Uppsaladals. (4) Að fjallsbrún liggja mörkin með klettavegg þeim sem er skammt austan við klettinn Hörg, svo langt sem hann nær, og þaðan skemmstu leið til sjávar. Eyjar og hólmar á Vatnsfirði eru háðir ákvæðum friðlýsingarinnar.

Samkvæmt auglýsingunni miðast friðlandsmörkin að mestu við landamerki Brjánslækjar sem liggja eftir sýslumörkum á hæstu fjöllum umhverfis Vatnsfjörð. Auk þess liggur fyrir í málinu minnisblað frá Ríkiseignum þar sem gerðar eru athugasemdir við kröfugerð ríkisins í Vatnsfirði en þar segir að þjóðlendukröfusvæðið sé allt innan merkja Brjánslækjar sem sé ríkisjörð. Úr landi jarðarinnar hafi aðrar jarðir og hjáleigur verið stofnaðar en þær séu Uppsalar, Hella, Þverá, Moshlíð og Seftjörn. Að auki hafi verið stofnaðar sumarhúsalóðir úr landi Brjánslækjar og þá hafi verið stofnuð stór lóð undir orlofshúsabyggð milli Þverár og Hellu.

Í ljósi framangreinds verða hér fyrst kannaðar heimildir um merki Brjánslækjar og annarra hluta kröfusvæðisins sem samkvæmt framangreindu tengjast Brjánslæk. Í kjölfarið verða kannaðar heimildir um aðliggjandi jarðir.

Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Brjánslæk sem gert var eftir gildistöku eldri landamerkjalaga nr. 5/1882, dagsett 7. nóvember 1889. Einnig liggur fyrir skjal með heitinu „Landamerkjabréf Kyrkju og Staðar að Brjámslæk“ frá 1. júlí 1855, þ.e. fyrir gildistöku landamerkjalaga, en um það verður fjallað hér síðar. Í landamerkjabréfi Brjánslækjar frá 7. nóvember 1889 segir:

Milli Arnórsstaðalands og Moshlíðar á Brjánslækur hluta af svo kallaðri Arnórsstaðahlíð, og Sauðanes, og eru merkin að utanverðu, móts við Arnórsstaði, í svo nefndri Stóru-skriðu, þannig að tekin er bein sjónhending frá stórum steini með vörðubroti á rjett fyrir ofan götuna, er liggur um neðanverða skriðuna, eptir skriðunni í hvylft í fjallsbrúninni, þaðan er skriðan er runnin. Lína þessi er bæði lands og fjörumark til móts við Arnórsstaði. – Inn á við nær þessi hluti Brjánslækjarlands að Moshlíðarlandi, og eru þar í milli merki þau, sem nú skal greina: Bein lína úr svo

kölluðu Titlingagili dregin innan til við Sauðanes til sjáfar mitt á milli svo nefndra Hlíðarskerja.

Merki milli Moshlíðar og Brjánslækjar að innanverðu við Moshlíð eru: Bein stefna úr Hlíðarkambi í tóptarbrot á svo nefndu Hjallholti; þaðan stefna í Pálströð og úr henni í Kúaklett, og þaðan bein sjónhending til sjáfar.

Milli Brjánslækjar og jarðarinnar Þverár við Vatnsfjörð ræður Þverá merkjum frá fjalli til fjöru.

Undir Brjánslæk heyrir Engey, sem liggur á miðjum Vatnsfirði fram undan Brjánslæk, ásamt hólum og skerjum kringum eyna, Sátu að vestanverðu, svo kölluðum Flögum tveim að norðanverðu við eyna, og Vörðuhólma og Svartbakaskeri að austan.

Samkvæmt visitatíu 27. júní 1835 til heyra allar aðrar eignir kirkjunnar á Brjánslæk, er nú eru taldar, og öll ítök „beneficio“ eða prestspartinum. Eignir þær og ítök eru þau, er nú skal greina:

1. Hálfur Penningsdalur. Að utanverðu til móts við jörðina Þverá ræður Grenjadalsá merkjum fyrir þessu landi frá fjalli til fjöru, en að innanverðu greinir Penná það frá Hellulandi frá fjalli til fjöru.
2. Vatnsdalur allur, sem gengur fram af botninum á Vatnsfirði. Að vestanverðu greinir Eiðisá hann frá Hellulandi, en að austanverðu Þingmannaá frá Uppsalandi. Hjer til heyrir þannig Þingamannadalur að norðaustanverðu við Þingmannaá.
3. Uppsalar. Þingmannaá ræður merkjum fyrir þessu „eyðiplássi“ að innanverðu frá fjalli til fjöru. En merki að utanverðu til móts við Fossá á Hjarðarnesi eru samkvæmt landamerkjabrjefi milli Fossár og Uppsala dags. 11. ágúst 1851: „Djúpsker það, sem lengst nær í sjó fram beint undan Uppsalaá er nótalagna og fjöromark. En löndin skilur árgilið Uppsalaárgilið til fjalls upp allt í Krók þann, þar sem það beygist þvert til suðurs á Fossárland. Síðan stefna úr Króki þeim í lítið leirtjarnardrag, þaðan beint upp eptir lautinni í lítinn kletthól, á hverjum stakur steinn stendur með vörðubroti á. Þaðan beint upp á brúnina í vörðu, svo yfir melhrygginn í syðri endann á norðustu og stærstu tjörninni, yfir tjörnina og skáhallt upp í grjótholtin og eptir þeim alla leið norðaustur á við sem vötnum hallar allt á hábrún sunnanvert við Auðnaöxl.“
4. Kirkjusker tvö, sem liggja í suðvestur frá Sauðeyjum.
5. „Beneficio“ til heyrir og selveiði öll með öllum fjöru gæðum á Eyði fyrir innan Skálmarnes, millum Sandvíkurness og Kerlingartanga. –

Milli Reidarlækjar og Pennár á Flateyjarkirkja skógarhögg í svo kölluðum Flateyjarparti eða Partinum, sem nær frá sjó upp að Ólafarvörðu á Kýrlágarholti. –

Kirkjan í Haga á skóg í Hnjótum, sem eru milli Þingmannaár og Lambagilja.

Landamerkjabréfið var skráð af sr. Þorvaldi Jakobssyni, presti á Brjánslæk. Bréfið var borið undir sameigendur að jörðinni og aðra sem áttu réttindi í landi Brjánslækjar en samkvæmt bréfum sem liggja fyrir í málinu er ljóst að eigendur Haga og eigendur bænda eignar Brjánslækjar, sem var þriðjungshluti í jörðinni, neituðu að skrifa undir landamerkjabréfið. Eigendur Haga vegna deilu um afmörkun skógarítaks Hagakirkju í Vatnsdal og eigendur bænda eignar Brjánslækjar annars vegar vegna deilu um merki Moshlíðar gagnvart heimalandi Brjánslækjar og hins vegar vegna deilu um það hvort hálfur Penningsdalur og Vatnsdalur ættu að teljast að fullu kirkjueign, eins og sr. Þorvaldur hélt fram, eða hvort eigendur bænda eignarinnar ættu tilkall til þriðjungshluta í þeim. Með öðrum orðum sneru deilurnar vegna landamerkjabréfsins frá 1889 ekki um

ytri merki Brjánslækjar heldur skiptingu tiltekinna réttinda innan jarðarinnar. Þessar deilur leiddu til þess að landamerkjabréfið hlaut ekki áritun um samþykki sameigenda, þeirra sem áttu réttindi í landi Brjánslækjar og eigenda aðliggjandi jarða. Ekki verður séð að því hafi verið þinglýst eða það fært inn í landamerkjabók sýslunnar í samræmi við ákvæði landamerkjalaga. Fjallað verður um gildi landamerkjabréfsins síðar, í umfjöllun um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Í landamerkjabréfinu er merkjum Brjánslækjar fyrst lýst gagnvart Arnórsstöðum að suðvestanverðu um Stóruskriðu í Arnórsstaðahlíð upp á fjallsbrún. Því næst er merkjum þess hluta Brjánslækjarlands sem liggur að Arnórsstöðum lýst gagnvart suðurmörkum Moshlíðar um Tittlingagil. Norðurmörkum Moshlíðar gagnvart Brjánslæk er lýst frá Hlíðarkambi um Pálströð til sjávar. Land Brjánslækjar umlykur samkvæmt því land Moshlíðar. Svo er merkjum milli Brjánslækjar og Þverár lýst um Þverá frá fjalli til fjöru. Heimalandi Brjánslækjar er þannig lýst frá norðurmörkum Moshlíðar, sem eru utan kröfusvæðis ríkisins, að suðurmörkum Þverár við Þverá. Suðvesturmörkum kröfusvæðis ríkisins er lýst um Stekkjarlæk og á fjall upp í vestur. Stekkjarlækur er u.þ.b. miðja vegu milli bæjarstæðis Brjánslækjar og Þverár og því tekur krafa ríkisins til hluta heimalands Brjánslækjar miðað við framangreinda merkjalýsingu landamerkjabréfsins.

Eftir lýsingu á heimalandi Brjánslækjar segir í landamerkjabréfinu að aðrar eignir og ítök Brjánslækjarkirkju tilheyri „prestspartinum“. Þær eru samkvæmt landamerkjabréfinu hálfur Penningsdalur milli Grenjadalsár og Pennu, Vatnsdalur allur milli Eiðisár og Þingmannaár og Uppsali milli Þingmannaár og Uppsalaár en um merki milli Uppsala og Fossár er vísað til landamerkjabréfs frá 11. ágúst 1851. Þá eru einnig nefnd svokölluð kirkjuser í Sauðeyjum og selveiði í Kerlingarfirði og svo er getið ítaka Flateyjarkirkju og Hagakirkju í Brjánslækjarlandi. Athygli vekur að jarðanna Þverár og Hellu er ekki getið sérstaklega í þessu sambandi, en ætla má að skýringin á því sé að skömmu eftir gerð landamerkjabréfs Brjánslækjar voru gerð sérstök landamerkjabréf fyrir Þverá og Hellu en eins og nánar verður vikið að síðar voru þær í eigu Brjánslækjar.

Lýsing landamerkjabréfsins á landi Brjánslækjar og annarra eigna kirkjunnar í Vatnsfirði ber með sér að svæðið skiptist í nokkra hluta: Heimaland Brjánslækjar, Moshlíð, Þverá, hálfan Penningsdal, Hellu, Vatnsdal og Uppsali.⁸⁷⁸ Krafa ríkisins tekur ekki til lands Moshlíðar, Þverár og Hellu. Eins og áður segir tekur krafa ríkisins til hluta þess svæðis sem samkvæmt landamerkjabréfinu er heimaland Brjánslækjar, milli Stekkjarlækjar og Þverár. Ljóst er af lýsingu annarra hluta svæðisins, þ.e. hálfes Penningsdals, Vatnsdals og Uppsala, að þeir eru innan kröfusvæðis ríkisins eins og því er lýst í kröfulýsingu.

Eins og áður segir urðu talsverðar deilur eftir gerð landamerkjabréfsins um hvernig jörðin skiptist milli kirkjueignar og bændaeignar. Einn eigenda bændahlutans var sr.

⁸⁷⁸ Hálfur Penningsdalur er tilgreindur svo þar sem hinn helmingurinn, norðan og austan Pennu er innan merkja Hellu. Þingmannadalur skiptist svo á milli Vatnsdals og Uppsala en merkjum þar á milli er lýst um Þingmannaá.

Sigurður Jensson í Flatey en hann var auk þess prófastur í Barðastrandarprófastsdæmi. Í einu bréfa sr. Þorvaldar til sr. Sigurðar, sem prófasts, dagsettu 21. júní 1893, lýsir sr. Þorvaldur merkjum Brjánslækjar og eigna kirkjunnar svo:

Eignir Brjánslækjarkirkju eru þessar:

1. Heimajörðin Brjánslækur ásamt Engey á Vatnsfirði. Brjánslækur á land með ~~utanverðum~~ Vatnsfirði vestan fram, utan frá Stóruskriðu á Arnórsstaðahlíð inn að Þverá, að undanskildu Moshlíðarlandi, – er liggur innan í Brjánslækjarlandi. – Bændahlutanum í heimajörðinni hefur aldrei – svo jeg viti – verið skipt frá beneficiaerhlutanum að neinu leyti, nema hvað túninu á Brjánslæk er skipt milli bóndans og prestsins, og eins eru fráskiptir „partar“ í Engey eignaðir bóndanum til slægna.
2. Moshlíð. Moshlíðarland liggur innan í landi heimajarðarinnar (Brjánslækjar). Merkjum Moshlíð[ar] lýsi jeg eptir vottorði sera Þórðar sál. Thorgrímssens í Otrardal (Hann bjó 19 ár á Brjánslæk), samhljóða framburði núlifandi manna. Vottorð sera Þórðar s[ál.] hljóðar þannig:

„Samkvæmt landamerkjabrjefi, er fylgdi Brjánslækjarprestakalli, eru landamerki milli Brjánslækjar og Moshlíðar þessi:

Að innanverðu: Hlíðarkambur og stefna úr honum í tóptarbrot á svo nefndu Hjallholti, þaðan stefna í Pálströð og úr henni í Kúaklett og svo beint til sjóar.

Að utanverðu: Titlingagil, og svo eptir túni innan til við Sauðanes í Hlíðarsker (ótiltekið í hvort skerið).

Otrardal, 4. júní 1887. Þ. Thorgrímssen.“

Hlíðarsker þau, er vottorðið nefnir, eru 2 og örskammt milli þeirra. Í landamerkjaskrá er jeg samdi 7. nóv. 1889, taldi jeg merkin liggja mitt á milli skerjanna og hygg jeg, að ágreiningur geti aldrei risið út af svo litlum stefnumun. Landamerkjabrjef það, er vottorð sera Þórðar getur um, er nú glatað og fylgdi það eigi skjölum prestakallsins, er jeg tók við þeim. Eins og yður er kunnugt fylgir Moshlíð nú bændaeygninni í Brjánslæk, en hvernig og hve nær henni hafi verið skipt út úr öðrum eignum Brjánslækjarkirkju, er mjer með öllu ókunnugt um.

3. Þverá. Sú jörð á land inn með Vatnsfirði frá ánni Þverá að Grenjadalsá. Þverá er nú talin með beneficiaerhlutanum í Brjánslækjareignum.
4. Hálfur Penningsdalur. Þetta er landskiki inn með Vatnsfirði og nær frá Grenjadalsá inn að Penná; telja máldagar hann fráskilinn heimalandi Brjánslækjar. – Í honum á Flateyjarkirkja skógarítak milli Reiðarlækjar og Pennár, upp að Ólafarvörðu á Kýrlágarholti. Samkvæmt vottorðum kunnugra manna hefur hálfur Penningsdalur lengi að undanfögnu verið talinn með beneficiaerhlutanum í Brjánslæk, en nú nýlega – (5. desbr. 1889) hafa eigendur bændahlutans í Brjánslæk mótmælt þessu og þykjast eiga tilkall til landshluta þessa að rjettri tiltölu (þriðjungi).
5. Hella. Eyðikot þetta á land inn með Vatnsfirði frá Penná inn að Eyðisá. Þeirri jörð til heyrir Helluhólmi á Vatnsfirði. Hella er nú talin með beneficiaerhlutanum í Brjánslæk.
6. Vatnsdalur. Hann gengur fram af botninum á Vatnsfirði og greinir Eiðisá hann frá Helluland[i] en Þingmannaá frá Uppsalalandi. Samkvæmt máldögum Brjánslækjarkirkju er Vatnsdalur fráskilinn heimalandi Brjánslækjar. Í Vatnsdal á Hagakirkja skóg „í Hnjótum milli Þingmannaár og Lambagilja.“ Svo lengi sem núlifandi menn vita til, hefur Vatnsdalur verið talinn til heyra að öllu leyti beneficiaerhlutanum í Brjánslæk, og hafi bændahlutinn í Brjánslæk verið leigður

öðru[m] en prestinum, hefur ábúandinn á bændaeigninni ekki[rt] tilkall átt eða gjört til landsnytja í Vatnsdal. Nýlega (5. desbr. 1889) hafa eigendur bændaeignarinnar gjört tilkall til þriðjungs í Vatnsdal.

7. Uppsalar. Eyðikot þetta á land að austanverðu við Vatnsfjörð frá Þingmannaá að Uppsalaá og eptir þinglesnum merkjum móts við Fossá á Hjarðarnesi. Uppsalar hafa verið taldir með beneficiærhlutanum í Brjánslæk.
8. Kirkjusker 2 í suðvestur frá Sauðeyjum hafa mótmælalaust verið talin til heyra „beneficio“ eingöngu.
9. Selveiðarítak með öllum fjörugæðum á Eyði fyrir innan Skálmarnes, milli Sandvíkurness og Kerlingartanga, hefur sömuleiðis mótmælalaust verið eignað „beneficio“ eingöngu.

Lýsingin á merkjum svæðisins er í samræmi við landamerkjabréfið frá 7. nóvember 1889. Fram kemur í bréfinu að landamerkjabréf muni áður hafi fylgt Brjánslækjarprestakalli en það hafi ekki verið að finna í skjölum þess þegar sr. Þorvaldur tók við embætti. Deilum um merki Moshlíðar og skiptingu milli kirkjuhlutans og bændahlutans lauk með því að ríkissjóður keypti bændahlutann til prestakallsins, ásamt Moshlíð, skv. afsali 2. júní 1898. Þrátt fyrir það virðist sem ekki hafi verið lokið við gerð landamerkjabréfsins í samræmi við kröfur landamerkjalaga.

Af hálfu íslenska ríkisins er mörkum kröfusvæðisins lýst um hæstu fjallstinda og vatnaskil umhverfis Vatnsfjörð frá línu sem dregin er um Stekkjarlæk og áfram á fjall upp að suðvestanverðu, vestan Vatnsfjarðar, og að suðaustanverðu, austan Vatnsfjarðar, frá línu sem dregin er um Uppsalaá og áfram upp á vatnaskil sunnan við Auðnaöxl. Í landamerkjabréfi Brjánslækjar er merkjum svæðisins til fjalla ekki lýst með nákvæmum hætti og að því leyti hefur það ekki að geyma tæmandi lýsingu heildarmerkja svæðisins.

Þar segir einungis að ár ráði merkjum milli mismunandi hluta þess „frá fjalli til fjöru“. Ekki er því fyllilega ljóst af orðalagi landamerkjabréfsins hvort það lýsi merkjum Brjánslækjar og eigna kirkjunnar þar upp á vatnaskil. Hins vegar er til þess að líta að engin skýr landfræðileg skil eru í landslagi umhverfis Vatnsfjörð frá fjöru til hæstu fjalla hvorum megin fjarðarins, fyrr en komið er upp á vatnaskil. Þegar því er lýst í landamerkjabréfinu að tiltekna ár ráði merkjum „frá fjalli til fjöru“ er því ekki óvarlegt að ætla að með fjalli sé átt við hæstu fjöll á vatnaskilum.

Í botni fjarðarins liggur Vatnsdalur sem teygir sig talsvert langt inn í land til norðurs. Upp úr honum hækkar land nokkuð skarpt upp í um 200 m hæð en þaðan er landslag aflíðandi upp að vatnaskilum milli vatnasviða áa sem renna í Vatnsfjörð annars vegar og hins vegar vatnasvið áa sem renna í firði og voga austan og vestan Vatnsfjarðar. Því er ekki lýst með ítarlegum hætti í landamerkjabréfinu hversu langt merkin ná til norðurs úr Vatnsdal heldur segir þar einungis að vesturmörk gagnvart Hellu séu um Eiðisá en austurmörk gagnvart Uppsölum um Þingmannaá. Séu merki Vatnsdals gagnvart Hellu og Uppsölum túlkuð „frá fjalli til fjöru“ upp á vatnaskil, og að teknu tilliti til staðhátta á svæðinu í kringum Vatnsdal, kann að vera eðlilegt að líta svo á að merkin umhverfis Vatnsdal eigi samkvæmt landamerkjabréfinu að liggja um vatnaskil. Um það er hins vegar nokkur óvissa.

Af framangreindri túlkun á landamerkjabréfi Brjánslækjar frá 1889 leiðir að kröfu-svæði ríkisins er innan þeirra merkja sem þar er lýst, þ.e. merkja Brjánslækjar og annarra eigna Brjánslækjarkirkju. Þó er nokkur óvissa um nyrsta hluta svæðisins, eins og áður segir. Á þeim hluta kröfussvæðisins fylgir afmörkun ekki vatnaskilum heldur sýslu- og sveitarfélagamörkum. Hins vegar liggur fyrir að þau mörk liggja mjög nálægt vatnaskilum, sem teygja sig ýmist aðeins austur eða vestur yfir mörkin. Íslenska ríkið hefur ekki lagað kröfulínu sína á umræddu svæði að legu vatnaskilanna.

Auk landamerkjabréfsins frá 1889 liggja fyrir aðrar heimildir þar sem fjallað er um merki Brjánslækjar og annarra hluta svæðisins og verða þeim nú gerð skil. Fjallað verður um heimildir um merki jarðanna Þverár og Hellu samhliða umfjöllun um Brjánslæk vegna náinna tengsla þeirra við Brjánslæk, þrátt fyrir að krafa ríkisins taki ekki til lands þeirra.

Elstu heimildir sem fjalla um Brjánslæk eru máldagi Þórarins Sigurðarsonar biskups frá 1363 og máldagi Vilchins frá 1397 en í þeim kemur fram að kirkjan eigi heimaland hálf og hálf Engey. Í máldögum og vísitasíum frá árunum 1532, 1570, 1639 og 1700 segir að kirkjan eigi heimaland hálf, hálf Engey, jarðirnar Hlíð og Þverá, hálfan Penningsdal, Uppsali og Vatnsdal allan með skógi og haga neðan frá Eiðisá og Þingmannaá fram á Geldneytatungur svo langt sem skógi er vaxið, fyrir utan skóg milli Þingmannaár og Lambagilja sem tilheyri Hagakirkju. Í vísitasíu frá 1733 segir hið sama en því er bætt við að kirkjan eigi 30 hundruð í heimalandi og 20 hundruð að auki sem hún hafi fengið að gjöf frá Niels Fuhrmann og Helgu Eggertsdóttur 12. júní 1720. Í vísitasíum frá 1750, 1751, 1761 og 1790 segir að kirkjan eigi 50 hundruð í heimalandi Brjánslækjar en að öðru leyti það sama og fyrri vísitasíur nema að Penningsdalur og Uppsalir séu eyðipláss.

Í máldögum og vísitasíum allt frá árinu 1532 geta heimildir um skiptingu lands í kringum Vatnsfjörð í mismunandi hluta. Hugsanlegt er að skipt eignarhald á Brjánslækjarfjörðinni milli kirkju og bænda hafi skipt þar máli og kirkjan hafi frá öndverðu lagt áherslu á að lýsa þeim hlutum jarðarinnar eða þeim eignum Brjánslækjar sem tilheyrðu kirkjunni sérstaklega. Í elstu máldögum frá 1363 og 1397 er einungis getið um að kirkjan eigi heimaland hálf og hálf Engey, en ekki minnst á önnur svæði í Vatnsfirði. Hugsanlega eignaðist kirkjan þau síðar, einhvern tímann á tímabilinu 1397–1532. Einnig er hugsanlegt að á þeim tíma þegar elstu máldagar kirkjunnar voru skráðir hafi stærra svæði verið talið til heimalands Brjánslækjar og fjörðin þannig náð yfir allt svæðið sem hér er til umfjöllunar en svæðinu síðar skipt upp í minni einingar. Landnámslýsingar á svæðinu, sem fjallað er um í kafla 7.2 að framan, geta þess að Vatnsfjörður hafi allur verið innan sama landnáms. Þegar það er haft í huga kann sú skýring að svæðið hafi áður allt verið hluti Brjánslækjar og síðar skipt upp í minni einingar að vera sennileg. Ekki liggja þó fyrir skýrar heimildir um þetta atriði.

Í máldögum og vísitasíunum er merkjum einstakra hluta Brjánslækjar eða eigna kirkjunnar ekki getið sérstaklega. Þó segir um Vatnsdal að kirkjan eigi hann allan með

skógi og haga neðan frá Eiðisá og Þingmannaá fram á Geldneytatungur svo langt sem skógi er vaxið, fyrir utan skóg milli Þingmannaár og Lambagilja sem tilheyrir Hagakirkju. Eins og lýst er í inngangi liggja Geldneytatungur í botni dalsins, milli Vatnsdalsár og Útnorðursáa. Af texta skjalanna er ekki fyllilega ljóst hvort með vísun til Geldneytatungna, svo langt sem skógi er vaxið, sé verið að afmarka eign kirkjunnar í Vatnsdal almennt, þannig að svæði norðan Geldneytatungna hafi ekki tilheyrt kirkjunni, eða hvort með því sé lögð sérstök áhersla á að eignarhaldi kirkjunnar á öllum Vatnsdal fylgi allur skógur, eins langt og hann nær, fyrir utan þann hluta skógarins sem tilheyrir Hagakirkju. Seinni útskýringin útilokar ekki að með Vatnsdal öllum sé átt við stærra svæði. Í þessu sambandi vekur athygli að merkjum annarra hluta Brjánslækjar er ekki lýst í máldögunum og vísitásiunum. Það styður við þá túlkun að með framangreindri lýsingu á skógi í Vatnsdal sé einungis verið að lýsa því hvernig réttindi yfir skóginum skiptust milli Brjánslækjarkirkju og Hagakirkju, enda munu umrædd réttindi hafa verið talsvert verðmæt og því ástæða til að lýsa þeim sérstaklega. Að teknu tilliti til þess verður ekki talið að framangreindir máldagar og vísitásiur mæli því sérstaklega í mót að merki Brjánslækjar nái lengra til norðurs en á Geldneytatungur.

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir m.a. um Brjánslæk að skóg í Vatnsdal, kirkjunnar landi, noti ábúendur til raftviðar og kolagerðar. Þar er einnig að finna eftirfarandi ummæli um Uppsali og Hellu í umfjöllun um Fossá:

Á millum Fossár og Brjámslækjar hefur verið kot, kallað Vppsaler. Jarðardýrleiki meinast hafa verið v hndr. Er kirkjueign frá Brjámslæk. Heyrir til Guðmundi Þorleifssyni. Er í eyði, og hefur ei byggt um lx ár. Meinast kynni að byggjast.

Þar er annað kot, kallað Hella. Sumir hafa heyrt hún skuli hafa verið vi hndr. Kirkjueign frá Brjámslæk. Heyrir til Guðmundi Þorleifssyni. Liggur í eyði, og hefur lengi legið. Meinast illa kunna að byggjast vegna átroðnings.

Um Þverá og Moshlíð segir svo í *Jarðabók* Árna og Páls að þær séu kirkjujarðir frá Brjánslæk.

Í prófastsvísitási um Brjánslækjarkirkju frá 23. maí 1780 segir að kirkjan eigi skjöl á borð við landamerkjabréf en innihaldi þess er ekki lýst í vísitásiubókinni og það liggur ekki fyrir í öðrum skjölum málsins.

Við manntalsþing að Haga á Barðaströnd 31. júlí 1813 var upplesin lögfesta um Uppsali og Vatnsdal:

upplesinn Lögfesta fyrir Uppsölum og öllum Vatnsdal með Skógie og haga nedann frá Eids- og Þingmanná, og frammá Geldíngatungur, so langt sem Skógie er vaxed utann Skóg í Hníótum mille Þingmannaár og Lambagilia er kirkian i Haga á, þesse daterud 30^{te} Júlí 1813 under hende og Signete Bergsveinssonar á Briámslæk og nafne G. Schevíngs.

Efni lögfestunnar liggur að öðru leyti ekki fyrir. Eins og sést á færslunni í dóma- og þingbók er lögfestan undirrituð af hálfu eigenda Brjánslækjar en í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 kemur fram að jörðin sé að $\frac{2}{3}$ hluta í eigu Brjánslækjarkirkju og að $\frac{1}{3}$ hluta í eigu G. Schevings sýslumanns.

Fyrir liggja nokkur skjöl frá árunum 1829–1832 um deilu sr. Runólfs Erlendssonar á Brjánslæk og Guðmundar Schevings kaupmanns í Flatey og eiganda bændahluta jarðarinnar vegna marsvínareka á svokallaða Lækjarfit árið 1827. Deilan snerist aðallega um landamerki milli Moshlíðar, sem Guðmundur Scheving taldi sig eiga, og Brjánslækjar og hverjum rekinn heyrði til. Málið var tekið fyrir nokkrum sinnum árið 1829 og ýmis vitni leidd fyrir réttinn en sýslumaður kvað svo upp dóm í málinu 13. nóvember 1829. Farið var yfir málsatvik, vitnisburði og skjöl sem lögð höfðu verið fyrir réttinn en m.a. var deilt um hvort Guðmundur ætti jörðina Moshlíð eða hvort hún tilheyrði Brjánslækjarkirkju. Um land Brjánslækjar skráði sýslumaður m.a. eftirfarandi:

Land það sem Máldagar allir eigna Briamslækjar kirkju, liggur sóleides fyrir hofud áttum, Vatnsdalur liggur fyrir Fjardarbotni í Sudur og lítid til landsudurs frá Briámslæk, þá biggist landed med hlíðinne, nokkud til austurs alt ad Briámslæk, enn þaðann, og alt útá Saudanes, horfir Fjallshlíðinn, og Fjara, mót vestur, á mille Briámslækjar og Saudaness, sem er landamerke Briámslækjar, á þá Sídu, liggur Jórdinn Hlíd, enn einginn annar Bær, enn hinns vegar Briámslækjar, inn med Fjrdinum, liggia Hella og Þverá, er því öll Briámslækjar Eýgn, sér skilt land frá ódrum Jórdum, hvór einginn nema Briámslækjar kirkia og Proprietarius af 10 hndr. í Briámslækjar hejmalande, og Haga kirkia á Skóg í Hníótum, á minnsta Jtak í. – Epter í Rétt lagdre, og verifceradre Máldaga útskrift, á kirkíann ad Briámslæk hejmland hálf, Eingey, item Jarðirnar Hlíd og Þverá etc.

Niðurstaða sýslumanns var svo að Moshlíð tilheyrði Brjánslækjarkirkju og þar með hinn umdeildi marsvínareki. Málið fór í kjölfarið fyrir Landsyfírrétt en áður en því lauk þar náðist sátt í málinu. Efni hennar liggur ekki fyrir í máli þessu.

Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er fjallað um átta prestaköll í Barðastrandarsýslu. Eitt þeirra er Brjánslækur á Barðaströnd. Þar segir m.a.:

Jarðarkostir á Brjánslæk eru: sumarþeitt allgóð fyrir sauðfé, og þarabreit á vetrum, opt töluverð; slægjur góðar á Eingey; kofnatekja nokkur en æðarvarp valla teljandi. [...] Silúngsveiði mætti hafa nokkra inná Vatnsdals afrétt. Hrognkelsaveiði á vorin er töluverð og hæg, og inná Vatnsfirði fást á vorin 5–10 kópar. Á Vatnsdals afrétt er raptskógur sæmilegur, en beitartoll, fyrir geldfjárupprekstur þángað, greiða eigi þeir sem reka. [...] Kirkjujarðirnar eru bygðar þannig: Þverá með 1 vætt og 2 kúg., Hella 1½ kúg. og Kross 2 kúg., 1 á og 1 gemling í lsk., en Moshlíð er talin með bændahlutanum.

Í úttekt á Brjánslækjarprestakalli frá 21. ágúst 1848 var farið yfir eldri biskupsvísitásiur og skjöl. Þar segir að kirkjan eigi 50 hundruð í heimalandi og auk þess eigi hún Engey og jarðirnar Moshlíð og Þverá, hálfan Penningsdal og Uppsali, sem séu í eyði, og allan Vatnsdal með skógi og haga neðan frá Eiðisá að Þingmannaá fram á Geldneytatungur, svo langt sem skógi sé vaxið. Einnig er getið um ítak Hagakirkju í Vatnsdal milli Þingmannaár og Lambagilja.

Í ódagsettri eigna- og ítakaskrá, sem mun vera frá miðri nítjándu öld, segir að kirkjan að Brjánslæk sé að ⅔ hlutum kirkjueign en að ⅓ hluta bændaeign. Þar segir að kirkjan eigi 50 hundruð í heimalandi með Engey og kirkjujarðirnar Moshlíð, Þverá og Hellu en að Moshlíð og Hella séu í eyði.

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 segir um Brjánslæk:

Briámslækur. Tún stórt, og hardbalalegt, og ógrasgefid, samt miög hætt við Jardkali, einkum á Vorin, eingi mikid en á sundrúngi, Selveidi talsverd, hrognkelsa veidi nockur, skógur nógur, landrými mikid og kostagott, gielfíar afrétti í Vatnsdal, her er vetrarþeiti lítil og ristulítið; liggur her undir Eyan Eingey, slægiuland besta, her er kofna tekja að góðum mun. æðarvarp teljandi og haustþeiti góð fyrir sauðfje; Jörðin er fremur erfð.

Í prófastsvísitasíu um Brjámslækjarkirkju frá 9. ágúst 1851 segir að Brjámslækjarkirkja haldi öllum sínum eignum, m.a. öllum Vatnsdal, utan skógarítaks Hagakirkju í dalnum en að óljóst sé um heiti þess. Ljóst er að ágreiningur hefur verið um ítakið, staðsetningu þess og heiti eins og birtist m.a. í talsverðum fjölda gagna frá 1851–1861. Í vísitasíu frá 11. ágúst 1862 segir að kirkjan haldi eignum og ítökum sínum fyrir utan skógarpart þann sem getið sé í fyrri vísitasíum.

Hinn 11. ágúst 1851 var ritað landamerkjabréf milli „jarðanna Fossár á Hjarðarnesi, sem er bændaeygn og Uppsala við Vatnsfjörð sem er eign Brjámslækjar kirkju“, eins og þar segir. Merkjum milli jarðanna er þar lýst svo:

... millum téðra jarða við sjó hefur frá alda öðli Uppsala á landi skipt og viljum vér það haldist, og fylgjum því, að svomiklu leiti, við verður komið, stefnu árinna, í merkja lýsingunni, verður þá djúp skér það sem leingst nær í sjó fram beint undan Uppsala á nótlaga og fjöru mark, en löndin skilur árgilið til fjalls upp alt í krók þann þar það beigist þvert til suðurs á Fossár land, síðan stefna úr króki þeim í lítið leirtjarnar drag, þaðan beint upp eptir lautinni í lítin kletthól á hverjum stakur steinn stendur með vörðu broti á, þaðan beint upp á brúnina í vörðu svo yfir melhrigginn í sydri endan á nordustu og stærstu tjórninni yfir tjórnina og skáhalt upp í grjótholtinn og eptir þeim alla leid norðaustur á við sem vótum hallar alt á há brún sunnan verdt við Auðna óxl.

Landamerkjabréfið er undirritað af sr. Benedikt Þórðarsyni á Brjámslæk, H. Bjarnasyni hreppstjóra á Barðaströnd og lögráðamanni eiganda 6 hundraða í Fossá. Fram kemur að ábúendur á Fossá og Uppsölum hafi verið viðstaddir gerð landamerkjabréfsins. Einnig liggur fyrir bréf frá Jóni Bjarnasyni í Flatey, eiganda hálfar jarðarinnar Fossár, dagsett 28. janúar 1853, til sr. Benedikts Þórðarsonar þar sem hann lýsir sig samþykkan landamerkjabréfinu. Í landamerkjabréfi Brjámslækjar frá 1889, sem lýst er að framan, er vísað til þessa landamerkjabréfs um merki milli Uppsala og Fossár.

Eins og áður segir liggur fyrir skjal með heitinu „Landamerkjabréf Kyrkju og Staðar að Brjámslæk“ frá 1. júlí 1855 sem var þinglýst á manntalsþingi að Haga 5. sama mánaðar. Efni þess er svohljóðandi:

Land það sem eptir eldri og nýrri skilríkjum er eign Kyrkjunnar og staðarins að Brjámslæk hefur slík ummerki:

„Að vestan svo nefnda Stóruskriðu á Arnórstaðahlíð, hún skilur land millum Arnórstaða og Brjámslækjar og er Skriðuhriggur sá við hvorn Arnórstaða megin hinn forni Arnórstaða stekkur var byggdur, upp í skriðunni skamt frá Stekknun er stór steinn og niður undan honum ofarlega í fjörunni tveir stórir steinar annar hærra í flóðkambinum hinn lægra, þessir þrír Steinar hvor niður undan öðrum, syna merkilinuna fram til sjóarins á fjörunni og upp hlíðina til fjallsbrúnar og skilja þeir löndin. Á hinn veginn eður að austanverðu er hin svonefnda Uppsala á hún er gamalt og glögg mark millum Brjámslækjar lands og Fossár lands og var eptir því marki samið hinn 11 August 1851 landamerkja bréfið millum Fossár á Hjarðarnesi og Uppsala við Vatnsfjörð, og er lýsing merkja þeirra þannig: „Verður djúpsker það sem leingst nær í

sjó fram beint undan Uppsala á nótlaga og fjöru mark en löndin skilur árgilið til fjalls upp alt í krók þann þar það beigist þvert til suðurs á Fossár land, síðan stefna úr króki þeim í lítið leirtjarnar drag þaðan beint upp eptir lautinni í lítinn kletthól á hvurjum stakur steinn stendur með vörðu broti á, þaðan beint upp á brúnina í vörðu svo yfir melhrigginn í syðri endann á norðustu og stærstu tjörninni, yfir tjörnina og skáhalt upp í grjótholtin og eptir þeim alla leið norðaustur á við sem Vötnum hallar allt á hábrún sunnanvert við Auðna Öxl.“

Landið millum greindra takmarka frá Stóruskriðu kringum Vatnsfjörð allt að Uppsala á frá sjó og á fjöll upp umhverfis sem vötum veitir að er eign Brjámslækjar alt með öllum nytjum nema Skógur í Hnjótum sem kyrkjan í Haga á, eru Hnjótar þeir í austanverðum Vatnsdal millum Þingmanna ár og Lamba gilja, fyrir ofan mýri þá sem liggur frá Smiðju með fjallsrótum fram og skilur mörkina frá Hnjótunum heitir mirin Smiðjumýri, Einnig á Flateýar Kyrkja í Brjámslækjarlandi, „Skógarpart millum Pennu ár og Reiðarlæks“, heitir þar Pennunes sem skógurinn er. Brjámslækjar Kyrkja á Eingey alla í Vatnsfyrdi og Selveiði og fjöru gæði öll millum Sandvíkur ness og Kérlingar tanga í Kérlingarfirði, hún á líka kyrkjuskér tvö suður af Sauðeyum.“

J Brjámslækjarlandi eru bygd 4 býli:

1. Moshlíð matin 6 hndr. ummerki lands hennar eru Titlingagil að utan er það mjótt gil af háfjalli ofan, hefur það stefnu nidur nokkru innar en Saudanes er og í Hlíðarskér a fjörunni, að innan Hlíðar kambur og stefna úr honum utanvert við Hjallholtið niður í Pálströð sem líka nefnist þræltröð, úr tröðinni í Kúaklétt og úr klettinum beint til sjóar. – Moshlíð á allann Hlíðardal.
2. Þverá matin 6 hndr. á land millum Þverár og Pennuár fylgja þar með Miklidalur og hálfur Pennudalur.
3. Hella 6 hndr. hún á land frá Pennuá til Eydis ár vid utnorður horn Vatnsfjardar hún á Smjörðal og hálfan ~~Pennu~~ Penningsdal.
4. Uppsalar eiga land millum Þingmanna ár og Uppsala ár því landi fylgir Uppsala dalur og hálfur Þingmanna dalur.

Heimaland Brjámslækjar eru löndin milli Stóru-Skridu og Titlingagils og milli Hlíðarkambs og Þverár í Þverárdal þar til heyrir allur Lækjardalur. Eýan Eingey fylgir Brjámslækjar heimalandi sömuleidis Vatnsdalur frá Eydis á og Þingmanna á með hálfum Þingmannadal.

Undir skjalið ritar sr. Benedikt Þórðarson, prestur á Brjámslæk. Ekki verður séð að bréfið sé undirritað um samþykki af hálfu eigenda aðliggjandi jarða eða fyrirsvarsmanna þeirra, svo sem mælt er fyrir um í gildandi landamerkjalogum nr. 41/1919, sbr. 2. gr. laganna, og einnig eldri lögum um landamerki nr. 5/1882, sbr. 3. gr. þeirra laga. Umrætt skjal var hins vegar gert fyrir gildistöku landamerkjalaga nr. 5/1882 en þá var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrasetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna, fá hana staðfesta af eigendum eða umráðamönnum aðliggjandi jarða, láta þinglýsa henni og færa í landamerkjabók sýslunnar.⁸⁷⁹ Þar sem skjalið var gert fyrir gildistöku landamerkjalaga hlaut það ekki þá meðferð sem lögin mæltu fyrir um og er því ekki um lögformlegt landamerkjabréf í skilningi laganna að ræða. Þar sem það er nefnt landamerkjabréf verður þó notast við það orð til að lýsa því í eftirfarandi umfjöllun en nánar verður fjallað um gildi skjalsins síðar.

⁸⁷⁹ Sjá nánari umfjöllun í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Í landamerkjabréfinu er merkjum jarðarinnar, sem var að hluta kirkjueign og að hluta bændaegn, fyrst lýst gagnvart Arnórstöðum sem eru aðliggjandi að suðvestanverðu. Þeim hluta merkjanna er lýst um svonefnda Stóruskriðu í Arnórstaðahlíð frá fjöru til fjallsbrúnar, og má ætla að þar sé átt við fjallsbrún Arnórstaðahyrnu. Þessi hluti merkja jarðarinnar er utan kröfusvæðis ríkisins. Því næst lýsir landamerkjabréfið merkjum að suðaustanverðu gagnvart Fossá, um Uppsalaá austur að vatnaskilum á hábrún sunnan við Auðnaöxl, með vísan til landamerkjasamkomulags milli Fossár og Uppsala frá 11. ágúst 1851, sem áður er getið. Umræddum merkjum er lýst með sambærilegum hætti í áður nefndu landamerkjabréfi Brjánslækjar frá 1889. Næst segir í landamerkjabréfinu: „Landið millum greindra takmarka frá Stóruskriðu kringum Vatnsfjörð allt að Uppsala á frá sjó og á fjöll upp umhverfis sem vötnum veitir að er eign Brjámslækjar alt með öllum nytjum ...“ Þar eru þó undanþegin tiltekin ítök Hagakirkju og Flateyjarkirkju „í Brjámslækjarlandi“ og talin upp ítök Brjámslækjarkirkju í Kerlingarfirði og Sauðeyjum. Í landamerkjabréfinu er því með öðrum orðum lýst að land Brjánslækjar nái frá suðvesturmerkjum gagnvart Arnórstöðum og að suðausturmerkjum gagnvart Fossá og liggi um vatnaskil umhverfis allan Vatnsfjörð.

Í framhaldinu er því lýst í landamerkjabréfinu að í Brjánslækjarlandi séu byggð fjögur býli: Moshlíð, Þverá, Hella og Uppsalir. Merkjum Moshlíðar er lýst frá Tittlingagili að sunnanverðu að línu sem dregin er um Hlíðarkamb og Pálströð eða Þrælatröð til sjávar. Merkjum Þverár er lýst milli Þverár og Pennu og merkjum Hellu milli Pennu og Eiðisár. Uppsalir eru sagðir eiga land milli Þingmannaár og Uppsalaár. Því næst segir að heimaland Brjánslækjar séu löndin milli Stóruskriðu og Tittlingagils, þ.e. sunnan Moshlíðar og utan kröfusvæðis ríkisins, og milli Hlíðarkambs og Þverár, þ.e. frá norðurmörkum Moshlíðar að suðurmörkum Þverár, en hluti þess svæðis er innan suðvesturhluta kröfusvæðis ríkisins. Svo segir að eyjan Engey og Vatnsdalur frá Eiðisá að Þingmannaá með hálfum Þingmannadal fylgi heimalandi Brjánslækjar.

Í landamerkjabréfinu frá 1855 er merkjum Brjánslækjar og einstakra hluta jarðarinnar í Vatnsfirði lýst með mjög sambærilegum hætti og í landamerkjabréfinu frá 1889. Merki milli mismunandi hluta svæðisins eru þau sömu, fyrir utan norðurmerki Þverár sem dregin eru um Pennu í bréfinu frá 1855 en Grenjadalsá í bréfinu frá 1889. Merkjalýsing landamerkjabréfsins frá 1855 er þó ítarlegri en sú sem er að finna í bréfinu frá 1889 að því leyti að þar er merkjum til fjalla lýst með heildstæðum hætti um vatnaskil umhverfis Vatnsfjörð. Að mati óbyggðanefndar styður það við að túlka beri landamerkjabréfið frá 1889 svo að ytri merki lands Brjánslækjar liggi um vatnaskil og hæstu fjöll umhverfis Vatnsfjörð en það svæði skiptist svo í smærri hluta.

Á manntalsþingi að Vaðli á Barðaströnd 12. júlí 1859 var lesið bréf sr. Benedikts Þórðarsonar á Brjánslæk um leyfi Jakobs Athanasíussonar bónda til afnota af „afrettarlandinu Vatnsdal“, dagsett 10. júní 1859.

Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Hellu frá 1. mars 1890, sem ber með sér að hafa verið skráð af sr. Þorvaldi Jakobssyni á Brjánslæk. Þar segir að Hella sé eign Brjáns-lækjarkirkju og merkjum jarðarinnar lýst svo:

Að utanverðu ræður Penná merkjum fyrir jörð þessari allt frá fjalli til fjöru, en að innanverðu ræður Eiðisá fjalli og fjöru á milli. Undir jörð þessi heyrir hólmi einn lítill, sem kallaður er „Helluhólmi“ og liggur á Vatnsfirði örsk[a]mmt fram undan Hellulandi. Ekki á jörð þessi nein ítök eða hlunnindi í landi annara jarða nje aðrar jarðir í hennar landi.

Landamerkjabréfið er undirritað af hálfu eiganda þriðjungshluta í Brjánslæk og þinglýst á manntalsþingi 31. maí 1890. Merkjum Hellu er þar lýst milli Pennu og Eiðisár, í samræmi við landamerkjabréf Brjánslækjar frá 1855 og 1889 sem lýst er að framan. Þann sama dag var þinglýst landamerkjabréfi Þverár, einnig dagsett 1. mars 1890, sem ber með sér að hafa verið skráð af sr. Þorvaldi Jakobssyni á Brjánslæk. Þar segir einnig að Þverá sé eign Brjánslækjarkirkju og merkjum jarðarinnar lýst svo:

Jörð þessi greinist frá Brjánslækjarlandi með eptirfylgjandi landamerkjum: Þverá deilir löndin fjalls og fjöru á milli allt uppi Þverárdalsbotn þá breytir áin nafni og heitir eptir það Mikladalsá og ræður hún merkjum svo langt sem hún nær. Þá eru merkin bein lína frá upptökum Mikladalsár í vestasta kikann hjá Máfavötnum; þaðan eptir hæðinni fyrir ofan vötnin og sjónhendíng í Grenjadalsbotn og eptir Grenjadalsá til sjáfar. Engin ítök eða hlunnindi á jörð þessi í landi annara jarða nje þær í hennar landi.

Eins og landamerkjabréf Hellu er þetta undirritað um samþykki af hálfu eiganda þriðjungshluta í Brjánslæk. Merkjum Þverár er í bréfinu lýst milli Þverár, sem verði Mikladalsá í Mikladal og að Grenjadalsá. Það er í samræmi við landamerkjabréf Brjáns-lækjar frá 1889, en eins og áður segir er merkjum Þverár lýst lengra til norðurs í landa-merkjabréfi Brjánslækjar frá 1855, að Pennu á móts við Hellu. Leiði könnun á eignarréttarlegri stöðu kröfusvæðisins til þeirrar niðurstöðu að merki Þverár og Hellu séu jafnframt mörk milli þjóðlendu og eignarlanda kann að þurfa að greina merki þeirra ítarlegar, ekki síst með hliðsjón af misræmi milli annars vegar landamerkjabréfs Þverár frá 1890 og landamerkjabréfs Brjánslækjar frá 1889 og hins vegar landamerkjabréfs Brjánslækjar frá 1855.

Í skýrslu frá 3. febrúar 1899 um tekjur og útgjöld Brjánslækjarprestakalls eftir fimm ára meðaltali, frá fardögum 1893 til fardaga 1898, segir m.a. að með eignum staðarins í Penningsdal og Vatnsdal sé landrými jarðarinnar feykimikið.

Hinn 11. september 1944 gerðu Guðmundur J. Einarsson, bóndi og ábúandi á Brjáns-læk, og Bjarni Gestsson og Karl Andersen, eigendur og ábúendur Arnórsstaða, sátt um landamerki milli jarðanna. Samkvæmt henni skyldu merkin vera: „Um gil það á Arnórs-staðahlið, sem liggur niður með utanverðri svokallaðri Kerlingu, sem er klettadrangur í fjallinu, og neðst úr gílinu til sjávar niður um miðja skriðu þá, er úr gílinu hefir fallið.“ Eins og áður segir eru Arnórsstaðir aðliggjandi Brjánslæk að suðvestanverðu, sunnan kröfusvæðis ríkisins.

Fyrir liggja ýmis skjöl frá árunum 1942–2003 um samskipti ábúenda á Brjánslæk og annarra við ýmsar stofnanir ríkisins sem höfðu með málefni ríkisjarða að gera vegna

Brjánslækjar, Þverár, Hellu, Moshlíðar og fleiri hluta Vatnsfjarðar. Ekki er ástæða til að rekja þau nánar hér en af þeim er ljóst að litið hefur verið svo á að landið allt í Vatnsfirði, frá Arnórsstöðum að vestanverðu að Fossá að austanverðu, þ.m.t. Þverá, Hella, Moshlíð, Penningsdalur, Vatnsdalur og Uppsáir, hafi tilheyrt Brjánslæk og þar með orðið ríkiseign þegar ríkið eignaðist jörðina.

Hinn 4. október 1972 fól landbúnaðarráðuneytið Birni Bjarnasyni ráðunaut að taka saman skýrslu um búskaparlegt notagildi Brjánslækjar. Í skýrslunni, sem er dagsett 26. október 1972, er merkjum jarðarinnar m.a. lýst svo:

Brjánslækur, prestssetrið á að utan land að Arnórsstöðum frá sjó utan Sauðaness til fjalls og um Lækjarbungu, Kikafell, Þverfell og áfram norður og norðaustur eins og vötunum hallar við Trostansfjörð, Geirþjófsfjörð um Lónfellshnjúka, Botnshnjúk sunnan Stóra-Eyrarvatns áfram norður austur og suður eftir vatnaskilum við Vatnsdalsá og austan Þingmannaár að austurmörkum Uppsala í Vatnsfjörð austanverðan.

Sværði þetta er það víðáttumikið að talið var, að 12 menn þyrfti í göngur á því. Innan áðurnefndra marka að sjó í Vatnsfirði hefur frá upprunalegu landi Brjánslækjar verið úrskipt eftirfarandi:

- a. Moshlíð, sem síðar var skipt í nýbýlið Seftjörn og leiguland til Efri-Arnórsstaða (leigt til 40 ára).
- b. Brjánslæk II, sem er í byggð.
- c. Þverá, Hellu og Uppsölum, sem allar eru í eyði.

Í skýrslunni er landi Brjánslækjar svo lýst nánar og þar segir m.a. að fjalllendið að baki Þverár, Hellu og Uppsala hafi alltaf verið eignarland Brjánslækjar.

Af öllu framangreindu verður ekki annað séð en að fyrirliggjandi heimildir um merki Brjánslækjar og annarra hluta kröfufsvæðisins styðji við þá afmörkun sem er að finna í landamerkjabréfi Brjánslækjar frá 1889, eins og bréfið hefur verið túlkað hér, eða mæli henni a.m.k. ekki í mót. Þar skiptir mestu landamerkjabréf Brjánslækjar frá 1855 sem hefur að geyma sambærilega lýsingu á merkjum milli mismunandi hluta svæðisins en ítarlegri lýsingu á merkjum Brjánslækjar til fjalla. Sömu lýsingu á ytri merkjum Brjánslækjar er að finna í skýrslu Björns Bjarnasonar ráðunautar um búskaparlegt gildi jarðarinnar frá 26. október 1972 og ljóst að við stofnun friðlands í Vatnsfirði var byggt á því að merki jarðarinnar væru þau sömu, sbr. auglýsingu nr. 96/1975 um friðland í Vatnsfirði frá 25. mars 1975. Ekki verður séð að heildarmerkjum svæðisins sé lýst í öðrum heimildum en að því marki sem merkjum er þar lýst styðja þau við merkjalýsingu landamerkjabréfsins frá 1889.

Eins og áður segir er merkjum Brjánslækjar til fjalla lýst með takmörkuðum hætti í landamerkjabréfinu frá 1889 en fyrrgreindar heimildir, þ.e. landamerkjabréfið frá 1855, skýrsla Björns Bjarnasonar frá 1972 og afmörkun friðlands í Vatnsfirði samkvæmt auglýsingu frá 1975, styðja við þá túlkun landamerkjabréfsins frá 1889 að merkin liggi um hæstu fjöll og vatnaskil umhverfis Vatnsfjörð.

Fyrir liggja upplýsingar um legu vatnaskila á stærstum hluta svæðisins. Af þeim er ljóst að kröfulína ríkisins fylgir þeim ekki nákvæmlega eftir að því marki sem henni er lýst eftir sýslu- og hreppamörkum. Sýslu- og hreppamörkin eru hins vegar dregin milli

hæstu fjalla og liggja því mjög nálægt vatnaskilum þótt þau fylgi þeim ekki nákvæmlega eftir. Þetta á fyrst og fremst við um norðaustur- og norðvesturmörk kröfuvæðis ríkisins. Íslenska ríkið hefur ekki lagað kröfulínu sína á umræddu svæði að vatnaskilum. Á norðvesturmörkum kröfuvæðisins liggur það að óumdeildu eignarlandi á svæði 10B hjá óbyggðanefnd. Leiði könnun á eignarréttarlegri stöðu kröfuvæðisins til þeirrar niðurstöðu að um þjóðlendu sé að ræða og að umræddur hluti merkja svæðisins verði jafnframt mörk milli þjóðlendu og eignarlands kann að þurfa að kanna þau nánar, með hliðsjón af ósamræmi milli kröfulínu ríkisins og legu vatnaskila. Á norðausturmörkum kröfuvæðis ríkisins ráða fyrrum hreppamörk, nú mörk milli sveitarfélaganna Vesturbyggðar og Reykhólahrepps, mörkum milli mála nr. 2/2020 og 3/2020 hjá óbyggðanefnd. Á meðfylgjandi úrskurðarkorti sést að umrædd hreppamörk, og þar með kröfulína ríkisins, fylgja ekki vatnaskilum að öllu leyti, heldur liggja vatnaskilin á tveimur stöðum nokkuð langt inn á svæði máls nr. 3/2020, austan við þann hluta kröfulínu ríkisins sem dreginn er á milli punkta nr. 2 og 3 í máli þessu. Af því leiðir að leysa verður úr eignarréttarlegri stöðu þess hluta vatnasviðs á sem renna í Vatnsfjörð sem liggur innan kröfuvæðis ríkisins í máli nr. 3/2020 í því máli. Hins vegar er ljóst að sömu röksemdir eiga við um það svæði og ágreiningssvæði þessa máls að öðru leyti, enda er það allt innan merkja Brjánslækjar samkvæmt framangreindum heimildum.

— — —

Nú verða kannaðar heimildir um merki jarða og landsvæða sem eru aðliggjandi kröfuvæðinu. Að sunnanverðu, vestan Vatnsfjarðar, liggur að kröfuvæðinu óumdeilt eignarland Brjánslækjar sem þegar hefur verið fjallað um hér að framan. Einnig hefur verið fjallað um heimildir um merki Þverár og Hellu sem eru aðliggjandi að því leyti að krafa ríkisins tekur ekki til lands þeirra við vestanverðan Vatnsfjörð. Að vestanverðu við kröfuvæðið liggur að því óumdeilt eignarland jarðanna Vaðals, eða Efri- og Neðri-Vaðals, á Barðaströnd, Trostansfjarðar í samnefndum firði, Botns eða Langabotns í Geirþjófsfirði og Dynjanda við Dynjandisvog í Arnarfirði. Síðastnefnda jörðin er í Ísafjarðarsýslum en samkvæmt kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins um þjóðlendur á svæði 10B (Ísafjarðarsýslum), dagsettri 16. september 2020, er svæðið vestan kröfuvæðis ríkisins í máli þessu ekki undirorpið þjóðlendukröfu og þar með óumdeilt eignarland.

Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Efri- og Neðri-Vaðal frá 19. október 1889, sem var þinglýst 31. maí 1890. Þar segir að jarðirnar eigi óskipt land. Að austanverðu er merkjum lýst til fjalls í Kikafell, sem er á vatnaskilum milli Vaðals og Vatnsfjarðar, og að vestanverðu er merkjum lýst í Hosuhlíðarvatn, sem er talsvert vestan við kröfuvæði ríkisins, og þaðan norður á fjallsbrún. Ekki verður því séð að merkjum Vaðals sé lýst inn á kröfuvæði ríkisins. Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Hamars og Kross og einnig af Þorvaldi Jakobssyni á Brjánslæk.

Í landamerkjabréfi Trostansfjarðar frá 5. maí 1891, sem var þinglýst 16. júní sama ár, er merkjum jarðarinnar til fjalla lýst á fjallsbrún á báðar síður og „allt sem vötnum hallar að Trostanfyrði“. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Reykjarfjarðar í samnefndum firði og Sperðlahlíðar í Geirþjófsfirði.

Í málinu liggur ekki fyrir landamerkjabréf vegna Botns eða Langabotns í Geirþjófsfirði en gögn málsins benda ekki til þess að merki jarðarinnar nái austur fyrir vatnaskil milli Geirþjófsfjarðar og Vatnsfjarðar.

Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Dynjanda frá 21. maí 1922, sem var þinglýst 11. júlí 1922. Þar er merkjum að norðanverðu lýst austur eftir Meðalnesfjalli í Glámufjallgarð eftir því sem vötnum hallar að Dynjandisvogi og að sunnanverðu eftir Urðarhlíð austur á Glámufjallgarð eftir því sem vötnum hallar að Dynjandisvogi. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Óss í Arnarfirði og Borgar í Borgarfirði.

Framangreindar heimildir um merki jarða sem liggja að vesturmörkum kröfussvæðisins bera ekki með sér að þau nái austur fyrir vatnaskil milli Vatnsfjarðar og Barðastrandar, Trostansfjarðar, Geirþjófsfjarðar og Dynjandisvogs og mæla því afmörkun Brjánslækjar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1855 ekki í mót. Að því marki sem merkjum umræddra jarða er lýst um vatnaskilin verða þau þvert á móti talin styðja við þá afmörkun á merkjum Brjánslækjar sem er að finna í landamerkjabréfinu frá 1855.

Nyrst að austanverðu liggur að þeim hluta kröfussvæðis ríkisins sem hér er til umfjöllunar kröfussvæði ríkisins í máli nr. 3/2020 og sunnan við það sá hluti kröfussvæðis ríkisins í máli þessu sem nefndur er Auðshaugsland. Þar sunnan við liggur að austanverðu kröfussvæðinu óumdeilt eignarland jarðarinnar Auðna. Að suðurmörkum kröfussvæðisins, austan Vatnsfjarðar, liggur óumdeilt eignarland jarðarinnar Fossár.

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins er nyrsta hluta austurmarka kröfussvæðisins lýst um hreppamörk, þar sem nú eru mörk á milli Vesturbyggðar og Reykhólahrepps, þ.e. milli punkta nr. 2 og 3 á kröfulínu ríkisins. Eins og áður segir ræður umrædd lína merkjum milli mála nr. 2/2020 og 3/2020 hjá óbyggðanefnd og sá hluti vatnasviðs áa sem renna í Vatnsfjörð sem er austan þeirra kemur því til skoðunar í máli nr. 3/2020.

Sunnan við þann hluta austurmarka svæðisins liggur að því sá hluti kröfussvæðis ríkisins sem nefndur er Auðshaugsland og fjallað er um í kafla 7.3 hér að framan. Eins og rakið er með ítarlegum hætti í þeim kafla liggja merki Auðshaugslands að vestanverðu um vatnaskil milli Vatnsfjarðar og Kjálkafjarðar. Þar er einnig lýst merkjum Auðna en í landamerkjabréfi Auðshaugs og Auðna frá 10. maí 1889 liggja þau að vestanverðu um vatnaskil milli Vatnasfjarðar og Kjálkafjarðar.

Áður hefur verið fjallað um landamerkjabréf milli jarðanna Fossár og Uppsala frá 11. ágúst 1851. Einnig liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Fossá frá 21. maí 1889, sem var þinglýst sama dag. Um merki að vestanverðu gagnvart Uppsölum er vísað til fyrrnefnds landamerkjabréfs milli jarðanna frá 11. ágúst 1851 og þeim lýst svo:

Að vestann verðu á mylli Uppsala og Fossár skilur samkvæmt brjefi dagsettu 11 ágúst 1851 Uppsala á við sjó og í djúp sker undann henni sem fjörumarki en löndinn skilur árgílið til fjalls alt upp í krók þann þar það beigist þvert til suðurs á Fossárland. Síðann stefna úr þeim króki í lítið leirtjarnardrag, þaðann eptir lautinni í lítinn kletthól, á hverjum stakur steinn stendur með vörðubroti á; þaðann beint upp á brúnina í vörðu, yfir melhrygginn í siðri endann á norðustu og stærstu tjörninni skáholt upp í grjótholtin og eftir þeim alla leið norðaustur á við sem vötnum hallar til suðurs alt á hábrún sunnanvert við auðna öxl.

Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Uppsala og Brjánslækjar af hálfu sr. Þorvalds Jakobssonar á Brjánslæk og einnig vegna Hamars á Hjarðarnesi.

Af framangreindri umfjöllun um merki jarða sem liggja að kröfusvæði ríkisins í Vatnsfirði virðist sem merkjum á svæðinu, að því marki sem til eru lýsingar á þeim, sé almennt lýst um vatnaskil. Það samræmist vel þeim heimildum um merki Brjánslækjar sem lýsa ytri merkjum jarðarinnar um vatnaskil umhverfis Vatnsfjörð. Ekki virðist sem landamerkjabréf jarða í aðliggjandi fjörðum hafi almennt verið árituð um samþykki vegna Brjánslækjar. Hins vegar leiðir almenn könnun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum í Barðastrandarsýslum í ljós að landamerkjabréf jarða voru einungis árituð um samþykki vegna jarða sem eru aðliggjandi á láglendi, þ.e. í sama firði. Þetta atriði verður því ekki talið hafa sérstaka þýðingu í þessu sambandi. Að því sögðu verða merkjalýsingar aðliggjandi jarða, að því marki sem þær lýsa merkjum á vatnaskil, taldar styðja við merkjalýsingar í heimildum um merki Brjánslækjar og að öðru leyti er ljóst að þær mæla þeim ekki í mót.

Þar sem merkjum Brjánslækjar er í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 7. nóvember 1889 lýst með takmörkuðum hætti til fjalla, sérstaklega til norðurs, er ljóst að landamerkjabréfið hefur ekki að geyma heildarlýsingu merkjanna. Slíka lýsingu er hins vegar að finna í öðrum gögnum, svo sem landamerkjabréfinu frá 1. júlí 1855, eins og að framan greinir. Að teknu tilliti til þess að sú lýsing sem þar birtist á sér stoð í öðrum gögnum sem varða merki Brjánslækjar og að auki í heimildum um merki aðliggjandi jarða er það niðurstaða óbyggðanefndar að eðlilegast sé að túlka landamerkjabréf Brjánslækjar með þeim hætti sem áður er getið, þannig að merkin liggi um hæstu fjöll á vatnaskilum umhverfis Vatnsfjörð.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að kröfusvæði ríkisins sé allt innan merkja samkvæmt landamerkjabréfum Brjánslækjar frá 7. nóvember 1889 og 1. júlí 1855, eins og þau eru túlkuð hér að framan, og að aðrar heimildir um merki jarðarinnar og einstakra hluta hennar í Vatnsfirði, sem og annarra aðliggjandi jarða, styðji við þá afmörkun eða mæli henni a.m.k. ekki í mót.

7.4.2.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða svæðisins. Eins og áður segir verður sú ályktun dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða

annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Í ljósi þess að íslenska ríkið gerir eitt kröfu til svæðisins sem hér er til umfjöllunar er eignarréttarleg staða þess einungis til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins við aðalmeðferð málsins, þess efnis að þrátt fyrir kröfu um viðurkenningu þess að svæðið væri þjóðlenda væri óskað eftir því að óbyggðanefnd gerði sjálfstæða rannsókn á því hvort svæðið væri eignarland eða þjóðlenda.

Eins og áður segir er í Hauksbók og Sturlubók Landnámu greint frá því að Nesja-Knjúkur hafi numið nes öll frá Kvígindisfirði til Barðastrandar. Þar segir einnig að Geirsteinn kjálki hafi numið Kjálkafjörð og Hjarðarnes með ráði Knjúks. Í Melabók Landnámu segir hins vegar að Nesja-Knjúkur hafi numið allt milli Kvígindisfjarðar og Kjálkafjarðar og Geirsteinn kjálki Kjálkafjörð og Hjarðarnes. Hauksbók, Sturlubók og Melabók Landnámu ber öllum saman um að Geirleifur, sonur Eiríks Högnasonar hins hvíta, hafi numið Barðastönd milli Vatnsfjarðar og Berghlíða. Þar segir einnig að Örn hafi numið Arnarfjörð svo vítt sem hann vildi og að Geirþjófur Valþjófsson hafi numið Fossfjörð, Reykjarfjörð, Trostansfjörð og Geirþjófsfjörð. Jafnframt segir þar að á eftir Erni hafi komið Ánn rauðfeldur sem Örn hafi selt öll lönd milli Langaness og Stapa. Í Hauksbók og Sturlubók Landnámu segir að Vébjörn Sygnakappi hafi numið land milli Skötufjarðar og Hestfjarðar, Gunnsteinn og Halldór Gunnbjarnarsynir milli Skötufjarðar og Mjóafjarðar og Snæbjörn Eyvindarson austmanns milli Mjóafjarðar og Langadalsár.

Af framangreindum frásögnum og með hliðsjón af staðháttum verður að telja líklegt að kröfusvæðið hafi verið numið, að minnsta kosti að talsverðu leyti, enda liggur það að sjó og er að miklu leyti vel gróið. Gera verður þann fyrirvara að ekki kemur fram hversu hátt til fjalla landnám á svæðinu hafi náð og því ekki hægt að fullyrða með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Óvissa um þetta atriði er meiri eftir því sem ofar dregur á svæðinu.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvernar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitásium og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niður-

stöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Við úrlausn þessa máls reynir því einkum á hvort kröfusvæði ríkisins hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan marka jarða og einungis háð óbeinum eignarréttindum. Eins og áður segir skiptir við mat á því einkum máli hvort kröfusvæðið sé innan merkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi.

Að framan hefur því verið lýst að kröfusvæðið sé innan merkja Brjánslækjar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 7. nóvember 1889, eins og það hefur verið túlkað hér að framan með hliðsjón af ýmsum öðrum gögnum um jörðina, t.d. landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1. júlí 1855. Eins og áður segir leiðir af dómum Hæstaréttar að meta þarf sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Meðal þess sem líta þarf til í því sambandi er hvort formreglum landamerkjalaga hafi verið fylgt við gerð þess, þ.e. hvort það hafi verið áritað um samþykki af eigendum eða umráðamönnum aðliggjandi jarða, hvort því hafi verið þinglýst og hvort það hafi verið fært inn í landamerkjabók viðkomandi sýslu.⁸⁸⁰ Þar sem ekki verður séð að framangreint eigi við um landamerkjabréf Brjánslækjar frá 1889, þrátt fyrir að það virðist hafa verið ætlunin, dregur það óhjákvæmilega úr vægi þess við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins. Í dómum Hæstaréttar hefur komið fram að þegar svo hátti til sé í raun ekki um lögformlegt landamerkjabréf að ræða heldur einhliða yfirlýsingu um merki, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 29. október 2009 í máli nr. 685/2008 (Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna). Við þær aðstæður verður álitaefnið almennt ekki hvort önnur gögn falli að skýrum lýsingu í landamerkjabréfi, heldur hvort þau geti bætt upp fyrir að lögformlegu landamerkjabréfi sé í reynd ekki til að dreifa.

⁸⁸⁰ Sjá nánari umfjöllun í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Á hinn bóginn verður að mati óbyggðanefndar að líta til þess að í máli þessu liggja fyrir ástæður þess að gerð landamerkjabréfs Brjánslækjar árið 1889 lauk ekki. Eins og áður segir liggur fyrir að eigendur Haga og eigendur bændaeygnar Brjánslækjar, sem var þriðjungshluti í jörðinni, neituðu að skrifa undir landamerkjabréfið frá 7. nóvember 1889. Eigendur Haga vegna deilu um afmörkun skógarítaks Hagakirkju í Vatnsdal og eigendur bændaeygnar Brjánslækjar annars vegar vegna deilu um merki Moshlíðar gagnvart heimalandi Brjánslækjar, sem eru utan kröfusvæðisins, og hins vegar vegna deilu um það hvort hálfur Penningsdalur og Vatnsdalur ættu að teljast að fullu kirkjueign, eins og sr. Þorvaldur Jakobsson hélt fram og skrifaði inn í landamerkjabréfið, eða hvort eigendur bændaeygnarinnar ættu tilkall til þriðjungshluta í þeim. Deilurnar um landamerkjabréfið snerust með öðrum orðum einungis um skiptingu á eignarhaldi Brjánslækjar milli eigenda jarðarinnar. Þannig verður ekki séð að neinn ágreiningur hafi verið um ytri merki jarðarinnar gagnvart öðrum jörðum eða um það hvort þau svæði í Vatnsfirði sem lýst er í landamerkjabréfinu tilheyrðu Brjánslæk. Þannig segir t.d. í einu bréfi stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi af þessu tilefni að ágreiningur um merki milli bændahlutans og kirkjueignar Brjánslækjar geti ekki verið eiginlegt landamerkjamál, enda sé um eina jörð að ræða. Úr deilunum var leyst árið 1898 með því að ríkissjóður keypti þann þriðjung jarðarinnar sem ekki var í eigu kirkjunnar. Hins vegar virðist sem þess hafi ekki verið gætt í kjölfarið að ljúka gerð landamerkjabréfsins með áritun eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsingu og færslu þess í landamerkjabók sýslunnar í samræmi við ákvæði þágildandi landamerkjalaga, nr. 5/1882.

Af framangreindu er ekki óvarlegt að ætla að hefðu ekki verið uppi deilur um skiptingu réttinda innan jarðarinnar, t.d. ef hún hefði verið á einni hendi en ekki nokkurra, hefði landamerkjabréfið á endanum uppfyllt ákvæði landamerkjalaga, eins og séð verður af fyrirliggjandi gögnum að til hafi staðið. Því til stuðnings má nefna að meðan á deilum um landamerkjabréf Brjánslækjar stóð gerði sr. Þorvaldur Jakobsson einnig landamerkjabréf fyrir Þverá og Hellu, sem tilheyrðu Brjánslæk. Í þeim er að finna efnislega sömu lýsingu á merkjum Þverár og Hellu og í landamerkjabréfinu sem sr. Þorvaldur gerði fyrir Brjánslæk 7. nóvember 1889. Þau hlutu staðfestingu eigenda bændaeygnarhluta Brjánslækjar, þeim var þinglýst, þau færð í landamerkjabók sýslunnar og eru viðurkennd eignarlönd á þeim grundvelli af hálfu íslenska ríkisins í máli þessu. Þorvaldur undirritaði einnig landamerkjabréf Fossár frá 21. maí 1889, vegna Uppsala og Brjánslækjar, og landamerkjabréf Vaðals á Barðaströnd frá 19. október 1889 ber með sér að sr. Þorvaldur hafi komið að gerð þess.

Þar að auki verður að líta til þeirrar niðurstöðu um merki svæðisins sem komist er að hér að framan, um að önnur fyrirliggjandi gögn málsins styðji við þá afmörkun sem er að finna í landamerkjabréfinu frá 1889. Þar skiptir einkum máli landamerkjabréf Brjánslækjar frá 1. júlí 1855, sem var gert fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882. Svo virðist sem sr. Þorvaldur Jakobsson hafi ekki þekkt efni landamerkjabréfsins frá 1855 þegar hann gerði landamerkjabréfið 1889, enda segir í einu bréfa hans til sr.

Sigurðar Jenssonar prófasts að eldra landamerkjabréf hafi átt að vera að finna í skjölum kirkjunnar en svo hafi ekki verið, eins og áður hefur verið vikið að. Það bendir til þess að sr. Þorvaldur Jakobsson hafi ekki byggt landamerkjabréf sitt árið 1889 á þeirri lýsingu sem er að finna í landamerkjabréfinu frá 1855, en engu að síður lýst merkjum jarðarinnar með mjög sambærilegum hætti. Að mati óbyggðanefndar styrkir það gildi landamerkjabréfanna.

Að teknu tilliti til framangreindra sjónarmiða um gildi landamerkjabréfs Brjánslækjar frá 7. nóvember 1889 er það mat óbyggðanefndar að gildi þess við mat á eignarréttarlegri stöðu þess svæðis sem hér er til umfjöllunar sé takmarkaðra en lögformlegs landamerkjabréfs sem er áritað um samþykki vegna aðliggjandi jarða, þinglýst og fært inn í landamerkjabók. Hins vegar auki það vægi þess við úrlausn málsins að ekki verði annað séð en að ágreiningur um landamerkjabréfið hafi ekki snúið að eignarréttarlegri stöðu þess landsvæðis sem það lýsir eða ytri afmörkun svæðisins og að sú afmörkun eigi sér jafnframt stoð í öðrum fyrirbyggjandi gögnum málsins.

Eins og segir að framan í umfjöllun um merki svæðisins er ljóst að það skiptist upp í nokkra hluta. Komist var að þeirri niðurstöðu að framan að sá hluti kröfussvæðis ríkisins sem er sunnan Þverár sé innan merkja heimalands Brjánslækjar, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfinu frá 1889. Af landamerkjabréfinu að dæma er þar um ótvírætt eignarland jarðarinnar að ræða. Íslenska ríkið byggir á því að aðrir hlutar svæðisins hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Þverá og Hella hafi verið jarðir, sbr. landamerkjabréf þeirra sem áður er getið, og séu því eignarlönd. Á þeim grundvelli tekur krafa ríkisins ekki til lands þeirra. Á hinn bóginn er það mat ríkisins að Brjánslækur hafi einungis átt óbeinan eignarrétt á öðrum hlutum svæðisins, þ.e. í hálfum Penningsdal, í Vatnsdal og á Uppsölum. Í landamerkjabréfinu frá 1889 er þessara svæða getið í upptalningu eigna og ítaka Brjánslækjarkirkju ásamt tveimur kirkjuskerjum við Sauðeyjar og selveiði milli Sandvíkurness og Kerlingartanga í Kerlingarfirði. Í upptalningunni er þess ekki getið hvað séu taldar eignir og hvað ítök. Þó er þess að gæta að í tilviki hálfis Penningsdals, Vatnsdals, Uppsala og kirkjuskerjanna tveggja er lýst ákveðnu landsvæði en ekki tilteknum réttindum sem kirkjan eigi á viðkomandi landsvæði. Í tilviki selveiðinnar í Kerlingarfirði er þess hins vegar getið að kirkjan eigi tiltekin takmörkuð réttindi á því landsvæði sem þar getur, þ.e. selveiði og önnur fjörugæði. Það þykir benda til þess að hálfur Penningsdalur, Vatnsdalur, Uppsalir og kirkjuskerin við Sauðeyjar hafi verið talin meðal eigna kirkjunnar en selveiðin í Kerlingarfirði ítak. Notkun orðsins „eignir“ þykir í þessu sambandi benda til beins eignarréttar Brjánslækjarkirkju, sem eiganda meirihluta Brjánslækjar, að umræddum svæðum.

Eins og áður segir gerði sr. Benedikt Þórðarson landamerkjabréf fyrir Brjánslæk 1. júlí 1855. Texta landamerkjabréfsins er getið hér að framan í umfjöllun um merki svæðisins. Eins og þar segir er því í bréfinu lýst að allt land í Vatnsfirði „frá sjó og á fjöll upp umhverfis sem vötnum veitir að“ sé eign Brjánslækjar, allt frá merkjum

gagnvart Arnórsstöðum að vestanverðu að merkjum gagnvart Fossá að austanverðu. Þar segir einnig að í Brjánslækjarlandi séu byggð fjögur býli: Moshlíð, Þverá, Hella og Uppsalar. Heimalandi Brjánslækjar er eignað land suðvestan kröfufsvæðis ríkisins að Þverá og svo segir að heimalandi Brjánslækjar fylgi einnig Engey og Vatnsdalur frá Eiðisá að Þingmannaá. Allt þykir þetta benda til beins eignarréttar Brjánslækjar að því svæði sem lýst er í landamerkjabréfinu.

Landamerkjabréfið frá 1. júlí 1855 ber ekki með sér að hafa verið áritað um samþykki af hálfu eigenda aðliggjandi jarða, svo sem mælt er fyrir um í gildandi landamerkjalögum nr. 41/1919, sbr. 2. gr. laganna, og einnig eldri lögum um landamerki nr. 5/1882, sbr. 3. gr. þeirra laga, enda var landamerkjabréfið gert fyrir gildistöku laganna. Með lögunum frá 1882 var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna, fá staðfestingu eigenda eða umráðamanna aðliggjandi jarða á henni, láta þinglýsa henni og færa hana í landamerkjabók viðkomandi sýslu.⁸⁸¹ Þar sem umrætt landamerkjabréf var gert fyrir gildistöku landamerkjalaga getur ekki verið um lögformlegt landamerkjabréf í skilningi laganna að ræða og því hefur það ekki sama gildi við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins og slík bréf hafa. Í reynd er umrætt landamerkjabréf því einhliða yfirlýsing um merki jarðarinnar. Hins vegar liggur fyrir að landamerkjabréfinu var þinglýst á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd 5. júlí 1855. Engar heimildir eru um að efni þess hafi verið mótmælt, hvorki við manntalsþingið 5. júlí 1855 né síðar. Eins og áður segir virðist sem sr. Þorvaldur Jakobsson hafi ekki þekkt efni landamerkjabréfsins frá 1855 þegar hann gerði landamerkjabréfið 1889 en engu að síður lýst merkjum jarðarinnar með mjög sambærilegum hætti. Að mati óbyggðanefndar styrkir það, ásamt því að bréfinu var þinglýst athugasemdalaust, vægi landamerkjabréfsins frá 1855 við úrlausn máls þessa þrátt fyrir að það teljist ekki lögformlegt landamerkjabréf í skilningi landamerkjalaga.

Fjallað er um eignarréttarlega stöðu Brjánslækjar og einstakra hluta kröfufsvæðisins í nokkrum fjölda annarra heimilda og verða þeim nú gerð skil. Einkum skiptir máli að kanna hvort af heimildum leiði að mismunandi landsvæði í Vatnsfirði hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, eins og byggt er á af hálfu íslenska ríkisins.

Máldagar Brjánslækjarkirkju frá 1363 og 1397 geta þess að kirkjan eigi heimaland hálft og hálfa Engey, án nánari tilgreiningar á hvað teljist til heimalands jarðarinnar.

Í vitnisburði frá 13. október 1467 um sölu á hálfri Brjánslækjarjörðinni segir m.a.:

... Sueinn brandsson sellde Ara guðmundssyne jordina hálfa brjánslæk er liggur á bardaströnd. og þar med allar hálfar lækiar eignir. er þar til heirdu og þar med selldi hann honum hálfan Vatnsdal til fullrar eignar. [...] So og vissa eg áður nefndur einar Jonsson firir full sanninde. ad firrgreindur eiolfur halldorsson sellde þrattnefndum ara guðmundssyne til fullrar eignar adur nefndan hálfan prianslæk [svo] á bardaströnd med öllum hálfum eignum er þar til heirdu. og þar med allan hálfan Vatnsdal. [...] Vyssa

⁸⁸¹ Sjá nánari umfjöllun í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

eg og þráttnefndur einar Jonsson fyrir full sanninde að are Guðmundsson hieilt síjna rietta eign allan læk og lækiar eignar og þar með allan vatnsdal.

Í vitnisburðinum er þess þrívegis getið að Brjánslæk hafi fylgt „lækjar eignir“ og þeirra á meðal Vatnsdalur. Með sölu jarðarinnar hafi Vatnsdalur verið seldur „til fullrar eignar“. Umræddur vitnisburður virðist benda til beins eignarréttar eiganda Brjánslækjar að Vatnsdal.

Í ýmsum jarðaskjölum frá árunum 1467–1698 er fjallað um það að Brjánslækur skipti um hendur, ýmist fyrir löggerninga eða arf, og í sumum þeirra er einnig getið annarra eigna sem sagt er að fylgi Brjánslæk, þar á meðal Þverár og Hellu.

Í máldögum Brjánslækjarkirkju frá 1532 og 1570 segir að kirkjan eigi heimaland hálf, Engey, jarðirnar Hlíð og Þverá, hálfan Penningsdal, Uppsali og allan Vatnsdal. Efnislega er sömu upptalningu eigna kirkjunnar að finna í fjölmörgum vísitasíum um Brjánslækjarkirkju frá 1639–1862, ýmist með beinni upptalningu eða með vísun til fyrri vísitasía sem hana hafa að geyma. Eftir að kirkjunni voru gefnir $\frac{2}{3}$ hlutar bænda- eignarhluta Brjánslækjar 12. júní 1720 geta vísitasíur þó um aukinn hlut kirkjunnar í heimalandi Brjánslækjar.⁸⁸² Af umræddum máldögum og vísitasíum virðist sem Hlíð, eða Moshlíð, og Þverá séu taldar jarðir í eigu Brjánslækjarkirkju en að hálfur Penningsdalur, Vatnsdalur og Uppsali tilheyri Brjánslækjarkirkju án þess að teljast sjálfstæðar jarðir.

Í jarðaskjölum sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni er afrit af lögfestu Guðmundar Jónssonar frá 1. nóvember 1646 fyrir þriðjungshlut í Brjánslæk með kirkjujörðinni Hlíð. Afritið er dagsett 1. mars 1830 og var þinglesið við Landsyfírrétt í Reykjavík 7. janúar 1833. Þar segir m.a.:

... vil eg nú fromum mönnum auglisa hvað eg mer í þessari Jördu Læk sem er sá þridie partur Bondeignar með Sundurdeildum eignarskiftum á Túni og Eingjum og húsum eftir því sem Bref innsigluð þarum tilseigia enn í allri annari Útjördu til ristú stúngu Slægna og Beitar lísi eg og tileigna mínum Parti allann þridjung til réttar Sundurdeilingar ...

Í skjalinu lögfestir Guðmundur Jónsson m.a. réttindi sín, sem eiganda þriðjungs- hlutar í Brjánslæk, í „Útjördu til ristú stúngu Slægna og Beitar“, án þess að umrædd útjörð sé nánar skilgreind.

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir í umfjöllun um Brjánslæk að rifhrís til eldiviðar eigi jörðin í heimalandi, en skóg til raftviðar og kola- gerðar í skógi í Vatnsdal, kirkjunnar landi. Þar segir einnig í umfjöllun um Fossá að á milli Fossár og Brjánslækjar séu eyðikotin Uppsali og Hella, sem bæði séu kirkjueignir frá Brjánslæk. Í umfjöllun um Þverá segir að hún sé kirkjujörð frá Brjánslæk.

Í brauðmati fyrir Brjánslækjarkirkju frá 16. ágúst 1744 segir að kirkjan eigi hálf heimaland, Þverá, Hlíð og kotið Uppsali sem hafi verið löngu komið í eyði.

⁸⁸² Af þessu að dæma var hlutur kirkjunnar í Brjánslæk orðinn 50 hundruð og bændahlutinn 10 hundruð árið 1720 en síðar virðist hafa komið upp misskilningur um að kirkjuhlutinn væri $\frac{2}{3}$ og bændahlutinn þriðjungur eins og yngri skjöl benda með sér.

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er dýrleiki Brjánslækjar með hjáleigum metinn 30 hundruð. Þess er þó ekki getið hverjar umræddar hjáleigur séu. Í jarðamatinu 1804 er Hella metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem kirkjujörð Brjánslækjar. Fram kemur að eyðijarðirnar Uppsalir, Smiðjumýrar, Vatnsdalsbakkar og Helluhvammur, sem tilheyri kirkjunni, séu sameinaðar og teknar með í matið. Þverá er þar metin sex hundruð að dýrleika og sögð kirkjujörð Brjánslækjar.

Við manntalsþing að Haga á Barðaströnd 31. júlí 1813 létu eigendur og umráðamenn Brjánslækjar lesa upp lögfestu fyrir Uppsölum og öllum Vatnsdal.

Eins og áður er getið liggja fyrir nokkur skjöl frá árunum 1829–1832 um deilu sr. Runólfs Erlendssonar á Brjánslæk og Guðmundar Schevings kaupmanns í Flatey og eiganda bændahluta jarðarinnar vegna marsvínareka á svokallaða Lækjarfít árið 1827. Í dómi sínum í málinu skráði sýslumaður m.a. eftirfarandi um land Brjánslækjar:

Land það sem Máldagar allir eigna Briamslækjar kirkju, liggur sóleides fjfir hófud áttum, Vatnsdalur liggur fyrir Fjardarbotni i Sudur og lítid til landsudurs frá Briámslæk, þá biggist landed med hlíðinne,nockud til austurs alt ad Briámslæk, enn þaðann, og alt útá Saudanes, horfir Fjallshlíðinn, og Fjara, mót vestur, á mille Briámslækjar og Saudaness, sem er landamerke Briámslækjar, á þá Sídu, liggur Jórdinn Hlíd, enn einginn annar Bær, enn hinns vegar Briámslækjar, inn med Fjrdinum, liggia Hella og Þverá, er því óll Briámslækjar Eygn, sér skilt land frá ódrum Jórdum, hvór einginn nema Briámslækjar kirkia og Proprietarius af 10 hndr. í Briámslækjar hejmalande, og Haga kirkia á Skóg í Hniótum, á minnsta Jtak í. – Epter í Rétt lagdre, og verificeradre Máldaga útskrift, á kirkíann ad Briámslæk hejmaland hálf, Eingey, item Jarðirnar Hlíd og Þverá etc.

Samkvæmt þessu var það mat sýslumanns að eignir Brjánslækjar væru aðskildar frá öðrum jörðum og að enginn kalli þar til réttinda nema eigendur Brjánslækjar, að frátöldu skógarítaki Hagakirkju.

Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er Brjánslækur metinn 30 hundruð að dýrleika. Þar kemur fram að árið 1805 hafi eyðihjáleigurnar Grafarkot og Lækjarkot verið hafðar til beitar og að þar hafi verið sagt frá hjáleigunni Undirtúni sem hvergi annars staðar sé nefnd. Jarðarkostum Brjánslækjar er þar einnig lýst. Meðal þeirra er sögð „Vatnsdals afrétt“ en einnig er getið um selveiði „inná Vatnsfirði“. Þá segir frá kirkjujörðunum Þverá, Helli og Krossi.

Í úttekt á Brjánslækjarprestakalli sem fram fór 21. ágúst 1848 segir m.a. að kirkjan eigi 50 hundruð í heimalandi, Engey, jarðirnar Moshlíð og Þverá, hálfan Penningsdal, Uppsali og allan Vatnsdal.

Hinn 10. júlí 1849 byggði Brynjólfur Benediktsen eign sína, þriðjung Brjánslækjar, sr. Benedikti Þórðarsyni. Í skilmálum byggingarbréfsins er eigninni ekki lýst nánar.

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 segir um Brjánslæk að landrymi sé mikið og kostagott og að jörðin eigi geldfjárafreitt í Vatnsdal.

Á árunum 1849–1850 skrifaðist sr. Benedikt Þórðarson á Brjánslæk á við Helga G. Thordersen biskup um jarðamál Brjánslækjar, einkum hvort bændahluti Brjánslækjar væri $\frac{1}{3}$ hluti jarðarinnar eða 10 hundruð af 60 en ekki 30. Í bréfum sínum til biskups

viðraði sr. Benedikt einnig þá hugmynd að konungur gæfi eða hefði makaskipti á jörð til að Brjánslækur yrði að fullu eign prestakallsins, sem biskup taldi ómögulegt.

Í ódagsettri lýsingu, eigna- og ítakaskrá frá miðri nítjándu öld, segir að kirkjan á Brjánslæk eigi 50 hundruð í heimalandi með Engey og kirkjujarðirnar Moshlíð, Þverá og Hellu, og að Moshlíð og Hella hafi verið í eyði. Um ítök segir að kirkjan eigi alla selveiði með öllum fjörugæðum á Eiði, fyrir innan Skálmarnes, milli Sandvíkurness og Kerlingartanga.

Af skjölum frá 1851–1861, aðallega prófastsvísitasíum Brjánslækjarkirkju og Hagakirkju og skoðunum á kirkjunum, er ljóst að ágreiningur var um heiti og staðsetningu á skógarítaki Hagakirkju í Vatnsdal. Ekki verður séð að deilan hafi verið til lykta leidd á þeim tíma.

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd 2. maí 1855 var friðlýst öllum selalögnum Brjánslækjar í Vatnsfirði og á manntalsþingi að Vaðli á Barðaströnd 12. júlí 1859 var lesið bréf sr. Benedikts Þórðarsonar á Brjánslæk um heimild bónda nokkurs til notkunar á „afrettarlandinu í Vatnsdal“.

Í skýrslu um tekjur og útgjöld Brjánslækjarprestakalls frá 3. febrúar 1899 segir m.a. að með eignum staðarins í Penningsdal og Vatnsdal sé landrými jarðarinnar feykimikið.

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 er fjallað um eyðikotin Þverá og Hellu og skráð að þau liggi bæði undir Brjánslæk en hafi lagst í eyði á árunum 1882–1899.

Eins og áður segir liggja fyrir ýmis skjöl frá árunum 1942–2003 um samskipti ábúenda á Brjánslæk og annarra við ýmsar stofnanir ríkisins sem höfðu með málefni ríkisjarða að gera vegna Brjánslækjar, Þverár, Hellu og Moshlíðar. Af þeim er ljóst að litið hefur verið svo á að landið allt í Vatnsfirði, frá Arnórsstöðum að vestanverðu að Fossá að austanverðu, þ.m.t. Þverá, Hella, Moshlíð, Penningsdalur, Vatnsdalur og Uppsalar, hafi tilheyrt Brjánslæk og þar með orðið ríkiseign þegar ríkið eignaðist jörðina.

Í lýsingu Egils Ólafssonar, trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, á eyðibýlinu Vatnsdalsbökkum, dagsettri 8. desember 1958, segir að síðast hafi þar verið búið árið 1789 og árið 1879 hafi jörðin verið lögð undir heimajörðina Brjánslæk, enda hafi hún upphaflega verið frá henni byggð. Vatnsdalsbakkar eru sunnan við Vatnsdalsvatn í botni Vatnsfjarðar.

Fyrir liggur skjal frá árinu 1972 með titlinum „Tillögur til skiptingar og nytja Brjánslækjartorfunnar á Barðaströnd, þ.e. Brjánslækur I og II og eyðijarðirnar Þverá, Hella og Uppsalar.“ Þar segir að gert sé ráð fyrir sameiningu Brjánslækjar I og II og að eyðijarðirnar falli þar undir. Skjalið fjallar að mestu leyti um skiptingu á landi og nytjum í Vatnsfirði milli Brjánslækjar og Seftjarnar, sem mun aðallega hafa verið stofnuð úr landi Moshlíðar og hluta heimalands Brjánslækjar. Í tillögunum er fjallað um skiptingu heimalandsins milli Brjánslækjar og Seftjarnar. Þar segir svo að sauðfjárbætt sé sameiginleg „utan þeirra landa, sem áður hafa verið sérfrátekin, í hlut-

föllunum Brjánslækur 6 á móti 4 Seftjarnar ...“ Í tillögunum felst jafnframt að „til náttúruverndar verði tekið landið frá Eiðisá, kringum Vatnsdalsvatn að Þingmannaá. Verði landið afgirt sé það gert í samráði við nytjendur Brjánslækjar“. Undir tillögurnar rituðu þáverandi ábúendur á Brjánslæk og Seftjörn og til þeirra er vísað í byggingarbréfum Brjánslækjar og Seftjarnar frá 1974 og byggingarbréfi Brjánslækjar frá 1993.

Eins og áður greinir fól landbúnaðarráðuneytið Birni Bjarnasyni ráðunaut að taka saman skýrslu um búskaparlegt notagildi Brjánslækjar 4. október 1972. Í skýrslu Björns um efnið, sem er dagsett 26. október 1972, segir eftirfarandi um Brjánslæk:

Brjánslækur, prestssetrið á að utan land að Arnórsstöðum frá sjó utan Sauðaness til fjalls og um Lækjarbungu, Kikafell, Þverfell og áfram norður og norðaustur eins og vötnum hallar við Trostansfjörð, Geirþjófsfjörð um Lónfellshnjúka, Botnshnjúk sunnan Stóra-Eyrarvatns áfram norður austur og suður eftir vatnaskilum við Vatnsdalsá og austan Þingmannaár að austurmörkum Uppsala í Vatnsfjörð austanverðan.

Sværði þetta er það víðáttumikið að talið var, að 12 menn þyrfti í göngur á því. Innan áðurnefndra marka að sjó í Vatnsfirði hefur frá upprunalegu landi Brjánslækjar verið úrskipt eftirfarandi:

- a. Moshlíð, sem síðar var skipt í nýbýlið Seftjörn og leiguland til Efri-Arnórsstaða (leigt til 40 ára).
- b. Brjánslæk II, sem er í byggð.
- c. Þverá, Hellu og Uppsölum, sem allar eru í eyði.

Í skýrslunni er landi Brjánslækjar svo lýst nánar og þar segir m.a. að fjalllendið að baki Þverár, Hellu og Uppsala hafi alltaf verið eignarland Brjánslækjar.

Friðland var stofnað í Vatnsfirði með auglýsingu nr. 96/1975. Áður hefur verið vikið að mörkum friðlandsins í umfjöllun um merki svæðisins en íslenska ríkið byggir afmörkun kröfusvæðisins fyrst og fremst á friðlandsmörkunum. Með auglýsingu nr. 910/2016 um breytingu á auglýsingu nr. 96/1975 um friðland í Vatnsfirði var kort af friðlandinu uppfært eftir athugasemdir frá eigendum Auðshaugs um austurmörk friðlandsins. Texta upphaflegu auglýsingarinnar var þó ekki breytt. Þar segir að mörk friðlandsins fylgi landamerkjum Brjánslækjar. Af fyrirliggjandi gögnum um undirbúning stofnunar friðlandsins frá árunum 1972–1975 er einnig ljóst að litið var svo á að friðlandið væri stofnað úr landi Brjánslækjar. Þetta má m.a. sjá af því að þáverandi ábúendur á Brjánslæk og Seftjörn undirrituðu yfirlýsingu 18. janúar 1975 vegna friðlandsstofnunar í Vatnsfirði. Þar lýstu þeir sig samþykka stofnun friðlandsins í landi Brjánslækjar og skilmálum þess og afsöluðu sér jafnframt bótarétti vegna friðlýsingarinnar.

Með samningi 12. nóvember 1976 leigði landbúnaðarráðherra Alþýðusambandi Vestfjarða „land úr ríkisjörðinni Brjánslæk á Barðaströnd“ til byggingar og reksturs orlofsbyggðar. Umrætt land er u.þ.b. 25 ha svæði á milli Þverár og Hellu, vestan Pennu, á því svæði sem í sumum eldri heimildum er nefnt hálfur Penningsdalur. Orlofsbyggðin stendur þar enn og sást t.a.m. í vettvangsferð óbyggðanefndar um svæðið.

Aftur á móti var litið til þess að íslenska ríkið var meðal þeirra sem gerðu kaupsamninga við Orkuveitu Reykjavíkur um landið. Í kaupsamningunum var vísað um afmörkun landsins til tiltekins uppdráttar þar sem mörk hins selda lands til norðurs og suðurs voru sýnd og þau jafnframt tilgreind nákvæmlega með hnitum. Að auki kom fram á uppdrættinum að ágreiningur væri um legu þverlínu á mörkum jarðanna til norðurs og í því sambandi voru sýndir tveir kostir. Í kaupsamningi íslenska ríkisins og Orkuveitunnar hafi þessu til viðbótar verið ákvæði þar sem fram hafi komið að báðum samningsaðilum væri kunnugt um að ágreiningur kynni að rísa um hvor þverlínan sem sýnd væri á uppdrættinum ætti að ráða merkjum jarðanna gagnvart Ölfusafrétti og tæki Orkuveitan alla áhættu af þeim ágreiningi. Í forsendum fyrir niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að óhjákvæmilegt væri að líta svo á að fyrirvarinn hlyti a.m.k. öðrum þræði að hafa verið settur með tilliti til þess að lög nr. 58/1998 höfðu tekið gildi. Í samningsákvæðinu hafi aðeins verið getið um tvo hugsanlega kosti um legu þverlínu á norðurmerkjum landsins og þeir hafi báðir reynst vera langt norðan við þá línu sem þjóðlendukrafa ríkisins miðaðist við. Tekið er fram að því hafi verið haldið fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að aðrir jarðeigendur sem áttu í hlut hafi ekki viljað ljúka samningum um kaupin fyrr en ljóst væri hvort og þá að hvaða leyti íslenska ríkið myndi í tengslum við söluna til Orkuveitunnar draga í efa að land á þessu svæði væri háð beinum eignarrétti. Þessari staðhæfingu hefði íslenska ríkið ekki andmælt. Síðan segir í dómnum:

Með þessum gerðum viðurkenndi hann [þ.e. íslenska ríkið] ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda [þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur] að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra. Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir

²²⁴ Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum [...], var þessu alls ósamrýmanleg, sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um að fellt verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 um að landsvæðið á Hellisheiði sunnan Ölfusafréttar, sem um ræðir í máli þessu, sé þjóðlenda.

Af þessu má sjá að það eru fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem ráða niðurstöðu Hæstaréttar um að ágreiningssvæðið sé eignarland en ekki þjóðlenda.

Óbyggðanefnd hafði áður úrskurðað að umrætt landsvæði væri þjóðlenda. Líkt og Hæstiréttur gerði síðar túlkaði óbyggðanefnd fyrirbyggjandi heimildir um jarðirnar á þann veg að ágreiningssvæðið teldist ekki vera innan þeirra. Nefndin hafnaði því aftur á móti að framangreindar athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við kaupendur landsins hefðu áhrif á niðurstöðuna. Var sú niðurstaða einkum rökstudd með því að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Aðild ríkisins að umræddum kaupsamningnum gæti ekki haft aðra þýðingu en að styðja mögulegar og réttmætar væntingar samningsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað var í umræddum samningum. Þess væri á hinn bóginn að gæta að umrædd lögskipti hafi átt sér stað eftir lögtöku þjóðlendulaga og afsalshafa í lófa lagið að hafa uppi alla þá eignarréttarlegu fyrirvara sem þörf var á við samningsgerðina í ljósi þess réttarástands sem skapað var við lögfestingu þjóðlendulaga á árinu 1998. Að þessu virtu var því hafnað að aðkoma ríkisins með þessum hætti hefði getað skapað neinar þær væntingar sem gætu haft efnisleg áhrif á mat eignarréttar á svæðinu.

Vert er að fjalla í þessu samhengi einnig um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Þar var m.a. deilt um landsvæði á Skeiðarársandi sem er innan merkja jarðarinnar Skaftafells II samkvæmt ódagsettu landamerkjabréfi sem var þinglesið árið 1890. Hæstiréttur taldi aftur á móti að eldri heimildir styddu ekki að landið sem ágreiningur var um hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Til þess verði á hinn bóginn að líta að í tengslum við ráðagerðir um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hafi tveir af þáverandi eigendum jarðarinnar gefið út afsal árið 1966 handa „Náttúruverndarráði vegna ríkissjóðs“ fyrir hluta jarðarinnar. Í afsalinu, sem m.a. hafi verið undirritað af menntamálaráðherra fyrir hönd kaupandans, hafi verið vísað í landamerkjabréfið og „landamerki við það miðuð við söluna“. Skeiðarársandur hafi verið undanskilinn við söluna. Þá hafi menntamálaráðherra og eigandi Skaftafells gert samning árið 1969 um að fela gerðardómi að draga landamerkjalinu samkvæmt fyrirnefndu afsali „til ríkissjóðs“ og að „framkvæma landskipti milli samningsaðila á öllu óskiptu landi jarðarinnar Skaftafells“. Við landskiptin, sem gerðardómurinn kvað á um sama ár, hafi stór hluti landsins, sem kom í hlut tiltekinna eigenda Skaftafells (annarra en íslenska ríkisins) og sé nú jörðin Skaftafell II, verið það sama og deilt var um í þessum þætti málsins. Þá liggi fyrir yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá árinu 1987, þar sem fram komi að umrætt ágreiningssvæði liggi utan þjóðgarðsins og sé í eigu lög-

býlisins. Var þar um merkin vísað til landamerkjabréfsins frá 1890. Síðan segir í dómnum:

Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu [...] eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda.

Af þessum forsendum fyrir niðurstöðu dómsins má ráða að hún hefði orðið önnur ef umræddar athafnir menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs í lögskiptum við eigendur jarðarinnar hefðu ekki komið til. Óbyggðanefnd hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að umrætt ágreiningssvæði væri innan marka jarðarinnar Skaftafells og væri eignarland. Ekki var sérstaklega fjallað um umrædd lögskipti ríkisins og eigenda Skaftafells í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu nefndarinnar heldur voru það aðrar heimildir sem réðu niðurstöðunni.

Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaus en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómar Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að litið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins. [...] Aðrir fyrirbyggjandi dómar hafa að mati óbyggðanefndar ekki áhrif á sönnunarmat nefndarinnar að þessu leyti.²²⁵

²²⁵ Auk framangreindra dóma hefur óbyggðanefnd skoðað sérstaklega m.t.t. þessa eftirfarandi dóma Hæstaréttar: Dóm frá 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland), dóm frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur), dóm frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell), dóm frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga), dóm frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 (Mælifell), dóm frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og loks dóm einnig frá 26. september 2012 í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár).

11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna²²⁶

[...]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Landsyfírréttar frá 25. júní 1855 í máli nr. 1/1855, um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, hefði fyrir úrlausn málsins. Afstaða Hæstaréttar til þýðingar umrædds dóms Landsyfírréttar var frábrugðin afstöðu óbyggðanefndar, sem varð til þess að Hæstiréttur hnekkti niðurstöðu nefndarinnar um að þar væri eignarland.

Í máli því sem lauk með umræddum dómi Landsyfírréttar deildu Munkaþverárklostur og eigendur Illugastaða um eignarrétt á svæðinu. Í dómi aukahéraðsréttar Þingeyjarsýslu, sem var að því leyttinu til staðfestur af Landsyfírrétti, segir meðal annars:

Afíjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og sudur á örfæfi, á að tilheyra Munkaþverár klostri, sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.

Í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd deildu íslenska ríkið og Þingeyjarsveit um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um eignarland væri að ræða. Í úrskurði óbyggðanefndar kom m.a. fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í umræddum dómi Landsyfírréttar. Réð dómurinn niðurstöðu óbyggðanefndar um að um eignarland væri að ræða.

Í dómi Hæstaréttar er dregin sú ályktun af fyrirliggjandi heimildum að réttur Munkaþverárklosturs yfir landsvæðinu hafi verið bundinn við óbein eignarréttindi. Tekið er fram að aðilar að því máli sem lauk með dómi Landsyfírréttar hafi ekki verið þeir sömu og málsaðilar fyrir Hæstarétti og þeir síðarnefndu hafi heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrrnefndu, enda hafi íslenska ríkið ekki komið í stað eigenda Illugastaða þó svo að Þingeyjarsveit leiddi rétt sinn frá Munkaþverárklostri. Í skilningi einkamálaréttarfars hafi sakarefnið í því máli því ekki verið það sama. Dómur Landsyfírréttar hafi því ekki þau áhrif sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar. Hæstiréttur komst síðan að þeirri niðurstöðu að þótt dómsorð héraðsréttarins, sem Landsyfírréttur létt standa óraskað, hafi kveðið á um að afréttarlandið Bleiksmýrardalur fyrir austan Fnjóská tilheyri Munkaþverárklostri sem fullkomin og átölulaus eign hafi ekki að öllu leyti verið leyst úr því hvert inntak þessara réttinda væri. Dómur Landsyfírréttar geti því ekki haft sönnunargildi um það atriði skv. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sem vikið geti til hliðar þeirri ályktun, sem dregin var af öðrum fyrirliggjandi heimildum í málinu, að Munkaþverárklostur hafi aðeins notið óbeinna eignarréttinda yfir Bleiksmýrardal fyrir austan Fnjóská.

²²⁶ Kafli 6.1.2.4 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

Í dómi Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 546/2012 reyndi einnig á atriði tengd áhrifum eldri dómsúrlausnar. Var þar um að ræða dóm réttarins frá 10 apríl 1997 í máli nr. 67/1996 en í því máli deildu Bólstaðahlíðarhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur við Landsvirkjun um bótarétt vegna annars vegar fallréttinda (virkjunaréttinda) í Blöndu og hins vegar lands á heiðinni sem Landsvirkjun hafði fengið til ótímabundinna umráða og afnota vegna Blönduvirkjunar á grundvelli nánar tiltekins samnings við hreppana. Íslenska ríkinu var stefnt til réttargæslu. Hæstiréttur sýknaði Landsvirkjun af kröfum hreppanna í umræddu máli og var sú niðurstaða reist á því að Eyvindarstaðaheiði væri ekki háð beinum eignarrétti.

Í máli nr. 546/2012 deildu annars vegar íslenska ríkið og hins vegar Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað hreppanna sem voru aðilar að fyrra málinu. Gagnaðili þeirra hafi á hinn bóginn verið Landsvirkjun en íslenska ríkið hafi aðeins átt þar hlut að máli á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991 (réttargæsluáðild) og hafi af þeim sökum ekki verið aðili að því í skilningi 1. mgr. 116. gr. sömu laga. Þótt hrepparnir þrír hafi reist áður nefndar dómkröfur sínar í fyrra málinu á þeim grunni að þeir nytu beins eignarréttar yfir Eyvindarstaðaheiði hafi þær snúið að viðurkenningu réttar hreppanna til bóta úr hendi Landsvirkjunar. Dómkröfur í þessu máli snéru á hinn bóginn að því hvort hnekkt yrði úrskurði óbyggðanefndar um að Eyvindarstaðaheiði og Hraunin séu þjóðlenda og eftir atvikum ákvörðun um hvers konar réttindi gagnaðilar íslenska ríkisins kynnu að njóta að þessum landsvæðum. Í skilningi einkamálaréttarfars væri sakarefnið málinu þannig ekki það sama og í fyrra dómsmálinu. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 hafi því ekki þau áhrif hér, sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar.

Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem tók til landsvæðisins, kom fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 67/1996. Þannig lægi fyrir dómsúrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Til þess beri þó að líta að dómurinn feli ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Til athugunar hljóti því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að málinu sem þá var til umfjöllunar hjá nefndinni, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998. Síðan rakti nefndin að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði (sem var í eigu Húnavatnshrepps) og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað þeirra hreppa sem áttu aðild að umræddu máli hjá Hæstarétti. Í málinu lögju ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á rýmri rétt annarra hreppa sem sameinuðust undir merkjum

Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps, til Eyvindarstaðaheiðar. Þá taldi nefndin, eftir að hafa borið skjalaskrá málsins saman við skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 67/1996 að engin ný gögn væru komin fram í málinu sem skipt gætu máli að þessu leyti.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 má ráða þá afstöðu réttarins að dómur Landsyfírréttar kunni að vera bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila máls og þeirra sem þeir leiða rétt sinn til að uppfylltum þeim skilyrðum og fram koma í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með sambærilegum hætti og dómur þeirra dómstóla sem starfa samkvæmt núverandi réttarskipan. Samkvæmt ákvæðinu er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Í umræddu máli var um það að ræða að annar málaðilanna, þ.e. íslenska ríkið, átti ekki aðild að máli nr. 1/1855 fyrir Landsyfírrétti og leiddi ekki heldur rétt sinn til aðila þess máls. Dómurinn var því að mati Hæstaréttar ekki bindandi um úrslit sakarefnisins jafnvel þótt þar hafi verið dæmt um að svæðið væri „fullkomin og átölulaus eign“ þess aðila sem krefjendur eignarréttar í máli nr. 411/2012 leiddu rétt sinn til.

Með sambærilegum hætti var dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í máli nr. 546/2012 þar sem íslenska ríkið átti ekki aðild að fyrrnefnda málinu auk þess sem dómkröfur voru ekki hinar sömu. Gilti einu í því sambandi þótt krefjendur beins eignarréttar í máli nr. 546/2012 leiddu rétt sinn til aðila sem Hæstiréttur hafði í máli nr. 67/1996 í reynd hafnað að ættu beinan eignarrétt á svæðinu. Er það í aðalatriðum í samræmi við þá afstöðu óbyggðæfndar til áhrifa hins eldra dóms sem fram kemur í forsendum fyrir niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 5/2008, enda lagði nefndin sjálfstætt mat á sönnunargildi dómsins en taldi hann ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Fyrir liggja nokkrir dómur Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem eldri dómsúrlausnir hafa verið taldar bindandi um niðurstöðu málsins. Í fyrsta lagi má nefna dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 þar sem íslenska ríkið og Bræðratungukirkja deildu um eignarréttarlega stöðu Tunguheiðar. Í málinu lá fyrir dómur aukadómþings Árnessýslu frá 23. febrúar 1980 í eignardómsmáli þar sem Bræðratungukirkja og íslenska ríkið deildu um eignarrétt á landinu. Viðurkennt var að Bræðratungukirkja ætti beinan eignarrétt á landinu. Í forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 kemur fram að umræddur dómur aukadómþings Árnessýslu sé bindandi um úrslit sakarefnisins og hafi hlotið að vekja réttmætar væntingar Bræðratungukirkju um að eignarréttur kirkjunnar á landinu væri óumdeildur. Kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálinu fengi ekki samrýmst þeirri afstöðu íslenska ríkisins að una dómi aukadómþingsins.

Í máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álfstaneshrepps hins forna) lá fyrir dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971 þar sem skorið var úr um hver væru mörk Krýsuvíkur til norðurs og Garðakirkjulands til suðurs. Málið var rekið sem eignar-

dómsmál og íslenska ríkið var þar meðal málsaðila. Aðildin að máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 768/2009 var að nokkru leyti önnur en í landamerkjadómnum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að dómur landamerkjadómsins hafi fullt sönnunargildi um þau atvik sem þar var ráðið til lykta og feli í sér „bindandi úrslit sakarefnisins jafnt fyrir áfrýjendur sem aðra“. Dómurinn var því lagður til grundvallar um afmörkun þjóðlendunnar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 294/2010, sem kveðinn var upp 22. september 2011, kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í eignardómsmáli hefði varðandi eignarréttarlega stöðu Mælifells og Selsárvala. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að þeir sem fengu eignardóminn hafi orðið eins settir og ef gefin hefði verið út skiptayfirlýsing um ráðstöfun viðkomandi réttinda. Þá segir að slík skiptayfirlýsing hefði í engu breytt réttarstöðu dómhafanna og áfrýjenda sem leiddu rétt sinn til þeirra gagnvart ákvæðum laga nr. 58/1998 og leiði þá af sjálfu sér að dómurinn frá 8. janúar 2004 geri það ekki heldur.

Þær forsendur fyrir niðurstöðum Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 og 546/2012 sem að framan eru raktar kunna að hafa áhrif á mat óbyggðanefndar á þýðingu eldri dómsúrlausna um eignarréttarlega stöðu landsvæða ef upp koma sambærileg tilvik. [...] Aðrir fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa að mati óbyggðanefndar ekki tilefni til breytinga á sönnunarmati nefndarinnar. Niðurstaðan af framangreindri skoðun er í meginatriðum sú að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geta haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en fela aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess má draga þá ályktun að eldri dómsúrlausn feli því aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda.

12. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 9B

12.1. Þinglýsing landamerkjabréfa og færsla í landamerkjabækur²²⁷

Í kafla 5.5 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er lýst þeirri afstöðu nefndarinnar að hafi landamerkjabréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt sé ljóst að þinglýstir eigendur hafi um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

²²⁷ Úr kafla 6.3.3 í máli nr. 1/2018 (svæði 9B). Í málinu voru til umfjöllunar tilvik þar sem ekki kom með ótvíræðum hætti fram í heimildum að ákveðnum landamerkjabréfum hefði verið þinglýst. Af því tilefni fjallaði nefndin með ítarlegri hætti en gert er í kafla 5.5 um samspil þinglýsingar landamerkjabréfa og færslu þeirra í landamerkjabækur.

Í þeim málum sem óbyggðanefnd hefur til meðferðar á svæði 9B, þar á meðal því máli sem hér er til úrlausnar, eru allmörg dæmi um að ekki liggi fyrir upplýsingar um hvort og þá hvenær landamerkjabréfum jarða sem tengjast ágreiningssvæðunum hafi verið þinglýst og það þótt landamerkjabréfin séu varðveitt í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Á öðrum svæðum sem nefndin hefur haft til meðferðar hefur upplýsingar um þetta oftast verið að finna í dóma- og þingbókum viðkomandi sýslu, í registrum þinglýsingarbóka og/eða á landamerkjabréfunum sjálfum.

Í þessu sambandi skal þess getið að skv. 4. gr. eldri landamerkjalaga, nr. 5/1882, skyldi landeigandi, eftir að hann hafði aflað samþykkis eigenda aðliggjandi jarða á merkjalýsinguna (landamerkjabréfið), fá hana sýslumanni í hendur til þinglesturs á næsta manntalsþingi. Þá skyldi sýslumaður skv. 6. gr. laganna „hafa löggilta landamerkjabók, til að rita í allar merkjalýsingar, samninga og dóma um landamerki, sem á þingi eru lesnir“. Núgildandi landamerkjalög, nr. 41/1919, leystu lög nr. 5/1882 af hólmi. Í 5. gr. þeirra kemur fram að í hverju lögsagnarumdæmi skuli vera löggilt landamerkjabók og skuli sýslumaður²²⁸ rita í hana alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Þá kemur fram í 2. gr. laganna að eigandi lands eða fyrirsvarsmaður skuli færa hreppstjóra merkjaskrá eftir að aflað hafi verið áritana vegna aðliggjandi landsvæða og hreppstjóri skuli, eftir athugun á skránni, senda sýslumanni hana til þinglýsingar.

Af þessu verður ráðið að allt frá gildistöku eldri landamerkjalaga, nr. 5/1882, hafi gilt reglur sem fölu í sér að ekki skyldi færa landamerkjabréf í landamerkjabók nema þeim hefði verið þinglýst. Jafnframt er ljóst að frá upphafi hefur sú skylda hvílt á sýslumönnum að halda landamerkjabækur, auk þess sem það hefur verið á þeirra hendi að annast þinglýsingar. Það að þau landamerkjabréf sem hér um ræðir sé að finna í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu bendir a.m.k. til þess að þeir sem kölluðu til réttinda á grundvelli þeirra hafi uppfyllt þá skyldu að afhenda þau viðkomandi sýslumannsembætti til þinglýsingar og varðveislu í landamerkjabók eða, séu bréfin frá því eftir gildistöku laga nr. 41/1919, afhenda þau hreppstjóra sem síðan hafi sent þau til sýslumanns. Í ljósi þessa verður að mati óbyggðanefndar engu slegið föstu um að óvissa um þinglýsingu umræddra landamerkjabréfa á Snæfellsnesi bendi til þess að eigendur viðkomandi jarða hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt landamerkjalögum. Þessi landamerkjabréf hafa því eftir sem áður ríkt sönnunargildi um landamerki jarðanna, að öðrum framangreindum skilyrðum uppfylltum.

²²⁸ Í upphaflegri gerð þessarar greinar laganna og allt þar til henni var breytt með 6. gr. laga nr. 92/1991 um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði o.fl. var orðið *valdsmaður* notað þar sem nú segir *sýslumaður*. Að öðru leyti er þessi lagagrein óbreytt. Ljóst er að sýslumaður bar þó frá upphafi þær skyldur valdsmanns sem kveðið er á um í greininni.

12.2. Almenningar stöðuvatna²²⁹

Í 1. tölul. 4. mgr. 1. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, sbr. 1. gr. laga nr. 132/2011, er *almenn-ingur* skilgreindur sem sá hluti vatns sem liggur fyrir utan netlög landareigna. Þá eru *netlög* skilgreind í 17. tölulið sömu málsgreinar sem vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns eða vatnsfalls sem fasteign liggur að. Sambærilegar skilgreiningar á þessum hugtökum er einnig að finna í 2. og 30. tölul. 3. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Fram kemur í 1. mgr. 4. gr. vatnalaga að þegar landareign liggur að stöðuvatni fylgi vatnsbotn þeim bakka sem hann verður talinn framhald af, 115 metra út í vatn (netlög). Í 3. mgr. sömu greinar segir að ef gras vex upp úr vatni við lágflæði fylgi vatnsbotn landi sem þurrt land væri og í 4. mgr. kemur fram að ef eyjar, hólmar eða sker eru í stöðuvatni fylgi þeim netlög. Þá segir í 5. mgr. að jafnan skuli miða við lágflæði í vatni. Af athugasemdum við 4. gr. frumvarps sem varð að vatnalögum, nr. 15/1923, verður ótvírætt ráðið að gengið hafi verið út frá því að aðliggjandi fasteignir næðu ekki lengra út í stöðuvötn en næmi netlögnum. Niðurstaða dóms Hæstaréttar sem birtur er á bls. 182 í dómasafni réttarins 1981 (Mývatnsbotn) er í samræmi við þetta. Veiðiréttur í almenningum stöðuvatna tilheyrir aftur á móti jafnan fasteignum sem að þeim liggja, sbr. 6. gr. laga um lax- og silungsveiði. Samkvæmt þessu verður að telja að almenningar stöðuvatna teljist að jafnaði til landsvæða utan eignarlanda í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga og eigi því að falla í flokk þjóðlendna samkvæmt lögnum, enda verður að telja að *landsvæði* í þessum skilningi geti bæði átt við um vatn og þurrlendi. Ekki verður þó útilokað fyrir fram að í einstökum tilvikum kunni að hafa stofnast til beinna eignarréttinda á slíkum svæðum, t.d. á grundvelli hefðar.

Þrátt fyrir þetta verður ekki ráðið af þeim gögnum sem varða undirbúning þess að þjóðlendulög voru sett að litið hafi verið til almenninga stöðuvatna í því sambandi og framkvæmd laganna hefur einnig endurspeglað það. Á þeim svæðum sem óbyggðanefnd hefur fjallað um til þessa eru fjölmörg dæmi um stöðuvötn sem eru það stór að þar gætu verið almenningar, þ.e. vötnin breiðari en 230 metrar. Þessi vötn eru ýmist innan eða utan svæða sem kröfugerðir íslenska ríkisins um þjóðlendur hafa lotið að. Í þeim tilvikum þar sem vötnin hafa verið innan marka þjóðlendukrafna hefur málatilbúnaður ríkisins ekki lotið sérstaklega að almenningum þeirra heldur byggst á því að vötnin væru, ýmist að hluta eða heild, innan stærri svæða sem væru þjóðlendur á öðrum grundvelli. Að sama skapi hafa úrlausnir óbyggðanefndar ráðist af stöðu viðkomandi svæða og ekki hefur verið úrskurðað um almenninga vatnanna sérstaklega.

Í máli þessu hefur íslenska ríkið ekki gert varakröfu um að almenningar Baulárvallavatns og Hraunsfjarðarvatns séu þjóðlendur og ekki heldur byggt málatilbúnað sinn á því að hann sé þjóðlenda á þeim grundvelli að hann sé utan netlaga aðliggjandi fasteigna. Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr.

²²⁹ Úr kafla 6.3.3 í máli nr. 4/2018 (svæði 9B). Í málinu fjallaði óbyggðanefnd með almennum hætti um almenninga stöðuvatna í tilefni af því að tiltekið stöðuvatn og hluti af öðru vatni voru innan ágreiningssvæðis málsins.

571/2006 (Rangárvallaafréttur) og frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Þá verður ráðið af dómi Hæstaréttar frá 24. september 2009 í máli nr. 102/2009 (Brú á Jökuldal) að málsástæður aðila kunni að reisa nefndinni skorður hvað varðar niðurstöður sem þó rúmist innan kröfugerða þeirra. Enn fremur verður að telja sjónarmið um jafnræði mæla gegn því að úrskurðað verði um þjóðlendu í almenningi Baulárvallavatns og hluta af almenningi Hraunsfjarðarvatns án þess að aðrir almenningar stöðuvatna sæti sams konar málsmeðferð og rannsókn. Að teknu tilliti til þessara atriða er að mati óbyggðanefndar eðlilegra að úrlausn um almenninga stöðuvatna á landinu fari eftir atvikum fram með heildstæðum hætti síðar og í ljósi þess hvernig þjóðlendulög hafa hingað til verið framkvæmd að þessu leyti kynni lagabreyting, þar sem tekin væru af tvímæli um afstöðu löggjafans til þessa, að vera æskilegur undanfari þeirrar vinnu.

FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ

Þjóðlendum: Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins
Auðshaugur: Bjarni Svanur Kristjánsson og Valgerður Ingvadóttir

FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ

a) Efnisflokkuð skjalaskrá¹

Skjöl lögð fram í máli nr. 2/2020 (OBN 20030002)

Lagt fram af Eddu Andradóttur lögmanni f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

1		Kröfúlýsing fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 15.4.2019.
	1(1)	Skjalaskrá fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 15.4.2019.
	1(2)	Tilvísanaskrá fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 15.4.2019.
	1(3)	Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um meðferð á svæði 10C og kröfúlýsingarfrest, dags. 9.11.2018, og bréf óbyggðanefndar til lögmanna íslenska ríkisins, dags. 9.11.2018, ásamt yfirlitskorti. Merkt 4 og 5, sbr. skjal nr. 1(1).
	1(4)	Bréf lögmanna íslenska ríkisins til óbyggðanefndar, beiðni um frest til að skila kröfúlýsingu, dags. 8.2.2019. Merkt 6, sbr. skjal nr. 1(1).
	1(5)	Bréf óbyggðanefndar til lögmanna íslenska ríkisins, beiðni um frest til að skila kröfúlýsingu samþykkt, dags. 12.2.2019. Merkt 7, sbr. skjal nr. 1(1).
	1(6)	Bréf lögmanna íslenska ríkisins til óbyggðanefndar, beiðni um viðbótarfrest til að skila kröfúlýsingu, dags. 11.3.2019. Merkt 8, sbr. skjal nr. 1(1).
	1(7)	Bréf óbyggðanefndar til lögmanna íslenska ríkisins, beiðni um viðbótarfrest til að skila kröfúlýsingu samþykkt, dags. 12.3.2019. Merkt 9, sbr. skjal nr. 1(1).
	1(8)	Landamerkjabréf Efri- og Neðri-Vaðals, dags. 19.10.1889, uppskrift. Merkt 27, sbr. skjal nr. 1(1).
	1(9)	Landamerkjabréf milli Arnórstaða og Brjánslækjar, dags. 11.9.1944, uppskrift. Merkt 26, sbr. skjal nr. 1(1).
	1(10)	Landamerkjabréf Þverár, dags. 1.3.1890, uppskrift. Merkt 25, sbr. skjal nr. 1(1).
	1(11)	Landamerkjabréf Hellu, dags. 1.3.1890, uppskrift. Merkt 24, sbr. skjal nr. 1(1).
	1(12)	Landamerkjabréf Kirkjubóls á Litlani, dags. 14.2.1885, uppskrift. Merkt 23, sbr. skjal nr. 1(1).
	1(13)	Landamerkjabréf Auðshaugs og Auðna, dags. 10.5.1889, uppskrift. Merkt 20, sbr. skjal nr. 1(1).
	1(14)	Greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 7.8.2020.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

2		Heildarskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands; yfirlit um heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, upphaflega dags. 13.7.2020, uppfært 10.12.2020.
---	--	--

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1):

	2(1) a–b	Kirkjuból á Litlani, landamerki, dags. 14.2.1885, þinglýst 23.5.1885. Merkt A.1.18.
--	----------	---

¹ Skjöl undir nr. 2 og 4 eru ekki í númeraröð heldur efnisflokkuð, sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“:
<https://obyggdaneind.is/wp-content/uploads/frumgagnayfirlit.pdf>

2(2) a–b	Litlanes, landamerki, ódagsett, þinglýst 23.5.1885. Merkt A.1.23.
2(3) a–b	Auðshaugur og Auðnir, landamerki, dags. 10.5.1889, þinglýst 31.5.1890. Merkt A.1.24a–b.
2(4) a–b	Hamar á Hjarðarnesi (Suðurhamar), landamerki, dags. 30.5.1887, þinglýst 28.5.1888. Merkt A.1.48a–b.
2(5) a–b	Fossá, landamerki, dags. 21.5.1889, þinglýst 21.5.1889. Merkt A.1.27a–b.
2(6) a–b	Hella, landamerki, dags. 1.3.1890, þinglýst 31.5.1890. Merkt A.1.28.
2(7) a–b	Þverá, landamerki, dags. 1.3.1890, þinglýst 31.5.1890. Merkt A.1.29a–b.
2(8) a–b	Brjánslækur og Arnórsstaðir, landamerki, dags. 11.9.1944, móttakið hjá sýslumanni 25.10.1944. Merkt A.1.26a–c.
2(9) a–b	Efri-Rauðsdalur, landamerki, ódagsett 1890, þinglýst 30.5.1891. Merkt A.1.31.
2(10) a–b	Hamar á Barðaströnd, landamerki, dags. 21.9.1889, þinglýst 31.5.1890. Merkt A.1.32a–b.
2(11) a–b	Vaðall, landamerki, dags. 19.10.1889, þinglýst 31.5.1890. Merkt A.1.33a–b.
2(12) a–b	Trostansfjörður, landamerki, dags. 5.5.1891, þinglýst 16.6.1891. Merkt A.1.34a–b.
2(13) a–b	Hrafnseyri við Arnarfjörð, landamerki, dags. 1.3.1890, móttakið til þinglýsingar 28.4.1891; ítök Hrafnseyrarkirkju, dags. 1.5.1887, móttakið til þinglýsingar 28.4.1891. Merkt A.1.49 og A.1.50.
2(14) a–b	Dynjandi, landamerki, dags. 21.5.1922, þinglýst 11.7.1922. Merkt A.1.35.
2(15) a–b	Borg í Arnarfirði, landamerki, dags. 10.1.1922, þinglýst 11.7.1922. Merkt A.1.40.
2(16) a–b	Rauðsstaðir í Arnarfirði, landamerki, dags. 29.5.1884, þinglýst 1.6.1885. Merkt A.1.41a–b.
2(17) a–b	Botn í Mjóafirði, landamerki, dags. 20.11.1885, þinglýst 8.6.1886. Merkt A.1.22.
2(408) a–b	Skálmarnesmúli, landamerki, dags. 28.5.1887, þinglýst sama dag. Merkt A.1.16a–b.

Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2):

2(100) a–b	Brjánslækur, afrit af lögfestu fyrir 1/3 hlut í jörðinni með kirkjujörðinni Hlíð (Moshlíð). Dags. 1.11.1646. Afritið er dagsett 1.3.1830 og þinglesið við Landsyfirrétt í Reykjavík 7.1.1833. Merkt A.2.2a–c.
2(101)	Brjánslækur: Samningur um hvaða hús skuli fylgja bændaeigninni, 1/3 Brjánslækjar, sem jarðarhús. Dags. 19.5.1883. Merkt A.2.3.
2(102) a–b	Auðshaugur og Auðnir, byggingarbréf. September 1886. Merkt A.2.4a–d.
2(103) a–b	Auðshaugur og Auðnir, eftirrit af landamerkjaskrá. Dags. 10.5.1889, upplesin að Vaðli 31.5.1890. Merkt A.2.5a–b.
2(104) a–b	Umboð Jófríðar Guðmundson til sr. Þorvaldar Jakobssonar í Haga til að veita móttöku gjalda og hafa eftirlit með eignum Jófríðar, m.a. Auðshaug, Auðnum og Fossá. Dags. 4.9.1891. Merkt A.2.6.
2(105) a–b	Yfirlýsing sr. Þorvaldar Jakobsson um að hann veiti móttöku gjalda og hafi eftirlit með eignum Jófríðar Guðmundson, m.a. Auðshaug, Auðnum og Fossá. Dags. 4.9.1891. Merkt A.2.7a–c.
2(106) a–b	Bréf til prófastsins í Barðastrandarsýslu með fyrirspurn um hvort nokkuð sé gengið undan eignum Hagakirkju á Barðaströnd. Ódagsett. Merkt A.2.8a–b.
2(107)	Hagi á Barðaströnd: Afrit af Vilchins-máldaga 1397, máldaga Gísla Jónssonar eptir 1575 og biskupsvísitásiu 1790. Dags. 10.11.1846. Merkt A.2.9.
2(108) a–b	Hagi á Barðaströnd, byggingarbréf fyrir háflendu jarðarinnar. Dags. 9.11.1889. Merkt A.2.10a–d.

2(109) a–b	Hagi á Barðaströnd, byggingarbréf fyrir háflendu jarðarinnar. Dags. 10.6.1890. Merkt A.2.11a–d.
2(110)	Sr. Þorvaldur Jakobsson afsalar frá sér umboði Jófríðar Guðmundson frá 4.9.1891 um móttöku gjalda og eftirlit með eignum hennar. Dags. 11.7.1894. Merkt A.2.12.
2(111)	Hagi á Barðaströnd: Sr. Þorvaldur Jakobsson segir sig lausan frá ábyli sínu. Dags. 6.11.1894. Merkt A.2.13.
2(112)	Hagi á Barðaströnd: Jón Ólafsson segir sig lausan frá ábúð og afnotum hálfrar jarðarinnar. Dags. 2.10.1906. Merkt A.2.14.
2(113)	Fossá á Hjarðarnesi, eftirrit af landamerkjaskrá. Dags. 21.5.1889, upplesin að Vaðli 21.5.1889. Merkt A.2.15a–b.
2(114) a–b	Fossá á Hjarðarnesi, byggingarbréf fyrir 14 hundruðum í jörðinni. Dags. 11.1.1894. Merkt A.2.16a–d.
2(115) a–b	Hella, byggingarbréf. Dags. 20.6.1836. Merkt A.2.17a–b.
2(116) a–b	Moshlíð, byggingarbréf. Dags. 14.10.1881. Merkt A.2.18a–b.
2(117)	Vaðall, kaupbréf um 20 hundruð í jörðinni. Dags. 21.6.1742. Merkt A.2.19a–b.
2(248) a–b	Eggert Hannesson gaf Ragnheiði dóttur sinni og Magnúsi Jónssyni 37 hundruð í jörðum. Fram kemur í bréfinu að hann hafi selt Bjarna Björnssyni Haga en Jóni Björnssyni jarðirnar Haug og Fossá. Einnig endurnýjaði Eggert gjöf sína til Björns Magnússonar, dóttursonar síns, þannig að hann tók aftur Sæból á Ingjaldssandi en lét Birni í staðinn Bæ á Rauðasandi, en þær væru jafnar að dýrleika. Dags. 30.7.1578. Merkt A.2.43a–d.
2(249) a–b	Makaskipti þar sem Guðmundur Jónsson selur Eggerti Hannessyni jörðina Melanes á Rauðasandi, 20 hundruð að dýrleika, sem selur Guðmundi á móti jörðina Auðshaug á Hjarðarnesi, 24 hundruð að dýrleika. Dags. 4.12.1586. Merkt A.2.62a–c.
2(250) a–b	Jón Björnsson afhendir syni sínum Finni jörðina Flatey. Hann vill líka að skorið verði úr því hvort forfeður hans hafi gefið samþykki fyrir tolllaust skip Múlakirkju í Oddbjarnarskeri eða annars staðar í Flateyjarkirkjulöndum. Dags. 19.7.1600. Merkt A.2.63a–c.
2(396) a–b	Flatey á Breiðafirði, og Kollabúðir: Afrit af gjörningi um 20 hundruð í Flatey þar sem á móti var lofað jörðinni Kollabúðum til frjálsrar eignar eða önnur jörð henni samgild til gæða. Dags. 20.4.1643. Merkt A.2.36a–d.
2(397)	Flatey á Breiðafirði, kaupbréf um 10 hundruð í jörðinni. Dags. 17.8.1760, uppleysið við lögbingsrétt að Öxará 17.7.1773. Merkt A.2.37a–b.

Afsals- og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3):

2(92) a–b	Auðshaugur, gjafabréf um fimm hundruð í jörðinni. Dags. 23.8.1843, þinglýst 24.6.1844. Merkt A.3.13a–b.
2(93) a–b	Auðshaugur og Auðnir, kaupbréf um 25,1 hundrað í jörðunum. Dags. 2.6.1886, þinglýst 31.5.1890. Merkt A.3.14a–b.
2(94) a–b	Brjánslækur: Sr. Þórður Thorgrímson á Brjánslæk leigir Þorláki Ó. Johnson frá London allan surtarbrand, kol og aðrar steintegundir á jörðinni Brjánslæk. Dags. 11.9.1872. Ekki eru skráðar upplýsingar um þinglýsingarsdag eða stað en fram kemur að samningurinn sé innkominn á skrifstofu Barðastrandarsýslu 12.9.1872. Merkt A.3.15a–b.
2(95) a–b	Brjánslækur: Samningur á milli sr. Þórðar Thorgrímsens á Brjánslæk og Þorláks Ó. Johnsons um leigu á surtarbrandi, kolum og öðrum steintegundum á jörðinni Brjánslæk. Dags. 11.9.1872, þinglýst 31.7.1873. Merkt A.3.16a–e.

2(96) a–b	Brjánslækur: Breyting á samningi sr. Þórðar Thorgrímsens á Brjánslæk og Þorláks Ó. Johnsons um leigu á surtarbrandi, kolum og öðrum steintegundum á jörðinni Brjánslæk. Dags. 29.10.1873. Ekki eru skráðar upplýsingar um þinglýsingardag eða stað en fram kemur að samningurinn sé innkominn með breytingunni á skrifstofu Barðastrandarsýslu 30.10.1873. Merkt A.3.17a–b.
2(97) a–b	Brjánslækur: Breyting á samningi á milli sr. Þórðar Thorgrímsen og Þorláks Ó. Johnsons um nám á surtarbrandi, kolum eða öðrum steintegundum á jörðinni Brjánslæk. Dags. 29.10.1873, þinglýst 10.7.1874. Merkt A.3.18a–e.
2(98) a–b	Neðri-Vaðall, gjafaskrá um hálfa jörðina, 10 hundruð í henni. Dags. 22.8.1888, þinglýst 21.5.1889. Merkt A.3.19a–c.
2(99) a–b	Hagi á Barðaströnd og Tungumúli, þrjú vottorð um landamerki á milli jarðanna. Fram kemur að þeim hafi verið mótmælt við þinglýsingu af ábúanda Tungumúla með skírskotun í byggingarbréf. Dags. 9.4.1874, 13.4.1874 og 22.4.1874, þinglýst 10.7.1874. Merkt A.3.20a–d.
2(398) a–b	Kirkjuból á Litlonesi, gjafabréf um þrjú hundruð í jörðinni. Dags. 24.4.1851, þinglýst 14.5.1851. Merkt A.3.26.
2(399) a–b	Kirkjuból á Litlonesi og Fjörður á Skálmarnesi, makaskipti. Dags. 24.1.1879, þinglýst 27.6.1882. Merkt A.3.27a–b.
2(400) a–b	Kirkjuból á Litlonesi, afsalsbréf um sex hundruð í jörðinni. Dags. 18.3.1892, þinglýst 23.5.1892. Merkt A.3.28.
2(401) a–b	Kirkjuból á Litlonesi, kaupbréf um tvö hundruð í jörðinni. Dags. 6.4.1892, þinglýst 23.5.1892. Merkt A.3.29a–b.
2(402) a–b	Kirkjuból á Litlonesi, afsalsbréf um eitt hundrað í jörðinni. Dags. 14.6.1892, þinglýst 24.5.1893. Merkt A.3.30.

Afsals- og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3):

Skjöl frá sýslumanni Vestfjarða:

4(29)	Arnórsstaðir, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.
4(30)	Auðshaugur og Auðnar, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.
4(31)	Botn, Langi-Botn, í Geirþjófsfirði, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.
4(32)	Brjánslækur, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.
4(33)	Flatey, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.
4(34)	Fossá, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.
4(35)	Hagi á Barðaströnd, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.
4(36)	Hamar á Barðaströnd, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.
4(37)	Hamar, Suðurhamar, á Hjarðarnesi, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.
4(38)	Hella, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.
4(39)	Kirkjuból á Litlonesi, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.
4(40)	Litlones, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.
4(41)	Moshlið, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.
4(42)	Rauðsdalur, neðri og efri, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.
4(43)	Trostansfjörður, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.
4(44)	Vaðall, efri og neðri, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.
4(45)	Þverá, registur veðbóka frá sýslumanni Vestfjarða.

Landskiptabækur (skjalaflokkur A.4):

2(118) a–b	Brjánslæk skipt milli Guðmundar J. Einarssonar og prestssetursins. Hjáleigurnar Moshlið og Hella voru teknar undan aðaljörðinni. Dags. 10. ágúst 1949. Merkt A.4.1a–d.
------------	--

2(119) a–b	Brjánslækur, mælt var viðbótarræktunarland úr óskiptu landi jarðarinnar. Dags. 23. október 1954. Merkt A.4.2a–b.
------------	--

*Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5):**Jarðamat 1804 (Skjalaflokkur A.5.a):*

2(18) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Kirkjuból á Litlanesi. Merkt A.5.a.13.
2(19) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Litlanes. Merkt A.5.a.35.
2(20) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Auðshaugur. Merkt A.5.a.33.
2(21) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Auðnir. Merkt A.5.a.34.
2(22) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Hamar á Hjarðarnesi (Suðurhamar). Merkt A.5.a.36.
2(23) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Hella. Merkt A.5.a.42.
2(24) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Fossá. Merkt A.5.a.41.
2(25) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Þverá. Merkt A.5.a.38.
2(26) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Brjánslækur. Merkt A.5.a.37.
2(27) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Undirtún. Merkt A.5.a.39.
2(28) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Moshlíð. Merkt A.5.a.40.
2(29) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Arnórsstaðir. Merkt A.5.a.43.
2(30) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Neðri-Rauðsdalur. Merkt A.5.a.44.
2(31) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Efri-Rauðsdalur. Merkt A.5.a.45.
2(32) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Hamar á Barðaströnd. Merkt A.5.a.46.
2(33) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Vaðall. Merkt A.5.a.47.
2(34) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Trostansfjörður. Merkt A.5.a.48.
2(35) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Langi-Botn í Geirþjófsfirði. Merkt A.5.a.49.
2(36) a–b	Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1804: Dynjandi við Arnarfjörð. Merkt A.5.a.50.
2(37) a–b	Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1804: Borg í Arnarfirði. Merkt A.5.a.19.
2(38) a–b	Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1804: Rauðsstaðir í Arnarfirði. Merkt A.5.a.20.
2(39) a–b	Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1804: Botn í Mjóafirði. Merkt A.5.a.24.
2(40) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Hagi á Barðaströnd. Merkt A.5.a.51.
2(41) a–b	Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1804: Hrafnseyri við Arnarfjörð. Merkt A.5.a.52.
2(403) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804: Flatey á Breiðafirði. Merkt A.5.a.32.

Jarðamat 1849–1850 (skjalaflokkur A.5.b):

2(42) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Kirkjuból á Litlanesi. Merkt A.5.b.15.
2(43) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Litlanes. Merkt A.5.b.41a–b.
2(44) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Auðshaugur. Merkt A.5.b.39.
2(45) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Auðnir. Merkt A.5.b.40.
2(46) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Hamar á Hjarðarnesi (Suðurhamar). Merkt A.5.b.42.
2(47) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Hella. Merkt A.5.b.47.
2(48) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Fossá. Merkt A.5.b.46.
2(49) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Þverá. Merkt A.5.b.44.
2(50) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Brjánslækur. Merkt A.5.b.43.
2(51) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Moshlíð. Merkt A.5.b.45.
2(52) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Arnórsstaðir. Merkt A.5.b.48.
2(53) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Neðri-Rauðsdalur. Merkt A.5.b.49a–b.
2(54) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Efri-Rauðsdalur. Merkt A.5.b.50.
2(55) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Hamar á Barðaströnd. Merkt A.5.b.51.

2(56) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Vaðall (neðri og hærri). Merkt A.5.b.53.
2(57) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Trostansfjörður. Merkt A.5.b.54.
2(58) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Langi-Botn í Geirþjófsfirði. Merkt A.5.b.56.
2(59) a–b	Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849–1850: Dynjandi við Arnarfjörð. Merkt A.5.b.57.
2(60) a–b	Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849–1850: Rauðsstaðir í Arnarfirði. Merkt A.5.b.23.
2(61) a–b	Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849–1850: Botn í Mjóafirði. Merkt A.5.b.28.
2(62) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Hagi á Barðaströnd. Merkt A.5.b.58.
2(63) a–b	Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849–1850: Hrafnseyri við Arnarfjörð. Merkt A.5.b.59.
2(64)	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850 (yfirmatsjarðabók): Auðshaugur, Auðnir, Hamar á Hjarðarnesi (Suðurhamar), Brjánslækur, Þverá, Fossá, Hella, Efri-Rauðsdalur, Hamar á Barðaströnd, Trostansfjörður. Merkt A.5.b.52a–b og A.5.b.55a–b.
2(65)	Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849–1850 (verðlagsbók): Borg í Arnarfirði, Rauðsstaðir í Arnarfirði, Dynjandi við Arnarfjörð, Hrafnseyri við Arnarfjörð, Botn í Mjóafirði. Merkt A.5.b.22 og A.5.b.27.
2(87)	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850 (jarðamatsbók yfir verðlag): Kirkjuból á Litlanesi. Merkt A.5.b.68.
2(88)	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850 (jarðamatsbók yfir verðlag): Litlanes. Merkt A.5.b.69.
2(89)	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850 (jarðamatsbók yfir verðlag): Moshlíð, Arnórstaðir, Neðri-Rauðsdalur. Merkt A.5.b.70.
2(90)	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850 (jarðamatsbók yfir verðlag): Vaðall (efri- og neðri-), Hagi á Barðaströnd. Merkt A.5.b.71.
2(91)	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850 (jarðamatsbók yfir verðlag): Langi-Botn í Geirþjófsfirði. Merkt A.5.b.72.
2(404) a–b	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850: Flatey á Breiðafirði. Merkt A.5.b.38a–b.
2(405)	Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850 (jarðamatsbók yfir verðlag): Flatey á Breiðafirði. Merkt A.5.b.77.

Fasteignamat 1916–1918 (skjalaflokkur A.5.c):

2(66) a–b	Fasteignamat Austur-Barðastrandarsýslu 1916–1918: Kirkjuból á Litlanesi. Merkt A.5.c.13a–b.
2(67) a–b	Fasteignamat Austur-Barðastrandarsýslu 1916–1918: Litlanes. Merkt A.5.c.36a–b.
2(68) a–b	Fasteignamat Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918: Auðshaugur, Auðnir. Merkt A.5.c.35a–b.
2(69) a–b	Fasteignamat Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918: Hamar á Hjarðarnesi (Suðurhamar). Merkt A.5.c.37.
2(70) a–b	Fasteignamat Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918: Fossá. Merkt A.5.c.40a–b.
2(71) a–b	Fasteignamat Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918: Brjánslækur, Þverá, Hella. Merkt A.5.c.38a–c.
2(72) a–b	Fasteignamat Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918: Moshlíð. Merkt A.5.c.39a–b.
2(73) a–b	Fasteignamat Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918: Arnórstaðir. Merkt A.5.c.41a–b.
2(74) a–b	Fasteignamat Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918: Neðri-Rauðsdalur. Merkt A.5.c.42a–b.

2(75) a–b	Fasteignamat Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918: Efri-Rauðsdalur. Merkt A.5.c.43a-b.
2(76) a–b	Fasteignamat Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918: Hamar á Barðaströnd. Merkt A.5.c.44a-b.
2(77) a–b	Fasteignamat Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918: Vaðall. Merkt A.5.c.45a-b.
2(78) a–b	Fasteignamat Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918: Trostansfjörður. Merkt A.5.c.46a-c.
